4. Insofar as it has been customary in a Contracting State to determine the profits to be attributed to a permanent establishment on the basis of an apportionment of the total profits of the enterprise to its various parts, nothing in paragraph 2 shall preclude that Contracting State from determining the profits to be taxed by such an apportionment as may be customary; the method of apportionment adopted shall, however, be such that the result shall be in accordance with the principles contained in this Article.

5. No profits shall be attributed to a permanent establishment by reason of the mere purchase by that permanent establishment of goods or merchandise for the enterprise.

6. For the purposes of the preceding paragraphs, the profits to be attributed to the permanent establishment shall be determined by the same method year by year unless there is good and sufficient reason to the contrary.

7. Where profits include items of income which are dealt with separately in other Articles of this Agreement, then the provisions of those Articles shall not be affected by the provisions of this Article.

Article 8
SHIPPING AND AIR TRANSPORT

1. Profits derived by an enterprise of a Contracting State from the operation of ships or aircraft in international traffic shall be taxable only in that State.

2. The provisions of paragraph 1 shall also apply to profits from the participation in a pool,

(„pool"), sameiginlegu fyrirtæki eða alþjóðlegum rekstrarsamtökum.

9. gr.
Tengd fyrirtæki.

1. Þegar
a) fyrirtæki í samningsríki tekur beinan eða óbeinan þátt í stjórn, yfirráðum eða fjármagni fyrirtækis í hinu samningsríkinu, eða

b) sömu aðilar taka beinan eða óbeinan þátt í stjórn, yfirráðum eða fjármagni fyrirtækis í samningsríki og fyrirtækis í hinu samningsríkinu,

og hlutaðeigandi fyrirtæki semja eða ákveða í öðru hvoru tilvikinu skilmála um innbyrðis samband þeirra á viðskipta- eða fjármálasviðinu sem eru frábrugðnir þeim sem væru gerðir ef fyrirtækin væru óháð hvort öðru, má allur hagnaður, sem án þessara skilmála hefði runnið til annars fyrirtækisins en rennur ekki til þess vegna skilmálanna, teljast til hagnaðar þess fyrirtækis og skattleggjast samkvæmt því.

2. Þegar samningsríki telur til hagnaðar fyrirtækis í því ríki – og skattleggur samkvæmt því – hagnað fyrirtækis í hinu samningsríkinu sem skattlagður hefur verið í því ríki, og hagnaðurinn sem þannig er innifalinn er hagnaður sem hefði runnið til fyrirtækisins í fyrrnefnda ríkinu ef skilmálarnir sem samið var um milli þessara tveggja fyrirtækja hefðu verið þeir sömu og samið hefði verið um milli óháðra fyrirtækja, skal síðarnefnda ríkið gera viðeigandi leiðréttingu á fjárhæð þess skatts sem lagður er á þennan hagnað þar. Við ákvörðun slíkrar leiðréttingar skal fullt tillit tekið til annarra ákvæða samnings þessa og bær stjórnvöld samningsríkjanna skulu, ef nauðsyn krefur, ráðgast sín á milli.

10. gr.
Ágóðahlutir.

1. Ágóðahluti, sem félag heimilisfast í samningsríki greiðir aðila heimilisföstum í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.
2. Slíka ágóðahluti má þó einnig skattleggja í því samningsríki þar sem félagið sem greiðir ágóðahlutina er heimilisfast og samkvæmt lögum þess ríkis. Sé viðtakandinn hins vegar raunverulegur rétthafi ágóðahlutanna skal skatturinn sem þannig er á lagður eigi vera hærri en:

a joint business or an international operating agency.

Article 9
ASSOCIATED ENTERPRISES

1. Where
a) an enterprise of a Contracting State participates directly or indirectly in the management, control or capital of an enterprise of the other Contracting State, or
b) the same persons participate directly or indirectly in the management, control or capital of an enterprise of a Contracting State and an enterprise of the other Contracting State,

and in either case conditions are made or imposed between the two enterprises in their commercial or financial relations which differ from those which would be made between independent enterprises, then any profits which would, but for those conditions, have accrued to one of the enterprises, but, by reason of those conditions, have not so accrued, may be included in the profits of that enterprise and taxed accordingly.
2. Where a Contracting State includes in the profits of an enterprise of that State – and taxes accordingly – profits on which an enterprise of the other Contracting State has been charged to tax in that other State and the profits so included are profits which would have accrued to the enterprise of the first-mentioned State if the conditions made between the two enterprises had been those which would have been made between independent enterprises, then that other State shall make an appropriate adjustment to the amount of the tax charged therein on those profits. In determining such adjustment, due regard shall be had to the other provisions of this Agreement and the competent authorities of the Contracting States shall if necessary consult each other.

Article 10
DIVIDENDS

1. Dividends paid by a company which is a resident of a Contracting State to a resident of the other Contracting State may be taxed in that other State.
2. However, such dividends may also be taxed in the Contracting State of which the company paying the dividends is a resident and according to the laws of that State, but if the recipient is the beneficial owner of the dividends the tax so charged shall not exceed:

a) 5 af hundraði af vergri fjárhæð ágóðahlutanna ef raunverulegi rétthafinn er félag (undanskilið er þó sameignarfélag) sem á beint að minnsta kosti 25 af hundraði eignarhlutdeild í félaginu sem ágóðahlutina greiðir;
b) 10 af hundraði af vergri fjárhæð ágóðahlutanna í öllum öðrum tilvikum.

Ákvæði þessarar málsgreinar skulu engin áhrif hafa á skattlagningu félagsins að því er varðar þann hagnað sem ágóðahlutirnir eru greiddir af.

3. Hugtakið „ágóðahlutir" merkir í þessari grein tekjur af hlutabréfum eða öðrum réttindum, sem ekki eru skuldakröfur, er veita rétt til hlutdeildar í ágóða, svo og aðrar tekjur frá félögum sem farið er með á sama hátt við skattlagningu og tekjur af hlutabréfum samkvæmt lögum þess ríkis þar sem félagið sem framkvæmir úthlutunina er heimilisfast.

4. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki þegar raunverulegur rétthafi ágóðahlutanna er heimilisfastur í samningsríki og hann rekur starfsemi í gegnum fasta atvinnustöð í hinu samningsríkinu þar sem félagið sem greiðir ágóðahlutina er heimilisfast, eða veitir sjálfstæða persónulega þjónustu frá fastri stöð í síðarnefnda ríkinu, og hlutareignin sem ágóðahlutirnir eru greiddir af er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stöð. Í því tilviki skulu, eftir því sem við á, ákvæði 7. gr. eða 14. gr. gilda.

5. Ef félag sem er heimilisfast í samningsríki fær hagnað eða tekjur frá hinu samningsríkinu getur síðarnefnda ríkið ekki skattlagt ágóðahlutina sem félagið greiðir nema að því leyti sem ágóðahlutirnir eru greiddir aðila heimilisföstum í síðarnefnda ríkinu eða að því leyti sem hlutareignin sem ágóðahlutirnir eru greiddir af er raunverulega bundin við fasta atvinnustöð eða fasta stöð í síðarnefnda ríkinu né heldur skattlagt óúthlutaðan hagnað félagsins. Þetta gildir jafnt þótt ágóðahlutirnir sem greiddir eru eða óúthlutaði hagnaðurinn séu að öllu eða nokkru leyti hagnaður eða tekjur sem hafa myndast í síðarnefnda ríkinu.

11. gr.
Vextir.

1. Vexti, sem myndast í samningsríki og greiddir eru aðila heimilisföstum í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda samningsríkinu.

a) 5 per cent of the gross amount of the dividends if the beneficial owner is a company (other than a partnership) which holds directly at least 25 per cent of the capital of the company paying the dividends;
b) 10 per cent of the gross amount of the dividends in all other cases.

This paragraph shall not affect the taxation of the company in respect of the profits out of which the dividends are paid.

3. The term "dividends" as used in this Article means income from shares or other rights, not being debt-claims, participating in profits, as well as income from other corporate rights which is subjected to the same taxation treatment as income from shares by the laws of the State of which the company making the distribution is a resident.

4. The provisions of paragraphs 1 and 2 shall not apply if the beneficial owner of the dividends, being a resident of a Contracting State, carries on business in the other Contracting State of which the company paying the dividends is a resident, through a permanent establishment situated therein, or performs in that other State independent personal services from a fixed base situated therein, and the holding in respect of which the dividends are paid is effectively connected with such permanent establishment or fixed base. In such case the provisions of Article 7 or Article 14, as the case may be, shall apply.

5. Where a company which is a resident of a Contracting State derives profits or income from the other Contracting State, that other State may not impose any tax on the dividends paid by the company, except insofar as such dividends are paid to a resident of that other State or insofar as the holding in respect of which the dividends are paid is effectively connected with a permanent establishment or a fixed base situated in that other State, nor subject the company's undistributed profits to a tax on the company's undistributed profits, even if the dividends paid on the undistributed profits consist wholly or partly of profits or income arising in such other State.

Article 11
INTEREST

1. Interest arising in a Contracting State and paid to a resident of the other Contracting State may be taxed in that other Contracting State.

2. Slíka vexti má þó einnig skattleggja í því samningsríki þar sem þeir myndast og samkvæmt lögum þess samningsríkis. Sé viðtakandi vaxtanna hins vegar raunverulegur rétthafi þeirra skal skatturinn sem þannig er á lagður eigi vera hærri en 10 af hundraði af vergri fjárhæð vaxtanna.

3. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skulu vextir, sem myndast í samningsríki og greiddir eru ríkisstjórn hins samningsríkisins, undanþegnir skatti í fyrrnefnda samningsríkinu.

4. Hugtakið „ríkisstjórn“ í 3. mgr. merkir:

a) á Íslandi, ríkisstjórn Íslands og tekur til:

   i) Seðlabanka Íslands;
   ii) Iðnlánasjóðs;
   iii) Iðnþróunarsjóðs; eða
   iv) annarrar stofnunar sem að öllu eða mestu leyti er í eigu ríkisstjórnar Íslands og sem bær stjórnvöld samningsríkjanna kunna að gera samkomulag um að falli undir þetta ákvæði á hverjum tíma.

b) í Kína, ríkisstjórn Kína og tekur til:

   i) Alþýðubanka Kína;
   ii) Þróunarbanka ríkisins;
   iii) Útflutnings- og innflutningsbanka Kína;
   iv) Landbúnaðarþróunarbanka Kína; eða

   v) annarrar stofnunar sem að öllu eða mestu leyti er í eigu ríkisstjórnar Kína og sem bær stjórnvöld samningsríkjanna kunna að gera samkomulag um að falli undir þetta ákvæði á hverjum tíma.

5. Hugtakið „vextir“ merkir í þessari grein tekjur af hvers konar skuldakröfum, hvort sem þær eru tryggðar með veði í fasteign eða ekki og hvort sem þær fela í sér rétt til hlutdeildar í hagnaði skuldunautar eða ekki. Hugtakið tekur sérstaklega til tekna af ríkisverðbréfum og tekna af skuldabréfum eða skuldaviðurkenningum, þar með talinn gengismunur og vinningar tengdir slíkum verðbréfum, skuldabréfum eða skuldaviðurkenningum. Dráttarvextir vegna vanskila teljast ekki vextir samkvæmt þessari grein.

6. Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. gilda ekki þegar raunverulegur rétthafi vaxtanna er heimilisfastur í samningsríki og hann rekur starfsemi í gegnum fasta atvinnustöð í hinu samningsríkinu þar sem vextirnir myndast, eða veitir sjálfstæða persónulega þjónustu frá fastri stöð í síðarnefnda ríkinu, og skuldakrafan sem vextirnir eru greiddir af er raunverulega bundin við slíka fasta at-

2. However, such interest may also be taxed in the Contracting State in which it arises and according to the laws of that Contracting State, but if the recipient is the beneficial owner of the interest the tax so charged shall not exceed 10 per cent of the gross amount of the interest.

3. Notwithstanding the provisions of paragraph 2, interest arising in a Contracting State and paid to the Government of the other Contracting State shall be exempt from tax in the first-mentioned Contracting State.

4. For the purpose of paragraph 3, the term "Government":

a) in the case of Iceland means the Government of Iceland and shall include:
   i) The Central Bank of Iceland;
   ii) The Industrial Loan Fund;
   iii) The Industrial Development Fund; or
   iv) any institution wholly or mainly owned by the Government of Iceland, as may be agreed from time to time between the competent authorities of the Contracting States.

b) in the case of China means the Government of China and shall include:
   i) The People's Bank of China;
   ii) The State Development Bank;
   iii) The Export and Import Bank of China;
   iv) The Agriculture Development Bank of China; or
   v) any institution wholly or mainly owned by the Government of China, as may be agreed from time to time between the competent authorities of the Contracting States.

5. The term "interest" as used in this Article means income from debt-claims of every kind, whether or not secured by mortgage and whether or not carrying a right to participate in the debtor's profits, and in particular, income from government securities and income from bonds or debentures, including premiums and prizes attaching to such securities, bonds or debentures. Penalty charges for late payment shall not be regarded as interest for the purpose of this Article.

6. The provisions of paragraphs 1, 2 and 3 shall not apply if the beneficial owner of the interest, being a resident of a Contracting State, carries on business in the other Contracting State in which the interest arises, through a permanent establishment situated therein, or performs in that other State independent personal services from a fixed base situated therein, and the debt-

vinnustöð eða fasta stöð. Í því tilviki skulu, eftir því sem við á, ákvæði 7. gr. eða 14. gr. gilda.

7. Vextir skulu taldir myndast í samningsríki þegar greiðandinn er ríkisstjórn þess samningsríkis, sveitarstjórn í því ríki eða aðili sem þar er heimilisfastur. Þegar sá aðili sem vextina greiðir, hvort sem hann er heimilisfastur í samningsríki eða ekki, hefur fasta atvinnustöð eða fasta stöð í samningsríki, sem skuldin sem vextirnir eru greiddir af er raunverulega bundin við, og vextirnir eru greiddir af hinni föstu atvinnustöð eða föstu stöð, skulu slíkir vextir þó taldir myndast í því samningsríki þar sem hin fasta atvinnustöð eða fasta stöð er.

8. Þegar vaxtafjárhæðin er hærri, miðað við þá skuldakröfu sem hún er greidd af, vegna sérstaks sambands milli greiðanda og raunverulegs rétthafa eða milli þeirra beggja og þriðja aðila, en sú fjárhæð sem greiðandi og raunverulegur rétthafi hefðu samið um ef þetta sérstaka samband hefði ekki verið fyrir hendi skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á skal fjárhæðin sem umfram er skattlögð samkvæmt lögum hvors samningsríkis um sig að teknu tilliti til annarra ákvæða samnings þessa.

12. gr.
Þóknanir.

1. Þóknanir, sem myndast í samningsríki og greiddar eru aðila heimilisföstum í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda samningsríkinu.
2. Slíkar þóknanir má þó einnig skattleggja í því samningsríki þar sem þær myndast og eftir lögum þess samningsríkis. Sé viðtakandinn hins vegar raunverulegur rétthafi þóknananna skal skatturinn sem þannig er á lagður eigi vera hærri en 10 af hundraði af vergri fjárhæð þóknananna.
3. Hugtakið „þóknanir“ merkir í þessari grein hvers konar greiðslur sem tekið er við sem endurgjaldi fyrir afnot eða rétt til afnota af hvers konar höfundarrétti á sviði bókmennta, lista eða vísinda, þar með taldar kvikmyndir og myndeða hljóðsegulbönd fyrir hljóðvarps- eða sjónvarpsútsendingar, hvers konar einkaleyfi, verkþekking, vörumerki, mynstur eða líkan, áætlun, leynileg formúla eða framleiðsluaðferð, eða fyrir

claim in respect of which the interest is paid is effectively connected with such permanent establishment or fixed base. In such case the provisions of Article 7 or Article 14, as the case may be, shall apply.
7. Interest shall be deemed to arise in a Contracting State when the payer is the Government of that Contracting State, a local authority thereof or a resident of that Contracting State. Where, however, the person paying the interest, whether he is a resident of a Contracting State or not, has in a Contracting State a permanent establishment or a fixed base in connection with which the indebtedness on which the interest is paid was incurred, and such interest is borne by such permanent establishment or fixed base, then such interest shall be deemed to arise in the Contracting State in which the permanent establishment or fixed base is situated.
8. Where, by reason of a special relationship between the payer and the beneficial owner or between both of them and some other person, the amount of the interest, having regard to the debt-claim for which it is paid, exceeds the amount which would have been agreed upon by the payer and the beneficial owner in the absence of such relationship, the provisions of this Article shall apply only to the last-mentioned amount. In such case, the excess part of the payments shall remain taxable according to the laws of each Contracting State, due regard being had to the other provisions of this Agreement.

Article 12
ROYALTIES

1. Royalties arising in a Contracting State and paid to a resident of the other Contracting State may be taxed in that other Contracting State.

2. However, such royalties may also be taxed in the Contracting State in which they arise, and according to the laws of that Contracting State, but if the recipient is the beneficial owner of the royalties, the tax so charged shall not exceed 10 per cent of the gross amount of the royalties.
3. The term "royalties" as used in this Article means payments of any kind received as a consideration for the use of, or the right to use, any copyright of literary, artistic or scientific work including cinematograph films and films or tapes for radio or television broadcasting, any patent, know-how, trade mark, design or model, plan, secret formula or process, or for the use of, or the right to use, industrial, commercial or

afnot eða rétt til afnota af iðnaðar-, viðskipta- eða vísindabúnaði, eða fyrir upplýsingar um reynslu á sviði iðnaðar, viðskipta eða vísinda.

4. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki þegar raunverulegur rétthafi þóknananna er heimilisfastur í samningsríki og hann rekur starfsemi í gegnum fasta atvinnustöð í hinu samningsríkinu þar sem þóknanirnar myndast, eða veitir sjálfstæða persónulega þjónustu frá fastri stöð í síðarnefnda ríkinu, og réttindin eða eignin sem þóknanirnar stafa frá er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stöð. Í því tilviki skulu, eftir því sem við á, ákvæði 7. gr. eða 14. gr. gilda.

5. Þóknanir skulu taldar myndast í samningsríki þegar greiðandinn er ríkisstjórn þess samningsríkis, sveitarstjórn í því ríki eða aðili sem þar er heimilisfastur. Þegar sá aðili sem þóknanirnar greiðir, hvort sem hann er heimilisfastur í samningsríki eða ekki, hefur fasta atvinnustöð eða fasta stöð í samningsríki, sem skyldan til að greiða þóknanirnar er bundin við, og slíkar þóknanir eru gjaldfærðar hjá hinni föstu atvinnustöð eða föstu stöð, skulu slíkar þóknanir þó taldar myndast í því samningsríki þar sem fasta atvinnustöðin eða fasta stöðin er.

6. Þegar fjárhæð þóknananna er hærri, miðað við þau afnot, réttindi eða upplýsingar sem þær eru greiðsla fyrir, vegna sérstaks sambands milli greiðanda og raunverulegs rétthafa eða milli þeirra beggja og þriðja aðila, en sú fjárhæð sem greiðandi og raunverulegur rétthafi hefðu samið um ef þetta sérstaka samband hefði ekki verið fyrir hendi skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á skal fjárhæðin sem umfram er skattlögð samkvæmt lögum hvors samningsríkis um sig að teknu tilliti til annarra ákvæða samnings þessa.

13. gr.
Söluhagnaður af eignum.

1. Hagnað, sem aðili heimilisfastur í samningsríki hlýtur af sölu fasteignar sem vísað er til í 6. gr., og staðsett er í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Hagnað, sem hlýst af sölu lausafjár sem er hluti atvinnurekstrareignar fastrar atvinnustöðvar sem fyrirtæki í samningsríki hefur í hinu samn-

scientific equipment, or for information concerning industrial, commercial or scientific experience.

4. The provisions of paragraphs 1 and 2 shall not apply if the beneficial owner of the royalties, being a resident of a Contracting State, carries on business in the other Contracting State in which the royalties arise, through a permanent establishment situated therein, or performs in that other State independent personal services from a fixed base situated therein, and the right or property in respect of which the royalties are paid is effectively connected with such permanent establishment or fixed base. In such case the provisions of Article 7 or Article 14, as the case may be, shall apply.

5. Royalties shall be deemed to arise in a Contracting State when the payer is the Government of that Contracting State, a local authority thereof or a resident of that Contracting State. Where, however, the person paying the royalties, whether he is a resident of a Contracting State or not, has in a Contracting State a permanent establishment or a fixed base in connection with which the liability to pay the royalties was incurred, and such royalties are borne by such permanent establishment or fixed base, then such royalties shall be deemed to arise in the Contracting State in which the permanent establishment or fixed base is situated.

6. Where, by reason of a special relationship between the payer and the beneficial owner or between both of them and some other person, the amount of the royalties, having regard to the use, right or information for which they are paid, exceeds the amount which would have been agreed upon by the payer, and the beneficial owner in the absence of such relationship, the provisions of this Article shall apply only to the last-mentioned amount. In such case, the excess part of the payments shall remain taxable according to the laws of each Contracting State, due regard being had to the other provisions of this Agreement.

Article 13
CAPITAL GAINS

1. Gains derived by a resident of a Contracting State from the alienation of immovable property referred to in Article 6 and situated in the other Contracting State may be taxed in that other State.

2. Gains from the alienation of movable property forming part of the business property of a permanent establishment which an enterprise of

ingsríkinu, eða lausafjár sem tilheyrir fastri stöð sem aðili heimilisfastur í samningsríki hefur til þess að veita sjálfstæða persónulega þjónustu í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu. Sama gildir um hagnað af sölu á slíkri fastri atvinnustöð (einni sér eða ásamt fyrirtækinu í heild) eða slíkri fastri stöð.

3. Hagnað, sem fyrirtæki í samningsríki hlýtur af sölu skipa eða loftfara sem notuð eru í flutningum á alþjóðaleiðum eða lausafjár sem tengt er rekstri slíkra skipa eða loftfara, skal einungis skattleggja í því ríki.

4. Ef eignir félags eru, beint eða óbeint, einkum fólgnar í fasteign sem staðsett er í samningsríki má skattleggja hagnað sem hlýst af sölu hluta í hlutafé félagsins í því samningsríki.

5. Hagnað, sem hlýst af sölu annarra hluta en þeirra sem getið er í 4. mgr. og fela í sér að minnsta kosti 25 af hundraði eignarhluta í félagi sem heimilisfast er í samningsríki, má skattleggja í því samningsríki.
6. Hagnað, sem hlýst af sölu annarra eigna en getið er í undanfarandi málsgreinum, skal einungis skattleggja í því samningsríki þar sem seljandinn er heimilisfastur.

14. gr.
Sjálfstæð persónuleg þjónusta.

1. Tekjur, sem aðili heimilisfastur í samningsríki hefur af sérfræðiþjónustu eða annarri sjálfstæðri starfsemi, skulu einungis skattlagðar í því samningsríki nema í einhverju eftirfarandi tilvika, þegar einnig má skattleggja slíkar tekjur í hinu samningsríkinu:

a) ef hann hefur að jafnaði fasta stöð tiltæka í hinu samningsríkinu til þess að leysa af hendi störf sín. Í því tilviki má einungis leggja skatt á þann hluta teknanna í því samningsríki sem talinn er þessari föstu stöð.

b) ef hann dvelur í hinu samningsríkinu í eitt eða fleiri tímabil, samtals lengur en 183 daga á viðkomandi almanaksári. Í því tilviki má einungis leggja skatt á þann hluta teknanna í því samningsríki sem rekja má til starfsemi hans í því samningsríki.

2. Hugtakið „sérfræðiþjónusta“ merkir einkum sjálfstæð störf á sviði vísinda, bókmennta, lista,

a Contracting State has in the other Contracting State or of movable property pertaining to a fixed base available to a resident of a Contracting State in the other Contracting State for the purpose of performing independent personal services, including such gains from the alienation of such a permanent establishment (alone or with the whole enterprise) or of such fixed base, may be taxed in that other State.
3. Gains derived by an enterprise of a Contracting State from the alienation of ships or aircraft operated in international traffic or movable property pertaining to the operation of such ships or aircraft shall be taxable only in that State.
4. Gains from the alienation of shares of the capital stock of a company the property of which consists directly or indirectly principally of immovable property situated in a Contracting State may be taxed in that Contracting State.
5. Gains from the alienation of shares other than those mentioned in paragraph 4 representing a participation of at least 25 per cent in a company which is a resident of a Contracting State may be taxed in that Contracting State.
6. Gains from the alienation of any property other than that referred to in the preceding paragraphs shall be taxable only in the Contracting State of which the alienator is a resident.

Article 14
INDEPENDENT PERSONAL SERVICES

1. Income derived by a resident of a Contracting State in respect of professional services or other activities of an independent character shall be taxable only in that Contracting State except in one of the following circumstances, when such income may also be taxed in the other Contracting State:
a) if he has a fixed base regularly available to him in the other Contracting State for the purpose of performing his activities; in that case, only so much of the income as is attributable to that fixed base may be taxed in that other Contracting State;
b) if his stay in the other Contracting State is for a period or periods exceeding in the aggregate 183 days in the calendar year concerned; in that case, only so much of income as is derived from his activities performed in that other Contracting State may be taxed in that other Contracting State.
2. The term "professional services" includes especially independent scientific, literary, artis-

uppeldis- eða kennslumála, svo og sjálfstæð störf lækna, lögfræðinga, verkfræðinga, arkitekta, tannlækna og endurskoðenda.

15. gr.
Ósjálfstæð persónuleg þjónusta (launað starf).

1. Með þeim undantekningum, sem um ræðir í 16., 18., 19. og 20. gr., skulu starfslaun, vinnulaun og annað svipað endurgjald, sem aðili heimilisfastur í samningsríki fær fyrir starf sitt, einungis skattlögð í því ríki nema starfið sé leyst af hendi í hinu samningsríkinu. Ef starfið er leyst af hendi þar má skattleggja endurgjaldið fyrir það í síðarnefnda ríkinu.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal endurgjald, sem aðili heimilisfastur í samningsríki fær fyrir starf sem hann leysir af hendi í hinu samningsríkinu, einungis skattlagt í fyrrnefnda ríkinu ef:

a) viðtakandinn dvelur í hinu samningsríkinu í eitt eða fleiri tímabil, en ekki lengur en 183 daga samtals á viðkomandi almanaksári; og

b) endurgjaldið er greitt af eða fyrir hönd vinnuveitanda sem ekki er heimilisfastur í hinu samningsríkinu; og
c) endurgjaldið er ekki gjaldfært hjá fastri atvinnustöð eða fastri stöð sem vinnuveitandinn hefur í hinu samningsríkinu.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar má skattleggja endurgjald fyrir starf unnið um borð í skipi eða loftfari, sem rekið er af fyrirtæki í samningsríki í flutningum á alþjóðaleiðum, í því samningsríki.

16. gr.
Stjórnarlaun.

Stjórnarlaun og aðrar svipaðar greiðslur, sem aðili heimilisfastur í samningsríki fær fyrir setu í stjórn félags sem heimilisfast er í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

17. gr.
Listamenn og íþróttamenn.

1. Þrátt fyrir ákvæði 14. og 15. gr. má skattleggja tekjur aðila heimilisfasts í samningsríki, sem hann aflar í hinu samningsríkinu með persónulegum störfum sem listamaður, svo sem leikari í leikhúsi eða kvikmyndum, listamaður í

tic, educational or teaching activities as well as the independent activities of physicians, lawyers, engineers, architects, dentists and accountants.

Article 15
DEPENDENT PERSONAL SERVICES

1. Subject to the provisions of Articles 16, 18, 19 and 20, salaries, wages and other similar remuneration derived by a resident of a Contracting State in respect of an employment shall be taxable only in that State unless the employment is exercised in the other Contracting State. If the employment is so exercised, such remuneration as is derived therefrom may be taxed in that other State.
2. Notwithstanding the provisions of paragraph 1, remuneration derived by a resident of a Contracting State in respect of an employment exercised in the other Contracting State shall be taxable only in the first-mentioned State if:
a) the recipient is present in the other Contracting State for a period or periods not exceeding in the aggregate 183 days in the calendar year concerned; and
b) the remuneration is paid by, or on behalf of, an employer who is not a resident of the other Contracting State, and
c) the remuneration is not borne by a permanent establishment or a fixed base which the employer has in the other Contracting State.
3. Notwithstanding the provisions of paragraphs 1 and 2 of this Article, remuneration derived in respect of an employment exercised aboard a ship or aircraft operated by an enterprise of a Contracting State in international traffic, may be taxed in that Contracting State.

Article 16
DIRECTORS' FEES

Directors' fees and other similar payments derived by a resident of a Contracting State in his capacity as a member of the board of directors of a company which is a resident of the other Contracting State may be taxed in that other State.

Article 17
ARTISTES AND SPORTSMEN

1. Notwithstanding the provisions of Articles 14 and 15, income derived by a resident of a Contracting State as an entertainer, such as a theatre, motion picture, radio or television artiste, or a musician, or as a sportsman, from

hljóðvarpi eða sjónvarpi eða tónlistarmaður, eða sem íþróttamaður, í síðarnefnda ríkinu.

2. Þegar tekjur af persónulegu starfi, sem leyst er af hendi af listamanni eða íþróttamanni sem slíkum, renna ekki til listamannsins eða íþróttamannsins sjálfs heldur til annars aðila má, þrátt fyrir ákvæði 7., 14. og 15. gr., skattleggja tekjurnar í því samningsríki þar sem starfsemi listamannsins eða íþróttamannsins fer fram.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. skulu tekjur, sem listamenn eða íþróttamenn heimilisfastir í samningsríki afla með störfum sem leyst eru af hendi í hinu samningsríkinu samkvæmt samningi milli ríkisstjórna beggja samningsríkjanna um menningarskipti, undanþegnar skatti í síðarnefnda samningsríkinu.

his personal activities as such exercised in the other Contracting State, may be taxed in that other State.

2. Where income in respect of personal activities exercised by an entertainer or a sportsman in his capacity as such accrues not to the entertainer or sportsman himself but to another person, that income may, notwithstanding the provisions of Articles 7, 14 and 15, be taxed in the Contracting State in which the activities of the entertainer or sportsman are exercised.

3. Notwithstanding the provisions of paragraphs 1 and 2, income derived by entertainers or sportsmen who are residents of a Contracting State from the activities exercised in the other Contracting State under a cultural exchange program between the Governments of both Contracting States shall be exempt from tax in that other Contracting State.

18. gr.
Eftirlaun.

1. Með þeim undantekningum, sem um ræðir í 2. mgr. 19. gr., skulu eftirlaun og aðrar svipaðar greiðslur, sem inntar eru af hendi til aðila heimilisfasts í samningsríki vegna fyrri starfa hans, einungis skattlagðar í því ríki.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., og ákvæði 2. mgr. 19. gr., skulu eftirlaun og aðrar svipaðar greiðslur, hvort sem þær eru inntar af hendi með vissu millibili eða í einu lagi, sem greiddar eru samkvæmt almannatryggingalöggjöf samningsríkis eða úr öðrum opinberum sjóðum samningsríkis sem eru reknir til að tryggja velferð almennings, einungis skattlagðar í því ríki.

Article 18
PENSIONS

1. Subject to the provisions of paragraph 2 of Article 19, pensions and other similar remuneration paid to a resident of a Contracting State in consideration of past employment shall be taxable only in that State.

2. Notwithstanding the provisions of paragraph 1, and the provisions of paragraph 2 of Article 19, pensions paid and other similar payments, whether periodic or lump-sum compensation, granted under the social security legislation of a Contracting State or under any public scheme organised by a Contracting State for social welfare purposes shall be taxable only in that State.

19. gr.
Opinbert starf.

1. a) Starfslaun, vinnulaun og annað svipað endurgjald, að undanteknum eftirlaunum, sem greitt er af ríkisstjórn samningsríkis eða sveitarstjórn í því ríki til manns fyrir störf hans í þjónustu ríkisstjórnar þess samningsríkis eða sveitarstjórnar, skal einungis skattleggja í því ríki.

b) Slík starfslaun, vinnulaun og annað svipað endurgjald skal þó einungis skattleggja í hinu samningsríkinu ef starfið er leyst af hendi þar og maðurinn er heimilisfastur í því ríki og:

(i) er ríkisborgari þess ríkis; eða

Article 19
GOVERNMENT SERVICE

1. a) Salaries, wages and other similar remuneration, other than a pension, paid by the Government of a Contracting State or a local authority thereof to an individual in respect of services rendered to the Government of that Contracting State or authority shall be taxable only in that State.

b) However, such salaries, wages and other similar remuneration shall be taxable only in the other Contracting State if the services are rendered in that other State and the individual is a resident of that other State who:

i) is a national of that other State; or

(ii) tók ekki upp heimilisfesti í því ríki einvörðungu í þeim tilgangi að leysa þetta starf af hendi.

2. a) Eftirlaun, sem greidd eru af, eða úr sjóðum stofnuðum af, ríkisstjórn samningsríkis eða sveitarstjórn í því ríki til manns fyrir störf hans í þjónustu ríkisstjórnar þessa ríkis eða sveitarstjórnar, skal einungis skattleggja í því ríki.

b) Slík eftirlaun skal þó einungis skattleggja í hinu samningsríkinu ef maðurinn er heimilisfastur þar og jafnframt ríkisborgari þess ríkis.

3. Ákvæði 15., 16., og 18. gr. skulu gilda um starfslaun, vinnulaun og annað svipað endurgjald og um eftirlaun sem greidd eru fyrir störf leyst af hendi í tengslum við atvinnurekstur á vegum ríkisstjórnar samningsríkis eða sveitarstjórnar í því ríki.

20. gr.

Kennarar og rannsóknarmenn.

Maður sem er, eða var rétt fyrir komu sína til samningsríkis, heimilisfastur í hinu samningsríkinu og sem dvelur í fyrrnefnda samningsríkinu í þeim megintilgangi að kenna, halda fyrirlestra eða stunda rannsóknir við háskóla, framhaldsskóla, skóla eða menntastofnun eða rannsóknastofnun á sviði vísinda sem viðurkennd er af ríkisstjórn fyrrnefnda samningsríkisins, skal í þrjú ár frá þeim degi þegar hann kemur fyrst til fyrrnefnda samningsríkisins undanþeginn skattlagningu í fyrrnefnda samningsríkinu á endurgjald fyrir slíka kennslu, fyrirlestra eða rannsóknir.

21. gr.

Námsmenn og nemar.

Námsmaður, starfsnemi eða nemi, sem er eða var rétt fyrir komu sína til samningsríkis heimilisfastur í hinu samningsríkinu og sem dvelur í fyrrnefnda ríkinu einungis vegna náms síns eða þjálfunar, skal undanþeginn skattlagningu í fyrrnefnda ríkinu á eftirfarandi greiðslur eða tekjur sem hann fær eða aflar til að standa straum af kostnaði við framfærslu sína, nám eða þjálfun:

a) greiðslur sem til hans renna frá aðilum utan þess samningsríkis til að standa straum af kostnaði við framfærslu hans, menntun, nám, rannsóknir eða þjálfun; og

b) styrki, námsstyrki eða verðlaun sem veitt eru af ríkisstjórninni eða vísinda-, menntunar-

ii) did not become a resident of that other State solely for the purpose of rendering the services.

2. a) Any pension paid by, or out of funds created by, the Government of a Contracting State or a local authority thereof to an individual in respect of services rendered to the Government of that State or authority shall be taxable only in that State.

b) However, such pension shall be taxable only in the other Contracting State if the individual is a resident of, and a national of, that other State.

3. The provisions of Articles 15, 16 and 18 shall apply to salaries, wages and other similar remuneration and to pensions, in respect of services rendered in connection with a business carried on by the Government of a Contracting State or a local authority thereof.

Article 20

TEACHERS AND RESEARCHERS

An individual who is, or immediately before visiting a Contracting State was, a resident of the other Contracting State and is present in the first-mentioned Contracting State for the primary purpose of teaching, giving lectures or conducting research at a university, college, school or educational institution or scientific research institution accredited by the Government of the first-mentioned Contracting State, shall be exempt from tax in the first-mentioned Contracting State, for a period of three years from the date of his first arrival in the first-mentioned Contracting State, in respect of remuneration for such teaching, lectures or research.

Article 21

STUDENTS AND TRAINEES

A student, business apprentice or trainee who is or was immediately before visiting a Contracting State a resident of the other Contracting State and who is present in the first-mentioned State solely for the purpose of his education, training shall be exempt from tax in that first-mentioned State on the following payments or income received or derived by him for the purpose of his maintenance, education or training:

a) payments derived from sources outside that Contracting State for the purpose of his maintenance, education, study, research or training; and

b) grants, scholarships or awards supplied by the Government, or a scientific, educational,

eða menningarfélögum eða öðrum félögum sem undanþegin eru skattskyldu.

22. gr.
Aðrar tekjur.

1. Tekjur, sem aðili heimilisfastur í samningsríki aflar og ekki er fjallað um í fyrri greinum þessa samnings, skal einungis skattleggja í því ríki og skiptir ekki máli hvar þeirra er aflað.
2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um tekjur, aðrar en tekjur af fasteign, sbr. skilgreiningu í 2. mgr. 6. gr., þegar viðtakandi teknanna er heimilisfastur í samningsríki og hann rekur starfsemi í gegnum fasta atvinnustöð í hinu samningsríkinu eða veitir sjálfstæða persónulega þjónustu frá fastri stöð í síðarnefnda ríkinu, og réttindin eða eignin sem tekjurnar stafa frá er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stöð. Í því tilviki skulu, eftir því sem við á, ákvæði 7. gr. eða 14. gr. gilda.

23. gr.
Aðferðir til að koma í veg fyrir tvísköttun.

1. Á Íslandi skal komið í veg fyrir tvísköttun með eftirfarandi hætti:

a) Hafi aðili heimilisfastur á Íslandi tekjur, sem samkvæmt ákvæðum þessa samnings skal einungis skattleggja eða má skattleggja í Kína, skal Ísland heimila að dreginn sé frá íslenskum tekjuskatti þessa aðila sá hluti tekjuskattsins sem svarar til teknanna sem rekja má til Kína nema ákvæði b-liðar leiði til annars.

b) Þegar aðili heimilisfastur á Íslandi fær tekjur, sem samkvæmt ákvæðum 10. gr., 11. gr., 12. gr., 3. mgr. 15. gr., 16. gr. og 17. gr. má skattleggja í Kína, skal Ísland heimila að dregin sé frá íslenskum tekjuskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess skatts sem greiddur hefur verið í Kína. Frádráttur þessi skal þó ekki fara fram úr þeim hluta skattsins, reiknaðs fyrir slíkan frádrátt, sem er af framangreindum tekjum sem rekja má til Kína.

c) Hvað frádrátt þann varðar sem getið er í b-lið skal kínverskur skattur talinn hafa verið greiddur með þeim hundraðshlutum sem kveðið er á um í 2. mgr. 10. gr., 2. mgr. 11. gr. og 2. mgr. 12. gr. Ákvæði þessa liðar skulu einungis gilda fyrstu tíu árin sem

cultural or other tax-exempt organisation.

Article 22
OTHER INCOME

1. Items of income of a resident of a Contracting State, wherever arising, not dealt with in the foregoing Articles of this Agreement shall be taxable only in that State.
2. The provisions of paragraph 1 shall not apply to income, other than income from immovable property as defined in paragraph 2 of Article 6, if the recipient of such income, being a resident of a Contracting State, carries on business in the other Contracting State through a permanent establishment situated therein, or performs in that other State independent personal services from a fixed base situated therein, and the right or property in respect of which the income is paid is effectively connected with such permanent establishment or fixed base. In such case the provisions of Article 7 or Article 14, as the case may be, shall apply.

Article 23
METHODS FOR ELIMINATION OF DOUBLE TAXATION

1. In Iceland, double taxation shall be eliminated as follows:

a) Where a resident of Iceland derives income which, in accordance with the provisions of this Agreement, shall be taxable only or may be taxed in China, Iceland shall subject to the provisions of sub-paragraph b), allow as a deduction from the income tax that part of the income tax which is applicable to the income derived from China.

b) Where a resident of Iceland derives items of income which, in accordance with the provisions of Articles 10, 11, 12, paragraph 3 of Article 15 and Articles 16 and 17, may be taxed in China, Iceland shall allow as a deduction from the tax on income of that resident an amount equal to the tax paid in China. Such deduction shall not, however, exceed that part of the tax, as computed before the deduction is given, which is attributable to such items of income derived from China.

c) For the purpose of the deduction referred to in sub-paragraph b), Chinese tax shall be deemed to have been paid at the rates provided in paragraphs 2 of Articles 10, 11 and 12. The provisions of this sub-paragraph shall apply only for the first ten years for

samningur þessi er í gildi. Þennan tíma má framlengja með gagnkvæmu samkomulagi milli bærra stjórnvalda samningsríkjanna.

2. Í Kína skal komið í veg fyrir tvísköttun með eftirfarandi hætti:

a) Hafi aðili heimilisfastur í Kína tekjur frá Íslandi má draga frá kínverskum skatti á þann aðila fjárhæð skatts á þær tekjur sem greiddur er á Íslandi samkvæmt ákvæðum samnings þessa. Frádráttur þessi skal þó ekki nema hærri fjárhæð en fjárhæð kínverska skattsins á þær tekjur, reiknaðs samkvæmt kínverskum skattalögum og reglum.

b) Þegar tekjurnar frá Íslandi eru ágóðahlutir, sem greiddir eru af félagi heimilisföstu á Íslandi til félags sem heimilisfast er í Kína og sem á að minnsta kosti 10 af hundraði hluta í félaginu sem ágóðahlutina greiðir, skal frádrátturinn taka mið af þeim skatti sem félagið sem greiðir ágóðahlutina greiðir á Íslandi af tekjum sínum.

which the Agreement is effective. This period may be extended by mutual agreement between the competent authorities of the Contracting States.

2. In China, double taxation shall be eliminated as follows:

a) Where a resident of China derives income from Iceland the amount of tax on that income payable in Iceland in accordance with the provisions of this Agreement, may be credited against the Chinese tax imposed on that resident. The amount of credit, however, shall not exceed the amount of the Chinese tax on that income computed in accordance with the taxation laws and regulations of China.

b) Where the income derived from Iceland is a dividend paid by a company which is a resident of Iceland to a company which is a resident of China and which owns not less than 10 per cent of the shares of the company paying the dividend, the credit shall take into account the tax paid to Iceland by the company paying the dividend in respect of its income.

24. gr.
Jafnrétti.

1. Ríkisborgarar samningsríkis skulu ekki sæta annarri eða þyngri skattlagningu eða kröfum í því sambandi í hinu samningsríkinu en ríkisborgarar þess ríkis sæta eða gætu sætt við sömu aðstæður. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. gildir þetta ákvæði einnig um aðila sem ekki eru heimilisfastir í öðru hvoru eða báðum samningsríkjunum.

2. Skattlagning fastrar atvinnustöðvar, sem fyrirtæki í samningsríki hefur í hinu samningsríkinu, skal ekki vera óhagstæðari í síðarnefnda ríkinu en skattlagning á fyrirtæki í því ríki sem hafa sams konar starfsemi með höndum. Þetta ákvæði skal ekki skýra þannig að það skyldi samningsríki til að veita aðilum heimilisföstum í hinu samningsríkinu nokkurn þann persónufrádrátt, ívilnanir og lækkun skatta vegna hjúskaparstöðu eða fjölskylduframfærslu sem það veitir þeim aðilum sem þar eru heimilisfastir.

3. Eigi ákvæði 1. mgr. 9. gr., 8. mgr. 11. gr. eða 6. mgr. 12. gr. ekki við skulu vextir, þóknanir og aðrar greiðslur, sem fyrirtæki í samningsríki greiðir til aðila heimilisfasts í hinu samningsríkinu, vera frádráttarbærar við ákvörð-

Article 24
NON-DISCRIMINATION

1. Nationals of a Contracting State shall not be subjected in the other Contracting State to any taxation or any requirement connected therewith, which is other or more burdensome than the taxation and connected requirements to which nationals of that other State in the same circumstances are or may be subjected. This provision shall, notwithstanding the provisions of Article 1, also apply to persons who are not residents of one or both of the Contracting States.

2. The taxation on a permanent establishment which an enterprise of a Contracting State has in the other Contracting State shall not be less favourably levied in that other State than the taxation levied on enterprises of that other State carrying on the same activities. This provision shall not be construed as obliging a Contracting State to grant to residents of the other Contracting State any personal allowances, reliefs and reductions for taxation purposes on account of civil status or family responsibilities which it grants to its own residents.

3. Except where the provisions of paragraph 1 of Article 9, paragraph 8 of Article 11, or paragraph 6 of Article 12, apply, interest, royalties and other disbursements paid by an enterprise of a Contracting State to a resident of the other

un skattskylds hagnaðar slíks fyrirtækis eftir sömu reglum og greiðslur til aðila heimilisfasts í fyrrnefnda ríkinu.

4. Þótt fjármagn fyrirtækja í samningsríki sé að öllu eða nokkru leyti, beint eða óbeint, í eigu eða undir stjórn eins eða fleiri aðila sem eru heimilisfastir í hinu samningsríkinu skulu þau ekki sæta annarri eða þyngri skattlagningu eða kröfum í því sambandi í fyrrnefnda ríkinu en fyrirtæki svipaðrar tegundar í því ríki sæta eða gætu sætt.

5. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. gilda ákvæði þessarar greinar um hvers konar skatta, hverju nafni sem þeir nefnast.

25. gr.

Framkvæmd gagnkvæms samkomulags.

1. Þegar aðili telur að ráðstafanir, sem gerðar eru af öðru hvoru eða báðum samningsríkjunum, leiði eða muni leiða til skattlagningar að því er hann varðar sem ekki er í samræmi við ákvæði þessa samnings getur hann, án þess að það raski rétti hans til að færa sér í nyt þau réttarúrræði sem lög þessara ríkja kveða á um, lagt málið fyrir bært stjórnvald í því samningsríki þar sem hann er heimilisfastur eða, falli mál hans undir 1. mgr. 24. gr., í því samningsríki þar sem hann er ríkisborgari. Mál verður að leggja fyrir innan þriggja ára frá fyrstu tilkynningu um ráðstafanir sem leiða til skattlagningar sem ekki er í samræmi við ákvæði samningsins.

2. Ef hið bæra stjórnvald telur að mótmælin séu á rökum reist, en getur þó ekki sjálft leyst málið á viðunandi hátt, skal það leitast við að leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi við bært stjórnvald í hinu samningsríkinu í því skyni að komast hjá skattlagningu sem ekki er í samræmi við ákvæði samningsins. Slíkt samkomulag skal koma til framkvæmda óháð öllum tímamörkum sem í gildi eru samkvæmt lögum samningsríkjanna.

3. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu með gagnkvæmu samkomulagi leitast við að leysa sérhvern vanda eða vafaatriði varðandi túlkun eða beitingu samningsins. Þau geta einnig ráðgast sín á milli í því skyni að komast hjá tvísköttun í tilvikum sem ekki er fjallað um í samningnum.

4. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum geta haft beint samband sín á milli í því skyni að ná

Contracting State shall, for the purpose of determining the taxable profits of such enterprise, be deductible under the same conditions as if they had been paid to a resident of the first-mentioned State.

4. Enterprises of a Contracting State, the capital of which is wholly or partly owned or controlled, directly or indirectly, by one or more residents of the other Contracting State, shall not be subjected in the first-mentioned State to any taxation or any requirement connected therewith which is other or more burdensome than the taxation and connected requirements to which other similar enterprises of the first-mentioned State are or may be subjected.

5. The provisions of this Article shall, notwithstanding the provisions of Article 2, apply to taxes of every kind and description.

Article 25

MUTUAL AGREEMENT PROCEDURE

1. Where a person considers that the actions of one or both of the Contracting States result or will result for him in taxation not in accordance with the provisions of this Agreement, he may, irrespective of the remedies provided by the domestic law of those States, present his case to the competent authority of the Contracting State of which he is a resident or, if his case comes under paragraph 1 of Article 24, to that of the Contracting State of which he is a national. The case must be presented within three years from the first notification of the action resulting in taxation not in accordance with the provisions of the Agreement.

2. The competent authority shall endeavour, if the objection appears to it to be justified and if it is not itself able to arrive at a satisfactory solution, to resolve the case by mutual agreement with the competent authority of the other Contracting State, with a view to the avoidance of taxation which is not in accordance with the Agreement. Any agreement reached shall be implemented notwithstanding any time limits in the domestic law of the Contracting States.

3. The competent authorities of the Contracting States shall endeavour to resolve by mutual agreement any difficulties or doubts arising as to the interpretation or application of the Agreement. They may also consult together for the elimination of double taxation in cases not provided for in the Agreement.

4. The competent authorities of the Contracting States may communicate with each other

samkomulagi í samræmi við ákvæði 2. og 3. mgr. Þegar ráðlegt þykir til að ná samkomulagi geta fulltrúar bærra stjórnvalda samningsríkjanna átt fund saman og skipst á skoðunum.

26. gr.
Skipti á upplýsingum.

1. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu skiptast á þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmdar ákvæða þessa samnings eða laga samningsríkjanna varðandi skatta sem þessi samningur tekur til að því leyti sem viðkomandi skattlagning er í samræmi við ákvæði samningsins, einkum til að koma í veg fyrir undanskot frá slíkum sköttum. Skipti á upplýsingum takmarkast ekki við ákvæði 1. gr. Með allar upplýsingar, sem mótteknar eru af samningsríki, skal fara sem trúnaðarmál á sama hátt og farið er með upplýsingar sem aflað er samkvæmt lögum þess ríkis og skulu eingöngu gerðar kunnar aðilum eða stjórnvöldum (þar með töldum dómstólum og stjórnsýsluaðilum) sem hafa með höndum álagningu eða innheimtu á þeim sköttum sem samningurinn tekur til eða fullnustu- eða ákæruvald varðandi þá skatta eða úrskurði um kærur vegna þeirra skatta. Þessir aðilar eða stjórnvöld skulu einungis nota upplýsingarnar í greindum tilgangi. Þeim er heimilt að gera slíkar upplýsingar opinberar við málarekstur fyrir dómstólum eða í dómsniðurstöðum.

2. Ákvæði 1. mgr. skal í engu tilviki skýra þannig að þau leggi skyldur á samningsríki til að:

a) framkvæma stjórnsýsluráðstafanir sem víkja frá lögum eða stjórnsýsluvenjum þess eða hins samningsríkisins;
b) veita upplýsingar sem ekki er unnt að afla samkvæmt lögum eða eðlilegum stjórnsýsluvenjum þess eða hins samningsríkisins;
c) veita upplýsingar sem myndu ljóstra upp leyndarmálum eða framleiðsluaðferðum á sviði viðskipta, atvinnumála, iðnaðar, verslunar eða sérfræðiþekkingar, eða veita upplýsingar sem myndu stríða gegn almannareglu (*ordre public*) ef þær væru gerðar opinberar.

27. gr.
Sendierindrekar og ræðiserindrekar.

Ákvæði samnings þessa skulu ekki hafa áhrif á skattaívilnanir sem sendierindrekar eða ræðis-

directly for the purpose of reaching an agreement in the sense of paragraphs 2 and 3. When it seems advisable for reaching agreement, representatives of the competent authorities of the Contracting States may meet together for an oral exchange of opinions.

Article 26
EXCHANGE OF INFORMATION

1. The competent authorities of the Contracting States shall exchange such information as is necessary for carrying out the provisions of this Agreement or of the domestic laws of the Contracting States concerning taxes covered by the Agreement insofar as the taxation thereunder is not contrary to the Agreement, in particular for the prevention of evasion of such taxes. The exchange of information is not restricted by Article 1. Any information received by a Contracting State shall be treated as secret in the same manner as information obtained under the domestic laws of that State and shall be disclosed only to persons or authorities (including courts and administrative bodies) involved in the assessment or collection of, the enforcement or prosecution in respect of, or the determination of appeals in relation to, the taxes covered by the Agreement. Such persons or authorities shall use the information only for such purposes. They may disclose the information in public court proceedings or in judicial decisions.

2. In no case shall the provisions of paragraph 1 be construed so as to impose on a Contracting State the obligation:

a) to carry out administrative measures at variance with the laws and administrative practice of that or of the other Contracting State;
b) to supply information which is not obtainable under the laws or in the normal course of the administration of that or of the other Contracting State;
c) to supply information which would disclose any trade, business, industrial, commercial or professional secret or trade process, or information, the disclosure of which would be contrary to public policy (ordre public).

Article 27
DIPLOMATIC AGENTS AND CONSULAR OFFICERS

Nothing in this Agreement shall affect the fiscal privileges of diplomatic agents or consular

erindrekar njóta samkvæmt almennum þjóðréttarreglum eða ákvæðum sérstakra samninga.

28. gr.
Gildistaka.

Samningur þessi öðlast gildi þrjátíu dögum eftir þann dag þegar skipst er á diplómatískum orðsendingum þess efnis að lagalegri meðferð í hvoru ríki um sig vegna gildistöku samningsins sé lokið. Samningurinn skal koma til framkvæmda að því er varðar tekjur sem aflað er á þeim skattárum sem hefjast á eða eftir fyrsta dag janúarmánaðar sem fylgir næst á eftir því ári þegar samningur þessi öðlast gildi.

29. gr.
Uppsögn.

Samningur þessi skal gilda um ótiltekinn tíma, en hvort samningsríkjanna um sig getur, þrítugasta júní eða fyrr almanaksár hvert sem hefst eftir að fimm ár eru liðin frá gildistöku samningsins, tilkynnt hinu samningsríkinu, eftir diplómatískum leiðum, skriflega um uppsögn samningsins. Í því tilviki skal samningur þessi hætta að koma til framkvæmda að því er varðar tekjur sem aflað er á þeim skattárum sem hefjast fyrsta janúar eða síðar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar tilkynnt er um uppsögn.

officers under the general rules of international law or under the provisions of special agreements.

Article 28
ENTRY INTO FORCE

This Agreement shall enter into force on the thirtieth day after the date on which diplomatic notes indicating the completion of internal legal procedures necessary in each country for the entry into force of this Agreement have been exchanged. This Agreement shall have effect as respects income derived during the taxable years beginning on or after the first day of January next following that in which this Agreement enters into force.

Article 29
TERMINATION

This Agreement shall continue in effect indefinitely but either of the Contracting States may, on or before the thirtieth day of June in any calendar year beginning after the expiration of a period of five years from the date of its entry into force, give written notice of termination to the other Contracting State through the diplomatic channels. In such event this Agreement shall cease to have effect as respects income derived during the taxable years beginning on or after the first day of January in the calendar year next following that in which the notice of termination is given.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í tvíriti í Peking hinn 3. júní 1996 á íslensku, kínversku og ensku og skulu allir textarnir jafngildir. Komi upp vafi um túlkun skal enski textinn ráða.

Fyrir hönd ríkisstjórnar
lýðveldisins Íslands

Friðrik Sophusson

Fyrir hönd ríkisstjórnar
Alþýðulýðveldisins Kína

Liu Zhongli

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, duly authorized thereto, have signed this Agreement.

Done in duplicate at Beijing on this 3rd day of June, 1996 in the Icelandic, Chinese and English languages, the three texts being equally authentic. In case there is any divergence of interpretation, the English text shall prevail.

For the Government of
the Republic of Iceland

Friðrik Sophusson

For the Government of
the People's Republic of China

Liu Zhongli

BÓKUN

Við undirritun samningsins milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Alþýðulýðveldisins Kína til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur (hér eftir nefndur „samningurinn") hafa aðilar orðið ásáttir um eftirfarandi ákvæði sem eru óaðskiljanlegur hluti samningsins:

1. Við 4. gr.

Í Kína: hugtakið „aðalskrifstofa" vísar til miðstýrðar stofnunar sem komið er á fót, af fyrirtæki með erlent fjármagn, sem lögaðila í Kína samkvæmt kínverskum lögum og sem ber ábyrgð á stjórnun, rekstri og yfirráðum slíks fyrirtækis.

2. Við 10. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 10. gr. samnings þessa og svo lengi sem ágóðahlutir greiddir af félagi heimilisföstu á Íslandi eru samkvæmt íslenskum lögum frádráttarbærir frá skattskyldum hagnaði eða eru yfirfæranlegir sem rekstrartap félagsins við ákvörðun tekjuskatts má einnig skattleggja á Íslandi, samkvæmt íslenskum lögum, ágóðahluti sem greiddir eru af félaginu til aðila heimilisfasts í Kína. Sé viðtakandinn hins vegar raunverulegur rétthafi ágóðahlutanna má skatturinn, sem þannig er á lagður, eigi vera hærri en 15 af hundraði af þeim hluta ágóðahlutanna sem er frádráttarbær frá skattskyldum hagnaði félagsins eða er yfirfæranlegur sem rekstrartap félagsins.

3. Við 12. gr.

Að því er varðar beitingu 2. mgr. 12. gr. samnings þessa skulu 70 af hundraði vergra fjárhæða þóknana sem stafa frá leigu iðnaðar-, viðskipta- eða vísindabúnaðar skattlagðar.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

Gjört í tvíriti í Peking hinn 3. júní 1996 á íslensku, kínversku og ensku og skulu allir text-

PROTOCOL

At the signing of the Agreement between the Government of the Republic of Iceland and the Government of the People's Republic of China for the Avoidance of Double Taxation and the Prevention of Fiscal Evasion with respect to Taxes on Income (hereinafter referred to as "the Agreement"), both sides have agreed upon the following provisions which shall form an integral part of the Agreement:

1. With reference to Article 4

In China: the term "head office" refers to the central organization which is established in China by an enterprise with foreign investment as a legal person pursuant to the laws of China and which is responsible for the management, operations and control over such enterprise.

2. With reference to Article 10

Notwithstanding the provisions of paragraph 2 of Article 10 of this Agreement, as long as according to the laws of Iceland dividends paid by a company which is a resident of Iceland may be deducted from the taxable profits or may be carried forward as an operating loss of such company for income tax purposes, dividends paid by such company to a resident of China may also be taxed in Iceland and according to the laws of Iceland, but if the recipient is the beneficial owner of the dividends, the tax so charged shall not exceed 15 per cent, on such part of the dividends which is deductible from a company's taxable profits or can be carried forward as an operating loss of the company.

3. With reference to Article 12

For the purposes of the application of paragraph 2 of Article 12 of this Agreement, royalties derived from rental of industrial, commercial or scientific equipment shall be taxed on 70 per cent of the gross amount of such royalties.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, duly authorized thereto, have signed this Protocol.

Done in duplicate at Beijing on this 3rd day of June, 1996 in the Icelandic, Chinese and

arnir jafngildir. Komi upp vafi um túlkun skal enski textinn ráða.

Fyrir hönd ríkisstjórnar
lýðveldisins Íslands

Friðrik Sophusson

Fyrir hönd ríkisstjórnar
Alþýðulýðveldisins Kína

Liu Zhongli

English languages, the three texts being equally authentic. In case there is any divergence of interpretation, the English text shall prevail.

For the Government of
the Republic of Iceland

Friðrik Sophusson

For the Government of
the People's Republic of China

Liu Zhongli

17. janúar 1997 Nr. 7

AUGLÝSING

um bókun við Madrídarsamninginn um alþjóðlega skráningu merkja.

Hinn 15. janúar 1997 var aðalframkvæmdastjóra Alþjóðahugverkastofnunarinnar afhent fullgildingarskjal Íslands vegna bókunar við Madrídarsamninginn um alþjóðlega skráningu merkja frá 14. apríl 1891 sem gerð var í Madríd 28. júní 1989. Bókunin öðlast gildi að því er Ísland varðar 15. apríl 1997.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 17. janúar 1997.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Fylgiskjal.

BÓKUN
við Madrídarsamninginn um alþjóðlega skráningu merkja.

1. gr.
Aðild að Madrídarsambandinu.

Ríki þau sem eru aðilar að bókun þessari (hér á eftir nefnd „samningsríkin"), þótt þau séu ekki aðilar að Madrídarsamningnum um alþjóðlega skráningu merkja eins og hann var endurskoðaður í Stokkhólmi 1967 og breytt 1979 (hér á eftir nefndur „Stokkhólmsgerð Madrídarsamningsins"), svo og stofnanir þær sem um getur í b-lið 1. mgr. 14. gr. og eru aðilar að bókun þessari (hér á eftir nefndar „samningsstofnanir"), skulu vera aðilar að sama sambandi og löndin sem eru aðilar að Stokkhólmsgerð Madrídarsamningsins. Með hugtakinu „samningsaðilar" er í bókun þessari jöfnum höndum átt við samningsríki og samningsstofnanir.

PROTOCOL
Relating to the Madrid Agreement Concerning the International Registration of Marks

Article 1
Membership in the Madrid Union

The States party to this Protocol (hereinafter referred to as "the Contracting States"), even where they are not party to the Madrid Agreement Concerning the International Registration of Marks as revised at Stockholm in 1967 and as amended in 1979 (hereinafter referred to as "the Madrid (Stockholm) Agreement"), and the organizations referred to in Article 14(1)(b) which are party to this Protocol (hereinafter referred to as "the Contracting Organizations") shall be members of the same Union of which countries party to the Madrid (Stockholm) Agreement are members. Any reference in this Protocol to "Contracting Parties" shall be con-

2. gr.
Vernd tryggð með alþjóðlegri skráningu.

1) Þegar umsókn um skráningu merkis hefur verið lögð inn hjá skrifstofu samningsaðila eða merki hefur verið skráð hjá skrifstofu samningsaðila getur sá sem skrifaður er fyrir umsókninni (hér á eftir nefnd „frumumsókn“) eða skráningunni (hér á eftir nefnd „frumskráning“), með fyrirvara um ákvæði bókunar þessarar, tryggt merki sínu vernd á landsvæði samningsaðilanna með því að fá merkið skráð hjá alþjóðaskrifstofu Alþjóðahugverkastofnunarinnar (hér á eftir nefnd „alþjóðlega skráningin“, „alþjóðlega skráin“, „alþjóðaskrifstofan“ og „stofnunin“, eftir því sem við á), að því tilskildu að

i) þegar frumumsókn hefur verið lögð inn á skrifstofu samningsríkis eða þegar frumskráning hefur farið fram á slíkri skrifstofu, sá sem er skráður fyrir frumumsókninni eða er skráður frumskráningu sé ríkisborgari þess samningsríkis eða sé búsettur eða eigi raunverulegt og virkt iðnaðar- eða verslunarfyrirtæki í viðkomandi samningsríki,

ii) þegar frumumsókn hefur verið lögð inn á skrifstofu samningsstofnunar eða þegar frumskráning hefur farið fram á slíkri skrifstofu, sá sem er skráður fyrir frumumsókninni eða er skráður frumskráningu sé ríkisborgari ríkis sem á aðild að samningsstofnuninni eða sé búsettur eða eigi raunverulegt og virkt iðnaðar- eða verslunarfyrirtæki á landsvæði viðkomandi samningsstofnunar.

2) Umsókn um alþjóðlega skráningu (hér á eftir nefnd „alþjóðleg umsókn“) skal lögð inn á alþjóðaskrifstofuna fyrir milligöngu þeirrar skrifstofu þar sem frumumsóknin var lögð inn eða frumskráningin fór fram (hér á eftir nefnd „upprunaskrifstofa“), eftir því sem við á.

3) Með hugtakinu „skrifstofa“ eða „skrifstofa samningsaðila“ er í bókun þessari átt við skrifstrued as a reference to both Contracting States and Contracting Organizations.

Article 2
Securing Protection through International Registration

(1) Where an application for the registration of a mark has been filed with the Office of a Contracting Party, or where a mark has been registered in the register of the Office of a Contracting Party, the person in whose name that application (hereinafter referred to as "the basic application") or that registration (hereinafter referred to as "the basic registration") stands may, subject to the provisions of this Protocol, secure protection for his mark in the territory of the Contracting Parties, by obtaining the registration of that mark in the register of the International Bureau of the World Intellectual Property Organization (hereinafter referred to as "the international registration," "the International Register," "the International Bureau" and "the Organization," respectively), provided that,

(i) where the basic application has been filed with the Office of a Contracting State or where the basic registration has been made by such an Office, the person in whose name that application or registration stands is a national of that Contracting State, or is domiciled, or has a real and effective industrial or commercial establishment, in the said Contracting State,

(ii) where the basic application has been filed with the Office of a Contracting Organization or where the basic registration has been made by such an Office, the person in whose name that application or registration stands is a national of a State member of that Contracting Organization, or is domiciled, or has a real and effective industrial or commercial establishment, in the territory of the said Contracting Organization.

(2) The application for international registration (hereinafter referred to as "the international application") shall be filed with the International Bureau through the intermediary of the Office with which the basic application was filed or by which the basic registration was made (hereinafter referred to as "the Office of origin"), as the case may be.

(3) Any reference in this Protocol to an "Office" or an "Office of a Contracting Party" shall be

stofu þá sem annast skráningu merkja fyrir hönd samningsaðila og þar sem hugtakið „merki" kemur fyrir í bókuninni er átt við vörumerki og þjónustumerki.

4) Í bókun þessari merkir hugtakið „landsvæði samningsaðila" landsvæði ríkisins, ef samningsaðilinn er ríki, en ef samningsaðilinn er milliríkjastofnun merkir hugtakið landsvæðið þar sem stofnsamningur þeirrar milliríkjastofnunar gildir.

3. gr.
Alþjóðleg umsókn.

1) Hver alþjóðleg umsókn samkvæmt bókun þessari skal gerð á eyðublaði því sem mælt er fyrir um í reglunum. Upprunaskrifstofan skal staðfesta að einstök atriði í alþjóðlegu umsókninni séu, við staðfestingu, í samræmi við einstök atriði er fram koma í frumumsókninni eða frumskráningunni, eftir því sem við á. Enn fremur skal framangreind skrifstofa tilgreina,

i) þegar um frumumsókn er að ræða, dagsetningu og númer þeirrar umsóknar,
ii) þegar um frumskráningu er að ræða, dagsetningu og númer þeirrar skráningar svo og dagsetningu og númer umsóknarinnar sem frumskráningin er byggð á.

Upprunaskrifstofan skal enn fremur tilgreina dagsetningu alþjóðlegu umsóknarinnar.

2) Umsækjanda ber að tilgreina vörur þær og þjónustu sem merkið, sem óskað er eftir vernd á, skal gilda fyrir og einnig, ef þess er kostur, hvaða flokki eða flokkum þessar vörur og þjónusta tilheyra samkvæmt flokkunarkerfi Nicesamningsins um alþjóðlega flokkun vöru og þjónustu vegna skráningar vörumerkja. Geri umsækjandinn það ekki skal alþjóðaskrifstofan flokka vörurnar og þjónustuna í viðeigandi flokka samkvæmt framangreindu flokkunarkerfi. Alþjóðaskrifstofan, ásamt upprunaskrifstofunni, skal hafa eftirlit með þeirri flokkun sem umsækjandi hefur tilgreint sem skal framkvæma eftirlitið í samráði við upprunaskrifstofuna. Ef misræmi er í flokkun upprunaskrifstofunnar og alþjóðaskrifstofunnar gildir álit þeirrar síðarnefndu.

3) Vilji umsækjandi að litur sé sérkennandi þáttur í merki hans skal hann

construed as a reference to the office that is in charge, on behalf of a Contracting Party, of the registration of marks, and any reference in this Protocol to "marks" shall be construed as a reference to trademarks and service marks.

(4) For the purposes of this Protocol, "territory of a Contracting Party" means, where the Contracting Party is a State, the territory of that State and, where the Contracting Party is an intergovernmental organization, the territory in which the constituting treaty of that intergovernmental organization applies.

Article 3
International Application

(1) Every international application under this Protocol shall be presented on the form prescribed by the Regulations. The Office of origin shall certify that the particulars appearing in the international application correspond to the particulars appearing, at the time of the certification, in the basic application or basic registration, as the case may be. Furthermore, the said Office shall indicate,

(i) in the case of a basic application, the date and number of that application,
(ii) in the case of a basic registration, the date and number of that registration as well as the date and number of the application from which the basic registration resulted.

The Office of origin shall also indicate the date of the international application.

(2) The applicant must indicate the goods and services in respect of which protection of the mark is claimed and also, if possible, the corresponding class or classes according to the classification established by the Nice Agreement Concerning the International Classification of Goods and Services for the Purposes of the Registration of Marks. If the applicant does not give such indication, the International Bureau shall classify the goods and services in the appropriate classes of the said classification. The indication of classes given by the applicant shall be subject to control by the International Bureau, which shall exercise the said control in association with the Office of origin. In the event of disagreement between the said Office and the International Bureau, the opinion of the latter shall prevail.

(3) If the applicant claims colour as a distinctive feature of his mark, he shall be required

i) taka það fram og jafnframt senda tilkynningu með alþjóðlegu umsókninni þar sem tilgreindur er viðkomandi litur eða litasamsetning;

ii) láta eintök af viðkomandi merki í lit fylgja alþjóðlegu umsókninni og skulu þau fest á tilkynningarnar sem alþjóðaskrifstofan sendir frá sér; skal eintakafjöldinn ákveðinn með reglunum.

4) Alþjóðaskrifstofan skal þegar í stað skrá merkin sem lögð eru inn skv. 2. gr. Alþjóðlega skráningin skal dagsett þann dag sem alþjóðlega umsóknin barst upprunaskrifstofunni, að því tilskildu að hún hafi borist alþjóðaskrifstofunni innan tveggja mánaða frá þeim degi. Hafi alþjóðlega umsóknin ekki borist innan þess tíma skal alþjóðlega skráningin dagsett þann dag sem alþjóðlega umsóknin barst alþjóðaskrifstofunni. Alþjóðaskrifstofan skal tafarlaust tilkynna viðkomandi skrifstofum um alþjóðlegu skráninguna. Merki sem skráð eru í alþjóðlegu skrána skulu birt á grundvelli einstakra atriða í alþjóðlegu umsókninni í tímariti sem alþjóðaskrifstofan gefur út.

5) Í því skyni að birta merki sem skráð eru í alþjóðlegu skrána skal alþjóðaskrifstofan láta hverri skrifstofu í té nokkur eintök af áðurnefndu tímariti án endurgjalds auk nokkurra eintaka á niðursettu verði samkvæmt skilyrðum sem þingið sem getið er í 10. gr. (hér á eftir nefnt „þingið") setur. Slík birting skal teljast fullnægjandi að því er alla samningsaðila varðar og má ekki krefja handhafa alþjóðlegrar skráningar um frekari birtingu.

(i) to state the fact, and to file with his international application a notice specifying the colour or the combination of colours claimed;

(ii) to append to his international application copies in colour of the said mark, which shall be attached to the notifications given by the International Bureau; the number of such copies shall be fixed by the Regulations.

(4) The International Bureau shall register immediately the marks filed in accordance with Article 2. The international registration shall bear the date on which the international application was received in the Office of origin, provided that the international application has been received by the International Bureau within a period of two months from that date. If the international application has not been received within that period, the international registration shall bear the date on which the said international application was received by the International Bureau. The International Bureau shall notify the international registration without delay to the Offices concerned. Marks registered in the International Register shall be published in a periodical gazette issued by the International Bureau, on the basis of the particulars contained in the international application.

(5) With a view to the publicity to be given to marks registered in the International Register, each Office shall receive from the International Bureau a number of copies of the said gazette free of charge and a number of copies at a reduced price, under the conditions fixed by the Assembly referred to in Article 10 (hereinafter referred to as "the Assembly"). Such publicity shall be deemed to be sufficient for the purposes of all the Contracting Parties, and no other publicity may be required of the holder of the international registration.

3. gr. a

Svæðisbundin áhrif.

Vernd sú sem alþjóðleg skráning veitir skal því aðeins ná til samningsaðila að sá sem leggur inn alþjóðlega umsókn eða er handhafi alþjóðlegrar skráningar fari fram á það. Þó er ekki unnt að setja fram slíka beiðni að því er samningsaðila varðar ef upprunaskrifstofan er skrifstofa hans.

Article 3bis

Territorial Effect

The protection resulting from the international registration shall extend to any Contracting Party only at the request of the person who files the international application or who is the holder of the international registration. However, no such request can be made with respect to the Contracting Party whose Office is the Office of origin.

3. gr. b

Beiðni um „stækkun verndarsvæðis".

1) Beiðni um að vernd sem leiðir af alþjóðlegri skráningu verði látin ná til hvaða samningsaðila sem er skal sérstaklega getið í alþjóðlegu umókninni.

2) Beiðni um stækkun verndarsvæðis má einnig setja fram í framhaldi af alþjóðlegri skráningu. Slík beiðni skal sett fram á eyðublaði því sem reglurnar mæla fyrir um. Alþjóðaskrifstofunni ber að skrá hverja slíka beiðni samstundis og tilkynna skráninguna til viðkomandi skrifstofu eða skrifstofa þegar í stað. Birta skal skráninguna í tímariti alþjóðaskrifstofunnar. Stækkun verndarsvæðisins öðlast gildi daginn sem hún er færð í alþjóðlegu skrána; hún fellur úr gildi þegar alþjóðlega skráningin sem hún er byggð á rennur út.

Article 3ter

Request for "Territorial Extension"

(1) Any request for extension of the protection resulting from the international registration to any Contracting Party shall be specially mentioned in the international application.

(2) A request for territorial extension may also be made subsequently to the international registration. Any such request shall be presented on the form prescribed by the Regulations. It shall be immediately recorded by the International Bureau, which shall notify such recordal without delay to the Office or Offices concerned. Such recordal shall be published in the periodical gazette of the International Bureau. Such territorial extension shall be effective from the date on which it has been recorded in the International Register; it shall cease to be valid on the expiry of the international registration to which it relates.

4. gr.

Áhrif alþjóðlegrar skráningar.

1) a) Frá dagsetningu skráningar, sem fram fer í samræmi við ákvæði 3. gr. og 3. gr. b., skal vernd sú sem merki nýtur hjá hverjum samningsaðila vera sú sama og merkið hefði notið ef það hefði verið lagt inn millilíðalaust hjá skrifstofu þess samningsaðila. Hafi alþjóðaskrifstofunni ekki verið tilkynnt um synjun skv. 1. og 2. mgr. 5. gr. eða hafi synjun, sem tilkynnt hefur verið um samkvæmt þeirri grein, verið dregin til baka síðar skal verndin sem merkið nýtur hjá viðkomandi samningsaðila frá og með framangreindri dagsetningu vera sú sama og hefði merkið verið skráð hjá skrifstofu þess samningsaðila.

b) Flokkun vara og þjónustu sem kveðið er á um í 3. gr. er ekki bindandi fyrir samningsaðilana að því er varðar ákvörðun um umfang verndar merkisins.

2) Hver alþjóðleg skráning skal njóta forgangsréttar eins og kveðið er á um í 4. gr. Parísarsamþykktarinnar um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar en þó er ekki nauðsynlegt að formsatriðum, sem tilgreind eru í D-lið þeirrar greinar, sé fullnægt.

Article 4

Effects of International Registration

(1) (a) From the date of the registration or recordal effected in accordance with the provisions of Articles 3 and 3ter, the protection of the mark in each of the Contracting Parties concerned shall be the same as if the mark had been deposited direct with the Office of that Contracting Party. If no refusal has been notified to the International Bureau in accordance with Article 5(1) and 5(2) or if a refusal notified in accordance with the said Article has been withdrawn subsequently, the protection of the mark in the Contracting Party concerned shall, as from the said date, be the same as if the mark had been registered by the Office of that Contracting Party.

(b) The indication of classes of goods and services provided for in Article 3 shall not bind the Contracting Parties with regard to the determination of the scope of the protection of the mark.

(2) Every international registration shall enjoy the right of priority provided for by Article 4 of the Paris Convention for the Protection of Industrial Property, without it being necessary to comply with the formalities prescribed in Section 4.D.

4. gr. a

Alþjóðleg skráning kemur í stað lands- eða svæðisbundinnar skráningar.

1) Þegar merki, sem skráð er lands- eða svæðisbundinni skráningu hjá skrifstofu samningsaðila, er jafnframt skráð alþjóðlegri skráningu og báðar skráningarnar eru á nafni sama aðila er litið svo á að alþjóðlega skráningin komi í stað lands- eða svæðisbundnu skráningarinnar, að óskertum réttindum sem fylgja síðarnefndu skráningunni, að því tilskildu

i) að verndin sem af alþjóðlegu skráningunni leiðir nái til framangreinds samningsaðila skv. 1. eða 2. mgr. 3. gr. b,

ii) að allar vörur og þjónusta sem tilgreindar eru í lands- eða svæðisbundinni skráningu, séu jafnframt tilgreindar í alþjóðlegu skráningunni að því er varðar framangreindan samningsaðila,

iii) að slík stækkun verndarsvæðis öðlist gildi daginn eftir lands- eða svæðisbundna skráningu.

2) Skrifstofan sem um ræðir í 1. mgr. skal, sé þess óskað, geta um alþjóðlegu skráninguna í skrá sinni.

Article 4bis

Replacement of a National or Regional Registration by an International Registration

(1) Where a mark that is the subject of a national or regional registration in the Office of a Contracting Party is also the subject of an international registration and both registrations stand in the name of the same person, the international registration is deemed to replace the national or regional registration, without prejudice to any rights acquired by virtue of the latter, provided that

(i) the protection resulting from the international registration extends to the said Contracting Party under Article 3ter(1) or 3ter(2),

(ii) all the goods and services listed in the national or regional registration are also listed in the international registration in respect of the said Contracting Party,

(iii) such extension takes effect after the date of the national or regional registration.

(2) The Office referred to in paragraph (1) shall, upon request, be required to take note in its register of the international registration.

5. gr.

Synjun og ógilding áhrifa alþjóðlegrar skráningar að því er varðar tiltekna samningsaðila.

1) Þegar gildandi lög heimila skulu skrifstofur samningsaðila, sem fengið hafa tilkynningu frá alþjóðaskrifstofunni um að frekari stækkun verndarsvæðis, skv. 1. eða 2. mgr. 3. gr. b, í framhaldi af alþjóðlegri skráningu nái til þeirra, hafa rétt til þess að lýsa því yfir í tilkynningu um synjun að ekki verði hægt að veita merki, sem fær stækkað verndarsvæði, vernd hjá framangreindum samningsaðila. Til grundvallar slíkri synjun má einungis leggja ástæður sem mundu gilda samkvæmt Parísarsamþykktinni um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, þegar um er að ræða merki sem lagt er inn millilíðalaust hjá skrifstofunni sem tilkynnir um synjunina. Þó má ekki synja um slíka vernd, jafnvel ekki að hluta til, af þeirri ástæðu einni að gildandi lög mundu einungis leyfa skráningu innan takmarkaðs fjölda flokka eða á takmörkuðum fjölda vörutegunda eða þjónustu.

2) a) Skrifstofa, sem hyggst nýta sér framangreindan rétt, skal tilkynna alþjóðaskrifstofunni um synjun sína og jafnframt tilgreina allar

Article 5

Refusal and Invalidation of Effects of International Registration in Respect of Certain Contracting Parties

(1) Where the applicable legislation so authorizes, any Office of a Contracting Party which has been notified by the International Bureau of an extension to that Contracting Party, under Article 3ter(1) or 3ter(2), of the protection resulting from the international registration shall have the right to declare in a notification of refusal that protection cannot be granted in the said Contracting Party to the mark which is the subject of such extension. Any such refusal can be based only on the grounds which would apply, under the Paris Convention for the Protection of Industrial Property, in the case of a mark deposited direct with the Office which notifies the refusal. However, protection may not be refused, even partially, by reason only that the applicable legislation would permit registration only in a limited number of classes or for a limited number of goods or services.

(2) (a) Any Office wishing to exercise such right shall notify its refusal to the International Bureau, together with a statement of all grounds,

ástæður hennar innan þess frests sem kveðið er á um í lögum sem gilda um þá skrifstofu og eigi síðar en innan árs frá þeim degi að alþjóðaskrifstofan sendi skrifstofunni tilkynninguna um stækkun verndarsvæðis sem um getur í 1. mgr., sbr. þó b- og c-liði.

b) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar getur samningsaðili lýst því yfir að í stað eins árs frests eins og getið er í a-lið komi 18 mánaða frestur um alþjóðlegar skráningar sem gerðar eru samkvæmt bókun þessari.

c) Í yfirlýsingunni má einnig tilgreina að þegar synjun um vernd kann að stafa af andmælum gegn því að verndin sé veitt sé skrifstofu viðkomandi samningsaðila heimilt að tilkynna alþjóðaskrifstofunni um synjun eftir að 18 mánaða fresturinn er liðinn. Skrifstofa getur tilkynnt um synjun verndar á hvaða alþjóðlegri skráningu sem vera skal eftir að 18 mánaða fresturinn er runninn út, en aðeins ef

i) hún hefur tilkynnt alþjóðaskrifstofunni áður en 18 mánaða fresturinn rann út að hugsast gæti að andmæli yrðu lögð fram eftir að hann rennur út, og

ii) tilkynnt er um synjun sem er byggð á andmælum eigi síðar en innan sjö mánaða frá þeim degi er andmælafrestur hefst. Renni andmælafrestur út áður en sjö mánaða fresturinn er liðinn skal tilkynna um synjunina innan eins mánaðar frá því að andmælafrestur rennur út.

d) Yfirlýsingu skv. b- og c-liðum má setja fram í skjölum þeim sem um getur í 2. mgr. 14. gr. og skal dagurinn sem yfirlýsingin kemur til framkvæmda vera hinn sami og gildistökudagur bókunar þessarar að því er varðar ríkið eða milliríkjastofnunina sem gefur hana út. Slíka yfirlýsingu má einnig gefa út síðar en þá öðlast hún gildi þremur mánuðum eftir að hún berst aðalframkvæmdastjóra stofnunarinnar (hér á eftir nefndur „aðalframkvæmdastjórinn“) eða hvenær sem er eftir það á degi sem tilgreindur er í yfirlýsingunni að því er varðar alþjóðlega skráningu sem dagsett er með gildistökudegi yfirlýsingarinnar eða síðar.

e) Að tíu árum liðnum frá gildistöku bókunar þessarar skal þingið kanna framkvæmd

within the period prescribed by the law applicable to that Office and at the latest, subject to subparagraphs (b) and (c), before the expiry of one year from the date on which the notification of the extension referred to in paragraph (1) has been sent to that Office by the International Bureau.

(b) Notwithstanding subparagraph (a), any Contracting Party may declare that, for international registrations made under this Protocol, the time limit of one year referred to in subparagraph (a) is replaced by 18 months.

(c) Such declaration may also specify that, when a refusal of protection may result from an opposition to the granting of protection, such refusal may be notified by the Office of the said Contracting Party to the International Bureau after the expiry of the 18-month time limit. Such an Office may, with respect to any given international registration, notify a refusal of protection after the expiry of the 18-month time limit, but only if

(i) it has, before the expiry of the 18-month time limit, informed the International Bureau of the possibility that oppositions may be filed after the expiry of the 18-month time limit, and

(ii) the notification of the refusal based on an opposition is made within a time limit of not more than seven months from the date on which the opposition period begins; if the opposition period expires before this time limit of seven months, the notification must be made within a time limit of one month from the expiry of the opposition period.

(d) Any declaration under subparagraphs (b) or (c) may be made in the instruments referred to in Article 14(2), and the effective date of the declaration shall be the same as the date of entry into force of this Protocol with respect to the State or intergovernmental organization having made the declaration. Any such declaration may also be made later, in which case the declaration shall have effect three months after its receipt by the Director General of the Organization (hereinafter referred to as "the Director General"), or at any later date indicated in the declaration, in respect of any international registration whose date is the same as or is later than the effective date of the declaration.

(e) Upon the expiry of a period of ten years from the entry into force of this Protocol, the

kerfis þess sem komið er á fót skv. a- til d-liðum. Síðan má breyta ákvæðum framangreindra liða með samhljóða ákvörðun þingsins.

3) Alþjóðaskrifstofan skal án tafar senda eitt af eintökum tilkynningarinnar um synjun til handhafa alþjóðlegu skráningarinnar. Hann skal eiga kost á sömu réttarúrræðum og hefði hann lagt merkið inn millilíðalaust hjá skrifstofunni sem tilkynnti um synjunina. Hafi alþjóðaskrifstofunni borist upplýsingarnar skv. i-lið c-liðar 2. mgr. skal hún tafarlaust senda þær áfram til handhafa alþjóðlegu skráningarinnar.

4) Alþjóðaskrifstofan skal láta hverjum aðila sem kann að óska þess í té upplýsingar um ástæður þess að merki var hafnað.

5) Skrifstofa sem hefur ekki tilkynnt alþjóðaskrifstofunni, að því er varðar tiltekna alþjóðlega skráningu, um synjun þessarar tilteknu alþjóðlegu skráningar, endanlega eða til bráðabirgða í samræmi við 1. og 2. mgr. skal missa, að því er varðar þá skráningu, hagræði af þeim rétti sem kveðið er á um í 1. mgr.

6) Til þess bærum yfirvöldum samningsaðila er óheimilt að lýsa alþjóðlega skráningu ógilda á landsvæði þess samningsaðila, nema handhafa slíkrar alþjóðlegrar skráningar hafi, með nægum fyrirvara, verið gefinn kostur á að verja réttindi sín. Ógilding skal tilkynnt til alþjóðaskrifstofunnar.

Assembly shall examine the operation of the system established by subparagraphs (a) to (d). Thereafter, the provisions of the said subparagraphs may be modified by a unanimous decision of the Assembly.

(3) The International Bureau shall, without delay, transmit one of the copies of the notification of refusal to the holder of the international registration. The said holder shall have the same remedies as if the mark had been deposited by him direct with the Office which has notified its refusal. Where the International Bureau has received information under paragraph (2)(c)(i), it shall, without delay, transmit the said information to the holder of the international registration.

(4) The grounds for refusing a mark shall be communicated by the International Bureau to any interested party who may so request.

(5) Any Office which has not notified, with respect to a given international registration, any provisional or final refusal to the International Bureau in accordance with paragraphs (1) and (2) shall, with respect to that international registration, lose the benefit of the right provided for in paragraph (1).

(6) Invalidation, by the competent authorities of a Contracting Party, of the effects, in the territory of that Contracting Party, of an international registration may not be pronounced without the holder of such international registration having, in good time, been afforded the opportunity of defending his rights. Invalidation shall be notified to the International Bureau.

5. gr. a

Skjalfest sönnun á lögmæti notkunar tiltekinna þátta merkisins.

Krefjist skrifstofur samningsaðila skjalfestrar sönnunar á lögmæti notkunar tiltekinna þátta er mynda hluta af merki, svo sem skjaldarmerkja, merkisskjalda, mannamynda, heiðurstitla eða annarra titla, viðskiptaheita, mannanafna annarra en nafns umsækjanda, eða annarra svipaðra áletrana, skulu slíkar staðfestingar vera undanþegnar löggildingu og vottun annarri en þeirri sem upprunaskrifstofa veitir.

Article 5bis

Documentary Evidence of Legitimacy of Use of Certain Elements of the Mark

Documentary evidence of the legitimacy of the use of certain elements incorporated in a mark, such as armorial bearings, escutcheons, portraits, honorary distinctions, titles, trade names, names of persons other than the name of the applicant, or other like inscriptions, which might be required by the Offices of the Contracting Parties shall be exempt from any legalization as well as from any certification other than that of the Office of origin.

5. gr. b
Afrit af færslum í alþjóðlegu skrána; rannsóknir á eldri merkjum; útdráttur úr alþjóðlegu skránni.

1) Alþjóðaskrifstofan skal láta hverjum sem þess óskar í té afrit af færslum tiltekins merkis í alþjóðlegu skrána gegn gjaldi sem kveðið er á um í reglunum.

2) Alþjóðaskrifstofunni er einnig heimilt að annast, gegn gjaldi, rannsókn á eldri merkjum sem skráð hafa verið alþjóðlegri skráningu.

3) Útdrættir úr alþjóðlegu skránni sem óskað er eftir vegna fyrirhugaðrar framleiðslu hjá einhverjum samningsaðilanum eru undanþegnir hvers konar löggildingu.

Article 5ter
Copies of Entries in International Register; Searches for Anticipations; Extracts from International Register

(1) The International Bureau shall issue to any person applying therefor, upon the payment of a fee fixed by the Regulations, a copy of the entries in the International Register concerning a specific mark.
(2) The International Bureau may also, upon payment, undertake searches for anticipations among marks that are the subject of international registrations.
(3) Extracts from the International Register requested with a view to their production in one of the Contracting Parties shall be exempt from any legalization.

6. gr.
Gildistími alþjóðlegrar skráningar; sjálfstæði alþjóðlegra skráninga.

1) Merki eru skráð hjá alþjóðaskrifstofunni til tíu ára og að þeim tíma liðnum er endurnýjun möguleg samkvæmt skilyrðum þeim sem tilgreind eru í 7. gr.
2) Að fimm árum liðnum frá dagsetningu alþjóðlegu skráningarinnar verður skráningin óháð bæði frumumsókninni eða skráningunni sem leiddi af henni eða af frumskráningunni, eftir atvikum, sbr. þó eftirfarandi ákvæði.

3) Ekki er hægt að skírskota til verndar sem leiðir af alþjóðlegri skráningu, hvort sem hún hefur verið flutt eða ekki, ef frumumsóknin eða skráning sem er byggð á henni, eða frumskráningin, eftir því sem við á, hefur verið dregin til baka, hefur verið lögð af, fallið hefur verið frá henni eða henni verið hafnað með endanlegum úrskurði, hún afturkölluð, felld niður eða ógilt, að því er varðar allar eða sumar tegundir vöru og þjónustu, sem tilgreindar eru í alþjóðlegu skráningunni, áður en fimm ár eru liðin frá dagsetningu alþjóðlegu skráningarinnar. Hið sama gildir ef

i) áfrýjun ákvörðunar, þar sem áhrifum af frumumsókn var hafnað,
ii) gerð, þar sem farið er fram á að frumumsókn verði dregin til baka eða að skráning sem er byggð á frumumsókn eða frumskráningu verði afturkölluð, felld niður eða ógilt, eða
iii) andmæli við frumumsóknina

Article 6
Period of Validity of International Registration; Dependence and Independence of International Registration

(1) Registration of a mark at the International Bureau is effected for ten years, with the possibility of renewal under the conditions specified in Article 7.
(2) Upon expiry of a period of five years from the date of the international registration, such registration shall become independent of the basic application or the registration resulting therefrom, or of the basic registration, as the case may be, subject to the following provisions.
(3) The protection resulting from the international registration, whether or not it has been the subject of a transfer, may no longer be invoked if, before the expiry of five years from the date of the international registration, the basic application or the registration resulting therefrom, or the basic registration, as the case may be, has been withdrawn, has lapsed, has been renounced or has been the subject of a final decision of rejection, revocation, cancellation or invalidation, in respect of all or some of the goods and services listed in the international registration. The same applies if

(i) an appeal against a decision refusing the effects of the basic application,
(ii) an action requesting the withdrawal of the basic application or the revocation, cancellation or invalidation of the registration resulting from the basic application or of the basic registration, or
(iii) an opposition to the basic application

hafa, að fimm ára tímabilinu liðnu, í för með sér að tekin er endanleg ákvörðun um höfnun, afturköllun, niðurfellingu eða ógildingu eða að þess er krafist að frumumsóknin eða skráning byggð á henni, eða frumskráningin, eftir því sem við á, verði afturkölluð, að því tilskildu að ferli áfrýjunar, gerðar eða andmæla hafi verið hafið áður en framangreindur frestur rann út. Hið sama gildir einnig ef frumumsóknin er dregin til baka eða ef skráningu sem er byggð á frumumsókninni eða frumskráningu er hafnað eftir að fimm ára fresturinn er útrunninn, að því þó tilskildu að á þeim tíma sem umsóknin eða skráningin var afturkölluð eða henni var hafnað hafi staðið yfir málsmeðferð um áðurnefnda umsókn eða skráningu, eins og um getur í i-, ii- eða iii-lið, og að slík málsmeðferð hafi hafist áður en framangreindur frestur rann út.

4) Eins og kveðið er á um í reglunum skal upprunaskrifstofan tilkynna alþjóðaskrifstofunni um staðreyndir og ákvarðanir er máli skipta skv. 3. mgr. og ber alþjóðaskrifstofunni að tilkynna þeim aðilum er hagsmuna eiga að gæta um þau atriði, eins og mælt er fyrir um í reglunum, og í framhaldi af því sjá um birtingu þeirra. Upprunaskrifstofan skal, eftir því sem við á, fara þess á leit við alþjóðaskrifstofuna að hún felli niður alþjóðlegu skráninguna, að því marki sem unnt er, og ber alþjóðaskrifstofunni að framfylgja því.

results, after the expiry of the five-year period, in a final decision of rejection, revocation, cancellation or invalidation, or ordering the withdrawal, of the basic application, or the registration resulting therefrom, or the basic registration, as the case may be, provided that such appeal, action or opposition had begun before the expiry of the said period. The same also applies if the basic application is withdrawn, or the registration resulting from the basic application or the basic registration is renounced, after the expiry of the five-year period, provided that, at the time of the withdrawal or renunciation, the said application or registration was the subject of a proceeding referred to in item (i), (ii) or (iii) and that such proceeding had begun before the expiry of the said period.

(4) The Office of origin shall, as prescribed in the Regulations, notify the International Bureau of the facts and decisions relevant under paragraph (3), and the International Bureau shall, as prescribed in the Regulations, notify the interested parties and effect any publication accordingly. The Office of origin shall, where applicable, request the International Bureau to cancel, to the extent applicable, the international registration, and the International Bureau shall proceed accordingly.

7. gr.

Endurnýjun alþjóðlegrar skráningar.

1) Alþjóðlega skráningu má endurnýja til tíu ára frá lokum fyrra tímabils með því einu að greiða grunngjald, sbr. þó 7. mgr. 8. gr., auk viðbótargjalds og aukagjalds þess sem kveðið er á um í 2. mgr. 8. gr.

2) Endurnýjun má ekki hafa í för með sér neinar breytingar á alþjóðlegu skráningunni eins og hún var í lokagerð sinni.

3) Sex mánuðum áður en verndartímabili lýkur skal alþjóðaskrifstofan senda handhafa alþjóðlegu skráningarinnar og fulltrúa hans, ef einhver er, óopinbera tilkynningu til að minna á hvaða dag skráningin fellur úr gildi.

4) Gegn greiðslu aukagjalds, sem tilgreint er í reglunum, er veittur sex mánaða frestur til að endurnýja alþjóðlegu skráninguna.

Article 7

Renewal of International Registration

(1) Any international registration may be renewed for a period of ten years from the expiry of the preceding period, by the mere payment of the basic fee and, subject to Article 8(7), of the supplementary and complementary fees provided for in Article 8(2).

(2) Renewal may not bring about any change in the international registration in its latest form.

(3) Six months before the expiry of the term of protection, the International Bureau shall, by sending an unofficial notice, remind the holder of the international registration and his representative, if any, of the exact date of expiry.

(4) Subject to the payment of a surcharge fixed by the Regulations, a period of grace of six months shall be allowed for renewal of the international registration.

8. gr.

Gjöld fyrir alþjóðlega umsókn og skráningu.

1) Upprunaskrifstofunni er heimilt að leggja á að eigin vild, og innheimta til eigin nota, gjald sem umsækjendur eða handhafar alþjóðlegrar skráningar skulu greiða þegar alþjóðleg umsókn er lögð inn eða alþjóðleg skráning er endurnýjuð.

2) Skráning merkis hjá alþjóðaskrifsstofunni er háð fyrirframgreiðslu alþjóðlegs gjalds sem skal samanstanda af, sbr. þó a-lið 7. mgr.:

i) grunngjaldi;
ii) viðbótargjaldi fyrir hvern flokk alþjóðlega flokkunarkerfisins umfram þrjá sem varan eða þjónustan sem merkið á við um fellur undir;
iii) aukagjald fyrir hverja beiðni um stækkun verndarsvæðis skv. 3. gr. b.

3) Viðbótargjaldið sem tilgreint er í ii-lið 2. mgr. má þó, með fyrirvara um dagsetningu alþjóðlegu skráningarinnar, greiða innan þeirra tímamarka sem sett eru í reglunum, hafi alþjóðaskrifstofan staðfest eða véfengt fjölda vöru- og þjónustuflokka. Hafi umsækjandi ekki greitt viðbótargjaldið að þessum fresti liðnum eða takmarkað skrána yfir vörur eða þjónustu eins og til var ætlast skal litið svo á að hætt hafi verið við alþjóðlegu umsóknina.

4) Alþjóðaskrifstofan skal skipta jafnt á milli samningsaðila árlegum tekjum af alþjóðlegum skráningum, að frátöldum tekjum sem fást með gjöldum sem um getur í ii- og iii-lið 2. mgr., að frádregnum kostnaði og gjöldum við framkvæmd bókunar þessarar.

5) Fjárhæðum viðbótargjalda, sem kveðið er á um í ii-lið 2. mgr., skal við lok hvers árs skipt á milli þeirra samningsaðila sem eiga hagsmuna að gæta, í hlutfalli við fjölda merkja sem sótt hefur verið um vernd fyrir hjá hverjum þeirra á því ári, en þegar um er að ræða samningsaðila sem sjá um athuganir er sú tala margfölduð með stuðli sem skal ákveðinn í reglunum.

6) Fjárhæðum, sem fást með aukagjöldum skv. iii-lið 2. mgr., skal skipt í samræmi við sömu reglur og kveðið er á um í 5. mgr.

Article 8

Fees for International Application and Registration

(1) The Office of origin may fix, at its own discretion, and collect, for its own benefit, a fee which it may require from the applicant for international registration or from the holder of the international registration in connection with the filing of the international application or the renewal of the international registration.

(2) Registration of a mark at the International Bureau shall be subject to the advance payment of an international fee which shall, subject to the provisions of paragraph (7)(a), include,

(i) a basic fee;
(ii) a supplementary fee for each class of the International Classification, beyond three, into which the goods or services to which the mark is applied will fall;
(iii) a complementary fee for any request for extension of protection under Article 3ter.

(3) However, the supplementary fee specified in paragraph (2)(ii) may, without prejudice to the date of the international registration, be paid within the period fixed by the Regulations if the number of classes of goods or services has been fixed or disputed by the International Bureau. If, upon expiry of the said period, the supplementary fee has not been paid or the list of goods or services has not been reduced to the required extent by the applicant, the international application shall be deemed to have been abandoned.

(4) The annual product of the various receipts from international registration, with the exception of the receipts derived from the fees mentioned in paragraph (2)(ii) and (2)(iii), shall be divided equally among the Contracting Parties by the International Bureau, after deduction of the expenses and charges necessitated by the implementation of this Protocol.

(5) The amounts derived from the supplementary fees provided for in paragraph (2)(ii) shall be divided, at the expiry of each year, among the interested Contracting Parties in proportion to the number of marks for which protection has been applied for in each of them during that year, this number being multiplied, in the case of Contracting Parties which make an examination, by a coefficient which shall be determined by the Regulations.

(6) The amounts derived from the complementary fees provided for in paragraph (2)(iii) shall be divided according to the same rules as those provided for in paragraph (5).

7) a) Samningsaðili getur lýst því yfir, í tengslum við hverja alþjóðlega skráningu þar sem hann er nefndur skv. 3. gr. b, og í tengslum við endurnýjun alþjóðlegar skráningar að í stað hlutdeildar í fjárhæð viðbótar- og aukagjalda vilji hann fremur fá gjald (hér á eftir nefnt „sérgjald“) og skal fjárhæð þess tiltekin í yfirlýsingunni sem má breyta í síðari yfirlýsingum en þó má hún ekki vera hærri en jafnvirði fjárhæðar þeirrar sem skrifstofa viðkomandi samningsaðila ætti rétt á frá umsækjanda um skráningu til tíu ára eða frá handhafa skráningar fyrir endurnýjun hennar til tíu ára vegna merkis á skrá þeirrar skrifstofu en sú fjárhæð lækkar sem nemur því sem sparast með alþjóðlegu málsmeðferðinni. Þegar krafist er sérgjalds

i) skulu viðbótargjöld, sem getið er í ii-lið 2. mgr., eingöngu greidd ef einungis þeir samningsaðilar sem gefið hafa út yfirlýsingu samkvæmt þessum lið eru nefndir skv. 3. gr. b, og
ii) skulu engin aukagjöld, sem getið er í iii-lið 2. mgr., greidd að því er varðar sérhvern samningsaðila sem gefið hefur út yfirlýsingu samkvæmt þessum lið.

b) Yfirlýsingu skv. a-lið má setja fram í skjölum sem getið er í 2. mgr. 14. gr. og skal gildistökudagur yfirlýsingarinnar vera sá sami og gildistökudagur bókunar þessarar að því er varðar ríki eða milliríkjastofnun sem gaf yfirlýsinguna út. Slíka yfirlýsingu má einnig gefa út síðar og í því tilviki öðlast yfirlýsingin gildi þremur mánuðum eftir að hún berst aðalframkvæmdastjóranum; eða síðar á degi sem tilgreindur er í yfirlýsingunni að því er varðar sérhverja alþjóðlega skráningu sem dagsett er sama dag eða eftir að yfirlýsingin kemur til framkvæmda.

(7) (a) Any Contracting Party may declare that, in connection with each international registration in which it is mentioned under Article 3ter, and in connection with the renewal of any such international registration, it wants to receive, instead of a share in the revenue produced by the supplementary and complementary fees, a fee (hereinafter referred to as "the individual fee") whose amount shall be indicated in the declaration, and can be changed in further declarations, but may not be higher than the equivalent of the amount which the said Contracting Party's Office would be entitled to receive from an applicant for a ten-year registration, or from the holder of a registration for a ten-year renewal of that registration, of the mark in the register of the said Office, the said amount being diminished by the savings resulting from the international procedure. Where such an individual fee is payable,

(i) no supplementary fees referred to in paragraph (2)(ii) shall be payable if only Contracting Parties which have made a declaration under this subparagraph are mentioned under Article 3ter, and
(ii) no complementary fee referred to in paragraph (2)(iii) shall be payable in respect of any Contracting Party which has made a declaration under this subparagraph.

(b) Any declaration under subparagraph (a) may be made in the instruments referred to in Article 14(2), and the effective date of the declaration shall be the same as the date of entry into force of this Protocol with respect to the State or intergovernmental organization having made the declaration. Any such declaration may also be made later, in which case the declaration shall have effect three months after its receipt by the Director General, or at any later date indicated in the declaration, in respect of any international registration whose date is the same as or is later than the effective date of the declaration.

9. gr.
Skráning eigendaskipta á alþjóðlegri skráningu.

Að beiðni einstaklings sem skráður er alþjóðlegri skráningu, eða að beiðni skrifstofu sem á hagsmuna að gæta, sem sett er fram í krafti embættisins eða að beiðni einstaklings sem á hagsmuna að gæta, skal alþjóðaskrifstofan skrá í alþjóðlegu skrána hvers konar breytingar á eignaraðild að þeirri skráningu, að því er varðar alla

Article 9
Recordal of Change in the Ownership of an International Registration

At the request of the person in whose name the international registration stands, or at the request of an interested Office made ex officio or at the request of an interested person, the International Bureau shall record in the International Register any change in the ownership of that registration, in respect of all or some of

eða suma samningsaðilana ef framangreind skráning er í gildi á landsvæðum þeirra og að því er varðar allar eða sumar tegundir vöru og þjónustu sem taldar eru upp í skráningunni, með þeim fyrirvara að nýi handhafinn geti skv. 1. mgr. 2. gr. lagt inn alþjóðlegar umsóknir.

9. gr. a

Skráning tilteknina atriða er varða alþjóðlega skráningu.

Alþjóðaskrifstofan skal færa eftirfarandi inn í alþjóðlegu skrána:

i) breytingar á nafni eða heimilisfangi handhafa alþjóðlegrar skráningar,

ii) tilnefningu fulltrúa handhafa alþjóðlegrar skráningar og öll önnur atriði sem máli skipta varðandi fulltrúann,

iii) hvers konar takmarkanir að því er varðar alla eða suma samningsaðilana á vörum og þjónustu sem tilgreindar eru í alþjóðlegu skráningunni,

iv) ef fallið hefur verið frá alþjóðlegri skráningu, hún felld niður eða ógilt að því er varðar alla eða suma samningsaðilana,

v) önnur atriði sem máli skipta og nefnd eru í reglunum er lúta að réttindum merkis sem skráð er alþjóðlegri skráningu.

9. gr. b

Gjöld fyrir tilteknar skráningar.

Heimilt er að taka gjöld fyrir allar skráningar skv. 9. gr. eða 9. gr. a.

9. gr. c

Sameiginleg skrifstofa tveggja eða fleiri samningsríkja.

1) Komi tvö eða fleiri samningsríki sér saman um að samræma landslög sín um merki er þeim heimilt að tilkynna aðalframkvæmdastjóranum

i) að sameiginleg skrifstofa muni koma í stað landskrifstofa í hverju þeirra, og

ii) að heildarlandsvæði þeirra skuli teljast eitt ríki að því er varðar beitingu allra eða sumra ákvæðanna hér að framan sem og ákvæða 9. gr. d og e.

the Contracting Parties in whose territories the said registration has effect and in respect of all or some of the goods and services listed in the registration, provided that the new holder is a person who, under Article 2(1), is entitled to file international applications.

Article 9bis

Recordal of Certain Matters Concerning an International Registration

The International Bureau shall record in the International Register

(i) any change in the name or address of the holder of the international registration,

(ii) the appointment of a representative of the holder of the international registration and any other relevant fact concerning such representative,

(iii) any limitation, in respect of all or some of the Contracting Parties, of the goods and services listed in the international registration,

(iv) any renunciation, cancellation or invalidation of the international registration in respect of all or some of the Contracting Parties,

(v) any other relevant fact, identified in the Regulations, concerning the rights in a mark that is the subject of an international registration.

Article 9ter

Fees for Certain Recordals

Any recordal under Article 9 or under Article 9bis may be subject to the payment of a fee.

Article 9quater

Common Office of Several Contracting States

(1) If several Contracting States agree to effect the unification of their domestic legislations on marks, they may notify the Director General

(i) that a common Office shall be substituted for the national Office of each of them, and

(ii) that the whole of their respective territories shall be deemed to be a single State for the purposes of the application of all or part of the provisions preceding this Article as well as the provisions of Articles 9quinquies and 9sexies.

2) Slík tilkynning skal ekki öðlast gildi fyrr en þrír mánuðir eru liðnir frá því að aðalframkvæmdastjórinn tilkynnti hinum samningsaðilunum um hana.

9. gr. d
Alþjóðlegri skráningu breytt í lands- eða svæðisbundna skráningu.

Þegar alþjóðleg skráning er felld niður að beiðni upprunaskrifstofu skv. 4. mgr. 6. gr. að því er varðar sumar eða allar tegundir vöru og þjónustu sem fram koma í áðurnefndri skráningu og sá sem var handhafi alþjóðlegu skráningarinnar leggur inn umsókn um að sama merkið verði skráð á skrifstofu einhvers samningsaðilans á landsvæði þar sem alþjóðlega skráningin gilti skal farið með þá umsókn eins og hún hefði verið lögð inn sama dag og alþjóðlega skráningin skv. 4. mgr. 3. gr., eða á sama degi og stækkun verndarsvæðis var skráð skv. 2. mgr. 3. gr. b, og hafi alþjóðlega skráningin notið forgangsréttar skal nýja skráningin njóta sama forgangs, að því tilskildu

i) að umsóknin sé lögð inn innan þriggja mánaða frá þeim degi er alþjóðlega skráningin var felld niður,
ii) að þær vörur og þjónusta sem tilgreindar eru í umsókninni séu í reynd á skrá yfir vörur og þjónustu sem tilgreindar eru í alþjóðlegu skráningunni að því er varðar hlutaðeigandi samningsaðila, og
iii) að slík umsókn standist allar kröfur gildandi laga, þar á meðal kröfur um gjöld.

9. gr. e
Öryggisákvæði Stokkhólmsgerðar Madrídarsamningsins.

1) Þegar um er að ræða tiltekna alþjóðlega umsókn eða tiltekna alþjóðlega skráningu og upprunaskrifstofan er skrifstofa ríkis sem er bæði aðili að bókun þessari og Stokkhólmsgerð Madrídarsamningsins gilda ákvæði bókunar þessarar ekki á landsvæði annars ríkis sem einnig er bæði aðili að bókun þessari og Stokkhólmsgerð Madrídarsamningsins.

2) Þingið getur með þremur fjórðu hlutum atkvæða fellt úr gildi 1. mgr. eða takmarkað gildissvið 1. mgr. þegar liðin eru tíu ár frá gildistöku bókunar þessarar en þó ekki fyrr en liðin

(2) Such notification shall not take effect until three months after the date of the communication thereof by the Director General to the other Contracting Parties.

Article 9quinquies
Transformation of an International Registration into National or Regional Applications

Where, in the event that the international registration is cancelled at the request of the Office of origin under Article 6(4), in respect of all or some of the goods and services listed in the said registration, the person who was the holder of the international registration files an application for the registration of the same mark with the Office of any of the Contracting Parties in the territory of which the international registration had effect, that application shall be treated as if it had been filed on the date of the international registration according to Article 3(4) or on the date of recordal of the territorial extension according to Article 3ter(2) and, if the international registration enjoyed priority, shall enjoy the same priority, provided that

(i) such application is filed within three months from the date on which the international registration was cancelled,
(ii) the goods and services listed in the application are in fact covered by the list of goods and services contained in the international registration in respect of the Contracting Party concerned, and
(iii) such application complies with all the requirements of the applicable law, including the requirements concerning fees.

Article 9sexies
Safeguard of the Madrid (Stockholm) Agreement

(1) Where, with regard to a given international application or a given international registration, the Office of origin is the Office of a State that is party to both this Protocol and the Madrid (Stockholm) Agreement, the provisions of this Protocol shall have no effect in the territory of any other State that is also party to both this Protocol and the Madrid (Stockholm) Agreement.

(2) The Assembly may, by a three-fourths majority, repeal paragraph (1), or restrict the scope of paragraph (1), after the expiry of a period of ten years from the entry into force of this

eru fimm ár frá þeim degi er meirihluti aðildarlanda Stokkhólmsgerðar Madrídarsamningsins hefur gerst aðili að bókun þessari. Við atkvæðagreiðslu í þinginu hafa einungis þau ríki sem eru aðilar bæði að framangreindum samningi og bókun þessari rétt til að greiða atkvæði.

10. gr.
Þingið.

1) a) Samningsaðilar skulu vera aðilar að sama þingi og löndin sem eiga aðild að Stokkhólmsgerð Madrídarsamningsins.

b) Hver samningsaðili skal eiga einn fulltrúa á þinginu og honum til fulltingis mega vera varafulltrúar, ráðgjafar og sérfræðingar.

c) Útgjöld hverrar sendinefndar skulu greidd af samningsaðilanum sem tilnefndi hana að öðru leyti en því að ferða- og uppihaldskostnaður eins fulltrúa frá hverjum samningsaðila skal greiddur úr sjóðum sambandsins.

2) Auk þeirra starfa sem þingið gegnir samkvæmt Stokkhólmsgerð Madrídarsamningsins ber því

i) að fjalla um öll mál er varða framkvæmd þessarar bókunar;

ii) að beina fyrirmælum til alþjóðaskrifstofunnar um undirbúning ráðstefna um endurskoðun bókunar þessarar, að teknu tilhlýðilegu tilliti til athugasemda frá þeim löndum sambandsins sem ekki eru aðilar að bókun þessari;

iii) að samþykkja og gera breytingar á ákvæðum reglnanna um framkvæmd bókunar þessarar;

iv) að annast önnur störf eftir því sem við á samkvæmt bókun þessari.

3) a) Hver samningsaðili skal ráða einu atkvæði á þinginu. Um málefni sem varða einungis lönd, sem eru aðilar að Stokkhólmsgerð Madrídarsamningsins, skulu samningsaðilar, sem ekki eru aðilar að viðkomandi samningi, ekki hafa atkvæðisrétt en í málum er varða eingöngu samningsaðila skulu einungis þeir sjálfir hafa atkvæðisrétt.

b) Til þess að þing teljist ákvörðunarbært í tilteknu máli þarf helmingur fulltrúa á þinginu, sem hafa atkvæðisrétt í málinu, að vera viðstaddur atkvæðagreiðslu.

Protocol, but not before the expiry of a period of five years from the date on which the majority of the countries party to the Madrid (Stockholm) Agreement have become party to this Protocol. In the vote of the Assembly, only those States which are party to both the said Agreement and this Protocol shall have the right to participate.

Article 10
Assembly

(1) (a) The Contracting Parties shall be members of the same Assembly as the countries party to the Madrid (Stockholm) Agreement.

(b) Each Contracting Party shall be represented in that Assembly by one delegate, who may be assisted by alternate delegates, advisors, and experts.

(c) The expenses of each delegation shall be borne by the Contracting Party which has appointed it, except for the travel expenses and the subsistence allowance of one delegate for each Contracting Party, which shall be paid from the funds of the Union.

(2) The Assembly shall, in addition to the functions which it has under the Madrid (Stockholm) Agreement, also

(i) deal with all matters concerning the implementation of this Protocol;

(ii) give directions to the International Bureau concerning the preparation for conferences of revision of this Protocol, due account being taken of any comments made by those countries of the Union which are not party to this Protocol;

(iii) adopt and modify the provisions of the Regulations concerning the implementation of this Protocol;

(iv) perform such other functions as are appropriate under this Protocol.

(3) (a) Each Contracting Party shall have one vote in the Assembly. On matters concerning only countries that are party to the Madrid (Stockholm) Agreement, Contracting Parties that are not party to the said Agreement shall not have the right to vote, whereas, on matters concerning only Contracting Parties, only the latter shall have the right to vote.

(b) One-half of the members of the Assembly which have the right to vote on a given matter shall constitute the quorum for the purposes of the vote on that matter.

c) Þrátt fyrir ákvæði b-liðar getur þingið tekið ákvarðanir ef fjöldi fulltrúa, sem viðstaddir eru og atkvæðisrétt hafa um tiltekið mál á þingfundi, er minni en helmingur en er þó þriðjungur eða meira af þeim sem atkvæðisrétt hafa í því máli en, að frátöldum ákvörðunum um eigin fundarsköp, koma allar slíkar ákvarðanir því aðeins til framkvæmda að eftirtalin skilyrði séu uppfyllt: Alþjóðaskrifstofan skal tilkynna viðkomandi ákvarðanir þeim sem eiga aðild að þinginu og atkvæðisrétt hafa um málefnið en áttu ekki fulltrúa á fundinum og bjóða þeim að senda bréflega atkvæði sín eða tilkynningar um hjásetu innan þriggja mánaða frá dagsetningu tilkynningarinnar. Ef þeir sem þannig hafa greitt atkvæði eða tilkynnt um hjásetu eru við lok framangreinds tímabils orðnir jafnmargir þeim aðilum sem vantaði upp á til þess að þingfundurinn sjálfur teldist ákvörðunarbær skulu slíkar ákvarðanir koma til framkvæmda, að því tilskildu að á sama tíma sé tilskilinn meirihluti enn fyrir hendi.

d) Til þess að ákvarðanir þingsins séu gildar þarf tvo þriðju greiddra atkvæða, sbr. þó e-lið 2. mgr. 5. gr., 2. mgr. 9. gr. e, 12. gr. og 2. mgr. 13. gr.

e) Hjáseta við atkvæðagreiðslu telst ekki til greiddra atkvæða.

f) Þingfulltrúi getur einungis komið fram og greitt atkvæði í nafni eins aðila að þinginu.

4) Auk þess sem þingið kemur saman til reglulegs þinghalds og aukafunda eins og kveðið er á um í Stokkhólmsgerð Madrídarsamningsins skal það koma saman til aukafundar að boði aðalframkvæmdastjórans ef fjórðungur aðila að þinginu, sem atkvæðisrétt hafa í málum sem lagt er til að verði á dagskrá fundarins, fer fram á það. Aðalframkvæmdastjórinn setur saman dagskrá slíkra aukafunda.

11. gr.
Alþjóðaskrifstofan.

1) Alþjóðaskrifstofan skal sjá um alþjóðlegar skráningar og skyld verkefni, auk þess sem hún annast önnur stjórnsýslustörf sem heyra undir eða snerta bókun þessa.

2) a) Í samræmi við fyrirmæli þingsins skal alþjóðaskrifstofan undirbúa ráðstefnur til endurskoðunar bókunar þessarar.

(c) Notwithstanding the provisions of subparagraph (b), if, in any session, the number of the members of the Assembly having the right to vote on a given matter which are represented is less than one-half but equal to or more than one-third of the members of the Assembly having the right to vote on that matter, the Assembly may make decisions but, with the exception of decisions concerning its own procedure, all such decisions shall take effect only if the conditions set forth hereinafter are fulfilled. The International Bureau shall communicate the said decisions to the members of the Assembly having the right to vote on the said matter which were not represented and shall invite them to express in writing their vote or abstention within a period of three months from the date of the communication. If, at the expiry of this period, the number of such members having thus expressed their vote or abstention attains the number of the members which was lacking for attaining the quorum in the session itself, such decisions shall take effect provided that at the same time the required majority still obtains.

(d) Subject to the provisions of Articles 5(2)(e), 9sexies(2), 12 and 13(2), the decisions of the Assembly shall require two-thirds of the votes cast.

(e) Abstentions shall not be considered as votes.

(f) A delegate may represent, and vote in the name of, one member of the Assembly only.

(4) In addition to meeting in ordinary sessions and extraordinary sessions as provided for by the Madrid (Stockholm) Agreement, the Assembly shall meet in extraordinary session upon convocation by the Director General, at the request of one-fourth of the members of the Assembly having the right to vote on the matters proposed to be included in the agenda of the session. The agenda of such an extraordinary session shall be prepared by the Director General.

Article 11
International Bureau

(1) International registration and related duties, as well as all other administrative tasks, under or concerning this Protocol, shall be performed by the International Bureau.

(2) (a) The International Bureau shall, in accordance with the directions of the Assembly, make the preparations for the conferences of revision of this Protocol.

b) Alþjóðaskrifstofan getur haft samráð við milliríkjastofnanir og frjáls félagasamtök um undirbúning slíkra endurskoðunarráðstefna.

c) Aðalframkvæmdastjórinn og einstaklingar sem hann tilnefnir skulu, án þess að hafa atkvæðisrétt, taka þátt í umræðum á slíkum endurskoðunarráðstefnum.

3) Alþjóðaskrifstofan skal annast önnur þau störf sem henni eru falin í tengslum við bókun þessa.

(b) The International Bureau may consult with intergovernmental and international non-governmental organizations concerning preparations for such conferences of revision.

(c) The Director General and persons designated by him shall take part, without the right to vote, in the discussions at such conferences of revision.

(3) The International Bureau shall carry out any other tasks assigned to it in relation to this Protocol.

12. gr.
Fjármál.

Að því er samningsaðila varðar skulu fjármál sambandsins falla undir sömu ákvæði og er að finna í 12. gr. Stokkhólmsgerðar Madrídarsamningsins, að því tilskildu að allar vísanir til 8. gr. framangreinds samnings teljist vísun til 8. gr. bókunar þessarar. Enn fremur skal litið svo á, að því er varðar b-lið 6. mgr. 12. gr. framangreinds samnings, að samningsstofnanir skuli falla í I. flokk (fyrsta flokk) framlaga samkvæmt Parísarsamþykktinni um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, með fyrirvara um samhljóða ákvörðun þingsins um hið gagnstæða.

Article 12
Finances

As far as Contracting Parties are concerned, the finances of the Union shall be governed by the same provisions as those contained in Article 12 of the Madrid (Stockholm) Agreement, provided that any reference to Article 8 of the said Agreement shall be deemed to be a reference to Article 8 of this Protocol. Furthermore, for the purposes of Article 12(6)(b) of the said Agreement, Contracting Organizations shall, subject to a unanimous decision to the contrary by the Assembly, be considered to belong to contribution class I (one) under the Paris Convention for the Protection of Industrial Property.

13. gr.
Breyting á tilteknum greinum bókunarinnar.

1) Samningsaðili eða aðalframkvæmdastjórinn geta lagt fram tillögur til breytinga á 10., 11. og 12. gr. svo og þessari grein. Aðalframkvæmdastjórinn skal koma slíkum tillögum á framfæri við samningsaðilana að minnsta kosti sex mánuðum áður en þær eru teknar til umfjöllunar á þinginu.

2) Breytingar á greinum þeim sem um getur í 1. mgr. skulu samþykktar af þinginu. Til að þær verði samþykktar þarf þó þrjá fjórðu hluta greiddra atkvæða en breytingar á 10. gr. og á þessari málsgrein þurfa þó fjóra fimmtu hluta greiddra atkvæða.

3) Breytingar á greinunum sem um getur í 1. mgr. skulu öðlast gildi einum mánuði eftir að skriflegar tilkynningar um staðfestingu þeirra, sem gerðar eru í samræmi við viðkomandi stjórnskipulega málsmeðferð, hafa borist aðalframkvæmdastjóranum frá þremur fjórðu þeirra ríkja og milliríkjastofnana er voru aðilar að þinginu og höfðu atkvæðisrétt þegar breytingin var samþykkt. Sérhver breyting á áðurnefndum greinum, sem staðfest er með þessum hætti, er

Article 13
Amendment of Certain Articles of the Protocol

(1) Proposals for the amendment of Articles 10, 11, 12, and the present Article, may be initiated by any Contracting Party, or by the Director General. Such proposals shall be communicated by the Director General to the Contracting Parties at least six months in advance of their consideration by the Assembly.

(2) Amendments to the Articles referred to in paragraph (1) shall be adopted by the Assembly. Adoption shall require three-fourths of the votes cast, provided that any amendment to Article 10, and to the present paragraph, shall require four-fifths of the votes cast.

(3) Any amendment to the Articles referred to in paragraph (1) shall enter into force one month after written notifications of acceptance, effected in accordance with their respective constitutional processes, have been received by the Director General from three-fourths of those States and intergovernmental organizations which, at the time the amendment was adopted, were members of the Assembly and had the right to vote on the amendment. Any amend-

bindandi fyrir öll ríki og milliríkjastofnanir sem eru samningsaðilar þegar breytingin öðlast gildi eða verða samningsaðilar síðar.

14. gr.
Aðild að bókuninni; gildistaka.

1) a) Ríki sem eru aðilar að Parísarsamþykktinni um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar geta orðið aðilar að bókun þessari.

b) Auk þess geta allar milliríkjastofnanir orðið aðilar að bókun þessari sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

i) að minnsta kosti eitt af aðildarríkjum þeirrar stofnunar sé aðili að Parísarsamþykktinni um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar;

ii) stofnunin hafi svæðisskrifstofu er annist skráningu merkja sem gilda á svæði hennar að því tilskildu að skrifstofan sé ekki tilkynningarskyld skv. 9. gr. c.

2) Ríkjum eða stofnunum sem um getur í 1. mgr. er heimilt að undirrita bókun þessa. Slík ríki eða stofnanir geta, hafi þau undirritað bókun þessa, afhent skjal um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki bókunar þessarar til vörslu eða, hafi þau ekki undirritað bókun þessa, afhent skjal um aðild að bókun þessari til vörslu.

3) Skjölin sem um getur í 2. mgr. skal afhenda aðalframkvæmdastjóranum til vörslu.

4) a) Bókun þessi öðlast gildi þremur mánuðum eftir að fjögur skjöl um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild hafa verið afhent til vörslu, að því tilskildu að að minnsta kosti eitt skjalanna hafi verið afhent til vörslu af landi sem er aðili að Stokkhólmsgerð Madrídarsamningsins og að minnsta kosti eitt skjalanna hafi verið afhent til vörslu af ríki sem ekki er aðili að Stokkhólmsgerð Madrídarsamningsins eða af einhverri þeirri stofnun sem um getur í b-lið 1. mgr.

b) Bókun þessi skal öðlast gildi, að því er varðar hvert annað það ríki eða stofnun sem getið er í 1. mgr., þremur mánuðum eftir þann dag er aðalframkvæmdastjórinn tilkynnir um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild að henni.

5) Ríki og stofnanir sem um getur í 1. mgr. geta lýst því yfir, þegar þau afhenda skjal um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki bókunar

ment to the said Articles thus accepted shall bind all the States and intergovernmental organizations which are Contracting Parties at the time the amendment enters into force, or which become Contracting Parties at a subsequent date.

Article 14
Becoming Party to the Protocol; Entry into Force

(1) (a) Any State that is a party to the Paris Convention for the Protection of Industrial Property may become party to this Protocol.

(b) Furthermore, any intergovernmental organization may also become party to this Protocol where the following conditions are fulfilled:

(i) at least one of the member States of that organization is a party to the Paris Convention for the Protection of Industrial Property;

(ii) that organization has a regional Office for the purposes of registering marks with effect in the territory of the organization, provided that such Office is not the subject of a notification under Article 9quater.

(2) Any State or organization referred to in paragraph (1) may sign this Protocol. Any such State or organization may, if it has signed this Protocol, deposit an instrument of ratification, acceptance or approval of this Protocol or, if it has not signed this Protocol, deposit an instrument of accession to this Protocol.

(3) The instruments referred to in paragraph (2) shall be deposited with the Director General.

(4) (a) This Protocol shall enter into force three months after four instruments of ratification, acceptance, approval or accession have been deposited, provided that at least one of those instruments has been deposited by a country party to the Madrid (Stockholm) Agreement and at least one other of those instruments has been deposited by a State not party to the Madrid (Stockholm) Agreement or by any of the organizations referred to in paragraph (1)(b).

(b) With respect to any other State or organization referred to in paragraph (1), this Protocol shall enter into force three months after the date on which its ratification, acceptance, approval or accession has been notified by the Director General.

(5) Any State or organization referred to in paragraph (1) may, when depositing its instrument of ratification, acceptance or approval of, or

þessarar eða skjal um aðild að bókuninni til vörslu, að sú vernd er leiðir af alþjóðlegri skráningu sem gerð er samkvæmt bókun þessari fyrir gildistökudag bókunarinnar nái ekki til þeirra.

15. gr.
Uppsögn.

1) Engin tímamörk eru sett um gildi bókunar þessarar.
2) Samningsaðili getur sagt upp aðild sinni að bókun þessari með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans.
3) Uppsögn öðlast gildi einu ári eftir þann dag er aðalframkvæmdastjóranum berst tilkynningin.

4) Enginn samningsaðili skal neyta uppsagnarréttarins sem kveðið er á um í þessari grein áður en liðin eru fimm ár frá þeim degi er bókunin öðlaðist gildi að því er viðkomandi samningsaðila varðar.
5) a) Þegar merki er skráð alþjóðlegri skráningu, sem gildir í ríkinu eða hjá milliríkjastofnuninni sem sagði upp bókuninni, á þeim degi er uppsögn öðlast gildi getur handhafi slíkrar skráningar lagt inn umsókn um skráningu sama merkis hjá skrifstofu ríkisins eða milliríkjastofnunarinnar sem sagði upp bókuninni en með umsóknina skal farið eins og hún hafi verið lögð inn daginn sem alþjóðlega skráningin fór fram skv. 4. mgr. 3. gr. eða á þeim degi er skráning á stækkun verndarsvæðisins átti sér stað skv. 2. mgr. 3. gr. b og hafi alþjóðlega skráningin notið forgangsréttar skal umsóknin einnig gera það, að því tilskildu

i) að umsóknin sé lögð inn áður en tvö ár eru liðin frá þeim degi er uppsögnin öðlaðist gildi,
ii) að vörur og þjónusta sem tilgreindar eru í umsókninni falli í reynd undir skrána yfir vörur og þjónustu sem tilgreindar eru í alþjóðlegu skráningunni að því er varðar ríkið eða milliríkjastofnunina sem sagði bókuninni upp, og
iii) að slík umsókn standist allar kröfur gildandi laga, þar á meðal kröfur um gjöld.

b) Ákvæði a-liðar skulu einnig gilda um merki sem skráð eru alþjóðlegri skráningu, sem er í gildi hjá öðrum samningsaðilum en ríkinu eða milliríkjastofnuninni sem segir bókuninni upp, á þeim degi sem uppsögnin öðlast gildi,

accession to, this Protocol, declare that the protection resulting from any international registration effected under this Protocol before the date of entry into force of this Protocol with respect to it cannot be extended to it.

Article 15
Denunciation

(1) This Protocol shall remain in force without limitation as to time.
(2) Any Contracting Party may denounce this Protocol by notification addressed to the Director General.
(3) Denunciation shall take effect one year after the day on which the Director General has received the notification.
(4) The right of denunciation provided for by this Article shall not be exercised by any Contracting Party before the expiry of five years from the date upon which this Protocol entered into force with respect to that Contracting Party.
(5) (a) Where a mark is the subject of an international registration having effect in the denouncing State or intergovernmental organization at the date on which the denunciation becomes effective, the holder of such registration may file an application for the registration of the same mark with the Office of the denouncing State or intergovernmental organization, which shall be treated as if it had been filed on the date of the international registration according to Article 3(4) or on the date of recordal of the territorial extension according to Article 3ter(2) and, if the international registration enjoyed priority, enjoy the same priority, provided that

(i) such application is filed within two years from the date on which the denunciation became effective,
(ii) the goods and services listed in the application are in fact covered by the list of goods and services contained in the international registration in respect of the denouncing State or intergovernmental organization, and
(iii) such application complies with all the requirements of the applicable law, including the requirements concerning fees.

(b) The provisions of subparagraph (a) shall also apply in respect of any mark that is the subject of an international registration having effect in Contracting Parties other than the denouncing State or intergovernmental organization at

geti handhafinn, vegna uppsagnarinnar, ekki lengur lagt inn alþjóðlegar umsóknir skv. 1. mgr. 2. gr.

16. gr.

Undirritun; tungumál; varsla.

1) a) Bókun þessi skal undirrituð í einu eintaki á ensku, frönsku og spænsku og skal hún afhent til vörslu hjá aðalframkvæmdastjóranum eftir að frestur til undirritunar í Madríd rennur út. Eru textarnir á þessum þremur tungumálum jafngildir.

b) Aðalframkvæmdastjórinn skal sjá um, að höfðu samráði við ríkisstjórnir þeirra ríkja og stofnanir þær sem málið varðar, opinbera texta bókunar þessarar á arabísku, ítölsku, japönsku, kínversku, portúgölsku, rússnesku, þýsku og öðrum þeim tungumálum er þingið kann að ákveða.

2) Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar í Madríd til 31. desember 1989.

3) Aðalframkvæmdastjórinn skal senda tvö eintök af undirrituðum textum bókunar þessarar, staðfest af ríkisstjórn Spánar, til allra ríkja og milliríkjastofnana sem geta gerst aðilar að bókuninni.

4) Aðalframkvæmdastjórinn skal skrá bókun þessa á skrifstofu Sameinuðu þjóðanna.

5) Aðalframkvæmdastjórinn skal tilkynna öllum ríkjum og alþjóðastofnunum, sem eru eða geta gerst aðilar að bókun þessari, um undirritanir, afhendingu skjala um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild, gildistöku bókunar þessarar, breytingar á henni svo og um tilkynningar um uppsögn og yfirlýsingar sem kveðið er á um í bókuninni.

the date on which denunciation becomes effective and whose holder, because of the denunciation, is no longer entitled to file international applications under Article 2(1).

Article 16

Signature; Languages; Depositary Functions

(1) (a) This Protocol shall be signed in a single copy in the English, French and Spanish languages, and shall be deposited with the Director General when it ceases to be open for signature at Madrid. The texts in the three languages shall be equally authentic.

(b) Official texts of this Protocol shall be established by the Director General, after consultation with the interested governments and organizations, in the Arabic, Chinese, German, Italian, Japanese, Portuguese and Russian languages, and in such other languages as the Assembly may designate.

(2) This Protocol shall remain open for signature at Madrid until December 31, 1989.

(3) The Director General shall transmit two copies, certified by the Government of Spain, of the signed texts of this Protocol to all States and intergovernmental organizations that may become party to this Protocol.

(4) The Director General shall register this Protocol with the Secretariat of the United Nations.

(5) The Director General shall notify all States and international organizations that may become or are party to this Protocol of signatures, deposits of instruments of ratification, acceptance, approval or accession, the entry into force of this Protocol and any amendment thereto, any notification of denunciation and any declaration provided for in this Protocol.

AUGLÝSING

um samning um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim.

Hinn 14. febrúar 1997 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðannna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim sem gerður var í New York 4. ágúst 1995. Alþingi hafði með ályktun 19. desember 1996 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samninginn.

Tilkynnt verður um gildistöku samningsins síðar.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 26. febrúar 1997.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

SAMNINGUR
um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim.

Ríkin, sem aðilar eru að samningi þessum,

minna á viðeigandi ákvæði hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982,

eru staðráðin í að tryggja langtímaverndun og sjálfbæra nýtingu deilistofna og víðförulla fiskstofna,

einsetja sér að auka samstarf ríkja í því skyni,

hvetja fánaríki, hafnríki og strandríki til að framfylgja á virkari hátt þeim verndunar- og stjórnunarráðstöfunum sem ákveðnar eru vegna slíkra stofna,

leitast við að taka sérstaklega á þeim vandamálum sem dregin eru fram í C-þætti 17. kafla dagskrár 21 er samþykkt var af ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun, þ.e.a.s. að stjórnun úthafsveiða sé ófullnægjandi á mörgum svæðum og að sumar auðlindir séu ofnýttar; benda á vandamál eins og stjórnlausar fiskveiðar, offjárfestingu, of stóran flota, útflöggun skipa til að komast hjá eftirliti, ónóga kjörhæfni veiðarfæra, óáreiðanlega gagnagrunna og skort á fullnægjandi samstarfi milli ríkja,

AGREEMENT
for the Implementation of the Provisions of the United Nations Convention on the Law of the Sea of 10 December 1982 relating to the Conservation and Management of Straddling Fish Stocks and Highly Migratory Fish Stocks

The States Parties to this Agreement,

Recalling the relevant provisions of the United Nations Convention on the Law of the Sea of 10 December 1982,

Determined to ensure the long-term conservation and sustainable use of straddling fish stocks and highly migratory fish stocks,

Resolved to improve cooperation between States to that end,

Calling for more effective enforcement by flag States, port States and coastal States of the conservation and management measures adopted for such stocks,

Seeking to address in particular the problems identified in chapter 17, programme area C, of Agenda 21 adopted by the United Nations Conference on Environment and Development, namely, that the management of high seas fisheries is inadequate in many areas and that some resources are overutilized; noting that there are problems of unregulated fishing, over-capitalization, excessive fleet size, vessel reflagging to escape controls, insufficiently selective gear, unreliable databases and lack of sufficient cooperation between States,

heita því að stunda ábyrgar veiðar,

gera sér ljósa nauðsyn þess að forðast skaðleg áhrif á hafið, varðveita líffræðilegan fjölbreytileika, viðhalda óröskuðum vistkerfum hafsins og draga sem mest úr hættu á langvarandi eða varanlegum afleiðingum veiða,

viðurkenna þörfina fyrir sérstaka aðstoð, þ. á m. fjárhagslega, vísindalega og tæknilega aðstoð, svo að þróunarríki geti tekið virkan þátt í verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna, stjórnun veiða úr þeim og sjálfbærri nýtingu þeirra,

eru sannfærð um að samningur um framkvæmd viðeigandi ákvæða hafréttarsamningsins muni best þjóna þessum markmiðum og stuðla að því að viðhalda friði og öryggi meðal þjóða,

staðfesta að reglur og meginreglur almenns þjóðaréttar gilda áfram um mál sem ekki eru settar reglur um í hafréttarsamningnum eða samningi þessum

og hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. HLUTI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Notkun hugtaka og gildissvið.

1. Í samningi þessum:

a) merkir „hafréttarsamningurinn" hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982;

b) merkja „verndunar- og stjórnunarráðstafanir" ráðstafanir til verndunar einnar eða fleiri tegunda lifandi auðlinda hafsins og stjórnunar veiða á þeim sem ákveðnar eru og beitt er í samræmi við viðeigandi reglur þjóðaréttar eins og þær birtast í hafréttarsamningnum og samningi þessum;

c) felur „fiskur" einnig í sér lindýr og krabbadýr að undanskildum þeim er tilheyra botnsetutegundum eins og þær eru skilgreindar í 77. gr. hafréttarsamningsins; og

d) merkir „fyrirkomulag" samstarfskerfi sem tvö eða fleiri ríki koma á samkvæmt hafréttarsamningnum og samningi þessum í þeim tilgangi m.a. að ákveða verndunar- og stjórnunarráðstafanir fyrir undirsvæði eða svæði vegna eins eða fleiri deilistofna eða víðförulla fiskstofna.

2. a) „Aðildarríki" merkja ríki sem hafa samþykkt að vera bundin af samningi þessum og hann gildir gagnvart.

Committing themselves to responsible fisheries,

Conscious of the need to avoid adverse impacts on the marine environment, preserve biodiversity, maintain the integrity of marine ecosystems and minimize the risk of long-term or irreversible effects of fishing operations,

Recognizing the need for specific assistance, including financial, scientific and technological assistance, in order that developing States can participate effectively in the conservation, management and sustainable use of straddling fish stocks and highly migratory fish stocks,

Convinced that an agreement for the implementation of the relevant provisions of the Convention would best serve these purposes and contribute to the maintenance of international peace and security,

Affirming that matters not regulated by the Convention or by this Agreement continue to be governed by the rules and principles of general international law,

Have agreed as follows:

PART I
General provisions

Article 1
Use of terms and scope

1. For the purposes of this Agreement:

(a) "Convention" means the United Nations Convention on the Law of the Sea of 10 December 1982;

(b) "conservation and management measures" means measures to conserve and manage one or more species of living marine resources that are adopted and applied consistent with the relevant rules of international law as reflected in the Convention and this Agreement;

(c) "fish" includes molluscs and crustaceans except those belonging to sedentary species as defined in article 77 of the Convention; and

(d) "arrangement" means a cooperative mechanism established in accordance with the Convention and this Agreement by two or more States for the purpose, *inter alia,* of establishing conservation and management measures in a subregion or region for one or more straddling fish stocks or highly migratory fish stocks.

2. (a) "States Parties" means States which have consented to be bound by this Agreement and for which the Agreement is in force.

b) Samningur þessi gildir að breyttu breytanda um:

i) sérhvern aðila, sem getið er í c-, d- og e-liðum 1. tl. 305. gr. hafréttarsamningsins, og

ii) sérhvern aðila, sem getið er sem „alþjóðastofnunar" í 1. gr. IX. viðauka við hafréttarsamninginn, samanber þó 47. gr.,

sem gerist aðili að samningi þessum, og að því leyti eiga „aðildarríki" við um þessa aðila.

3. Samningur þessi gildir að breyttu breytanda um aðra veiðiaðila ef skip þeirra veiða á úthafinu.

2. gr.
Markmið.

Markmið samnings þessa er að tryggja langtímaverndun og sjálfbæra nýtingu deilistofna og víðförulla fiskstofna með virkri framkvæmd viðeigandi ákvæða hafréttarsamningsins.

3. gr.
Gildi.

1. Ef ekki er kveðið á um annað gildir samningur þessi um verndun og stjórnun veiða á deilistofnum og víðförulum fiskstofnum utan innlendrar lögsögu; þó gilda 6. og 7. gr. einnig um verndun og stjórnun veiða á þessum stofnum í innlendri lögsögu, í samræmi við þau mismunandi lagalegu stjórnkerfi sem gilda innan og utan innlendrar lögsögu, eins og kveðið er á um í hafréttarsamningnum.

2. Þegar strandríkið neytir fullveldisréttinda sinna að því er varðar rannsóknir, hagnýtingu, verndun og stjórnun veiða á deilistofnum og víðförulum fiskstofnum í lögsögu sinni skal það beita þeim almennu reglum, sem taldar eru upp í 5. gr., að breyttu breytanda.

3. Ríki skulu taka tilhlýðilegt tillit til getu þróunarríkja til að beita 5., 6. og 7. gr., eftir því sem við á, í innlendri lögsögu og þarfar þeirra fyrir aðstoð eins og mælt er fyrir um í samningi þessum. Í þessu augnamiði gildir VII. hluti að breyttu breytanda í innlendri lögsögu.

(b) This Agreement applies *mutatis mutandis:*

high seas surrounded entirely by an area under the national jurisdiction of a single State and the latter State shall cooperate to establish conservation and management measures in respect of those stocks in the high seas area. Having regard to the natural characteristics of the area, States shall pay special attention to the establishment of compatible conservation and management measures for such stocks pursuant to article 7. Measures taken in respect of the high seas shall take into account the rights, duties and interests of the coastal State under the Convention, shall be based on the best scientific evidence available and shall also take into account any conservation and management measures adopted and applied in respect of the same stocks in accordance with article 61 of the Convention by the coastal State in the area under national jurisdiction. States shall also agree on measures for monitoring, control, surveillance and enforcement to ensure compliance with the conservation and management measures in respect of the high seas.

2. Pursuant to article 8, States shall act in good faith and make every effort to agree without delay on conservation and management measures to be applied in the carrying out of fishing operations in the area referred to in paragraph 1. If, within a reasonable period of time, the fishing States concerned and the coastal State are unable to agree on such measures, they shall, having regard to paragraph 1, apply article 7, paragraphs 4, 5 and 6, relating to provisional arrangements or measures. Pending the establishment of such provisional arrangements or measures, the States concerned shall take measures in respect of vessels flying their flag in order that they not engage in fisheries which could undermine the stocks concerned.

IV. HLUTI
Ríki sem eru ekki aðilar að stofnunum eða eru ekki þátttakendur í fyrirkomulagi.

17. gr.
Ríki sem eru ekki aðilar að stofnunum eða eru ekki þátttakendur í fyrirkomulagi.

1. Ríki, sem er ekki aðili að veiðistjórnarstofnun eða er ekki þátttakandi í veiðistjórnarfyrirkomulagi á undirsvæði eða svæði og fellst ekki með öðrum hætti á að beita þeim verndunar- og stjórnunarráðstöfunum sem stofnunin eða þátttakendur í fyrirkomulaginu hafa ákveðið, er ekki leyst undan þeirri skyldu að starfa að verndun viðkomandi deilistofna og víðförulla fiskstofna

PART IV
Non-members and non-participants

Article 17
Non-members of organizations and non-participants in arrangements

1. A State which is not a member of a subregional or regional fisheries management organization or is not a participant in a subregional or regional fisheries management arrangement, and which does not otherwise agree to apply the conservation and management measures established by such organization or arrangement, is not discharged from the obligation to cooperate, in

og stjórnun veiða úr þeim samkvæmt hafréttarsamningnum og samningi þessum.

2. Slíkt ríki skal ekki heimila skipum er sigla undir fána þess að stunda veiðar úr þeim deilistofnum eða víðförulum fiskstofnum sem verndunar- og stjórnunarráðstafanir, er stofnunin eða þátttakendur í fyrirkomulaginu hafa ákveðið, ná til.

3. Ríki, sem eru aðilar að veiðistjórnarstofnun eða þátttakendur í veiðistjórnarfyrirkomulagi á undirsvæði eða svæði, skulu, hvert fyrir sig eða sameiginlega, fara þess á leit við veiðiaðila þá, sem getið er í 3. tl. 1. gr. og hafa fiskiskip á viðkomandi svæði, að þeir starfi á virkan hátt með stofnuninni eða þátttakendum í fyrirkomulaginu að því að beita þeim verndunar- og stjórnunarráðstöfunum sem stofnunin eða þátttakendur í fyrirkomulaginu hafa ákveðið, með það fyrir augum að slíkum ráðstöfunum verði beitt í reynd með eins víðtækum hætti og unnt er um veiðar á viðkomandi svæði. Slíkir veiðiaðilar skulu njóta góðs af þátttöku í veiðunum sem svarar til viðleitni þeirra til að hlíta verndunar- og stjórnunarráðstöfunum vegna stofnanna.

4. Ríki, sem eru aðilar að slíkri stofnun eða þátttakendur í slíku fyrirkomulagi, skulu skiptast á upplýsingum um athafnir fiskiskipa er sigla undir fána ríkja sem hvorki eru aðilar að stofnuninni né þátttakendur í fyrirkomulaginu og stunda veiðar úr viðkomandi stofnum. Þau skulu gera ráðstafanir í samræmi við samning þennan og þjóðarétt til að koma í veg fyrir þær athafnir slíkra skipa sem grafa undan áhrifum verndunar- og stjórnunarráðstafana fyrir undirsvæði eða svæði.

V. HLUTI
Skyldur fánaríkis.

18. gr.
Skyldur fánaríkis.

1. Ríki skal, ef skip þess veiða á úthafinu, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að skip er sigla undir fána þess hlíti verndunar- og stjórnunarráðstöfunum fyrir undirsvæði og svæði og að þessi skip geri ekkert það sem grefur undan áhrifum slíkra ráðstafana.

2. Ríki skal því aðeins heimila að skip er sigla undir fána þess séu notuð til veiða á úthafinu að

accordance with the Convention and this Agreement, in the conservation and management of the relevant straddling fish stocks and highly migratory fish stocks.

2. Such State shall not authorize vessels flying its flag to engage in fishing operations for the straddling fish stocks or highly migratory fish stocks which are subject to the conservation and management measures established by such organization or arrangement.

3. States which are members of a subregional or regional fisheries management organization or participants in a subregional or regional fisheries management arrangement shall, individually or jointly, request the fishing entities referred to in article 1, paragraph 3, which have fishing vessels in the relevant area to cooperate fully with such organization or arrangement in implementing the conservation and management measures it has established, with a view to having such measures applied de facto as extensively as possible to fishing activities in the relevant area. Such fishing entities shall enjoy benefits from participation in the fishery commensurate with their commitment to comply with conservation and management measures in respect of the stocks.

4. States which are members of such organization or participants in such arrangement shall exchange information with respect to the activities of fishing vessels flying the flags of States which are neither members of the organization nor participants in the arrangement and which are engaged in fishing operations for the relevant stocks. They shall take measures consistent with this Agreement and international law to deter activities of such vessels which undermine the effectiveness of subregional or regional conservation and management measures.

PART V
Duties of the flag State

Article 18
Duties of the flag State

1. A State whose vessels fish on the high seas shall take such measures as may be necessary to ensure that vessels flying its flag comply with subregional and regional conservation and management measures and that such vessels do not engage in any activity which undermines the effectiveness of such measures.

2. A State shall authorize the use of vessels flying its flag for fishing on the high seas only

það sé fært um að rækja með virkum hætti skyldur sínar vegna þessara skipa samkvæmt hafréttarsamningnum og samningi þessum.

3. Ráðstafanir, sem ríki ber að gera vegna skipa er sigla undir fána þess, skulu m.a. fela í sér:

a) stjórnun á þessum skipum á úthafinu með veiðileyfum eða -heimildum samkvæmt gildandi reglum sem samþykktar hafa verið fyrir undirsvæði, svæði eða heiminn;

b) setningu reglna til að:

i) binda leyfi eða heimild þeim skilmálum og skilyrðum sem nægja til að uppfylla skyldur fánaríkisins er samþykktar hafa verið fyrir undirsvæði, svæði eða heiminn;

ii) banna þeim skipum veiðar á úthafinu sem ekki hafa tilskilin leyfi eða heimildir til veiða eða veiðar skipa á úthafinu sem samræmast ekki skilmálum og skilyrðum leyfis eða heimildar;

iii) gera skipum er veiða á úthafinu skylt að hafa leyfið eða heimildina ávallt um borð og að framvísa henni ef krafist er af löggiltum eftirlitsaðila; og

iv) tryggja að skip er sigla undir fána þess stundi ekki óheimilar veiðar í lögsögu annarra ríkja;

c) að komið sé á innlendri skráningu fiskiskipa er hafa heimild til veiða á úthafinu og að veittur sé aðgangur að þeim upplýsingum, sem skráðar eru, að beiðni ríkja er beinna hagsmuna hafa að gæta, að teknu tilliti til laga fánaríkisins um veitingu slíkra upplýsinga;

d) kröfur um merkingu fiskiskipa og veiðarfæra til auðkenningar samkvæmt samræmdum og alþjóðlega þekktum merkingarkerfum fyrir skip og veiðarfæri, svo sem hinum stöðluðu lýsingum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna fyrir merkingu og skráningu fiskiskipa;

e) kröfur um að staðsetning skipa, afli af sóknartegundum og öðrum tegundum en sóknartegundum, veiðisókn og önnur viðeigandi gögn um veiðarnar verði skráð og tilkynnt tímanlega samkvæmt reglum sem settar hafa verið fyrir undirsvæði, svæði og heiminn um söfnun slíkra gagna;

f) kröfur um staðfestingu á afla af sóknartegundum og öðrum tegundum en sóknartegundum, t.d. með eftirlitskerfum, skoðunarkerf-

where it is able to exercise effectively its responsibilities in respect of such vessels under the Convention and this Agreement.

3. Measures to be taken by a State in respect of vessels flying its flag shall include:

(a) control of such vessels on the high seas by means of fishing licences, authorizations or permits in accordance with any applicable procedures agreed at the subregional, regional or global level;

(b) establishment of regulations:

(i) to apply terms and conditions to the licence, authorization or permit sufficient to fulfil any subregional, regional or global obligations of the flag State;

(ii) to prohibit fishing on the high seas by vessels which are not duly licensed or authorized to fish, or fishing on the high seas by vessels otherwise than in accordance with the terms and conditions of a licence, authorization or permit;

(iii) to require vessels fishing on the high seas to carry the licence, authorization or permit on board at all times and to produce it on demand for inspection by a duly authorized person; and

(iv) to ensure that vessels flying its flag do not conduct unauthorized fishing within areas under the national jurisdiction of other States;

(c) establishment of a national record of fishing vessels authorized to fish on the high seas and provision of access to the information contained in that record on request by directly interested States, taking into account any national laws of the flag State regarding the release of such information;

(d) requirements for marking of fishing vessels and fishing gear for identification in accordance with uniform and internationally recognizable vessel and gear marking systems, such as the Food and Agriculture Organization of the United Nations Standard Specifications for the Marking and Identification of Fishing Vessels;

(e) requirements for recording and timely reporting of vessel position, catch of target and non-target species, fishing effort and other relevant fisheries data in accordance with subregional, regional and global standards for collection of such data;

(f) requirements for verifying the catch of target and non-target species through such means as observer programmes, inspection

um, löndunarskýrslum og eftirliti með umskipun, lönduðum afla og markaðstölum;

g) gæslu á og eftirlit með slíkum skipum, veiðum þeirra og tengdum athöfnum, m.a. með því að:

i) hrinda í framkvæmd innlendum skoðunarkerfum og samstarfskerfum á undirsvæðum eða svæðum fyrir framfylgd samkvæmt 21. og 22. gr., þ.m.t. að skylda slík skip til að veita löggiltum eftirlitsmönnum frá öðrum ríkjum aðgang;

ii) hrinda í framkvæmd innlendum eftirlitskerfum og eftirlitskerfum á undirsvæðum eða svæðum sem fánaríkið er þátttakandi í, þ.m.t. að skylda slík skip til að veita eftirlitsmönnum frá öðrum ríkjum aðgang til að inna af hendi það starf sem samþykkt hefur verið samkvæmt kerfunum; og

iii) þróa og hrinda í framkvæmd kerfum fyrir eftirlit með skipum, m.a. kerfum fyrir sendingar um gervitungl, ef við á, samkvæmt innlendum kerfum og þeim sem hlutaðeigandi ríki hafa samþykkt fyrir undirsvæði, svæði eða heiminn;

h) stjórnun á umskipun á úthafinu til að tryggja að ekki sé grafið undan áhrifum verndunar- og stjórnunarráðstafana; og

i) stjórnun veiða til að tryggja að farið sé eftir ráðstöfunum fyrir undirsvæði, svæði eða heiminn, þ.á m. þeim sem miða að því að draga sem mest úr afla af öðrum tegundum en sóknartegundum.

4. Þar sem í gildi er kerfi fyrir gæslu og eftirlit, sem samþykkt hefur verið fyrir undirsvæði, svæði eða heiminn, skulu ríki tryggja að þær ráðstafanir, sem þau gera gagnvart skipum er sigla undir fána þeirra, séu í samræmi við það kerfi.

schemes, unloading reports, supervision of transshipment and monitoring of landed catches and market statistics;

(g) monitoring, control and surveillance of such vessels, their fishing operations and related activities by, *inter alia:*

(i) the implementation of national inspection schemes and subregional and regional schemes for cooperation in enforcement pursuant to articles 21 and 22, including requirements for such vessels to permit access by duly authorized inspectors from other States;

(ii) the implementation of national observer programmes and subregional and regional observer programmes in which the flag State is a participant, including requirements for such vessels to permit access by observers from other States to carry out the functions agreed under the programmes; and

(iii) the development and implementation of vessel monitoring systems, including, as appropriate, satellite transmitter systems, in accordance with any national programmes and those which have been subregionally, regionally or globally agreed among the States concerned;

(h) regulation of transshipment on the high seas to ensure that the effectiveness of conservation and management measures is not undermined; and

(i) regulation of fishing activities to ensure compliance with subregional, regional or global measures, including those aimed at minimizing catches of non-target species.

4. Where there is a subregionally, regionally or globally agreed system of monitoring, control and surveillance in effect, States shall ensure that the measures they impose on vessels flying their flag are compatible with that system.

VI. HLUTI
Hlýðni og framfylgd.
19. gr.
Hlýðni og framfylgd af hálfu fánaríkis.

1. Ríki skal sjá til þess að skip er sigla undir fána þess hlíti verndunar- og stjórnunarráðstöfunum fyrir undirsvæði og svæði vegna deilistofna og víðförulla fiskstofna. Í þessu augnamiði skal ríkið:

a) framfylgja slíkum ráðstöfunum án tillits til þess hvar brot eiga sér stað;

PART VI
Compliance and enforcement
Article 19
Compliance and enforcement by the flag State

1. A State shall ensure compliance by vessels flying its flag with subregional and regional conservation and management measures for straddling fish stocks and highly migratory fish stocks. To this end, that State shall:

(a) enforce such measures irrespective of where violations occur;

b) framkvæma þegar í stað ítarlega rannsókn á sérhverju meintu broti gegn verndunar- og stjórnunarráðstöfunum fyrir undirsvæði eða svæði, sem getur falið í sér skoðun um borð í viðkomandi skipum, og tilkynna því ríki, sem staðhæfir að brot hafi átt sér stað, og viðkomandi stofnun eða þátttakendum í viðkomandi fyrirkomulagi á undirsvæðinu eða svæðinu tafarlaust um framvindu og niðurstöðu rannsóknarinnar;

c) skylda öll skip er sigla undir fána þess til að veita þeim yfirvöldum, sem fara með rannsókn, upplýsingar um staðsetningu þeirra, afla, veiðarfæri, veiðar og tengdar athafnir á því svæði þar sem meint brot átti sér stað;

d) vísa málinu, ef það er sannfært um að fullnægjandi sannanir séu fyrir hendi um meint brot, til yfirvalda sinna með það fyrir augum að höfða tafarlaust mál samkvæmt landslögum og, ef við á, leggja hald á viðkomandi skip; og

e) sjá til þess, ef sannað hefur verið samkvæmt lögum þess að skip hafi verið viðriðið alvarlegt brot gegn slíkum ráðstöfunum, að skipið stundi ekki veiðar á úthafinu fyrr en öllum útistandandi viðurlögum, sem fánaríkið hefur beitt vegna brotsins, hefur verið framfylgt.

2. Allar rannsóknir og málaferli skulu fara fram með skjótum hætti. Þau viðurlög, sem beita má við brotum, skulu vera nægilega ströng til að tryggja hlýðni og til að vinna gegn brotum hvar sem þau eiga sér stað og skulu svipta hina brotlegu hagnaði af ólögmætum athöfnum þeirra. Í reglum, sem beita má gagnvart skipstjórum og öðrum yfirmönnum fiskiskipa, skulu vera ákvæði er heimila m.a. synjun, afturköllun eða tímabundna sviptingu leyfa til að gegna stöðu skipstjóra eða annarra yfirmanna á slíkum skipum.

(b) investigate immediately and fully any alleged violation of subregional or regional conservation and management measures, which may include the physical inspection of the vessels concerned, and report promptly to the State alleging the violation and the relevant subregional or regional organization or arrangement on the progress and outcome of the investigation;

(c) require any vessel flying its flag to give information to the investigating authority regarding vessel position, catches, fishing gear, fishing operations and related activities in the area of an alleged violation;

(d) if satisfied that sufficient evidence is available in respect of an alleged violation, refer the case to its authorities with a view to instituting proceedings without delay in accordance with its laws and, where appropriate, detain the vessel concerned; and

(e) ensure that, where it has been established, in accordance with its laws, a vessel has been involved in the commission of a serious violation of such measures, the vessel does not engage in fishing operations on the high seas until such time as all outstanding sanctions imposed by the flag State in respect of the violation have been complied with.

2. All investigations and judicial proceedings shall be carried out expeditiously. Sanctions applicable in respect of violations shall be adequate in severity to be effective in securing compliance and to discourage violations wherever they occur and shall deprive offenders of the benefits accruing from their illegal activities. Measures applicable in respect of masters and other officers of fishing vessels shall include provisions which may permit, *inter alia,* refusal, withdrawal or suspension of authorizations to serve as masters or officers on such vessels.

20. gr.

Alþjóðlegt samstarf um framfylgd.

1. Ríki skulu starfa saman, annaðhvort beint eða á vettvangi veiðistjórnarstofnana eða samkvæmt veiðistjórnarfyrirkomulagi á undirsvæðum eða svæðum, að því að tryggja að farið sé eftir verndunar- og stjórnunarráðstöfunum fyrir undirsvæði og svæði vegna deilistofna og víðförulla fiskstofna og þeim framfylgt.

2. Fánaríki, sem rannsakar meint brot gegn verndunar- og stjórnunarráðstöfunum vegna deilistofna eða víðförulla fiskstofna, getur beðið um aðstoð hvaða annars ríkis sem er ef samstarf

Article 20

International cooperation in enforcement

1. States shall cooperate, either directly or through subregional or regional fisheries management organizations or arrangements, to ensure compliance with and enforcement of subregional and regional conservation and management measures for straddling fish stocks and highly migratory fish stocks.

2. A flag State conducting an investigation of an alleged violation of conservation and management measures for straddling fish stocks or highly migratory fish stocks may request the

við það getur komið að notum við framkvæmd rannsóknarinnar. Öll ríki skulu leitast við að verða við sanngjörnum beiðnum fánaríkis í tengslum við slíkar rannsóknir.

3. Fánaríki getur gert slíkar rannsóknir beint, í samstarfi við önnur ríki er hagsmuna eiga að gæta eða fyrir milligöngu viðeigandi veiðistjórnarstofnunar eða samkvæmt viðeigandi veiðistjórnarfyrirkomulagi á undirsvæði eða svæði. Upplýsingar um framvindu og niðurstöður rannsóknanna skulu veittar öllum ríkjum er hagsmuna eiga að gæta varðandi hið meinta brot eða það snertir.

4. Ríkjum ber að aðstoða hvert annað við að bera kennsl á skip sem sökuð hafa verið um að taka þátt í athöfnum er grafa undan áhrifum verndunar- og stjórnunarráðstafana er samþykktar hafa verið fyrir undirsvæði, svæði eða heiminn.

5. Ríki skulu, að því marki sem landslög og reglur heimila, koma á fyrirkomulagi til að veita ákæruyfirvöldum annarra ríkja aðgang að sönnunargögnum varðandi meint brot gegn slíkum ráðstöfunum.

6. Þegar réttmæt ástæða er til að ætla að skip á úthafinu hafi stundað óheimilar veiðar innan lögsögu strandríkis skal fánaríki skipsins, að beiðni viðkomandi strandríkis, rannsaka málið þegar í stað og ítarlega. Í slíkum tilvikum skal fánaríkið eiga samstarf við strandríkið um að grípa til viðeigandi fullnustuaðgerða og getur heimilað viðeigandi yfirvöldum strandríkisins að fara um borð í skipið og skoða það á úthafinu. Töluliður þessi hefur ekki áhrif á 111. gr. hafréttarsamningsins.

7. Aðildarríki, sem eru aðilar að veiðistjórnarstofnun eða þátttakendur í veiðistjórnarfyrirkomulagi á undirsvæði eða svæði, geta gripið til aðgerða samkvæmt þjóðarétti, m.a. með því að beita reglum, sem settar hafa verið í þessu skyni fyrir undirsvæðið eða svæðið, til að hindra skip, sem tekið hafa þátt í athöfnum er grafa undan áhrifum verndunar- og stjórnunarráðstafana stofnunarinnar eða samkvæmt fyrirkomulaginu eða brjóta á annan hátt gegn þeim, í að stunda veiðar á úthafinu á undirsvæðinu eða svæðinu þar til fánaríkið grípur til viðeigandi aðgerða.

assistance of any other State whose cooperation may be useful in the conduct of that investigation. All States shall endeavour to meet reasonable requests made by a flag State in connection with such investigations.

3. A flag State may undertake such investigations directly, in cooperation with other interested States or through the relevant subregional or regional fisheries management organization or arrangement. Information on the progress and outcome of the investigations shall be provided to all States having an interest in, or affected by, the alleged violation.

4. States shall assist each other in identifying vessels reported to have engaged in activities undermining the effectiveness of subregional, regional or global conservation and management measures.

5. States shall, to the extent permitted by national laws and regulations, establish arrangements for making available to prosecuting authorities in other States evidence relating to alleged violations of such measures.

6. Where there are reasonable grounds for believing that a vessel on the high seas has been engaged in unauthorized fishing within an area under the jurisdiction of a coastal State, the flag State of that vessel, at the request of the coastal State concerned, shall immediately and fully investigate the matter. The flag State shall cooperate with the coastal State in taking appropriate enforcement action in such cases and may authorize the relevant authorities of the coastal State to board and inspect the vessel on the high seas. This paragraph is without prejudice to article 111 of the Convention.

7. States Parties which are members of a subregional or regional fisheries management organization or participants in a subregional or regional fisheries management arrangement may take action in accordance with international law, including through recourse to subregional or regional procedures established for this purpose, to deter vessels which have engaged in activities which undermine the effectiveness of or otherwise violate the conservation and management measures established by that organization or arrangement from fishing on the high seas in the subregion or region until such time as appropriate action is taken by the flag State.

21. gr.
Samstarf á undirsvæðum og svæðum um framfylgd.

1. Á úthafssvæði, sem veiðistjórnarstofnun eða -fyrirkomulag á undirsvæði eða svæði nær til, er aðildarríki, sem er aðili að stofnuninni eða þátttakandi í fyrirkomulaginu, heimilt að láta löggilta eftirlitsmenn sína fara um borð í og skoða, samkvæmt 2. tl., fiskiskip er sigla undir fána annars aðildarríkis að samningi þessum, hvort sem það aðildarríki er jafnframt aðili að stofnuninni eða þátttakandi í fyrirkomulaginu eður ei, í því skyni að tryggja að farið sé eftir verndunar- og stjórnunarráðstöfunum vegna deilistofna og víðförulla fiskstofna sem stofnunin eða þátttakendur í fyrirkomulaginu hafa ákveðið.

2. Ríki skulu, á vettvangi veiðistjórnarstofnana eða samkvæmt veiðistjórnarfyrirkomulagi á undirsvæðum eða svæðum, setja reglur um uppgöngu á skip og skoðun samkvæmt 1. tl., svo og reglur um framkvæmd annarra ákvæða þessarar greinar. Reglur þessar skulu vera í samræmi við þessa grein og þær grundvallarreglur sem settar eru fram í 22. gr. og skulu þær ekki mismuna ríkjum sem eru ekki aðilar að stofnuninni eða eru ekki þátttakendur í fyrirkomulaginu. Uppganga á skip og skoðun svo og síðari fullnustuaðgerðir skulu framkvæmdar samkvæmt þessum reglum. Ríki skulu kynna með tilhlýðilegum hætti þær reglur sem settar eru samkvæmt þessum tölulið.

3. Hafi stofnun eða þátttakendur í fyrirkomulagi ekki sett slíkar reglur innan tveggja ára frá samþykkt samnings þessa skulu uppganga á skip og skoðun samkvæmt 1. tl. svo og síðari fullnustuaðgerðir, þar til slíkar reglur hafa verið settar, framkvæmdar samkvæmt þessari grein og þeim grundvallarreglum sem settar eru fram í 22. gr.

4. Áður en eftirlitsríkið grípur til aðgerða samkvæmt þessari grein skal það, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu viðkomandi veiðistjórnarstofnunar eða samkvæmt viðkomandi veiðistjórnarfyrirkomulagi á undirsvæði eða svæði, tilkynna öðrum ríkjum, ef skip þeirra veiða á úthafinu á undirsvæðinu eða svæðinu, um form þeirra skilríkja sem gefin eru út til löggiltra eftirlitsmanna þeirra. Skip þau, sem notuð eru til að fara um borð í skip og framkvæma skoðun, skulu merkt með skýrum hætti og bera með sér að vera skip í ríkisþjónustu. Þegar ríki gerist aðili að samningi þessum skal það tilnefna

Article 21
Subregional and regional cooperation in enforcement

1. In any high seas area covered by a subregional or regional fisheries management organization or arrangement, a State Party which is a member of such organization or a participant in such arrangement may, through its duly authorized inspectors, board and inspect, in accordance with paragraph 2, fishing vessels flying the flag of another State Party to this Agreement, whether or not such State Party is also a member of the organization or a participant in the arrangement, for the purpose of ensuring compliance with conservation and management measures for straddling fish stocks and highly migratory fish stocks established by that organization or arrangement.

2. States shall establish, through subregional or regional fisheries management organizations or arrangements, procedures for boarding and inspection pursuant to paragraph 1, as well as procedures to implement other provisions of this article. Such procedures shall be consistent with this article and the basic procedures set out in article 22 and shall not discriminate against non-members of the organization or non-participants in the arrangement. Boarding and inspection as well as any subsequent enforcement action shall be conducted in accordance with such procedures. States shall give due publicity to procedures established pursuant to this paragraph.

3. If, within two years of the adoption of this Agreement, any organization or arrangement has not established such procedures, boarding and inspection pursuant to paragraph 1, as well as any subsequent enforcement action, shall, pending the establishment of such procedures, be conducted in accordance with this article and the basic procedures set out in article 22.

4. Prior to taking action under this article, inspecting States shall, either directly or through the relevant subregional or regional fisheries management organization or arrangement, inform all States whose vessels fish on the high seas in the subregion or region of the form of identification issued to their duly authorized inspectors. The vessels used for boarding and inspection shall be clearly marked and identifiable as being on government service. At the time of becoming a Party to this Agreement, a State shall designate an appropriate authority to receive notifications pursuant to this article and

viðeigandi yfirvöld til að veita tilkynningum samkvæmt þessari grein móttöku og skal tilkynna með viðeigandi hætti um slíkar tilnefningar fyrir milligöngu viðkomandi veiðistjórnarstofnunar eða samkvæmt viðkomandi veiðistjórnarfyrirkomulagi á undirsvæði eða svæði.

5. Þegar augljós ástæða er til að ætla, eftir uppgöngu á skip og skoðun, að skipið hafi tekið þátt í athöfnum, sem fara í bága við þær verndunar- og stjórnunarráðstafanir sem getið er í 1. tl., skal eftirlitsríkið, þar sem við á, varðveita sönnunargögn og skal undireins tilkynna fánaríkinu um hið meinta brot.

6. Fánaríkið skal svara tilkynningu þeirri, sem getið er í 5. tl., innan þriggja virkra daga frá móttöku hennar eða annars frests sem mælt er fyrir um í reglum er settar eru samkvæmt 2. tl. og skal annaðhvort:

a) uppfylla tafarlaust skyldur sínar samkvæmt 19. gr. til að rannsaka skipið og, ef sannanir réttlæta, grípa til fullnustuaðgerða gagnvart því, en í því tilviki skal það undireins tilkynna eftirlitsríkinu um niðurstöður rannsóknarinnar og til hvaða fullnustuaðgerða hefur verið gripið; eða

b) heimila eftirlitsríkinu rannsókn.

7. Þegar fánaríkið heimilar eftirlitsríkinu rannsókn á meintu broti skal eftirlitsríkið upplýsa fánaríkið um niðurstöður rannsóknarinnar jafnskjótt og þær liggja fyrir. Fánaríkið skal, ef sannanir réttlæta, uppfylla skyldur sínar til að grípa til fullnustuaðgerða gagnvart skipinu. Fánaríkið getur þó þess í stað heimilað eftirlitsríkinu að grípa til þeirra fullnustuaðgerða gagnvart skipinu sem fánaríkið tiltekur, í samræmi við réttindi og skyldur fánaríkisins samkvæmt samningi þessum.

8. Þegar augljós ástæða er til að ætla, eftir uppgöngu á skip og skoðun, að skipið hafi framið alvarlegt brot og fánaríkið hefur annaðhvort látið hjá líða að svara eða látið undir höfuð leggjast að grípa til aðgerða samkvæmt 6. eða 7. tl. er eftirlitsmönnum heimilt að vera áfram um borð og varðveita sönnunargögn og geta þeir krafist þess að skipstjórinn veiti aðstoð við frekari rannsókn, m.a., þar sem við á, með því að sigla skipinu tafarlaust til næstu viðeigandi hafnar eða annarrar hafnar sem tilgreind er í reglum þeim sem settar eru samkvæmt 2. tl. Eftirlitsríkið skal þegar í stað tilkynna fánaríkshall give due publicity of such designation through the relevant subregional or regional fisheries management organization or arrangement.

5. Where, following a boarding and inspection, there are clear grounds for believing that a vessel has engaged in any activity contrary to the conservation and management measures referred to in paragraph 1, the inspecting State shall, where appropriate, secure evidence and shall promptly notify the flag State of the alleged violation.

6. The flag State shall respond to the notification referred to in paragraph 5 within three working days of its receipt, or other such period as may be prescribed in procedures established in accordance with paragraph 2, and shall either:

(a) fulfil, without delay, its obligations under article 19 to investigate and, if evidence so warrants, take enforcement action with respect to the vessel, in which case it shall promptly inform the inspecting State of the results of the investigation and of any enforcement action taken; or

(b) authorize the inspecting State to investigate.

7. Where the flag State authorizes the inspecting State to investigate an alleged violation, the inspecting State shall, without delay, communicate the results of that investigation to the flag State. The flag State shall, if evidence so warrants, fulfil its obligations to take enforcement action with respect to the vessel. Alternatively, the flag State may authorize the inspecting State to take such enforcement action as the flag State may specify with respect to the vessel, consistent with the rights and obligations of the flag State under this Agreement.

8. Where, following boarding and inspection, there are clear grounds for believing that a vessel has committed a serious violation, and the flag State has either failed to respond or failed to take action as required under paragraphs 6 or 7, the inspectors may remain on board and secure evidence and may require the master to assist in further investigation including, where appropriate, by bringing the vessel without delay to the nearest appropriate port, or to such other port as may be specified in procedures established in accordance with paragraph 2. The inspecting State shall immediately inform the

inu til hvaða hafnar skipið á að halda. Eftirlitsríkið og fánaríkið, og hafnríkið ef því er að skipta, skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að vel fari um áhöfn skipsins án tillits til þjóðernis hennar.

9. Eftirlitsríkið skal tilkynna fánaríkinu og viðkomandi stofnun eða þátttakendum í viðkomandi fyrirkomulagi um niðurstöður frekari rannsóknar.

10. Eftirlitsríkið skal skylda eftirlitsmenn sína til að virða almennt viðurkenndar alþjóðlegar reglur og starfshætti er lúta að öryggi skips og áhafnar, valda sem minnstri truflun á veiðum og forðast að svo miklu leyti sem unnt er aðgerðir sem spilla myndu gæðum aflans um borð. Eftirlitsríkið skal gæta þess að uppganga á skip og skoðun fari ekki fram með þeim hætti að talist geti áreitni í garð nokkurs fiskiskips.

11. Í grein þessari merkir alvarlegt brot:

a) veiðar án gilds leyfis eða heimildar sem fánaríkið gefur út samkvæmt a-lið 3. tl. 18. gr.;

b) að láta undir höfuð leggjast að halda réttar skrár með upplýsingum um og tengdum afla, eins og krafist er af viðkomandi veiðistjórnarstofnun eða samkvæmt viðkomandi veiðistjórnarfyrirkomulagi á undirsvæði eða svæði, eða að gefa mjög rangar aflaskýrslur í bága við kröfur stofnunarinnar eða fyrirkomulagsins um aflaskýrslur;

c) veiðar á lokuðu svæði, veiðar á meðan lokun stendur yfir eða veiðar án, eða eftir að hafa fyllt, kvóta sem viðkomandi veiðistjórnarstofnun eða þátttakendur í viðkomandi veiðistjórnarfyrirkomulagi á undirsvæði eða svæði hafa ákveðið;

d) veiðar sem beint er að stofni sem veiðistöðvun nær til eða veiðar eru bannaðar úr;

e) notkun bannaðra veiðarfæra;

f) að falsa merkingar, uppruna eða skráningu fiskiskips eða leyna því;

g) að leyna, breyta eða koma undan sönnunargögnum er tengjast rannsókn;

h) margítrekuð brot sem í heild fela í sér að gróflega er brotið gegn verndunar- og stjórnunarráðstöfunum; eða

i) önnur brot sem tiltekin eru í reglum sem viðkomandi veiðistjórnarstofnun eða þátttakendur í viðkomandi veiðistjórnarfyrirkomulagi á undirsvæði eða svæði setja.

flag State of the name of the port to which the vessel is to proceed. The inspecting State and the flag State and, as appropriate, the port State shall take all necessary steps to ensure the well-being of the crew regardless of their nationality.

9. The inspecting State shall inform the flag State and the relevant organization or the participants in the relevant arrangement of the results of any further investigation.

10. The inspecting State shall require its inspectors to observe generally accepted international regulations, procedures and practices relating to the safety of the vessel and the crew, minimize interference with fishing operations and, to the extent practicable, avoid action which would adversely affect the quality of the catch on board. The inspecting State shall ensure that boarding and inspection is not conducted in a manner that would constitute harassment of any fishing vessel.

11. For the purposes of this article, a serious violation means:

(a) fishing without a valid licence, authorization or permit issued by the flag State in accordance with article 18, paragraph 3(a);

(b) failing to maintain accurate records of catch and catch-related data, as required by the relevant subregional or regional fisheries management organization or arrangement, or serious misreporting of catch, contrary to the catch reporting requirements of such organization or arrangement;

(c) fishing in a closed area, fishing during a closed season or fishing without, or after attainment of, a quota established by the relevant subregional or regional fisheries management organization or arrangement;

(d) directed fishing for a stock which is subject to a moratorium or for which fishing is prohibited;

(e) using prohibited fishing gear;

(f) falsifying or concealing the markings, identity or registration of a fishing vessel;

(g) concealing, tampering with or disposing of evidence relating to an investigation;

(h) multiple violations which together constitute a serious disregard of conservation and management measures; or

(i) such other violations as may be specified in procedures established by the relevant subregional or regional fisheries management organization or arrangement.

12. Þrátt fyrir önnur ákvæði þessarar greinar getur fánaríkið hvenær sem er gripið til aðgerða til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt 19. gr. að því er varðar meint brot. Sé skipið undir stjórn eftirlitsríkisins er eftirlitsríkinu skylt, að beiðni fánaríkisins, að láta skipið af hendi til fánaríkisins ásamt ítarlegum upplýsingum um framvindu og niðurstöðu rannsóknar þess.

13. Grein þessi skerðir ekki rétt fánaríkisins til að grípa til allra ráðstafana sem landslög heimila, þ.m.t. að höfða refsimál.

14. Grein þessi á að breyttu breytanda við um uppgöngu á skip og skoðun af hálfu aðildarríkis sem er aðili að veiðistjórnarstofnun eða þátttakandi í veiðistjórnarfyrirkomulagi á undirsvæði eða svæði og hefur augljósa ástæðu til að ætla að fiskiskip er siglir undir fána annars aðildarríkis hafi tekið þátt í athöfnum, sem fara í bága við viðkomandi verndunar- og stjórnunarráðstafanir er getið er í 1. tl., á því úthafssvæði sem stofnunin eða fyrirkomulagið nær til, og skipið hefur síðar í sömu veiðiferð farið inn í lögsögu eftirlitsríkisins.

15. Þegar komið hefur verið á öðru kerfi, af hálfu veiðistjórnarstofnunar eða samkvæmt veiðistjórnarfyrirkomulagi á undirsvæði eða svæði, sem fullnægir skyldu aðila að stofnuninni eða þátttakenda í fyrirkomulaginu samkvæmt samningi þessum til að tryggja að farið sé eftir verndunar- og stjórnunarráðstöfunum, er stofnunin eða þátttakendur í fyrirkomulaginu hafa ákveðið, geta aðilar að stofnuninni eða þátttakendur í fyrirkomulaginu komið sér saman um að takmarka beitingu 1. tl. sín á milli að því er varðar verndunar- og stjórnunarráðstafanir sem ákveðnar hafa verið fyrir viðkomandi úthafssvæði.

16. Aðgerðir, sem önnur ríki en fánaríkið grípa til gagnvart skipum er tekið hafa þátt í athöfnum sem fara í bága við verndunar- og stjórnunarráðstafanir fyrir undirsvæði eða svæði, skulu vera í réttu hlutfalli við alvarleika brotsins.

17. Ef rökstuddur grunur leikur á því að fiskiskip á úthafinu sé án þjóðernis er ríki heimilt að láta fara um borð í skipið og skoða það. Ef sannanir réttlæta getur ríkið gripið til viðeigandi aðgerða samkvæmt þjóðarétti.

12. Notwithstanding the other provisions of this article, the flag State may, at any time, take action to fulfil its obligations under article 19 with respect to an alleged violation. Where the vessel is under the direction of the inspecting State, the inspecting State shall, at the request of the flag State, release the vessel to the flag State along with full information on the progress and outcome of its investigation.

13. This article is without prejudice to the right of the flag State to take any measures, including proceedings to impose penalties, according to its laws.

14. This article applies *mutatis mutandis* to boarding and inspection by a State Party which is a member of a subregional or regional fisheries management organization or a participant in a subregional or regional fisheries management arrangement and which has clear grounds for believing that a fishing vessel flying the flag of another State Party has engaged in any activity contrary to relevant conservation and management measures referred to in paragraph 1 in the high seas area covered by such organization or arrangement, and such vessel has subsequently, during the same fishing trip, entered into an area under the national jurisdiction of the inspecting State.

15. Where a subregional or regional fisheries management organization or arrangement has established an alternative mechanism which effectively discharges the obligation under this Agreement of its members or participants to ensure compliance with the conservation and management measures established by the organization or arrangement, members of such organization or participants in such arrangement may agree to limit the application of paragraph 1 as between themselves in respect of the conservation and management measures which have been established in the relevant high seas area.

16. Action taken by States other than the flag State in respect of vessels having engaged in activities contrary to subregional or regional conservation and management measures shall be proportionate to the seriousness of the violation.

17. Where there are reasonable grounds for suspecting that a fishing vessel on the high seas is without nationality, a State may board and inspect the vessel. Where evidence so warrants, the State may take such action as may be appropriate in accordance with international law.

18. Ríki skulu bera ábyrgð á skaða eða tjóni, sem rekja má til þeirra og leiðir af aðgerðum samkvæmt þessari grein, þegar þessar aðgerðir eru ólöglegar eða ganga lengra en réttmæt þörf er á, með tilliti til fyrirliggjandi upplýsinga, til að hrinda ákvæðum þessarar greinar í framkvæmd.

18. States shall be liable for damage or loss attributable to them arising from action taken pursuant to this article when such action is unlawful or exceeds that reasonably required in the light of available information to implement the provisions of this article.

22. gr.

Grundvallarreglur um uppgöngu á skip og skoðun samkvæmt 21. gr.

1. Eftirlitsríkið skal sjá til þess að löggiltir eftirlitsmenn þess:

a) sýni skipstjóra skilríki og láti í té endurrit texta viðeigandi verndunar- og stjórnunarráðstafana eða þeirra reglna sem gilda samkvæmt þessum ráðstöfunum á því úthafssvæði sem um er að ræða;

b) sendi fánaríkinu tilkynningu þegar farið er um borð í skip og skoðun framkvæmd;

c) hindri ekki að skipstjórinn hafi samband við yfirvöld fánaríkisins meðan á uppgöngu á skip og skoðun stendur;

d) láti skipstjóranum og yfirvöldum fánaríkisins í té endurrit skýrslu um uppgönguna á skipið og skoðunina þar sem fram koma mótmæli eða yfirlýsingar sem skipstjórinn óskar að getið verði í skýrslunni;

e) yfirgefi skipið þegar að lokinni skoðun finni þeir engar sannanir um alvarlegt brot; og

f) forðist valdbeitingu nema þegar og í þeim mæli sem nauðsynlegt er til að tryggja öryggi eftirlitsmannanna og ef þeir eru hindraðir við framkvæmd skyldustarfa sinna. Ekki skal beita meira valdi en réttmæt þörf er á miðað við aðstæður.

2. Löggiltum eftirlitsmönnum eftirlitsríkis skal heimilt að skoða skipið, leyfi þess, veiðarfæri, tækjabúnað, skrár, aðstöðu um borð, afla og fiskafurðir og öll skjöl sem máli skipta og nauðsynleg eru til að ganga úr skugga um hvort farið sé eftir viðeigandi verndunar- og stjórnunarráðstöfunum.

3. Fánaríkið skal sjá til þess að skipstjórar:

a) samþykki og geri eftirlitsmönnum kleift að koma um borð í skip með skjótum og öruggum hætti;

b) starfi með og aðstoði við skoðun skipsins sem fram fer samkvæmt þessum reglum;

c) hindri ekki eftirlitsmenn, ógni þeim eða trufli þá við framkvæmd skyldustarfa þeirra;

Article 22

Basic procedures for boarding and inspection pursuant to article 21

1. The inspecting State shall ensure that its duly authorized inspectors:

(a) present credentials to the master of the vessel and produce a copy of the text of the relevant conservation and management measures or rules and regulations in force in the high seas area in question pursuant to those measures;

(b) initiate notice to the flag State at the time of the boarding and inspection;

(c) do not interfere with the master's ability to communicate with the authorities of the flag State during the boarding and inspection;

(d) provide a copy of a report on the boarding and inspection to the master and to the authorities of the flag State, noting therein any objection or statement which the master wishes to have included in the report;

(e) promptly leave the vessel following completion of the inspection if they find no evidence of a serious violation; and

(f) avoid the use of force except when and to the degree necessary to ensure the safety of the inspectors and where the inspectors are obstructed in the execution of their duties. The degree of force used shall not exceed that reasonably required in the circumstances.

2. The duly authorized inspectors of an inspecting State shall have the authority to inspect the vessel, its licence, gear, equipment, records, facilities, fish and fish products and any relevant documents necessary to verify compliance with the relevant conservation and management measures.

3. The flag State shall ensure that vessel masters:

(a) accept and facilitate prompt and safe boarding by the inspectors;

(b) cooperate with and assist in the inspection of the vessel conducted pursuant to these procedures;

(c) do not obstruct, intimidate or interfere with the inspectors in the performance of their duties;

d) leyfi eftirlitsmönnum að hafa samband við yfirvöld fánaríkisins og eftirlitsríkisins meðan á uppgöngu á skip og skoðun stendur;

e) sjái eftirlitsmönnum fyrir hæfilegri aðstöðu, þ. á m. fæði og vistarverum þar sem við á; og

f) geri eftirlitsmönnum kleift að fara örugglega frá borði.

4. Neiti skipstjóri að samþykkja uppgöngu á skip og skoðun samkvæmt þessari grein og 21. gr. skal fánaríkið, nema við aðstæður þar sem nauðsynlegt er samkvæmt almennt viðurkenndum alþjóðlegum reglum og starfsháttum um öryggi á sjó að fresta uppgöngu á skipið og skoðun, skipa skipstjóranum að gangast þegar í stað undir uppgöngu á skipið og skoðun og skal, hlýði skipstjórinn ekki skipuninni, svipta skipið veiðileyfi og skipa því að snúa þegar í stað til hafnar. Fánaríkið skal tilkynna eftirlitsríkinu til hvaða aðgerða það hefur gripið við þær aðstæður sem getið er í þessum tölulið.

(d) allow the inspectors to communicate with the authorities of the flag State and the inspecting State during the boarding and inspection;

(e) provide reasonable facilities, including, where appropriate, food and accommodation, to the inspectors; and

(f) facilitate safe disembarkation by the inspectors.

4. In the event that the master of a vessel refuses to accept boarding and inspection in accordance with this article and article 21, the flag State shall, except in circumstances where, in accordance with generally accepted international regulations, procedures and practices relating to safety at sea, it is necessary to delay the boarding and inspection, direct the master of the vessel to submit immediately to boarding and inspection and, if the master does not comply with such direction, shall suspend the vessel's authorization to fish and order the vessel to return immediately to port. The flag State shall advise the inspecting State of the action it has taken when the circumstances referred to in this paragraph arise.

23. gr.

Ráðstafanir gerðar af hafnríki.

1. Hafnríki er rétt og skylt að gera ráðstafanir samkvæmt þjóðarétti til að auka áhrif verndunar- og stjórnunarráðstafana sem samþykktar hafa verið fyrir undirsvæði, svæði eða heiminn. Hafnríki ber að gæta þess að slíkar ráðstafanir mismuni ekki skipum neinna ríkja, hvorki í orði né á borði.

2. Hafnríki er m.a. heimilt að skoða skjöl, veiðarfæri og afla um borð í fiskiskipum þegar slík skip eru ótilneydd í höfnum þess eða á stöðvum undan ströndum þess.

3. Ríki geta sett reglur, sem heimila viðeigandi yfirvöldum þeirra að banna löndun og umskipun, ef sýnt hefur verið fram á að aflinn hefur verið veiddur með þeim hætti er grefur undan áhrifum verndunar- og stjórnunarráðstafana, sem samþykktar hafa verið fyrir undirsvæði, svæði eða heiminn, á úthafinu.

4. Ekkert í þessari grein hefur áhrif á beitingu ríkja á fullveldisrétti sínum að þjóðarétti yfir höfnum á yfirráðasvæði sínu.

Article 23

Measures taken by a port State

1. A port State has the right and the duty to take measures, in accordance with international law, to promote the effectiveness of subregional, regional and global conservation and management measures. When taking such measures a port State shall not discriminate in form or in fact against the vessels of any State.

2. A port State may, *inter alia,* inspect documents, fishing gear and catch on board fishing vessels, when such vessels are voluntarily in its ports or at its offshore terminals.

3. States may adopt regulations empowering the relevant national authorities to prohibit landings and transshipments where it has been established that the catch has been taken in a manner which undermines the effectiveness of subregional, regional or global conservation and management measures on the high seas.

4. Nothing in this article affects the exercise by States of their sovereignty over ports in their territory in accordance with international law.

VII. HLUTI
Þarfir þróunarríkja.

24. gr.
Viðurkenning á sérþörfum þróunarríkja.

1. Ríki skulu viðurkenna að fullu sérþarfir þróunarríkja að því er varðar verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna, stjórnun veiða úr þeim og þróun slíkra veiða. Í þessu skyni skulu ríki veita þróunarríkjum aðstoð, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og annarra sérstofnana, Alþjóðaumhverfisfjármögnunarsjóðsins, nefndar Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og annarra viðeigandi alþjóðlegra og svæðisbundinna stofnana og nefnda.

2. Þegar ríki rækja skyldu sína til að starfa saman að því að ákveða verndunar- og stjórnunarráðstafanir vegna deilistofna og víðförulla fiskstofna skulu þau taka tillit til sérþarfa þróunarríkja, einkum:

a) viðkvæmrar stöðu þróunarríkja sem háð eru hagnýtingu lifandi auðlinda hafsins, m.a. til að fullnægja næringarþörf íbúa þeirra eða hluta þeirra;

b) nauðsynjar þess að raska ekki né hindra sjálfsþurftarveiðar, veiðar sem eru smáar í sniðum, óvélvæddar veiðar og veiðar fiskikvenna né veiðar frumbyggja í þróunarríkjum, einkum smáum eyríkjum; og

c) nauðsynjar þess að tryggja að þessar ráðstafanir leiði ekki beint eða óbeint til þess að lagðar séu óhóflegar byrðar á þróunarríki vegna verndunaraðgerða.

25. gr.
Form samstarfs við þróunarríki.

1. Ríki skulu starfa saman, annaðhvort beint eða á vettvangi stofnana, sem ná til undirsvæða, svæða eða heimsins, að því að:

a) auka getu þróunarríkja, einkum þeirra sem vanþróuðust eru og smárra eyríkja, til að vernda deilistofna og víðförula fiskstofna, stjórna veiðum úr þeim og þróa þeirra eigin veiðar úr þessum stofnum;

b) aðstoða þróunarríki, einkum þau sem vanþróuðust eru og smá eyríki, til að gera þeim

PART VII
Requirements of developing States

Article 24
Recognition of the special requirements of developing States

1. States shall give full recognition to the special requirements of developing States in relation to conservation and management of straddling fish stocks and highly migratory fish stocks and development of fisheries for such stocks. To this end, States shall, either directly or through the United Nations Development Programme, the Food and Agriculture Organization of the United Nations and other specialized agencies, the Global Environment Facility, the Commission on Sustainable Development and other appropriate international and regional organizations and bodies, provide assistance to developing States.

2. In giving effect to the duty to cooperate in the establishment of conservation and management measures for straddling fish stocks and highly migratory fish stocks, States shall take into account the special requirements of developing States, in particular:

(a) the vulnerability of developing States which are dependent on the exploitation of living marine resources, including for meeting the nutritional requirements of their population or parts thereof;

(b) the need to avoid adverse impacts on, and ensure access to fisheries by, subsistence, small-scale and artisanal fishers and women fishworkers, as well as indigenous people in developing States, particularly small island developing States; and

(c) the need to ensure that such measures do not result in transferring, directly or indirectly, a disproportionate burden of conservation action onto developing States.

Article 25
Forms of cooperation with developing States

1. States shall cooperate, either directly or through subregional, regional or global organizations:

(a) to enhance the ability of developing States, in particular the least-developed among them and small island developing States, to conserve and manage straddling fish stocks and highly migratory fish stocks and to develop their own fisheries for such stocks;

(b) to assist developing States, in particular the least-developed among them and small

kleift að taka þátt í veiðum úr þessum stofnum á úthafinu, þ. á m. greiða fyrir aðgangi að slíkum veiðum, samanber þó 5. og 11. gr.; og

c) greiða fyrir aðild þróunarríkja að veiðistjórnarstofnunum og þátttöku þeirra í veiðistjórnarfyrirkomulagi á undirsvæðum og svæðum.

2. Samstarf við þróunarríki í þeim tilgangi, sem lýst er í þessari grein, skal m.a. fela það í sér að veita fjárhagslega aðstoð, aðstoð varðandi þróun mannauðs, tæknilega aðstoð og ráðgjafarþjónustu og miðla tækni, þ.á m. með samningum um sameiginleg verkefni.

3. Slík aðstoð skal m.a. beinast sérstaklega að:

a) aukinni verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og bættri stjórnun veiða úr þeim með gagnasöfnun, gerð gagnaskýrslna og sannprófun, skiptum og greiningu á veiðigögnum og tengdum upplýsingum;

b) stofnmati og vísindarannsóknum; og

c) gæslu, eftirliti, hlýðni og framfylgd, þ. á m. þjálfun og fræðslu til að auka staðbundna getu, þróun og fjármögnun innlendra og svæðisbundinna eftirlitskerfa og aðgangi að tækni og tækjum.

26. gr.

Sérstök aðstoð við framkvæmd þessa samnings.

1. Ríki skulu í sameiningu koma upp sérstökum sjóðum til að aðstoða þróunarríki við framkvæmd þessa samnings, m.a. aðstoða þróunarríki við að mæta kostnaði vegna málaferla til lausnar deilumála sem þau eru aðilar að.

2. Ríki og alþjóðastofnanir ættu að aðstoða þróunarríki við að koma á fót nýjum veiðistjórnarstofnunum eða -fyrirkomulagi á undirsvæðum eða svæðum ellegar við að efla stofnanir eða fyrirkomulag, sem fyrir er, fyrir verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim.

island developing States, to enable them to participate in high seas fisheries for such stocks, including facilitating access to such fisheries subject to articles 5 and 11; and

(c) to facilitate the participation of developing States in subregional and regional fisheries management organizations and arrangements.

2. Cooperation with developing States for the purposes set out in this article shall include the provision of financial assistance, assistance relating to human resources development, technical assistance, transfer of technology, including through joint venture arrangements, and advisory and consultative services.

3. Such assistance shall, *inter alia,* be directed specifically towards:

(a) improved conservation and management of straddling fish stocks and highly migratory fish stocks through collection, reporting, verification, exchange and analysis of fisheries data and related information;

(b) stock assessment and scientific research; and

(c) monitoring, control, surveillance, compliance and enforcement, including training and capacity-building at the local level, development and funding of national and regional observer programmes and access to technology and equipment.

Article 26

Special assistance in the implementation of this Agreement

1. States shall cooperate to establish special funds to assist developing States in the implementation of this Agreement, including assisting developing States to meet the costs involved in any proceedings for the settlement of disputes to which they may be parties.

2. States and international organizations should assist developing States in establishing new subregional or regional fisheries management organizations or arrangements, or in strengthening existing organizations or arrangements, for the conservation and management of straddling fish stocks and highly migratory fish stocks.

VIII. HLUTI
Friðsamleg lausn deilumála.

27. gr.
Skylda til að leysa deilumál á friðsamlegan hátt.

Ríkjum er skylt að leysa deilumál sín með samningum, rannsókn, miðlun, sáttaumleitun, gerðardómi, dómsúrskurði, afnotum svæðisbundinna stofnana eða fyrirkomulags eða með öðrum friðsamlegum aðferðum að eigin vali.

28. gr.
Komið í veg fyrir deilumál.

Ríki skulu starfa saman til þess að koma í veg fyrir að deilumál rísi. Í þessu skyni skulu ríki koma sér saman um skilvirkar og skjótar aðferðir við ákvarðanatöku innan veiðistjórnarstofnana og samkvæmt veiðistjórnarfyrirkomulagi á undirsvæðum og svæðum og gera þær aðferðir, sem fyrir hendi eru, skilvirkari eftir þörfum.

29. gr.
Deilumál tæknilegs eðlis.

Þegar deilumál varðar efni, sem er tæknilegs eðlis, geta hlutaðeigandi ríki lagt deilumálið fyrir nefnd sérfræðinga sem þau skipa til að fjalla um þetta tiltekna mál. Nefndin skal ráðfæra sig við hlutaðeigandi ríki og leitast við að leysa deilumálið með skjótum hætti án þess að grípa til bindandi málsmeðferðar til lausnar deilumála.

30. gr.
Málsmeðferð til lausnar deilumála.

1. Ákvæðin um lausn deilumála, sem sett eru fram í XV. hluta hafréttarsamningsins, gilda að breyttu breytanda um deilumál milli aðildarríkja samnings þessa um túlkun eða beitingu þessa samnings, hvort sem þau eru jafnframt aðilar að hafréttarsamningnum eður ei.

2. Ákvæðin um lausn deilumála, sem sett eru fram í XV. hluta hafréttarsamningsins, gilda að breyttu breytanda um deilumál milli aðildarríkja samnings þessa um túlkun eða beitingu fiskveiðisamnings fyrir undirsvæði, svæði eða heiminn um deilistofna eða víðförula fiskstofna sem þau eru aðilar að, m.a. um deilumál um verndun þessara stofna og stjórnun veiða úr þeim, hvort sem þau eru jafnframt aðilar að hafréttarsamningnum eður ei.

3. Sérhver málsmeðferð, sem aðildarríki að samningi þessum og hafréttarsamningnum hefur

PART VIII
Peaceful settlement of disputes

Article 27
Obligation to settle disputes by peaceful means

States have the obligation to settle their disputes by negotiation, inquiry, meditation, conciliation, arbitration, judicial settlement, resort to regional agencies or arrangements, or other peaceful means of their own choice.

Article 28
Prevention of disputes

States shall cooperate in order to prevent disputes. To this end, States shall agree on efficient and expeditious decision-making procedures within subregional and regional fisheries management organizations and arrangements and shall strengthen existing decision-making procedures as necessary.

Article 29
Disputes of a technical nature

Where a dispute concerns a matter of a technical nature, the States concerned may refer the dispute to an ad hoc expert panel established by them. The panel shall confer with the States concerned and shall endeavour to resolve the dispute expeditiously without recourse to binding procedures for the settlement of disputes.

Article 30
Procedures for the settlement of disputes

1. The provisions relating to the settlement of disputes set out in Part XV of the Convention apply *mutatis mutandis* to any dispute between States Parties to this Agreement concerning the interpretation or application of this Agreement, whether or not they are also Parties to the Convention.

2. The provisions relating to the settlement of disputes set out in Part XV of the Convention apply *mutatis mutandis* to any dispute between States Parties to this Agreement concerning the interpretation or application of a subregional, regional or global fisheries agreement relating to straddling fish stocks or highly migratory fish stocks to which they are parties, including any dispute concerning the conservation and management of such stocks, whether or not they are also Parties to the Convention.

3. Any procedure accepted by a State Party to this Agreement and the Convention pursuant to

viðurkennt samkvæmt 287. gr. hafréttarsamningsins, skal gilda um lausn deilumála samkvæmt þessum hluta nema þetta aðildarríki hafi, þegar það undirritaði, fullgilti eða gerðist aðili að samningi þessum eða hvenær sem er eftir það, viðurkennt aðra málsmeðferð samkvæmt 287. gr. til lausnar deilumála samkvæmt þessum hluta.

4. Aðildarríki að samningi þessum, sem ekki er aðili að hafréttarsamningnum, skal heimilt, þegar það undirritar, fullgildir eða gerist aðili að samningi þessum eða hvenær sem er eftir það, að velja með skriflegri yfirlýsingu eina eða fleiri þeirra aðferða, sem lýst er í 1. tl. 287. gr. hafréttarsamningsins, til lausnar deilumála samkvæmt þessum hluta. Ákvæði 287. gr. skulu gilda um slíka yfirlýsingu svo og um öll deilumál sem slíkt ríki er aðili að og gildandi yfirlýsing nær ekki til. Að því er varðar sátt og gerð samkvæmt V., VII. og VIII. viðauka við hafréttarsamninginn skal slíku ríki heimilt að tilnefna sáttarmenn, gerðarmenn og sérfræðinga, sem bæta skal við í skrár þær sem getið er í 2. gr. V. viðauka, 2. gr. VII. viðauka og 2. gr. VIII. viðauka, fyrir lausn deilumála samkvæmt þessum hluta.

5. Dómstóll eða dómur, sem deilumál hefur verið lagt fyrir samkvæmt þessum hluta, skal beita viðeigandi ákvæðum hafréttarsamningsins, samnings þessa og annarra viðeigandi fiskveiðisamninga fyrir undirsvæði, svæði eða heiminn, svo og almennt viðurkenndum reglum um verndun lifandi auðlinda hafsins og stjórnun veiða á þeim og öðrum reglum þjóðaréttar sem ekki eru ósamþýðanlegar hafréttarsamningnum, með það fyrir augum að tryggja verndun viðkomandi deilistofna og víðförulla fiskstofna.

article 287 of the Convention shall apply to the settlement of disputes under this Part, unless that State Party, when signing, ratifying or acceding to this Agreement, or at any time thereafter, has accepted another procedure pursuant to article 287 for the settlement of disputes under this Part.

4. A State Party to this Agreement which is not a Party to the Convention, when signing, ratifying or acceding to this Agreement, or at any time thereafter, shall be free to choose, by means of a written declaration, one or more of the means set out in article 287, paragraph 1, of the Convention for the settlement of disputes under this Part. Article 287 shall apply to such a declaration, as well as to any dispute to which such State is a party which is not covered by a declaration in force. For the purposes of conciliation and arbitration in accordance with Annexes V, VII and VIII to the Convention, such State shall be entitled to nominate conciliators, arbitrators and experts to be included in the lists referred to in Annex V, article 2, Annex VII, article 2, and Annex VIII, article 2, for the settlement of disputes under this Part.

5. Any court or tribunal to which a dispute has been submitted under this Part shall apply the relevant provisions of the Convention, of this Agreement and of any relevant subregional, regional or global fisheries agreement, as well as generally accepted standards for the conservation and management of living marine resources and other rules of international law not incompatible with the Convention, with a view to ensuring the conservation of the straddling fish stocks and highly migratory fish stocks concerned.

31. gr.

Ráðstafanir til bráðabirgða.

1. Meðan reynt er að leysa deilumál samkvæmt þessum hluta skulu aðilar deilumálsins gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma á nothæfu fyrirkomulagi til bráðabirgða.

2. Með fyrirvara um 290. gr. hafréttarsamningsins getur dómstóllinn eða dómurinn, sem deilumálið hefur verið lagt fyrir samkvæmt þessum hluta, mælt fyrir um ráðstafanir til bráðabirgða sem hann telur viðeigandi miðað við aðstæður til að vernda réttindi aðila deilumálsins hvers um sig eða til að koma í veg fyrir skaða á viðkomandi stofnum, svo og við þær aðstæður sem getið er í 5. tl. 7. gr. og 2. tl. 16. gr.

Article 31

Provisional measures

1. Pending the settlement of a dispute in accordance with this Part, the parties to the dispute shall make every effort to enter into provisional arrangements of a practical nature.

2. Without prejudice to article 290 of the Convention, the court or tribunal to which the dispute has been submitted under this Part may prescribe any provisional measures which it considers appropriate under the circumstances to preserve the respective rights of the parties to the dispute or to prevent damage to the stocks in question, as well as in the circumstances referred to in article 7, paragraph 5, and article 16, paragraph 2.

3. Aðildarríki að samningi þessum, sem er ekki aðili að hafréttarsamningnum, getur lýst því yfir að þrátt fyrir 5. tl. 290. gr. hafréttarsamningsins skuli Alþjóðlega hafréttardóminum ekki heimilt að mæla fyrir um ráðstafanir til bráðabirgða, breyta þeim eða afturkalla þær án samþykkis þess ríkis.

32. gr.
Takmarkanir á gildissviði málsmeðferðar til lausnar deilumála.

Ákvæði 3. tl. 297. gr. hafréttarsamningsins ná einnig til samnings þessa.

IX. HLUTI
Ríki sem ekki eru aðilar að samningi þessum.

33. gr.
Ríki sem ekki eru aðilar að samningi þessum.

1. Aðildarríki skulu hvetja ríki, sem ekki eru aðilar að samningi þessum, til að gerast aðilar að honum og til að setja lög og reglur í samræmi við ákvæði hans.
2. Aðildarríki skulu gera ráðstafanir í samræmi við samning þennan og þjóðarétt til að hindra skip, er sigla undir fána ríkja sem ekki eru aðilar að samningi þessum, í að gera nokkuð það sem grefur undan virkri framkvæmd samningsins.

X. HLUTI
Trúnaður og misbeiting réttinda.

34. gr.
Trúnaður og misbeiting réttinda.

Aðildarríki skulu rækja skyldur sínar samkvæmt samningi þessum af trúnaði og beita réttindunum sem viðurkennd eru í samningi þessum þannig að ekki komi til misbeitingar réttar.

XI. HLUTI
Skylda og ábyrgð.

35. gr.
Skylda og ábyrgð.

Aðildarríki bera ábyrgð samkvæmt þjóðarétti vegna skaða eða tjóns sem samningur þessi nær til og rekja má til þeirra.

XII. HLUTI
Endurskoðunarráðstefna.

36. gr.
Endurskoðunarráðstefna.

1. Þegar fjögur ár eru liðin frá gildistökudegi samnings þessa skal aðalframkvæmdastjóri

3. A State Party to this Agreement which is not a Party to the Convention may declare that, notwithstanding article 290, paragraph 5, of the Convention, the International Tribunal for the Law of the Sea shall not be entitled to prescribe, modify or revoke provisional measures without the agreement of such State.

Article 32
Limitations on applicability of procedures for the settlement of disputes

Article 297, paragraph 3, of the Convention applies also to this Agreement.

PART IX
Non-parties to this Agreement

Article 33
Non-parties to this Agreement

1. States Parties shall encourage non-parties to this Agreement to become parties thereto and to adopt laws and regulations consistent with its provisions.
2. States Parties shall take measures consistent with this Agreement and international law to deter the activities of vessels flying the flag of non-parties which undermine the effective implementation of this Agreement.

PART X
Good faith and abuse of rights

Article 34
Good faith and abuse of rights

States Parties shall fulfil in good faith the obligations assumed under this Agreement and shall exercise the rights recognized in this Agreement in a manner which would not constitute an abuse of right.

PART XI
Responsibility and liability

Article 35
Responsibility and liability

States Parties are liable in accordance with international law for damage or loss attributable to them in regard to this Agreement.

PART XII
Review conference

Article 36
Review conference

1. Four years after the date of entry into force of this Agreement, the Secretary-General of the

Sameinuðu þjóðanna boða til ráðstefnu með það fyrir augum að meta árangur samnings þessa við að tryggja verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim. Aðalframkvæmdastjórinn skal bjóða til ráðstefnunnar öllum aðildarríkjum og þeim ríkjum og aðilum sem heimilt er að gerast aðilar að samningnum, svo og þeim milliríkjastofnunum og félagasamtökum sem eiga rétt til þátttöku sem áheyrnaraðilar.

2. Ráðstefnan skal endurskoða og meta þann árangur sem náðst hefur með samningi þessum og, ef þörf krefur, gera tillögur um hvernig styrkja megi samningsákvæðin sjálf og aðferðirnar við framkvæmd þeirra til þess að taka betur á óleystum vandamálum við verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim.

United Nations shall convene a conference with a view to assessing the effectiveness of this Agreement in securing the conservation and management of straddling fish stocks and highly migratory fish stocks. The Secretary-General shall invite to the conference all States Parties and those States and entities which are entitled to become parties to this Agreement as well as those intergovernmental and non-governmental organizations entitled to participate as observers.
2. The conference shall review and assess the adequacy of the provisions of this Agreement and, if necessary, propose means of strengthening the substance and methods of implementation of those provisions in order better to address any continuing problems in the conservation and management of straddling fish stocks and highly migratory fish stocks.

XIII. HLUTI
Lokaákvæði.

37. gr.
Undirritun.

Öllum ríkjum og þeim aðilum, sem getið er í b-lið 2. tl. 1. gr., skal heimilt að undirrita samning þennan og skal hann liggja frammi til undirritunar um 12 mánaða skeið frá og með 4. desember 1995 í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna.

38. gr.
Fullgilding.

Samningur þessi er háður fullgildingu ríkja og aðilanna sem getið er í b-lið 2. tl. 1. gr. Fullgildingarskjölum skal koma í vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

39. gr.
Aðild.

Ríkjum og aðilunum, sem getið er í b-lið 2. tl. 1. gr., skal heimilt að gerast aðilar að samningi þessum. Aðildarskjölum skal koma í vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

40. gr.
Gildistaka.

1. Samningur þessi skal ganga í gildi 30 dögum eftir þann dag er þrítugasta fullgildingar- eða aðildarskjalinu hefur verið komið í vörslu.
2. Gagnvart sérhverju ríki eða aðila, sem fullgildir eða gerist aðili að samningi þessum eftir

PART XIII
Final provisions

Article 37
Signature

This Agreement shall be open for signature by all States and the other entitities referred to in article 1, paragraph 2(b), and shall remain open for signature at United Nations Headquarters for twelve months from the fourth of December 1995.

Article 38
Ratification

This Agreement is subject to ratification by States and the other entitities referred to in article 1, paragraph 2(b). The instruments of ratification shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

Article 39
Accession

This Agreement shall remain open for accession by States and the other entitities referred to in article 1, paragraph 2(b). The instruments of accession shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

Article 40
Entry into force

1. This Agreement shall enter into force 30 days after the date of deposit of the thirtieth instrument of ratification or accession.
2. For each State or entity which ratifies the Agreement or accedes thereto after the deposit

að þrítugasta fullgildingar- eða aðildarskjalinu hefur verið komið í vörslu, skal samningurinn ganga í gildi á þrítugasta degi eftir að fullgildingar- eða aðildarskjali þess hefur verið komið í vörslu.

41. gr.
Beiting til bráðabirgða.

1. Samningi þessum skal beitt til bráðabirgða af ríki eða aðila sem samþykkir það og tilkynnir vörsluaðilanum um það skriflega. Slík beiting til bráðabirgða skal koma til framkvæmda frá og með móttökudegi tilkynningarinnar.

2. Beitingu samningsins til bráðabirgða af hálfu ríkis eða aðila skal lokið þegar hann gengur í gildi gagnvart ríkinu eða aðilanum ellegar þegar ríkið eða aðilinn hefur tilkynnt vörsluaðilanum skriflega um áform þess eða hans um að hætta að beita samningnum til bráðabirgða.

42. gr.
Fyrirvarar og undantekningar.

Ekki má gera nokkra fyrirvara við né undantekningar frá samningi þessum.

43. gr.
Yfirlýsingar og athugasemdir.

Ákvæði 42. gr. er því ekki til fyrirstöðu að ríki eða aðili, þegar það eða hann undirritar, fullgildir eða gerist aðili að samningi þessum, gefi yfirlýsingar eða geri athugasemdir hversu svo sem þær eru orðaðar eða kallaðar, m.a. í því skyni að samræma lög og reglur sínar ákvæðum samnings þessa, enda sé þessum yfirlýsingum eða athugasemdum ekki ætlað að girða fyrir né breyta réttaráhrifum ákvæða samningsins þegar þeim er beitt gagnvart því ríki eða þeim aðila.

44. gr.
Tengsl við aðra samninga.

1. Samningur þessi skal ekki breyta réttindum og skyldum aðildarríkja er eiga rætur að rekja til annarra samninga sem eru í samræmi við samning þennan og hafa ekki áhrif á beitingu annarra aðildarríkja á réttindum sínum né rækslu þeirra á skyldum sínum samkvæmt samningi þessum.

2. Tvö eða fleiri aðildarríki mega gera samninga sem breyta eða fresta framkvæmd ákvæða samnings þessa og gilda einvörðungu í samskiptum þeirra á milli, með þeim skilyrðum að þessir samningar snerti ekki ákvæði sem takmörkun á væri ósamrýmanleg virkri framkvæmd

of the thirtieth instrument of ratification or accession, this Agreement shall enter into force on the thirtieth day following the deposit of its instrument of ratification or accession.

Article 41
Provisional application

1. This Agreement shall be applied provisionally by a State or entity which consents to its provisional application by so notifying the depositary in writing. Such provisional application shall become effective from the date of receipt of the notification.

2. Provisional application by a State or entity shall terminate upon the entry into force of this Agreement for that State or entity or upon notification by that State or entity to the depositary in writing of its intention to terminate provisional application.

Article 42
Reservations and exceptions

No reservations or exceptions may be made to this Agreement.

Article 43
Declarations and statements

Article 42 does not preclude a State or entity, when signing, ratifying or acceding to this Agreement, from making declarations or statements, however phrased or named, with a view, *inter alia*, to the harmonization of its laws and regulations with the provisions of this Agreement, provided that such declarations or statements do not purport to exclude or to modify the legal effect of the provisions of this Agreement in their application to that State or entity.

Article 44
Relation to other agreements

1. This Agreement shall not alter the rights and obligations of States Parties which arise from other agreements compatible with this Agreement and which do not affect the enjoyment by other States Parties of their rights or the performance of their obligations under this Agreement.

2. Two or more States Parties may conclude agreements modifying or suspending the operation of provisions of this Agreement, applicable solely to the relations between them, provided that such agreements do not relate to a provision derogation from which is incompatible with

marks og miðs samnings þessa, enn fremur að þessir samningar skuli ekki hafa áhrif á beitingu grundvallarreglnanna sem hann hefur að geyma og að ákvæði þessara samninga hafi ekki áhrif á beitingu annarra aðildarríkja á réttindum sínum né rækslu þeirra á skyldum sínum samkvæmt samningi þessum.

3. Ef aðildarríki hyggjast gera samning, sem getið er í 2. tl., skulu þau fyrir milligöngu vörsluaðila samnings þessa tilkynna hinum aðildarríkjunum þá ætlun sína að gera samninginn, svo og breytinguna eða frestunina sem hann kveður á um.

45. gr.
Breyting.

1. Aðildarríki getur með skriflegri orðsendingu, sem stíluð er á aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, gert tillögur um breytingar á samningi þessum og borið fram beiðni um boðun ráðstefnu til að athuga þessar breytingartillögur. Aðalframkvæmdastjórinn skal dreifa þessari orðsendingu til allra aðildarríkja. Ef eigi minna en helmingur aðildarríkjanna svarar beiðninni jákvætt innan sex mánaða frá dreifingardegi orðsendingarinnar skal aðalframkvæmdastjórinn boða til ráðstefnunnar.
2. Beita skal sömu aðferð við ákvarðanatöku á breytingaráðstefnunni, sem boðað er til samkvæmt 1. tl., og beitt var á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um deilistofna og víðförula fiskstofna, nema ráðstefnan ákveði annað. Ráðstefnan ætti að gera allt sem í hennar valdi stendur til að ná samkomulagi um breytingar samhljóða og ætti engin atkvæðagreiðsla að fara fram um þær fyrr en reynt hefur verið til þrautar að taka samhljóða ákvörðun.

3. Þegar breytingar á samningi þessum hafa verið samþykktar skulu þær liggja frammi til undirritunar af hálfu aðildarríkja um 12 mánaða skeið frá samþykktardegi í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna, nema kveðið sé á um annað í breytingunni sjálfri.
4. Ákvæði 38., 39., 47. og 50. gr. gilda um allar breytingar á samningi þessum.
5. Breytingar á samningi þessum skulu ganga í gildi gagnvart aðildarríkjunum, sem fullgilda þær eða gerast aðilar að þeim, á þrítugasta degi eftir að tveir þriðju hlutar aðildarríkjanna hafa komið fullgildingar- eða aðildarskjölum í vörslu. Eftir það skal breytingin, gagnvart sérhverju aðildarríki sem fullgildir eða gerist aðili að

the effective execution of the object and purpose of this Agreement, and provided further that such agreements shall not affect the application of the basic principles embodied herein, and that the provisions of such agreements do not affect the enjoyment by other States Parties of their rights or the performance of their obligations under this Agreement.
3. States Parties intending to conclude an agreement referred to in paragraph 2 shall notify the other States Parties through the depositary of this Agreement of their intention to conclude the agreement and of the modification or suspension for which it provides.

Article 45
Amendment

1. A State Party may, by written communication addressed to the Secretary-General of the United Nations, propose amendments to this Agreement and request the convening of a conference to consider such proposed amendments. The Secretary-General shall circulate such communication to all States Parties. If, within six months from the date of the circulation of the communication, not less than one half of the States Parties reply favourably to the request, the Secretary-General shall convene the conference.
2. The decision-making procedure applicable at the amendment conference convened pursuant to paragraph 1 shall be the same as that applicable at the United Nations Conference on Straddling Fish Stocks and Highly Migratory Fish Stocks, unless otherwise decided by the conference. The conference should make every effort to reach agreement on any amendments by way of consensus and there should be no voting on them until all efforts at consensus have been exhausted.
3. Once adopted, amendments to this Agreement shall be open for signature at United Nations Headquarters by States Parties for twelve months from the date of adoption, unless otherwise provided in the amendment itself.

4. Articles 38, 39, 47 and 50 apply to all amendments to this Agreement.
5. Amendments to this Agreement shall enter into force for the States Parties ratifying or acceding to them on the thirtieth day following the deposit of instruments of ratification or accession by two thirds of the States Parties. Thereafter, for each State Party ratifying or acceding to an amendment after the deposit of the

breytingu eftir að tilskildum fjölda þessara skjala hefur verið komið í vörslu, ganga í gildi á þrítugasta degi eftir að fullgildingar- eða aðildarskjali þess hefur verið komið í vörslu.

6. Breyting getur kveðið á um að færri eða fleiri þurfi að fullgilda hana eða gerast aðilar að henni til þess að hún gangi í gildi en krafist er í þessari grein.

7. Ríki, sem verður aðili að samningi þessum eftir gildistöku breytinga samkvæmt 5. tl., skal, nema það lýsi vilja til annars:

a) teljast aðili að samningi þessum eins og honum hefur verið þannig breytt; og

b) teljast aðili að óbreyttum samningnum gagnvart aðildarríki sem er ekki bundið af breytingunni.

46. gr.

Uppsögn.

1. Aðildarríki getur með skriflegri tilkynningu, sem stíluð er á aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, sagt samningi þessum upp og getur fært fram rök sín. Misbrestur á að færa fram rök skal ekki hafa áhrif á gildi uppsagnarinnar. Uppsögnin skal öðlast gildi einu ári eftir móttökudag tilkynningarinnar, nema síðari dagur sé tiltekinn í tilkynningunni.

2. Uppsögnin skal ekki að nokkru leyti hafa áhrif á skyldu aðildarríkis til að standa við sérhverja skuldbindingu sem samningur þessi geymir ákvæði um og mundi hvíla á því samkvæmt þjóðarétti án tillits til samnings þessa.

47. gr.

Þátttaka alþjóðastofnana.

1. Í tilvikum, þar sem alþjóðastofnun, sem getið er í 1. gr. IX. viðauka við hafréttarsamninginn, hefur ekki vald í öllum málum innan ramma samnings þessa, skal IX. viðauki við hafréttarsamninginn gilda að breyttu breytanda um þátttöku þessarar alþjóðastofnunar í samningi þessum, nema hvað eftirfarandi ákvæði þessa viðauka skulu ekki gilda:

a) fyrsti málsliður 2. gr.; og

b) 1. tl. 3. gr.

2. Í tilvikum, þar sem alþjóðastofnun, sem getið er í 1. gr. IX. viðauka við hafréttarsamninginn, hefur vald í öllum málum innan ramma samnings þessa, skulu eftirfarandi ákvæði gilda um þátttöku þessarar alþjóðastofnunar í samningi þessum:

required number of such instruments, the amendment shall enter into force on the thirtieth day following the deposit of its instrument of ratification or accession.

6. An amendment may provide that a smaller or a larger number of ratifications or accessions shall be required for its entry into force than are required by this article.

7. A State which becomes a Party to this Agreement after the entry into force of amendments in accordance with paragraph 5 shall, failing an expression of a different intention by that State:

(a) be considered as a Party to this Agreement as so amended; and

(b) be considered as a Party to the unamended Agreement in relation to any State Party not bound by the amendment.

Article 46

Denunciation

1. A State Party may, by written notification addressed to the Secretary-General of the United Nations, denounce this Agreement and may indicate its reasons. Failure to indicate reasons shall not affect the validity of the denunciation. The denunciation shall take effect one year after the date of receipt of the notification, unless the notification specifies a later date.

2. The denunciation shall not in any way affect the duty of any State Party to fulfil any obligation embodied in this Agreement to which it would be subject under international law independently of this Agreement.

Article 47

Participation by international organizations

1. In cases where an international organization referred to in Annex IX, article 1, of the Convention does not have competence over all the matters governed by this Agreement, Annex IX to the Convention shall apply *mutatis mutandis* to participation by such international organization in this Agreement, except that the following provisions of that Annex shall not apply:

(a) article 2, first sentence; and

(b) article 3, paragraph 1.

2. In cases where an international organization referred to in Annex IX, article 1, of the Convention has competence over all the matters governed by this Agreement, the following provisions shall apply to participation by such international organization in this Agreement:

a) þegar alþjóðastofnunin undirritar samninginn eða verður aðili að honum skal hún gefa yfirlýsingu þar sem fram kemur:

i) að hún hafi vald í öllum málum innan ramma samnings þessa;

ii) að aðildarríki hennar skuli af þessari ástæðu ekki verða aðilar að samningi þessum, nema að því er varðar þau yfirráðasvæði þeirra sem alþjóðastofnunin ber enga ábyrgð á; og

iii) að hún viðurkenni réttindi og skyldur ríkja samkvæmt samningi þessum;

b) þátttaka alþjóðastofnunarinnar skal aldrei veita aðildarríkjum hennar réttindi samkvæmt samningi þessum;

c) ef árekstur verður milli skyldna alþjóðastofnunar samkvæmt samningi þessum og skyldna hennar samkvæmt stofnskrá hennar eða samþykktum, sem snerta hana, skulu skyldurnar samkvæmt samningi þessum ganga fyrir.

48. gr.
Viðaukar.

1. Viðaukarnir eru óaðskiljanlegur hluti samnings þessa og felur tilvísun til samnings þessa eða einhvers hluta hans í sér tilvísun til viðaukanna sem snerta hann nema skýrt sé kveðið á um annað.

2. Aðildarríkin geta endurskoðað viðaukana öðru hverju. Slík endurskoðun skal byggð á vísindalegum og tæknilegum sjónarmiðum. Þrátt fyrir ákvæði 45. gr. skal endurskoðaður hluti viðauka, ef hann er samþykktur samhljóða á fundi aðildarríkja, felldur inn í samning þennan og skal ganga í gildi á samþykktardegi hans eða öðrum þeim degi sem tiltekinn er í hinum endurskoðaða hluta viðauka. Ef endurskoðaður hluti viðauka er ekki samþykktur samhljóða á slíkum fundi skulu reglur 45. gr. um breytingar gilda.

49. gr.
Vörsluaðili.

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal vera vörsluaðili samnings þessa og breytinga á honum eða endurskoðaðra hluta hans.

50. gr.
Fullgildir textar.

Hinn arabíski, enski, franski, kínverski, rússneski og spænski texti samnings þessa eru jafngildir.

(a) at the time of signature or accession, such international organization shall make a declaration stating:

(i) that it has competence over all the matters governed by this Agreement;

(ii) that, for this reason, its member States shall not become States Parties, except in respect of their territories for which the international organization has no responsibility; and

(iii) that it accepts the rights and obligations of States under this Agreement;

(b) participation of such an international organization shall in no case confer any rights under this Agreement on member States of the international organization;

(c) in the event of a conflict between the obligations of an international organization under this Agreement and its obligations under the agreement establishing the international organization or any acts relating to it, the obligations under this Agreement shall prevail.

Article 48
Annexes

1. The Annexes form an integral part of this Agreement and, unless expressly provided otherwise, a reference to this Agreement or to one of its Parts includes a reference to the Annexes relating thereto.

2. The Annexes may be revised from time to time by States Parties. Such revisions shall be based on scientific and technical considerations. Notwithstanding the provisions of article 45, if a revision to an Annex is adopted by consensus at a meeting of States Parties, it shall be incorporated in this Agreement and shall take effect from the date of its adoption or from such other date as may be specified in the revision. If a revision to an Annex is not adopted by consensus at such a meeting, the amendment procedures set out in article 45 shall apply.

Article 49
Depositary

The Secretary-General of the United Nations shall be the depositary of this Agreement and any amendments or revisions thereto.

Article 50
Authentic texts

The Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish texts of this Agreement are equally authentic.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

LAGÐUR FRAM TIL UNDIRRITUNAR í New York hinn 4. desember 1995, í einu frumriti á arabískri, enskri, franskri, kínverskri, rússneskri og spænskri tungu.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned Plenipotentiaries, being duly authorized thereto, have signed this Agreement.

OPENED FOR SIGNATURE at New York, this fourth day of December, one thousand nine hundred and ninety-five, in a single original, in the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish languages.

I. VIÐAUKI
Staðlaðar kröfur um söfnun og dreifingu gagna.

1. gr.

Almennar reglur.

1. Tímanleg söfnun, samantekt og greining gagna eru grundvallaratriði í árangursríkri verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim. Í þessu skyni er gagna þörf um veiðar úr þessum stofnum á úthafinu og í innlendri lögsögu og ætti að safna þeim og taka þau saman á þann hátt að unnt sé að gera tölfræðilega marktæka gagnagreiningu til verndunar fiskstofna og stjórnunar veiða úr þeim. Gögn þessi skulu m.a. fela í sér tölulegar upplýsingar um afla og veiðisókn og aðrar upplýsingar tengdar veiðum, svo sem gögn tengd skipum og önnur gögn til að staðla mælingu á veiðisókn. Einnig ætti að safna gögnum um aðrar tegundir en sóknartegundir og um tengdar eða háðar tegundir. Sannprófa ætti öll gögn til að tryggja nákvæmni. Gæta ber trúnaðar varðandi gögn sem ekki hafa verið tekin saman í heild. Dreifing slíkra gagna skal háð sömu skilmálum og giltu þegar þau voru látin í té.

2. Veita skal þróunarríkjum aðstoð, þ.á m. þjálfun og fræðslu svo og fjárhagslega og tæknilega aðstoð, til að byggja upp getu á sviði verndunar lifandi auðlinda hafsins og stjórnunar veiða á þeim. Aðstoðin ætti að beinast að því að auka getu til að safna gögnum og sannprófa þau og koma á eftirlitskerfum, greiningu gagna og rannsóknarverkefnum er auðvelda stofnmat. Stuðla ætti að því að vísindamenn og fulltrúar stjórnsýslu frá þróunarríkjum taki eins mikinn þátt í verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim og frekast er unnt.

ANNEX I
Standard requirements for the collection and sharing of data

Article 1

General principles

1. The timely collection, compilation and analysis of data are fundamental to the effective conservation and management of straddling fish stocks and highly migratory fish stocks. To this end, data from fisheries for these stocks on the high seas and those in areas under national jurisdiction are required and should be collected and compiled in such a way as to enable statistically meaningful analysis for the purposes of fishery resource conservation and management. These data include catch and fishing effort statistics and other fishery-related information, such as vessel-related and other data for standardizing fishing effort. Data collected should also include information on non-target and associated or dependent species. All data should be verified to ensure accuracy. Confidentiality of non-aggregated data shall be maintained. The dissemination of such data shall be subject to the terms on which they have been provided.

2. Assistance, including training as well as financial and technical assistance, shall be provided to developing States in order to build capacity in the field of conservation and management of living marine resources. Assistance should focus on enhancing capacity to implement data collection and verification, observer programmes, data analysis and research projects supporting stock assessments. The fullest possible involvement of developing State scientists and managers in conservation and management of straddling fish stocks and highly migratory fish stocks should be promoted.

2. gr.
Reglur um söfnun, samantekt og skipti á gögnum.

Eftirfarandi almennar reglur ætti að hafa í huga þegar ákvarðanir eru teknar um umfang söfnunar, samantektar og skipta á gögnum um veiðar úr deilistofnum og víðförulum fiskstofnum:

a) ríki ættu að sjá til þess að gögnum um veiðar sé safnað frá skipum er sigla undir fána þeirra, í samræmi við veiðiaðferðir (t.d. úr hverju togi, hverri línulögn, hverju kasti við nótaveiðar, hverri torfu við stangveiðar og dagsafla á toglínu) og með nægilegri nákvæmni til þess að unnt sé að meta stofna á skilvirkan hátt;

b) ríki ættu að sjá til þess að veiðigögn séu sannprófuð á viðeigandi hátt;

c) ríki ættu að taka saman gögn tengd veiðum og önnur vísindaleg stoðgögn og láta þau í té viðkomandi veiðistjórnarstofnun eða þátttakendum í viðkomandi veiðistjórnarfyrirkomulagi á undirsvæði eða svæði, ef það er til staðar, tímanlega og í umsömdu formi. Að öðrum kosti ættu ríki að starfa saman og skiptast á gögnum, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu annarra þeirra samstarfskerfa sem þau kunna að hafa komið sér saman um;

d) ríki ættu að koma sér saman, innan ramma veiðistjórnarstofnana eða -fyrirkomulags á undirsvæðum eða svæðum, eða á annan hátt, um hvers konar gögnum skuli safna og í hvaða formi þau skuli látin í té, í samræmi við viðauka þennan og að teknu tilliti til eðlis stofnanna og veiðanna úr þeim á svæðinu. Þessar stofnanir eða þátttakendur í þessu fyrirkomulagi ættu að fara þess á leit við ríki, sem eru ekki aðilar að stofnununum eða eru ekki þátttakendur í fyrirkomulaginu, að þau láti í té gögn um veiðar skipa, er sigla undir fána þeirra, úr viðkomandi stofnum;

e) þessar stofnanir eða þátttakendur í þessu fyrirkomulagi skulu taka saman gögn og veita öllum ríkjum, er hagsmuna eiga að gæta, aðgang að þeim tímanlega og í umsömdu formi samkvæmt skilmálum þeim og skilyrðum sem stofnanirnar eða þátttakendur í fyrirkomulaginu hafa sett; og

f) vísindamenn frá fánaríkinu og frá viðkomandi veiðistjórnarstofnun eða þátttakendum í viðkomandi veiðistjórnarfyrirkomulagi á undirsvæði eða svæði ættu að greina gögnin hver fyrir sig eða sameiginlega, eftir því sem við á.

Article 2
Principles of data collection, compilation and exchange

The following general principles should be considered in defining the parameters for collection, compilation and exchange of data from fishing operations for straddling fisk stocks and highly migratory fish stocks:

(a) States should ensure that data are collected from vessels flying their flag on fishing activities according to the operational characteristics of each fishing method (e.g., each individual tow for trawl, each set for long-line and purse-seine, each school fished for pole-and-line and each day fished for troll) and in sufficient detail to facilitate effective stock assessment;

(b) States should ensure that fishery data are verified through an appropriate system;

(c) States should compile fishery-related and other supporting scientific data and provide them in an agreed format and in a timely manner to the relevant subregional or regional fisheries management organization or arrangement where one exists. Otherwise, States should cooperate to exchange data either directly or through such other cooperative mechanisms as may be agreed among them;

(d) States should agree, within the framework of subregional or regional fisheries management organizations or arrangements, or otherwise, on the specification of data and the format in which they are to be provided, in accordance with this Annex and taking into account the nature of the stocks and the fisheries for those stocks in the region. Such organizations or arrangements should request non-members or non-participants to provide data concerning relevant fishing activities by vessels flying their flag;

(e) such organizations or arrangements shall compile data and make them available in a timely manner and in an agreed format to all interested States under the terms and conditions established by the organization or arrangement; and

(f) scientists of the flag State and from the relevant subregional or regional fisheries management organization or arrangement should analyze the data separately or jointly, as appropriate.

3. gr.

Grundvallargögn um fiskveiðar.

1. Ríki skulu safna og veita viðkomandi veiðistjórnarstofnun eða þátttakendum í viðkomandi veiðistjórnarfyrirkomulagi á undirsvæði eða svæði aðgang að eftirfarandi gögnum með nægilegri nákvæmni til að unnt sé að meta stofna með aðferðum sem samþykktar hafa verið:

a) tímarunum af tölulegum upplýsingum um afla og sókn eftir veiðum og flota;

b) heildarafla í fjölda, nafnþyngd eða hvoru tveggja, eftir tegundum (bæði sóknartegundum og öðrum tegundum) eins og við á um hverjar veiðar fyrir sig. [Nafnþyngd er skilgreind af Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna sem jafngildi lífþyngdar landaðs afla];

c) tölulegum upplýsingum um úrkast, áætluðum ef þörf krefur, í fjölda eða nafnþyngd eftir tegundum, eins og við á um hverjar veiðar fyrir sig;

d) tölulegum upplýsingum um sókn eftir því sem við á um hverja veiðiaðferð fyrir sig; og

e) veiðistað, dagsetningu og tíma að veiðum og öðrum tölulegum upplýsingum um veiðarnar eftir því sem við á.

2. Ríki skulu einnig safna upplýsingum til stuðnings stofnmati, þar sem við á, og láta þær í té viðkomandi veiðistjórnarstofnun eða þátttakendum í viðkomandi veiðistjórnarfyrirkomulagi á undirsvæði eða svæði, m.a.:

a) um samsetningu aflans eftir lengd, þyngd og kyni;

b) aðrar líffræðilegar upplýsingar til stuðnings stofnmati, svo sem upplýsingar um aldur, vöxt, nýliðun, dreifingu og um auðkenni stofna; og

c) um aðrar rannsóknir sem máli skipta, þ. á m. um leiðangra til mælinga á fjölda og lífþyngd, mælingar með bergmálsaðferðum, rannsóknir á umhverfisþáttum sem áhrif hafa á stærð stofna og um haffræðilegar og vistfræðilegar rannsóknir.

Article 3

Basic fishery data

1. States shall collect and make available to the relevant subregional or regional fisheries management organization or arrangement the following types of data in sufficient detail to facilitate effective stock assessment in accordance with agreed procedures:

(a) time series of catch and effort statistics by fishery and fleet;

(b) total catch in number, nominal weight, or both, by species (both target and non-target) as is appropriate to each fishery. [Nominal weight is defined by the Food and Agriculture Organization of the United Nations as the live-weight equivalent of the landings];

(c) discard statistics, including estimates where necessary, reported as number or nominal weight by species as is appropriate to each fishery;

(d) effort statistics appropriate to each fishing method; and

(e) fishing location, date and time fished and other statistics on fishing operations as appropriate.

2. States shall also collect where appropriate and provide to the relevant subregional or regional fisheries management organization or arrangement information to support stock assessment, including:

(a) composition of the catch according to length, weight and sex;

(b) other biological information supporting stock assessments, such as information on age, growth, recruitment, distribution and stock identity; and

(c) other relevant research, including surveys of abundance, biomass surveys, hydroacoustic surveys, research on environmental factors affecting stock abundance, and oceanographic and ecological studies.

4. gr.

Gögn og upplýsingar um skip.

1. Ríki ættu að safna eftirfarandi gögnum um skip til þess að unnt sé að staðla samsetningu flota og veiðigetu skipa og bera saman gögn um afla og sókn í hinum mismunandi veiðum:

a) skipaskrárnúmeri, þjóðerni og skráningarhöfn skips;

b) tegund skips;

Article 4

Vessel data and information

1. States should collect the following types of vessel-related data for standardizing fleet composition and vessel fishing power and for converting between different measures of effort in the analysis of catch and effort data:

(a) vessel identification, flag and port of registry;

(b) vessel type;

c) nákvæmri lýsingu á skipi (t.d. byggingarefni, byggingartíma, skráðri lengd, skráðu brúttólestarrými, afli aðalvéla, burðargetu og aðferðum við geymslu á afla); og

d) lýsingu á veiðarfærum (t.d. tegund, tæknilýsingu og stærð).

2. Fánaríkið skal safna upplýsingum um eftirfarandi:

a) tæki til stjórnar skips og staðarákvörðunar;

b) fjarskiptabúnað og alþjóðleg kallmerki; og

c) stærð áhafnar.

(c) vessel specifications (e.g., material of construction, date built, registered length, gross registered tonnage, power of main engines, hold capacity and catch storage methods); and

(d) fishing gear description (e.g., types, gear specifications and quantity).

2. The flag State will collect the following information:

(a) navigation and position fixing aids;

(b) communication equipment and international radio call sign; and

(c) crew size.

5. gr.

Tilkynningar.

Ríki skal sjá til þess að skip, er sigla undir fána þess, sendi þeim stjórnvöldum þess, sem fara með fiskveiðimál, og, ef samist hefur um það, viðeigandi veiðistjórnarstofnun eða þátttakendum í viðeigandi veiðistjórnarfyrirkomulagi á undirsvæði eða svæði, dagbókargögn um afla og sókn, m.a. gögn um veiðar á úthafinu, með nægilega stuttu millibili til að fullnægt sé innlendum kröfum og svæðisbundnum og alþjóðlegum skuldbindingum. Þessi gögn skulu, ef þörf krefur, send út um loftskeytastöð, með fjarrita, með bréfsíma eða um gervitungl, eða með öðrum hætti.

Article 5

Reporting

A State shall ensure that vessels flying its flag send to its national fisheries administration and, where agreed, to the relevant subregional or regional fisheries management organization or arrangement, logbook data on catch and effort, including data on fishing operations on the high seas, at sufficiently frequent intervals to meet national requirements and regional and international obligations. Such data shall be transmitted, where necessary, by radio, telex, facsimile or satellite transmission or by other means.

6. gr.

Sannprófun gagna.

Ríki ellegar, ef við á, veiðistjórnarstofnanir eða þátttakendur í veiðistjórnarfyrirkomulagi á undirsvæðum eða svæðum ættu að koma á kerfum til að sannprófa veiðigögn, svo sem:

a) sannprófun staðarákvörðunar með kerfum fyrir eftirlit með skipum;

b) vísindalegum eftirlitskerfum til að fylgjast með afla, sókn, samsetningu afla (sóknartegundir og aðrar tegundir) og öðrum þáttum veiðanna;

c) skýrslugerð um skipaferðir, landanir og umskipanir; og

d) sýnatöku í höfnum.

Article 6

Data verification

States or, as appropriate, subregional or regional fisheries management organizations or arrangements should establish mechanisms for verifying fishery data, such as:

(a) position verification through vessel monitoring systems;

(b) scientific observer programmes to monitor catch, effort, catch composition (target and non-target) and other details of fishing operations;

(c) vessel trip, landing and transshipment reports; and

(d) port sampling.

7. gr.

Skipti á gögnum.

1. Gögnum, sem safnað er af fánaríkjum, skal deilt með öðrum fánaríkjum og hlutaðeigandi strandríkjum fyrir milligöngu viðkomandi veiðistjórnarstofnana eða samkvæmt viðkomandi veiðistjórnarfyrirkomulagi á undirsvæðum eða svæðum. Þessar stofnanir eða þátttakendur í

Article 7

Data exchange

1. Data collected by flag States must be shared with other flag States and relevant coastal States through appropriate subregional or regional fisheries management organizations or arrangements. Such organizations or arrangements shall compile data and make them available in a time-

þessu fyrirkomulagi skulu taka saman gögn og veita öllum ríkjum, er hagsmuna eiga að gæta, aðgang að þeim tímanlega og í umsömdu formi samkvæmt þeim skilmálum og skilyrðum sem sett hafa verið af stofnuninni eða samkvæmt fyrirkomulaginu, en jafnframt gæta trúnaðar varðandi gögn, sem ekki hafa verið tekin saman í heild, og ættu, að svo miklu leyti sem unnt er, að þróa gagnagrunnskerfi er veita greiðan aðgang að gögnum.

2. Á heimsvísu ætti Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna að inna af hendi söfnun og dreifingu gagna. Ef ekki er fyrir hendi veiðistjórnarstofnun eða -fyrirkomulag á undirsvæði eða svæði getur fyrrnefnd stofnun einnig gegnt þessu hlutverki á undirsvæðinu eða svæðinu samkvæmt samkomulagi við hlutaðeigandi ríki.

ly manner and in an agreed format to all interested States under the terms and conditions established by the organization or arrangement, while maintaining confidentiality of non-aggregated data, and should, to the extent feasible, develop database systems which provide efficient access to data.

2. At the global level, collection and dissemination of data should be effected through the Food and Agriculture Organization of the United Nations. Where a subregional or regional fisheries management organization or arrangement does not exist, that organization may also do the same at the subregional or regional level by arrangement with the States concerned.

II. VIÐAUKI

Viðmiðunarreglur vegna beitingar varúðarviðmiðunarmarka til verndunar deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnunar veiða úr þeim.

1. Varúðarviðmiðunarmörk eru áætluð stærð sem fundin hefur verið með viðurkenndri vísindalegri aðferð og svarar til ástands auðlindar og veiða og unnt er að nota sem tæki til stjórnunar fiskveiða.

2. Nota ætti tvenns konar varúðarviðmiðunarmörk: Verndunar- eða takmarkaviðmiðunarmörk og stjórnunar- eða sóknarviðmiðunarmörk. Takmarkaviðmiðunarmörk setja takmörk sem ætlað er að halda nýtingu innan öruggra líffræðilegra marka þar sem stofnarnir geta gefið af sér hámarkslangtímaafla. Sóknarviðmiðunarmörk eru ætluð sem stjórntæki.

3. Sérstök varúðarviðmiðunarmörk ættu að vera fyrir hvern stofn um sig til þess að mið verði m.a. tekið af viðkomugetu, endurnýjunarhæfni hvers stofns um sig og sérkenna veiða úr stofninum svo og öðrum ástæðum affalla og helstu óvissuþáttum.

4. Stjórnunaráætlanir skulu miða að því að viðhalda nýttum stofnum og, ef þörf krefur, tengdum eða háðum tegundum, við eða koma þeim upp í mörk sem eru í samræmi við áður samþykkt varúðarviðmiðunarmörk. Þessum viðmiðunarmörkum skal beitt til að hrinda í framkvæmd áður samþykktum verndunar- og stjórnunaraðgerðum. Stjórnunaráætlanir skulu m.a.

ANNEX II

Guidelines for the application of precautionary reference points in conservation and management of straddling fish stocks and highly migratory fish stocks

1. A precautionary reference point is an estimated value derived through an agreed scientific procedure, which corresponds to the state of the resource and of the fishery, and which can be used as a guide for fisheries management.

2. Two types of precautionary reference points should be used: conservation, or limit, reference points and management, or target, reference points. Limit reference points set boundaries which are intended to constrain harvesting within safe biological limits within which the stocks can produce maximum sustainable yield. Target reference points are intended to meet management objectives.

3. Precautionary reference points should be stock-specific to account, *inter alia,* for the reproductive capacity, the resilience of each stock and the characteristics of fisheries exploiting the stock, as well as other sources of mortality and major sources of uncertainty.

4. Management strategies shall seek to maintain or restore populations of harvested stocks, and where necessary associated or dependent species, at levels consistent with previously agreed precautionary reference points. Such reference points shall be used to trigger pre-agreed conservation and management action. Management strategies shall include measures which

fela í sér ráðstafanir sem unnt er að beita þegar komið er nærri varúðarviðmiðunarmörkum.
5. Veiðistjórnaráætlanir skulu tryggja að hættan á að farið sé fram úr takmarkaviðmiðunarmörkum sé mjög lítil. Ef stofn fellur niður fyrir takmarkaviðmiðunarmörk eða hætta er á að hann falli niður fyrir slík viðmiðunarmörk ætti að hefja verndunar- og stjórnunaraðgerðir og greiða fyrir því að stofninn nái sér aftur. Veiðistjórnaráætlanir skulu tryggja að til jafnaðar sé ekki farið fram úr sóknarviðmiðunarmörkum.
6. Þegar upplýsingar til að ákvarða viðmiðunarmörk fyrir veiðar eru ófullnægjandi eða ekki fyrir hendi skulu ákveðin viðmiðunarmörk til bráðabirgða. Setja má viðmiðunarmörk til bráðabirgða sem eru hliðstæð þeim er gilda um líka en betur þekkta stofna. Við slíkar aðstæður skal beita auknu eftirliti með veiðunum til þess að endurskoða megi bráðabirgðaviðmiðunarmörk þegar betri upplýsingar hafa fengist.
7. Líta ber á þá veiðidánartölu, sem leiðir til hámarkslangtímaafla, sem lágmarksstaðal fyrir takmarkaviðmiðunarmörk. Að því er varðar stofna, sem ekki eru ofveiddir, skulu veiðistjórnaráætlanir tryggja að veiðidauði fari ekki fram úr því sem svarar til hámarkslangtímaafla og að lífþyngd stofnsins fari ekki niður fyrir áður skilgreind mörk. Að því er varðar ofveidda stofna getur lífþyngdin, sem gefur af sér hámarkslangtímaafla, verið markmið enduruppbyggingar.

can be implemented when precautionary reference points are approached.
5. Fishery management strategies shall ensure that the risk of exceeding limit reference points is very low. If a stock falls below a limit reference point or is at risk of falling below such a reference point, conservation and management action should be initiated to facilitate stock recovery. Fishery management strategies shall ensure that target reference points are not exceeded on average.
6. When information for determining reference points for a fishery is poor or absent, provisional reference points shall be set. Provisional reference points may be established by analogy to similar and better-known stocks. In such situations, the fishery shall be subject to enhanced monitoring so as to enable revision of provisional reference points as improved information becomes available.
7. The fishing mortality rate which generates maximum sustainable yield should be regarded as a minimum standard for limit reference points. For stocks which are not overfished, fishery management strategies shall ensure that fishing mortality does not exceed that which corresponds to maximum sustainable yield, and that the biomass does not fall below a predefined threshold. For overfished stocks, the biomass which would produce maximum sustainable yield can serve as a rebuilding target.

Nr. 9 26. febrúar 1997

AUGLÝSING

um samning milli Grænlands/Danmerkur og Íslands um fiskveiðar innan grænlenskrar og íslenskrar lögsögu.

Hinn 20. febrúar 1997 var undirritaður í Nuuk samningur milli Grænlands/Danmerkur og Íslands um fiskveiðar innan grænlenskrar og íslenskrar lögsögu. Samningurinn öðlaðist gildi til bráðabirgða við undirritun. Með ályktun 26. febrúar 1997 heimilaði Alþingi ríkisstjórninni að staðfesta samninginn.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 26. febrúar 1997.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli Grænlands/Danmerkur og Íslands um fiskveiðar innan grænlenskrar og íslenskrar lögsögu.

1. gr.

Grænlenskum nótaskipum, þ.e. nótaskipum sem skráð eru á Grænlandi og fullnægja skilyrðum grænlenskra fiskveiðilaga um eignaraðild, er heimilt, á loðnuvertíðinni er lýkur 30. apríl 1997, að veiða allt að 8.000 lestir af loðnu af loðnukvóta Íslands innan íslenskrar efnahagslögsögu. Heimild þessi er óháð þeim svæðatakmörkunum sem um getur í 8. gr. samnings milli Grænlands/Danmerkur, Íslands og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen frá 29. júní 1994 (hér eftir nefndur loðnusamningurinn).

Heimilt er að landa aflanum til vinnslu á Íslandi. Óheimilt er að vinna eða frysta aflann um borð og utan Íslands er einungis heimilt að landa aflanum til bræðslu.

2. gr.

Íslenskum skipum er heimilt að veiða allt að 8.000 lestir af loðnukvóta þeim sem Grænland fær í sinn hlut á loðnuvertíð þeirri sem hefst 1. júlí 1997.

3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. loðnusamningsins um svæðatakmarkanir er íslenskum skipum heimilt að veiða allt að 8.000 lestir af loðnukvóta Íslands í tilraunaskyni innan grænlenskrar fiskveiðilögsögu sunnan 64°30'N á loðnuvertíð þeirri sem hefst 1. júlí 1997. Samkvæmt beiðni af hálfu Grænlands skal heimila líffræðingi að vera um borð við tilraunaveiðarnar.

4. gr.

Að öðru leyti gilda um veiðarnar og stjórn þeirra ákvæði loðnusamningsins og reglur sem settar eru samkvæmt honum.

5. gr.

Samningur þessi skal taka gildi til bráðabirgða við undirskrift hans og endanlega þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hefur verið endanlega fullnægt.

Gjört í Nuuk 20. febrúar 1997 í fjórum eintökum, tveimur á dönsku og tveimur á íslensku.

Fyrir hönd Grænlands/Danmerkur,

Bent Buch.

Fyrir hönd Íslands,

Jóhann Sigurjónsson.

AUGLÝSING

um samning við Alþýðulýðveldið Kína um að hvetja til fjárfestinga og veita þeim gagnkvæma vernd.

Samningur milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Alþýðulýðveldisins Kína um að hvetja til fjárfestinga og veita þeim gagnkvæma vernd, sem gerður var í Peking 31. mars 1994, öðlast gildi 1. mars 1997.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 26. febrúar 1997.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Alþýðulýðveldisins Kína um að hvetja til fjárfestinga og veita þeim gagnkvæma vernd.

Ríkisstjórn lýðveldisins Íslands og ríkisstjórn Alþýðulýðveldisins Kína (hér á eftir nefndar samningsaðilar),

sem hyggjast skapa hagstæðar aðstæður fyrir fjárfestingar af hálfu fjárfesta annars samningsaðila á landsvæði hins,

sem er ljóst að hvatning til slíkra fjárfestinga og gagnkvæm vernd þeirra muni stuðla að auknu viðskiptalegu frumkvæði fjárfesta og auka hagsæld í báðum ríkjunum,

sem vilja auka efnahagslega samvinnu ríkjanna á grundvelli jafnréttis og með hag beggja fyrir augum,

hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. gr.
Skilgreiningar.

Í samningi þessum merkir:

1. „Fjárfesting" hverja þá eign sem fjárfestir annars samningsaðila hefur fjárfest í á landsvæði hins samningsaðilans í samræmi við lög og reglur hins síðargreinda og tekur hugtakið einkum en þó ekki eingöngu til:

AGREEMENT
between the Government of the Republic of Iceland and the Government of the People's Republic of China concerning the Promotion and Reciprocal Protection of Investments

The Government of the Republic of Iceland and the Government of the People's Republic of China (hereinafter referred to as the Contracting Parties),

Intending to create favourable conditions for investments by investors of one Contracting Party in the territory of the other Contracting Party,

Recognizing that the promotion and reciprocal protection of such investments will be conducive to stimulating business initiative of the investors and will increase prosperity in both States,

Desiring to intensify the economic cooperation of both States on the basis of equality and mutual benefits,

Have agreed as follows:

ARTICLE 1
Definitions

For the purposes of this Agreement:

1. The term "investment" means every kind of asset invested by investors of one Contracting Party in accordance with the laws and regulations of the other Contracting Party in the territory of the latter, and in particular, though not exclusively, includes:

(a) lausafjár og fasteigna jafnt sem annarra eignarréttinda svo sem veðs, tryggingaréttinda og kvaða,

(b) eignarhluta, hlutafjár og hvers kyns annarra þátttökuréttinda í félögum,

(c) endurfjárfests arðs og krafna til fjárgreiðslna eða annarra efnda sem fjárhagslegt gildi hafa,

(d) hugverkaréttinda, þar með talinna einkum höfundarréttinda, einkaleyfa, iðnhönnunar, vörumerkja, vöruheita, tæknilegra aðferða, verkþekkingar og viðskiptavildar,

(e) réttar til atvinnurekstrar sem veittur er samkvæmt lögum eða lögmætum samningi, þar á meðal réttar til að leita að náttúruauðlindum eða rækta þær, nema eða nýta.

2. „Fjárfestir", hvað snertir annan hvorn samningsaðila,

(a) einstakling sem er ríkisborgari þess samningsaðila samkvæmt lögum hans,

(b) lögpersónu, þar með talin félög, stofnanir og samtök, sem stofnuð er eða skipulögð samkvæmt lögum og reglum þess samningsaðila.

3. „Arður" fé sem fjárfesting gefur af sér, svo sem rekstrarhagnað, arð af hlutafé, vexti, söluhagnað, greiðslur samkvæmt höfundarrétti, einkaleyfi o.þ.h. eða aðrar tekjur.

4. „Landsvæði" landsvæði hvors samningsaðila eins og lög hans skilgreina það, svo og aðliggjandi svæði þar sem hvor samningsaðili á fullveldisrétt eða lögsögu að þjóðarétti.

(a) movable and immovable property as well as other property rights such as mortgages, pledges and liens;

(b) shares, stock and any other kind of participation in companies;

(c) returns reinvested, claims to money or to any other performance having a financial value;

(d) intellectual property rights including in particular copyrights, patents, industrial designs, trademarks, trade names, technical processes, know-how and goodwill;

(e) business concessions conferred by law or under contract permitted by law, including concessions to search for, cultivate, extract or exploit natural resources.

2. The term "investor" means, with regard to either Contracting Party:

(a) any natural person who has nationality of that Contracting Party in accordance with its laws;

(b) any legal person, including companies, organizations and associations, incorporated or constituted in accordance with the laws and regulations of that Contracting Party.

3. The term "returns" means the amounts yielded by investments, such as profits, dividends, interest, capital gains, royalties or other income.

4. The term "territory" means the territory of each Contracting Party as defined in its laws and the adjacent areas over which each Contracting Party has sovereign rights or jurisdiction in accordance with international law.

2. gr.

Hvatning til fjárfestinga og vernd þeirra.

1. Hvor samningsaðili skal stuðla að og skapa aðstæður sem hagstæðar eru til að fjárfestar hins samningsaðilans fjárfesti á landsvæði hans, og skal hann, með fyrirvara um rétt sinn til að beita þeim heimildum sem lög hans veita, taka við slíkum fjárfestingum.

2. Ávallt skal gætt sanngirni og réttlætis hvað snertir meðferð fjárfestinga fjárfesta hvors samningsaðila og skulu þær njóta fullrar verndar og öryggis á landsvæði hins samningsaðilans. Hvor samningsaðili fellst á, með fyrirvara um lög sín og reglur, að hann muni ekki grípa til neinna óréttmætra aðgerða eða aðgerða sem valda mismunun gagnvart umsýslu, viðhaldi, notkun, nýingu eða ráðstöfun fjárfestinga fjárfesta hins samningsaðilans á landsvæði sínu. Hvor samningsaðili skal virða allar skuldbindingar sem

ARTICLE 2

Promotion and Protection of Investment

1. Each Contracting Party shall encourage and create favourable conditions for investors of the other Contracting Party for investment in its territory and, subject to its right to exercise powers conferred by its laws, shall admit such investment.

2. Investments of investors of either Contracting Party shall at all times be accorded fair and equitable treatment and shall enjoy full protection and security in the territory of the other Contracting Party. Each Contracting Party agrees that without prejudice to its laws and regulations it shall not take any unreasonable or discriminatory measures against the management, maintenance, use, enjoyment or disposal of investments in its territory of investors of the other Contracting Party. Each Contracting Party

hann kann að hafa tekið á sig hvað snertir fjárfestingar fjárfesta hins samningsaðilans.

3. gr.
Meðferð fjárfestingar.

1. Hvorugur samningsaðili skal á landsvæði sínu veita fjárfestingum eða arði fjárfesta hins samningsaðilans óhagstæðari meðferð en hann veitir fjárfestingum eða arði fjárfesta hvaða þriðja ríkis sem er.
2. Hvorugur samningsaðili skal á landsvæði sínu láta fjárfesta hins samningsaðilans sæta óhagstæðari meðferð hvað snertir umsýslu, notkun, nýtingu eða ráðstöfun fjárfestinga þeirra en hann veitir fjárfestum hvaða þriðja ríkis sem er.
3. Til viðbótar því sem kveðið er á um í 1. og 2. tl. þessarar greinar skal hvor samningsaðili svo sem unnt er veita fjárfestingum fjárfesta hins samningsaðilans þá meðferð samkvæmt ákvæðum laga sinna og reglna sem veitt er eigin fjárfestum.

4. Ákvæði 1. til 3. tl. þessarar greinar skulu ekki túlkuð þannig að annar samningsaðili sé skyldur til að veita fjárfestum hins fríðindi vegna meðferðar, betri kjara eða forréttinda er stafa af:

(a) tollabandalagi, fríverslunarsvæði eða áþekkum alþjóðasamningi eða samningi til að greiða fyrir verslun milli aðliggjandi landamærahéraða sem annar hvor samningsaðili er eða kann að verða aðili að og sem nú er fyrir hendi eða verða kann til síðar, eða

(b) alþjóðasamningi eða samkomulagi sem að öllu leyti eða aðallega snertir skattlagningu eða landslögum sem að öllu leyti eða aðallega snerta skattlagningu.

4. gr.
Eignarnám.

Ekki má taka fjárfestingar fjárfesta annars hvors samningsaðila eignarnámi eða þjóðnýta þær né gera ráðstafanir gagnvart þeim er hafa sömu áhrif og eignarnám eða þjóðnýting (hér á eftir nefnt „eignarnám“) á landsvæði hins samningsaðila, nema í þágu almennings vegna innanlandsnauðsynjar þess samningsaðila og gegn sanngjörnum bótum. Bætur skulu nema raunverulegu verðmæti þeirrar fjárfestingar sem tekin er eignarnámi rétt áður en eignarnám fer fram eða almennt verður kunnugt um fyrirhugað eignarnám, skulu þar með taldir algengir vextir

shall observe any obligation it may have entered into with regard to investments of investors of the other Contracting Party.

ARTICLE 3
Treatment of Investment

1. Neither Contracting Party shall in its territory subject investments or returns of investors of the other Contracting Party to treatment less favourable than that which it accords to investments or returns of investors of any third State.
2. Neither Contracting Party shall in its territory subject investors of the other Contracting Party, as regards their management, use, enjoyment or disposal of their investments, to treatment less favourable than that which it accords to investors of any third State.
3. In addition to the provisions of paragraphs 1 and 2 of this Article either Contracting Party shall, to the extent possible, accord treatment in accordance with the stipulations of its laws and regulations to the investments of investors of the other Contracting Party the same as that accorded to its own investors.
4. The provisions of paragraphs 1 to 3 of this Article shall not be construed so as to oblige one Contracting Party to extend to the investors of the other Contracting Party the benefit of any treatment, preference or privilege resulting from:

(a) any existing or future customs union, free trade area or similar international agreement or agreement for facilitating frontier trade to which either of the Contracting Parties is or may become a party, or

(b) any international agreement or arrangement relating wholly or mainly to taxation or any domestic legislation relating wholly or mainly to taxation.

ARTICLE 4
Expropriation

Investments of investors of either Contracting Party shall not be expropriated, nationalized or subjected to measures having effect equivalent to expropriation or nationalization (hereinafter referred to as "expropriation") in the territory of the other Contracting Party except for a public purpose related to the internal needs of that Contracting Party and against reasonable compensation. Such compensation shall amount to the real value of the investment expropriated immediately before the expropriation or before the impending expropriation became public

til greiðsludags. Bætur skal greiða án ástæðulausrar tafar og skulu vera innleysanlegar í raun fyrir reiðufé og yfirfæranlegar án takmarkana. Við mat á því hvort ástæðulaus töf hafi átt sér stað skal miða upphaf tafar við framlagningu viðeigandi beiðnar, og mega ekki líða meira en sex mánuðir þaðan í frá. Viðkomandi fjárfestir skal, samkvæmt lögum þess samningsaðila sem eignarnám framkvæmir, eiga rétt á tafarlausri endurskoðun á máli sínu og á mati á verðgildi fjárfestingar sinnar af hálfu dómstóls eða annars óháðs yfirvalds þess samningsaðila sem eignarnám framkvæmir í samræmi við meginreglur þessarar greinar.

5. gr.
Skaðabætur.

Fjárfestar annars samningsaðilans sem verða fyrir tjóni á fjárfestingum sínum á landsvæði hins samningsaðilans er stafar af stríði, vopnaviðskiptum, neyðarástandi í landinu, uppreisn, upphlaupi eða óeirðum á landsvæði hins síðargreinda skal veitt sú meðferð af hálfu hins síðargreinda hvað snertir endurreisn, skaðleysisgreiðslur, skaðabætur eða annað uppgjör, ef um slíkt er að ræða, sem ekki er óhagstæðari þeirri sem hinn síðargreindi samningsaðili veitir fjárfestum hvaða þriðja ríkis sem er. Greiðslur sem þannig eru til komnar skulu vera yfirfæranlegar án takmarkana.

6. gr.
Yfirfærsla.

1. Hvor samningsaðili skal samkvæmt lögum sínum og reglum tryggja að fjárfestar hins samningsaðilans geti yfirfært fjárfestingar sínar og arð sem bundinn er á landsvæði samningsaðilans, þar á meðal:

(a) söluhagnað, rekstrarhagnað, arð af eignarhlutum, vexti og aðrar tekjur,

(b) fé sem fæst við það þegar fjárfestingu er komið í verð að einhverju eða öllu leyti,

(c) greiðslur sem fram fara samkvæmt lánssamningi er tengist fjárfestingu,

(d) greiðslur samkvæmt höfundarrétti, einkaleyfi o.þ.h. og þóknanir,

(e) laun ríkisborgara hins samningsaðilans er starfa í tengslum við fjárfestingu á landsvæði hans.

2. Ofangreindar yfirfærslur skulu fara fram án ástæðulausrar tafar í yfirfæranlegum gjaldmiðli

knowledge, shall include interest at a normal rate until the date of payment, shall be made without undue delay, be effectively realizable and be freely transferable. In such case the delay starts by the submission of a relevant application and must not exceed six months. The investor affected shall have a right, under the law of the Contracting Party making the expropriation, to prompt review, by a judicial or other independent authority of that Party, of his case and of the valuation of his investment in accordance with the principles set out in this Article.

ARTICLE 5
Compensation for Losses

Investors of one Contracting Party whose investments in the territory of the other Contracting Party suffer losses owing to war or other armed conflict, a state of national emergency, revolt, insurrection or riot in the territory of the latter Contracting Party, shall be accorded by the latter Contracting Party treatment, as regards restitution, indemnification, compensation or other settlement, if any, no less favourable than that which the latter Contracting Party accords to investors of any third State. Resulting payments shall be freely transferable.

ARTICLE 6
Repatriation

1. Each Contracting Party shall, subject to its laws and regulations, guarantee investors of the other Contracting Party the transfer of their investments and returns held in the territory of the one Contracting Party, including:

a) capital gains, profits, dividends, interest and other income;

b) proceeds from a total or partial liquidation of an investment;

c) payment made pursuant to a loan agreement in connection with an investment;

d) royalties and fees;

e) earnings of nationals of the other Contracting Party who work in connection with an investment in the territory of the one Contracting Party.

2. The transfer mentioned above shall be made without undue delay in a convertible currency at

á því gengi er gildir á yfirfærsludegi hjá þeim samningsaðila er við fjárfestingu tók.

7. gr.
Aðilaskipti.

Hafi samningsaðili eða stofnun á hans vegum greitt fjárfesti fé samkvæmt ábyrgðaryfirlýsingu er samningsaðilinn hefur veitt með tilliti til fjárfestingar fjárfestis á landsvæði hins samningsaðilans skal hinn síðargreindi viðurkenna yfirfærslu réttinda eða kröfu fjárfestis til hins fyrrgreinda samningsaðila eða stofnunarinnar á hans vegum og að hinn fyrrgreindi samningsaðili eða stofnunin á hans vegum gangi þar með inn í viðkomandi réttindi eða kröfu. Réttindin eða krafan sem þannig er gengið inn í skulu ekki verða meiri en hin upphaflegu réttindi eða hin upphaflega krafa fjárfestisins.

8. gr.
Deilur milli samningsaðila.

1. Deilur milli samningsaðila um túlkun eða beitingu samnings þessa ætti eftir því sem unnt er að leysa eftir diplómatískum leiðum.

2. Takist ekki að leysa deilu milli samningsaðila með þessum hætti innan sex mánaða skal hún lögð fyrir gerðardóm að kröfu annars hvors samningsaðilans.

3. Gerðardómur skal skipaður í hverju einstöku máli á eftirfarandi hátt. Innan tveggja mánaða frá móttöku kröfu um gerðardómsmeðferð skal hvor samningsaðili skipa einn mann í gerðardóm. Skulu þeir tveir síðan velja ríkisborgara þriðja ríkis er skal skipaður formaður gerðardóms með samþykki beggja samningsaðila. Skal formaður skipaður innan tveggja mánaða frá því að hinir tveir gerðardómsmennirnir voru skipaðir.

4. Hafi nauðsynleg skipun gerðardómsmanna ekki farið fram innan þeirra fresta, sem tilgreindir eru í 3. tl. þessarar greinar, getur hvor samningsaðili, hafi ekki um annað verið samið, farið þess á leit við forseta Alþjóðadómstólsins að hann annist þær skipanir sem þörf er á. Sé forseti ríkisborgari annars hvors samningsaðila eða geti af öðrum ástæðum ekki sinnt þessum starfa skal fara þess á leit við varaforseta að hann annist þær skipanir sem þörf er á. Sé varaforseti ríkisborgari annars hvors samningsaðila eða geti hann ekki heldur sinnt starfanum skal þess farið á leit við þann dómara

the prevailing exchange rate of the Contracting Party accepting the investment on the date of transfer.

ARTICLE 7
Subrogation

If a Contracting Party or its Agency makes payments to an investor under a guarantee it has granted to an investment of such investor in the territory of the other Contracting Party, such other Contracting Party shall recognize the transfer of any right or claim of such investor to the former Contracting Party or its Agency and recognize the subrogation of the former Contracting Party or its Agency to such right or claim. The subrogated right or claim shall not be greater than the original right or claim of the said investor.

ARTICLE 8
Disputes between the Contracting Parties

1. Disputes between the Contracting Parties concerning the interpretation or application of this Agreement should, as far as possible, be settled through the diplomatic channel.

2. If a dispute between the Contracting Parties cannot thus be settled within six months it shall upon the request of either Contracting Party be submitted to an arbitral tribunal.

3. Such an arbitral tribunal shall be constituted for each individual case in the following way. Within two months of the receipt of the request for arbitration, each Contracting Party shall appoint one member of the tribunal. Those two members shall then select a national of a third State who on approval by the two Contracting Parties shall be appointed Chairman of the tribunal. The Chairman shall be appointed within two months from the date of appointment of the other two members.

4. If within the periods specified in paragraph 3 of this Article the necessary appointments have not been made, either Contracting Party may, in the absence of any other agreement, invite the President of the International Court of Justice to make any necessary appointments. If the President is a national of either Contracting Party or if he is otherwise prevented from discharging the said function, the Vice-President shall be invited to make the necessary appointments. If the Vice-President is a national of either Contracting Party or if he too is prevented from discharging the said function, the

Alþjóðadómstólsins, sem næstur er þeim að virðingarstöðu og ekki er ríkisborgari annars hvors samningsaðilans, að hann annist þær skipanir sem þörf er á.

5. Gerðardómur setur sér eigin starfsreglur. Skal hann leysa úr máli eftir ákvæðum samnings þessa og almennt viðurkenndum meginreglum þjóðaréttar.

6. Meiri hluti atkvæða ræður niðurstöðu gerðardóms. Niðurstaða hans er endanleg og bindandi fyrir báða samningsaðila. Gerðardómur skal að beiðni annars hvors samningsaðila tilgreina forsendur sem niðurstaða hans er byggð á.

7. Hvor samningsaðili skal greiða kostnað vegna síns gerðardómsmanns og kostnað af flutningi máls síns fyrir gerðardómi. Kostnaður vegna formanns og annar kostnaður skal greiddur af samningsaðilum að jöfnu.

9. gr.

Deilur milli fjárfestis og samningsaðila.

1. Komi upp deila milli fjárfestis annars samningsaðila og hins samningsaðilans í tengslum við fjárfestingu á landsvæði hins samningsaðilans skal hún eftir því sem unnt er leyst í vinsemd með viðræðum deiluaðila.

2. Ef ekki er unnt að leysa deilu með viðræðum innan sex mánaða getur hvor aðili að deilunni lagt hana fyrir réttbæran dómstól þess samningsaðila sem við fjárfestingu tekur.

3. Ef ekki er unnt að leysa deilu sem varðar fjárhæð eignarnámsbóta innan sex mánaða frá því er viðræður samkvæmt 1. tl. þessarar greinar eru hafnar má að kröfu annars hvors deiluaðila leggja hana fyrir Alþjóðlega stofnun til lausnar fjárfestingardeilum (ICSID), eða fyrir sérstaklega skipaðan gerðardóm. Deilur um önnur atriði milli fjárfestis annars samningsaðilans og hins samningsaðilans má leggja í sérstaklega skipaðan gerðardóm, samkvæmt samkomulagi þeirra þar um. Ákvæði þessa töluliðar eiga ekki við ef viðkomandi fjárfestir hefur nýtt sér þá málsmeðferð sem tilgreind er í 2. tl. þessarar greinar.

4. Niðurstaða gerðardóms Alþjóðlegrar stofnunar til lausnar fjárfestingardeilum skal vera endanleg og bindandi fyrir báða deiluaðila.

Member of the International Court of Justice next in seniority who is not a national of either Contracting Party shall be invited to make the necessary appointments.

5. The arbitral tribunal shall determine its own procedure. The tribunal Shall reach its decision in accordance with the provisions of this Agreement and the generally recognized principles of international law.

6. The arbitral tribunal shall reach its decision by a majority of votes. Such decision shall be final and binding on both Contracting Parties. The tribunal shall, upon the request of either Contracting Party, state the reasons upon which its decision is based.

7. Each Contracting Party shall bear the cost of its own member of the arbitral tribunal and of its representation in the arbitral proceedings. The cost of the (chairman and the remaining costs shall be borne in equal parts by the Contracting Parties.

ARTICLE 9

Disputes between an Investor and a Contracting Party

1. Any dispute between an investor of one Contracting Party and the other Contracting Party in connection with an investment in the territory of the other Contracting Party shall, as far as possible, be settled amicably through negotiations between the parties to the dispute.

2. If the dispute cannot be settled through negotiations within six months, either party to the dispute shall be entitled to submit the dispute to the competent court of the Contracting Party accepting the investment.

3. If a dispute involving the amount of compensation for expropriation cannot be settled within six months after resort to negotiations as specified in paragraph 1 of this Article, it may be submitted at the request of either party to the International Centre for Settlement of Investment Disputes (ICSID) or to an ad hoc arbitral tribunal. Any dispute concerning other matters between an investor of either Contracting Party and the other Contracting Party may be submitted by mutual agreement to an ad hoc arbitral tribunal. The provisions of this paragraph shall not apply if the investor concerned has resorted to the procedure specified in paragraph 2 of this Article.

4. The decisions by the arbitral tribunal of the International Centre for Settlement of Investment Disputes shall be final and binding on both

Skulu báðir samningsaðilar tryggja að niðurstöðu hans verði fullnægt samkvæmt landslögum hvors um sig.

5. Sérstaklega skipaður gerðardómur samkvæmt 3. tl. þessarar greinar skal skipaður í hverju einstöku máli á eftirfarandi hátt. Innan tveggja mánaða frá móttöku kröfu um gerðardómsmeðferð skal hvor samningsaðili skipa einn mann í gerðardóm. Skulu þeir tveir síðan velja ríkisborgara þriðja ríkis, er hefur stjórnmálasamband við báða samningsaðila, til að gegna störfum formanns. Skal formaður valinn innan tveggja mánaða frá því er hinir tveir gerðardómsmennirnir voru skipaðir. Hafi gerðardómur ekki verið skipaður innan ofangreinds frests getur hvor samningsaðili farið þess á leit við framkvæmdastjóra Alþjóðlegrar stofnunar til lausnar fjárfestingardeilum að hann annist þær skipanir sem þörf er á. Sé framkvæmdastjóri ríkisborgari annars hvors samningsaðila eða geti af öðrum ástæðum ekki sinnt þessum starfa skal þess farið á leit við þann aðila í Alþjóðlegri stofnun til lausnar fjárfestingardeilum, sem næstur er honum að virðingarstöðu og ekki er ríkisborgari annars hvors samningsaðilans, að hann annist þær skipanir sem þörf er á.

6. Hinn sérstaklega skipaði gerðardómur setur sér eigin starfsreglur. Við ákvörðun sína um starfsreglur getur gerðardómurinn þó haft hliðsjón af reglum Alþjóðlegrar stofnunar til lausnar fjárfestingardeilum um gerðardómsmeðferð.

7. Meiri hluti atkvæða ræður niðurstöðu hins sérstaklega skipaða gerðardóms. Niðurstaða hans er endanleg og bindandi fyrir báða deiluaðila. Skulu báðir samningsaðilar tryggja að niðurstöðu hans verði fullnægt samkvæmt landslögum hvors um sig.

8. Hinn sérstaklega skipaði gerðardómur skal komast að niðurstöðu í deilumáli samkvæmt lögum þess samningsaðila er hlut á að því og tók við fjárfestingunni, þar á meðal reglum hans um alþjóðlegan einkamálarétt, svo og samkvæmt ákvæðum samnings þessa og almennt viðurkenndum meginreglum þjóðaréttar.

9. Hvor deiluaðili skal greiða kostnað vegna síns gerðardómsmanns í hinum sérstaklega skipaða gerðardómi og kostnað af flutningi máls síns fyrir gerðardómi. Kostnaður vegna formanns og annar kostnaður skal greiddur af deiluaðilum að jöfnu.

parties to the dispute. Both Contracting Parties shall commit themselves to the enforcement of the decision in accordance with their respective domestic law.

5. An ad hoc arbitral tribunal referred to in paragraph 3 of this Article shall be constituted for each individual case in the following way. Within two months of the receipt of the request for arbitration, each party to the dispute shall appoint one member of the tribunal. Those two members shall then select a national of a third State which has diplomatic relations with the two Contracting Parties as Chairman. The Chairman shall be selected within two months from the date of appointment of the other two members. If within the period specified above the tribunal has not been constituted, either party to the dispute may invite the Secretary-General of the International Centre for Settlement of Investment Disputes to make the necessary appointments. If the Secretary-General is a national of either Contracting Party or is otherwise prevented from discharging the said function, the next most senior member of the International Centre for Settlement of Investment Disputes who is not a national of either Contracting Party shall be invited to make the necessary appointments.

6. The ad hoc arbitral tribunal shall determine its own procedure. However, the tribunal may, in the course of determination of procedure, take as guidance the Arbitration Rules of the International Centre for Settlement of Investment Disputes.

7. The ad hoc arbitral tribunal shall reach its decision by a majority of votes. Such decision shall be final and binding on both parties to the dispute. Both Contracting Parties shall commit themselves to the enforcement of the decision in accordance with their respective domestic law.

8. The ad hoc arbitral tribunal shall reach its decision in accordance with the law of the Contracting Party to the dispute accepting the investment including its rules on the conflict of laws, the provisions of this Agreement and the generally recognized principles of international law.

9. Each party to the dispute shall bear the cost of its own member of the ad hoc arbitral tribunal and of its representation in the arbitral proceedings. The cost of the Chairman and the remaining costs shall be borne in equal parts by the parties to the dispute.

10. gr.
Aðrar skuldbindingar.

Ef sú aðstaða skapast fyrir áhrif löggjafar annars hvors samningsaðilans eða fyrir áhrif alþjóðlegra skuldbindinga sem þegar eru fyrir hendi eða komið verður á síðar milli samningsaðila til viðbótar við samning þennan að fjárfestingar fjárfesta hins samningsaðilans skuli njóta hagstæðari meðferðar en samningur þessi kveður á um skal samningur þessi engin áhrif hafa á þá aðstöðu. Hvor samningsaðili skal samkvæmt lögum sínum virða allar skuldbindingar er koma til viðbótar þeim sem tilgreindar eru í samningi þessum og hann kann að takast á hendur gagnvart fjárfestum hins samningsaðilans varðandi fjárfestingar þeirra.

ARTICLE 10
Other Obligations

If the legislation of either Contracting Party or international obligations existing at present or established hereafter between the Contracting Parties in addition to this Agreement result in a position entitling investments by investors of the other Contracting Party to treatment more favourable than is provided for by this Agreement, such position shall not be affected by this Agreement. Each Contracting Party shall observe any commitment in accordance with its laws additional to those specified in this Agreement entered into by the Contracting Party with investors of the other Contracting Party as regards their investments.

11. gr.
Gildissvið samningsins.

Samningur þessi gildir um fjárfestingar sem fjárfestar hvors samningsaðila leggja í fyrir og eftir gildistöku hans í samræmi við lög og reglur hins samningsaðilans á landsvæði hins síðargreinda.

ARTICLE 11
Applicability of this Agreement

This Agreement shall apply to investments which are made prior to or after its entry into force by investors of either Contracting Party in accordance with the laws and regulations of the other Contracting Party in the territory of the latter.

12. gr.
Samráð.

1. Fulltrúar samningsaðila skulu öðru hvoru eiga með sér fund til að:

(a) yfirfara framkvæmd samnings þessa,

(b) skiptast á lagalegum upplýsingum og upplýsingum um fjárfestingartækifæri,

(c) koma á framfæri tillögum um að stuðla að fjárfestingum,

(d) athuga önnur málefni er tengjast fjárfestingum.

2. Er annar hvor samningsaðili óskar samráðs um málefni er varðar samning þennan skal hinn svara erindi hans án tafar. Samráðsfundir skulu haldnir til skiptis í Reykjavík og Peking.

ARTICLE 12
Consultations

1. The representatives of the two Contracting Parties shall hold meetings from time to time for the purpose of:

(a) reviewing the implementation of this Agreement;

(b) exchanging legal information and information on investment opportunities;

(c) forwarding proposals on promotion of investment;

(d) studying other issues in connection with investments.

2. Where either Contracting Party requests consultations on any matter concerning this Agreement, the other Contracting Party shall give prompt response. Consultations shall be held alternately in Reykjavik and Beijing.

13. gr.
Gildistaka, gildistími og uppsögn.

1. Samningur þessi skal öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir þann dag er samningsaðilar hafa skriflega tilkynnt hvor öðrum að skilyrðum hvors um sig um lagalega meðferð heima fyrir hafi verið fullnægt, og skal hann gilda í tíu ár.

ARTICLE 13
Entry into Force, Duration and Termination

1. This Agreement shall enter into force on the first day of the following month after the date on which both Contracting Parties have notified each other in writing that their respective internal legal procedures have been fulfilled, and shall remain in force for a period of ten years.

2. Samningur þessi gildir áfram ef annar hvor samningsaðili tilkynnir ekki hinum skriflega að hann segi upp samningnum einu ári áður en hann fellur úr gildi samkvæmt 1. tl. þessarar greinar.
3. Er upphaflegur tíu ára gildistími er liðinn getur hvor samningsaðili hvenær sem er sagt samningi þessum upp með skriflegri tilkynningu til hins samningsaðilans með minnst eins árs fyrirvara.
4. Hvað snertir fjárfestingar sem lagt hefur verið í áður en uppsögn öðlast gildi skulu ákvæði 1. til 12. gr. gilda áfram um tíu ára skeið eftir þann dag.

2. This Agreement shall continue in force if either Contracting Party fails to give a written notice to the other Contracting Party to terminate this Agreement one year before the expiration specified in paragraph 1 of this Article.
3. After the expiration of the initial ten-year period, either Contracting Party may at any time thereafter terminate this Agreement by giving at least one year's written notice to the other Contracting Party.
4. With respect to investments made prior to the date of termination of this Agreement, the provisions of Articles 1 to 12 shall continue to be effective for a further period of ten years from such date of termination.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar ríkisstjórna sinna, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

In witness whereof, the duly authorized representatives of their respective Governments have signed this Agreement.

Gjört í tvíriti í Peking 31. mars 1994 á íslensku, kínversku og ensku, og eru allir textar jafngildir. Ef túlkun skilur að skal hinn enski texti ráða.

Done in duplicate at Beijing on March 31, 1994 in the Icelandic, Chinese and English languages, all texts being equally authentic. In case of divergence of interpretation, the English text shall prevail.

Fyrir hönd ríkisstjórnar
lýðveldisins Íslands:

Jón Baldvin Hannibalsson

Fyrir hönd ríkisstjórnar
Alþýðulýðveldisins Kína:

Shi Guangsheng

For the Government of
the Republic of Iceland:

Jón Baldvin Hannibalsson

For the Government of the
People's Republic of China:

Shi Guangsheng

Nr. 11 5. maí 1997

AUGLÝSING

um Norðurlandasamning til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir.

Hinn 29. nóvember 1996 var finnska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um staðfestingu Íslands á samningi milli Norðurlanda til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir sem gerður var í Helsinki 23. september 1996. Samningurinn öðlast gildi 11. maí 1997.

Í 31. gr. samningsins er kveðið á um niðurfellingu samnings milli Norðurlanda til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir frá 12. september 1989, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 19/1989, þar sem samningurinn er birtur, og nr. 33/1990.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 5. maí 1997.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli Norðurlanda til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir.

Ríkisstjórn Danmerkur ásamt landstjórn Færeyja og ríkisstjórnir Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

sem óska að gera með sér samning til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir,

sem gera sér ljóst að því er Færeyjar varðar að framkvæmd þeirra mála sem samningur þessi tekur til heyrir undir sjálfsstjórnarvaldsvið Færeyja, jafnvel í samskiptum við útlönd,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Aðilar sem samningurinn tekur til.

Samningur þessi tekur til aðila sem eru heimilisfastir í einu eða fleiri samningsríkjanna.

2. gr.

Skattar sem samningurinn tekur til.

1. Samningur þessi tekur til skatta af tekjum og eignum sem eru lagðir á vegna samningsríkis, eða opinbers aðila eða sveitarstjórnar í því án tillits til þess á hvern hátt þeir eru lagðir á.

2. Til skatta af tekjum og eignum teljast allir skattar sem lagðir eru á heildartekjur eða heildareignir eða á hluta tekna eða eigna, þar með taldir skattar af ágóða vegna sölu lausafjár eða fasteigna, svo og skattar af verðmætisaukningu.

3. Gildandi skattar sem samningurinn tekur til eru þessir:

a) Í Danmörku:

1) tekjuskattur til ríkisins,
2) tekjuútsvar til sveitarfélaga,
3) tekjuútsvar til amta og
4) skattar samkvæmt ákvæðum kolvetnisskattalaganna,

(hér eftir nefndir „danskur skattur“);

b) Í Færeyjum:

1) skattur í landssjóð,
2) útsvar til sveitarfélaga,
3) kirkjuskattur,
4) ágóðahlutaskattur,
5) skattur af þóknunum,
6) vaxtaskattur og
7) skattar samkvæmt ákvæðum kolvetnisskattalaganna,

(hér eftir nefndir „færeyskur skattur“);

c) Í Finnlandi:

1) tekjuskattar til ríkisins,
2) tekjuskattur lögaðila,
3) útsvar til sveitarfélaga,
4) kirkjuskattur,
5) staðgreiðsluskattur af vaxtatekjum,
6) staðgreiðsluskattur þeirra er bera takmarkaða skattskyldu og
7) eignarskattur til ríkisins,

(hér eftir nefndir „finnskur skattur“);

d) Á Íslandi:
1) tekjuskattur til ríkisins,
2) sérstakur tekjuskattur til ríkisins,
3) tekjuútsvar til sveitarfélaga,
4) eignarskattur til ríkisins,
5) sérstakur eignarskattur til ríkisins og
6) tekju- og eignarskattur á banka og innlánsstofnanir,
(hér eftir nefndir „íslenskur skattur“);
e) Í Noregi:
1) tekju- og eignarskattur til ríkisins,
2) tekju- og eignarútsvar til sveitarfélaga,
3) tekjuskattur til fylkjanna,
4) sameiginlegur skattur til skattajöfnunarsjóðs,
5) skattar samkvæmt ákvæðum kolvetnisskattalaganna og
6) gjald til ríkisins af þóknun til erlendra listamanna,
(hér eftir nefndir „norskur skattur“);
f) Í Svíþjóð:
1) tekjuskattur til ríkisins, þar með talinn sjómannaskattur og afdráttarskattur af arðmiðum,
2) sérstakur tekjuskattur á þá sem búsettir eru erlendis,
3) sérstakur tekjuskattur á listamenn o.fl. sem búsettir eru erlendis,
4) fjárfestingasjóðsskattur,
5) tekjuútsvar til sveitarfélaga og
6) eignarskattur til ríkisins,
(hér eftir nefndir „sænskur skattur“).

4. Samningurinn tekur einnig til skatta sömu eða að verulegu leyti svipaðrar tegundar sem lagðir eru á eftir undirritun samnings þessa til viðbótar eða í staðinn fyrir gildandi skatta. Að því er Danmörk og Færeyjar varðar tekur samningurinn einnig til almenns skatts á eignir sem Danmörk eða Færeyjar gætu komið til með að taka upp eftir undirritun þessa samnings. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu gefa hvert öðru upplýsingar um allar verulegar breytingar sem gerðar verða á skattalögum hvers þeirra um sig.

3. gr.
Almennar skilgreiningar.

1. Í samningi þessum merkja neðangreind hugtök eftirfarandi, nema annað leiði af samhenginu:

a) „samningsríki“ merkir Danmörku, Finnland, Ísland, Noreg og Svíþjóð. Hugtakið tekur einnig til hins sjálfstjórnandi þjóðfélags Færeyja innan danska ríkisins. Í þeim tilvikum þegar ákvæði samningsins snerta einungis samskipti milli Danmerkur og Færeyja eru hugtökin „hluti af ríkinu“ og „hinn hluti ríkisins“ notuð eftir því sem samhengið krefst.

Hugtakið tekur einnig til sérhvers aðliggjandi svæðis utan landhelgi hvers ríkis þar sem ríkið samkvæmt lögum sínum og í samræmi við þjóðarétt hefur rétt til rannsóknar og hagnýtingar á náttúruauðlindum á hafsbotni eða í honum.

„Danmörk“ tekur ekki til Færeyja og Grænlands. „Finnland“ tekur ekki til landsvæðisins Álands að því er varðar finnskt útsvar til sveitarfélaga. „Noregur“ tekur ekki til Svalbarða (þ.m.t. Bjarnarey), Jan Mayen og norskra svæða („biland“) utan Evrópu;

b) „aðili“ merkir mann, félag og önnur samtök aðila;

c) „félag“ merkir lögaðila eða hvern þann annan sem talinn er lögaðili að því er skatta varðar;

d) „samtök aðila“ merkir samtök sem ekki eru skattlögð sem sjálfstæðir skattaðilar;

e) „fyrirtæki í samningsríki“ og „fyrirtæki í öðru samningsríki“ merkir annars vegar fyrirtæki sem rekið er af aðila heimilisföstum í einu samningsríki og hins vegar fyrirtæki sem rekið er af aðila heimilisföstum í öðru samningsríki;

f) „fasteign“ hefur sömu merkingu og hugtakið hefur samkvæmt lögum þess samningsríkis þar sem fasteignin er. Hugtakið felur þó í öllum tilvikum í sér fylgifé með fasteign, áhöfn og tæki sem notuð eru í landbúnaði og við skógarnýtingu, byggingar, réttindi varðandi fasteignir samkvæmt reglum einkamálaréttar, afnotarétt af fasteign og rétt til breytilegs eða fasts endurgjalds fyrir hagnýtingu á eða rétt til hagnýtingar á námum, lindum eða öðrum náttúruauðlindum;

g) „ríkisborgari“ merkir mann sem á ríkisfang í samningsríki. Maður sem er danskur ríkisborgari og sem hefur heimilisfesti í Færeyjum samkvæmt heimastjórnarlögunum telst einungis eiga ríkisfang í Færeyjum. Hugtakið merkir einnig lögaðila eða önnur samtök aðila sem stofnað er til samkvæmt lögum sem gilda í samningsríkinu;

h) „flutningar á alþjóðaleiðum“ merkir flutninga með skipi eða loftfari sem rekið er af aðila sem hefur heimilisfesti í samningsríki, nema því aðeins að skipið eða loftfarið sé eingöngu notað milli staða í öðru samningsríki;

i) „hagsmunatengd fyrirtæki“ merkir þau tilvik er fyrirtæki tekur beinan eða óbeinan þátt í stjórnun eða yfirráðum annars fyrirtækis eða á verulegan hlut í eignum þess fyrirtækis eða ef sömu aðilar taka beinan eða óbeinan þátt í stjórnun eða yfirráðum beggja fyrirtækjanna eða eiga verulegan hlut í eignum fyrirtækjanna;

j) „bær stjórnvöld“ merkir:

1) í Danmörku: skattamálaráðherra,

2) í Færeyjum: landstjórnarmann fjármála,

3) í Finnlandi: fjármálaráðuneytið,

4) á Íslandi: fjármálaráðherra,

5) í Noregi: fjármála- og tollamálaráðherra,

6) í Svíþjóð: fjármálaráðherra,

eða bær umboðsmaður þeirra eða það stjórnvald í einhverju þessara ríkja sem einhver ofangreindra aðila eða annar aðili felur að fara með málefni er snerta samninginn.

2. Á þeim tíma sem samningsríki beitir ákvæðum samningsins skal, nema annað leiði af samhenginu, sérhvert hugtak sem ekki er skilgreint í samningnum hafa þá merkingu sem hugtakið hefur samkvæmt lögum hlutaðeigandi ríkis á þeim tíma að því er varðar þá skatta sem samningurinn tekur til og skal sú merking er hugtakið hefur samkvæmt gildandi skattalöggjöf í hlutaðeigandi ríki ganga framar þeirri merkingu er kann að finnast í öðrum lögum þess ríkis.

4. gr.

Heimilisfesti.

1. Í samningi þessum merkir hugtakið „aðili heimilisfastur í samningsríki“ aðila sem að lögum þess ríkis er skattskyldur þar vegna heimilisfesti, búsetu, aðseturs stjórnar fyrirtækis eða af öðrum svipuðum ástæðum, og tekur einnig til þess ríkis og opinberra aðila, sveitarstjórna og opinberra stofnana í því. Hugtakið

a) tekur ekki til aðila sem einungis er skattskyldur í því ríki af tekjum sem eiga uppruna sinn þar eða af eignum sem þar eru, og

b) tekur til samtaka aðila og dánarbús einungis að því marki sem tekjur eða eignir þeirra eru skattlagðar í því ríki með sambærilegum hætti og tekjur eða eignir sem aðili með heimilisfesti þar hefur eða á.

2. Þegar maður telst samkvæmt 1. mgr. heimilisfastur í fleiri en einu samningsríki skal ákvarða heimilisfesti hans með eftirfarandi hætti:

a) maður telst einungis heimilisfastur í því ríki þar sem hann á fast heimili. Eigi hann fast heimili í fleiri en einu ríki telst hann einungis heimilisfastur í því ríki sem hann er nánast tengdur persónulega og fjárhagslega (miðstöð persónuhagsmuna);

b) ef ekki er unnt að ákvarða í hvaða ríki maður hefur miðstöð persónuhagsmuna sinna, eða ef hann á ekki fast heimili í neinu ríkjanna telst hann einungis heimilisfastur í því ríki þar sem hann dvelst að jafnaði;

c) ef maður dvelst að jafnaði í fleiri en einu ríkjanna eða dvelst ekki að jafnaði í neinu þeirra telst hann einungis heimilisfastur í því ríki þar sem hann á ríkisfang;

d) ef maður á ríkisfang í fleiri en einu ríkjanna eða í engu þeirra skulu bær stjórnvöld hlutaðeigandi samningsríkja leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi.

3. Þegar aðili, annar en maður, telst samkvæmt ákvæðum 1. mgr. heimilisfastur í fleiri en einu samningsríki telst hann einungis heimilisfastur í því ríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn hans hefur aðsetur.

5. gr.

Föst atvinnustöð.

1. Í samningi þessum merkir hugtakið „föst atvinnustöð“ fasta starfsstöð þar sem starfsemi fyrirtækis fer að nokkru eða öllu leyti fram.

2. Hugtakið „föst atvinnustöð“ tekur einkum til:

a) aðseturs stjórnar fyrirtækis;

b) útibús;

c) skrifstofu;

d) verksmiðju;

e) verkstæðis og

f) námu, olíu- eða gaslindar, grjótnámu eða annars staðar þar sem náttúruauðlindir eru nýttar.

3. Byggingar-, mannvirkja-, samsetningar- eða uppsetningarframkvæmd eða starfsemi, sem felur í sér skipulagningu, eftirlit, ráðgjöf eða aðra aðstoð eða framlag starfsliðs í sambandi við slíka framkvæmd, telst því aðeins föst atvinnustöð að framkvæmdin eða starfsemin vari lengur en tólf mánuði í samningsríki.

4. Við ákvörðun þess tímabils sem um ræðir í 3. mgr. telst starfsemi, sem rekin er af fyrirtæki sem er hagsmunatengt öðru fyrirtæki, vera rekin af því fyrirtæki sem það hefur hagsmunatengsl við, ef starfsemin er að verulegu leyti sams konar og sú starfsemi sem síðarnefnda fyrirtækið rekur og starfsemi beggja fyrirtækjanna tengist sömu framkvæmdinni.

5. Þrátt fyrir framangreind ákvæði þessarar greinar tekur hugtakið „föst atvinnustöð“ ekki til:

a) nýtingar aðstöðu sem einskorðuð er við geymslu, sýningu eða afhendingu á vörum í eigu fyrirtækisins;

b) birgðahalds á vörum í eigu fyrirtækisins sem eingöngu eru ætlaðar til geymslu, sýningar eða afhendingar;

c) birgðahalds á vörum í eigu fyrirtækisins sem eingöngu eru ætlaðar til vinnslu hjá öðru fyrirtæki;

d) fastrar starfsstöðvar sem eingöngu er notuð við kaup á vörum eða öflun upplýsinga fyrir fyrirtæki;

e) fastrar starfsstöðvar sem eingöngu er notuð til að annast aðra undirbúnings- eða aðstoðarstarfsemi fyrir fyrirtækið;

f) fastrar starfsstöðvar sem eingöngu er nýtt til starfsemi sem samsett er úr einhverri starfsemi samkvæmt a- til e-liðum enda felist öll sú starfsemi hinnar föstu starfsstöðvar vegna þessarar samsetningar í undirbúnings- eða aðstoðarstörfum.

6. Ef aðili sem ekki er óháður umboðsaðili samkvæmt 7. mgr. hefur á hendi starfsemi fyrir fyrirtæki og hefur heimild í samningsríki til að gera samninga fyrir hönd fyrirtækisins og beitir henni reglulega telst þetta fyrirtæki – þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. – hafa fasta atvinnustöð í því ríki að því er varðar hvers konar starfsemi sem hann gegnir fyrir fyrirtækið. Þetta á þó ekki við ef starfsemi þessa aðila er takmörkuð við þá starfsemi sem um ræðir í 5. mgr. og myndi ekki, ef innt væri af hendi á fastri starfsstöð, gera þessa föstu starfsstöð að fastri atvinnustöð samkvæmt ákvæðum þeirrar málsgreinar.

7. Fyrirtæki telst ekki hafa fasta atvinnustöð í samningsríki þótt það reki þar viðskipti fyrir milligöngu miðlara, umboðsmanns eða annars óháðs umboðsaðila, ef þessir aðilar koma fram innan marka venjulegs atvinnurekstrar þeirra.

8. Þótt félag sem er heimilisfast í samningsríki stjórni eða sé stjórnað af félagi sem er heimilisfast í öðru samningsríki eða félagi sem rekur viðskipti í öðru samningsríki (annaðhvort frá fastri atvinnustöð eða á annan hátt) leiðir það í sjálfu sér ekki til þess að annað hvort félagið sé föst starfsstöð hins.

6. gr.

Tekjur af fasteign.

1. Tekjur, sem aðili heimilisfastur í samningsríki hefur af fasteign (þar með taldar tekjur af landbúnaði og nýtingu skógar) sem staðsett er í öðru samningsríki, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda um tekjur af beinni hagnýtingu, leigu eða öðrum afnotum fasteignar.

3. Ef hlutabréfaeign eða önnur hlutareign í félagi, sem hefur þann megintilgang að eiga fasteign, veitir eiganda hlutabréfanna eða hlutanna rétt til að nýta fasteign í eigu félagsins má skattleggja tekjur af beinni hagnýtingu, leigu eða annarri beitingu afnotaréttar í því samningsríki þar sem fasteignin er.

4. Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga einnig við um tekjur af fasteign í eigu fyrirtækis og um tekjur af fasteign sem notuð er við sjálfstæða starfsemi.

7. gr.

Hagnaður af atvinnurekstri.

1. Hagnaður fyrirtækis í samningsríki af atvinnurekstri skal einungis skattlagður í því ríki nema fyrirtækið hafi með höndum atvinnurekstur í öðru samningsríki frá fastri atvinnustöð þar. Ef fyrirtækið hefur slíkan atvinnurekstur með höndum má leggja skatt á hagnað fyrirtækisins í síðarnefnda ríkinu, en þó einungis að því marki sem tengja má hagnaðinn hinni föstu atvinnustöð.

2. Þegar fyrirtæki í samningsríki hefur með höndum atvinnurekstur í öðru samningsríki frá fastri atvinnustöð þar skal hvert samningsríki, nema annað leiði af ákvæðum 3. mgr., ákvarða föstu atvinnustöðinni þann hagnað sem ætla má að fallið hefði í hennar hlut ef hún hefði verið sjálfstætt fyrirtæki í sams konar eða svipuðum atvinnurekstri við sömu eða svipaðar aðstæður og hefði komið sjálfstætt fram í skiptum við það fyrirtæki sem hún er föst atvinnustöð fyrir.

3. Við ákvörðun hagnaðar fastrar atvinnustöðvar skal heimilt að draga frá kostnað sem leiðir af því að um fasta atvinnustöð er að ræða, þar með talinn kostnað við stjórnun fyrirtækisins og almennan rekstur þess, hvort heldur kostnaðurinn er til orðinn í því ríki þar sem fasta atvinnustöðin er eða annars staðar.

4. Að því leyti sem venja hefur verið í samningsríki að ákvarða hagnað fastrar atvinnustöðvar á grundvelli skiptingar heildarhagnaðar fyrirtækisins á hina ýmsu hluta þess skulu ákvæði 2. mgr. ekki útiloka það samningsríki frá því að ákvarða skattskyldan hagnað með þeim hætti. Aðferð sú sem notuð er við skiptinguna skal samt sem áður vera þannig að niðurstaðan verði í samræmi við meginreglur þessarar greinar.

5. Engan hagnað skal telja fastri atvinnustöð eingöngu vegna vörukaupa hennar fyrir fyrirtækið.

6. Við beitingu ákvæða undanfarandi málsgreina skal hagnaður sem talinn er fastri atvinnustöð ákvarðast eftir sömu reglum frá ári til árs nema rík og fullnægjandi ástæða sé til annars.

7. Þegar hagnaður af atvinnurekstri felur í sér tekjur sem sérstök ákvæði eru um í öðrum greinum þessa samnings skulu ákvæði þessarar greinar ekki hafa áhrif á gildi þeirra ákvæða.

8. gr.

Siglingar og loftferðir.

1. Hagnaður aðila með heimilisfesti í samningsríki af rekstri skipa eða loftfara í flutningum á alþjóðaleiðum skal einungis skattlagður í því ríki.

2. Hagnaður aðila með heimilisfesti í samningsríki af hagnýtingu, viðhaldi eða útleigu gáma (þ.m.t. dráttarvagn og annar útbúnaður til flutnings á gámum) sem notaðir eru til flutnings á vörum eða varningi skal einungis skattlagður í því ríki, nema gámarnir séu eingöngu notaðir milli staða í öðru samningsríki.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga einnig við um hagnað sem hlýst af þátttöku í rekstrarsamvinnu („pool“) sameiginlegu fyrirtæki eða alþjóðlegum rekstrarsamtökum.

9. gr.
Tengd fyrirtæki.

1. Þegar:

a) fyrirtæki í samningsríki tekur beinan eða óbeinan þátt í stjórn eða yfirráðum fyrirtækis í öðru samningsríki eða á hluta af fjármagni þess, eða

b) sömu aðilar taka beinan eða óbeinan þátt í stjórn eða yfirráðum fyrirtækis í einu samningsríki svo og fyrirtækis í öðru samningsríki, eða eiga hluta af fjármagni þeirra,

gildir eftirfarandi:

Ef hlutaðeigandi fyrirtæki semja eða ákveða skilmála um innbyrðis samband sitt á viðskipta- eða fjármálasviðinu sem eru frábrugðnir þeim sem væru gerðir ef fyrirtækin væru óháð hvort öðru, má telja allan hagnað, sem án þessara skilmála hefði runnið til annars fyrirtækisins en rennur ekki til þess vegna skilmálanna, sem hagnað þess fyrirtækis og skattleggja hann í samræmi við það.

2. Í því tilviki er samningsríki telur til hagnaðar fyrirtækis í því ríki – og skattleggur samkvæmt því – hagnað fyrirtækis í öðru samningsríki sem skattlagður hefur verið í því ríki og þessi hagnaður þannig reiknaður hefði talist til hagnaðar fyrirtækisins í fyrrnefnda ríkinu ef umsamdir skilmálar fyrirtækjanna hefðu verið eins og á milli ótengdra aðila, skal hitt ríkið ef það ríki telur leiðréttinguna réttmæta bæði almennt og hvað fjárhæðina varðar gera viðeigandi leiðréttingu á þeirri skattfjárhæð er leggst þar á hagnaðinn. Við slíka leiðrétttingu skal taka tillit til annarra ákvæða þessa samnings og skulu bær stjórnvöld viðkomandi samningsríkja, ef nauðsyn krefur, ráðgast sín á milli.

10. gr.
Ágóðahlutir.

1. Ágóðahluti sem félag heimilisfast í samningsríki greiðir aðila heimilisföstum í öðru samningsríki má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Þegar raunverulegur eigandi ágóðahluta er heimilisfastur í samningsríki en hefur fasta atvinnustöð eða fasta stöð í öðru samningsríki en þar sem hann er heimilisfastur og hlutareignin sem ágóðahlutirnir eru greiddir af er raunverulega bundin við atvinnustarfsemi sem rekin er frá hinni föstu atvinnustöð eða við sjálfstæða starfsemi sem stunduð er frá hinni föstu stöð má, þrátt fyrir ákvæði 1. og 3. mgr., skattleggja ágóðahluti sem félag heimilisfast í samningsríki greiðir slíkum raunverulegum eiganda samkvæmt ákvæðum 7. gr. eða 14. gr., eftir því sem við á, í því samningsríki þar sem fasta atvinnustöðin eða fasta stöðin er.

3. Ágóðahluti sem félag heimilisfast í samningsríki greiðir aðila heimilisföstum í öðru samningsríki má einnig skattleggja í því samningsríki þar sem félagið sem ágóðahlutina greiðir er heimilisfast samkvæmt löggjöf þess ríkis, en ef raunverulegur eigandi ágóðahlutanna hefur heimilisfesti í hinu samningsríkinu má skatturinn sem þannig er lagður á vera að hámarki 15 af hundraði af vergri fjárhæð ágóðahlutanna. Slíkir ágóðahlutir skulu þó vera undanþegnir skattlagningu í fyrrnefnda ríkinu ef raunverulegur eigandi ágóðahlutanna er félag (að undanskildum samtökum aðila og dánarbúum) sem á beint að minnsta kosti 10 af hundraði eignarhlutdeild í félaginu sem ágóðahlutina greiðir.

4. Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. má hækka íslenskan skatt af ágóðahlutum í að hámarki 15 af hundraði að svo miklu leyti sem slíkir ágóðahlutir hafa verið dregnir frá tekjum félagsins sem ágóðahlutina greiddi við álagningu íslensks skatts.

5. Ákvæði 3. og 4. mgr. eru óviðkomandi skattlagningu félags af hagnaði sem ágóðahlutirnir eru greiddir af.

6. Hugtakið „ágóðahlutir“ merkir í þessari grein tekjur af hlutabréfum, hlutdeildarskírteinum eða öðrum réttindum, sem ekki eru skuldakröfur, er veita rétt til hlutdeildar í ágóða, svo og aðrar tekjur frá félögum sem við skattlagningu er farið með á sama hátt og tekjur af hlutabréfum samkvæmt löggjöf þess ríkis þar sem félagið sem ágóðahlutina greiddi er heimilisfast.

7. Þrátt fyrir ákvæði 3. og 4. mgr. geta bær stjórnvöld í samningsríkjunum gert samkomulag um að ágóðahlutir, sem falla til stofnunar, nafngreindrar í samkomulaginu, sem stundar góðgerðarstarfsemi eða önnur störf í almannaþágu og er undanþegin skatti af ágóðahlutum samkvæmt löggjöf þess samningsríkis þar sem stofnunin er heimilisföst, skuli í öðru samningsríki vera undanþegnir skatti af ágóðahlutum frá félagi í því ríki.

8. Ef félag heimilisfast í samningsríki fær tekjur frá öðru samningsríki getur síðarnefnda ríkið hvorki skattlagt ágóðahluti sem félagið greiðir, nema að því leyti sem ágóðahlutirnir eru greiddir

aðila heimilisföstum í síðarnefnda ríkinu eða að því leyti sem hlutareignin sem ágóðahlutirnir eru greiddir af er raunverulega bundin við fasta atvinnustöð eða fasta stöð í síðarnefnda ríkinu, né heldur skattlagt óúthlutaðan hagnað félagsins sem slíkan. Þetta gildir jafnt þótt ágóðahlutirnir eða óúthlutaði hagnaðurinn séu að öllu eða nokkru leyti tekjur sem hafa myndast í síðarnefnda ríkinu.

11. gr.
Vextir.

1. Vexti sem myndast í samningsríki og greiddir eru aðila heimilisföstum í öðru samningsríki skal einungis skattleggja í síðarnefnda ríkinu ef viðkomandi aðili er raunverulegur eigandi vaxtanna.

2. Þegar raunverulegur eigandi vaxtanna er heimilisfastur í samningsríki en hefur fasta atvinnustöð eða fasta stöð í öðru samningsríki en þar sem hann er heimilisfastur og krafan sem vextirnir eru greiddir af er raunverulega bundin við atvinnustarfsemi sem rekin er frá hinni föstu atvinnustöð eða við sjálfstæða starfsemi sem stunduð er frá hinni föstu stöð má, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., skattleggja vexti sem myndast í samningsríki og greiddir eru slíkum raunverulegum eiganda samkvæmt ákvæðum 7. gr. eða 14. gr., eftir því sem við á, í því samningsríki þar sem fasta atvinnustöðin eða fasta stöðin er.

3. Hugtakið „vextir" merkir í þessari grein tekjur af hvers konar kröfu sem ekki telst ágóðahluti samkvæmt 6. mgr. 10. gr., án tillits til þess hvort hún er tryggð með veði í fasteign eða ekki. Hugtakið tekur sérstaklega til tekna af ríkisskuldabréfum og tekna af öðrum skuldabréfum eða skuldaviðurkenningum, þar með talinn gengismunur og ágóði tengdur slíkum verðbréfum, skuldabréfum eða skuldaviðurkenningum. Dráttarvextir vegna vanskila teljast ekki vextir samkvæmt þessari grein.

4. Þegar vaxtafjárhæðin, vegna sérstaks sambands milli greiðanda og raunverulegs eiganda eða milli þeirra beggja og þriðja aðila, er hærri, miðað við þá skuldakröfu sem hún er greidd af, en sú vaxtafjárhæð sem greiðandi og raunverulegur eigandi hefðu samið um ef þetta sérstaka samband hefði ekki verið fyrir hendi, skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á skal skattleggja fjárhæðina sem umfram er samkvæmt löggjöf hvers hlutaðeigandi samningsríkis að teknu tilliti til annarra ákvæða þessa samnings.

12. gr.
Þóknun.

1. Þóknun sem myndast í samningsríki og greidd er aðila heimilisföstum í öðru samningsríki skal einungis skattleggja í síðarnefnda ríkinu ef viðkomandi aðili er raunverulegur eigandi þóknunarinnar.

2. Þegar raunverulegur eigandi þóknunar er heimilisfastur í samningsríki en hefur fasta atvinnustöð eða fasta stöð í öðru samningsríki en þar sem hann er heimilisfastur og réttindin eða eignin sem þóknunin stafar frá eru raunverulega bundin við atvinnustarfsemi sem rekin er frá hinni föstu atvinnustöð eða við sjálfstæða starfsemi sem stunduð er frá hinni föstu stöð má, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., skattleggja þóknun sem myndast í samningsríki og greidd er slíkum raunverulegum eiganda samkvæmt ákvæðum 7. gr. eða 14. gr., eftir því sem við á, í því samningsríki þar sem fasta atvinnustöðin eða fasta stöðin er.

3. Hugtakið „þóknun" merkir í þessari grein hvers konar greiðslu sem tekið er við sem endurgjaldi fyrir afnot eða rétt til að hagnýta hvers konar höfundarrétt á sviði bókmennta, lista eða vísinda (þar með taldar kvikmyndir og mynd- og hljóðsegulbönd fyrir hljóðvarps- og sjónvarpssendingar), einkaleyfi, vörumerki, mynstur eða líkön, teikningu, leynilega formúlu eða framleiðsluaðferð, eða fyrir upplýsingar um reynslu á sviði iðnaðar, viðskipta eða vísinda.

4. Þegar fjárhæð þóknunarinnar er vegna sérstaks sambands milli greiðanda og raunverulegs eiganda eða milli þeirra beggja og þriðja aðila hærri, miðað við þau afnot, réttindi eða upplýsingar sem hún er greiðsla fyrir, en sú fjárhæð sem greiðandi og raunverulegur eigandi hefðu samið um ef þetta sérstaka samband hefði ekki verið fyrir hendi, skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á skal skattleggja fjárhæðina sem umfram er samkvæmt löggjöf hvers hlutaðeigandi samningsríkis að teknu tilliti til annarra ákvæða þessa samnings.

13. gr.

Söluhagnaður af eignum.

1. Hagnað, sem aðili heimilisfastur í samningsríki hlýtur af afhendingu fasteignar sem staðsett er í öðru samningsríki, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Hagnað, sem aðili heimilisfastur í samningsríki hlýtur af afhendingu hlutabréfa eða annarrar hlutareignar í félagi sem hefur þann megintilgang að eiga fasteignir og á eignir sem (áður en skuldir eru dregnar frá) eru að minnsta kosti að 75 hundraðshlutum beint eða óbeint fólgnar í fasteign sem staðsett er í öðru samningsríki, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

3. Hagnað, sem hlýst af afhendingu lausafjár sem er hluti rekstrareigna fastrar atvinnustöðvar er fyrirtæki í samningsríki hefur í öðru samningsríki eða lausafjár sem tilheyrir fastri stöð er maður heimilisfastur í samningsríki hefur til þess að leysa af hendi sjálfstæða starfsemi í öðru samningsríki, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu. Sama gildir um hagnað af afhendingu á slíkri fastri atvinnustöð (einni sér eða ásamt fyrirtækinu í heild) eða slíkri fastri stöð.

4. Hagnað, sem aðili með heimilisfesti í samningsríki hlýtur af afhendingu skips eða loftfars sem notað er í flutningum á alþjóðaleiðum eða lausafjár sem tengt er notkun slíks skips eða loftfars, skal einungis skattleggja í því ríki.

5. Hagnað, sem aðili með heimilisfesti í samningsríki hlýtur af afhendingu gáma (þ.m.t. dráttarvagn og annar útbúnaður til flutnings á gámum) til flutnings á vörum eða varningi, skal einungis skattleggja í því ríki, nema gámurinn sé eingöngu notaður milli staða í öðru samningsríki.

6. Hagnað, sem hlýst af afhendingu annarra eigna en getið er í 1. – 5. mgr. skal einungis skattleggja í því samningsríki þar sem eigandinn er heimilisfastur.

7. Hagnað vegna afhendingar hlutabréfa eða annarrar hlutareignar eða réttinda í félagi eða samtökum aðila sem samkvæmt löggjöf samningsríkis hafa heimilisfesti þar eða í félagi eða samtökum aðila sem hafa heimilisfesti í öðru samningsríki, að því tilskildu að verðmæti hinna afhentu hlutabréfa eða hlutareignar eða réttinda séu einkum fólgin beint eða óbeint í eignarhaldi hlutabréfa, annarrar hlutareignar eða réttinda í félagi eða samtökum aðila sem samkvæmt löggjöf fyrrnefnda ríkisins hafa heimilisfesti þar, og því að hagnaðurinn komi í hlut manns sem hafði heimilisfesti í því ríki, en hefur öðlast heimilisfesti í öðru samningsríki – má þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. – skattleggja í fyrrnefnda samningsríkinu ef afhending hlutabréfanna, hlutareignarinnar eða réttindanna á sér stað einhvern tíma á næstu fimm árum eftir það ár þegar maðurinn hætti að eiga heimilisfesti í fyrrnefnda ríkinu. Með réttindum í félagi eða samtökum aðila er í þessari málsgrein átt við breytanleg skuldabréf, breytanleg hagnaðarhlutdeildarskírteini, valkvæð réttindaskírteini sem félag eða samtök aðila gefa út ásamt valkvæðum réttindaskírteinum og tímabilsgreiðslusamningum sem fólgnir eru í hlutareignum eða hlutabréfum í félagi eða samtökum aðila eða í einhverjum af framangreindum fjárhagslegum réttindum.

14. gr.

Sjálfstæð starfsemi.

1. Tekjur sem maður heimilisfastur í samningsríki hefur af starfi á eigin vegum eða annarri sjálfstæðri starfsemi skal einungis skattleggja í því ríki. Samt sem áður má skattleggja slíkar tekjur í öðru samningsríki ef:

a) hann hefur að jafnaði yfir að ráða fastri stöð í því ríki til þess að leysa af hendi störf sín, en þó einungis þann hluta teknanna sem stafar frá hinni föstu stöð; eða

b) hann dvelur í því ríki í eitt eða fleiri tímabil samtals lengur en 183 daga á tólf mánaða tímabili sem hefst eða endar á umræddu tekjuári, en þó einungis þann hluta teknanna sem stafar frá þeirri starfsemi sem var innt af hendi í hinu ríkinu á umræddu tímabili eða tímabilum.

2. Hugtakið „starf á eigin vegum“ merkir einkum sjálfstæða starfsemi á sviði vísinda, bókmennta, lista, uppeldis- og kennslumála, svo og sjálfstæða starfsemi lækna, lögmanna, verkfræðinga, arkitekta, tannlækna og endurskoðenda.

15. gr.

Launað starf.

1. Með þeim undantekningum sem um ræðir í 16., 18., 19., 20. og 21. gr. skulu starfslaun og annað svipað endurgjald sem aðili heimilisfastur í samningsríki fær fyrir starf sitt, einungis skatt-

lögð í því ríki, nema starfið sé leyst af hendi í öðru samningsríki. Ef starfið er leyst af hendi í öðru samningsríki má skattleggja endurgjaldið fyrir starfið þar.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal endurgjald, sem aðili heimilisfastur í samningsríki fær fyrir starf sem hann leysir af hendi í öðru samningsríki, einungis skattlagt í fyrrnefnda ríkinu, ef

a) viðtakandinn dvelur í hinu ríkinu í eitt eða fleiri tímabil, sem samanlögð fara ekki yfir 183 daga á tólf mánaða tímabili sem hefst eða endar á umræddu tekjuári, og

b) endurgjaldið er greitt af eða fyrir hönd vinnuveitanda sem ekki er heimilisfastur í hinu ríkinu, og

c) endurgjaldið er ekki gjaldfært hjá fastri atvinnustöð eða fastri stöð sem vinnuveitandinn hefur í hinu ríkinu, og

d) ekki er um að ræða útleigu á vinnuafli.

3. Þrátt fyrir framangreind ákvæði þessarar greinar má skattleggja endurgjald fyrir störf unnin um borð í dönsku, færeysku, finnsku, íslensku, norsku eða sænsku skipi í flutningum á alþjóðaleiðum í því samningsríki þar sem skipið er skráð. Við beitingu þessa ákvæðis er erlent skip sem aðili með heimilisfesti í samningsríki tekur á leigu án áhafnar („bareboat basis") lagt að jöfnu við danskt, færeyskt, finnskt, íslenskt, norskt eða sænskt skip.

4. Þrátt fyrir framangreind ákvæði þessarar greinar skattleggst endurgjald fyrir störf unnin um borð í

a) loftfari í flutningum á alþjóðaleiðum einungis í því samningsríki þar sem sá er aflar endurgjaldsins er heimilisfastur;

b) fiskveiði-, selveiði- eða hvalveiðiskipi einungis í því samningsríki þar sem sá er aflar endurgjaldsins er heimilisfastur, einnig þótt endurgjaldið miðist við ákveðinn aflahlut eða ágóðahlut af fisk-, sel- eða hvalveiðunum.

16. gr.

Stjórnarlaun.

Stjórnarlaun og annað svipað endurgjald, sem aðili heimilisfastur í samningsríki fær fyrir setu í stjórn eða stjórnarígildi í félagi heimilisföstu í öðru samningsríki, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

17. gr.

Listamenn og íþróttamenn.

1. Þrátt fyrir ákvæði 14. og 15. gr. má skattleggja tekjur aðila heimilisfasts í samningsríki sem hann aflar í öðru samningsríki með persónulegum störfum sem listamaður, svo sem leikari í leikhúsi eða kvikmynd, listamaður í hljóðvarpi eða sjónvarpi eða tónlistarmaður, eða sem íþróttamaður, í síðarnefnda ríkinu.

2. Þegar tekjur af starfi, sem leyst er af hendi af listamanni eða íþróttamanni sem slíkum, renna ekki til listamannsins eða íþróttamannsins sjálfs heldur til annars aðila má, þrátt fyrir ákvæði 7., 14. og 15. gr., skattleggja tekjurnar í því samningsríki þar sem starfsemi listamannsins eða íþróttamannsins fer fram.

3. Ákvæðum 1. og 2. mgr. skal ekki beita varðandi tekjur sem listamenn eða íþróttamenn heimilisfastir í samningsríki afla með störfum sem leyst eru af hendi í öðru samningsríki þegar heimsóknin í því ríki er aðallega kostuð af opinberu fé í fyrrnefnda ríkinu. Í slíkum tilvikum skattleggjast tekjurnar einungis í fyrrnefnda ríkinu.

18. gr.

Eftirlaun o.fl.

1. Eftirlaun og lífeyri, sem greidd eru frá samningsríki og greiðslur frá samningsríki samkvæmt almannatryggingalöggjöf þess til aðila heimilisfasts í öðru samningsríki, skal einungis skattleggja í fyrrnefnda ríkinu.

2. Þrátt fyrir önnur ákvæði í þessum samningi skal framfærslueyrir, sem maður heimilisfastur í samningsríki greiðir til maka eða fyrrverandi maka eða með barni með heimilisfesti í öðru samningsríki, undanþeginn skattlagningu í síðarnefnda ríkinu í því tilviki að lífeyririnn hefði verið undanþeginn skattlagningu í fyrrnefnda ríkinu, hefði viðtakandi hans átt þar heimilisfesti.

3. Hugtakið „lífeyrir“ merkir tiltekna fjárhæð sem greidd er manni með vissu millibili á tilteknum tíma í lifanda lífi, eða á tilteknu tímabili eða tímabili sem hægt er að ákvarða, og greidd er samkvæmt skuldbindingu um að inna þessar greiðslur af hendi gegn fullu endurgjaldi í peningum eða peningaígildi.

19. gr.

Opinbert starf.

1. Laun og annað svipað endurgjald (að undanskildum eftirlaunum), sem greitt er af samningsríki eða af opinberum aðila, sveitarstjórn eða opinberri stofnun í því til manns fyrir starf hans í þjónustu þessa ríkis eða opinbera aðila, sveitarstjórnar eða opinberu stofnunar, skal einungis skattleggja í því ríki.

2. Í því tilviki að laun eða annað svipað endurgjald sem um ræðir í 1. mgr. kemur í hlut viðtakanda fyrir starf sem hann leysir af hendi í öðru samningsríki en því ríki sem greiðir launin eða endurgjaldið skattleggjast launin eða endurgjaldið þó einungis í því ríki þar sem starfið er leyst af hendi ef viðtakandinn er maður með heimilisfesti í því ríki og

a) er ríkisborgari þess ríkis; eða

b) tók ekki upp heimilisfesti í því ríki einvörðungu til þess að leysa starfið af hendi.

3. Ákvæði 15., 16. og 17. gr. skulu gilda um laun og annað svipað endurgjald sem greitt er fyrir störf leyst af hendi í tengslum við atvinnurekstur á vegum samningsríkis, opinbers aðila þess, sveitarstjórna eða opinberra stofnana í því.

20. gr.

Námsmenn og nemar.

Maður, sem dvelur í samningsríki einungis í þeim tilgangi:

a) að nema við menntastofnun í því ríki og námið er þess eðlis að það veitir rétt til opinberra námslána eða -styrkja í því ríki; eða

b) að nema viðskipta-, sjávarútvegs-, iðnaðar-, landbúnaðar- eða skógarnýtingarstörf í því ríki, og er, eða var síðast fyrir dvölina, heimilisfastur í öðru samningsríki, er ekki skattskyldur í fyrstnefnda ríkinu af fjárhæð sem upprunnin er utan þess ríkis og hann fær til að standa straum af framfærslu sinni, námi eða þjálfun.

21. gr.

Starfsemi í sambandi við undirbúningskönnun, rannsókn eða hagnýtingu kolvetnislinda.

1. Þrátt fyrir önnur ákvæði í þessum samningi, þó að undanskildum ákvæðum 8. gr., gilda ákvæði þessarar greinar þegar aðili með heimilisfesti í samningsríki stundar starfsemi í öðru samningsríki í sambandi við undirbúningskönnun, rannsókn eða hagnýtingu kolvetnislinda sem staðsettar eru í síðarnefnda ríkinu.

2. a) Aðili með heimilisfesti í samningsríki, sem stundar starfsemi sem um ræðir í 1. mgr. undan ströndum annars samningsríkis, telst stunda starfsemi frá fastri atvinnustöð eða fastri stöð í síðarnefnda ríkinu.

b) Ef slíkur aðili stundar starfsemi sína innan rannsóknar- eða vinnslusvæðis sem nær samfellt frá stað undan ströndum síðarnefnda ríkisins og inn á landsvæði þess ríkis og starfsemin er ekki einvörðungu stunduð innan landsvæðisins gildir a-liður með samsvarandi hætti.

c) Starfsemi, sem felst í byggingu eða samsetningu á leiðslum til flutnings á óhreinsuðu kolvetni eða byggingarvinnu sem er í beinu sambandi við slíka starfsemi, telst stunduð frá fastri atvinnustöð í síðarnefnda ríkinu, einnig þegar um er að ræða starfsemi sem fer fram á landi þegar hún er hluti af framkvæmd sem nær samfellt frá stað undan ströndum þessa ríkis og inn á landsvæði þess.

3. Ákvæði 2. mgr. eiga ekki við ef starfsemin fer fram á einu eða fleiri tímabilum sem samtals fara ekki yfir 30 daga á tólf mánaða tímabili.

4. Við ákvörðun þess tímabils sem um ræðir í 3. mgr. telst starfsemi, sem rekin er af fyrirtæki sem er hagsmunatengt öðru fyrirtæki, vera rekin af því fyrirtæki sem það er í hagsmunatengslum við, ef starfsemin er að verulegu leyti sams konar og sú starfsemi sem síðarnefnda fyrirtækið rekur og starfsemi beggja fyrirtækjanna tengist sömu framkvæmdinni.

5. Hagnaður, sem fyrirtæki í samningsríki hlýtur af flutningum starfsmanna og varnings með skipum eða loftförum til eða innan svæðis sem um er rætt í a- og b-liðum 2. mgr., í öðru samningsríki þar sem atvinnustarfsemi er rekin í sambandi við undirbúningskönnun, rannsókn eða hagnýtingu kolvetnislinda eða af rekstri dráttarbáta, birgðaskipa eða annarra aðstoðarskipa vegna slíkrar starfsemi, skal einungis skattlagður í fyrrnefnda ríkinu.

6. Ákvæði 4. mgr. 13. gr. og 3. mgr. 23. gr. eiga við um hagnað vegna afhendingar þeirra skipa, báta eða loftfara sem um ræðir í 5. mgr., svo og um eignir sem fólgnar eru í slíkum skipum, bátum eða loftförum.

7. Þrátt fyrir önnur ákvæði þessa samnings gildir eftirfarandi þegar um er að ræða skattlagningu launa eða annars svipaðs endurgjalds sem aðili heimilisfastur í samningsríki hlýtur fyrir vinnu sem leyst er af hendi í öðru samningsríki fyrir atvinnurekanda sem rekur slíka starfsemi sem um ræðir í 1. og 2. mgr.:

a) Leiði ákvæði b- til d-liða ekki til annars má skattleggja slíkt endurgjald í síðarnefnda ríkinu, en þó því aðeins að vinnan sé leyst af hendi á einu eða fleiri tímabilum sem samtals fara yfir 30 daga á tólf mánaða tímabili.

b) Slík laun eða endurgjald skal einungis skattleggja í fyrrnefnda samningsríkinu ef;

1) vinnan tengist hagnýtingu kolvetnislinda sem eru á miðlínu milli samningsríkja eða milli samningsríkis og annars ríkis,

2) samningur er til milli þessara ríkja um sameiginlega hagnýtingu lindanna og

3) hagnýting fer fram samtímis báðum megin miðlínu.

Ákvæði b-liðar koma ekki til framkvæmda fyrr en bær stjórnvöld í samningsríkjunum hafa gert um það samkomulag.

c) Ef vinnan er leyst af hendi um borð í skipi eða báti, sbr. 5. mgr., skal skattleggja slíkt endurgjald í því samningsríki þar sem skipið eða báturinn er skráður.

d) Ef vinnan er leyst af hendi um borð í loftfari, sbr. 5. mgr., skal einungis skattleggja slík laun eða endurgjald í því samningsríki þar sem félagið hefur heimilisfesti.

8. Aðili með heimilisfesti í samningsríki, sem stundar starfsemi undan ströndum annars samningsríkis, er undanþeginn skattlagningu í síðarnefnda ríkinu af hagnaði sem hann telst hafa hlotið vegna tilflutnings hreyfanlegra mannvirkja til borunar eða hótelpalla yfir á svæði utan síðarnefnda ríkisins. Hagnaður samkvæmt þessari málsgrein telst vera sú fjárhæð sem því nemur sem markaðsverð eignarinnar á þeim tíma sem tilflutningurinn á sér stað er hærra en eftirstöðvarverð á sama tíma, að viðbættum fengnum fyrningum.

9. Hagnað sem aðili með heimilisfesti í samningsríki hlýtur vegna afhendingar á:

a) réttindum til undirbúningskönnunar, rannsókna eða hagnýtingar kolvetnislinda í öðru samningsríki, hér með talin réttindi til hlutdeildar í eða forgangsréttur til slíkra linda eða

b) hlutabréfum eða annarri hlutareign, sé verðmæti þeirra að öllu eða verulegu leyti, beint eða óbeint, tengt slíkum réttindum,

má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

22. gr.

Aðrar tekjur.

1. Tekjur sem aðili heimilisfastur í samningsríki aflar og ekki er fjallað um hér að framan skal einungis skattleggja í því ríki og skiptir ekki máli hvar þeirra er aflað.

2. Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við ef sá er teknanna aflar er heimilisfastur í samningsríki og hefur fasta atvinnustöð eða fasta stöð í öðru samningsríki og réttindin eða eignin sem tekjurnar stafa frá eru raunverulega bundin við atvinnurekstur sem rekinn er frá hinni föstu atvinnustöð eða við sjálfstæða starfsemi sem stunduð er frá hinni föstu stöð. Í slíkum tilvikum gilda ákvæði 7. gr. eða 14. gr. eftir því sem við á. Ef fasteign, sbr. 2. mgr. 6. gr., tilheyrir fastri atvinnustöð eða fastri stöð skal hins vegar skattleggja tekjur af slíkri eign samkvæmt ákvæðum 1., 2. og 4. mgr. 6. gr.

23. gr.

Eignir.

1. Eign sem fólgin er í fasteign sem er í eigu aðila heimilisfasts í samningsríki og sem staðsett er í öðru samningsríki má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Eign, sem fólgin er í hlutabréfaeign eða annarri hlutareign í félagi sem hefur þann megintilgang að eiga fasteignir og á eignir sem (áður en skuldir eru dregnar frá) eru að minnsta kosti að 75 hundraðshlutum beint eða óbeint fólgnar í fasteign sem staðsett er í samningsríki, má skattleggja í því ríki.

3. Eign, sem fólgin er í skipum eða loftförum sem notuð eru í flutningum á alþjóðaleiðum, svo og lausafé sem tengt er notkun slíkra skipa eða loftfara og er í eigu aðila með heimilisfesti í samningsríki, skal einungis skattleggja í því ríki.

4. Eign sem fólgin er í gámum (þ.m.t. dráttarvagn og annar útbúnaður til flutnings á gámum) sem notaðir eru til flutnings á vörum eða varningi og er í eigu aðila með heimilisfesti í samningsríki, skal einungis skattleggja í því ríki, nema gámarnir séu eingöngu notaðir milli staða í öðru samningsríki.

5. Allar aðrar eignir aðila, sem heimilisfastur er í samningsríki, skal einungis skattleggja í því ríki og óháð því hvar þær eru staðsettar.

6. Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. má skattleggja lausafé sem er hluti atvinnurekstrareignar fastrar atvinnustöðvar sem fyrirtæki í samningsríki hefur í öðru samningsríki eða lausafjáreign sem tengd er fastri stöð til að stunda sjálfstæða starfsemi sem maður heimilisfastur í samningsríki hefur í öðru samningsríki í síðarnefnda ríkinu.

7. Ákvæðum 1. – 6. mgr. skal einungis beita í samningsríki í þeim tilvikum þegar annað samningsríki leggur almennan skatt á eignir.

24. gr.

Dánarbú.

Tekjur eða eignir sem skattlagðar eru hjá dánarbúi heimilisföstu í samningsríki má ekki skattleggja hjá aðila sem á rétt til hlutdeildar í búinu og er heimilisfastur í öðru samningsríki.

25. gr.

Aðferð til að komast hjá tvísköttun.

1. Danmörk

a) Hafi aðili heimilisfastur í Danmörku tekjur sem skattleggja má samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru samningsríki skal Danmörk, nema ákvæði b- eða c-liðar leiði til annars, draga frá dönskum tekjuskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess tekjuskatts sem greiddur er í síðarnefnda ríkinu.

Frádráttarfjárhæðin skal hins vegar ekki vera hærri en sá hluti danska tekjuskattsins, reiknaður fyrir slíkan frádrátt, sem lagður er á tekjur sem skattleggja má í hinu ríkinu.

b) Hafi aðili heimilisfastur í Danmörku tekjur sem einungis skal skattleggja samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru samningsríki má Danmörk telja tekjurnar með í skattstofni, en frá dönskum skatti af tekjunum skal þá draga þann hluta af tekjuskattinum sem reiknaður er af þeim tekjum sem stafa frá síðarnefnda ríkinu.

c) Hafi aðili heimilisfastur í Danmörku tekjur sem um er rætt í 1. mgr. 15. gr. eða í a-lið 7. mgr. 21. gr., má Danmörk telja tekjurnar með í skattstofni, en frá dönskum skatti af tekjunum skal þá draga þann hluta af tekjuskattinum sem reiknaður er af þeim tekjum sem stafa frá síðarnefnda ríkinu.

2. Færeyjar

a) Hafi aðili heimilisfastur í Færeyjum tekjur sem skattleggja má samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru samningsríki skulu Færeyjar, nema ákvæði b- eða c-liðar leiði til annars, veita sem frádrátt frá færeyskum tekjuskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess tekjuskatts sem greiddur er í síðarnefnda ríkinu.

Frádráttarfjárhæðin skal þó ekki vera hærri en sá hluti færeyska tekjuskattsins, reiknaður fyrir slíkan frádrátt, sem lagður er á þær tekjur sem skattleggja má í síðarnefnda ríkinu.

b) Hafi aðili heimilisfastur í Færeyjum tekjur sem einungis skal skattleggja samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru samningsríki mega Færeyjar telja tekjurnar með í skattstofni, en frá færeyskum skatti af tekjum skal þá draga þann hluta af tekjuskattinum sem reiknaður er af þeim tekjum sem stafa frá síðarnefnda ríkinu.

c) Hafi aðili heimilisfastur í Færeyjum tekjur í öðru samningsríki af launuðu starfi sem um er rætt í 1. mgr. 15. gr. eða í a-lið 7. mgr. 21. gr. og sem samkvæmt þessum ákvæðum má skattleggja í síðarnefnda samningsríkinu mega Færeyjar telja tekjurnar með í skattstofni, en frá færeyskum skatti af tekjunum skal þá draga þann hluta af tekjuskattinum sem reiknaður er af þeim tekjum sem stafa frá síðarnefnda ríkinu.

3. Finnland

a) Hafi aðili heimilisfastur í Finnlandi tekjur eða eigi hann eign sem skattleggja má samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru samningsríki skal Finnland, nema ákvæði b-, c- eða d-liðar leiði til annars, að teknu tilliti til ákvæða finnskrar löggjafar (einnig í þeirri merkingu sem hún getur fengið við síðari breytingar án þess að það hafi áhrif á að þær grundvallarreglur sem hér eru settar fram),

1) draga frá finnskum tekjuskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess tekjuskatts sem greiddur er í hinu ríkinu samkvæmt lögum þess ríkis og í samræmi við ákvæði samningsins og reiknaður er af sömu tekjum og þeim sem finnski skatturinn er reiknaður af;

2) draga frá finnskum eignarskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess eignarskatts sem greiddur er í hinu ríkinu samkvæmt lögum þess ríkis í samræmi við ákvæði samningsins og reiknaður er af sömu eign og þeirri sem finnski skatturinn er reiknaður af.

b) Ágóðahluti félags með heimilisfesti í öðru samningsríki en Finnlandi til félags með heimilisfesti í Finnlandi er undanþeginn skattlagningu í Finnlandi ef viðtakandinn ræður að minnsta kosti yfir 10 hundraðshlutum af atkvæðamagni þess félags sem greiðir ágóðahlutina.

c) Hafi aðili heimilisfastur í Finnlandi tekjur í öðru samningsríki af launuðu starfi sem um er rætt í 1. mgr. 15. gr. eða í a-lið 7. mgr. 21. gr. og sem samkvæmt þessum ákvæðum má skattleggja í síðarnefnda samningsríkinu skulu slíkar tekjur undanþegnar skattlagningu í Finnlandi.

d) Hafi aðili heimilisfastur í Finnlandi tekjur eða eigi hann eign sem einungis skal skattleggja samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru samningsríki eða hafi hann tekjur sem samkvæmt c-lið eru undanþegnar finnskum skatti má Finnland telja tekjurnar eða eignina með í skattstofni, en frá finnskum skatti af tekjum eða eign skal þá draga þann hluta af tekjuskattinum eða eignarskattinum, eftir því sem við á, sem reiknaður er af þeim tekjum sem stafa frá síðarnefnda ríkinu eða af eign sem er þar.

4. Ísland

a) Hafi aðili heimilisfastur á Íslandi tekjur eða eigi hann eign sem einungis skal eða má skattleggja samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru samningsríki skal Ísland, nema ákvæði b-liðar leiði til annars, lækka íslenska tekju- eða eignarskattinn með því að draga frá þann hluta tekju- eða eignarskattsins sem reiknaður er af þeim tekjum sem aflað er eða eign sem er í hinu ríkinu.

b) Hafi aðili heimilisfastur á Íslandi tekjur sem skattleggja má í öðru samningsríki samkvæmt 10. gr., 7. mgr. 13. gr., 3. mgr. 15. gr., 16. gr. eða 1. – 6. mgr., c-lið 7. mgr. og 8. – 9. mgr. 21. gr. skal Ísland draga frá íslenskum tekjuskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess tekjuskatts sem greiddur er í hinu samningsríkinu. Frádráttarfjárhæðin skal hins vegar ekki vera hærri en sá hluti íslenska skattsins, reiknaður fyrir slíkan frádrátt, sem lagður er á þær tekjur sem skattleggja má í hinu ríkinu.

5. Noregur

Ef ákvæði norskrar löggjafar um frádrátt frá norskum skatti vegna skatts sem greiddur er á svæði utan Noregs leiða ekki til annars (þó án þess að hafa áhrif á þær grundvallarreglur sem hér eru settar fram) gildir eftirfarandi:

a) Hafi aðili heimilisfastur í Noregi tekjur eða eigi hann eign sem skattleggja má samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru samningsríki skal Noregur, nema ákvæði eftirfarandi b- eða c-liðar leiði til annars,

1) draga frá þeim skatti, sem lagður er á tekjur aðilans, fjárhæð sem nemur þeim tekjuskatti sem greiddur er í hinu ríkinu,

2) draga frá þeim skatti, sem lagður er á eignir aðilans, fjárhæð sem nemur þeim eignarskatti sem greiddur er af eignum hans í hinu ríkinu.

Slíkur frádráttur skal hins vegar ekki vera hærri en sá hluti skattsins af tekjunum eða eignunum, reiknaður án slíks frádráttar, sem er af þeim tekjum eða eignum sem skattleggja má í hinu ríkinu.

b) Hafi aðili heimilisfastur í Noregi tekjur sem einungis skal skattleggja samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru samningsríki má Noregur telja tekjurnar með í skattstofni, en frá norskum skatti af tekjunum skal þá draga þann hluta af tekjuskattinum sem reiknaður er af þeim tekjum er stafa frá hinu ríkinu.

c) Hafi aðili heimilisfastur í Noregi tekjur sem kveðið er á um í 1. mgr. 15. gr. eða í a-lið 7. mgr. 21. gr. má Noregur reikna tekjurnar með í skattstofni, en frá norskum skatti af tekjum skal þá draga þann hluta af tekjuskattinum sem reiknaður er af þeim tekjum er stafa frá hinu ríkinu.

6. Svíþjóð

a) Hafi aðili heimilisfastur í Svíþjóð tekjur eða eigi hann eign sem skattleggja má samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru samningsríki skal Svíþjóð, nema ákvæði b- eða c-liðar leiði til annars,

1) með hliðsjón af ákvæðum í sænskri löggjöf (einnig í þeirri merkingu sem hún getur fengið við síðari breytingar án þess þó að að hafa áhrif á þær grundvallarreglur sem hér eru settar fram) draga frá skatti af tekjunum fjárhæð sem svarar til þess tekjuskatts sem greiddur er í hinu ríkinu;

2) draga frá sænskum eignarskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess eignarskatts sem greiddur er í hinu ríkinu. Frádráttarfjárhæðin skal hins vegar ekki vera hærri en sá hluti sænska eignarskattsins, reiknaður fyrir slíkan frádrátt, sem er af þeirri eign sem skattleggja má í hinu ríkinu.

b) Ef aðili heimilisfastur í Svíþjóð hefur í öðru samningsríki tekjur af launuðu starfi sem um ræðir í 1. mgr. 15. gr. eða a-lið 7. mgr. 21. gr. og sem skattleggja má samkvæmt þessum ákvæðum í því samningsríki skulu slíkar tekjur, þrátt fyrir ákvæði í a-lið, undanþegnar sænskum skatti.

c) Hafi aðili heimilisfastur í Svíþjóð tekjur eða eigi hann eign sem einungis skal skattleggja samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru samningsríki, eða hefur tekjur sem samkvæmt b-lið skulu undanþegnar sænskum skatti, má Svíþjóð við ákvörðun skattþrepa fyrir sænskan stighækkandi skatt af öðrum tekjum eða eignum taka tillit til þeirra tekna eða eigna sem einungis eru skattlagðar í hinu samningsríkinu eða þeirra tekna sem eru undanþegnar sænskum skatti.

7. Sameiginleg ákvæði

1. Hugtakið „greiddur er í síðarnefnda ríkinu“ í þessari grein telst einnig fela í sér slíkan skatt á tekjur sem greiddur er í Danmörku, í Færeyjum, í Finnlandi, á Íslandi, í Noregi eða í Svíþjóð, eftir því sem við á, og sem skal yfirfærast til hinna ríkjanna til þess að færa þar hlutaðeigandi aðila til góða sem skatt af sömu tekjum.

2. Ef aðili heimilisfastur í samningsríki (heimilisfestisríkinu) hefur tekjur í öðru samningsríki (starfsríkinu) af launuðu starfi sem samkvæmt 1. mgr. 15. gr. eða a-lið 7. mgr. 21. gr. má skattleggja í starfsríkinu skal heimilisfestisríkið, þrátt fyrir ákvæðin í c-lið 1. mgr., c-lið 2. mgr., c-lið 3. mgr., a-lið 4. mgr., c-lið 5. mgr. eða b-lið 6. mgr. þessarar greinar, komast hjá tvísköttun með frádrætti á þeim skatti sem greiddur hefur verið í síðarnefnda ríkinu með því að beita ákvæðum a-liðar 1. mgr., a-liðar 2. mgr., a-liðar 3. mgr., b-liðar 4. mgr., a-liðar 5. mgr. eða a-liðar 6. mgr. ef viðkomandi aðili aflaði teknanna hjá fyrirtæki eða fastri atvinnustöð í starfsríkinu og hann er eða var síðast fyrir starf sitt í starfsríkinu í starfi hjá:

a) fyrirtæki utan starfsríkisins sem er í hagsmunatengslum við fyrirtækið í starfsríkinu, eða

b) fyrirtæki utan starfsríkisins sem fasta atvinnustöðin tilheyrir.

3. Þrátt fyrir ákvæði framangreindrar málsgreinar skal beita ákvæðum c-liðar 1. mgr., c-liðar 2. mgr., c-liðar 3. mgr., a-liðar 4. mgr., c-liðar 5. mgr. eða b-liðar 6. mgr. ef viðkomandi aðili getur sýnt fram á að

a) hann dvaldi í starfsríkinu í starfinu og vegna þess í samfellt tímabil lengur en þrjá mánuði á viðkomandi tekjuári, eða

b) starfið í starfsríkinu sé unnið í þágu fyrirtækis í því ríki eða fastrar atvinnustöðvar sem þar er staðsett eða að kostnaðurinn sé með réttu gjaldfærður hjá því fyrirtæki eða hinni föstu atvinnustöð.

26. gr.

Almennar skattlagningarreglur.

1. Tekjur sem aðili heimilisfastur í samningsríki hefur eða eign sem hann á má ekki skattleggja í öðru samningsríki nema skattlagning sé skýlaust heimil samkvæmt þessum samningi.

2. Í því tilviki að skattlagningarrétturinn á tekjur eða eignir samkvæmt samningnum er heimilaður öðru samningsríki en því þar sem aðilinn sem hefur tekjurnar eða á eignina er heimilisfastur og þetta annað ríki, samkvæmt eigin löggjöf, leggur ekki skatt á tekjurnar eða eignina í heild sinni eða tekur einungis tillit til teknanna eða eignarinnar við ákvörðun stighækkunar eða við annan útreikning skatts, skattleggjast tekjurnar eða eignin – svo framarlega sem ekki er kveðið á um annað hér að neðan – að því marki sem þær eru ekki teknar með við skattlagninguna í hinu ríkinu, einungis í því samningsríki þar sem viðkomandi aðili er heimilisfastur.

3. Ákvæði 2. mgr. eiga ekki við um

a) finnskan ellilífeyri, eftirlaun í samræmi við finnska fjölskyldulífeyrislöggjöf eða önnur slík félagsleg réttindi sem teljast ekki skattskyldar tekjur samkvæmt finnskri tekjuskattslöggjöf eða

b) sænskan ellilífeyri.

4. Ef aðili með heimilisfesti í samningsríki fær eftirlaun eða lífeyri samkvæmt 18. gr. sem greiddur er frá öðru samningsríki og slíkar greiðslur eru skattlagðar í fyrrnefnda ríkinu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skal aðilanum í fyrrnefnda ríkinu vera heimilaður frádráttur sem svarar 20.000 sænskum krónum á hverju almanaksári eða jafnvirði þess í dönskum, finnskum, íslenskum eða norskum gjaldmiðli, ef viðkomandi aðili hefði átt rétt til sérstaks frádráttar vegna aldurs eða örorku í greiðsluríkinu. Frádrátturinn í fyrrnefnda ríkinu er þó aðeins heimilaður upp að þeirri fjárhæð sem eftirlaunin eða lífeyririnn nemur í hinu samningsríkinu. Frádrátturinn skal lækka sem nemur þeim frádrætti sem veittur er vegna aldurs og örorku í heimilisfestisríkinu.

5. Í því tilviki að skattlagningarrétturinn samkvæmt 1. mgr. 14. gr., 2. mgr. 15. gr. og a- og b-lið 4. mgr. 15. gr. á tekjur sem aðili heimilisfastur í samningsríki hefur er einungis heimilaður samkvæmt samningnum í því ríki má skattleggja tekjurnar í öðru samningsríki ef ekki er unnt að skattleggja þær í fyrrnefnda ríkinu samkvæmt löggjöf þess ríkis.

27. gr.

Bann við mismunun.

1. Ríkisborgari samningsríkis skal ekki sæta annarri eða þyngri skattlagningu eða kröfum í því sambandi í öðru samningsríki en ríkisborgarar þess ríkis, sérstaklega varðandi heimilisfesti, sæta eða gætu sætt við sömu aðstæður. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. gildir þetta ákvæði einnig um aðila sem ekki er heimilisfastur í einu samningsríki eða fleirum.

2. Skattlagning fastrar atvinnustöðvar eða fastrar stöðvar, sem fyrirtæki eða aðili heimilisfastur í samningsríki rekur í öðru samningsríki, skal ekki vera óhagstæðari í síðarnefnda ríkinu en skattlagning fyrirtækis eða aðila heimilisfasts í því ríki sem hefur sams konar starfsemi með höndum.

Þetta ákvæði skal þó ekki skýra þannig að það skyldi samningsríki til að veita aðila heimilisföstum í öðru samningsríki nokkurn þann persónufrádrátt, ívilnun eða lækkun skatta vegna hjúskaparstöðu eða framfærslu fjölskyldu sem það veitir aðila sem er heimilisfastur í fyrrnefnda ríkinu. Í ákvæðinu felst heldur ekki réttur til þess í samningsríki að fá frádrátt við skattlagningu eða að vera undanþeginn skattlagningu af ágóðahlut eða annarri útborgun til félags heimilisfasts í öðru samningsríki.

Ákvæði 1. mgr. hamlar heldur ekki samningsríki að skattleggja samkvæmt eigin löggjöf tekjur sem föst starfsstöð hefur ef fasta starfsstöðin tilheyrir hlutafélagi eða hliðstæðu félagi í öðru samningsríki. Skattlagningin skal þó samsvara gildandi skattlagningu á heimilisföst hlutafélög eða hliðstæð félög í fyrrnefnda samningsríkinu af tekjum þeirra, reiknuðum án frádráttar úthlutaðs hagnaðar.

3. Eigi ákvæði 1. mgr. 9. gr., 4. mgr. 11. gr. eða 4. mgr. 12. gr. ekki við skulu vextir, þóknanir og aðrar greiðslur frá fyrirtæki í samningsríki til aðila heimilisfasts í öðru samningsríki vera frádráttarbærar við ákvörðun skattskyldra tekna slíks fyrirtækis eftir sömu reglum og greiðslur til aðila heimilisfasts í fyrrnefnda ríkinu. Á sama hátt er skuld fyrirtækis í samningsríki við aðila heimilisfastan í öðru samningsríki frádráttarbær við ákvörðun skattskyldrar eignar fyrirtækisins eftir sömu reglum og skuld við aðila heimilisfastan í fyrrnefnda ríkinu.

4. Þótt fjármagn fyrirtækis í samningsríki sé að öllu eða nokkru leyti, beint eða óbeint, í eigu eða stjórnað af einum eða fleiri aðilum heimilisföstum í einu eða fleiri öðrum samningsríkjum skal það ekki sæta annarri eða þyngri skattlagningu eða kröfum í því sambandi í fyrrnefnda samningsríkinu en annað svipað fyrirtæki sætir eða gæti sætt í því ríki.

5. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. gilda ákvæði þessarar greinar um hvers konar skatta, hverju nafni sem þeir nefnast.

28. gr.

Framkvæmd gagnkvæms samkomulags.

1. Þegar aðili telur að eitt eða fleiri samningsríkjanna geri ráðstafanir sem leiði eða muni leiða til skattlagningar að því er hann varðar sem ekki er í samræmi við ákvæði samnings þessa getur hann, án þess að það raski rétti hans til að færa sér í nyt réttarúrræði sem löggjöf þessara ríkja kveður á um, lagt málið fyrir bært stjórnvald í því samningsríki þar sem hann er heimilisfastur eða, ef málið fellur innan ákvæða 1. mgr. 27. gr., í því samningsríki þar sem hann er ríkisborgari.

2. Ef bært stjórnvald telur að mótmælin séu á rökum reist en getur þó ekki sjálft leyst málið á viðunandi hátt skal það leitast við að leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi við bært stjórnvald í því samningsríki sem málið varðar í því skyni að komist verði hjá skattlagningu sem ekki er í samræmi við samninginn. Hafi mótmæli verið borin fram við bært stjórnvald í ríki sem ekki er sjálft málsaðili skal það bæra stjórnvald framsenda málið til bærs stjórnvalds í einhverju þeirra ríkja sem málið varðar. Það samkomulag sem næst skal koma til framkvæmda óháð þeim tímafresti sem lög viðkomandi samningsríkja kveða á um.

3. Í því tilviki að upp koma erfiðleikar eða vandamál milli samningsríkja varðandi túlkun eða beitingu ákvæða samningsins skulu bær stjórnvöld í þeim ríkjum ráðgast sín á milli til þess að reyna að leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum geta einnig ráðgast sín á milli til að komast hjá tvísköttun í tilvikum sem samningurinn nær ekki til eða til að leysa með gagnkvæmu samkomulagi atriði sem ekki eru fastar reglur um í samningnum en geta komið upp í sambandi við skatta samkvæmt 2. gr. vegna mismunandi grundvallarreglna hlutaðeigandi ríkja við útreikning skatta eða af öðrum ástæðum.

4. Áður en ákvörðun er tekin í máli sem fellur undir 3. mgr. skal tilkynna bærum stjórnvöldum í öðrum samningsríkjum sem fyrst niðurstöður málsumleitana sem þar um ræðir. Telji bært stjórnvald í samningsríki að samningaumleitanir skuli fara fram milli bærra stjórnvalda í öllum samningsríkjunum skulu slíkar umleitanir fara fram án tafar að beiðni bærs stjórnvalds í því samningsríki.

29. gr.

Sendierindrekar og ræðiserindrekar.

Ákvæði þessa samnings skulu ekki hafa áhrif á skattaívilnanir sem sendierindrekar og ræðiserindrekar njóta samkvæmt almennum þjóðréttarreglum eða ákvæðum sérstakra samninga.

30. gr.

Landfræðileg rýmkun.

1. Rýmka má gildissvið samnings þessa, annaðhvort í heild eða með nauðsynlegum breytingum þannig að hann nái til svæða sem undanþegin eru gildissviði samningsins samkvæmt ákvæðum a-liðar 1. mgr. 3. gr. á þeim grundvelli að þar séu lagðir á skattar sem eru sams konar eða í meginatriðum svipaðir þeim sköttum sem samningurinn tekur til. Allar slíkar rýmkanir skulu gilda frá þeim degi og með þeim breytingum og skilyrðum, að meðtöldum uppsagnarákvæðum, sem sérstaklega yrði samið um milli samningsríkjanna með erindaskiptum eftir diplómatískum leiðum.

2. Verði samningurinn felldur úr gildi samkvæmt 32. gr. skal hann einnig falla úr gildi varðandi hvert það svæði sem hann hefur verið látinn ná til vegna rýmkunar samkvæmt þessari grein nema samningsríkin hafi komið sér saman um annað.

31. gr.

Gildistaka.

1. Samningur þessi öðlast gildi á þrítugasta degi eftir þann dag er öll samningsríkin hafa tilkynnt finnska utanríkisráðuneytinu að samningurinn hafi verið staðfestur. Finnska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum samningsríkjum um móttöku þessara tilkynninga og um þann dag sem samningurinn öðlast gildi.

2. Eftir að samningurinn hefur öðlast gildi skal ákvæðum hans beitt:

a) að því er tekur til staðgreiðslu- eða afdráttarskatta, á tekjur sem aflað er þann 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því almanaksári þegar samningurinn öðlast gildi eða síðar;

b) að því er tekur til annarra skatta á tekjur, varðandi skatta sem ákveðnir eru fyrir tekjuár sem hefst þann 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því almanaksári þegar samningurinn öðlast gildi eða síðar;

c) að því er tekur til skatta á eignir, á eignir sem mynda eignarskattsstofn til álagningar á öðru almanaksári á eftir því almanaksári þegar samningurinn öðlast gildi eða síðar.

3. Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 15. gr. skal einungis skattleggja tekjur vegna vinnu sem fellur undir það ákvæði í því samningsríki þar sem skipið er skráð. Þessu ákvæði skal beitt varðandi skatta sem ákveðnir eru fyrir það almanaksár er fylgir næst á eftir því ári er samningurinn öðlast gildi og einnig næstu tvö ár á eftir því almanaksári.

4. Samningnum frá 12. september 1989 milli norrænu landanna til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir skal ekki beitt að því er tekur til þeirra tekna eða eigna þar sem núverandi samningi skal beitt samkvæmt 2. mgr. Fyrrnefndi samningurinn fellur úr gildi við síðustu tímamörk þegar núverandi samningi samkvæmt framangreindri málsgrein skal beitt.

5. Ákvæðum 2. og 3. mgr., bókunarliðar VII og 2. og 3. mgr. bókunarliðar VIII við samninginn frá 12. september 1989 skal þó beitt varðandi aðila sem hinn 1. janúar 1997 og um tíma þar á eftir fullnægir skilyrðum nefndra ákvæða. Tíminn til og með 30. júní 1997 skal reiknast með í sex mánaða tímabilinu samkvæmt 4. mgr. bókunarliðar VII og 4. mgr. bókunarliðar VIII í nefndum samningi. Styttri hlé s.s. orlof, fæðingarorlof o.fl. skulu ekki reiknuð með. Bær stjórnvöld í Danmörku og Svíþjóð skulu með gagnkvæmu samkomulagi ákvarða nánari beitingu framangreindra ákvæða.

32. gr.

Uppsögn.

Samningsríki getur í síðasta lagi 30. júní á sérhverju almanaksári, sem hefst eftir að liðin eru fimm ár frá gildistökudegi samnings þessa, sagt honum upp með skriflegri tilkynningu þess efnis til finnska utanríkisráðuneytisins sem tilkynnir hinum samningsríkjunum um móttöku slíkrar tilkynningar og um efni hennar. Hafi ákvæðanna um uppsagnartíma verið gætt fellur samningurinn úr gildi í samskiptum milli þess ríkis sem sagt hefur honum upp og hinna samningsríkjanna:

a) að því er tekur til staðgreiðslu- eða afdráttarskatta, á tekjur sem aflað er þann 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því almanaksári sem finnska utanríkisráðuneytið tók við tilkynningunni um uppsögnina eða síðar;

b) að því er tekur til annarra skatta á tekjur, varðandi skatta sem ákveðnir eru fyrir tekjuár sem hefst þann 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því almanaksári sem finnska utanríkisráðuneytið tók við tilkynningunni um uppsögnina eða síðar;

c) að því er tekur til skatta á eignir, á eignir sem mynda eignarskattsstofn til álagningar á öðru almanaksári sem fylgir næst á eftir því almanaksári sem finnska utanríkisráðuneytið tók við tilkynningunni um uppsögnina eða síðar.

Frumrit samnings þessa skal varðveitt í finnska utanríkisráðuneytinu sem sendir hinum samningsríkjunum staðfest afrit af því.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Helsinki hinn 23. september 1996 í einu eintaki á dönsku, færeysku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og eru sænsku textarnir tveir, annar fyrir Finnland og hinn fyrir Svíþjóð, og skulu allir textar jafngildir.

BÓKUN

Við undirritun þessa samnings sem í dag hefur verið gerður á milli Norðurlandanna til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir hafa undirritaðir komið sér saman um eftirfarandi ákvæði sem eru óaðskiljanlegur hluti af samningnum:

I. Við 7. og 15. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. skal einungis skattleggja hagnað sem fyrirtæki í Noregi eða Svíþjóð aflar með starfsemi sem stunduð er í Svíþjóð eða Noregi, eftir því sem við á, í því ríki þar sem

fyrirtækið er heimilisfast, ef starfsemin felst í uppsetningu og viðhaldi á hreindýragirðingum á svæðum meðfram landamærum Noregs og Svíþjóðar og svæðanna er getið í samkomulagi skv. 4. mgr.

2. Þrátt fyrir ákvæði 15. gr. skal einungis skattleggja tekjur sem aðili heimilisfastur í Noregi eða Svíþjóð aflar með persónulegu starfi sínu í Svíþjóð eða Noregi, eftir því sem við á, í því ríki þar sem þessi aðili er heimilisfastur, ef vinnan felst í uppsetningu og viðhaldi á hreindýragirðingum á svæðum meðfram landamærum Noregs og Svíþjóðar og svæðanna er getið í samkomulagi skv. 4. mgr.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. varðandi fyrirtæki eða aðila, eftir því sem við á, sem heimilisfastir eru í Noregi eða Svíþjóð skulu einnig gilda um fyrirtæki eða aðila, eftir því sem við á, sem heimilisfastir eru í Finnlandi eða Noregi.

4. Bær stjórnvöld í viðkomandi samningsríkjum skulu ákveða með gagnkvæmu samkomulagi til hvaða svæða meðfram viðkomandi landamærum ákvæði 1.–3. mgr. taka.

II. Við 7., 10.–15., 19. og 23. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 7. gr., 2. mgr. 10. gr., 2. mgr. 11. gr. og 2. mgr. 12. gr. skal einungis skattleggja tekjur sem fyrirtæki í Danmörku eða Svíþjóð er tekur þátt í byggingu og rekstri fastrar tengingar yfir Eyrarsund aflar, í þeim mæli sem tekjurnar stafa frá byggingu og rekstri brúar og þar með hinna samfelldu jarðganga, í því ríki þar sem fyrirtækið hefur heimilisfesti. Hið sama skal eiga við um tekjur sem slíkt fyrirtæki aflar vegna byggingar og viðhalds hinnar tilbúnu eyju.

2. Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 13. gr. skal einungis skattleggja hagnað, sem fyrirtæki eða aðili heimilisfastur í Danmörku eða Svíþjóð er tekur þátt í byggingu og rekstri fastrar tengingar yfir Eyrarsund hlýtur vegna afhendingar þar til greindrar eignar sem notuð er til byggingar og reksturs á brúnni og þar með hinna samfelldu jarðganga, í því ríki þar sem fyrirtækið eða aðilinn er heimilisfastur. Hið sama á við um hagnað sem slíkt fyrirtæki eða slíkur aðili fær vegna afhendingar slíkrar eignar sem notuð er við byggingu og viðhald hinnar tilbúnu eyju.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 14. gr., 1. mgr. 15. gr. og 19. gr. skal einungis skattleggja tekjur sem aðili heimilisfastur í Danmörku eða Svíþjóð fær frá fyrirtæki sem tekur þátt í byggingu og rekstri fastrar tengingar yfir Eyrarsund, ef vinnan felur í sér byggingu og rekstur brúarinnar og þar með hinna samfelldu jarðganga, í því ríki þar sem aðilinn er heimilisfastur. Hið sama á við um tekjur sem slíkur aðili fær ef vinnan tengist byggingu og viðhaldi hinnar tilbúnu eyju.

4. Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. 23. gr. skal einungis skattleggja þar greindar eignir, sem fyrirtæki eða aðili heimilisfastur í Danmörku eða Svíþjóð á og notar við byggingu og rekstur brúarinnar og þar með hinna samfelldu jarðganga yfir Eyrarsund, í því ríki þar sem fyrirtækið eða aðilinn er heimilisfastur. Hið sama á við um eignir sem slíkt fyrirtæki eða slíkur aðili á og notaðar eru við byggingu og viðhald hinnar tilbúnu eyju.

III. Við 7., 8., 13., 15. og 23. gr.

1. Ákvæðum 7. gr., 1. mgr. 8. gr., 4. mgr. 13. gr. og 3. mgr. 23. gr. skal beita í Danmörku, Noregi og Svíþjóð vegna tekna sem fyrirtækjasamsteypurnar Scandinavian Airlines System (SAS), Scanair eða SAS Commuter bera úr býtum vegna reksturs loftfara á alþjóða- eða innanríkisflugleiðum og annarrar tengdrar starfsemi, af söluhagnaði sem greindar fyrirtækjasamsteypur bera úr býtum við afhendingu lausafjár sem notað er í slíkum rekstri loftfara og annarri tengdri starfsemi og af eignum sem fyrirtækjasamsteypurnar eiga og eru notaðar í slíkum rekstri loftfara og annarri tengdri starfsemi, í hlutfalli við þann hlut í fyrirtækjasamsteypunni sem er í eigu hlutareigenda sem búsettir eru í Danmörku, Noregi eða Svíþjóð.

2. Ákvæði a-liðar 4. mgr. 15. gr. eiga einnig við um tekjur af vinnu sem unnin er um borð í loftförum sem fyrirtækjasamsteypurnar SAS, Scanair eða SAS Commuter nota í innanlandsflugi.

3. Ákvæðum 1. og 2. mgr. skal einnig beitt, samkvæmt samkomulagi milli bærra stjórnvalda Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar, í sambandi við aðra fyrirtækjasamsteypu eða önnur svipuð samtök um rekstur loftfara eða annarrar tengdrar starfsemi, þegar eignarhlutdeild, beint eða óbeint, er einungis í eigu hlutareigenda í SAS og samtökin eru í meginatriðum byggð upp samkvæmt þeim meginreglum sem gilda um SAS.

IV. Við 13. gr.

Ákvæði 6. og 7. mgr. 13. gr. raska ekki rétti Danmerkur til að skattleggja samkvæmt eigin löggjöf hagnað af hlutafé sem aðili sem flytur frá Danmörku telst hafa hlotið í sambandi við brottflutninginn.

V. Við 15. gr.

1. Í d-lið 2. mgr. 15. gr. telst launþegi með heimilisfesti í samningsríki leigður út þegar honum af einhverjum (útleigjanda) er ráðstafað til að framkvæma vinnu í starfsemi einhvers annars (verkefnisveitandans) í öðru samningsríki, svo framarlega sem verkefnisveitandinn er með heimilisfesti eða hefur fasta atvinnustöð í síðarnefnda ríkinu og útleigjandinn er ekki ábyrgur fyrir og ber ekki áhættu af árangri vinnunnar.

2. Við ákvörðun á því hvort launþeginn telst leigður út skal framkvæmt heildarmat þar sem sérstaklega skal tekið tillit til þess að hve miklu leyti

a) verkstjórnin í heild hvílir á verkefnisveitandanum;

b) vinnan er framkvæmd á vinnustað sem verkefnisveitandinn hefur til umráða og ber ábyrgð á;

c) greiðslan til útleigjandans er miðuð við þann tíma sem nýttur er eða með tilliti til annars samhengis milli greiðslunnar og þeirra launa sem launþeginn fær;

d) meginhluti vinnutækja og efnis er til ráðstöfunar af hálfu verkefnisveitanda og

e) útleigjandinn ákvarðar ekki einhliða fjölda launþega og hæfniskröfur til þeirra.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 15. gr. skulu laun eða annað svipað endurgjald sem aðili með heimilisfesti í Danmörku hlýtur vegna vinnu um borð í danskri lest, eða aðili með heimilisfesti í Svíþjóð hlýtur vegna vinnu um borð í sænskri lest, sem er í ferðum á milli Danmerkur og Svíþjóðar, einungis skattleggjast í því ríki þar sem aðilinn hefur heimilisfesti.

VI. Við 15. og 19. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 19. gr. skal einungis skattleggja tekjur, sem aðili heimilisfastur í sveitarfélagi í Finnlandi eða Noregi sem liggur að landamærum milli þessara ríkja aflar með persónulegu starfi sem leyst er af hendi í slíku sveitarfélagi í hinu samningsríkinu, í því ríki þar sem hann á heimilisfesti, að því tilskildu að aðilinn dveljist að staðaldri á sínu fasta heimili í því ríki.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 19. gr. skal einungis skattleggja tekjur, sem aðili heimilisfastur í sveitarfélagi í Finnlandi eða Svíþjóð sem liggur að landamærum milli þessara ríkja aflar með persónulegu starfi sem leyst er af hendi í slíku sveitarfélagi í hinu samningsríkinu, í því ríki þar sem hann á heimilisfesti, að því tilskildu að aðilinn dveljist að staðaldri á sínu fasta heimili í því ríki.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 19. gr. skal einungis skattleggja tekjur, sem aðili heimilisfastur í sveitarfélagi í Noregi eða Svíþjóð sem liggur að landamærum milli þessara ríkja aflar með persónulegu starfi sem leyst er af hendi í slíku sveitarfélagi í hinu samningsríkinu, í því ríki þar sem hann á heimilisfesti, að því tilskildu að aðilinn dveljist að staðaldri á sínu fasta heimili í því ríki.

4. Með orðunum „dveljist að staðaldri“ er átt við að skattskyldi aðilinn dvelji að jafnaði eigi sjaldnar en einu sinni í viku á sínu fasta heimili í því samningsríki þar sem hann er heimilisfastur. Til þess að skattskyldi aðilinn teljist dvelja á sínu fasta heimili skal dvölin í heimilisfestisríkinu vara a.m.k. tvo daga. Hér gildir sama og annars staðar í samningnum þar sem hugtakið „dagur“ kemur fyrir, að með „degi“ telst einnig hluti úr degi.

VII. Við 18. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 18. gr. skal eftirfarandi gilda í samskiptum Danmerkur og Færeyja;

Eftirlaun, lífeyrir, almannatryggingabætur, framfærslueyrir og aðrar svipaðar greiðslur, sem eiga rætur að rekja frá hluta af ríkinu og greiddar eru aðila heimilisföstum í hinum hluta ríkisins, skattleggjast einungis í síðarnefndum hluta ríkisins.

2. Hugtakið „almannatryggingabætur“ tekur að því er Danmörku varðar til „orlofsgreiðslna“.

VIII. Við 19. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 19. gr. skal eftirfarandi gilda í samskiptum Danmerkur og Færeyja:

a) Laun og annað svipað endurgjald (að undanteknum eftirlaunum), sem greitt er af hluta ríkisins, opinberum aðila eða sveitarstjórn þess til manns fyrir starf hans í þjónustu þessa hluta ríkisins, opinbers aðila þess eða sveitarstjórnar, skattleggst einungis í þeim hluta ríkisins þar sem starfið er leyst af hendi.

b) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar skattleggjast laun og annað svipað endurgjald, sem aðili heimilisfastur í hluta ríkisins hefur af persónulegu starfi sínu leystu af hendi samkvæmt ráðningarskilmálum í hinum hluta ríkisins, einungis í fyrstnefnda hluta ríkisins, ef:

1) viðtakandinn dvelur í síðarnefnda hluta ríkisins yfir samfellt tímabil sem varir ekki lengur en 120 daga á tólf mánaða tímabili og

2) hinn venjulegi starfsstaður greiðir launin eða annað svipað endurgjald.

c) Ákvæðum 15. og 16. gr. svo og bókunarliðar VII skal beitt varðandi laun og annað svipað endurgjald sem aflað er fyrir starf leyst af hendi í atvinnustarfsemi sem rekin er af hluta ríkisins, opinberum aðila eða sveitarstjórn þess.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal eftirfarandi gilda í samskiptum Danmerkur og Færeyja:

a) greiðslur, sem ákvarðaðar eru af opinberum aðila eingöngu til að standa straum af kostnaði í sambandi við opinbert starf eða launað starf sem ekki fela í sér endurgjald fyrir starf og sem danska ríkið, opinberir aðilar eða sveitarstjórn þess greiða til aðila sem starfa í Færeyjum, skattleggjast einungis í Danmörku.

b) greiðslur, sem ákvarðaðar eru af opinberum aðila eingöngu til að standa straum af kostnaði í sambandi við opinbert starf eða launað starf sem ekki fela í sér endurgjald fyrir starf og sem landsstjórn Færeyja, opinberir aðilar eða sveitarstjórn þess greiða til aðila sem starfa í Danmörku, skattleggjast einungis í Færeyjum.

Ákvæðum a- og b-liða skal beitt fyrstu fimm árin sem hlutaðeigandi aðili fær umræddar greiðslur.

IX. Við 20. gr.

1. Aðili sem dvelur í öðru samningsríki en Færeyjum og aðili sem dvelur í öðru samningsríki en Íslandi einungis í þeim tilgangi:

a) að nema við menntastofnun í því ríki og námið er þess eðlis að hægt er að fá námslán eða styrki frá opinberum aðila vegna þess í því ríki eða

b) að nema viðskipta-, sjávarútvegs-, iðnaðar-, landbúnaðar- eða skógarnýtingarstörf í því ríki og er, eða var síðast fyrir dvölina, heimilisfastur í Færeyjum eða á Íslandi

skattleggst einungis af þeim hluta tekna vegna starfs í fyrrnefnda samningsríkinu sem er umfram 20.000 sænskar krónur á almanaksári eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í dönskum, finnskum, íslenskum eða norskum gjaldmiðli. Greind fjárhæð felur í sér gildandi persónufrádrátt fyrir viðkomandi almanaksár ef dvalið er í Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð.

2. Skattfrelsi samkvæmt 1. mgr. veitist þó einungis fyrir það tímabil sem hæfilegt eða venjulegt telst fyrir námið eða þjálfunina, þó ekki lengur en sex almanaksár í röð.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. skal eftirfarandi gilda í samskiptum Danmerkur og Færeyja:

Námsmaður, nemi eða áþekkur aðili, sem er, eða var síðast fyrir dvölina í hluta af ríkinu, heimilisfastur í hinum hluta ríkisins og dvelur um stundarsakir í fyrrnefndum hluta af ríkinu einungis í náms- eða þjálfunarskyni, skattleggst ekki í þessum hluta af ríkinu af fjárhæðum sem hann tekur við frá hinum hluta ríkisins eða útlöndum til að standa straum af framfærslu sinni, námi eða þjálfun.

Hann skattleggst heldur ekki af fjárhæðum sem honum eru greiddar sem endurgjald fyrir starf svo fremi að starfið sé nauðsynlegt til framfærslu hans.

Námsmaður, nemi eða áþekkur aðili, sem var síðast fyrir dvölina í Danmörku heimilisfastur í Færeyjum, skattleggst ekki í Færeyjum af endurgjaldi fyrir starf sem leyst er af hendi í Danmörku.

Sá sem eftir námslok hefur sérnám eða nám á öðru sviði telst ekki vera námsmaður.

Dvöl telst vera um stundarsakir ef hún fer ekki yfir tilskilinn námstíma að viðbættum tveimur árum.

Dvöl telst ekki vera „einungis í náms- eða þjálfunarskyni“ ef hún, áður en nám er hafið, fer yfir 6 mánuði.

Til greinds sex mánaða tímabils skal ekki telja þann tíma, að hámarki þó eitt ár, sem nýttur er til undirbúningsnámskeiða sem menntastofnunin gerir kröfu til að sótt sé áður en nám er hafið.

Í því tilviki að báðir makar sækja um námsvist í menntastofnun og aðeins annar makinn fær inngöngu framlengist sex mánaða reglan gagnvart hinum makanum, þó að hámarki fyrir tímabil sem í heild sinni nemur tveimur árum.

4. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal námsmaður, nemi eða áþekkur aðili, sem er, eða var síðast fyrir dvölina í Danmörku, heimilisfastur á Íslandi og sem dvelur um stundarsakir í Danmörku einungis í náms- eða þjálfunarskyni, ekki vera skattlagður af fjárhæðum sem honum eru greiddar sem endurgjald fyrir starf ef starfið telst nauðsynlegt til framfærslu hans.

5. Aðili heimilisfastur í öðru samningsríki en Danmörku og sem við dvöl um stundarsakir í Danmörku starfar þar að hámarki í 100 daga á sama almanaksári skattleggst einungis í Danmörku af þeim hluta teknanna sem er umfram þá fjárhæð sem samkvæmt gildandi reglum er talin nauðsynleg til framfærslu hans, með því skilyrði að starfið sé innt af hendi innan sviðs norrænnar áætlunar um reynslu- eða frídagavinnuskipti og að útvegun vinnunnar hafi farið fram á vegum Nordjobb.

Fjárhæðin sem telst vera nauðsynleg til framfærslu hlutaðeigandi aðila ákvarðast á ársgrundvelli og lækkar í hlutfalli við lengd framfærslutímans og heilt almanaksár.

6. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum geta gert samkomulag um framkvæmd ákvæða 1.–5. mgr. Bær stjórnvöld geta einnig gert samkomulag um þær breytingar á þar greindum fjárhæðum sem sanngjarnar þykja með hliðsjón af breytingum á peningagildi, breyttri löggjöf í einhverju samningsríkjanna eða öðrum svipuðum ástæðum.

X. Við 25. gr.

1. Að ósk Danmerkur má nema úr gildi ákvæði c-liðar 1. mgr. 25. gr.

Ósk um slíka breytingu skal komið á framfæri eftir diplómatískum leiðum með tilkynningu til sérhvers hinna samningsríkjanna. Breytingin öðlast gildi á þrítugasta degi eftir þann dag er öll hin samningsríkin hafa tekið við slíkri tilkynningu og skal ákvæðum hennar beitt varðandi skatta sem ákveðnir eru fyrir tekjuár sem hefst þann 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári sem breytingin tók gildi eða síðar.

Að ósk Danmerkur má breyta ákvæðum 1. mgr. 25. gr. þannig að í stað þeirra komi svohljóðandi texti:

„a) Hafi aðili heimilisfastur í Danmörku tekjur eða eigi hann eign sem skattleggja má samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru samningsríki skal Danmörk, nema ákvæði b- eða c-liðar leiði til annars,

1) veita sem frádrátt frá dönskum tekjuskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess tekjuskatts sem greiddur er í síðarnefnda ríkinu;

2) veita sem frádrátt frá dönskum eignarskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess eignarskatts sem greiddur er í síðarnefnda ríkinu.

Frádráttarfjárhæðin skal hins vegar aldrei vera hærri en sá hluti danska tekjuskattsins eða eignarskattsins, reiknaður fyrir slíkan frádrátt, sem lagður er á tekjur eða eignir sem skattleggja má í hinu ríkinu.

b) Hafi aðili heimilisfastur í Danmörku tekjur eða eigi hann eign sem einungis skal skattleggja samkvæmt ákvæðum samnings þessa í öðru samningsríki má Danmörk telja tekjurnar eða eignirnar með í skattstofni, en frá dönskum skatti af tekjum eða eign skal þá draga þann hluta af tekjuskattinum eða eignarskattinum sem reiknaður er af þeim tekjum eða eignum sem stafa frá síðarnefnda ríkinu.

c) Hafi aðili heimilisfastur í Danmörku tekjur sem um er rætt í 1. mgr. 15. gr. eða a-lið 7. mgr. 21. gr. má Danmörk telja tekjurnar með í skattstofni, en frá dönskum skatti af tekjum skal þá draga þann hluta af tekjuskattinum sem reiknaður er af þeim tekjum sem stafa frá síðarnefnda ríkinu.“

Ósk um slíka breytingu skal komið á framfæri eftir diplómatískum leiðum með tilkynningu til sérhvers hinna samningsríkjanna. Breytingin öðlast gildi á þrítugasta degi eftir þann dag er öll hin samningsríkin hafa tekið við slíkri tilkynningu og ákvæðum hennar skal beitt að því er tekur til

skatta á eignir, á eignir sem mynda eignarskattsstofn til álagningar á öðru almanaksári sem fylgir næst á eftir þeim degi sem breytingin tók gildi eða síðar.

2. Að ósk Færeyja má breyta ákvæðum 2. mgr. 25. gr. þannig að í stað þeirra komi svohljóðandi texti:

„a) Hafi aðili heimilisfastur í Færeyjum tekjur eða eigi hann eign sem skattleggja má samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru samningsríki skulu Færeyjar, nema ákvæði b- eða c-liðar leiði til annars, veita sem frádrátt frá færeyskum tekjuskatti eða eignarskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess tekjuskatts eða eignarskatts sem greiddur er í síðarnefnda ríkinu.

Frádráttarfjárhæðin skal hins vegar aldrei vera hærri en sá hluti færeyska tekjuskattsins eða eignarskattsins, reiknaður fyrir slíkan frádrátt, sem lagður er á tekjur eða eignir sem skattleggja má í hinu ríkinu.

b) Hafi aðili heimilisfastur í Færeyjum tekjur eða eigi hann eign, sem einungis skal skattleggja samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru samningsríki, mega Færeyjar telja tekjurnar eða eignirnar með í skattstofni, en frá færeyskum skatti af tekjum eða eign skal þá draga þann hluta af tekjuskattinum eða eignarskattinum sem reiknaður er af þeim tekjum eða eignum er stafa frá síðarnefnda ríkinu.

c) Hafi aðili heimilisfastur í Færeyjum tekjur af launuðu starfi sem um er rætt í 1. mgr. 15. gr. eða a-lið 7. mgr. 21. gr. og sem samkvæmt þessum málsgreinum má skattleggja í hinu samningsríkinu mega Færeyjar telja tekjurnar með í skattstofni, en frá færeyskum skatti af tekjum skal þá draga þann hluta af tekjuskattinum sem reiknaður er af þeim tekjum sem stafa frá síðarnefnda ríkinu.“

Ósk um slíka breytingu skal komið á framfæri eftir diplómatískum leiðum með tilkynningu til sérhvers hinna samningsríkjanna. Breytingin öðlast gildi á þrítugasta degi eftir þann dag er öll hin samningsríkin hafa tekið við slíkri tilkynningu og ákvæðum hennar skal beitt að því er tekur til skatta á eignir, á eignir sem mynda eignarskattsstofn til álagningar á öðru almanaksári sem fylgir eftir að breytingin tók gildi eða síðar.

3. Að ósk Finnlands má breyta ákvæðum 3. mgr. 25. gr. þannig að í stað þeirra komi svohljóðandi texti:

„a) Hafi aðili heimilisfastur í Finnlandi tekjur eða eigi hann eign sem skattleggja má samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru samningsríki skal Finnland, nema ákvæði b- eða c-liðar leiði til annars, að teknu tilliti til finnskrar löggjafar (einnig í þeirri merkingu sem hún getur fengið við síðari breytingar án þess að hafa áhrif á þær grundvallarreglur sem hér eru settar fram),

1) draga frá finnskum tekjuskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess tekjuskatts sem greiddur er í hinu ríkinu samkvæmt löggjöf þess ríkis og í samræmi við samninginn og reiknaður er af sömu tekjum og þeim sem finnski skatturinn er reiknaður af;

2) draga frá finnskum eignarskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess eignarskatts sem greiddur er í síðarnefnda ríkinu samkvæmt löggjöf þess ríkis og í samræmi við samninginn, og reiknaður er af sömu eignum og þeim sem finnski skatturinn er reiknaður af;

b) Ágóðahlutir frá félagi með heimilisfesti í öðru samningsríki en Finnlandi sem greiddir eru til félags heimilisfasts í Finnlandi eru undanþegnir skattlagningu í Finnlandi ef viðtakandinn ræður beint yfir að minnsta kosti 10 hundraðshlutum atkvæðamagns í því félagi sem greiðir ágóðahlutina.

c) Hafi aðili heimilisfastur í Finnlandi tekjur eða eigi hann eign sem einungis skal skattleggja samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru samningsríki má Finnland telja tekjurnar með í skattstofni, en frá finnskum skatti af tekjum eða eign skal þá draga þann hluta af tekjuskattinum eða eignarskattinum sem reiknaður er af þeim tekjum sem stafa frá síðarnefnda ríkinu eða af eign sem er í eigu hans þar.“

Ósk um slíka breytingu skal komið á framfæri eftir diplómatískum leiðum með tilkynningu til sérhvers hinna samningsríkjanna. Breytingin öðlast gildi á þrítugasta degi eftir þann dag er öll hin samningsríkin hafa tekið við slíkri tilkynningu og ákvæðum hennar skal beitt

a) að því er tekur til staðgreiðslu skatta, á tekjur sem aflað er þann 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári sem breytingin tók gildi eða síðar,

b) að því er tekur til annarra skatta á tekjur, varðandi skatta sem ákveðnir eru fyrir tekjuár sem hefst þann 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári sem breytingin tók gildi eða síðar,

c) að því er tekur til skatta á eignir, á eignir sem mynda eignarskattsstofn til álagningar á öðru almanaksári á eftir því ári sem breytingin tók gildi eða síðar.

4. Að ósk Íslands má breyta ákvæðum 4. mgr. 25. gr. þannig að í stað þeirra komi svohljóðandi texti:

„a) Hafi aðili heimilisfastur á Íslandi tekjur eða eigi hann eign sem skattleggja má samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru samningsríki skal Ísland, nema ákvæði b-liðar leiði til annars,

1) draga frá íslenskum tekjuskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess tekjuskatts sem greiddur er í síðarnefnda ríkinu,

2) draga frá íslenskum eignarskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess eignarskatts sem greiddur er í síðarnefnda ríkinu.

Frádráttarfjárhæðin skal hins vegar aldrei vera hærri en sá hluti íslenska tekjuskattsins eða eignarskattsins, reiknaður fyrir slíkan frádrátt, sem lagður er á tekjur eða eignir sem skattleggja má í hinu ríkinu.

b) Hafi aðili heimilisfastur á Íslandi tekjur eða eigi hann eign sem einungis skal skattleggja samkvæmt ákvæðum samnings þessa í öðru samningsríki má Ísland telja tekjurnar með í skattstofni, en frá íslenskum skatti af tekjum eða eign skal þá draga þann hluta af tekjuskattinum eða eignarskattinum sem reiknaður er af þeim tekjum sem stafa frá síðarnefnda ríkinu eða af eign sem er í eigu hans þar."

Ósk um slíka breytingu skal komið á framfæri eftir diplómatískum leiðum með tilkynningu til sérhvers hinna samningsríkjanna. Breytingin öðlast gildi á þrítugasta degi eftir þann dag er öll hin samningsríkin hafa tekið við slíkri tilkynningu og ákvæðum hennar skal beitt

a) að því er tekur til staðgreiðslu skatta, á tekjur sem aflað er þann 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári sem breytingin tók gildi eða síðar,

b) að því er tekur til annarra skatta á tekjur, varðandi skatta sem ákveðnir eru fyrir tekjuár sem hefst þann 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári sem breytingin tók gildi eða síðar,

c) að því er tekur til skatta á eignir, á eignir sem mynda eignarskattsstofn til álagningar á öðru almanaksári á eftir því ári sem breytingin tók gildi eða síðar.

5. Að ósk Noregs má breyta ákvæðum 5. mgr. 25. gr. þannig að í stað þeirra komi svohljóðandi texti:

„Ef ákvæði norskrar löggjafar um frádrátt frá norskum skatti vegna skatts sem greiddur er utan Noregs kveða ekki á um annað (þó án þess að það hafi áhrif á þær grundvallarreglur sem hér eru settar fram) gildir eftirfarandi:

a) Hafi aðili heimilisfastur í Noregi tekjur eða eigi hann eign sem skattleggja má samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru samningsríki skal Noregur,

1) draga frá norskum tekjuskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess tekjuskatts sem greiddur er í síðarnefnda ríkinu,

2) draga frá norskum eignarskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess eignarskatts sem greiddur er af eignum hans í síðarnefnda ríkinu.

Frádráttur þessi skal þó í engu tilviki vera hærri en sá hluti norska tekjuskattsins eða eignarskattsins, reiknaðs án slíks frádráttar, sem er af þeim tekjum eða þeirri eign sem má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

b) Hafi aðili heimilisfastur í Noregi tekjur sem einungis skal skattleggja samkvæmt ákvæðum samnings þessa í öðru samningsríki má Noregur telja tekjurnar með í skattstofni, en frá norskum skatti af tekjum skal þá draga þann hluta af tekjuskattinum sem reiknaður er af þeim tekjum er stafa frá hinu ríkinu."

Ósk um slíka breytingu skal komið á framfæri eftir diplómatískum leiðum með tilkynningu til sérhvers hinna samningsríkjanna. Breytingin öðlast gildi á þrítugasta degi eftir þann dag er öll hin samningsríkin hafa tekið við slíkri tilkynningu og ákvæðum hennar skal beitt

a) að því er tekur til staðgreiðslu skatta, á tekjur sem aflað er þann 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári sem breytingin tók gildi eða síðar,

b) að því er tekur til annarra skatta á tekjur, varðandi skatta sem ákveðnir eru fyrir tekjuár sem hefst þann 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári sem breytingin tók gildi eða síðar,

c) að því er tekur til skatta á eignir, á eignir sem mynda eignarskattsstofn til álagningar á öðru almanaksári á eftir því ári sem breytingin tók gildi eða síðar.

6. Að ósk Svíþjóðar má breyta ákvæðum 6. mgr. 25. gr. þannig að í stað þeirra komi svohljóðandi texti:

„a) Hafi aðili heimilisfastur í Svíþjóð tekjur eða eigi hann eign sem skattleggja má samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru samningsríki skal Svíþjóð, nema ákvæði í b-lið leiði til annars,

1) með hliðsjón af sænskri löggjöf (einnig í þeirri merkingu sem hún getur fengið við síðari breytingar án þess að hafa áhrif á þær grundvallarreglur sem hér eru settar fram) draga frá skatti af tekjum fjárhæð sem svarar til þess tekjuskatts sem greiddur er í síðarnefnda ríkinu,

2) draga frá sænskum eignarskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess eignarskatts sem greiddur er af eignum hans í síðarnefnda ríkinu. Frádráttarfjárhæðin skal þó í engu tilviki vera hærri en sá hluti sænska eignarskattsins, reiknaður fyrir slíkan frádrátt, sem er af þeirri eign sem má skattleggja í hinu ríkinu.

b) Hafi aðili heimilisfastur í Svíþjóð tekjur eða eigi hann eign sem einungis skal skattleggja samkvæmt ákvæðum samnings þessa í öðru samningsríki getur Svíþjóð, við ákvörðun skattþrepa fyrir sænskan stighækkandi skatt á aðrar tekjur eða eignir, tekið tillit til þeirra tekna eða eigna sem skattleggjast einungis í síðarnefnda ríkinu."

Ósk um slíka breytingu skal komið á framfæri eftir diplómatískum leiðum með tilkynningu til sérhvers hinna samningsríkjanna. Breytingin öðlast gildi á þrítugasta degi eftir þann dag er öll hin samningsríkin hafa tekið við slíkri tilkynningu og ákvæðum hennar skal beitt

a) að því er tekur til staðgreiðslu skatta, á tekjur sem aflað er þann 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári sem breytingin tók gildi eða síðar,

b) að því er tekur til annarra skatta á tekjur, varðandi skatta sem ákveðnir eru fyrir tekjuár sem hefst þann 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári sem breytingin tók gildi eða síðar,

c) að því er tekur til skatta á eignir, á eignir sem mynda eignarskattsstofn til álagningar á öðru almanaksári á eftir því ári sem breytingin tók gildi eða síðar.

XI. Við 26. gr.

Ákvæðum 5. mgr. 26. gr. skal beitt á samsvarandi hátt í þeim tilvikum sem um er að ræða í 3. og 4. mgr. bókunarliðar II.

XII. Við 31. gr.

1. Varðandi skattlagningu á byggingu, viðhald og rekstur landamærabrúa o.fl. yfir landamæri Finnlands og Noregs gildir sérstakt samkomulag sem gert hefur verið þar um.

2. Varðandi skattfrelsi í Finnlandi og Svíþjóð fyrir fleytingarfyrirtæki sem stofnað hefur verið til að annast fleytingu á fleytingarleiðum landamæraánna Torne og Muonio gildir sérstakt samkomulag sem gert hefur verið þar um.

3. Varðandi grundvöll að skiptingu milli Noregs og Svíþjóðar á skattlagningu tekna hlutafélagsins Luossavaara-Kiirunavaara gildir sérstakt samkomulag þar um.

Frumrit bókunar þessarar skal varðveitt í finnska utanríkisráðuneytinu sem sendir hinum samningsríkjunum staðfest afrit af því.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

Gjört í Helsinki hinn 23. september 1996 í einu eintaki á dönsku, færeysku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og eru sænsku textarnir tveir, annar fyrir Finnland og hinn fyrir Svíþjóð, og skulu allir textar jafngildir.

AUGLÝSING

um samning um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra.

Hinn 28. apríl 1997 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra sem gerður var í París 13. janúar 1993. Alþingi hafði með ályktun sama dag heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samninginn. Samningurinn öðlaðist gildi 29. apríl 1997.

Meginmál samningsins er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Viðaukar við samninginn liggja frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem hægt er að fá aðgang að þeim.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 5. maí 1997.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson

Fylgiskjal.

SAMNINGUR um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra.

INNGANGUR

Ríki þau sem eru aðilar að samningi þessum,

sem ákveðið hafa að gera ráðstafanir til að ná raunverulegum árangri í átt að almennri og algerri afvopnun undir ströngu og virku alþjóðlegu eftirliti, þar á meðal banni og eyðingu á gereyðingarvopnum af öllu tagi,

sem vilja leggja sitt af mörkum til að koma fram markmiðum og meginreglum sáttmála Sameinuðu þjóðanna,

sem minnast þess að allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefur margsinnis fordæmt allar aðgerðir sem brjóta gegn meginreglum og markmiðum samnings um bann við notkun eiturefna, gass og sýkla í hernaði sem undirritaður var í Genf 17. júní 1925 (Genfarsamningsins frá 1925),

sem er ljóst að þessi samningur staðfestir meginreglur og markmið Genfarsamningsins frá 1925 og samnings um bann við þróun, framleiðslu og söfnun sýkla- og eiturvopna og um eyðingu þeirra sem undirritaður var í London, Moskvu og Washington 10. apríl 1972,

CONVENTION on the Prohibition of the Development, Production, Stockpiling and Use of Chemical Weapons and on Their Destruction

PREAMBLE

The States Parties to this Convention,

Determined to act with a view to achieving effective progress towards general and complete disarmament under strict and effective international control, including the prohibition and elimination of all types of weapons of mass destruction,

Desiring to contribute to the realization of the purposes and principles of the Charter of the United Nations,

Recalling that the General Assembly of the United Nations has repeatedly condemned all actions contrary to the principles and objectives of the Protocol for the Prohibition of the Use in War of Asphyxiating, Poisonous or Other Gases, and of Bacteriological Methods of Warfare, signed at Geneva on 17 June 1925 (the Geneva Protocol of 1925),

Recognizing that this Convention reaffirms principles and objectives of and obligations assumed under the Geneva Protocol of 1925, and the Convention on the Prohibition of the Development, Production and Stockpiling of Bacteriological (Biological) and Toxin Weapons and on their Destruction signed at London, Moscow and Washington, on 10 April 1972,

sem hafa í huga markmið það sem felst í 9. gr. samningsins um bann við þróun, framleiðslu og söfnun sýkla- og eiturvopna og um eyðingu þeirra,

sem staðráðin eru í þágu alls mannkyns að koma með framkvæmd ákvæða þessa samnings algerlega í veg fyrir þann möguleika að efnavopn verði notuð og treysta þannig frekar þær skuldbindingar sem gengist var undir með Genfarsamningnum frá 1925,

sem viðurkenna bann það við notkun plöntueiturs í hernaðarskyni sem fram kemur í viðeigandi samningum og þjóðréttarreglum,

sem telja að framfarir á sviði efnavísinda skuli einungis nýttar mannkyni til góðs,

sem vilja stuðla að frjálsri verslun með kemísk efni og alþjóðlegri samvinnu og skiptum á vísindalegum og tæknilegum upplýsingum á sviði efnafræði í þágu nota sem ekki eru bönnuð samkvæmt samningi þessum svo að efla megi efnahagslega og tæknilega framþróun meðal allra aðildarríkja,

sem eru þess fullviss að algert og virkt bann við þróun, framleiðslu, öflun, söfnun, vörslu, afhendingu og notkun efnavopna og eyðing þeirra sé nauðsynlegt skref til að þessum sameiginlegu markmiðum verði náð,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.
Almennar skuldbindingar.

1. Sérhvert aðildarríki að samningi þessum skuldbindur sig til, hvernig sem á stendur, að:

a) þróa aldrei, framleiða, afla sér á annan hátt, safna eða hafa í vörslu sinni efnavopn né afhenda efnavopn, beint eða óbeint, nokkrum aðila;

b) nota aldrei efnavopn;

c) taka aldrei þátt í neinum hernaðarundirbúningi til notkunar efnavopna;

d) veita aldrei aðstoð eða hvetja eða á nokkurn hátt fá aðra til að stunda nokkuð það sem aðildarríki er bannað samkvæmt samningi þessum.

2. Sérhvert aðildarríki skuldbindur sig í samræmi við ákvæði samnings þessa til að eyða efnavopnum sem það á eða hefur umráð yfir ellegar eru staðsett einhvers staðar innan lögsögu þess eða undir yfirráðum þess.

3. Sérhvert aðildarríki skuldbindur sig í samræmi við ákvæði samnings þessa til að eyða

Bearing in mind the objective contained in Article IX of the Convention on the Prohibition of the Development, Production and Stockpiling of Bacteriological (Biological) and Toxin Weapons and on their Destruction,

Determined for the sake of all mankind, to exclude completely the possibility of the use of chemical weapons, through the implementation of the provisions of this Convention, thereby complementing the obligations assumed under the Geneva Protocol of 1925,

Recognizing the prohibition, embodied in the pertinent agreements and relevant principles of international law, of the use of herbicides as a method of warfare,

Considering that achievements in the field of chemistry should be used exclusively for the benefit of mankind,

Desiring to promote free trade in chemicals as well as international cooperation and exchange of scientific and technical information in the field of chemical activities for purposes not prohibited under this Convention in order to enhance the economic and technological development of all States Parties,

Convinced that the complete and effective prohibition of the development, production, acquisition, stockpiling, retention, transfer and use of chemical weapons, and their destruction, represent a necessary step towards the achievement of these common objectives,

Have agreed as follows:

ARTICLE I
GENERAL OBLIGATIONS

1. Each State Party to this Convention undertakes never under any circumstances:

(a) To develop, produce, otherwise acquire, stockpile or retain chemical weapons, or transfer, directly or indirectly, chemical weapons to anyone;

(b) To use chemical weapons;

(c) To engage in any military preparations to use chemical weapons;

(d) To assist, encourage or induce, in any way, anyone to engage in any activity prohibited to a State Party under this Convention.

2. Each State Party undertakes to destroy chemical weapons it owns or possesses, or that are located in any place under its jurisdiction or control, in accordance with the provisions of this Convention.

3. Each State Party undertakes to destroy all chemical weapons it abandoned on the territory

öllum efnavopnum sem það hefur skilið eftir á landsvæði annars aðildarríkis.

4. Sérhvert aðildarríki skuldbindur sig í samræmi við ákvæði samnings þessa til að eyða öllum framleiðslustöðvum efnavopna sem það á eða hefur umráð yfir ellegar eru staðsettar einhvers staðar innan lögsögu þess eða undir yfirráðum þess.

5. Sérhvert aðildarríki skuldbindur sig til að nota ekki í hernaðarskyni efni til að bæla niður óeirðir.

2. gr.

Skilgreiningar og viðmið.

Í samningi þessum:

1. Merkja „efnavopn“, sameiginlega eða hvert um sig:

a) eitruð efni og forstigsefni þeirra, nema þau séu ætluð til nota sem ekki eru bönnuð samkvæmt samningi þessum, enda samræmist gerð og magn efnanna slíkum notum;

b) skotfæri og tæki sem sérstaklega eru gerð til að valda bana eða öðrum skaða með eituráhrifum þeirra eiturefna skv. a-lið er leysast mundu úr læðingi við beitingu slíkra skotfæra eða tækja;

c) hvern þann búnað sem sérstaklega er gerður til að nota í beinum tengslum við beitingu skotfæra eða tækja skv. b-lið.

2. Merkja „eiturefni“:

Sérhvert efni sem getur með efnafræðilegum áhrifum á líkamsstarfsemi valdið mönnum eða dýrum bana, gert menn eða dýr vanmegnug um tíma eða valdið þeim varanlegu heilsutjóni. Eru öll slík efni innifalin, hver sem uppruni þeirra er eða framleiðsluaðferð og hvort sem þau hafa verið framleidd í framleiðslustöðvum eða myndast í skotfærum eða á annan hátt.

(Í þágu framkvæmdar samnings þessa eru eiturefni, sem skilgreind hafa verið vegna beitingar sannprófana, skráð í fylgiskjölum með viðaukanum um efni.)

3. Merkir „forstigsefni“:

Sérhvert hvarfefni sem á einhverju stigi framleiðslu og hvernig svo sem framleiðslan á sér stað á þátt í myndun eiturefnis. Eru allir lykilþættir í tvenndar- eða fjölefnakerfum innifaldir.

(Í þágu framkvæmdar samnings þessa eru forstigsefni, sem skilgreind hafa verið vegna

of another State Party, in accordance with the provisions of this Convention.

4. Each State Party undertakes to destroy any chemical weapons production facilities it owns or possesses, or that are located in any place under its jurisdiction or control, in accordance with the provisions of this Convention.

5. Each State Party undertakes not to use riot control agents as a method of warfare.

ARTICLE II

DEFINITIONS AND CRITERIA

For the purposes of this Convention:

1. "Chemical Weapons" means the following, together or separately:

(a) Toxic chemicals and their precursors, except where intended for purposes not prohibited under this Convention, as long as the types and quantities are consistent with such purposes;

(b) Munitions and devices, specifically designed to cause death or other harm through the toxic properties of those toxic chemicals specified in subparagraph (a), which would be released as a result of the employment of such munitions and devices;

(c) Any equipment specifically designed for use directly in connection with the employment of munitions and devices specified in subparagraph (b).

2. "Toxic Chemical" means:

Any chemical which through its chemical action on life processes can cause death, temporary incapacitation or permanent harm to humans or animals. This includes all such chemicals, regardless of their origin or of their method of production, and regardless of whether they are produced in facilities, in munitions or elsewhere.

(For the purpose of implementing this Convention, toxic chemicals which have been identified for the application of verification measures are listed in Schedules contained in the Annex on Chemicals.)

3. "Precursor" means:

Any chemical reactant which takes part at any stage in the production by whatever method of a toxic chemical. This includes any key component of a binary or multicomponent chemical system.

(For the purpose of implementing this Convention, precursors which have been identified

beitingar sannprófana, skráð í fylgiskjölum með viðaukanum um efni.)

4. Merkir „lykilþáttur í tvenndar- eða fjölefnakerfi“ (hér eftir nefndur „lykilþáttur“):

Það forstigsefni sem gegnir stærstu hlutverki við að ákvarða eitureiginleika hins endanlega framleidda efnis og sem hvarfast fljótt við önnur efni viðkomandi tvenndar- eða fjölefnakerfis.

5. Merkja „gömul efnavopn“:

a) efnavopn framleidd fyrir 1925; eða

b) efnavopn framleidd á tímabilinu milli 1925 og 1946 sem rýrnað hafa að því marki að þau eru ekki lengur nothæf sem efnavopn.

6. Merkja „yfirgefin efnavopn“:

Efnavopn, þar með talin gömul efnavopn, sem ríki hefur skilið eftir á landsvæði annars ríkis án samþykkis hins síðargreinda eftir 1. janúar 1925.

7. Merkir „efni til að bæla niður óeirðir“:

Sérhvert efni sem ekki er tilgreint í fylgiskjali og getur skyndilega valdið mönnum skynáreiti eða lamandi líkamlegum áhrifum sem hverfa fljótlega eftir að snertingu við efnið lýkur.

8. Merkir „framleiðslustöð efnavopna“:

a) sérhvern búnað, svo og sérhverja byggingu þar sem slíkur búnaður er hýstur, sem hannaður var, reistur eða notaður einhvern tíma eftir 1. janúar 1946:

(i) sem liður í því stigi efnaframleiðslu („tæknilegu lokastigi“) þegar ferlisefnið innihéldi, meðan búnaðurinn er í notkun:

(1) sérhvert efni sem skráð er í fylgiskjali 1 með viðaukanum um efni; eða

(2) sérhvert annað efni sem engin þörf er fyrir, umfram 1 tonn á ári á landsvæði aðildarríkis eða á nokkrum öðrum stað innan lögsögu þess eða undir yfirráðum þess, til annarra nota en þeirra sem bönnuð eru samkvæmt samningi þessum og unnt er að nýta til efnavopna; eða

(ii) til að fylla efnavopn, þar á meðal til að koma efnum sem skráð eru í fylgiskjali 1 fyrir í skotfærum, tækjum eða magnmiklum geymum, til fyllingar efna í geyma sem mynda hluta af samsettum tvenndarskotfærum og tækjum eða í deiliefnaskotfæri sem mynda hluta af samsettum eindarskotfærum og tækjum, og til að hlaða slíkum geymum eða deiliefnaskotfærum í viðeigandi skotfæri og tæki;

for the application of verification measures are listed in Schedules contained in the Annex on Chemicals.)

4. “Key Component of Binary or Multicomponent Chemical Systems” (hereinafter referred to as “key component”) means:

The precursor which plays the most important role in determining the toxic properties of the final product and reacts rapidly with other chemicals in the binary or multicomponent system.

5. “Old Chemical Weapons” means:

(a) Chemical weapons which were produced before 1925; or

(b) Chemical weapons produced in the period between 1925 and 1946 that have deteriorated to such extent that they can no longer be used as chemical weapons.

6. “Abandoned Chemical Weapons” means:

Chemical weapons, including old chemical weapons, abandoned by a State after 1 January 1925 on the territory of another State without the consent of the latter.

7. “Riot Control Agent” means:

Any chemical not listed in a Schedule, which can produce rapidly in humans sensory irritation or disabling physical effects which disappear within a short time following termination of exposure.

8. “Chemical Weapons Production Facility”:

(a) Means any equipment, as well as any building housing such equipment, that was designed, constructed or used at any time since 1 January 1946:

(i) As part of the stage in the production of chemicals (“final technological stage”) where the material flows would contain, when the equipment is in operation:

(1) Any chemical listed in Schedule 1 in the Annex on Chemicals; or

(2) Any other chemical that has no use, above 1 tonne per year on the territory of a State Party or in any other place under the jurisdiction or control of a State Party, for purposes not prohibited under this Convention, but can be used for chemical weapons purposes; or

(ii) For filling chemical weapons, including, inter alia, the filling of chemicals listed in Schedule 1 into munitions, devices or bulk storage containers; the filling of chemicals into containers that form part of assembled binary munitions and devices or into chemical submunitions that form part of assembled unitary munitions and devices, and the loading of the containers and chemical submunitions into the respective munitions and devices;

b) hugtakið merkir hins vegar ekki:

(i) stöð þar sem framleiðslugeta efnis sem tilgreint er í i-lið a-liðar nemur minna en einu tonni;

(ii) stöð þar sem efni sem tilgreint er í i-lið a-liðar er eða var framleitt sem óhjákvæmileg hliðarafurð starfsemi sem ekki er bönnuð samkvæmt samningi þessum, enda sé efnið ekki meira en 3% heildarframleiðslunnar og stöðin háð yfirlýsingar- og skoðunarskyldu samkvæmt viðaukanum um framkvæmd og sannprófanir (sem hér eftir er nefndur „viðaukinn um sannprófanir“); eða

(iii) einstaka stöð með litla framleiðslugetu til framleiðslu á efnum tilgreindum í fylgiskjali 1 til nota sem ekki eru bönnuð samkvæmt samningi þessum, sbr. VI. hluta viðaukans um sannprófanir.

9. Merkja „not sem ekki eru bönnuð samkvæmt samningi þessum“:

a) not í þágu iðnaðar, landbúnaðar, rannsókna, lækninga eða lyfjagerðar, eða í öðrum friðsamlegum tilgangi;

b) verndarnot, einkum not sem beinlínis tengjast vernd gegn eiturefnum og vernd gegn efnavopnum;

c) hernaðarnot sem ekki tengjast notkun efnavopna og ekki eru háð nýtingu á eiturverkunum efna í hernaðarskyni;

d) löggæslunot, þar með talin not til að bæla niður óeirðir innanlands.

10. Merkir „framleiðslugeta“:

Það magn sem árlega er mögulegt að framleiða af tilgreindu efni með tæknilegri aðferð sem notuð er í raun eða, hafi viðkomandi aðferð ekki enn verið tekin í notkun, sem áætlað er að nota í viðkomandi stöð. Litið skal svo á að magnið sé jafnt reynslumagni eða hönnunarmagni sé reynslumagn ekki fyrir hendi. Reynslumagn er það magn sem framleitt er við þær aðstæður sem gerðar eru ákjósanlegastar með tilliti til sem mestrar framleiðslu stöðvarinnar og sem leitt hefur verið í ljós með einni eða fleiri framleiðslulotum til prófunar. Hönnunarmagn er samsvarandi framleiðslumagn sem reiknað hefur verið út fræðilega.

11. Merkir „stofnun“:

Stofnunina um bann við efnavopnum sem sett er á fót skv. 8. gr. samnings þessa.

(b) Does not mean:

(i) Any facility having a production capacity for synthesis of chemicals specified in subparagraph (a) (i) that is less than 1 tonne;

(ii) Any facility in which a chemical specified in subparagraph (a) (i) is or was produced as an unavoidable by-product of activities for purposes not prohibited under this Convention, provided that the chemical does not exceed 3 per cent of the total product and that the facility is subject to declaration and inspection under the Annex on Implementation and Verification (hereinafter referred to as "Verification Annex"); or

(iii) The single small-scale facility for production of chemicals listed in Schedule 1 for purposes not prohibited under this Convention as referred to in Part VI of the Verification Annex.

9. "Purposes Not Prohibited Under this Convention" means:

(a) Industrial, agricultural, research, medical, pharmaceutical or other peaceful purposes;

(b) Protective purposes, namely those purposes directly related to protection against toxic chemicals and to protection against chemical weapons;

(c) Military purposes not connected with the use of chemical weapons and not dependent on the use of the toxic properties of chemicals as a method of warfare;

(d) Law enforcement including domestic riot control purposes.

10. "Production Capacity" means:

The annual quantitative potential for manufacturing a specific chemical based on the technological process actually used or, if the process is not yet operational, planned to be used at the relevant facility. It shall be deemed to be equal to the nameplate capacity or, if the nameplate capacity is not available, to the design capacity. The nameplate capacity is the product output under conditions optimized for maximum quantity for the production facility, as demonstrated by one or more test-runs. The design capacity is the corresponding theoretically calculated product output.

11. "Organization" means the Organization for the Prohibition of Chemical Weapons established pursuant to Article VIII of this Convention.

12. Að því er 6. gr. varðar:

a) merkir „framleiðsla“ efnis myndun þess við efnahvarf;

b) merkir „tilbúningur“ efnis verklega framkvæmd, svo sem blöndun, útdrátt eða hreinsun, þar sem efni hvarfast ekki í annað efni;

c) merkir „eyðsla“ efnis hvarf þess í annað efni með efnahvarfi.

3. gr.

Yfirlýsingar.

1. Sérhvert aðildarríki skal eigi síðar en 30 dögum eftir að samningur þessi öðlast gildi að því er það varðar láta stofnuninni í té eftirtaldar yfirlýsingar, þar sem:

a) að því er efnavopn varðar:

(i) lýst er yfir hvort það eigi eða hafi umráð yfir efnavopnum eða hvort nokkur efnavopn séu staðsett einhvers staðar innan lögsögu þess eða undir yfirráðum þess;

(ii) tilgreint er nákvæmlega hvar þau efnavopn eru sem það á eða hefur umráð yfir eða eru staðsett einhvers staðar innan lögsögu þess eða undir yfirráðum þess, heildarmagn þeirra og ítarleg sundurliðun þeirra, í samræmi við 1.-3. mgr. IV. hluta A í viðaukanum um sannprófanir, að undanskildum þeim efnavopnum sem í iii-lið greinir;

(iii) tilkynnt er um efnavopn á landsvæði þess sem annað ríki á og hefur umráð yfir og eru staðsett einhvers staðar þar innan lögsögu eða undir yfirráðum annars ríkis, í samræmi við 4. mgr. IV. hluta A í viðaukanum um sannprófanir;

(iv) lýst er yfir hvort það hafi beint eða óbeint látið af hendi efnavopn eða tekið við efnavopnum eftir 1. janúar 1946 og tilgreind afhending og viðtaka slíkra vopna, í samræmi við 5. mgr. IV. hluta A í viðaukanum um sannprófanir;

(v) lögð er fram almenn áætlun þess um eyðingu þeirra efnavopna sem það á eða hefur umráð yfir eða eru staðsett einhvers staðar innan lögsögu þess eða undir yfirráðum þess, í samræmi við 6. mgr. IV. hluta A í viðaukanum um sannprófanir;

b) að því er gömul efnavopn og yfirgefin efnavopn varðar:

(i) lýst er yfir hvort það hafi gömul efnavopn á landsvæði sínu og allar upplýsingar veittar sem fyrir hendi eru, í samræmi við 3. mgr. IV. hluta B í viðaukanum um sannprófanir;

12. For the purposes of Article VI:

(a) "Production" of a chemical means its formation through chemical reaction;

(b) "Processing" of a chemical means a physical process, such as formulation, extraction and purification, in which a chemical is not converted into another chemical;

(c) "Consumption" of a chemical means its conversion into another chemical via a chemical reaction.

ARTICLE III

DECLARATIONS

1. Each State Party shall submit to the Organization, not later than 30 days after this Convention enters into force for it, the following declarations, in which it shall:

(a) With respect to chemical weapons:

(i) Declare whether it owns or possesses any chemical weapons, or whether there are any chemical weapons located in any place under its jurisdiction or control;

(ii) Specify the precise location, aggregate quantity and detailed inventory of chemical weapons it owns or possesses, or that are located in any place under its jurisdiction or control, in accordance with Part IV (A), paragraphs 1 to 3, of the Verification Annex, except for those chemical weapons referred to in sub-subparagraph (iii);

(iii) Report any chemical weapons on its territory that are owned and possessed by another State and located in any place under the jurisdiction or control of another State, in accordance with Part IV (A), paragraph 4, of the Verification Annex;

(iv) Declare whether it has transferred or received, directly or indirectly, any chemical weapons since 1 January 1946 and specify the transfer or receipt of such weapons, in accordance with Part IV (A), paragraph 5, of the Verification Annex;

(v) Provide its general plan for destruction of chemical weapons that it owns or possesses, or that are located in any place under its jurisdiction or control, in accordance with Part IV (A), paragraph 6, of the Verification Annex;

(b) With respect to old chemical weapons and abandoned chemical weapons:

(i) Declare whether it has on its territory old chemical weapons and provide all available information in accordance with Part IV (B), paragraph 3, of the Verification Annex;

(ii) lýst er yfir hvort yfirgefin efnavopn séu á landsvæði þess og allar upplýsingar veittar sem fyrir hendi eru, í samræmi við 8. mgr. IV. hluta B í viðaukanum um sannprófanir;

(iii) lýst er yfir hvort það hafi skilið eftir efnavopn á landsvæði annarra ríkja og allar upplýsingar veittar sem fyrir hendi eru, í samræmi við 10. mgr. IV. hluta B í viðaukanum um sannprófanir;

c) að því er framleiðslustöðvar efnavopna varðar:

(i) lýst er yfir hvort það eigi eða hafi átt nokkra framleiðslustöð efnavopna, hvort það hafi eða hafi haft umráð yfir slíkri stöð eða hvort slík stöð sé eða hafi verið staðsett einhvers staðar innan lögsögu þess eða undir yfirráðum þess einhvern tíma eftir 1. janúar 1946;

(ii) tilgreind er hver sú framleiðslustöð efnavopna sem það á eða hefur átt, hefur eða hefur haft umráð yfir eða sem er eða hefur verið staðsett einhvers staðar innan lögsögu þess eða undir yfirráðum þess einhvern tíma eftir 1. janúar 1946, í samræmi við 1. mgr. V. hluta viðaukans um sannprófanir, að undanskildum þeim stöðvum sem í iii-lið greinir;

(iii) tilkynnt er um hverja þá framleiðslustöð efnavopna á landsvæði þess sem annað ríki á eða hefur átt, hefur eða hefur haft umráð yfir og er eða hefur verið staðsett einhvers staðar innan lögsögu eða undir yfirráðum annars ríkis einhvern tíma eftir 1. janúar 1946, í samræmi við 2. mgr. V. hluta viðaukans um sannprófanir;

(iv) lýst er yfir hvort það hafi beint eða óbeint látið af hendi eða tekið við hvers kyns búnaði til framleiðslu efnavopna eftir 1. janúar 1946 og afhending og viðtaka slíks búnaðar er tilgreind, í samræmi við 3.-5. mgr. V. hluta viðaukans um sannprófanir;

(v) lögð er fram almenn áætlun þess um eyðingu sérhverrar þeirrar framleiðslustöðvar efnavopna sem það á eða hefur umráð yfir eða er staðsett einhvers staðar innan lögsögu þess eða undir yfirráðum þess, í samræmi við 6. mgr. V. hluta viðaukans um sannprófanir;

(vi) tilgreindar eru þær ráðstafanir sem gera skal til lokunar hverrar þeirrar framleiðslustöðvar efnavopna sem það á eða hefur umráð yfir eða er staðsett einhvers staðar innan lögsögu þess eða undir yfirráðum þess, í samræmi við i-lið 1. mgr. V. hluta viðaukans um sannprófanir;

(vii) lögð er fram almenn áætlun þess um tímabundna breytingu sérhverrar þeirrar framleiðslustöðvar efnavopna sem það á eða hefur umráð yfir eða sem er staðsett einhvers staðar

(ii) Declare whether there are abandoned chemical weapons on its territory and provide all available information in accordance with Part IV (B), paragraph 8, of the Verification Annex;

(iii) Declare whether it has abandoned chemical weapons on the territory of other States and provide all available information in accordance with Part IV (B), paragraph 10, of the Verification Annex;

(c) With respect to chemical weapons production facilities:

(i) Declare whether it has or has had any chemical weapons production facility under its ownership or possession, or that is or has been located in any place under its jurisdiction or control at any time since 1 January 1946;

(ii) Specify any chemical weapons production facility it has or has had under its ownership or possession or that is or has been located in any place under its jurisdiction or control at any time since 1 January 1946, in accordance with Part V, paragraph 1, of the Verification Annex, except for those facilities referred to in sub-subparagraph (iii);

(iii) Report any chemical weapons production facility on its territory that another State has or has had under its ownership and possession and that is or has been located in any place under the jurisdiction or control of another State at any time since 1 January 1946, in accordance with Part V, paragraph 2, of the Verification Annex;

(iv) Declare whether it has transferred or received, directly or indirectly, any equipment for the production of chemical weapons since 1 January 1946 and specify the transfer or receipt of such equipment, in accordance with Part V, paragraphs 3 to 5, of the Verification Annex;

(v) Provide its general plan for destruction of any chemical weapons production facility it owns or possesses, or that is located in any place under its jurisdiction or control, in accordance with Part V, paragraph 6, of the Verification Annex;

(vi) Specify actions to be taken for closure of any chemical weapons production facility it owns or possesses, or that is located in any place under its jurisdiction or control, in accordance with Part V, paragraph 1 (i), of the Verification Annex;

(vii) Provide its general plan for any temporary conversion of any chemical weapons production facility it owns or possesses, or that is located in any place under its jurisdiction or con-

innan lögsögu þess eða undir yfirráðum þess í eyðingarstöð efnavopna, í samræmi við 7. mgr. V. hluta viðaukans um sannprófanir;

d) að því er aðrar stöðvar varðar: tilgreind er nákvæm staðsetning, eðli og almenn starfsemi sérhverrar þeirrar stöðvar eða stofnunar sem það á eða hefur umráð yfir, eða sem er staðsett einhvers staðar innan lögsögu þess eða undir yfirráðum þess, og hefur eftir 1. janúar 1946 verið ætluð, byggð eða notuð aðallega til að þróa efnavopn. Í slíkri yfirlýsingu skulu meðal annars tilgreindar rannsóknastofur og stöðvar til prófunar og mats;

e) að því er varðar efni til að bæla niður óeirðir: tilgreint er efnafræðilegt heiti, byggingarformúla og skráarnúmer Chemical Abstracts Service (CAS), sé það fyrir hendi, sérhvers efnis sem það hefur til notkunar við að bæla niður óeirðir. Yfirlýsingin skal endurnýjuð eigi síðar en 30 dögum eftir að breyting kemur til framkvæmda.

2. Aðildarríki getur ákveðið að ákvæði þessarar greinar og viðeigandi ákvæði IV. hluta viðaukans um sannprófanir gildi ekki um efnavopn sem grafin hafa verið á landsvæði þess fyrir 1. janúar 1977 og eru enn niðurgrafin eða sem varpað hefur verið í sjó fyrir 1. janúar 1985.

4. gr.

Efnavopn.

1. Ákvæði samnings þessa og hin einstöku fyrirmæli um framkvæmd þeirra skulu gilda um öll efnavopn sem aðildarríki á eða hefur umráð yfir eða eru staðsett einhvers staðar innan lögsögu þess eða undir yfirráðum þess, að undanskildum gömlum efnavopnum og yfirgefnum efnavopnum sem IV. hluti B í viðaukanum um sannprófanir gildir um.

2. Einstök fyrirmæli um framkvæmd greinar þessarar eru sett fram í viðaukanum um sannprófanir.

3. Allir staðir, þar sem efnavopn sem tilgreind eru í 1. mgr. eru geymd eða þeim eytt, skulu háðir kerfisbundnum sannprófunum með vettvangsskoðun og eftirliti með staðbundnum tækjum, í samræmi við IV. hluta A í viðaukanum um sannprófanir.

4. Sérhvert aðildarríki skal, strax og yfirlýsing skv. a-lið 1. mgr. 3. gr. hefur verið lögð fram, veita aðgang að efnavopnum sem tilgreind eru í 1. mgr. svo að sannprófa megi yfirlýsinguna á kerfisbundinn hátt með vettvangsskoðun. Að því loknu má aðildarríki ekki flytja á brott

trol, into a chemical weapons destruction facility, in accordance with Part V, paragraph 7, of the Verification Annex;

(d) With respect to other facilities:

Specify the precise location, nature and general scope of activities of any facility or establishment under its ownership or possession, or located in any place under its jurisdiction or control, and that has been designed, constructed or used since 1 January 1946 primarily for development of chemical weapons. Such declaration shall include, inter alia, laboratories and test and evaluation sites;

(e) With respect to riot control agents: Specify the chemical name, structural formula and Chemical Abstracts Service (CAS) registry number, if assigned, of each chemical it holds for riot control purposes. This declaration shall be updated not later than 30 days after any change becomes effective.

2. The provisions of this Article and the relevant provisions of Part IV of the Verification Annex shall not, at the discretion of a State Party, apply to chemical weapons buried on its territory before 1 January 1977 and which remain buried, or which had been dumped at sea before 1 January 1985.

ARTICLE IV

CHEMICAL WEAPONS

1. The provisions of this Article and the detailed procedures for its implementation shall apply to all chemical weapons owned or possessed by a State Party, or that are located in any place under its jurisdiction or control, except old chemical weapons and abandoned chemical weapons to which Part IV (B) of the Verification Annex applies.

2. Detailed procedures for the implementation of this Article are set forth in the Verification Annex.

3. All locations at which chemical weapons specified in paragraph 1 are stored or destroyed shall be subject to systematic verification through on-site inspection and monitoring with on-site instruments, in accordance with Part IV (A) of the Verification Annex.

4. Each State Party shall, immediately after the declaration under Article III, paragraph 1 (a), has been submitted, provide access to chemical weapons specified in paragraph 1 for the purpose of systematic verification of the declaration through on-site inspection. Thereafter, each

neitt efnavopnanna nema til eyðingarstöðvar efnavopna. Skal það veita aðgang að slíkum efnavopnum til kerfisbundinnar sannprófunar á staðnum.

5. Sérhvert aðildarríki skal veita aðgang að sérhverri eyðingarstöð efnavopna og tilheyrandi geymslusvæðum, sem það á eða hefur umráð yfir eða eru staðsett einhvers staðar innan lögsögu þess eða eru undir yfirráðum þess, til kerfisbundinnar sannprófunar með vettvangsskoðun og eftirlits með staðbundnum tækjum.

6. Sérhvert aðildarríki skal eyða öllum efnavopnum sem tilgreind eru í 1. mgr. í samræmi við viðaukann um sannprófanir, með þeim hraða og í þeirri röð sem samið er um (sem hér eftir er nefnd „eyðingarskipan"). Skal eyðing hafin eigi síðar en tveimur árum eftir að samningur þessi öðlast gildi að því er viðkomandi aðildarríki varðar og skal henni ljúka eigi síðar en 10 árum eftir að samningur þessi öðlast gildi. Aðildarríki er frjálst að eyða efnavopnum þessum hraðar.

7. Sérhvert aðildarríki skal:

a) leggja fram nákvæma áætlun um eyðingu efnavopna sem tilgreind eru í 1. mgr. eigi síðar en 60 dögum áður en hvert árlegt eyðingartímabil hefst, í samræmi við 29. mgr. IV. hluta A í viðaukanum um sannprófanir, og skal hin nákvæma áætlun taka til allra birgða sem eyða skal á næsta árlega eyðingartímabili;

b) leggja fram árlega, eigi síðar en 60 dögum eftir lok hvers árlegs eyðingartímabils, yfirlýsingar um framkvæmd áætlana sinna um eyðingu þeirra efnavopna sem tilgreind eru í 1. mgr.; og

c) staðfesta, eigi síðar en 30 dögum eftir að eyðingu er lokið, að öllum efnavopnum sem tilgreind eru í 1. mgr. hafi verið eytt.

8. Fullgildi ríki samning þennan eða gerist aðili að honum eftir lok 10 ára eyðingartímans sem kveðið er á um í 6. mgr. skal það eyða efnavopnum sem tilgreind eru í 1. mgr. eins skjótt og unnt er. Framkvæmdaráðið skal ákveða eyðingarskipan og aðferðir við strangar sannprófanir að því er slík aðildarríki varðar.

9. Efnavopn, sem aðildarríki uppgötvar eftir að upphafleg yfirlýsing um efnavopn hefur verið gefin, skulu tilkynnt, tryggilega umbúin og þeim eytt, í samræmi við IV. hluta A í viðaukanum um sannprófanir.

State Party shall not remove any of these chemical weapons, except to a chemical weapons destruction facility. It shall provide access to such chemical weapons, for the purpose of systematic on-site verification.

5. Each State Party shall provide access to any chemical weapons destruction facilities and their storage areas, that it owns or possesses, or that are located in any place under its jurisdiction or control, for the purpose of systematic verification through on-site inspection and monitoring with on-site instruments.

6. Each State Party shall destroy all chemical weapons specified in paragraph 1 pursuant to the Verification Annex and in accordance with the agreed rate and sequence of destruction (hereinafter referred to as "order of destruction"). Such destruction shall begin not later than two years after this Convention enters into force for it and shall finish not later than 10 years after entry into force of this Convention. A State Party is not precluded from destroying such chemical weapons at a faster rate.

7. Each State Party shall:

(a) Submit detailed plans for the destruction of chemical weapons specified in paragraph 1 not later than 60 days before each annual destruction period begins, in accordance with Part IV (A), paragraph 29, of the Verification Annex; the detailed plans shall encompass all stocks to be destroyed during the next annual destruction period;

(b) Submit declarations annually regarding the implementation of its plans for destruction of chemical weapons specified in paragraph 1, not later than 60 days after the end of each annual destruction period; and

(c) Certify, not later than 30 days after the destruction process has been completed, that all chemical weapons specified in paragraph 1 have been destroyed.

8. If a State ratifies or accedes to this Convention after the 10-year period for destruction set forth in paragraph 6, it shall destroy chemical weapons specified in paragraph 1 as soon as possible. The order of destruction and procedures for stringent verification for such a State Party shall be determined by the Executive Council.

9. Any chemical weapons discovered by a State Party after the initial declaration of chemical weapons shall be reported, secured and destroyed in accordance with Part IV (A) of the Verification Annex.

10. Meðan á flutningi, sýnatöku, geymslu og eyðingu efnavopna stendur skal sérhvert aðildarríki gæta þess fyrst og fremst að öryggi manna sé tryggt og umhverfi verndað. Þegar flutningur, sýnataka, geymsla og eyðing efnavopna fer fram skal sérhvert aðildarríki fylgja þeim kröfum sem gerðar eru innanlands um öryggi og losun.

11. Sérhvert aðildarríki, sem hefur á landsvæði sínu efnavopn sem annað ríki á eða hefur umráð yfir eða eru staðsett þar einhvers staðar innan lögsögu eða undir yfirráðum annars ríkis, skal gera sitt ýtrasta til að tryggja að þessi efnavopn séu flutt á brott af landsvæði þess eigi síðar en einu ári eftir að samningur þessi öðlast gildi að því er það varðar. Séu þau ekki flutt á brott innan eins árs getur aðildarríkið farið þess á leit við stofnunina og önnur aðildarríki að því sé veitt aðstoð við eyðingu þessara efnavopna.

12. Sérhvert aðildarríki skuldbindur sig til samvinnu við önnur aðildarríki sem óska upplýsinga eða aðstoðar á tvíhliða grundvelli eða fyrir milligöngu tækniskrifstofunnar um aðferðir og tækni til eyðingar efnavopna á öruggan og skilvirkan hátt.

13. Við störf að sannprófunum samkvæmt þessari grein og IV. hluta A í viðaukanum um sannprófanir skal stofnunin taka til athugunar ráðstafanir til að komast hjá ónauðsynlegri endurtekningu tvíhliða eða marghliða samninga milli aðildarríkja um sannprófanir í tengslum við efnavopnageymslur og eyðingu efnavopna.

Í þessu skyni skal framkvæmdaráðið ákveða að takmarka sannprófanir við ráðstafanir sem koma til fyllingar ráðstöfunum sem gerðar eru samkvæmt slíkum tvíhliða eða marghliða samningi ef það telur að:

a) sannprófunarákvæði slíks samnings séu í samræmi við sannprófunarákvæði þessarar greinar og IV. hluta A í viðaukanum um sannprófanir;

b) í framkvæmd slíks samnings felist nægileg trygging fyrir efndum á viðeigandi ákvæðum samnings þessa; og

c) aðilar hins tvíhliða eða marghliða samnings veiti stofnuninni ávallt fulla vitneskju um störf sín að sannprófunum.

14. Taki framkvæmdaráðið ákvörðun skv. 13. mgr. á stofnunin rétt á að fylgjast með framkvæmd hins tvíhliða eða marghliða samnings.

10. Each State Party, during transportation, sampling, storage and destruction of chemical weapons, shall assign the highest priority to ensuring the safety of people and to protecting the environment. Each State Party shall transport, sample, store and destroy chemical weapons in accordance with its national standards for safety and emissions.

11. Any State Party which has on its territory chemical weapons that are owned or possessed by another State, or that are located in any place under the jurisdiction or control of another State, shall make the fullest efforts to ensure that these chemical weapons are removed from its territory not later than one year after this Convention enters into force for it. If they are not removed within one year, the State Party may request the Organization and other States Parties to provide assistance in the destruction of these chemical weapons.

12. Each State Party undertakes to cooperate with other States Parties that request information or assistance on a bilateral basis or through the Technical Secretariat regarding methods and technologies for the safe and efficient destruction of chemical weapons.

13. In carrying out verification activities pursuant to this Article and Part IV (A) of the Verification Annex, the Organization shall consider measures to avoid unnecessary duplication of bilateral or multilateral agreements on verification of chemical weapons storage and their destruction among States Parties.

To this end, the Executive Council shall decide to limit verification to measures complementary to those undertaken pursuant to such a bilateral or multilateral agreement, if it considers that:

(a) Verification provisions of such an agreement are consistent with the verification provisions of this Article and Part IV (A) of the Verification Annex;

(b) Implementation of such an agreement provides for sufficient assurance of compliance with the relevant provisions of this Convention; and

(c) Parties to the bilateral or multilateral agreement keep the Organization fully informed about their verification activities.

14. If the Executive Council takes a decision pursuant to paragraph 13, the Organization shall have the right to monitor the implementation of the bilateral or multilateral agreement.

15. Ákvæði 13. og 14. mgr. hafa engin áhrif á skyldu aðildarríkis til að láta í té yfirlýsingar skv. 3. gr., þessari grein og IV. hluta A í viðaukanum um sannprófanir.

16. Sérhvert aðildarríki skal greiða kostnað af eyðingu þeirra efnavopna sem því ber að eyða. Það skal einnig greiða kostnað af sannprófunum á geymslu og eyðingu þessara efnavopna, nema framkvæmdaráðið ákveði annað. Ákveði ráðið að takmarka sannprófanir stofnunarinnar skv. 13. mgr. skal kostnaður af sannprófunum sem koma öðrum ráðstöfunum til fyllingar og af eftirliti á vegum stofnunarinnar greiddur samkvæmt álagningarskrá Sameinuðu þjóðanna, eins og kveðið er á um í 7. mgr. 8. gr.

17. Aðildarríki getur ákveðið að ákvæði þessarar greinar og viðeigandi ákvæði IV. hluta viðaukans um sannprófanir gildi ekki um efnavopn sem grafin hafa verið á landsvæði þess fyrir 1. janúar 1977 og enn eru niðurgrafin, eða efnavopn sem varpað hefur verið í sjó fyrir 1. janúar 1985.

5. gr.
Framleiðslustöðvar efnavopna.

1. Ákvæði samnings þessa og hin einstöku fyrirmæli um framkvæmd þeirra skulu gilda um allar framleiðslustöðvar efnavopna sem aðildarríki á eða hefur umráð yfir eða eru staðsettar einhvers staðar innan lögsögu þess eða undir yfirráðum þess.

2. Einstök fyrirmæli um framkvæmd þessarar greinar eru sett fram í viðaukanum um sannprófanir.

3. Allar framleiðslustöðvar efnavopna sem tilgreindar eru í 1. mgr. skulu háðar kerfisbundnum sannprófunum með vettvangsskoðun og eftirliti með staðbundnum tækjum, í samræmi við V. hluta viðaukans um sannprófanir.

4. Sérhvert aðildarríki skal þegar í stað hætta allri starfsemi í framleiðslustöðvum efnavopna sem tilgreindar eru í 1. mgr., að undanskilinni starfsemi sem nauðsynleg er vegna lokunar þeirra.

5. Aðildarríki má ekki koma sér upp neinum nýjum framleiðslustöðvum efnavopna eða breyta neinum núverandi stöðvum sem ætlaðar eru til að framleiða efnavopn eða til að stunda nokkra aðra starfsemi sem bönnuð er samkvæmt samningi þessum.

15. Nothing in paragraphs 13 and 14 shall affect the obligation of a State Party to provide declarations pursuant to Article III, this Article and Part IV (A) of the Verification Annex.

16. Each State Party shall meet the costs of destruction of chemical weapons it is obliged to destroy. It shall also meet the costs of verification of storage and destruction of these chemical weapons unless the Executive Council decides otherwise. If the Executive Council decides to limit verification measures of the Organization pursuant to paragraph 13, the costs of complementary verification and monitoring by the Organization shall be paid in accordance with the United Nations scale of assessment, as specified in Article VIII, paragraph 7.

17. The provisions of this Article and the relevant provisions of Part IV of the Verification Annex shall not, at the discretion of a State Party, apply to chemical weapons buried on its territory before 1 January 1977 and which remain buried, or which had been dumped at sea before 1 January 1985.

ARTICLE V
CHEMICAL WEAPONS PRODUCTION FACILITIES

1. The provisions of this Article and the detailed procedures for its implementation shall apply to any and all chemical weapons production facilities owned or possessed by a State Party, or that are located in any place under its jurisdiction or control.

2. Detailed procedures for the implementation of this Article are set forth in the Verification Annex.

3. All chemical weapons production facilities specified in paragraph 1 shall be subject to systematic verification through on-site inspection and monitoring with on-site instruments in accordance with Part V of the Verification Annex.

4. Each State Party shall cease immediately all activity at chemical weapons production facilities specified in paragraph 1, except activity required for closure.

5. No State Party shall construct any new chemical weapons production facilities or modify any existing facilities for the purpose of chemical weapons production or for any other activity prohibited under this Convention.

6. Sérhvert aðildarríki skal strax og yfirlýsing skv. c-lið 1. mgr. 3. gr. hefur verið lögð fram veita aðgang að framleiðslustöðvum efnavopna sem tilgreindar eru í 1. mgr. svo að sannprófa megi yfirlýsinguna á kerfisbundinn hátt með vettvangsskoðun.

7. Sérhvert aðildarríki skal:

a) loka öllum framleiðslustöðvum efnavopna sem tilgreindar eru í 1. mgr. eigi síðar en 90 dögum eftir að samningur þessi öðlast gildi að því er það varðar, í samræmi við V. hluta viðaukans um sannprófanir, og tilkynna að það hafi verið gert; og

b) veita aðgang að framleiðslustöðvum efnavopna sem tilgreindar eru í 1. mgr. eftir að þeim hefur verið lokað vegna kerfisbundinnar sannprófunar með vettvangsskoðun og eftirliti með staðbundnum tækjum til þess að tryggja að stöðin sé lokuð og henni síðan eytt.

8. Sérhvert aðildarríki skal eyða öllum framleiðslustöðvum efnavopna sem tilgreindar eru í 1. mgr., ásamt tilheyrandi aðstöðu og búnaði, í samræmi við viðaukann um sannprófanir og með þeim hraða og í þeirri röð sem umsamið er (sem hér eftir er nefnd „eyðingarskipan“). Skal eyðing hafin eigi síðar en einu ári eftir að samningur þessi öðlast gildi að því er aðildarríkið varðar og skal henni ljúka eigi síðar en 10 árum eftir að samningur þessi öðlast gildi. Aðildarríki er frjálst að eyða framleiðslustöðvum þessum hraðar.

9. Sérhvert aðildarríki skal:

a) leggja fram nákvæma áætlun um eyðingu framleiðslustöðva efnavopna sem tilgreindar eru í 1. mgr. eigi síðar en 180 dögum áður en eyðing hverrar stöðvar hefst;

b) leggja fram árlega, eigi síðar en 90 dögum eftir lok hvers árlegs eyðingartímabils, yfirlýsingar um framkvæmd áætlana sinna um eyðingu allra framleiðslustöðva efnavopna sem tilgreindar eru í 1. mgr.; og

c) staðfesta, eigi síðar en 30 dögum eftir að eyðingu er lokið, að öllum framleiðslustöðvum efnavopna sem tilgreindar eru í 1. mgr. hafi verið eytt.

10. Fullgildi ríki samning þennan eða gerist aðili að honum eftir lok 10 ára eyðingartímans sem kveðið er á um í 8. mgr. skal það eyða framleiðslustöðvum efnavopna sem tilgreindar eru í 1. mgr. eins skjótt og unnt er. Framkvæmdaráðið skal ákveða eyðingarskipan og aðferðir við

6. Each State Party shall, immediately after the declaration under Article III, paragraph 1 (c), has been submitted, provide access to chemical weapons production facilities specified in paragraph 1, for the purpose of systematic verification of the declaration through on-site inspection.

7. Each State Party shall:

(a) Close, not later than 90 days after this Convention enters into force for it, all chemical weapons production facilities specified in paragraph 1, in accordance with Part V of the Verification Annex, and give notice thereof; and

(b) Provide access to chemical weapons production facilities specified in paragraph 1, subsequent to closure, for the purpose of systematic verification through on-site inspection and monitoring with on-site instruments in order to ensure that the facility remains closed and is subsequently destroyed.

8. Each State Party shall destroy all chemical weapons production facilities specified in paragraph 1 and related facilities and equipment, pursuant to the Verification Annex and in accordance with an agreed rate and sequence of destruction (hereinafter referred to as "order of destruction"). Such destruction shall begin not later than one year after this Convention enters into force for it, and shall finish not later than 10 years after entry into force of this Convention. A State Party is not precluded from destroying such facilities at a faster rate.

9. Each State Party shall:

(a) Submit detailed plans for destruction of chemical weapons production facilities specified in paragraph 1, not later than 180 days before the destruction of each facility begins;

(b) Submit declarations annually regarding the implementation of its plans for the destruction of all chemical weapons production facilities specified in paragraph 1, not later than 90 days after the end of each annual destruction period; and

(c) Certify, not later than 30 days after the destruction process has been completed, that all chemical weapons production facilities specified in paragraph 1 have been destroyed.

10. If a State ratifies or accedes to this Convention after the 10-year period for destruction set forth in paragraph 8, it shall destroy chemical weapons production facilities specified in paragraph 1 as soon as possible. The order of destruction and procedures for stringent verifi-

strangar sannprófanir að því er slíkt aðildarríki varðar.

11. Meðan á eyðingu framleiðslustöðva efnavopna stendur skal sérhvert aðildarríki gæta þess fyrst og fremst að öryggi manna sé tryggt og umhverfi verndað. Þegar framleiðslustöðvum efnavopna er eytt skal sérhvert aðildarríki fylgja þeim kröfum sem gerðar eru innanlands um öryggi og losun.

12. Framleiðslustöðvum efnavopna sem tilgreindar eru í 1. mgr. má umbreyta tímabundið til eyðingar á efnavopnum í samræmi við 18.-25. mgr. V. hluta viðaukans um sannprófanir. Slíkri umbreyttri stöð skal eytt jafnskjótt og notkun hennar til eyðingar efnavopna er lokið og í öllu falli eigi síðar en 10 árum eftir að samningur þessi öðlast gildi.

13. Þegar sérstaklega stendur á og nauðsyn krefur getur aðildarríki óskað leyfis til að nota framleiðslustöð efnavopna sem tilgreind er í 1. mgr. í tilgangi sem ekki er bannaður með samningi þessum. Að fengnum meðmælum framkvæmdaráðsins skal ráðstefna aðildarríkjanna ákveða hvort fallast skuli á beiðnina eða ekki og setja í samræmi við kafla D í V. hluta viðaukans um sannprófanir þau skilyrði sem samþykki er háð.

14. Framleiðslustöð efnavopna skal umbreytt með þeim hætti að hin umbreytta stöð sé ekki fremur hæf til endurbreytingar í framleiðslustöð efnavopna en aðrar stöðvar sem notaðar eru í þágu iðnaðar, landbúnaðar, rannsókna, lækninga eða lyfjagerðar eða í öðrum friðsamlegum tilgangi óviðkomandi þeim efnum sem skráð eru í fylgiskjali 1.

15. Allar umbreyttar stöðvar skulu háðar kerfisbundnum sannprófunum með vettvangsskoðun og eftirliti með staðbundnum tækjum, í samræmi við kafla D í V. hluta viðaukans um sannprófanir.

16. Við störf að sannprófunum samkvæmt þessari grein og V. hluta viðaukans um sannprófanir skal stofnunin taka til athugunar ráðstafanir til að komast hjá ónauðsynlegri endurtekningu tvíhliða eða marghliða samninga milli aðildarríkja um sannprófanir í tengslum við framleiðslustöðvar efnavopna og eyðingu þeirra.

Í þessu skyni skal framkvæmdaráðið ákveða að takmarka sannprófanir við ráðstafanir sem koma til fyllingar ráðstöfunum sem gerðar eru samkvæmt slíkum tvíhliða eða marghliða samningi ef það telur að:

cation for such a State Party shall be determined by the Executive Council.

11. Each State Party, during the destruction of chemical weapons production facilities, shall assign the highest priority to ensuring the safety of people and to protecting the environment. Each State Party shall destroy chemical weapons production facilities in accordance with its national standards for safety and emissions.

12. Chemical weapons production facilities specified in paragraph 1 may be temporarily converted for destruction of chemical weapons in accordance with Part V, paragraphs 18 to 25, of the Verification Annex. Such a converted facility must be destroyed as soon as it is no longer in use for destruction of chemical weapons but, in any case, not later than 10 years after entry into force of this Convention.

13. A State Party may request, in exceptional cases of compelling need, permission to use a chemical weapons production facility specified in paragraph 1 for purposes not prohibited under this Convention. Upon the recommendation of the Executive Council, the Conference of the States Parties shall decide whether or not to approve the request and shall establish the conditions upon which approval is contingent in accordance with Part V, Section D, of the Verification Annex.

14. The chemical weapons production facility shall be converted in such a manner that the converted facility is not more capable of being reconverted into a chemical weapons production facility than any other facility used for industrial, agricultural, research, medical, pharmaceutical or other peaceful purposes not involving chemicals listed in Schedule 1.

15. All converted facilities shall be subject to systematic verification through on-site inspection and monitoring with on-site instruments in accordance with Part V, Section D, of the Verification Annex.

16. In carrying out verification activities pursuant to this Article and Part V of the Verification Annex, the Organization shall consider measures to avoid unnecessary duplication of bilateral or multilateral agreements on verification of chemical weapons production facilities and their destruction among States Parties.

To this end, the Executive Council shall decide to limit the verification to measures complementary to those undertaken pursuant to such a bilateral or multilateral agreement, if it considers that:

a) sannprófunarákvæði slíks samnings séu í samræmi við sannprófunarákvæði þessarar greinar og V. hluta viðaukans um sannprófanir;

b) í framkvæmd slíks samnings felist nægileg trygging fyrir efndum á viðeigandi ákvæðum samnings þessa; og

c) aðilar hins tvíhliða eða marghliða samnings veiti stofnuninni ávallt fulla vitneskju um störf sín að sannprófunum.

17. Taki framkvæmdaráðið ákvörðun skv. 16. mgr. á stofnunin rétt á að fylgjast með framkvæmd hins tvíhliða eða marghliða samnings.

18. Ákvæði 16. og 17. mgr. hafa engin áhrif á skyldu aðildarríkis til að láta í té yfirlýsingar skv. 3. gr., þessari grein og V. hluta viðaukans um sannprófanir.

19. Sérhvert aðildarríki skal greiða kostnað af eyðingu þeirra framleiðslustöðva efnavopna sem því ber að eyða. Það skal einnig greiða kostnað af sannprófunum samkvæmt þessari grein nema framkvæmdaráðið ákveði annað. Ákveði ráðið að takmarka sannprófanir stofnunarinnar skv. 16. mgr. skal kostnaður af sannprófunum sem koma öðrum ráðstöfunum til fyllingar og af eftirliti á vegum stofnunarinnar greiddur samkvæmt álagningarskrá Sameinuðu þjóðanna, eins og kveðið er á um í 7. mgr. 8. gr.

6. gr.

Starfsemi sem ekki er bönnuð samkvæmt samningi þessum.

1. Með fyrirvara um önnur ákvæði samnings þessa á sérhvert aðildarríki rétt á að þróa eða framleiða eiturefni, afla sér þeirra á annan hátt, geyma þau, afhenda og nota, svo og forstigsefni þeirra, í tilgangi sem ekki er bannaður samkvæmt samningi þessum.

2. Sérhvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að eiturefni og forstigsefni þeirra séu einungis þróuð, framleidd, þeirra aflað á annan hátt, þau geymd, afhent eða notuð á landsvæði þess eða einhvers staðar innan lögsögu þess eða undir yfirráðum þess í tilgangi sem ekki er bannaður samkvæmt samningi þessum. Í því skyni og til þess að sannprófa að starfsemi samræmist skuldbindingum samkvæmt samningi þessum ber hverju aðildarríki að láta sannprófa eiturefni og forstigsefni þeirra sem skráð eru í fylgiskjölum 1, 2 og 3 með viðaukanum um efni, eins og kveðið er á um í við-

(a) Verification provisions of such an agreement are consistent with the verification provisions of this Article and Part V of the Verification Annex;

(b) Implementation of the agreement provides for sufficient assurance of compliance with the relevant provisions of this Convention; and

(c) Parties to the bilateral or multilateral agreement keep the Organization fully informed about their verification activities.

17. If the Executive Council takes a decision pursuant to paragraph 16, the Organization shall have the right to monitor the implementation of the bilateral or multilateral agreement.

18. Nothing in paragraphs 16 and 17 shall affect the obligation of a State Party to make declarations pursuant to Article III, this Article and Part V of the Verification Annex.

19. Each State Party shall meet the costs of destruction of chemical weapons production facilities it is obliged to destroy. It shall also meet the costs of verification under this Article unless the Executive Council decides otherwise. If the Executive Council decides to limit verification measures of the Organization pursuant to paragraph 16, the costs of complementary verification and monitoring by the Organization shall be paid in accordance with the United Nations scale of assessment, as specified in Article VIII, paragraph 7.

ARTICLE VI

ACTIVITIES NOT PROHIBITED UNDER THIS CONVENTION

1. Each State Party has the right, subject to the provisions of this Convention, to develop, produce, otherwise acquire, retain, transfer and use toxic chemicals and their precursors for purposes not prohibited under this Convention.

2. Each State Party shall adopt the necessary measures to ensure that toxic chemicals and their precursors are only developed, produced, otherwise acquired, retained, transferred, or used within its territory or in any other place under its jurisdiction or control for purposes not prohibited under this Convention. To this end, and in order to verify that activities are in accordance with obligations under this Convention, each State Party shall subject toxic chemicals and their precursors listed in Schedules 1, 2 and 3 of the Annex on Chemicals, facilities related to such chemicals, and other facilities as speci-

aukanum um sannprófanir, svo og stöðvar sem tengjast slíkum efnum og aðrar stöðvar, eins og tilgreint er í viðaukanum um sannprófanir, sem eru á landsvæði þess eða einhverjum öðrum stað innan lögsögu þess eða undir yfirráðum þess.

3. Sérhvert aðildarríki skal banna framleiðslu, öflun, geymslu, afhendingu og notkun efna sem skráð eru í fylgiskjali 1 (sem hér eftir eru nefnd „efni samkvæmt fylgiskjali 1"), eins og tilgreint er í VI. hluta viðaukans um sannprófanir. Skal það einnig sannprófa efni samkvæmt fylgiskjali 1 og stöðvar sem tilgreindar eru í VI. hluta viðaukans um sannprófanir með kerfisbundnum hætti með vettvangsskoðun og eftirliti með staðbundnum tækjum, í samræmi við þann hluta viðaukans um sannprófanir.

4. Sérhvert aðildarríki skal gera þau efni sem skráð eru í fylgiskjali 2 (sem hér eftir eru nefnd „efni samkvæmt fylgiskjali 2"), svo og stöðvar sem tilgreindar eru í VII. hluta viðaukans um sannprófanir, háð gagnaeftirliti og sannprófun á staðnum, í samræmi við þann hluta viðaukans um sannprófanir.

5. Sérhvert aðildarríki skal gera þau efni sem skráð eru í fylgiskjali 3 (sem hér eftir eru nefnd „efni samkvæmt fylgiskjali 3"), svo og stöðvar sem tilgreindar eru í VIII. hluta viðaukans um sannprófanir, háð gagnaeftirliti og sannprófun á staðnum, í samræmi við þann hluta viðaukans um sannprófanir.

6. Sérhvert aðildarríki skal gera þær stöðvar sem tilgreindar eru í IX. hluta viðaukans um sannprófanir háðar gagnaeftirliti og að lokum sannprófunum á staðnum, í samræmi við þann hluta viðaukans um sannprófanir, nema ráðstefna aðildarríkjanna ákveði annað skv. 22. mgr. IX. hluta viðaukans um sannprófanir.

7. Eigi síðar en 30 dögum eftir að samningur þessi öðlast gildi að því er sérhvert aðildarríki varðar skal það senda frá sér upphafsyfirlýsingu um viðeigandi efni og stöðvar í samræmi við viðaukann um sannprófanir.

8. Sérhvert aðildarríki skal árlega gefa yfirlýsingar um viðeigandi efni og stöðvar í samræmi við viðaukann um sannprófanir.

9. Í þágu sannprófana á staðnum skal sérhvert aðildarríki veita eftirlitsmönnum aðgang að stöðvum eins og tilskilið er í viðaukanum um sannprófanir.

10. Við sannprófanir sínar skal tækniskrifstofan forðast óþarfa afskipti af starfsemi aðildarríkis á sviði efnaiðnaðar í tilgangi sem ekki er

fied in the Verification Annex, that are located on its territory or in any other place under its jurisdiction or control, to verification measures as provided in the Verification Annex.

3. Each State Party shall subject chemicals listed in Schedule 1 (hereinafter referred to as "Schedule 1 chemicals") to the prohibitions on production, acquisition, retention, transfer and use as specified in Part VI of the Verification Annex. It shall subject Schedule 1 chemicals and facilities specified in Part VI of the Verification Annex to systematic verification through on-site inspection and monitoring with on-site instruments in accordance with that Part of the Verification Annex.

4. Each State Party shall subject chemicals listed in Schedule 2 (hereinafter referred to as "Schedule 2 chemicals") and facilities specified in Part VII of the Verification Annex to data monitoring and on-site verification in accordance with that Part of the Verification Annex.

5. Each State Party shall subject chemicals listed in Schedule 3 (hereinafter referred to as "Schedule 3 chemicals") and facilities specified in Part VIII of the Verification Annex to data monitoring and on-site verification in accordance with that Part of the Verification Annex.

6. Each State Party shall subject facilities specified in Part IX of the Verification Annex to data monitoring and eventual on-site verification in accordance with that Part of the Verification Annex unless decided otherwise by the Conference of the States Parties pursuant to Part IX, paragraph 22, of the Verification Annex.

7. Not later than 30 days after this Convention enters into force for it, each State Party shall make an initial declaration on relevant chemicals and facilities in accordance with the Verification Annex.

8. Each State Party shall make annual declarations regarding the relevant chemicals and facilities in accordance with the Verification Annex.

9. For the purpose of on-site verification, each State Party shall grant to the inspectors access to facilities as required in the Verification Annex.

10. In conducting verification activities, the Technical Secretariat shall avoid undue intrusion into the State Party's chemical activities for pur-

bannaður samkvæmt samningi þessum og skal hún sérstaklega virða ákvæði viðaukans um vernd trúnaðarupplýsinga (sem hér á eftir er nefndur „viðaukinn um trúnað").

11. Ákvæðum þessarar greinar skal fylgt þannig að forðast sé að hindra efnahagslega eða tæknilega þróun aðildarríkja og alþjóðasamvinnu á sviði efnaiðnaðar í tilgangi sem ekki er bannaður samkvæmt samningi þessum, þar með talin skipti milli landa á vísindalegum og tæknilegum upplýsingum og efnum og búnaði til framleiðslu, vinnslu eða notkunar efna í tilgangi sem ekki er bannaður samkvæmt samningi þessum.

7. gr.
Framkvæmdaráðstafanir innanlands.

Almennar skuldbindingar.

1. Sérhvert aðildarríki skal í samræmi við stjórnskipunarreglur sínar gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma skuldbindingum sínum samkvæmt samningi þessum til framkvæmda. Skal aðildarríki sérstaklega:

a) banna mönnum og lögpersónum hvarvetna á landsvæði sínu eða annars staðar innan lögsögu sinnar eins og hún er viðurkennd að þjóðarétti að framkvæma neitt það sem samningur þessi bannar aðildarríkjum, meðal annars með setningu refsilaga um slíka starfsemi;

b) leyfa hvergi á yfirráðasvæði sínu neina þá starfsemi sem bönnuð er aðildarríki samkvæmt samningi þessum; og

c) láta í samræmi við þjóðarétt þá refsilöggjöf sína sem sett er skv. a-lið ná til hverrar þeirrar starfsemi sem bönnuð er aðildarríki samkvæmt samningi þessum en ríkisborgarar þess hafa einhvers staðar tekist á hendur.

2. Sérhvert aðildarríki skal hafa samvinnu við önnur aðildarríki og veita viðeigandi lagalega aðstoð til að auðvelda framkvæmd þeirra skuldbindinga sem kveðið er á um í 1. mgr.

3. Sérhvert aðildarríki skal, er það framkvæmir skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum, gæta þess fyrst og fremst að öryggi manna sé tryggt og umhverfi verndað, og skal hafa viðeigandi samvinnu við önnur aðildarríki í þessum málum.

poses not prohibited under this Convention and, in particular, abide by the provisions set forth in the Annex on the Protection of Confidential Information (hereinafter referred to as "Confidentiality Annex").

11. The provisions of this Article shall be implemented in a manner which avoids hampering the economic or technological development of States Parties, and international cooperation in the field of chemical activities for purposes not prohibited under this Convention including the international exchange of scientific and technical information and chemicals and equipment for the production, processing or use of chemicals for purposes not prohibited under this Convention.

ARTICLE VII
NATIONAL IMPLEMENTATION MEASURES

General undertakings

1. Each State Party shall, in accordance with its constitutional processes, adopt the necessary measures to implement its obligations under this Convention. In particular, it shall:

(a) Prohibit natural and legal persons anywhere on its territory or in any other place under its jurisdiction as recognized by international law from undertaking any activity prohibited to a State Party under this Convention, including enacting penal legislation with respect to such activity;

(b) Not permit in any place under its control any activity prohibited to a State Party under this Convention; and

(c) Extend its penal legislation enacted under subparagraph (a) to any activity prohibited to a State Party under this Convention undertaken anywhere by natural persons, possessing its nationality, in conformity with international law.

2. Each State Party shall cooperate with other States Parties and afford the appropriate form of legal assistance to facilitate the implementation of the obligations under paragraph 1.

3. Each State Party, during the implementation of its obligations under this Convention, shall assign the highest priority to ensuring the safety of people and to protecting the environment, and shall cooperate as appropriate with other State Parties in this regard.

Samskipti aðildarríkisins og stofnunarinnar.

4. Til að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum skal sérhvert aðildarríki tilnefna eða koma á fót ríkisstofnun er starfi sem miðstöð þess til að hafa á skilvirkan hátt samskipti við stofnunina og önnur aðildarríki. Skal sérhvert aðildarríki tilkynna stofnuninni um þessa ríkisstofnun sína er samningur þessi öðlast gildi að því er það varðar.

5. Sérhvert aðildarríki skal skýra stofnuninni frá ráðstöfunum sínum á sviði löggjafar og stjórnsýslu sem gerðar eru til framkvæmdar samningi þessum.

6. Sérhvert aðildarríki skal fara með upplýsingar og gögn er það fær í trúnaði frá stofnuninni í tengslum við framkvæmd samnings þessa sem trúnaðarmál og veita þeim sérstaka meðferð. Það skal einungis nota slíkar upplýsingar og gögn í tengslum við réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum og í samræmi við ákvæði viðaukans um trúnað.

7. Sérhvert aðildarríki skuldbindur sig til samvinnu við stofnunina við framkvæmd allra starfa hennar og sérstaklega til að veita tækniskrifstofunni aðstoð sína.

8. gr.
Stofnunin.
A. ALMENN ÁKVÆÐI

1. Aðildarríkin að samningi þessum koma hér með á fót Stofnun um bann við efnavopnum til þess að ná tilgangi og markmiðum samnings þessa, tryggja framkvæmd ákvæða hans, þar á meðal þeirra sem fjalla um alþjóðlegar sannprófanir á því að samningurinn sé efndur, og til að skapa vettvang fyrir samráð og samvinnu sín á milli.

2. Öll aðildarríki samnings þessa skulu eiga aðild að stofnuninni. Eigi má svipta aðildarríki aðild sinni að stofnuninni.

3. Aðsetur aðalstöðva stofnunarinnar skal vera í Haag í Hollandi.

4. Hér með er komið á fót ráðstefnu aðildarríkjanna, framkvæmdaráði og tækniskrifstofu til að annast störf stofnunarinnar.

5. Stofnunin skal framkvæma þær sannprófanir sínar sem kveðið er á um í samningi þessum þannig að sem minnstri röskun valdi og samræmst geti því að markmiðum þeirra sé náð á skjótan og skilvirkan hátt. Skal hún einungis fara

Relations between the State Party and the Organization

4. In order to fulfil its obligations under this Convention, each State Party shall designate or establish a National Authority to serve as the national focal point for effective liaison with the Organization and other States Parties. Each State Party shall notify the Organization of its National Authority at the time that this Convention enters into force for it.

5. Each State Party shall inform the Organization of the legislative and administrative measures taken to implement this Convention.

6. Each State Party shall treat as confidential and afford special handling to information and data that it receives in confidence from the Organization in connection with the implementation of this Convention. It shall treat such information and data exclusively in connection with its rights and obligations under this Convention and in accordance with the provisions set forth in the Confidentiality Annex.

7. Each State Party undertakes to cooperate with the Organization in the exercise of all its functions and in particular to provide assistance to the Technical Secretariat.

ARTICLE VIII
THE ORGANIZATION
A. GENERAL PROVISIONS

1. The States Parties to this Convention hereby establish the Organization for the Prohibition of Chemical Weapons to achieve the object and purpose of this Convention, to ensure the implementation of its provisions, including those for international verification of compliance with it, and to provide a forum for consultation and cooperation among States Parties.

2. All States Parties to this Convention shall be members of the Organization. A State Party shall not be deprived of its membership in the Organization.

3. The seat of the Headquarters of the Organization shall be The Hague, Kingdom of the Netherlands.

4. There are hereby established as the organs of the Organization: the Conference of the States Parties, the Executive Council, and the Technical Secretariat.

5. The Organization shall conduct its verification activities provided for under this Convention in the least intrusive manner possible consistent with the timely and efficient accomplishment of their objectives. It shall request

fram á þær upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru til að hún geti gegnt störfum sínum samkvæmt samningi þessum. Skal hún gera allt sem unnt er til að gæta trúnaðar um þær upplýsingar um borgaralegar og hernaðarlegar aðgerðir og aðstöðu sem hún verður áskynja í störfum sínum við framkvæmd samningsins, en sérstaklega gæta þeirra reglna sem kveðið er á um í viðaukanum um trúnað.

6. Við störf sín að sannprófunum skal stofnunin taka til athugunar ráðstafanir til að nýta vísindalegar og tæknilegar framfarir.

7. Kostnaður af störfum stofnunarinnar skal greiddur af aðildarríkjum samkvæmt álagningarskrá Sameinuðu þjóðanna er hún hefur verið leiðrétt til að taka tillit til þess munar sem er á aðild að Sameinuðu þjóðunum og aðild að stofnuninni, að gættum ákvæðum 4. og 5. gr. Fjárframlög aðildarríkja til undirbúningsnefndarinnar skulu með viðeigandi hætti dregin frá framlögum þeirra til hinnar reglulegu fjárhagsáætlunar. Fjárhagsáætlun stofnunarinnar skal gerð í tveimur aðskildum hlutum og skal annar þeirra fjalla um stjórnunarkostnað og annan kostnað en hinn um kostnað við sannprófanir.

8. Aðili að stofnuninni sem er í vanskilum með fjárframlög sín til hennar skal ekki njóta þar atkvæðisréttar ef fjárhæð sú sem í vanskilum er nemur gjaldföllnu framlagi hans undanfarin full tvö ár eða er hærri. Ráðstefna aðildarríkjanna getur þó heimilað aðila sem þannig er ástatt um að greiða atkvæði ef hún telur víst að vanskilin stafi af orsökum sem aðilinn fær ekki við ráðið.

B. RÁÐSTEFNA AÐILDARRÍKJANNA

Skipun, starfshættir og ákvarðanataka.

9. Ráðstefna aðildarríkjanna (sem hér eftir er nefnd „ráðstefnan“) skal skipuð öllum aðilum að stofnuninni. Skal sérhver aðili eiga þar einn fulltrúa og mega fylgja honum varamenn og ráðgjafar.

10. Vörsluaðili skal boða til fyrsta fundar ráðstefnunnar eigi síðar en 30 dögum eftir gildistöku samnings þessa.

11. Ráðstefnan skal halda reglulega fundi og skulu þeir haldnir árlega nema ráðstefnan ákveði annað.

only the information and data necessary to fulfil its responsibilities under this Convention. It shall take every precaution to protect the confidentiality of information on civil and military activities and facilities coming to its knowledge in the implementation of this Convention and, in particular, shall abide by the provisions set forth in the Confidentiality Annex.

6. In undertaking its verification activities the Organization shall consider measures to make use of advances in science and technology.

7. The costs of the Organization's activities shall be paid by States Parties in accordance with the United Nations scale of assessment adjusted to take into account differences in membership between the United Nations and this Organization, and subject to the provisions of Articles IV and V. Financial contributions of States Parties to the Preparatory Commission shall be deducted in an appropriate way from their contributions to the regular budget. The budget of the Organization shall comprise two separate chapters, one relating to administrative and other costs, and one relating to verification costs.

8. A member of the Organization which is in arrears in the payment of its financial contribution to the Organization shall have no vote in the Organization if the amount of its arrears equals or exceeds the amount of the contribution due from it for the preceding two full years. The Conference of the States Parties may, nevertheless, permit such a member to vote if it is satisfied that the failure to pay is due to conditions beyond the control of the member.

B. THE CONFERENCE OF THE STATES PARTIES

Composition, procedures and decision-making

9. The Conference of the States Parties (hereinafter referred to as "the Conference") shall be composed of all members of this Organization. Each member shall have one representative in the Conference, who may be accompanied by alternates and advisers.

10. The first session of the Conference shall be convened by the depositary not later than 30 days after the entry into force of this Convention.

11. The Conference shall meet in regular sessions which shall be held annually unless it decides otherwise.

12. Boðað skal til aukafunda ráðstefnunnar:

a) þegar ráðstefnan ákveður;
b) þegar framkvæmdaráðið fer fram á það;
c) þegar einhver aðili fer fram á það með stuðningi þriðjungs aðilanna; eða
d) skv. 22. mgr. til þess að endurmeta framkvæmd samnings þessa.

Í öðrum tilvikum en þeim sem í d-lið greinir skal boðað til aukafundarins eigi síðar en 30 dögum eftir að framkvæmdastjóri tækniskrifstofunnar veitir viðtöku beiðni þar um, enda sé ekki annað tilgreint í beiðninni.

13. Ráðstefnan skal einnig kvödd saman sem breytingarráðstefna skv. 2. mgr. 15. gr.

14. Fundir ráðstefnunnar skulu haldnir á aðsetri stofnunarinnar, nema ráðstefnan ákveði annað.

15. Ráðstefnan skal setja sér þingsköp. Við upphaf hvers reglulegs fundar skal hún kjósa sér formann og aðra embættismenn eins og þörf krefur. Skulu þeir hafa embættin með höndum uns nýr formaður og aðrir embættismenn eru kosnir á næsta reglulega fundi.

16. Fundur ráðstefnunnar er ályktunarhæfur ef meiri hluti aðila sækir hann.

17. Sérhver aðili að stofnuninni skal hafa eitt atkvæði á ráðstefnunni.

18. Ráðstefnan skal taka ákvarðanir um þingsköp með einföldum meiri hluta atkvæða þeirra aðila sem viðstaddir eru og atkvæði greiða. Ákvarðanir um efnisatriði skulu eftir því sem unnt er samþykktar einróma. Nú kemur mál til ákvörðunar og einróma samþykki hefur ekki náðst og skal þá formaður fresta atkvæðagreiðslu um einn sólarhring meðan hann gerir allt sem í hans valdi stendur til að greiða fyrir því að einróma samþykki verði náð og skal hann gefa ráðstefnunni skýrslu áður en fresturinn er liðinn. Náist ekki einróma samþykki að sólarhring liðnum skal ráðstefnan taka ákvörðun með atkvæðum tveggja þriðju hluta þeirra aðila sem viðstaddir eru og atkvæði greiða sé ekki mælt fyrir um annað í samningi þessum. Komi til álita hvort málefni varði efnisatriði eða ekki skal farið með það sem það varði efnisatriði, nema ráðstefnan ákveði annað með þeim meiri hluta sem krafist er til ákvarðana um efnisatriði.

12. Special sessions of the Conference shall be convened:

(a) When decided by the Conference;
(b) When requested by the Executive Council;
(c) When requested by any member and supported by one third of the members; or
(d) In accordance with paragraph 22 to undertake reviews of the operation of this Convention.

Except in the case of subparagraph (d), the special session shall be convened not later than 30 days after receipt of the request by the Director-General of the Technical Secretariat, unless specified otherwise in the request.

13. The Conference shall also be convened in the form of an Amendment Conference in accordance with Article XV, paragraph 2.

14. Sessions of the Conference shall take place at the seat of the Organization unless the Conference decides otherwise.

15. The Conference shall adopt its rules of procedure. At the beginning of each regular session, it shall elect its Chairman and such other officers as may be required. They shall hold office until a new Chairman and other officers are elected at the next regular session.

16. A majority of the members of the Organization shall constitute a quorum for the Conference.

17. Each member of the Organization shall have one vote in the Conference.

18. The Conference shall take decisions on questions of procedure by a simple majority of the members present and voting. Decisions on matters of substance should be taken as far as possible by consensus. If consensus is not attainable when an issue comes up for decision, the Chairman shall defer any vote for 24 hours and during this period of deferment shall make every effort to facilitate achievement of consensus, and shall report to the Conference before the end of this period. If consensus is not pos sible at the end of 24 hours, the Conference shall take the decision by a two-thirds majority of members present and voting unless specified otherwise in this Convention. When the issue arises as to whether the question is one of substance or not, that question shall be treated as a matter of substance unless otherwise decided by the Conference by the majority required for decisions on matters of substance.

Valdsvið og verkefni.

19. Ráðstefnan gegnir aðalhlutverki í störfum stofnunarinnar. Skal hún fjalla um öll ákvörðunaratriði, málefni og álitaefni sem falla undir samning þennan, þar á meðal þau sem varða valdsvið og verkefni framkvæmdaráðsins og tækniskrifstofunnar. Getur hún sent frá sér tilmæli og tekið ákvarðanir um öll atriði, málefni og álitaefni sem varða samning þennan og aðildarríki vekur máls á eða framkvæmdaráðið vekur athygli hennar á.

20. Ráðstefnan skal hafa yfirumsjón með framkvæmd samnings þessa og starfa í þágu tilgangs hans og markmiða. Skal hún yfirfara hvernig samningur þessi er efndur. Skal hún einnig hafa yfirumsjón með störfum framkvæmdaráðsins og tækniskrifstofunnar og getur hún gefið út leiðbeiningar um framkvæmd starfa þeirra til hvors þeirra sem er, í samræmi við samning þennan.

21. Ráðstefnan skal:

a) á reglulegum fundum sínum fjalla um og samþykkja skýrslu stofnunarinnar, framkvæmdaáætlun og fjárhagsáætlun sem lagðar eru fram af framkvæmdaráðinu, auk þess að fjalla um aðrar skýrslur;

b) taka ákvarðanir um fjárhæð fjárframlaga sem aðildarríki skulu greiða skv. 7. mgr.;

c) kjósa meðlimi í framkvæmdaráðið;

d) skipa framkvæmdastjóra tækniskrifstofunnar (sem hér eftir er nefndur „framkvæmdastjórinn“);

e) staðfesta vinnureglur framkvæmdaráðsins sem ráðið leggur fram;

f) koma á fót þeim undirstofnunum sem hún telur þörf á til að gegna störfum sínum samkvæmt samningi þessum;

g) stuðla að alþjóðlegri samvinnu í friðsamlegum tilgangi á sviði efnaiðnaðar;

h) kynna sér vísindalega og tæknilega þróun sem haft gæti áhrif á framkvæmd samnings þessa og fela í því samhengi framkvæmdastjóranum að setja á stofn vísindalega ráðgjafarnefnd til að gera honum kleift að veita ráðstefnunni, framkvæmdaráðinu eða aðildarríkjum í störfum sínum vísindalega og tæknilega sérfræðiráðgjöf sem varðar samning þennan. Hin vísindalega ráðgjafarnefnd skal skipuð óháðum sérfræðingum sem skipaðir eru samkvæmt erindisbréfi sem ráðstefnan samþykkir;

Powers and functions

19. The Conference shall be the principal organ of the Organization. It shall consider any questions, matters or issues within the scope of this Convention, including those relating to the powers and functions of the Executive Council and the Technical Secretariat. It may make recommendations and take decisions on any questions, matters or issues related to this Convention raised by a State Party or brought to its attention by the Executive Council.

20. The Conference shall oversee the implementation of this Convention, and act in order to promote its object and purpose. The Conference shall review compliance with this Convention. It shall also oversee the activities of the Executive Council and the Technical Secretariat and may issue guidelines in accordance with this Convention to either of them in the exercise of their functions.

21. The Conference shall:

(a) Consider and adopt at its regular sessions the report, programme and budget of the Organization, submitted by the Executive Council, as well as consider other reports;

(b) Decide on the scale of financial contributions to be paid by States Parties in accordance with paragraph 7;

(c) Elect the members of the Executive Council;

(d) Appoint the Director-General of the Technical Secretariat (hereinafter referred to as "the Director-General");

(e) Approve the rules of procedure of the Executive Council submitted by the latter;

(f) Establish such subsidiary organs as it finds necessary for the exercise of its functions in accordance with this Convention;

(g) Foster international cooperation for peaceful purposes in the field of chemical activities;

(h) Review scientific and technological developments that could affect the operation of this Convention and, in this context, direct the Director-General to establish a Scientific Advisory Board to enable him, in the performance of his functions, to render specialized advice in areas of science and technology relevant to this Convention, to the Conference, the Executive Council or States Parties. The Scientific Advisory Board shall be composed of independent experts appointed in accordance with terms of reference adopted by the Conference;

i) fjalla um og samþykkja á fyrsta fundi sínum drög að samningum, fyrirmælum og leiðbeiningum sem samin hafa verið af undirbúningsnefndinni;

j) stofna á fyrsta fundi sínum sjóð til frjálsra aðstoðarframlaga skv. 10. gr.;

k) gera nauðsynlegar ráðstafanir skv. 12. gr. til að tryggja efndir á samningi þessum og til að lagfæra og bæta úr hverju því ástandi sem brýtur í bága við ákvæði samnings þessa.

22. Ráðstefnan skal eigi síðar en einu ári eftir að fimmta og tíunda ár frá gildistöku samnings þessa eru liðin, svo og þegar ákveðið kann að verða innan þeirra tímamarka, koma saman á aukafundum til að endurmeta framkvæmd samnings þessa. Við slíkt endurmat skal hafa hliðsjón af þeirri vísindalegu og tæknilegu þróun sem máli skiptir. Hafi annað ekki verið ákveðið skal ráðstefnan síðan koma saman til frekari funda í sama skyni á fimm ára fresti.

C. FRAMKVÆMDARÁÐIÐ

Skipun, starfshættir og ákvarðanataka.

23. Meðlimir framkvæmdaráðsins skulu vera 41 talsins. Skulu aðildarríki til skiptis eiga rétt á sæti í ráðinu. Meðlimir framkvæmdaráðsins skulu kosnir af ráðstefnunni til tveggja ára. Til að tryggja skilvirka framkvæmd samnings þessa skal framkvæmdaráðið skipað eins og hér á eftir greinir, að teknu tilliti til sanngjarnrar hnattfræðilegrar dreifingar og mikilvægis efnaiðnaðar, jafnt sem öryggis- og stjórnmálalegra hagsmuna:

a) níu aðildarríkjum frá Afríku tilnefndum af aðildarríkjum á því svæði. Skal litið svo á að til grundvallar tilnefningunni liggi að af aðildarríkjunum níu eigi yfirleitt sæti í ráðinu þau þrjú aðildarríki á svæðinu sem hafa mikilvægastan efnaiðnað samkvæmt gögnum sem tilkynnt er um alþjóðlega og birt. Þar að auki skal svæðishópurinn einnig samþykkja að taka tillit til annarra svæðisbundinna þátta við tilnefningu meðlimanna þriggja;

b) níu aðildarríkjum frá Asíu tilnefndum af aðildarríkjum á því svæði. Skal litið svo á að til grundvallar tilnefningunni liggi að af aðildarríkjunum níu eigi yfirleitt sæti í ráðinu þau

(i) Consider and approve at its first session any draft agreements, provisions and guidelines developed by the Preparatory Commission;

(j) Establish at its first session the voluntary fund for assistance in accordance with Article X;

(k) Take the necessary measures to ensure compliance with this Convention and to redress and remedy any situation which contravenes the provisions of this Convention, in accordance with Article XII.

22. The Conference shall not later than one year after the expiry of the fifth and the tenth year after the entry into force of this Convention, and at such other times within that time period as may be decided upon, convene in special sessions to undertake reviews of the operation of this Convention. Such reviews shall take into account any relevant scientific and technological developments. At intervals of five years thereafter, unless otherwise decided upon, further sessions of the Conference shall be convened with the same objective.

C. THE EXECUTIVE COUNCIL

Composition, procedure and decision-making

23. The Executive Council shall consist of 41 members. Each State Party shall have the right, in accordance with the principle of rotation, to serve on the Executive Council. The members of the Executive Council shall be elected by the Conference for a term of two years. In order to ensure the effective functioning of this Convention, due regard being specially paid to equitable geographical distribution, to the importance of chemical industry, as well as to political and security interests, the Executive Council shall be composed as follows:

(a) Nine States Parties from Africa to be designated by States Parties located in this region. As a basis for this designation it is understood that, out of these nine States Parties, three members shall, as a rule, be the States Parties with the most significant national chemical industry in the region as determined by internationally reported and published data; in addition, the regional group shall agree also to take into account other regional factors in designating these three members;

(b) Nine States Parties from Asia to be designated by States Parties located in this region. As a basis for this designation it is understood that, out of these nine States Parties, four mem-

fjögur aðildarríki á svæðinu sem hafa mikilvægastan efnaiðnað samkvæmt gögnum sem tilkynnt er um alþjóðlega og birt. Þar að auki skal svæðishópurinn einnig samþykkja að taka tillit til annarra svæðisbundinna þátta við tilnefningu meðlimanna fjögurra;

c) fimm aðildarríkjum frá Austur-Evrópu tilnefndum af aðildarríkjum á því svæði. Skal litið svo á að til grundvallar tilnefningunni liggi að af aðildarríkjunum fimm eigi yfirleitt sæti í ráðinu það aðildarríki á svæðinu sem hefur mikilvægastan efnaiðnað samkvæmt gögnum sem tilkynnt er um alþjóðlega og birt. Þar að auki skal svæðishópurinn einnig samþykkja að taka tillit til annarra svæðisbundinna þátta við tilnefningu þess meðlims;

d) sjö aðildarríkjum frá Rómönsku Ameríku og Karíbahafi tilnefndum af aðildarríkjum á því svæði. Skal litið svo á að til grundvallar tilnefningunni liggi að af aðildarríkjunum sjö eigi yfirleitt sæti í ráðinu þau þrjú aðildarríki á svæðinu sem hafa mikilvægastan efnaiðnað samkvæmt gögnum sem tilkynnt er um alþjóðlega og birt. Þar að auki skal svæðishópurinn einnig samþykkja að taka tillit til annarra svæðisbundinna þátta við tilnefningu meðlimanna þriggja;

e) tíu aðildarríkjum meðal Vestur-Evrópuríkja og annarra ríkja tilnefndum af aðildarríkjum á því svæði. Skal litið svo á að til grundvallar tilnefningunni liggi að af aðildarríkjunum tíu eigi yfirleitt sæti í ráðinu þau fimm aðildarríki á svæðinu sem hafa mikilvægastan efnaiðnað samkvæmt gögnum sem tilkynnt er um alþjóðlega og birt. Þar að auki skal svæðishópurinn einnig samþykkja að taka tillit til annarra svæðisbundinna þátta við tilnefningu meðlimanna fimm;

f) einu aðildarríki til viðbótar sem tilnefnt er fyrst af aðildarríkjum frá Asíu, en síðan frá Rómönsku Ameríku og Karíbahafi. Skal litið svo á að til grundvallar tilnefningunni liggi að aðildarríki á þessum svæðum eigi sæti í ráðinu til skiptis.

24. Í fyrstu kosningu til framkvæmdaráðsins skulu 20 meðlimir kosnir til eins árs, að teknu tilliti til þeirrar tölulegu skiptingar sem kveðið er á um í 23. mgr.

25. Þegar 4. og 5. gr. eru að fullu komnar til framkvæmda getur ráðstefnan að ósk meiri hluta meðlima framkvæmdaráðsins tekið skipun ráðs-

bers shall, as a rule, be the States Parties with the most significant national chemical industry in the region as determined by internationally reported and published data; in addition, the regional group shall agree also to take into account other regional factors in designating these four members;

(c) Five States Parties from Eastern Europe to be designated by States Parties located in this region. As a basis for this designation it is understood that, out of these five States Parties, one member shall, as a rule, be the State Party with the most significant national chemical industry in the region as determined by internationally reported and published data; in addition, the regional group shall agree also to take into account other regional factors in designating this one member;

(d) Seven States Parties from Latin America and the Caribbean to be designated by States Parties located in this region. As a basis for this designation it is understood that, out of these seven States Parties, three members shall, as a rule, be the States Parties with the most significant national chemical industry in the region as determined by internationally reported and published data; in addition, the regional group shall agree also to take into account other regional factors in designating these three members;

(e) Ten States Parties from among Western European and other States to be designated by States Parties located in this region. As a basis for this designation it is understood that, out of these 10 States Parties, 5 members shall, as a rule, be the States Parties with the most significant national chemical industry in the region as determined by internationally reported and published data; in addition, the regional group shall agree also to take into account other regional factors in designating these five members;

(f) One further State Party to be designated consecutively by States Parties located in the regions of Asia and Latin America and the Caribbean. As a basis for this designation it is understood that this State Party shall be a rotating member from these regions.

24. For the first election of the Executive Council 20 members shall be elected for a term of one year, due regard being paid to the established numerical proportions as described in paragraph 23.

25. After the full implementation of Articles IV and V the Conference may, upon the request of a majority of the members of the Executive

ins til endurskoðunar með tilliti til þróunar mála hvað snertir þau meginsjónarmið sem tilgreind eru í 23. mgr. varðandi skipun þess.

26. Framkvæmdaráðið skal útfæra nánar vinnureglur sínar og leggja þær fyrir ráðstefnuna til samþykktar.

27. Framkvæmdaráðið kýs sér formann úr sínum hópi.

28. Framkvæmdaráðið skal halda reglulega fundi. Milli reglulegra funda skal það halda fundi eins oft og þörf krefur til þess að sinna valdsviði og verkefnum sínum.

29. Hver meðlimur í framkvæmdaráðinu hefur eitt atkvæði. Sé ekki annað tilgreint í samningi þessum skal framkvæmdaráðið taka ákvarðanir um efnisatriði með tveimur þriðju hlutum atkvæða allra meðlima þess. Ráðið skal taka ákvarðanir um fundarsköp með einföldum meiri hluta atkvæða allra meðlima þess. Komi til álita hvort málefni varði efnisatriði eða ekki skal farið með það sem það varði efnisatriði, nema ráðið ákveði annað með þeim meiri hluta sem krafist er til ákvarðana um efnisatriði.

Valdsvið og verkefni.

30. Framkvæmdaráðið annast framkvæmdir af hálfu stofnunarinnar. Það er ábyrgt gagnvart ráðstefnunni. Skal framkvæmdaráðið fara með þau völd og annast þau verkefni sem því eru falin í samningi þessum, jafnt sem þau verkefni sem ráðstefnan felur því. Skal ráðið starfa við þetta í samræmi við tilmæli, ákvarðanir og leiðbeiningar ráðstefnunnar og tryggja rétta og stöðuga framkvæmd þeirra.

31. Framkvæmdaráðið skal stuðla að því að samningur þessi sé framkvæmdur og efndur á skilvirkan hátt. Skal það hafa yfirumsjón með störfum tækniskrifstofunnar, eiga samvinnu við ríkisstofnunina í sérhverju aðildarríki og greiða fyrir samráði og samvinnu milli aðildarríkja að beiðni þeirra.

32. Framkvæmdaráðið skal:

a) fjalla um og leggja fyrir ráðstefnuna drög að framkvæmdaáætlun og fjárhagsáætlun stofnunarinnar;

b) fjalla um og leggja fyrir ráðstefnuna drög að skýrslu stofnunarinnar um framkvæmd samnings þessa, skýrslu um framkvæmd eigin starfa

Council, review the composition of the Executive Council taking into account developments related to the principles specified in paragraph 23 that are governing its composition.

26. The Executive Council shall elaborate its rules of procedure and submit them to the Conference for approval.

27. The Executive Council shall elect its Chairman from among its members.

28. The Executive Council shall meet for regular sessions. Between regular sessions it shall meet as often as may be required for the fulfilment of its powers and functions.

29. Each member of the Executive Council shall have one vote. Unless otherwise specified in this Convention, the Executive Council shall take decisions on matters of substance by a two-thirds majority of all its members. The Executive Council shall take decisions on questions of procedure by a simple majority of all its members. When the issue arises as to whether the question is one of substance or not, that question shall be treated as a matter of substance unless otherwise decided by the Executive Council by the majority required for decisions on matters of substance.

Powers and functions

30. The Executive Council shall be the executive organ of the Organization. It shall be responsible to the Conference. The Executive Council shall carry out the powers and functions entrusted to it under this Convention, as well as those functions delegated to it by the Conference. In so doing, it shall act in conformity with the recommendations, decisions and guidelines of the Conference and assure their proper and continuous implementation.

31. The Executive Council shall promote the effective implementation of, and compliance with, this Convention. It shall supervise the activities of the Technical Secretariat, cooperate with the National Authority of each State Party and facilitate consultations and cooperation among States Parties at their request.

32. The Executive Council shall:

(a) Consider and submit to the Conference the draft programme and budget of the Organization;

(b) Consider and submit to the Conference the draft report of the Organization on the implementation of this Convention, the report on the

og þær sérskýrslur sem ráðið telur þörf á eða ráðstefnan kann að óska eftir;

c) undirbúa fundi ráðstefnunnar, þar með talinn undirbúningur að dagskrárdrögum.

33. Framkvæmdaráðið getur farið fram á að ráðstefnan sé kvödd saman til aukafundar.

34. Framkvæmdaráðið skal:

a) gera fyrir hönd stofnunarinnar og með fyrirfram veittu samþykki ráðstefnunnar samninga eða samkomulag við ríki og alþjóðastofnanir;

b) gera fyrir hönd stofnunarinnar samninga við aðildarríki í tengslum við 10. gr. og hafa yfirumsjón með frjálsa framlagasjóðinum sem getið er í 10. gr.;

c) samþykkja samninga eða sérhvert samkomulag sem varða framkvæmd sannprófana og tækniskrifstofan hefur samið um við aðildarríki.

35. Framkvæmdaráðið skal fjalla um hvert það álitaefni eða mál sem fellur innan valdsviðs þess og varðar samning þennan og framkvæmd hans, þar með talin mál er varða efndir og einstök tilvik vanefnda, og veita aðildarríkjum, eftir því sem við á, upplýsingar þar um og vekja athygli ráðstefnunnar á viðkomandi álitaefni eða máli.

36. Þegar fjallað er um vafaatriði eða mál er varða efndir og einstök tilvik vanefnda, þar á meðal um misbeitingu þeirra réttinda sem kveðið er á um í samningnum, skal framkvæmdaráðið ráðfæra sig við viðkomandi aðildarríki og beina því til aðildarríkis, eftir því sem við á, að bæta úr ástandinu innan tiltekins frests. Að því marki sem framkvæmdaráðið telur frekari aðgerða þörf skal það meðal annars gera eina eða fleiri eftirtalinna ráðstafana:

a) skýra öllum aðildarríkjum frá viðkomandi álitaefni eða máli;

b) vekja athygli ráðstefnunnar á viðkomandi álitaefni eða máli;

c) gera tillögur til ráðstefnunnar um aðgerðir til að bæta úr ástandinu og tryggja að samningurinn sé efndur.

Í sérstaklega alvarlegum og bráðum tilvikum skal framkvæmdaráðið milliliðalaust vekja athygli allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna og öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna á viðkomandi álitaefni eða máli, ásamt viðeigandi upplýsingum og niðurstöðum. Sé það skref stigið skal ráðið um leið skýra öllum aðildarríkjum frá því.

performance of its own activities and such special reports as it deems necessary or which the Conference may request;

(c) Make arrangements for the sessions of the Conference including the preparation of the draft agenda.

33. The Executive Council may request the convening of a special session of the Conference.

34. The Executive Council shall:

(a) Conclude agreements or arrangements with States and international organizations on behalf of the Organization, subject to prior approval by the Conference;

(b) Conclude agreements with States Parties on behalf of the Organization in connection with Article X and supervise the voluntary fund referred to in Article X;

(c) Approve agreements or arrangements relating to the implementation of verification activities, negotiated by the Technical Secretariat with States Parties.

35. The Executive Council shall consider any issue or matter within its competence affecting this Convention and its implementation, including concerns regarding compliance, and cases of non-compliance, and, as appropriate, inform States Parties and bring the issue or matter to the attention of the Conference.

36. In its consideration of doubts or concerns regarding compliance and cases of non-compliance, including, inter alia, abuse of the rights provided for under this Convention, the Executive Council shall consult with the States Parties involved and, as appropriate, request the State Party to take measures to redress the situation within a specified time. To the extent that the Executive Council considers further action to be necessary, it shall take, inter alia, one or more of the following measures:

(a) Inform all States Parties of the issue or matter;

(b) Bring the issue or matter to the attention of the Conference;

(c) Make recommendations to the Conference regarding measures to redress the situation and to ensure compliance.

The Executive Council shall, in cases of particular gravity and urgency, bring the issue or matter, including relevant information and conclusions, directly to the attention of the United Nations General Assembly and the United Nations Security Council. It shall at the same time inform all States Parties of this step.

D. TÆKNISKRIFSTOFAN

37. Tækniskrifstofan skal vera ráðstefnunni og framkvæmdaráðinu til aðstoðar við störf þeirra. Skal hún annast sannprófanir þær sem kveðið er á um í samningi þessum. Skal hún annast önnur þau störf sem henni eru falin í samningi þessum jafnt sem þau störf sem ráðstefnan og framkvæmdaráðið fela henni.

38. Tækniskrifstofan skal:

a) semja og leggja fyrir framkvæmdaráðið drög að framkvæmdaáætlun og fjárhagsáætlun stofnunarinnar;

b) semja og leggja fyrir framkvæmdaráðið drög að skýrslu stofnunarinnar um framkvæmd samnings þessa og þær skýrslur aðrar sem ráðstefnan eða framkvæmdaráðið kunna að óska eftir;

c) veita ráðstefnunni, framkvæmdaráðinu og undirstofnunum þeirra aðstoð á stjórnunar- og tæknisviðum;

d) senda orðsendingu til aðildarríkja og taka á móti orðsendingum frá þeim fyrir hönd stofnunarinnar um málefni sem varða framkvæmd samnings þessa;

e) veita aðildarríkjum tæknilega aðstoð og annast tæknilegt mat við framkvæmd ákvæða samnings þessa, þar með talið mat á skráðum jafnt sem óskráðum efnum.

39. Tækniskrifstofan skal:

a) gera samninga eða samkomulag við aðildarríki varðandi framkvæmd sannprófana, með fyrirvara um samþykki framkvæmdaráðsins;

b) samræma, eigi síðar en 180 dögum eftir að samningur þessi öðlast gildi, söfnun og viðhald varanlegra birgða með tilliti til neyðaraðstoðar og mannúðaraðstoðar aðildarríkja skv. b- og c-liðum 7. mgr. 10. gr. Tækniskrifstofan getur athugað birgðirnar með tilliti til þess hvort þær séu nothæfar. Ráðstefnan skal skv. i-lið 21. mgr. hér að framan fjalla um og samþykkja skrár um þær birgðir sem halda skal;

c) annast stjórn frjálsa framlagasjóðsins sem fjallað er um í 10. gr., taka saman yfirlýsingar aðildarríkjanna og skrá þegar þess er óskað tvíhliða samninga sem gerðir eru milli aðildarríkja eða milli aðildarríkis og stofnunarinnar skv. 10. gr.

40. Tækniskrifstofan skal skýra framkvæmdaráðinu frá hverju því vandamáli sem upp hefur

D. THE TECHNICAL SECRETARIAT

37. The Technical Secretariat shall assist the Conference and the Executive Council in the performance of their functions. The Technical Secretariat shall carry out the verification measures provided for in this Convention. It shall carry out the other functions entrusted to it under this Convention as well as those functions delegated to it by the Conference and the Executive Council.

38. The Technical Secretariat shall:

(a) Prepare and submit to the Executive Council the draft programme and budget of the Organization;

(b) Prepare and submit to the Executive Council the draft report of the Organization on the implementation of this Convention and such other reports as the Conference or the Executive Council may request;

(c) Provide administrative and technical support to the Conference, the Executive Council and subsidiary organs;

(d) Address and receive communications on behalf of the Organization to and from States Parties on matters pertaining to the implementation of this Convention;

(e) Provide technical assistance and technical evaluation to States Parties in the implementation of the provisions of this Convention, including evaluation of scheduled and unscheduled chemicals.

39. The Technical Secretariat shall:

(a) Negotiate agreements or arrangements relating to the implementation of verification activities with States Parties, subject to approval by the Executive Council;

(b) Not later than 180 days after entry into force of this Convention, coordinate the establishment and maintenance of permanent stockpiles of emergency and humanitarian assistance by States Parties in accordance with Article X, paragraphs 7 (b) and (c). The Technical Secretariat may inspect the items maintained for serviceability. Lists of items to be stockpiled shall be considered and approved by the Conference pursuant to paragraph 21 (i) above;

(c) Administer the voluntary fund referred to in Article X, compile declarations made by the States Parties and register, when requested, bilateral agreements concluded between States Parties or between a State Party and the Organization for the purposes of Article X.

40. The Technical Secretariat shall inform the Executive Council of any problem that has

komið og varðar störf hennar, þar á meðal vafa, ósamræmi eða óvissu varðandi efndir samnings þessa er komist hefur til vitundar hennar við sannprófanir og sem henni hefur ekki tekist að leysa eða skýra með viðræðum sínum við viðkomandi aðildarríki.

41. Tækniskrifstofan skal skipuð framkvæmdastjóra, sem veita skal henni forstöðu og vera yfirmaður stjórnunarmála, eftirlitsmönnum og, eftir þörfum, vísindamönnum, tæknimönnum og öðru starfsliði.

42. Innan tækniskrifstofunnar skal vera eftirlitsdeild og skal hún starfa undir yfirumsjón framkvæmdastjórans.

43. Framkvæmdastjórinn skal skipaður af ráðstefnunni að tillögu framkvæmdaráðsins til fjögurra ára og má framlengja skipun hans einu sinni um fjögur ár, en ekki oftar.

44. Framkvæmdastjórinn er ábyrgur gagnvart ráðstefnunni og framkvæmdaráðinu um ráðningu starfsliðs og um skipulag og starfsemi tækniskrifstofunnar. Við ráðningu starfsliðs og ákvörðun starfskjara skal fyrst og fremst höfð í huga nauðsyn þess að skilvirkni, hæfni og ráðvendni samræmist ströngustu kröfum. Aðeins ríkisborgarar aðildarríkja geta gegnt störfum framkvæmdastjóra og eftirlitsmanna eða sem sérhæft starfslið og skrifstofufólk. Taka skal fullt tillit til mikilvægis þess að ráða starfsliðið eins víða að og unnt er. Við ráðningar skal þess gætt að starfsmenn séu ekki hafðir fleiri en nauðsynlegt er til að störf tækniskrifstofunnar séu vel af hendi leyst.

45. Framkvæmdastjórinn ber ábyrgð á skipulagi og starfsemi hinnar vísindalegu ráðgjafarnefndar sem í h-lið 21. mgr. greinir. Skal framkvæmdastjórinn í samráði við aðildarríki skipa menn til setu í hinni vísindalegu ráðgjafarnefnd og skulu þeir starfa þar sem einstaklingar. Skulu nefndarmenn skipaðir með tilliti til sérfræðilegrar hæfni þeirra á þeim ýmsu sviðum vísinda sem varða framkvæmd samnings þessa. Getur framkvæmdastjórinn einnig, eftir því sem við á, sett á fót, í samráði við nefndarmenn, bráðabirgðastarfshópa skipaða sérfræðingum á sviði vísinda til tillögugerðar um einstök álitaefni. Með tilliti til þessa geta aðildarríki afhent framkvæmdastjóranum skrár um sérfræðinga.

arisen with regard to the discharge of its functions, including doubts, ambiguities or uncertainties about compliance with this Convention that have come to its notice in the performance of its verification activities and that it has been unable to resolve or clarify through its consultations with the State Party concerned.

41. The Technical Secretariat shall comprise a Director-General, who shall be its head and chief administrative officer, inspectors and such scientific, technical and other personnel as may be required.

42. The Inspectorate shall be a unit of the Technical Secretariat and shall act under the supervision of the Director-General.

43. The Director-General shall be appointed by the Conference upon the recommendation of the Executive Council for a term of four years, renewable for one further term, but not thereafter.

44. The Director-General shall be responsible to the Conference and the Executive Council for the appointment of the staff and the organization and functioning of the Technical Secretariat. The paramount consideration in the employment of the staff and in the determination of the conditions of service shall be the necessity of securing the highest standards of efficiency, competence and integrity. Only citizens of States Parties shall serve as the Director-General, as inspectors or as other members of the professional and clerical staff. Due regard shall be paid to the importance of recruiting the staff on as wide a geographical basis as possible. Recruitment shall be guided by the principle that the staff shall be kept to a minimum necessary for the proper discharge of the responsibilities of the Technical Secretariat.

45. The Director-General shall be responsible for the organization and functioning of the Scientific Advisory Board referred to in paragraph 21 (h). The Director-General shall, in consultation with States Parties, appoint members of the Scientific Advisory Board, who shall serve in their individual capacity. The members of the Board shall be appointed on the basis of their expertise in the particular scientific fields relevant to the implementation of this Convention. The Director-General may also, as appropriate, in consultation with members of the Board, establish temporary working groups of scientific experts to provide recommendations on specific issues. In regard to the above, States Parties may submit lists of experts to the Director-General.

46. Framkvæmdastjórinn, eftirlitsmenn og aðrir starfsmenn skulu við störf sín hvorki sækjast eftir né taka við fyrirmælum frá nokkru ríki eða nokkrum öðrum sem standa utan stofnunarinnar. Þeir skulu forðast hverja þá athöfn er komið gæti niður á stöðu þeirra sem alþjóðlegra embættismanna sem einungis eru ábyrgir gagnvart ráðstefnunni og framkvæmdaráðinu.

47. Sérhverju aðildarríki ber að virða að störf framkvæmdastjórans, eftirlitsmanna og annarra starfsmanna eru að öllu leyti alþjóðlegs eðlis og skulu þau ekki leitast við að hafa áhrif á þá við störf sín.

E. FORRÉTTINDI OG FRIÐHELGI

48. Stofnunin skal á landsvæði aðildarríkis og annars staðar innan lögsögu þess eða undir yfirráðum þess njóta þess löghæfis og þeirra forréttinda og friðhelgi sem nauðsyn krefur til að hún geti gegnt störfum sínum.

49. Sendimenn aðildarríkja ásamt varamönnum þeirra og ráðgjöfum, skipaðir fulltrúar í framkvæmdaráðinu ásamt varamönnum þeirra og ráðgjöfum, svo og framkvæmdastjórinn og starfslið stofnunarinnar, skulu njóta þeirra forréttinda og friðhelgi sem nauðsyn krefur til að þeir geti á sjálfstæðan hátt gegnt störfum sínum í tengslum við stofnunina.

50. Í samningum milli stofnunarinnar og aðildarríkja, svo og í samningi milli stofnunarinnar og þess ríkis þar sem aðalstöðvar hennar eru, skal skilgreina það löghæfi, þau forréttindi og þá friðhelgi sem í þessari grein segir. Ráðstefnan skal fjalla um þessa samninga og staðfesta þá skv. i-lið 21. mgr.

51. Þrátt fyrir ákvæði 48. og 49. mgr. skulu framkvæmdastjóri og starfslið tækniskrifstofunnar meðan sannprófanir eiga sér stað njóta þeirra forréttinda og þeirrar friðhelgi sem lýst er í kafla B í II. hluta viðaukans um sannprófanir.

9. gr.
Samráð, samvinna og rannsóknir.

1. Aðildarríki skulu hafa með sér samráð og samvinnu, beint eða fyrir milligöngu stofnunarinnar eða á annan hátt sem við á í alþjóðlegum samskiptum, þar á meðal með þeim hætti sem gert er ráð fyrir innan Sameinuðu þjóðanna og

46. In the performance of their duties, the Director-General, the inspectors and the other members of the staff shall not seek or receive instructions from any Government or from any other source external to the Organization. They shall refrain from any action that might reflect on their positions as international officers responsible only to the Conference and the Executive Council.

47. Each State Party shall respect the exclusively international character of the responsibilities of the Director-General, the inspectors and the other members of the staff and not seek to influence them in the discharge of their responsibilities.

E. PRIVILEGES AND IMMUNITIES

48. The Organization shall enjoy on the territory and in any other place under the jurisdiction or control of a State Party such legal capacity and such privileges and immunities as are necessary for the exercise of its functions.

49. Delegates of States Parties, together with their alternates and advisers, representatives appointed to the Executive Council together with their alternates and advisers, the Director-General and the staff of the Organization shall enjoy such privileges and immunities as are necessary in the independent exercise of their functions in connection with the Organization.

50. The legal capacity, privileges, and immunities referred to in this Article shall be defined in agreements between the Organization and the States Parties as well as in an agreement between the Organization and the State in which the headquarters of the Organization is seated. These agreements shall be considered and approved by the Conference pursuant to paragraph 21 (i).

51. Notwithstanding paragraphs 48 and 49, the privileges and immunities enjoyed by the Director-General and the staff of the Technical Secretariat during the conduct of verification activities shall be those set forth in Part II, Section B, of the Verification Annex.

ARTICLE IX
CONSULTATIONS, COOPERATION AND FACT-FINDING

1. States Parties shall consult and cooperate, directly among themselves, or through the Organization or other appropriate international procedures, including procedures within the framework of the United Nations and in accordance

í samræmi við sáttmála þeirra, um hvert það efnisatriði sem vakið kann að verða máls á varðandi tilgang og markmið samnings þessa eða framkvæmd ákvæða hans.

2. Með fyrirvara um rétt sérhvers aðildarríkis til að óska vefengingarkönnunar skulu aðildarríki ávallt þegar unnt er fyrst gera allt sem í þeirra valdi stendur til að skýra og leysa með skiptum á upplýsingum og með viðræðum sín á milli hvert það mál sem getur valdið vafa á að samningur þessi sé efndur eða er áhyggjuefni um tengd atriði sem telja má óljós. Aðildarríki, sem fær beiðni annars aðildarríkis um skýringu á málefni sem beiðniríkið telur valda slíkum vafa eða sé slíkt áhyggjuefni, skal eins skjótt og unnt er og eigi síðar en 10 dögum eftir að beiðni er sett fram veita beiðniríkinu fullnægjandi upplýsingar til að bregðast við þeim vafa eða því áhyggjuefni sem lýst hefur verið, ásamt með útlistun á því hvernig hinar veittu upplýsingar leysa það mál sem um er að ræða. Ekkert í samningi þessum hefur áhrif á rétt tveggja eða fleiri aðildarríkja til þess, með samkomulagi sín á milli, að kveða á um eftirlit eða aðra tilhögun til að skýra og leysa hvert það mál sem getur valdið vafa á að samningur þessi sé efndur eða sem er áhyggjuefni um tengd atriði sem telja má óljós. Slíkt samkomulag skal engin áhrif hafa á réttindi og skyldur aðildarríkis samkvæmt öðrum ákvæðum samnings þessa.

Hvernig skýringar skuli óskað.

3. Aðildarríki á rétt á að óska þess við framkvæmdaráðið að það veiti aðstoð sína við að skýra aðstæður sem telja má að valdi óvissu eða fela í sér áhyggjuefni um að annað aðildarríki vanefni hugsanlega samning þennan. Skal framkvæmdaráðið veita viðeigandi upplýsingar sem það býr yfir og varða slíkt áhyggjuefni.

4. Aðildarríki á rétt á að óska þess við framkvæmdaráðið að það afli skýringar frá öðru aðildarríki um aðstæður sem telja má að valdi óvissu eða fela í sér áhyggjuefni um að það vanefni hugsanlega samning þennan. Í slíkum tilvikum gildir eftirfarandi:

a) framkvæmdaráðið skal afhenda skýringarbeiðnina viðkomandi aðildarríki fyrir milligöngu framkvæmdastjórans eigi síðar en sólarhring eftir móttöku hennar;

with its Charter, on any matter which may be raised relating to the object and purpose, or the implementation of the provisions, of this Convention.

2. Without prejudice to the right of any State Party to request a challenge inspection, States Parties should, whenever possible, first make every effort to clarify and resolve, through exchange of information and consultations among themselves, any matter which may cause doubt about compliance with this Convention, or which gives rise to concerns about a related matter which may be considered ambiguous. A State Party which receives a request from another State Party for clarification of any matter which the requesting State Party believes causes such a doubt or concern shall provide the requesting State Party as soon as possible, but in any case not later than 10 days after the request, with information sufficient to answer the doubt or concern raised along with an explanation of how the information provided resolves the matter. Nothing in this Convention shall affect the right of any two or more States Parties to arrange by mutual consent for inspections or any other procedures among themselves to clarify and resolve any matter which may cause doubt about compliance or gives rise to a concern about a related matter which may be considered ambiguous. Such arrangements shall not affect the rights and obligations of any State Party under other provisions of this Convention.

Procedure for requesting clarification

3. A State Party shall have the right to request the Executive Council to assist in clarifying any situation which may be considered ambiguous or which gives rise to a concern about the possible non-compliance of another State Party with this Convention. The Executive Council shall provide appropriate information in its possession relevant to such a concern.

4. A State Party shall have the right to request the Executive Council to obtain clarification from another State Party on any situation which may be considered ambiguous or which gives rise to a concern about its possible non-compliance with this Convention. In such a case, the following shall apply:

(a) The Executive Council shall forward the request for clarification to the State Party concerned through the Director-General not later than 24 hours after its receipt;

b) það aðildarríki sem beiðni er beint til skal veita framkvæmdaráðinu skýringu eins skjótt og unnt er, en þó eigi síðar en 10 dögum eftir móttöku beiðninnar;

c) framkvæmdaráðið skal kynna sér skýringuna og framsenda hana eigi síðar en sólarhring eftir móttöku hennar því aðildarríki sem beiðnina setti fram;

d) telji það aðildarríki sem beiðnina setti fram skýringuna ófullnægjandi hefur það rétt á að leggja fram við framkvæmdaráðið beiðni um að það afli nánari skýringar frá hinu aðildarríkinu;

e) í því skyni að afla nánari skýringar sem óskað hefur verið eftir skv. d-lið getur framkvæmdaráðið leitað til framkvæmdastjórans um að hann setji á fót sérfræðingahóp frá tækniskrifstofunni, eða annars staðar frá ef viðeigandi starfsmenn eru ekki fyrir hendi þar, til athugunar á öllum upplýsingum og gögnum sem fyrir hendi eru og varða þær aðstæður sem valda áhyggjum. Sérfræðingahópurinn skal gefa framkvæmdaráðinu skýrslu um það sem hann hefur komist að raun um;

f) telji það aðildarríki sem beiðnina setti fram þá skýringu sem fengist hefur skv. d- og e-liðum ófullnægjandi hefur það rétt á að fara fram á aukafund í framkvæmdaráðinu þar sem viðkomandi aðildarríkjum sem ekki eiga sæti í framkvæmdaráðinu er heimilt að taka þátt. Framkvæmdaráðið skal fjalla um málið á slíkum aukafundi og getur það mælt með hverri þeirri ráðstöfun sem það telur við eiga til lausnar málinu.

5. Aðildarríki á einnig rétt á að óska þess við framkvæmdaráðið að ráðið skýri aðstæður sem taldar hafa verið óvissar eða hafa valdið áhyggjum um hugsanlegar vanefndir á samningi þessum. Skal framkvæmdaráðið bregðast við með því að veita viðeigandi aðstoð.

6. Framkvæmdaráðið skal skýra aðildarríkjunum frá sérhverri beiðni um skýringu sem ráð er fyrir gert í þessari grein.

7. Hafi ekki, innan 60 daga eftir að beiðni aðildarríkis um skýringu hefur verið lögð fyrir framkvæmdaráðið, verið eytt vafa eða áhyggjum þess um hugsanlegar vanefndir samnings þessa, eða ef það telur að efasemdir þess réttlæti tafarlausa umfjöllun getur það, þrátt fyrir rétt þess til að krefjast vefengingarkönnunnar, farið fram á að ráðstefnan haldi aukafund skv. c-lið 12. mgr. 8. gr. Ráðstefnan skal fjalla um málið á slíkum aukafundi og getur hún mælt með hverri þeirri

(b) The requested State Party shall provide the clarification to the Executive Council as soon as possible, but in any case not later than 10 days after the receipt of the request;

(c) The Executive Council shall take note of the clarification and forward it to the requesting State Party not later than 24 hours after its receipt;

(d) If the requesting State Party deems the clarification to be inadequate, it shall have the right to request the Executive Council to obtain from the requested State Party further clarification;

(e) For the purpose of obtaining further clarification requested under subparagraph (d), the Executive Council may call on the Director-General to establish a group of experts from the Technical Secretariat, or if appropriate staff are not available in the Technical Secretariat, from elsewhere, to examine all available information and data relevant to the situation causing the concern. The group of experts shall submit a factual report to the Executive Council on its findings;

(f) If the requesting State Party considers the clarification obtained under subparagraphs (d) and (e) to be unsatisfactory, it shall have the right to request a special session of the Executive Council in which States Parties involved that are not members of the Executive Council shall be entitled to take part. In such a special session, the Executive Council shall consider the matter and may recommend any measure it deems appropriate to resolve the situation.

5. A State Party shall also have the right to request the Executive Council to clarify any situation which has been considered ambiguous or has given rise to a concern about its possible non-compliance with this Convention. The Executive Council shall respond by providing such assistance as appropriate.

6. The Executive Council shall inform the States Parties about any request for clarification provided in this Article.

7. If the doubt or concern of a State Party about a possible non-compliance has not been resolved within 60 days after the submission of the request for clarification to the Executive Council, or it believes its doubts warrant urgent consideration, notwithstanding its right to request a challenge inspection, it may request a special session of the Conference in accordance with Article VIII, paragraph 12 (c). At such a special session, the Conference shall consider

ráðstöfun sem hún telur við eiga til lausnar málinu.

Hvernig vefengingarkönnun skal fara fram.

8. Sérhvert aðildarríki á rétt á að krefjast vettvangskönnunar til vefengingar er fari fram í stöð eða á stað hvar sem er á landsvæði annars aðildarríkis eða annars staðar innan lögsögu þess eða undir yfirráðum þess, til þess eins að afla skýringar eða greiða úr álitaefni varðandi hugsanlegar vanefndir á ákvæðum samnings þessa, og rétt á að láta könnunarhóp skipaðan af framkvæmdastjóranum í samræmi við viðaukann um sannprófanir annast þá könnun hvar sem er án tafar.

9. Sérhverju aðildarríki er skylt að halda könnunarkröfu sinni innan gildissviðs samnings þessa og að veita í könnunarkröfunni allar viðeigandi upplýsingar um grundvöll þess áhyggjuefnis að samningurinn sé hugsanlega vanefndur, eins og tilgreint er í viðaukanum um sannprófanir. Sérhvert aðildarríki skal forðast að leggja fram tilefnislausar könnunarkröfur og varast þannig misnotun. Vefengingarkönnun skal einungis fara fram í því skyni að ákvarða um þau atvik sem varða hugsanlegar vanefndir.

10. Til að leiða í ljós að ákvæði samnings þessa séu efnd skal sérhvert aðildarríki heimila tækniskrifstofunni að gera vettvangskönnun til vefengingar skv. 8. mgr.

11. Eftir að gerð hefur verið krafa um vefengingarkönnun í stöð eða á stað, og í samræmi við vinnureglurnar sem kveðið er á um í viðaukanum um sannprófanir, ber því aðildarríki þar sem könnunin skal fara fram:

a) réttur og skylda til að gera allt það sem með sanngirni má krefjast til að sýna fram á að það efni samning þennan og í þeim tilgangi að gera könnunarhópnum kleift að framkvæma fyrirmæli sín;

b) skylda til að veita aðgang innan þess staðar sem krafan beinist að í þeim tilgangi einum að leiða í ljós atvik sem varða áhyggjuefni um hugsanlegar vanefndir; og

c) réttur til að gera ráðstafanir til verndar stöðvum sem leynd hvílir yfir og hindra að látnar séu uppi trúnaðarupplýsingar og gögn sem ekki varða samning þennan.

12. Um fulltrúa gildir eftirfarandi:

a) aðildarríki það sem setur beiðnina fram getur, með fyrirvara um samþykki þess aðildarríkis, sem könnunin skal fara fram, ákveðið að fulltrúi þess aðildarríkis skuli vera viðstaddur könnunina og hvenær hann skuli mæta á staðinn;

b) aðildarríki það sem könnunin skal fara fram skal gera allar ráðstafanir sem unnt er til að tryggja að fulltrúi þess aðildarríkis sem óskar eftir að vera viðstaddur könnunina hafi tækifæri til þess í samræmi við viðaukann um sannprófanir;

c) aðildarríki það sem könnunin skal fara fram skal ekki tefja framgang hennar vegna komu fulltrúa aðildarríkisins eða vegna athafna hans.

Procedures for challenge inspections

8. Each State Party has the right to request an on-site challenge inspection of any facility or location in the territory or in any other place under the jurisdiction or control of any other State Party for the sole purpose of clarifying and resolving any questions concerning possible non-compliance with the provisions of this Convention, and to have this inspection conducted anywhere without delay by an inspection team designated by the Director-General and in accordance with the Verification Annex.

9. Each State Party is under the obligation to keep the inspection request within the scope of this Convention and to provide in the inspection request all appropriate information on the basis of which a concern has arisen regarding possible non-compliance with this Convention as specified in the Verification Annex. Each State Party shall refrain from unfounded inspection requests, care being taken to avoid abuse. The challenge inspection shall be carried out for the sole purpose of determining facts relating to the possible non-compliance.

10. For the purpose of verifying compliance with the provisions of this Convention, each State Party shall permit the Technical Secretariat to conduct the on-site challenge inspection pursuant to paragraph 8.

11. Pursuant to a request for a challenge inspection of a facility or location, and in accordance with the procedures provided for in the Verification Annex, the inspected State Party shall have:

(a) The right and the obligation to make every reasonable effort to demonstrate its compliance with this Convention and, to this end, to enable the inspection team to fulfil its mandate;

(b) The obligation to provide access within the requested site for the sole purpose of establishing facts relevant to the concern regarding possible non-compliance; and

(c) The right to take measures to protect sensitive installations, and to prevent disclosure of confidential information and data, not related to this Convention.

12. With regard to an observer, the following shall apply:

(a) The requesting State Party may, subject to the agreement of the inspected State Party, send

ríkis þar sem könnunin fer fram, sent fulltrúa, sem má vera annaðhvort ríkisborgari þess sjálfs eða þriðja aðildarríkis, til að fylgjast með framkvæmd vefengingarkönnunarinnar;

b) aðildarríkið þar sem könnun fer fram skal veita fulltrúanum aðgang eins og mælt er fyrir um í viðaukanum um sannprófanir;

c) aðildarríkið þar sem könnun fer fram skal alla jafna taka við þeim fulltrúa sem fyrirhugað er að senda, en synji það viðtöku skal þess getið í lokaskýrslu.

13. Aðildarríkið sem setur beiðnina fram skal leggja fram beiðni sína um vettvangskönnun til vefengingar við framkvæmdaráðið og um leið við framkvæmdastjórann til tafarlausrar meðferðar.

14. Framkvæmdastjórinn skal þegar ganga úr skugga um að könnunarbeiðnin fullnægi skilyrðum 4. mgr. 10. hluta viðaukans um sannprófanir og aðstoða ef með þarf aðildarríkið sem setur beiðnina fram við að leggja fram könnunarbeiðnina í samræmi við þau. Þegar könnunarbeiðnin fullnægir settum skilyrðum skal hafinn undirbúningur að vefengingarkönnuninni.

15. Framkvæmdastjórinn skal senda könnunarbeiðnina til þess aðildarríkis þar sem könnun skal fara fram eigi síðar en 12 klukkustundum áður en áætlað er að könnunarhópurinn verði á komustað.

16. Er könnunarbeiðnin hefur verið móttekin skal framkvæmdaráðið kynna sér þær aðgerðir sem framkvæmdastjórinn grípur til í tilefni beiðninnar og skal ráðið fylgjast með málinu meðan á könnunarferlinu stendur. Umfjöllun þess skal þó eigi tefja fyrir könnuninni.

17. Eigi síðar en 12 klukkustundum eftir móttöku könnunarbeiðni getur framkvæmdaráðið ákveðið með atkvæðum þriggja fjórðu hluta allra meðlima sinna að framkvæma ekki vefengingarkönnun ef það telur könnunarbeiðnina setta fram án alvöru, fela í sér misnotkun eða vera augljóslega utan gildissviðs samnings þessa, eins og lýst er í 8. mgr. Hvorki aðildarríkið sem setur beiðnina fram né aðildarríkið þar sem könnunin skal fara fram skulu taka þátt í slíkri ákvörðun. Falli ákvörðun framkvæmdaráðsins gegn vefengingarkönnuninni skal hætta undirbúningi hennar og ekki sinna könnunarbeiðninni frekar, og skal viðkomandi aðildarríkjum skýrt frá því.

18. Framkvæmdastjórinn skal gefa út könnunarfyrirmæli um framkvæmd vefengingarkönnunarinnar. Skulu könnunarfyrirmælin vera könn-

a representative who may be a national either of the requesting State Party or of a third State Party, to observe the conduct of the challenge inspection.

(b) The inspected State Party shall then grant access to the observer in accordance with the Verification Annex.

(c) The inspected State Party shall, as a rule, accept the proposed observer, but if the inspected State Party exercises a refusal, that fact shall be recorded in the final report.

13. The requesting State Party shall present an inspection request for an on-site challenge inspection to the Executive Council and at the same time to the Director-General for immediate processing.

14. The Director-General shall immediately ascertain that the inspection request meets the requirements specified in Part X, paragraph 4, of the Verification Annex, and, if necessary, assist the requesting State Party in filing the inspection request accordingly. When the inspection request fulfils the requirements, preparations for the challenge inspection shall begin.

15. The Director-General shall transmit the inspection request to the inspected State Party not less than 12 hours before the planned arrival of the inspection team at the point of entry.

16. After having received the inspection request, the Executive Council shall take cognizance of the Director-General's actions on the request and shall keep the case under its consideration throughout the inspection procedure. However, its deliberations shall not delay the inspection process.

17. The Executive Council may, not later than 12 hours after having received the inspection request, decide by a three-quarter majority of all its members against carrying out the challenge inspection, if it considers the inspection request to be frivolous, abusive or clearly beyond the scope of this Convention as described in paragraph 8. Neither the requesting nor the inspected State Party shall participate in such a decision. If the Executive Council decides against the challenge inspection, preparations shall be stopped, no further action on the inspection request shall be taken, and the States Parties concerned shall be informed accordingly.

18. The Director-General shall issue an inspection mandate for the conduct of the challenge inspection. The inspection mandate shall

unarbeiðni skv. 8. og 9. mgr. orðuð með tilliti til framkvæmdar hennar og í samræmi við beiðnina.

19. Vefengingarkönnunin skal framkvæmd skv. X. hluta viðaukans um sannprófanir, eða XI. hluta hans ef um meinta notkun er að ræða. Könnunarhópurinn skal fylgja þeirri reglu að valda við framkvæmd vefengingarkönnunar eins litlu óhagræði og samræmst getur því að verkefni hans megi ljúka á skjótan og skilvirkan hátt.

20. Aðildarríkið þar sem könnunin fer fram skal aðstoða könnunarhópinn meðan á vefengingarkönnuninni stendur og greiða fyrir störfum hans. Hafi það aðildarríki þar sem könnunin fer fram í huga, í stað þess að veita fullan aðgang að öllu leyti, að neyta úrræða í samræmi við kafla C í X. hluta viðaukans um sannprófanir til að sýna fram á að það efni samning þennan skal það í samráði við könnunarhópinn gera allt sem með sanngirni má krefjast til að ná samkomulagi um hvernig leiða megi í ljós atvik í því skyni að sýna fram á efndir sínar.

21. Í lokaskýrslunni skal í niðurstöðum greina frá staðreyndum, svo og frá mati könnunarhópsins á að hve miklu leyti og á hvern hátt aðgangur hefur verið veittur, og þeirri samvinnu sem fengist hefur til að framkvæma hafi mátt fullnægjandi vefengingarkönnun. Framkvæmdastjórinn skal strax senda lokaskýrslu könnunarhópsins til þess aðildarríkis sem setti beiðnina fram, þess aðildarríkis þar sem könnunin fór fram, til framkvæmdaráðsins og til allra annarra aðildarríkja. Enn fremur skal framkvæmdastjórinn strax senda framkvæmdaráðinu álitsgerðir þess aðildarríkis sem setti beiðnina fram og þess aðildarríkis þar sem könnun fór fram, svo og álit annarra aðildarríkja sem þau kunna að senda framkvæmdastjóranum í því skyni, og láta þessi gögn síðan í té öllum aðildarríkjum.

22. Framkvæmdaráðið skal, í samræmi við valdsvið sitt og verkefni, endurmeta lokaskýrslu könnunarhópsins um leið og hún er lögð fram og fjalla um öll áhyggjuefni varðandi:

a) hvort nokkrar vanefndir hafi átt sér stað;

b) hvort beiðnin hafi verið innan gildissviðs samnings þessa; og

c) hvort rétturinn til að fara fram á vefengingarkönnun hafi verið misnotaður.

23. Komist framkvæmdaráðið að þeirri niðurstöðu, í samræmi við valdsvið sitt og verkefni, að frekari aðgerða kunni að verða þörf að því er 22. mgr. varðar skal það gera viðeigandi ráðstafbe the inspection request referred to in paragraphs 8 and 9 put into operational terms, and shall conform with the inspection request.

19. The challenge inspection shall be conducted in accordance with Part X or, in the case of alleged use, in accordance with Part XI of the Verification Annex. The inspection team shall be guided by the principle of conducting the challenge inspection in the least intrusive manner possible, consistent with the effective and timely accomplishment of its mission.

20. The inspected State Party shall assist the inspection team throughout the challenge inspection and facilitate its task. If the inspected State Party proposes, pursuant to Part X, Section C, of the Verification Annex, arrangements to demonstrate compliance with this Convention, alternative to full and comprehensive access, it shall make every reasonable effort, through consultations with the inspection team, to reach agreement on the modalities for establishing the facts with the aim of demonstrating its compliance.

21. The final report shall contain the factual findings as well as an assessment by the inspection team of the degree and nature of access and cooperation granted for the satisfactory implementation of the challenge inspection. The Director-General shall promptly transmit the final report of the inspection team to the requesting State Party, to the inspected State Party, to the Executive Council and to all other States Parties. The Director-General shall further transmit promptly to the Executive Council the assessments of the requesting and of the inspected States Parties, as well as the views of other States Parties which may be conveyed to the Director-General for that purpose, and then provide them to all States Parties.

22. The Executive Council shall, in accordance with its powers and functions, review the final report of the inspection team as soon as it is presented, and address any concerns as to:

(a) Whether any non-compliance has occurred;

(b) Whether the request had been within the scope of this Convention; and

(c) Whether the right to request a challenge inspection had been abused.

23. If the Executive Council reaches the conclusion, in keeping with its powers and functions, that further action may be necessary with regard to paragraph 22, it shall take the appro-

anir til að koma ástandinu í rétt horf og tryggja að samningur þessi sé efndur, meðal annars með sérstökum tillögum til ráðstefnunnar. Hafi misnotkun átt sér stað skal framkvæmdaráðið kanna hvort aðildarríkinu sem setti beiðnina fram beri að greiða einhvern hluta þess kostnaðar sem af vefengingarkönnuninni hefur leitt.

24. Aðildarríkið sem setti beiðnina fram og aðildarríkið þar sem könnunin fór fram eiga rétt á að taka þátt í endurmatsferlinu. Framkvæmdaráðið skal skýra aðildarríkjunum og næsta fundi ráðstefnunnar frá niðurstöðum ferlisins.

25. Hafi framkvæmdaráðið lagt sérstakar tillögur fyrir ráðstefnuna skal hún íhuga aðgerðir skv. 12. gr.

10. gr.
Aðstoð og varnir gegn efnavopnum.

1. Í grein þessari merkir „aðstoð" það þegar varnir gegn efnavopnum eru samræmdar og látnar í té aðildarríkjum, og tekur hún meðal annars til eftirfarandi: greiningartækja og viðvörunarkerfa, hlífðarbúnaðar, afmengunarbúnaðar og afmengunarefna, læknisfræðilegra mótefna og meðferðar og ráðgjafar um allar þessar varnir.

2. Ekkert í samningi þessum skal túlka þannig að það standi í vegi fyrir rétti sérhvers aðildarríkis til að stunda rannsóknir á, þróa, framleiða, útvega, afhenda eða nota varnir gegn efnavopnum í tilgangi sem ekki er bannaður samkvæmt samningi þessum.

3. Sérhvert aðildarríki skuldbindur sig til að greiða fyrir og á jafnframt rétt á að taka þátt í eins miklum skiptum og framast er unnt á búnaði, gögnum og vísindalegum og tæknilegum upplýsingum varðandi varnir gegn efnavopnum.

4. Til að áætlanir einstakra landa hvað snertir varnir liggi ljósar fyrir skal sérhvert aðildarríki árlega veita tækniskrifstofunni upplýsingar um slíkar áætlanir sínar samkvæmt vinnureglum sem ráðstefnan fjallar um og samþykkir skv. i-lið 21. mgr. 8. gr.

5. Eigi síðar en 180 dögum eftir að samningur þessi öðlast gildi skal tækniskrifstofan koma á fót og halda við gagnabanka til afnota fyrir sérhvert aðildarríki sem þess óskar þar sem

priate measures to redress the situation and to ensure compliance with this Convention, including specific recommendations to the Conference. In the case of abuse, the Executive Council shall examine whether the requesting State Party should bear any of the financial implications of the challenge inspection.

24. The requesting State Party and the inspected State Party shall have the right to participate in the review process. The Executive Council shall inform the States Parties and the next session of the Conference of the outcome of the process.

25. If the Executive Council has made specific recommendations to the Conference, the Conference shall consider action in accordance with Article XII.

ARTICLE X
ASSISTANCE AND PROTECTION AGAINST CHEMICAL WEAPONS

1. For the purposes of this Article, "Assistance" means the coordination and delivery to States Parties of protection against chemical weapons, including, inter alia, the following: detection equipment and alarm systems; protective equipment; decontamination equipment and decontaminants; medical antidotes and treatments; and advice on any of these protective measures.

2. Nothing in this Convention shall be interpreted as impeding the right of any State Party to conduct research into, develop, produce, acquire, transfer or use means of protection against chemical weapons, for purposes not prohibited under this Convention.

3. Each State Party undertakes to facilitate, and shall have the right to participate in, the fullest possible exchange of equipment, material and scientific and technological information concerning means of protection against chemical weapons.

4. For the purposes of increasing the transparency of national programmes related to protective purposes, each State Party shall provide annually to the Technical Secretariat information on its programme, in accordance with procedures to be considered and approved by the Conference pursuant to Article VIII, paragraph 21 (i).

5. The Technical Secretariat shall establish, not later than 180 days after entry into force of this Convention and maintain, for the use of any requesting State Party, a data bank containing

geymdar eru upplýsingar til frjálsra afnota um hinar ýmsu varnir gegn efnavopnum, ásamt þeim upplýsingum sem aðildarríki kunna að láta í té. Tækniskrifstofan skal einnig, eftir því sem fjárhagur hennar leyfir og að ósk aðildarríkis, veita aðildarríkinu sérfræðilega ráðgjöf og aðstoð við að komast að raun um hvernig hrinda megi í framkvæmd áætlunum þess til að byggja upp og bæta getu þess til varna gegn efnavopnum.

6. Ekkert í samningi þessum skal túlka þannig að það standi í vegi fyrir rétti aðildarríkja til að óska eftir og veita tvíhliða aðstoð og til að gera einstaka samninga við önnur aðildarríki um neyðaraðstoð.

7. Sérhvert aðildarríki skuldbindur sig til að veita aðstoð fyrir milligöngu stofnunarinnar og til að gera í því skyni eina eða fleiri eftirtalinna ráðstafana að sínu vali:

a) að leggja fé í sjóð þann til frjálsra aðstoðarframlaga sem ráðstefnan skal stofna á fyrsta fundi sínum;

b) að gera, ef unnt er eigi síðar en 180 dögum eftir að samningur þessi öðlast gildi gagnvart aðildarríkinu, samninga við stofnunina um að veita aðstoð samkvæmt beiðni;

c) að lýsa yfir, eigi síðar en 180 dögum eftir að samningur þessi öðlast gildi að því er aðildarríkið varðar, hvers konar aðstoð það gæti veitt ef stofnunin leitar til þess. Þótt aðildarríki geti ekki síðar veitt þá aðstoð sem gert er ráð fyrir í yfirlýsingu þess er því samt sem áður skylt að veita aðstoð samkvæmt þessari málsgrein.

8. Sérhvert aðildarríki á rétt á að leggja fram beiðni um og fá samkvæmt þeim vinnureglum sem kveðið er á um í 9., 10., og 11. mgr. aðstoð og vernd gegn notkun efnavopna eða ógnun um notkun þeirra, ef það telur:

a) að efnavopn hafi verið notuð gegn því;

b) að efni til að bæla niður óeirðir hafi verið notuð gegn því í hernaðarskyni; eða

c) að því sé ógnað með gerðum eða athöfnum annars ríkis sem eru bannaðar aðildarríkjum í 1. gr.

9. Beiðni, studd viðeigandi upplýsingum, skal lögð fyrir framkvæmdastjórann sem skal þegar í stað senda hana framkvæmdaráðinu og öllum aðildarríkjum. Framkvæmdastjórinn skal þegar í stað framsenda beiðnina þeim aðildarríkjum sem skv. b- og c-liðum 7. mgr. hafa boðist til að

freely available information concerning various means of protection against chemical weapons as well as such information as may be provided by States Parties. The Technical Secretariat shall also, within the resources available to it, and at the request of a State Party, provide expert advice and assist the State Party in identifying how its programmes for the development and improvement of a protective capacity against chemical weapons could be implemented.

6. Nothing in this Convention shall be interpreted as impeding the right of States Parties to request and provide assistance bilaterally and to conclude individual agreements with other States Parties concerning the emergency procurement of assistance.

7. Each State Party undertakes to provide assistance through the Organization and to this end to elect to take one or more of the following measures:

(a) To contribute to the voluntary fund for assistance to be established by the Conference at its first session;

(b) To conclude, if possible not later than 180 days after this Convention enters into force for it, agreements with the Organization concerning the procurement, upon demand, of assistance;

(c) To declare, not later than 180 days after this Convention enters into force for it, the kind of assistance it might provide in response to an appeal by the Organization. If, however, a State Party subsequently is unable to provide the assistance envisaged in its declaration, it is still under the obligation to provide assistance in accordance with this paragraph.

8. Each State Party has the right to request and, subject to the procedures set forth in paragraphs 9, 10 and 11, to receive assistance and protection against the use or threat of use of chemical weapons if it considers that:

(a) Chemical weapons have been used against it;

(b) Riot control agents have been used against it as a method of warfare; or

(c) It is threatened by actions or activities of any State that are prohibited for States Parties by Article I.

9. The request, substantiated by relevant information, shall be submitted to the Director-General, who shall transmit it immediately to the Executive Council and to all States Parties. The Director-General shall immediately forward the request to States Parties which have volunteered,

senda neyðaraðstoð ef efnavopn eru notuð eða ef efni til að bæla niður óeirðir eru notuð í hernaðarskyni, eða mannúðaraðstoð ef alvarleg ógn steðjar að viðkomandi aðildarríkjum um notkun efnavopna eða um hernaðarnotkun efna til að bæla niður óeirðir, eigi síðar en 12 klukkustundum frá móttöku beiðninnar. Eigi síðar en sólarhring eftir móttöku beiðninnar skal framkvæmdastjórinn láta hefja rannsókn til að leggja grunn að frekari aðgerðum. Skal hann ljúka rannsókninni innan þriggja sólarhringa og gefa framkvæmdaráðinu skýrslu. Sé lengri tíma þörf til að ljúka rannsókninni skal bráðabirgðaskýrsla lögð fram innan sama frests. Sá viðbótartími sem með þarf til að ljúka rannsókn skal ekki fara fram úr þremur sólarhringum. Þó má framlengja rannsóknina með sömu frestum. Leggja skal skýrslu fyrir framkvæmdaráðið við lok hvers viðbótarfrests. Með rannsókn skulu, eftir því sem við á og í samræmi við beiðnina og þær upplýsingar sem henni fylgdu, leiddar í ljós viðkomandi staðreyndir sem varða beiðnina og eðli og umfang þeirrar viðbótaraðstoðar og þeirra varna sem þörf er fyrir.

10. Framkvæmdaráðið skal koma saman til að fjalla um ástandið eigi síðar en sólarhring eftir að rannsóknarskýrsla hefur verið móttekin og skal það innan næsta sólarhrings taka ákvörðun með einföldum meiri hluta um hvort fyrirmæli skuli gefin tækniskrifstofunni um að veita viðbótaraðstoð. Tækniskrifstofan skal þegar í stað senda öllum aðildarríkjum og viðeigandi alþjóðastofnunum rannsóknarskýrsluna og þá ákvörðun sem framkvæmdaráðið hefur tekið. Hafi framkvæmdaráðið ákveðið það skal framkvæmdastjórinn þegar í stað veita aðstoð. Í þeim tilgangi getur hann átt samvinnu við aðildarríkið sem um aðstoð bað, önnur aðildarríki og viðeigandi alþjóðastofnanir. Skulu aðildarríkin gera allt sem í þeirra valdi stendur til að veita aðstoð.

11. Sé talið að upplýsingar þær sem fyrir hendi eru úr yfirstandandi rannsókn eða frá öðrum áreiðanlegum heimildum sanni nægilega að efnavopn hafi valdið skaða á mönnum og að ekki verði hjá því komist að grípa til aðgerða þegar í stað skal framkvæmdastjórinn tilkynna það öllum aðildarríkjum og gera neyðarráðstafanir til aðstoðar með því að nýta þau úrræði sem ráðstefnan hefur fengið honum vald yfir

in accordance with paragraphs 7 (b) and (c), to dispatch emergency assistance in case of use of chemical weapons or use of riot control agents as a method of warfare, or humanitarian assistance in case of serious threat of use of chemical weapons or serious threat of use of riot control agents as a method of warfare to the State Party concerned not later than 12 hours after receipt of the request. The Director-General shall initiate, not later than 24 hours after receipt of the request, an investigation in order to provide foundation for further action. He shall complete the investigation within 72 hours and forward a report to the Executive Council. If additional time is required for completion of the investigation, an interim report shall be submitted within the same time-frame. The additional time required for investigation shall not exceed 72 hours. It may, however, be further extended by similar periods. Reports at the end of each additional period shall be submitted to the Executive Council. The investigation shall, as appropriate and in conformity with the request and the information accompanying the request, establish relevant facts related to the request as well as the type and scope of supplementary assistance and protection needed.

10. The Executive Council shall meet not later than 24 hours after receiving an investigation report to consider the situation and shall take a decision by simple majority within the following 24 hours on whether to instruct the Technical Secretariat to provide supplementary assistance. The Technical Secretariat shall immediately transmit to all States Parties and relevant international organizations the investigation report and the decision taken by the Executive Council. When so decided by the Executive Council, the Director-General shall provide assistance immediately. For this purpose, the Director-General may cooperate with the requesting State Party, other States Parties and relevant international organizations. The States Parties shall make the fullest possible efforts to provide assistance.

11. If the information available from the ongoing investigation or other reliable sources would give sufficient proof that there are victims of use of chemical weapons and immediate action is indispensable, the Director-General shall notify all States Parties and shall take emergency measures of assistance, using the resources the Conference has placed at his disposal for such contingencies. The Director-General shall keep

með tilliti til slíkra aðstæðna. Framkvæmdastjórinn skal upplýsa framkvæmdaráðið um aðgerðir sem gripið er til samkvæmt þessari málsgrein.

11. gr.
Efnahagsleg og tæknileg þróun.

1. Ákvæði samnings þessa skulu framkvæmd með þeim hætti að forðast sé að hindra efnahagslega eða tæknilega þróun meðal aðildarríkja og alþjóðlega samvinnu á sviði efnaiðnaðar í tilgangi sem ekki er bannaður samkvæmt samningi þessum, þar með talin alþjóðleg skipti á vísindalegum og tæknilegum upplýsingum og efnum og búnaði til framleiðslu, vinnslu og notkunar efna í tilgangi sem ekki er bannaður samkvæmt samningi þessum.

2. Í samræmi við ákvæði samnings þessa og að óskertum meginreglum og viðeigandi reglum þjóðaréttar skulu aðildarríkin:

a) eiga, hvert um sig eða sameiginlega, rétt á að stunda efnarannsóknir, þróa og framleiða efni, afla þeirra, hafa þau í vörslu sinni, afhenda þau og nota;

b) takast á hendur að greiða fyrir og eiga rétt á að taka þátt í eins miklum skiptum og framast er unnt á efnum, búnaði og vísindalegum og tæknilegum upplýsingum varðandi þróun og nýtingu efnafræði í tilgangi sem ekki er bannaður samkvæmt samningi þessum;

c) ekki hafa uppi sín í milli, þar með talið í alþjóðasamningum, neinar takmarkanir sem ekki samrýmast skuldbindingum samkvæmt samningi þessum og mundu takmarka eða hindra viðskipti og þróun og uppbyggingu vísindalegrar og tæknilegrar þekkingar á sviði efnafræði í þágu iðnaðar, landbúnaðar, rannsókna, lækninga eða lyfjagerðar, eða í öðrum friðsamlegum tilgangi;

d) ekki nýta samning þennan til að byggja á neinar aðrar ráðstafanir en kveðið er á um eða heimilaðar eru samkvæmt honum, né nýta sér nokkurn annan alþjóðasamning í tilgangi sem ekki samrýmist samningi þessum;

e) skuldbinda sig til að endurskoða gildandi reglugerðir sínar á sviði verslunar með efni til að samræma þær tilgangi og markmiðum samnings þessa.

the Executive Council informed of actions undertaken pursuant to this paragraph.

ARTICLE XI
ECONOMIC AND TECHNOLOGICAL DEVELOPMENT

1. The provisions of this Convention shall be implemented in a manner which avoids hampering the economic or technological development of States Parties, and international cooperation in the field of chemical activities for purposes not prohibited under this Convention including the international exchange of scientific and technical information and chemicals and equipment for the production, processing or use of chemicals for purposes not prohibited under this Convention.

2. Subject to the provisions of this Convention and without prejudice to the principles and applicable rules of international law, the States Parties shall:

(a) Have the right, individually or collectively, to conduct research with, to develop, produce, acquire, retain, transfer, and use chemicals;

(b) Undertake to facilitate, and have the right to participate in, the fullest possible exchange of chemicals, equipment and scientific and technical information relating to the development and application of chemistry for purposes not prohibited under this Convention;

(c) Not maintain among themselves any restrictions, including those in any international agreements, incompatible with the obligations undertaken under this Convention, which would restrict or impede trade and the development and promotion of scientific and technological knowledge in the field of chemistry for industrial, agricultural, research, medical, pharmaceutical or other peaceful purposes;

(d) Not use this Convention as grounds for applying any measures other than those provided for, or permitted, under this Convention nor use any other international agreement for pursuing an objective inconsistent with this Convention;

(e) Undertake to review their existing national regulations in the field of trade in chemicals in order to render them consistent with the object and purpose of this Convention.

12. gr.
Ráðstafanir til að koma ástandi í rétt horf og tryggja efndir, þar með talin viðurlög.

1. Ráðstefnan skal eins og kveðið er á um í 2., 3. og 4. mgr. gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að samningur þessi sé efndur og færa í rétt horf og bæta úr hverju því ástandi sem stangast á við ákvæði hans. Við umfjöllun um aðgerðir samkvæmt þessari málsgrein skal ráðstefnan hafa hliðsjón af öllum upplýsingum og tillögum um þau álitaefni sem framkvæmdaráðið kann að leggja fyrir hana.

2. Hafi framkvæmdaráðið óskað þess við aðildarríki að það geri ráðstafanir til að koma í rétt horf ástandi er hefur í för með sér að uggvænt þykir um efndir þess, og hafi aðildarríkið ekki sinnt beiðninni innan tilgreinds frests, getur ráðstefnan, að tillögu framkvæmdaráðsins, meðal annars takmarkað réttindi aðildarríkisins og fríðindi samkvæmt samningi þessum eða fellt þau niður um tíma uns það grípur til nauðsynlegra aðgerða til að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum.

3. Ef um er að ræða að starfsemi sem bönnuð er samkvæmt samningi þessum, sérstaklega 1. gr., geti valdið alvarlegu tjóni hvað snertir tilgang og markmið samnings þessa getur ráðstefnan lagt til við aðildarríki að gripið verði til sameiginlegra aðgerða samkvæmt þjóðarétti.

4. Í sérstaklega alvarlegum tilvikum skal ráðstefnan vekja athygli allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna og öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna á málinu og skýra um leið frá viðeigandi upplýsingum og niðurstöðum.

13. gr.
Tengsl við aðra alþjóðasamninga.

Ekkert í samningi þessum skal túlka þannig að það takmarki á nokkurn hátt eða dragi úr skuldbindingum nokkurs ríkis samkvæmt samningi um bann við notkun eiturefna, gass og sýkla í hernaði sem undirritaður var í Genf 17. júní 1925 og samningi um bann við þróun, framleiðslu og söfnun sýkla- og eiturvopna og um eyðingu þeirra sem undirritaður var í London, Moskvu og Washington 10. apríl 1972.

ARTICLE XII
MEASURES TO REDRESS A SITUATION AND TO ENSURE COMPLIANCE, INCLUDING SANCTIONS

1. The Conference shall take the necessary measures, as set forth in paragraphs 2, 3 and 4, to ensure compliance with this Convention and to redress and remedy any situation which contravenes the provisions of this Convention. In considering action pursuant to this paragraph, the Conference shall take into account all information and recommendations on the issues submitted by the Executive Council.

2. In cases where a State Party has been requested by the Executive Council to take measures to redress a situation raising problems with regard to its compliance, and where the State Party fails to fulfil the request within the specified time, the Conference may, inter alia, upon the recommendation of the Executive Council, restrict or suspend the State Party's rights and privileges under this Convention until it undertakes the necessary action to conform with its obligations under this Convention.

3. In cases where serious damage to the object and purpose of this Convention may result from activities prohibited under this Convention, in particular by Article I, the Conference may recommend collective measures to States Parties in conformity with international law.

4. The Conference shall, in cases of particular gravity, bring the issue, including relevant information and conclusions, to the attention of the United Nations General Assembly and the United Nations Security Council.

ARTICLE XIII
RELATION TO OTHER INTERNATIONAL AGREEMENTS

Nothing in this Convention shall be interpreted as in any way limiting or detracting from the obligations assumed by any State under the Protocol for the Prohibition of the Use in War of Asphyxiating, Poisonous or Other Gases, and of Bacteriological Methods of Warfare, signed at Geneva on 17 June 1925, and under the Convention on the Prohibition of the Development, Production and Stockpiling of Bacteriological (Biological) and Toxin Weapons and on Their Destruction, signed at London, Moscow and Washington on 10 April 1972.

14. gr.
Lausn deilumála.

1. Deilumál, sem upp kunna að koma varðandi túlkun eða framkvæmd samnings þessa, skal leysa samkvæmt viðeigandi ákvæðum samnings þessa og í samræmi við ákvæði sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

2. Komi upp deila milli tveggja eða fleiri aðildarríkja, eða milli eins eða fleiri aðildarríkja og stofnunarinnar, varðandi túlkun eða framkvæmd samnings þessa skulu deiluaðilar ræðast við í því skyni að ná fram skjótri lausn með samningum eða á annan friðsamlegan hátt að þeirra vali, þar á meðal með því að leita til viðeigandi stofnana samnings þessa eða vísa málinu með samþykki beggja deiluaðila til Alþjóðadómstólsins í samræmi við samþykktir hans. Viðkomandi aðildarríki skulu skýra framkvæmdaráðinu frá aðgerðum sínum.

3. Framkvæmdaráðið getur stuðlað að lausn deilu á hvern þann hátt sem það telur henta, svo sem með því að bjóða fram aðstoð sína, skora á aðildarríki sem deila að hefjast handa um lausn með þeim hætti sem þau kjósa og leggja til að þeirri meðferð sem samþykkt er sé lokið innan ákveðins frests.

4. Ráðstefnan skal fjalla um atriði varðandi deilur sem aðildarríki vekja máls á eða framkvæmdaráðið vekur athygli hennar á. Skal ráðstefnan, eins og henni þykir þurfa, koma á fót undirstofnunum eða fela undirstofnunum verkefni sem varða lausn þessara deilumála í samræmi við f-lið 21. mgr. 8. gr.

5. Ráðstefnunni og framkvæmdaráðinu er hvoru um sig rétt, að fenginni heimild allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna, að óska ráðgefandi álits Alþjóðadómstólsins um sérhvert lagalegt álitaefni sem upp kemur innan starfssviðs stofnunarinnar. Í þessu skyni skal gera samning milli stofnunarinnar og Sameinuðu þjóðanna, í samræmi við a-lið 34. mgr. 8. gr.

6. Grein þessi skerðir í engu ákvæði 9. gr. eða ákvæðin um ráðstafanir til að koma ástandi í rétt horf og tryggja efndir, þar með talin viðurlög.

ARTICLE XIV
SETTLEMENT OF DISPUTES

1. Disputes that may arise concerning the application or the interpretation of this Convention shall be settled in accordance with the relevant provisions of this Convention and in conformity with the provisions of the Charter of the United Nations.

2. When a dispute arises between two or more States Parties, or between one or more States Parties and the Organization, relating to the interpretation or application of this Convention, the parties concerned shall consult together with a view to the expeditious settlement of the dispute by negotiation or by other peaceful means of the parties' choice, including recourse to appropriate organs of this Convention and, by mutual consent, referral to the International Court of Justice in conformity with the Statute of the Court. The States Parties involved shall keep the Executive Council informed of actions being taken.

3. The Executive Council may contribute to the settlement of a dispute by whatever means it deems appropriate, including offering its good offices, calling upon the States Parties to a dispute to start the settlement process of their choice and recommending a time-limit for any agreed procedure.

4. The Conference shall consider questions related to disputes raised by States Parties or brought to its attention by the Executive Council. The Conference shall, as it finds necessary, establish or entrust organs with tasks related to the settlement of these disputes in conformity with Article VIII, paragraph 21 (f).

5. The Conference and the Executive Council are separately empowered, subject to authorization from the General Assembly of the United Nations, to request the International Court of Justice to give an advisory opinion on any legal question arising within the scope of the activities of the Organization. An agreement between the Organization and the United Nations shall be concluded for this purpose in accordance with Article VIII, paragraph 34 (a).

6. This Article is without prejudice to Article IX or to the provisions on measures to redress a situation and to ensure compliance, including sanctions.

15. gr.
Breytingar.

1. Sérhvert aðildarríki getur lagt til breytingar á samningi þessum. Skv. 4. mgr. getur sérhvert aðildarríki einnig lagt til breytingar á viðaukum við samning þennan. Með breytingartillögur skal farið eins og kveðið er á um í 2. og 3. mgr. Með breytingartillögur skv. 4. mgr. skal farið eins og kveðið er á um í 5. mgr.

2. Texta breytingartillögu skal leggja fyrir framkvæmdastjórann sem framsendir hana öllum aðildarríkjum og vörsluaðila. Breytingartillagan skal aðeins sæta umfjöllun breytingarráðstefnu. Kveðja skal saman slíka breytingarráðstefnu ef þriðjungur aðildarríkja eða fleiri tilkynna framkvæmdastjóranum eigi síðar en 30 dögum eftir framsendingu tillögunnar að þau séu hlynnt frekari umfjöllun um hana. Breytingarráðstefnuna skal halda í beinu framhaldi af reglulegum fundi ráðstefnunnar, nema þau aðildarríki sem hennar óska vilji halda hana fyrr. Breytingarráðstefnan skal aldrei haldin fyrr en 60 dögum eftir framsendingu breytingartillögunnar.

3. Breytingar skulu öðlast gildi að því er öll aðildarríki varðar 30 dögum eftir að öll þau aðildarríki sem í b-lið hér að aftan greinir hafa afhent skjal sitt um fullgildingu eða staðfestingu til vörslu:

a) ef þær hafa verið samþykktar af breytingarráðstefnunni með atkvæðum meiri hluta allra aðildarríkja og án þess að nokkurt aðildarríki greiði synjunaratkvæði; og

b) ef þær hafa verið fullgiltar eða staðfestar af öllum aðildarríkjum sem greiða stuðningsatkvæði á breytingarráðstefnunni.

4. Til að tryggja að samningur þessi standi og hafi tilætluð áhrif skulu ákvæði í viðaukunum taka breytingum í samræmi við 5. mgr. ef þær breytingar sem til eru lagðar varða aðeins stjórnunarleg eða tæknileg atriði. Allar breytingar á viðaukanum um efni skulu gerðar í samræmi við 5. mgr. Kaflar A og C í viðaukanum um trúnað, X. hluti viðaukans um sannprófanir og skilgreiningar þær í I. hluta viðaukans um sannprófanir, sem aðeins lúta að vefengingarkönnunum, skulu ekki taka breytingum í samræmi við 5. mgr.

5. Með breytingartillögur skv. 4. mgr. skal farið eins og hér segir:

ARTICLE XV
AMENDMENTS

1. Any State Party may propose amendments to this Convention. Any State Party may also propose changes, as specified in paragraph 4, to the Annexes of this Convention. Proposals for amendments shall be subject to the procedures in paragraphs 2 and 3. Proposals for changes, as specified in paragraph 4, shall be subject to the procedures in paragraph 5.

2. The text of a proposed amendment shall be submitted to the Director-General for circulation to all States Parties and to the Depositary. The proposed amendment shall be considered only by an Amendment Conference. Such an Amendment Conference shall be convened if one third or more of the States Parties notify the Director-General not later than 30 days after its circulation that they support further consideration of the proposal. The Amendment Conference shall be held immediately following a regular session of the Conference unless the requesting States Parties ask for an earlier meeting. In no case shall an Amendment Conference be held less than 60 days after the circulation of the proposed amendment.

3. Amendments shall enter into force for all States Parties 30 days after deposit of the instruments of ratification or acceptance by all the States Parties referred to under subparagraph (b) below:

(a) When adopted by the Amendment Conference by a positive vote of a majority of all States Parties with no State Party casting a negative vote; and

(b) Ratified or accepted by all those States Parties casting a positive vote at the Amendment Conference.

4. In order to ensure the viability and the effectiveness of this Convention, provisions in the Annexes shall be subject to changes in accordance with paragraph 5, if proposed changes are related only to matters of an administrative or technical nature. All changes to the Annex on Chemicals shall be made in accordance with paragraph 5. Sections A and C of the Confidentiality Annex, Part X of the Verification Annex, and those definitions in Part I of the Verification Annex which relate exclusively to challenge inspections, shall not be subject to changes in accordance with paragraph 5.

5. Proposed changes referred to in paragraph 4 shall be made in accordance with the following procedures:

a) texti breytingartillögunnar skal sendur framkvæmdastjóranum ásamt nauðsynlegum upplýsingum. Hvaða aðildarríki sem er og framkvæmdastjórinn geta veitt viðbótarupplýsingar til mats á tillögunni. Framkvæmdastjórinn skal tafarlaust senda tillöguna og upplýsingarnar öllum aðildarríkjum, framkvæmdaráðinu og vörsluaðilanum;

b) eigi síðar en 60 dögum eftir móttöku skal framkvæmdastjórinn meta tillöguna til þess að skilgreina allar hugsanlegar afleiðingar hennar fyrir ákvæði samnings þessa og framkvæmd hans, og senda allar upplýsingar þar að lútandi til allra aðildarríkja og framkvæmdaráðsins;

c) framkvæmdaráðið skal athuga tillöguna í ljósi allra fáanlegra upplýsinga, þar með talið hvort tillagan fullnægi skilyrðum 4. mgr. Eigi síðar en 90 dögum eftir móttöku hennar skal framkvæmdaráðið kynna öllum aðildarríkjum með hverju það mælir, ásamt viðeigandi skýringum, þeim til athugunar. Skulu aðildarríki viðurkenna móttöku innan 10 daga;

d) ef framkvæmdaráðið mælir með því við öll aðildarríki að tillagan verði samþykkt skal litið svo á að hún sé samþykkt ef ekkert aðildarríki mótmælir henni innan 90 daga frá móttöku meðmælanna. Mæli framkvæmdaráðið með því að tillögunni sé hafnað skal litið svo á að henni sé hafnað ef ekkert aðildarríki mótmælir því innan 90 daga frá móttöku meðmælanna;

e) hljóti meðmæli framkvæmdaráðsins ekki það samþykki sem d-liður áskilur skal ráðstefnan á næsta fundi sínum taka ákvörðun um tillöguna, þar með talið hvort hún fullnægi skilyrðum 4. mgr., eins og um efnisatriði væri að ræða;

f) framkvæmdastjórinn skal tilkynna öllum aðildarríkjum og vörsluaðila um sérhverja ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein;

g) breytingar sem samþykktar eru á þennan hátt öðlast gildi að því er öll aðildarríki varðar 180 dögum eftir að framkvæmdastjórinn tilkynnir um samþykki þeirra, nema framkvæmdaráðið mæli með öðrum fresti eða ráðstefnan ákveði hann.

(a) The text of the proposed changes shall be transmitted together with the necessary information to the Director-General. Additional information for the evaluation of the proposal may be provided by any State Party and the Director-General. The Director-General shall promptly communicate any such proposals and information to all States Parties, the Executive Council and the Depositary;

(b) Not later than 60 days after its receipt, the Director-General shall evaluate the proposal to determine all its possible consequences for the provisions of this Convention and its implementation and shall communicate any such information to all States Parties and the Executive Council;

(c) The Executive Council shall examine the proposal in the light of all information available to it, including whether the proposal fulfils the requirements of paragraph 4. Not later than 90 days after its receipt, the Executive Council shall notify its recommendation, with appropriate explanations, to all States Parties for consideration. States Parties shall acknowledge receipt within 10 days;

(d) If the Executive Council recommends to all States Parties that the proposal be adopted, it shall be considered approved if no State Party objects to it within 90 days after receipt of the recommendation. If the Executive Council recommends that the proposal be rejected, it shall be considered rejected if no State Party objects to the rejection within 90 days after receipt of the recommendation;

(e) If a recommendation of the Executive Council does not meet with the acceptance required under subparagraph (d), a decision on the proposal, including whether it fulfils the requirements of paragraph 4, shall be taken as a matter of substance by the Conference at its next session;

(f) The Director-General shall notify all States Parties and the Depositary of any decision under this paragraph;

(g) Changes approved under this procedure shall enter into force for all States Parties 180 days after the date of notification by the Director-General of their approval unless another time period is recommended by the Executive Council or decided by the Conference.

16. gr.
Gildistími og úrsögn.

1. Samningur þessi gildir ótímabundið.

2. Sérhvert aðildarríki getur í krafti fullveldisréttar síns sagt upp samningi þessum ef það telur að óvenjulegir atburðir, sem varða efni samningsins, stefni í hættu mikilvægustu hagsmunum sínum. Skal það tilkynna öllum öðrum aðildarríkjum, framkvæmdaráðinu, vörsluaðila og öryggisráði Sameinuðu þjóðanna slíka úrsögn með 90 daga fyrirvara. Í slíkri tilkynningu skal greina frá þeim óvenjulegu atburðum sem það telur hafa stefnt í hættu mikilvægustu hagsmunum sínum.

3. Þótt aðildarríki segi sig frá samningi þessum hefur það engin áhrif á skyldur ríkja til að standa áfram við skuldbindingar sínar samkvæmt viðeigandi reglum þjóðaréttar, einkum Genfarsamningnum frá 1925.

ARTICLE XVI
DURATION AND WITHDRAWAL

1. This Convention shall be of unlimited duration.

2. Each State Party shall, in exercising its national sovereignty, have the right to withdraw from this Convention if it decides that extraordinary events, related to the subject-matter of this Convention, have jeopardized the supreme interests of its country. It shall give notice of such withdrawal 90 days in advance to all other States Parties, the Executive Council, the Depositary and the United Nations Security Council. Such notice shall include a statement of the extraordinary events it regards as having jeopardized its supreme interests.

3. The withdrawal of a State Party from this Convention shall not in any way affect the duty of States to continue fulfilling the obligations assumed under any relevant rules of international law, particularly the Geneva Protocol of 1925.

17. gr.
Staða viðaukanna.

Viðaukarnir eru óaðskiljanlegur hluti samnings þessa. Sérhver tilvísun til samnings þessa nær einnig til viðaukanna.

ARTICLE XVII
STATUS OF THE ANNEXES

The Annexes form an integral part of this Convention. Any reference to this Convention includes the Annexes.

18. gr.
Undirritun.

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja áður en hann öðlast gildi.

ARTICLE XVIII
SIGNATURE

This Convention shall be open for signature for all States before its entry into force.

19. gr.
Fullgilding.

Samningur þessi er háður fullgildingu undirritunarríkja í samræmi við stjórnskipunarreglur hvers þeirra um sig.

ARTICLE XIX
RATIFICATION

This Convention shall be subject to ratification by States Signatories according to their respective constitutional processes.

20. gr.
Aðild.

Hvert það ríki, sem ekki undirritar samning þennan áður en hann öðlast gildi, getur hvenær sem er síðar gerst aðili að honum.

ARTICLE XX
ACCESSION

Any State which does not sign this Convention before its entry into force may accede to it at any time thereafter.

21. gr.
Gildistaka.

1. Samningur þessi öðlast gildi 180 dögum eftir að 65. fullgildingarskjalið hefur verið afhent til vörslu, en þó eigi fyrr en tvö ár eru liðin frá því að hann er lagður fram til undirritunar.

ARTICLE XXI
ENTRY INTO FORCE

1. This Convention shall enter into force 180 days after the date of the deposit of the 65th instrument of ratification, but in no case earlier than two years after its opening for signature.

2. Að því er ríki varðar, sem leggja fram skjöl sín um fullgildingu eða aðild eftir að samningur þessi hefur öðlast gildi, skal hann öðlast gildi á 30. degi eftir að skjöl þeirra um fullgildingu eða aðild hafa verið afhent til vörslu.

22. gr.
Fyrirvarar.

Ekki má gera fyrirvara við greinar samnings þessa. Ekki má gera fyrirvara við viðauka samnings þessa sem ekki samrýmast tilgangi hans og markmiði.

23. gr.
Vörsluaðili.

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna er hér með tilnefndur vörsluaðili samnings þessa og skal hann meðal annars:

a) skýra öllum undirritunarríkum og ríkjum sem gerast aðilar þegar í stað frá dagsetningu sérhverrar undirritunar, afhendingardegi sérhvers skjals um fullgildingu eða aðild og frá gildistökudegi samnings þessa, svo og frá öðrum mótteknum tilkynningum;

b) senda staðfest eintök samnings þessa ríkisstjórnum allra undirritunarríkja og ríkja sem gerast aðilar; og

c) skrá samning þennan skv. 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

24. gr.
Gildir textar.

Samningur þessi, en arabískur, enskur, franskur, kínverskur, rússneskur og spænskur texti hans eru jafngildir, skal afhentur aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

Þessu til staðfestingar hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í París hinn 13. janúar 1993.

2. For States whose instruments of ratification or accession are deposited subsequent to the entry into force of this Convention, it shall enter into force on the 30th day following the date of deposit of their instrument of ratification or accession.

ARTICLE XXII
RESERVATIONS

The Articles of this Convention shall not be subject to reservations. The Annexes of this Convention shall not be subject to reservations incompatible with its object and purpose.

ARTICLE XXIII
DEPOSITARY

The Secretary-General of the United Nations is hereby designated as the Depositary of this Convention and shall, inter alia:

(a) Promptly inform all signatory and acceding States of the date of each signature, the date of deposit of each instrument of ratification or accession and the date of the entry into force of this Convention, and of the receipt of other notices;

(b) Transmit duly certified copies of this Convention to the Governments of all signatory and acceding States; and

(c) Register this Convention pursuant to Article 102 of the Charter of the United Nations.

ARTICLE XXIV
AUTHENTIC TEXTS

This Convention, of which the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorized to that effect, have signed this Convention.

Done at Paris on the thirteenth day of January, one thousand nine hundred and ninety-three.

STJÓRNARTÍÐINDI C 2 – 1997

12. maí 1997 169 Nr. 13

AUGLÝSING

um samning við Færeyjar um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 1997.

Hinn 16. og 17. janúar 1997 var með orðsendingaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn gengið frá samningi milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 1997. Samningurinn öðlaðist gildi til bráðabirgða 17. janúar 1997. Með ályktun 7. maí 1997 heimilaði Alþingi ríkisstjórninni að staðfesta samninginn.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 12. maí 1997.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli Íslands og Færeyja
um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 1997.

a. Bréf utanríkisráðherra Íslands til lögmanns Færeyja.

Reykjavík, 16. janúar 1997
Hr. lögmaður
Edmund Joensen
Föroya Landsstýri
Torshavn

Herra lögmaður

Ég leyfi mér að vísa til samtala á milli íslenskra og færeyskra stjórnvalda um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 1997.

Mér skilst að samkomulag hafi orðið um eftirfarandi samning:

„Samningur
milli Íslands og Færeyja
um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 1997.

1. gr.

Færeyskum nótaskipum er heimilt að veiða allt að 30 þúsund lestir af loðnu innan efnahagslögsögu Íslands á tímabilinu janúar til apríl 1997. Takist ekki að veiða þetta magn geta færeysk nótaskip veitt það sem á vantar á tímabilinu júlí til desember 1997.

Heimilt er að landa aflanum til vinnslu á Íslandi. Óheimilt er að vinna eða frysta afla sem veiddur er á fyrra tímabilinu um borð og utan Íslands er einungis heimilt að landa þeim afla til bræðslu.

2. gr.

Færeyskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 1997. Að höfðu samráði við landsstjórn Færeyja geta íslensk stjórnvöld ákveðið að veiðarnar stundi aðeins tiltekinn fjöldi skipa samtímis.

3. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna innan fiskveiðilögsögu Færeyja á árinu 1997. Að höfðu samráði við íslensk stjórnvöld getur landsstjórn Færeyja ákveðið að veiðarnar stundi aðeins tiltekinn fjöldi skipa samtímis.

4. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á allt að 1.000 lestum af makríl innan fiskveiðilögsögu Færeyja á árinu 1997 og veiðar á allt að 2.000 lestum af síld úr síldarstofnum öðrum en þeim norsk-íslenska.

5. gr.

Færeysk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan íslenskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar íslenskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði.

Íslensk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan færeyskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar færeyskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði.

Skipum við kolmunnaveiðar er óheimilt að hafa um borð veiðarfæri sem nota má til botnfiskveiða.

6. gr.

Hvor aðili um sig skal tilkynna lista með þeim veiðiskipum sem hyggjast stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan lögsögu hins aðilans. Skip sem eru á listum þessum hafa ein rétt til veiða innan lögsögu þess aðila.

Áður en veiðar hefjast skal tilkynna viðkomandi yfirvöldum um nafn skips og veita aðrar upplýsingar er máli skipta.

Veiðiskip skal tilkynna um komu inn í lögsögu og staðarákvörðun og gefa upplýsingar um afla sem veiddur hefur verið fyrir komu inn í lögsöguna og síðan daglega tilkynna um staðarákvörðun og afla. Þegar farið er úr lögsögu skal tilkynna um áætlað aflamagn."

Ef þér staðfestið að ofangreint sé skilningur yðar leyfi ég mér að leggja til að samningur þessi taki gildi til bráðabirgða þegar svarbréf yðar þar um er dagsett og endanlega þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið endanlega fullnægt.

Halldór Ásgrímsson
utanríkisráðherra

b. Svarbréf varalögmanns Færeyja.

Tórshavn, 17. januar 1997
Uttanríkisráðharri
Halldór Ásgrímsson
Uttanríkisráðuneytið, Ísland

Eg loyvi mær at vátta bræv tygara í dag, sum ljóðar soleiðis:

„Eg loyvi mær at vísa til samráðingar millum íslendskar og føroyskar myndugleikar um fiskiveiðu í íslendskum og føroyskum sjógvi í 1997.

Eg havi skilt at semja er vorðin um fylgjandi:

„Semja
millum Ísland og Føroyar
um fiskiveiðu í íslendskum og føroyskum sjógvi í 1997.

1. gr.

Føroyskum nótaskipum er loyvt at veiða upp til 30 túsund tons av lodnu í íslendskum búskaparøki í tíðarskeiðinum frá januar til apríl 1997. Tann nøgd, sum ikki er veidd í nevnda tíðarskeiði, kunnu føroysk nótaskip veiða í tíðarskeiðinum juli til desember 1997.

Loyvt er at landa veiðuna til framleiðslu í Íslandi. Tað er ikki loyvt at framleiða ella frysta um borð tann partin av veiðuna, sum er veidd fyrra tíðarskeiðið og uttan fyri Ísland er bert loyvt at landa sama partin til ídnað.

2. gr.

Føroyskum skipum eru loyvt at veiða svartkjaft í íslendskum búskaparøki í 1997. Eftir samráðingar við landsstýrið í Føroyum kunnu íslendskir myndugleikar áseta mest loyvda skipatal, sum kunnu veiða samstundis á leiðini.

3. gr.

Íslendskum skipum er loyvt at veiða svartkjaft í føroyskum sjógvi í 1997. Eftir samráðingar við íslendskar myndugleikar kann Føroya landsstýri áseta mest loyvda skipatal, sum kunnu veiða samstundis á leiðini.

4. gr.

Íslendskum skipum er loyvt at veiða upp til 1.000 tons av makreli í føroyskum sjógvi í 1997 og at veiða upp til 2.000 tons av sild úr øðrum sildarstovni enn várgýtandi norðurhavssild.

5. gr.

Føroysk skip, sum veiða sambært hesi avtalu í íslendskum búskaparøki, skulu fylgja somu veiðireglum, sum galda fyri íslendsk skip um reiðskap og fiskileiðir.

Íslendsk skip, sum veiða sambært hesi avtalu í føroyskum sjógvi, skulu fylgja somu veiðireglum, sum galda fyri føroysk skip um reiðskap og fiskileiðir.

Skipum í veiði eftir svartkjafti er ikki loyvt at hava reiðskap til botnfiskveiðu um borð.

6. gr.

Partarnir skulu fráboða ein lista yvir tey fiskifør, sum ætla at veiða á økjunum hjá hvørjum øðrum. Bert tey fiskifør, sum eru á hesum lista, hava loyvi at veiða á økjunum.

Áðrenn fiskiskapurin byrjar skulu avvarðandi myndugleikar hava boð um navn á skipi saman við øðrum upplýsingum av týðningi.

Skipið skal boða frá, tá tað kemur á veiðiøkið, uppgeva knøttstøðu og veiðinøgd, sum er veidd, áðrenn komu á økið, og síðani uppgeva knøttstøðu og veiðu hvønn dag. Tá skip fer av veiðiøkinum skal mett veiða verða givin upp."

Um tygum staðfesta at tað, ið stendur omanfyri, er í samsvar við fatan tygara, loyvi eg mær at leggja afturat, at hetta fær gildi fyribils, tá bræv tygara hesum viðvíkjandi er dagsett, og endaliga tá boðað er frá, at stýrisskipanarligu krøvini hjá hvørjum landi eru uppfyllt."

Eg loyvi mær at staðfesta at tað, ið stendur omanfyri, er í samsvar við fatan Føroya Landsstýri og avtalan fær gildi fyribils í dag og endaliga, tá boðað er frá, at stýrisskipanarligu krøvini hjá hvørjum landi eru uppfylt.

Við mestu hávirðing
Eilif Samuelsen
varaløgmaður

AUGLÝSING

um Evrópusamning um samframleiðslu kvikmyndaverka.

Hinn 30. maí 1997 var Evrópusamningur um samframleiðslu kvikmyndaverka, sem gerður var í Strassborg 2. október 1992, undirritaður fyrir Íslands hönd án fyrirvara um fullgildingu. Samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar 1. september 1997.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 6. júní 1997.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Fylgiskjal.

EVRÓPUSAMNINGUR um samframleiðslu kvikmyndaverka.

Formáli.

Aðildarríki Evrópuráðsins og önnur ríki er aðild eiga að menningarsáttmála Evrópu, sem undirrita samning þennan,

hafa í huga að markmið Evrópuráðsins er að ná fram aukinni einingu meðal aðildarríkja þess, einkum í því skyni að standa vörð um og efla framgang þeirra hugsjóna og grundvallarreglna sem mynda sameiginlega arfleifð þeirra;

hafa í huga að sköpunar- og tjáningarfrelsi eru meginþættir þessara grundvallarreglna;

hafa í huga að verndun menningarlegrar fjölbreytni hinna ýmsu Evrópulanda er eitt af markmiðum menningarsáttmála Evrópu;

hafa í huga að samframleiðslu kvikmyndaverka, sem er tæki til sköpunar og tjáningar á menningarlegri fjölbreytni á Evrópuvísu, beri að efla;

eru staðráðin í því að þróa þessar grundvallarreglur og minna á ályktanir ráðherranefndarinnar um gerð kvikmynda og hljóðmyndefnis, og einkum og sér í lagi tilmæli nr. R (86) 3 um eflingu framleiðslu hljóðmyndefnis í Evrópu;

viðurkenna að stofnun Evrópusjóðs til stuðnings samframleiðslu og dreifingu á skapandi kvikmynda- og hljóðmyndverkum, Eurimages, mætir þörfinni á því að hvetja til samframleiðslu á sviði evrópskrar kvikmyndagerðar og að nýjum krafti hafi þannig verið veitt í þróun samframleiðslu kvikmynda í Evrópu;

EUROPEAN CONVENTION on Cinematographic Co-production

Preamble

The member States of the Council of Europe and the other States party to the European Cultural Convention, signatory hereto,

Considering that the aim of the Council of Europe is to achieve a greater unity between its members in order, in particular, to safeguard and promote the ideals and principles which form their common heritage;

Considering that freedom of creation and freedom of expression constitute fundamental elements of these principles;

Considering that the defence of cultural diversity of the various European countries is one of the aims of the European Cultural Convention;

Considering that cinematographic co-production, an instrument of creation and expression of cultural diversity on a European scale, should be reinforced;

Determined to develop these principles and recalling the recommendations of the Committee of Ministers on the cinema and the audiovisual field, and particularly Recommendation No. R (86) 3 on the promotion of audiovisual production in Europe;

Acknowledging that the creation of the European Fund for the Support of Co-production and Distribution of Creative Cinematographic and Audiovisual Works, Eurimages, meets the concern encouraging European cinematographic co-production and that a new driving force has thus been given to the development of cinematographic co-productions in Europe;

eru staðráðin í að ná þessu markmiði á sviði menningarmála með sameiginlegu átaki til þess að auka framleiðslu og skilgreina þær reglur sem varða fjölþjóðlega samframleiðslu kvikmyndaverka í heild sinni í Evrópu;

hafa í huga að samþykkt sameiginlegra reglna hefur áhrif í þá átt að draga úr hömlum og stuðla að evrópskri samvinnu á sviði samframleiðslu kvikmyndaverka,

hafa samþykkt eftirfarandi:

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið samningsins.

Aðilar samnings þessa skuldbinda sig til þess að efla þróun samframleiðslu kvikmyndaverka í Evrópu í samræmi við eftirfarandi ákvæði.

2. gr.
Gildissvið.

1. Samningur þessi skal gilda um samskipti aðila á sviði fjölþjóðlegrar samframleiðslu sem á uppruna sinn á landsvæðum aðila.

2. Samningur þessi skal gilda:

a. um samframleiðslu þar sem í hlut eiga að minnsta kosti þrír samframleiðendur sem hafa staðfestu í ríkjum þriggja mismunandi aðila samnings þessa; og

b. um samframleiðslu þar sem í hlut eiga að minnsta kosti þrír samframleiðendur sem hafa staðfestu í ríkjum þriggja mismunandi aðila samnings þessa, ásamt einum eða fleiri samframleiðendum sem ekki hafa staðfestu í ríkjum þessara aðila. Heildarframlög samframleiðenda, sem ekki hafa staðfestu í ríkjum aðila samnings þessa, skulu þó aldrei fara yfir 30% af heildarkostnaði við framleiðsluna.

Í öllum tilvikum skal samningur þessi einungis gilda að uppfylltu því skilyrði að hið samframleidda verk falli undir skilgreiningu evrópsks kvikmyndaverks í 3. mgr. 3. gr. hér á eftir.

3. Ákvæði tvíhliða samninga milli aðila samnings þessa skulu áfram gilda um tvíhliða samframleiðslu.

Þegar um fjölþjóðlega samframleiðslu er að ræða skulu ákvæði samnings þessa ganga framar ákvæðum tvíhliða samninga milli aðila samningsins. Ákvæði er varða tvíhliða samframleiðslu skulu vera áfram í gildi, enda gangi þau ekki gegn ákvæðum samnings þessa.

Resolved to achieve this cultural objective thanks to a common effort to increase production and define the rules which adapt themselves to European multilateral cinematographic co-productions as a whole;

Considering that the adoption of common rules tends to decrease restrictions and encourage European co-operation in the field of cinematographic co-production,

Have agreed as follows:

Chapter I
General provisions

Article 1
Aim of the Convention

The Parties to this Convention undertake to promote the development of European cinematographic co-production in accordance with the following provisions.

Article 2
Scope

1. This Convention shall govern relations between the Parties in the field of multilateral co-productions originating in the territory of the Parties.

2. This Convention shall apply:

a. to co-productions involving at least three co-producers, established in three different Parties to the Convention; and

b. to co-productions involving at least three co-producers established in three different Parties to the Convention and one or more co-producers who are not established in such Parties. The total contribution of the co-producers who are not established in the Parties to the Convention may not, however, exceed 30% of the total cost of the production.

In all cases, this Convention shall only apply on condition that the co-produced work meets the definition of a European cinematographic work as defined in Article 3, paragraph 3, below.

3. The provisions of bilateral agreements concluded between the Parties to this Convention shall continue to apply to bilateral co-productions.

In the case of multilateral co-productions, the provisions of this Convention shall override those of bilateral agreements between Parties to the Convention. The provisions concerning bilateral co-productions shall remain in force if they do not contravene the provisions of this Convention.

4. Ef ekki er fyrir hendi samningur um tvíhliða samframleiðslu milli tveggja aðila samnings þessa skal samningurinn einnig gilda um tvíhliða samframleiðslu, nema annar hvor hlutaðeigandi aðila hafi gert fyrirvara skv. 20. gr.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í samningi þessum merkir:

a. hugtakið „kvikmyndaverk" verk af hvaða lengd sem er og á hvaða miðli sem er, einkum skáldleg kvikmyndaverk, teiknimyndir og heimildarmyndir, sem samrýmast þeim ákvæðum er gilda um kvikmyndaiðnaðinn hjá hverjum aðila og ætluð eru til sýningar í kvikmyndahúsum;

b. hugtakið „samframleiðendur" kvikmyndagerðarfyrirtæki eða framleiðendur sem hafa staðfestu í ríkjum aðila samnings þessa og bundnir eru samningi um samframleiðslu;

c. hugtakið „evrópskt kvikmyndaverk" kvikmyndaverk sem fullnægir skilyrðum sem sett eru í II. viðauka sem er óaðskiljanlegur hluti samnings þessa;

d. hugtakið „fjölþjóðleg samframleiðsla" kvikmyndaverk sem framleitt er af að minnsta kosti þremur samframleiðendum eins og þeir eru skilgreindir í 2. mgr. 2. gr. hér að framan.

II. KAFLI
Reglur sem gilda um samframleiðslu.

4. gr.
Aðlögun að innlendri kvikmyndagerð.

1. Evrópsk kvikmyndaverk, sem unnin eru í fjölþjóðlegri samframleiðslu og heyra undir samning þennan, skulu eiga kost á þeim stuðningi sem veittur er innlendum kvikmyndum samkvæmt ákvæðum gildandi laga og reglugerða hjá sérhverjum aðila samnings þessa sem tekur þátt í viðkomandi samframleiðslu.

2. Stuðningurinn skal veittur sérhverjum samframleiðanda af þeim aðila þar sem samframleiðandinn hefur staðfestu með þeim skilyrðum og takmörkunum sem kveðið er á um í gildandi lögum og reglugerðum hjá hlutaðeigandi aðila og í samræmi við ákvæði samnings þessa.

5. gr.
Skilyrði til að öðlast stöðu samframleiðslu.

1. Sérhver samframleiðsla kvikmyndaverks skal háð samþykki þar til bærra stjórnvalda aðila þar sem samframleiðendurnir hafa staðfestu, að höfðu samráði milli þar til bærra stjórnvalda og

4. In the absence of any agreement governing bilateral co-production relations between two Parties to this Convention, the Convention shall also apply to bilateral co-productions, unless a reservation has been made by one of the Parties involved under the terms of Article 20.

Article 3
Definitions

For the purposes of this Convention:

a. the term "cinematographic work" shall mean a work of any length or medium, in particular cinematographic works of fiction, cartoons and documentaries, which complies with the provisions governing the film industry in force in each of the Parties concerned and is intended to be shown in cinemas;

b. the term "co-producers" shall mean cinematographic production companies or producers established in the Parties to this Convention and bound by a co-production contract;

c. the term "European cinematographic work" shall mean a cinematographic work which meets the conditions laid down in Appendix II, which is an integral part of this Convention;

d. the term "multilateral co-production" shall mean a cinematographic work produced by at least three co-producers as defined in Article 2, paragraph 2, above.

Chapter II
Rules applicable to co-productions

Article 4
Assimilation to national films

1. European cinematographic works made as multilateral co-productions and falling within the scope of this Convention shall be entitled to the benefits granted to national films by the legislative and regulatory provisions in force in each of the Parties to this Convention participating in the co-production concerned.

2. The benefits shall be granted to each co-producer by the Party in which the co-producer is established, under the conditions and limits provided for by the legislative and regulatory provisions in force in that Party and in accordance with the provisions of this Convention.

Article 5
Conditions for obtaining co-production status

1. Any co-production of cinematographic works shall be subject to the approval of the competent authorities of the Parties in which the co-producers are established, after consultation

í samræmi við þá málsmeðferð sem tilgreind er í I. viðauka. Sá viðauki telst óaðskiljanlegur hluti samnings þessa.

2. Umsóknir um stöðu samframleiðslu skulu lagðar fyrir þar til bært stjórnvald til samþykkis í samræmi við umsóknarreglur sem settar eru fram í I. viðauka. Samþykkið er endanlegt, nema ekki sé staðið við upphaflegar skuldbindingar varðandi listræn, fjárhagsleg og tæknileg atriði.

3. Verkefni, sem eru bersýnilega klámefni eða sem hvetja til ofbeldis eða sem á opinskáan hátt lítilsvirða mannlega virðingu, geta ekki hlotið stöðu samframleiðslu.

4. Stuðningur, sem hlýst af stöðu samframleiðslu, skal veittur samframleiðendum sem teljast hafa yfir að ráða fullnægjandi tækni og fjármagni og nægjanlegri faglegri hæfni.

5. Sérhvert samningsríki skal tilnefna þar til bært stjórnvald, sem getið er um í 2. mgr. hér að framan, með yfirlýsingu sem gefin er við undirritun samningsins eða við afhendingu skjals um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu. Yfirlýsingunni má breyta hvenær sem er síðar.

6. gr.
Hlutdeild hvers samframleiðanda.

1. Þegar um er að ræða fjölþjóðlega samframleiðslu skal lágmarksframlag ekki vera minna en 10% og hámarksframlag ekki meira en 70% af heildarframleiðslukostnaði kvikmyndaverksins. Ef lágmarksframlagið er minna en 20% getur hlutaðeigandi aðili gert ráðstafanir til þess að takmarka eða hefta aðgang að stuðningskerfum innlendrar framleiðslu.

2. Þegar samningur þessi kemur í stað tvíhliða samnings milli tveggja aðila samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 2. gr. skal lágmarksframlag ekki vera minna en 20% og mesta framlagið má ekki nema meira en 80% af heildarframleiðslukostnaði kvikmyndaverksins.

7. gr.
Réttur samframleiðenda.

1. Samframleiðslusamningurinn skal tryggja sérhverjum samframleiðanda sameiginlegan eignarrétt á frumnegatífu með mynd og hljóði. Samningurinn skal hafa að geyma ákvæði þess efnis að negatífan skuli varðveitt á stað sem

between the competent authorities and in accordance with the procedures laid down in Appendix I. This appendix shall form an integral part of this Convention.

2. Applications for co-production status shall be submitted for approval to the competent authorities according to the application procedure laid down in Appendix I. This approval shall be final except in the case of failure to comply with the initial undertakings concerning artistic, financial and technical matters.

3. Projects of a blatantly pornographic nature or those that advocate violence or openly offend human dignity cannot be accorded co-production status.

4. The benefits provided by co-production status shall be granted to co-producers who are deemed to possess adequate technical and financial means, and sufficient professional qualifications.

5. Each Contracting State shall designate the competent authorities mentioned in paragraph 2 above by means of a declaration made at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession. This declaration may be modified at any later date.

Article 6
Proportions of contributions from each co-producer

1. In the case of multilateral co-production, the minimum contribution may not be less than 10% and the maximum contribution may not exceed 70% of the total production cost of the cinematographic work. When the minimum contribution is less than 20%, the Party concerned may take steps to reduce or bar access to national production support schemes.

2. When this Convention takes the place of a bilateral agreement between two Parties under the provisions of Article 2, paragraph 4, the minimum contribution may not be less than 20% and the largest contribution may not exceed 80% of the total production cost of the cinematographic work.

Article 7
Rights of co-producers

1. The co-production contract must guarantee to each co-producer joint ownership of the original picture and sound negative. The contract shall include the provision that this negative shall be kept in a place mutually agreed by the

samframleiðendurnir koma sér saman um og skal tryggja þeim frjálsan aðgang að henni.

2. Samframleiðslusamningurinn skal einnig tryggja sérhverjum samframleiðanda rétt til millinegatífu eða hvers kyns annars fjölföldunarmiðils.

8. gr.

Tæknileg og listræn þátttaka.

1. Framlag hvers samframleiðanda skal m.a. fela í sér virka tæknilega og listræna þátttöku. Grundvallarreglan er sú, í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar aðila, að framlag samframleiðenda að því er varðar starfsfólk á sviði sköpunar, tækni og listar, leikendur og aðstöðu, skal vera í réttu hlutfalli við fjárfestingu þeirra.

2. Að teknu tilliti til alþjóðlegra skuldbindinga aðila og miðað við þarfir kvikmyndahandrits skulu tæknimenn og iðnaðarmenn, sem vinna við kvikmyndatöku, vera ríkisborgarar í þeim ríkjum sem eru þátttakendur í samframleiðslunni og eftirvinnsla skal að jafnaði fara fram í þessum ríkjum.

9. gr.

Fjárhagsleg samframleiðsla.

1. Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. og með fyrirvara um sérstök skilyrði og takmarkanir sem kveðið er á um í lögum og reglugerðum sem í gildi eru hjá aðilum má veita samframleiðslu stöðu samframleiðslu samkvæmt ákvæðum samnings þessa ef hún uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

a. hún felur í sér eitt eða fleiri minnihlutaframlög, sem aðeins mega vera fjárframlög, samkvæmt samframleiðslusamningnum, enda nemi framlag frá hverju landi hvorki minna en 10% né meira en 25% af framleiðslukostnaði;

b. hún felur í sér meirihlutaaðild samframleiðanda sem leggur til virkt tæknilegt og listrænt framlag og fullnægir þeim skilyrðum sem þarf til að kvikmyndin hljóti viðurkenningu sem innlend framleiðsla í landi hans;

c. hún stuðlar að því að efla evrópsk sérkenni; og

d. hún er skjalfest í samframleiðslusamningum er hafa að geyma ákvæði um skiptingu tekna.

2. Fjárhagsleg samframleiðsla getur aðeins hlotið stöðu samframleiðslu þegar þar til bær stjórnvöld hafa veitt samþykki sitt í hverju einstöku tilviki, þar sem einkum er tekið tillit til ákvæða 10. gr. hér á eftir.

co-producers, and shall guarantee them free access to it.

2. The co-production contract must also guarantee to each co-producer the right to an internegative or to any other medium of duplication.

Article 8

Technical and artistic participation

1. The contribution of each of the co-producers shall include effective technical and artistic participation. In principle, and in accordance with international obligations binding the Parties, the contribution of the co-producers relating to creative, technical and artistic personnel, cast and facilities, must be proportional to their investment.

2. Subject to the international obligations binding the Parties and to the demands of the screenplay, the technical and craft team involved in filming the work must be made up of nationals of the States which are partners in the co-production, and post-production shall normally be carried out in those States.

Article 9

Financial co-productions

1. Notwithstanding the provisions of Article 8, and subject to the specific conditions and limits laid down in the laws and regulations in force in the Parties, co-productions may be granted co-production status under the provisions of this Convention if they meet the following conditions:

a. include one or more minority contributions which may be financial only, in accordance with the co-production contract, provided that each national share is neither less than 10% nor more than 25% of the production costs;

b. include a majority co-producer who makes an effective technical and artistic contribution and satisfies the conditions for the cinematographic work to be recognised as a national work in his country;

c. help to promote a European identity; and

d. are embodied in co-production contracts which include provisions for the distribution of receipts.

2. Financial co-productions shall only qualify for co-production status once the competent authorities have given their approval in each individual case, in particular taking into account the provisions of Article 10 below.

10. gr.
Almennt jafnræði.

1. Almennt jafnræði skal ríkja í samskiptum aðila á sviði kvikmyndagerðar, bæði að því er varðar heildarupphæð fjárfestingar og listræna og tæknilega þátttöku í samframleiðslu kvikmyndaverka.

2. Aðili, sem á hæfilegu tímabili verður var við að á hann hafi hallast í samskiptum á sviði samframleiðslu við einn eða fleiri aðila, getur, í því skyni að viðhalda menningarlegri sérstöðu sinni, neitað að samþykkja síðari samframleiðslu þar til jafnræði hefur náðst að nýju í samskiptum hans á sviði kvikmyndagerðar við þann eða þá aðila.

Article 10
General balance

1. A general balance must be maintained in the cinematographic relations of the Parties, with regard both to the total amount invested and the artistic and technical participation in co-production cinematographic works.

2. A Party which, over a reasonable period, observes a deficit in its co-production relations with one or more other Parties may, with a view to maintaining its cultural identity, withhold its approval of a subsequent co-production until balanced cinematographic relations with that or those Parties have been restored.

11. gr.
Aðgengi og búseta.

Í samræmi við lög og reglugerðir og alþjóðlegar skuldbindingar sem í gildi eru skal sérhver aðili greiða fyrir aðgengi og búsetu á landsvæði sínu fyrir starfsfólk á sviði tækni og lista frá öðrum aðilum sem taka þátt í samframleiðslu, svo og veita því atvinnuleyfi. Með sama hætti skal sérhver aðili heimila tímabundinn innflutning og endurútflutning tækjabúnaðar sem nauðsynlegur er til að framleiða og dreifa kvikmyndaverkum er falla innan gildissviðs samnings þessa.

Article 11
Entry and residence

In accordance with the laws and regulations and international obligations in force, each Party shall facilitate entry and residence, as well as the granting of work permits in its territory, of technical and artistic personnel from other Parties participating in a co-production. Similarly, each Party shall permit the temporary import and re-export of equipment necessary to the production and distribution of cinematographic works falling within the scope of this Convention.

12. gr.
Landa getið sem standa að samframleiðslu.

1. Þeirra landa sem standa að samframleiðslu skal getið á viðurkenningarlista í samframleiddum kvikmyndaverkum.

2. Heiti þessarra landa skulu koma greinilega fram á viðurkenningarlistanum, svo og öllum auglýsingum og kynningum og þegar kvikmyndaverkin eru sýnd.

Article 12
Credits of co-producing countries

1. Co-producing countries shall be credited in co-produced cinematographic works.

2. The names of these countries shall be clearly mentioned in the credit titles, in all publicity and promotion material and when the cinematographic works are being shown.

13. gr.
Útflutningur.

Þegar samframleitt kvikmyndaverk er flutt út til lands þar sem innflutningur kvikmyndaverka er bundinn kvótum og einn aðili meðal samframleiðenda á ekki rétt á frjálsu aðgengi kvikmyndaverka sinna að innflutningslandinu skal:

a. kvikmyndaverkinu að jafnaði bætt við kvóta þess lands sem á meirihlutaaðild að verkinu;

b. ef um er að ræða kvikmyndaverk með jafnri þátttöku mismunandi landa, verkinu bætt við kvóta þess lands sem hefur mesta möguleika á að flytja út til innflutningslandsins;

Article 13
Export

When a co-produced cinematographic work is exported to a country where imports of cinematographic works are subject to quotas, and one of the co-producing Parties does not have the right of free entry for his cinematographic works to the importing country:

a. the cinematographic work shall normally be added to the quota of the country which has the majority participation;

b. in the case of a cinematographic work which comprises an equal participation from different countries, the cinematographic work shall be added to the quota of the country which has

c. ef ekki er unnt að beita ákvæðum a- og b-liða hér að framan, kvikmyndaverkinu bætt við kvóta þess aðila sem leggur til leikstjórann.

14. gr.
Tungumál.

Við veitingu stöðu samframleiðslu getur þar til bært stjórnvald aðila krafið þann samframleiðanda, sem hefur staðfestu í því landi, um lokaútgáfu kvikmyndaverksins á einu af tungumálum þess aðila.

15. gr.
Kvikmyndahátíðir.

Ákveði samframleiðendur ekki annað skulu samframleidd kvikmyndaverk sýnd á alþjóðlegum kvikmyndahátíðum af þeim aðila þar sem sá samframleiðandi, sem á meirihlutaaðild að verkinu, hefur staðfestu eða þeim aðila sem leggur til leikstjórann, ef um jafnt fjárframlag er að ræða.

III. KAFLI
Lokaákvæði.

16. gr.
Undirritun, fullgilding, staðfesting, samþykki.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar aðildarríkja Evrópuráðsins og annarra ríkja er aðild eiga að menningarmálasáttmála Evrópu, og geta þau lýst yfir samþykki sínu til að vera bundin með:

a. undirritun án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki; eða

b. undirritun með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, ásamt eftirfarandi fullgildingu, staðfestingu eða samþykki.

2. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu.

17. gr.
Gildistaka.

1. Samningurinn skal öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er fimm ríki, þar á meðal að minnsta kosti fjögur aðildarríki Evrópuráðsins, hafa lýst sig samþykk því að vera bundin af samningnum í samræmi við ákvæði 16. gr.

2. Að því er varðar sérhvert undirritunarríki, er lýsir sig síðar samþykkt því að vera bundið af samningi þessum, skal samningurinn öðlast

the best opportunities for exporting to the importing country;

c. when the provisions of sub-paragraphs a and b above cannot be applied, the cinematographic work shall be entered in the quota of the Party which provides the director.

Article 14
Languages

When according co-production status, the competent authority of a Party may demand from the co-producer established therein a final version of the cinematographic work in one of the languages of that Party.

Article 15
Festivals

Unless the co-producers decide otherwise, co-produced cinematographic works shall be shown at international festivals by the Party where the majority co-producer is established, or, in the case of equal financial participation, by the Party which provides the director.

Chapter III
Final provisions

Article 16
Signature, ratification, acceptance, approval

1. This Convention shall be open for signature by the member States of the Council of Europe and the other States party to the European Cultural Convention which may express their consent to be bound by:

a. signature without reservation as to ratification, acceptance or approval; or

b. signature subject to ratification, acceptance or approval, followed by ratification, acceptance or approval.

2. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

Article 17
Entry into force

1. The Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date on which five States, including at least four member States of the Council of Europe, have expressed their consent to be bound by the Convention in accordance with the provisions of Article 16.

2. In respect of any signatory State which subsequently expresses its consent to be bound by it, the Convention shall enter into force on the

gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá undirritunardegi eða afhendingu skjals um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki.

18. gr.
Aðild ríkja utan Evrópuráðsins.

1. Eftir að samningur þessi hefur öðlast gildi er ráðherranefnd Evrópuráðsins heimilt að bjóða sérhverju því Evrópuríki sem ekki á aðild að Evrópuráðinu, svo og Efnahagsbandalagi Evrópu, að gerast aðili að honum með ákvörðun sem tekin er með þeim meirihluta sem kveðið er á um í d-lið 20. gr. stofnskrár Evrópuráðsins og með samhljóða atkvæðum fulltrúa þeirra samningsríkja sem sæti eiga í ráðherranefndinni.

2. Að því er varðar sérhvert ríki sem gerist aðili eða Efnahagsbandalag Evrópu, ef það gerist aðili, skal samningurinn öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að þrír mánuðir eru liðnir frá því að aðildarskjal er afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu.

19. gr.
Ákvæði um landsvæði.

1. Sérhverju ríki er heimilt, við undirritun eða við afhendingu skjals um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild, að tilgreina það eða þau landsvæði sem samningur þessi skal taka til.

2. Sérhverjum aðila er heimilt síðar, með yfirlýsingu sem beint er til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, að láta samning þennan taka til hvaða annars landsvæðis sem tilgreint er í yfirlýsingunni. Að því er varðar slíkt landsvæði skal samningurinn öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að þrír mánuðir eru liðnir frá þeim degi er slík yfirlýsing berst aðalframkvæmdastjóra.

3. Sérhverja yfirlýsingu, sem gefin er samkvæmt undanfarandi tveimur málsgreinum, má afturkalla, að því er varðar hvert það landsvæði sem þar er tilgreint, með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra. Afturköllunin öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjóra berst slík tilkynning.

first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of signature or of the deposit of the instrument of ratification, acceptance or approval.

Article 18
Accession of non-member States

1. After the entry into force of this Convention, the Committee of Ministers of the Council of Europe may invite any European State not a member of the Council of Europe as well as the European Economic Community to accede to this Convention, by a decision taken by the majority provided for in Article 20. d of the Statute of the Council of Europe, and by the unanimous vote of the representatives of the Contracting States entitled to sit on the Committee of Ministers.

2. In respect of any acceding State or of the European Economic Community, in the event of its accession, the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of deposit of the instrument of accession with the Secretary General of the Council of Europe.

Article 19
Territorial clause

1. Any State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, specify the territory or territories to which this Convention shall apply.

2. Any Party may, at any later date, by a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, extend the application of this Convention to any other territory specified in the declaration. In respect of such territory, the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of such declaration by the Secretary General.

3. Any declaration made under the two preceding paragraphs may, in respect of any territory specified in such declaration, be withdrawn by a notification addressed to the Secretary General. The withdrawal shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of such notification by the Secretary General.

20. gr.
Fyrirvarar.

1. Við undirritun samningsins eða afhendingu skjals um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er sérhverju ríki heimilt að lýsa því yfir að 4. mgr. 2. gr. gildi ekki um tvíhliða samskipti sín að því er samframleiðslu varðar við einn eða fleiri aðila. Enn fremur er því heimilt að áskilja sér rétt til að ákveða hámarkshlutdeild sem er frábrugðin þeirri sem tilgreind er í a-lið 1. mgr. 9. gr. Ekki má gera aðra fyrirvara.

2. Sérhverjum aðila, sem gert hefur fyrirvara samkvæmt undanfarandi málsgrein, er heimilt að falla frá honum að fullu eða að hluta með tilkynningu sem beint er til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins. Slík afturköllun skal öðlast gildi þann dag sem tilkynningin berst aðalframkvæmdastjóra.

21. gr.
Uppsögn.

1. Sérhver aðili getur hvenær sem er sagt upp samningi þessum með tilkynningu sem beint er til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

2. Slík uppsögn skal öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru sex mánuðir frá því að tilkynningin berst aðalframkvæmdastjóra.

22. gr.
Tilkynningar.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum ráðsins, svo og hverju því ríki og Efnahagsbandalagi Evrópu sem kann að gerast aðili að samningi þessum eða fá boð um slíkt, um:

a. sérhverja undirritun;

b. afhendingu sérhvers skjals um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu;

c. sérhvern gildistökudag samnings þessa skv. 17., 18. og 19. gr.;

d. sérhverja yfirlýsingu skv. 5. mgr. 5. gr.;

e. sérhverja uppsögn sem tilkynnt er um skv. 21. gr.;

f. sérhverja aðra aðgerð, tilkynningu eða orðsendingu er varðar samning þennan.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Article 20
Reservations

1. Any State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, declare that Article 2, paragraph 4, does not apply to its bilateral co-production relations with one or more Parties. Moreover, it may reserve the right to fix a maximum participation share different from that laid down in Article 9, paragraph 1. a. No other reservation may be made.

2. Any Party which has made a reservation under the preceding paragraph may wholly or partly withdraw it by means of a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe. The withdrawal shall take effect on the date of receipt of such notification by the Secretary General.

Article 21
Denunciation

1. Any Party may, at any time, denounce this Convention by means of a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe.

2. Such denunciation shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of six months after the date of receipt of the notification by the Secretary General.

Article 22
Notifications

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council, as well as any State and the European Economic Community which may accede to this Convention or may be invited to do so, of:

a. any signature;

b. the deposit of any instrument of ratification, acceptance, approval or accession;

c. any date of entry into force of this Convention in accordance with Articles 17, 18 and 19;

d. any declaration made in accordance with Article 5, paragraph 5;

e. any denunciation notified in accordance with Article 21;

f. any other act, notification or communication relating to this Convention.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Convention.

Gjört í Strassborg 2. október 1992 á ensku og frönsku – og eru báðir textarnir jafngildir – í einu eintaki sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðsins. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit til þeirra ríkja sem tilgreind eru í 1. mgr. 16. gr., svo og til hvers þess ríkis og Efnahagsbandalags Evrópu sem kann að vera boðin aðild að samningi þessum.

Done at Strasbourg, this 2nd day of October 1992, in English and French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to the States mentioned in Article 16, paragraph 1, as well as to any State and to the European Economic Community which may be invited to accede to this Convention.

I. VIÐAUKI
Umsóknarferli.

Til þess að njóta góðs af ákvæðum samnings þessa skulu samframleiðendur, sem hafa staðfestu hjá aðila, leggja inn umsókn um stöðu samframleiðslu tveimur mánuðum áður en tökur hefjast og láta fylgja henni þau gögn sem talin eru upp hér á eftir. Skjölin skulu berast þar til bærum stjórnvöldum í nægilega mörgum eintökum til þess að unnt sé að senda þau áfram til stjórnvalda annarra aðila í síðasta lagi einum mánuði áður en tökur hefjast:

- afrit af samningi um kaup á höfundarrétti eða hvers konar aðra sönnun þess að höfundarréttur hafi verið keyptur til þess að hagnýta verkið í viðskiptaskyni;
- nákvæmt handrit;
- skrá yfir tæknilegt og listrænt framlag sérhvers þátttökulands;
- kostnaðaráætlun og sundurliðaða fjármögnunaráætlun;
- framleiðsluáætlun um kvikmyndaverkið;
- samframleiðslusamning samframleiðendanna. Í slíkum samningi skulu vera ákvæði um skiptingu tekna eða landsvæða milli samframleiðendanna.

Umsóknin og önnur gögn skulu lögð fram, ef því verður við komið, á tungumáli þar til bærra stjórnvalda sem þau eru send til.

Þar til bær innlend stjórnvöld skulu senda hvert öðru umsóknina og meðfylgjandi gögn þegar þau hafa borist. Þar til bært stjórnvald þess aðila sem leggur til minnihlutaframlag skal ekki veita samþykki sitt fyrr en álit þess aðila sem leggur fram meiri hluta fjármagns hefur borist.

APPENDIX I
Application procedure

In order to benefit from the provisions of this Convention, the co-producers established in the Parties must, two months before shooting commences, submit an application for co-production status and attach the documents listed below. These documents must reach the competent authorities in sufficient number for them to be communicated to the authorities of the other Parties at the latest one month before shooting commences:

- a copy of the contract for the purchase of the copyright or any other proof of purchase of the copyright for the commercial exploitation of the work;
- a detailed script;
- a list of the technical and artistic contributions from each of the countries involved;
- an estimate and a detailed financing plan;
- a production schedule of the cinematographic work;
- the co-production contract made between the co-producers. This contract must include clauses providing for the distribution of receipts or territories between the co-producers.

The application and other documents shall be presented, if possible, in the language of the competent authorities to which they are submitted.

The competent national authorities shall send each other the application and attached documentation once they have been received. The competent authority of the Party with the minority financial participation shall not give its approval until the opinion of the Party with the majority financial participation has been received.

II. VIÐAUKI

1. Kvikmyndaverk telst vera evrópskt í skilningi 3. mgr. 3. gr. ef það hlýtur að minnsta kosti

APPENDIX II

1. A cinematographic work qualifies as European in the sense of Article 3, paragraph 3,

15 stig af 19 mögulegum samkvæmt eftirfarandi yfirliti yfir evrópska þætti.

2. Með tilliti til þeirra krafna sem kvikmyndahandritið kann að fela í sér geta þar til bær stjórnvöld, að höfðu samráði sín á milli, veitt verki stöðu samframleiðslu sem hefur færri en þau 15 stig sem að jafnaði er krafist, ef þau telja að verkið lýsi engu að síður evrópskum sérkennum.

Evrópskir þættir	Stig
Skapandi listamenn	3
Leikstjóri	3
Höfundur handrits	1
Tónskáld	7
Leikendur	3
Fyrsta hlutverk	2
Annað hlutverk	1
Þriðja hlutverk	6
Tæknilið	1
Kvikmyndatökumaður	1
Hljóðmaður	1
Klippari	1
Leikmyndahönnuður	1
Kvikmyndaver eða tökustaður	1
Staður þar sem eftirvinnsla fer fram	6

Ath.
a. Fyrsta, annað og þriðja hlutverk miðast við fjölda vinnudaga.
b. Að því er varðar 8. gr. á hugtakið „listrænn" við skapandi og túlkandi listamenn, en hugtakið „tæknilegur" á við tæknimenn og iðnaðarmenn.

if it achieves at least 15 points out of a possible total of 19, according to the schedule of European elements set out below.

2. Having regard to the demands of the screenplay, the competent authorities may, after consulting together, and if they consider that the work nonetheless reflects a European identity, grant co-production status to the work with a number of points less than the normally required 15 points.

European elements	Weighting points
Creative group	3
Director	3
Scriptwriter	1
Composer	7
Performing group	3
First role	2
Second role	1
Third role	6
Technical craft group	1
Cameraman	1
Sound recordist	1
Editor	1
Art director	1
Studio or shooting location	1
Post-production location	6

N.B.
a. First, second and third roles are determined by number of days worked.
b. So far as Article 8 is concerned, "artistic" refers to the creative and performing groups, "technical" refers to the technical and craft group.

Nr. 15 6. júní 1997

AUGLÝSING

um samning um verndun Norðaustur-Atlantshafsins.

Hinn 2. júní 1997 var franska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings um verndun Norðaustur-Atlantshafsins sem gerður var í París 22. september 1992. Alþingi hafði með ályktun 7. maí 1997 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samninginn.

Tilkynnt verður um gildistöku samningsins síðar.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 6. júní 1997.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR um verndun Norðaustur-Atlantshafsins.

Samningsaðilar

viðurkenna að hafrýmið og sá gróður og það dýralíf sem þar þrífst sé lífsnauðsynlegt öllum þjóðum,

viðurkenna eigið mikilvægi hafrýmisins í Norðaustur-Atlantshafinu og nauðsyn samræmdrar verndar fyrir það,

viðurkenna að samstilltar aðgerðir, sem ná til einstakra ríkja, heimshluta og jarðarinnar allrar, séu nauðsynlegar til að koma í veg fyrir og útrýma mengun hafsins og til að ná fram sjálfbærri stjórnun hafsvæðisins sem felst í stjórnun mannlegra athafna með þeim hætti að vistkerfi hafsins haldi áfram að þola lögmæta nýtingu sjávar og haldi áfram að uppfylla þarfir kynslóða í nútíð og framtíð,

eru minnugir þess að vistfræðilegu jafnvægi sjávar og lögmætri nýtingu hans stafar hætta af mengun,

hafa hugfastar ályktanir ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi mannsins sem haldin var í Stokkhólmi í júní 1972,

hafa einnig hugfastar niðurstöður ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun sem haldin var í Ríó de Janeiró í júní 1992,

minnast viðeigandi ákvæða venjubundins þjóðaréttar sem koma fram í XII. hluta hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna og sérstaklega í 197. gr. um samstarf á heims- og svæðisgrundvelli um verndun og varðveislu hafrýmisins,

telja að sameiginlegir hagsmunir ríkja, sem tengjast sama hafsvæðinu, ættu að hvetja þá til samstarfs innan svæðisins eða einstakra hluta þess,

minnast þess jákvæða árangurs sem náðist með samningnum um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum sem undirritaður var í Ósló 15. febrúar 1972, með áorðnum breytingum, sbr. bókanir frá 2. mars 1983 og 5. desember 1989, svo og samningnum um varnir gegn mengun hafsins frá landstöðvum sem undirritaður var í París 4. júní 1974, með áorðnum breytingum, sbr. bókun frá 26. mars 1986,

eru sannfærðir um að grípa beri tafarlaust til frekari alþjóðlegra ráðstafana til að koma í veg

CONVENTION for the Protection of the Marine Environment of the North-East Atlantic

The Contracting Parties,

Recognising that the marine environment and the fauna and flora which it supports are of vital importance to all nations;

Recognising the inherent worth of the marine environment of the North-East Atlantic and the necessity for providing coordinated protection for it;

Recognising that concerted action at national, regional and global levels is essential to prevent and eliminate marine pollution and to achieve sustainable management of the maritime area, that is, the management of human activities in such a manner that the marine ecosystem will continue to sustain the legitimate uses of the sea and will continue to meet the needs of present and future generations;

Mindful that the ecological equilibrium and the legitimate uses of the sea are threatened by pollution;

Considering the recommendations of the United Nations Conference on the Human Environment, held in Stockholm in June 1972;

Considering also the results of the United Nations Conference on the Environment and Development held in Rio de Janeiro in June 1992;

Recalling the relevant provisions of customary international law reflected in Part XII of the United Nations Law of the Sea Convention and, in particular, Article 197 on global and regional cooperation for the protection and preservation of the marine environment;

Considering that the common interests of States concerned with the same marine area should induce them to cooperate at regional or sub-regional levels;

Recalling the positive results obtained within the context of the Convention for the prevention of marine pollution by dumping from ships and aircraft signed in Oslo on 15th February 1972, as amended by the protocols of 2nd March 1983 and 5th December 1989, and the Convention for the prevention of marine pollution from land-based sources signed in Paris on 4th June 1974, as amended by the protocol of 26th March 1986;

Convinced that further international action to prevent and eliminate pollution of the sea should

fyrir og útrýma mengun hafsins sem séu liður í framsæknum og samtaka aðgerðum til að vernda hafrýmið,

viðurkenna að æskilegt kunni að vera að grípa til harðari aðgerða innan einstakra svæða hvað varðar varnir gegn og útrýmingu á mengun hafrýmisins, eða að því er varðar verndun hafrýmisins gegn skaðlegum áhrifum af völdum mannlegra athafna, en kveðið er á um í alþjóðlegum samningum sem taka til alls heimsins,

viðurkenna að málum er varða stjórnun fiskveiða sé best stýrt með alþjóðlegum og svæðisbundnum samningum sem sérstaklega fjalla um slík mál,

telja að með núgildandi Óslóar- og Parísarsamningum náist ekki að stjórna sumum af hinum mörgu uppsprettum mengunar á fullnægjandi hátt og því sé réttlætanlegt að þessi samningur, sem tekur til allra uppsprettna mengunar í hafrýminu og skaðlegra áhrifa sem athafnir mannsins hafa á það, taki mið af varúðarreglunni og styrki svæðisbundið samstarf og komi í þeirra stað,

hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. gr.
Skilgreiningar.

Í samningi þessum gilda eftirfarandi skilgreiningar:

a) „Hafsvæðið" merkir innsævi og landhelgi samningsaðilanna, hafið sem er utan landhelginnar og liggur að henni og lýtur lögsögu strandríkisins að svo miklu leyti sem viðurkennt er að þjóðarétti, og úthafið, þar með talinn botn þessara hafsvæða og botnlög hans, sem afmarkast af:

i) þeim hlutum Atlantshafsins og Norður-Íshafsins og aðliggjandi hafsvæða sem eru norðan við 36° n.br. og milli 42° v.l. og 51° a.l. að undanteknu:

1) Eystrasalti og sundunum sunnan og austan lína sem liggja frá Hasenørehöfða til Gnibentanga, frá Korshage til Spodsbjerg og frá Gilbjerghöfða til Kullen,

2) Miðjarðarhafi og aðliggjandi höfum að skurðpunkti breiddarbaugs 36° n.br. og lengdarbaugs 5° 36' v.l.;

ii) þeim hluta Atlantshafsins sem er norðan 59° n.br. og milli 44° v.l. og 42° v.l.

be taken without delay, as part of progressive and coherent measures to protect the marine environment;

Recognising that it may be desirable to adopt, on the regional level, more stringent measures with respect to the prevention and elimination of pollution of the marine environment or with respect to the protection of the marine environment against the adverse effects of human activities than are provided for in international conventions or agreements with a global scope;

Recognising that questions relating to the management of fisheries are appropriately regulated under international and regional agreements dealing specifically with such questions;

Considering that the present Oslo and Paris Conventions do not adequately control some of the many sources of pollution, and that it is therefore justifiable to replace them with the present Convention, which addresses all sources of pollution of the marine environment and the adverse effects of human activities upon it, takes into account the precautionary principle and strengthens regional cooperation;

Have agreed as follows:

Article 1
Definitions

For the purposes of the Convention:

(a) "Maritime area" means the internal waters and the territorial seas of the Contracting Parties, the sea beyond and adjacent to the territorial sea under the jurisdiction of the coastal state to the extent recognised by international law, and the high seas, including the bed of all those waters and its sub-soil, situated within the following limits:

(i) those parts of the Atlantic and Arctic Oceans and their dependent seas which lie north of 36 degrees north latitude and between 42 degrees west longitude and 51 degrees east longitude, but excluding:

(1) the Baltic Sea and the Belts lying to the south and east of lines drawn from Hasenore Head to Gniben Point, from Korshage to Spodsbjerg and from Gilbjerg Head to Kullen,

(2) the Mediterranean Sea and its dependent seas as far as the point of intersection of the parallel of 36 degrees north latitude and the meridian of 5 degrees 36' west longitude;

(ii) that part of the Atlantic Ocean north of 59 degrees north latitude and between 44

b) „Innsævi“ merkir hafið landmegin við grunnlínur þær sem víðátta landhelginnar er mæld frá og nær, ef um er að ræða vatnsfarvegi, upp að ferskvatnsmörkum.

c) „Ferskvatnsmörk“ merkja þann stað í vatnsfarvegi þar sem vart verður verulegrar aukningar á sjávarseltu þegar lágsjávað er og rennsli ferskvatns í umræddum farvegi lítið.

d) „Mengun“ merkir að efni eða orka berist beint eða óbeint í hafsvæðið frá mönnum og leiði eða kunni að leiða til þess að heilsu manna sé stofnað í hættu, skaða á lifandi auðlindum og vistkerfi hafsins, tjóns á þokkafullum svæðum eða hindrunar á lögmætum notum hafsins.

e) „Landstöðvar“ merkja afmarkaðar eða dreifðar stöðvar á landi þaðan sem efni eða orka kemst til hafsvæðisins um vatn, um loft eða beint frá ströndinni. Til þeirra teljast einnig stöðvar sem tengjast vísvitandi förgun undir hafsbotninum og eru aðgengilegar frá landi með göngum, leiðslum eða eftir öðrum leiðum og stöðvar er tengjast mannvirkjum, sem staðsett eru á hafsvæðinu innan lögsögu samningsaðila, í öðrum tilgangi en vegna starfsemi á hafinu.

f) „Varp“ merkir:

i) hvers kyns förgun úrgangs eða annarra efna í hafsvæðið af ásetningi:

1) frá skipum eða loftförum;
2) frá mannvirkjum á hafinu;

ii) að fargað sé af ásetningi í hafsvæðið:

1) skipum eða loftförum;
2) mannvirkjum og leiðslum í hafi.

g) „Varp“ tekur ekki til þess:

i) að losaður sé í hafið, í samræmi við alþjóðasamning um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum, 1973, með áorðnum breytingum sbr. bókun frá 1978, eða önnur viðeigandi alþjóðalög, úrgangur eða önnur efni, sem tengjast eða stafa af eðlilegri starfrækslu skipa eða loftfara eða mannvirkja í hafinu, þó ekki úrgangur eða önnur efni sem flutt eru með eða í skip, loftför eða mannvirki á hafinu í því skyni að losa þau í hafið, ellegar stafa af meðferð þessa úrgangs eða annarra efna í þessum skipum, loftförum eða mannvirkjum á hafinu;

degrees west longitude and 42 degrees west longitude.

(b) "Internal waters" means the waters on the landward side of the baselines from which the breadth of the territorial sea is measured, extending in the case of watercourses up to the freshwater limit.

(c) "Freshwater limit" means the place in a watercourse where, at low tide and in a period of low freshwater flow, there is an appreciable increase in salinity due to the presence of seawater.

(d) "Pollution" means the introduction by man, directly or indirectly, of substances or energy into the maritime area which results, or is likely to result, in hazards to human health, harm to living resources and marine ecosystems, damage to amenities or interference with other legitimate uses of the sea.

(e) "Land-based sources" means point and diffuse sources on land from which substances or energy reach the maritime area by water, through the air, or directly from the coast. It includes sources associated with any deliberate disposal under the sea-bed made accessible from land by tunnel, pipeline or other means and sources associated with man-made structures placed, in the maritime area under the jurisdiction of a Contracting Party, other than for the purpose of offshore activities.

(f) "Dumping" means

(i) any deliberate disposal in the maritime area of wastes or other matter

(1) from vessels or aircraft;
(2) from offshore installations;

(ii) any deliberate disposal in the maritime area of

(1) vessels or aircraft;
(2) offshore installations and offshore pipelines.

(g) "Dumping" does not include:

(i) the disposal in accordance with the International Convention for the Prevention of Pollution from Ships, 1973, as modified by the Protocol of 1978 relating thereto, or other applicable international law, of wastes or other matter incidental to, or derived from, the normal operations of vessels or aircraft or offshore installations other than wastes or other matter transported by or to vessels or aircraft or offshore installations for the purpose of disposal of such wastes or other matter or derived from the treatment of such wastes or other matter on such vessels or aircraft or offshore installations;

ii) að efnum sé komið fyrir í öðrum tilgangi en þeim einum að losna við þau, enda sé ráðstöfun efnanna í samræmi við viðeigandi ákvæði samningsins ef ráðstöfunin er í öðrum tilgangi en þeim sem efnin voru upphaflega hönnuð eða búin til til að þjóna; og

iii) hvað varðar III. viðauka, að skilin séu eftir að hluta eða öllu leyti mannvirki eða leiðslur í hafi sem ekki eru í notkun lengur, enda sé öll slík ráðstöfun í samræmi við viðeigandi ákvæði samningsins og önnur alþjóðalög sem við eiga.

h) „Brennsla“ merkir sérhverja brennslu úrgangs eða annarra efna af ásetningi á hafsvæðinu í þeim tilgangi að eyða þeim með varma.

i) „Brennsla“ tekur ekki til eyðingar úrgangs eða annarra efna með varma sem er í samræmi við viðeigandi þjóðréttarreglur og tengist eða stafar af venjulegum rekstri skipa, loftfara eða mannvirkja á hafinu, heldur einungis til eyðingar úrgangs eða annarra efna með varma á skipum, loftförum eða mannvirkjum á hafinu sem starfrækt eru beinlínis í þeim tilgangi.

j) „Starfsemi á hafi“ merkir starfsemi sem fram fer á hafsvæðinu í þeim tilgangi að rannsaka, meta eða hagnýta kolvetni í fljótandi eða loftkenndu formi.

k) „Uppsprettur á hafi“ merkja mannvirki og leiðslur í hafinu þaðan sem efni eða orka berast til hafsvæðisins.

l) „Mannvirki á hafi“ merkja hvers konar mannvirki, búnað eða skip eða hluta þeirra, hvort heldur er fljótandi eða botnfast, sem komið er fyrir á hafsvæðinu í þeim tilgangi að stunda starfsemi á hafi.

m) „Leiðsla í hafi“ merkir sérhverja leiðslu sem lögð hefur verið á hafsvæðinu í þeim tilgangi að stunda starfsemi á hafi.

n) „Skip og loftför“ merkja hvers konar fljótandi för og loftför, hluta þeirra og annan útbúnað. Þetta orðfæri nær yfir svifnökkva, fljótandi för, hvort sem þau eru knúin eigin vélarafli eða ekki, og aðra manngerða hluti á hafsvæðinu og fylgibúnað en tekur ekki til mannvirkja og leiðslna í hafi.

o) „Úrgangur eða önnur efni“ nær ekki yfir:

i) líkamsleifar;

ii) mannvirki á hafi;

iii) leiðslur í hafi;

iv) óunninn fisk og fiskúrgang sem kastað er frá fiskiskipum.

(ii) placement of matter for a purpose other than the mere disposal thereof, provided that, if the placement is for a purpose other than that for which the matter was originally designed or constructed, it is in accordance with the relevant provisions of the Convention; and

(iii) for the purposes of Annex III, the leaving wholly or partly in place of a disused offshore installation or disused offshore pipeline, provided that any such operation takes place in accordance with any relevant provision of the Convention and with other relevant international law.

(h) "Incineration" means any deliberate combustion of wastes or other matter in the maritime area for the purpose of their thermal destruction.

(i) "Incineration" does not include the thermal destruction of wastes or other matter in accordance with applicable international law incidental to, or derived from the normal operation of vessels or aircraft, or offshore installations other than the thermal destruction of wastes or other matter on vessels or aircraft or offshore installations operating for the purpose of such thermal destruction.

(j) "Offshore activities" means activities carried out in the maritime area for the purpose of the exploration, appraisal or exploitation of liquid and gaseous hydrocarbons.

(k) "Offshore sources" means offshore installa tions and offshore pipelines from which substances or energy reach the maritime area.

(l) "Offshore installation" means any man-made structure, plant or vessel or parts thereof, whether floating or fixed to the seabed, placed within the maritime area for the purpose of offshore activities.

(m) "Offshore pipeline" means any pipeline which has been placed in the maritime area for the purpose of offshore activities.

(n) "Vessels or aircraft" means waterborne or airborne craft of any type whatsoever, their parts and other fittings. This expression includes air-cushion craft, floating craft whether self-propelled or not, and other man-made structures in the maritime area and their equipment, but excludes offshore installations and offshore pipelines.

(o) "Wastes or other matter" does not include:

(i) human remains;

(ii) offshore installations;

(iii) offshore pipelines;

(iv) unprocessed fish and fish offal discarded from fishing vessels.

p) „Samningur“ merkir, ef ekki er annað tekið fram í textanum, samning um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, viðauka við hann og viðbæta.

q) „Óslóarsamningur“ merkir samning um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum sem undirritaður var í Ósló 15. febrúar 1972, með áorðnum breytingum sbr. bókanir frá 2. mars 1983 og 5. desember 1989.

r) „Parísarsamningur“ merkir samning um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum sem undirritaður var í París 4. júní 1974, með áorðnum breytingum sbr. bókun frá 26. mars 1986.

s) „Svæðisstofnun um efnahagslega samvinnu“ merkir stofnun sem fullvalda ríki á tilteknu svæði standa að og hefur vald í málefnum sem samningurinn lýtur að og hlotið hefur tilskilda heimild samkvæmt eigin reglum til að undirrita, fullgilda, staðfesta eða samþykkja samninginn eða gerast aðili að honum.

(p) "Convention" means, unless the text otherwise indicates, the Convention for the Protection of the Marine Environment of the North-East Atlantic, its Annexes and Appendices.

(q) "Oslo Convention" means the Convention for the Prevention of Marine Pollution by Dumping from Ships and Aircraft signed in Oslo on 15th February 1972, as amended by the protocols of 2nd March 1983 and 5th December 1989.

(r) "Paris Convention" means the Convention for the Prevention of Marine Pollution from Land-based Sources, signed in Paris on 4th June 1974, as amended by the protocol of 26th March 1986.

(s) "Regional economic integration organisation" means an organisation constituted by sovereign States of a given region which has competence in respect of matters governed by the Convention and has been duly authorised, in accordance with its internal procedures, to sign, ratify, accept, approve or accede to the Convention.

2. gr.

Almennar skuldbindingar.

1. a) Samningsaðilar skulu, í samræmi við ákvæði samningsins, gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir og útrýma mengun og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda hafsvæðið gegn skaðlegum áhrifum af völdum mannlegra athafna í því skyni að standa vörð um heilsu manna, varðveita vistkerfi hafsins og, þegar hægt er, lagfæra hafsvæði sem orðið hafa fyrir skaðlegum áhrifum.

b) Í þessu skyni skulu samningsaðilar, sameiginlega og hver fyrir sig, ráðast í áætlanir og aðgerðir og samræma stefnu sína og langtímaáætlanir.

2. Samningsaðilar skulu beita:

a) varúðarreglunni, en samkvæmt henni skal gripið til fyrirbyggjandi aðgerða þegar fyrir hendi eru ástæður til þess að hafa af því áhyggjur að efni eða orka, sem veitt er beint eða óbeint í hafrýmið, kunni að hafa í för með sér hættu fyrir heilsu manna, skaða lifandi náttúruauðlindir og vistkerfi hafsins, valda tjóni á þokkafullum svæðum eða hindra önnur lögmæt not hafsins, jafnvel þegar ekki liggja fyrir óyggjandi sannanir fyrir orsakatengslum milli aðstreymisins og áhrifanna;

b) mengunarbótareglunni, en samkvæmt henni skal mengunarvaldurinn bera kostnað af ráð-

Article 2

General obligations

1.(a) The Contracting Parties shall, in accordance with the provisions of the Convention, take all possible steps to prevent and eliminate pollution and shall take the necessary measures to protect the maritime area against the adverse effects of human activities so as to safeguard human health and to conserve marine ecosystems and, when practicable, restore marine areas which have been adversely affected.

(b) To this end Contracting Parties shall, individually and jointly, adopt programmes and measures and shall harmonise their policies and strategies.

2. The Contracting Parties shall apply:

(a) the precautionary principle, by virtue of which preventive measures are to be taken when there are reasonable grounds for concern that substances or energy introduced, directly or indirectly, into the marine environment may bring about hazards to human health, harm living resources and marine ecosystems, damage amenities or interfere with other legitimate uses of the sea, even when there is no conclusive evidence of a causal relationship between the inputs and the effects;

(b) the polluter pays principle, by virtue of which the costs of pollution prevention, control

stöfunum til að koma í veg fyrir mengun, mengunarvörnum og aðgerðum til að draga úr mengun.

3. a) Við framkvæmd samningsins skulu samningsaðilar ráðast í áætlanir og aðgerðir þar sem kveðið er á um frest til að ljúka þeim þegar við á og fullt tillit er tekið til nýjustu tækniþróunar og -aðferða sem miða að því að koma í veg fyrir og útrýma mengun að fullu.

b) Í þessu skyni skulu þeir:

i) með hliðsjón af viðmiðum sem sett eru fram í 1. viðbæti, skilgreina, að því er varðar áætlanir og aðgerðir, meðal annars beitingu

- bestu fáanlegrar tækni,
- bestu umhverfisvenja

og einnig, þar sem við á, hreinnar tækni;

ii) tryggja að við framkvæmd slíkra áætlana og aðgerða sé beitt bestu fáanlegri tækni og bestu umhverfisvenjum sem svo eru skilgreindar og einnig, þar sem við á, hreinni tækni.

4. Samningsaðilar skulu beita þeim aðgerðum sem þeir ráðast í með þeim hætti að komið verði í veg fyrir aukna mengun í sjónum utan við hafsvæðið og annars staðar í umhverfinu.

5. Ekkert ákvæði samningsins skal túlka sem svo að það komi í veg fyrir að samningsaðilar grípi, sameiginlega eða hver fyrir sig, til harðari aðgerða að því er varðar varnir gegn mengun og útrýmingu mengunar á hafsvæðinu, eða að því er varðar verndun hafsvæðisins gegn skaðlegum áhrifum af völdum mannlegra athafna.

3. gr.

Mengun frá landstöðvum.

Samningsaðilar skulu, sameiginlega og hver fyrir sig, gera allar ráðstafanir sem mögulegar eru til að koma í veg fyrir og útrýma mengun frá landstöðvum í samræmi við ákvæði samningsins, einkum með þeim hætti sem kveðið er á um í I. viðauka.

4. gr.

Mengun vegna varps eða brennslu.

Samningsaðilar skulu, sameiginlega og hver fyrir sig, gera allar ráðstafanir, sem mögulegar eru, til að koma í veg fyrir og útrýma mengun af völdum varps eða brennslu úrgangsefna og

and reduction measures are to be borne by the polluter.

3.(a) In implementing the Convention, Contracting Parties shall adopt programmes and measures which contain, where appropriate, time-limits for their completion and which take full account of the use of the latest technological developments and practices designed to prevent and eliminate pollution fully.

(b) To this end they shall:

(i) taking into account the criteria set forth in Appendix 1, define with respect to programmes and measures the application of, inter alia,

- best available techniques
- best environmental practice

including, where appropriate, clean technology;

(ii) in carrying out such programmes and measures, ensure the application of best available techniques and best environmental practice as so defined, including, where appropriate, clean technology.

4. The Contracting Parties shall apply the measures they adopt in such a way as to prevent an increase in pollution of the sea outside the maritime area or in other parts of the environment.

5. No provision of the Convention shall be interpreted as preventing the Contracting Parties from taking, individually or jointly, more stringent measures with respect to the prevention and elimination of pollution of the maritime area or with respect to the protection of the maritime area against the adverse effects of human activities.

Article 3

Pollution from land-based sources

The Contracting Parties shall take, individually and jointly, all possible steps to prevent and eliminate pollution from land-based sources in accordance with the provisions of the Convention, in particular as provided for in Annex I.

Article 4

Pollution by dumping or incineration

The Contracting Parties shall take, individually and jointly, all possible steps to prevent and eliminate pollution by dumping or incineration of wastes or other matter in accordance with the

annarra efna í samræmi við ákvæði samningsins, einkum með þeim hætti sem kveðið er á um í II. viðauka.

5. gr.
Mengun frá uppsprettum á hafi.

Samningsaðilar skulu, sameiginlega og hver fyrir sig, gera allar ráðstafanir, sem mögulegar eru, til að koma í veg fyrir og útrýma mengun frá uppsprettum á hafi í samræmi við ákvæði samningsins, einkum með þeim hætti sem kveðið er á um í III. viðauka.

6. gr.
Mat á ástandi hafrýmisins.

Samningsaðilar skulu, í samræmi við ákvæði samningsins, einkum með þeim hætti sem kveðið er á um í IV. viðauka:

a) gera með reglulegu millibili sameiginlega úttekt á ástandi og þróun hafrýmisins á hafsvæðinu eða á afmörkuðum svæðum eða undirsvæðum innan þess og birta niðurstöður hennar;

b) gæta þess að við úttektina sé bæði lagt mat á árangur þeirra aðgerða sem gripið er til og ráðgerðar eru til verndunar hafrýmisins og bent á forgangsverkefni.

7. gr.
Mengun af öðrum uppruna.

Samningsaðilar skulu vinna saman að samþykkt viðauka til viðbótar við viðaukana sem getið er um í 3., 4., 5. og 6. gr. hér að framan, þar sem kveðið er á um ráðstafanir, starfshætti og viðmiðunarreglur til að vernda hafsvæðið fyrir mengun af öðrum uppruna, að því marki sem ekki er tekið á slíkri mengun með árangursríkum aðgerðum sem gripið hefur verið til af öðrum alþjóðastofnunum eða sem kveðið er á um í öðrum alþjóðlegum samningum.

8. gr.
Rannsóknir á sviði vísinda og tækni.

1. Í því skyni að ná fram markmiðum samningsins skulu samningsaðilar koma á samhæfðum eða sameiginlegum áætlunum um vísinda- eða tæknirannsóknir og senda nefndinni, í samræmi við viðtekna starfshætti:

a) niðurstöður slíkra samhæfðra eða sameiginlegra rannsókna eða annarra rannsókna;

b) lýsingu á öðrum vísinda- eða tæknirannsóknaráætlunum sem máli skipta.

provisions of the Convention, in particular as provided for in Annex II.

Article 5
Pollution from offshore sources

The Contracting Parties shall take, individually and jointly, all possible steps to prevent and eliminate pollution from offshore sources in accordance with the provisions of the Convention, in particular as provided for in Annex III.

Article 6
Assessment of the quality of the marine environment

The Contracting Parties shall, in accordance with the provisions of the Convention, in particular as provided for in Annex IV:

(a) undertake and publish at regular intervals joint assessments of the quality status of the marine environment and of its development, for the maritime area or for regions or subregions thereof;

(b) include in such assessments both an evaluation of the effectiveness of the measures taken and planned for the protection of the marine environment and the identification of priorities for action.

Article 7
Pollution from other sources

The Contracting Parties shall cooperate with a view to adopting Annexes, in addition to the Annexes mentioned in Articles 3, 4, 5 and 6 above, prescribing measures, procedures and standards to protect the maritime area against pollution from other sources, to the extent that such pollution is not already the subject of effective measures agreed by other international organisations or prescribed by other international conventions.

Article 8
Scientific and technical research

1. To further the aims of the Convention, the Contracting Parties shall establish complementary or joint programmes of scientific or technical research and, in accordance with a standard procedure, to transmit to the Commission:

(a) the results of such complementary, joint or other relevant research;

(b) details of other relevant programmes of scientific and technical research.

2. Við framkvæmd ofangreindra ákvæða skulu samningsaðilar taka mið af því starfi sem unnið er af viðeigandi alþjóðastofnunum og öðrum stofnunum á þessum sviðum.

9. gr.
Aðgangur að upplýsingum.

1. Samningsaðilar skulu tryggja að þar til bærum yfirvöldum þeirra sé gert skylt að veita öllum einstaklingum og lögpersónum, sem leggja fram réttmæta beiðni, aðgang að þeim upplýsingum sem greint er frá í 2. mgr. þessarar greinar, án þess að slíkur einstaklingur eða slík lögpersóna þurfi að sanna að hún eigi hagsmuna að gæta og án þess að krafist sé óréttmæts gjalds, eins fljótt og unnt er og í síðasta lagi innan tveggja mánaða.

2. Upplýsingarnar, sem getið er um í 1. mgr., eru hvers kyns tiltækar upplýsingar á rituðu máli, myndrænar, hljóðrænar eða í gagnagrunni, um ástand hafsvæðisins, um athafnir eða aðgerðir er hafa eða eru líklegar til að hafa skaðleg áhrif á það og um athafnir eða aðgerðir sem gripið er til samkvæmt þessum samningi.

3. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki skerða rétt samningsaðila samkvæmt eigin réttarkerfi og viðeigandi alþjóðlegum reglum til að kveða á um að beiðni um slíkar upplýsingar sé synjað þegar þær snerta:

a) trúnað varðandi störf opinberra yfirvalda, alþjóðleg samskipti og varnarmál;

b) öryggi almennings;

c) mál sem eru eða hafa verið til meðferðar hjá dómstólum eða sem sæta eða hafa sætt opinberri rannsókn (þar á meðal vegna agabrota) eða sem eru til frumrannsóknar;

d) trúnað í viðskiptum eða iðnaði, þar á meðal í tengslum við hugverk;

e) trúnað hvað varðar upplýsingar og/eða skýrslur um einstaklinga;

f) efni sem þriðji aðili hefur látið í té án þess að honum hafi borið til þess lagaleg skylda;

g) efni sem hefði í för með sér auknar líkur á spjöllum á því umhverfi sem það varðar ef það væri birt.

4. Tilgreina verður ástæður ef beiðni um upplýsingar er synjað.

10. gr.
Nefndin.

1. Nefnd, sem í eiga sæti fulltrúar sérhvers samningsaðilanna, er hér með stofnuð. Nefndin

2. In so doing, the Contracting Parties shall have regard to the work carried out, in these fields, by the appropriate international organisations and agencies.

Article 9
Access to information

1. The Contracting Parties shall ensure that their competent authorities are required to make available the information described in paragraph 2 of this Article to any natural or legal person, in response to any reasonable request, without that person's having to prove an interest, without unreasonable charges, as soon as possible and at the latest within two months.

2. The information referred to in paragraph 1 of this Article is any available information in writing, visual, aural or data-base form on the state of the maritime area, on activities or measures adversely affecting or likely to affect it and on activities or measures introduced in accordance with the Convention.

3. The provisions of this Article shall not affect the right of Contracting Parties, in accordance with their national legal systems and applicable international regulations, to provide for a request for such information to be refused where it affects:

(a) the confidentiality of the proceedings of public authorities, international relations and national defence;

(b) public security;

(c) matters which are, or have been, sub judice, or under enquiry (including disciplinary enquiries), or which are the subject of preliminary investigation proceedings;

(d) commercial and industrial confidentiality, including intellectual property;

(e) the confidentiality of personal data and/or files;

(f) material supplied by a third party without that party being under a legal obligation to do so;

(g) material, the disclosure of which would make it more likely that the environment to which such material related would be damaged.

4. The reasons for a refusal to provide the information requested must be given.

Article 10
Commission

1. A Commission, made up of representatives of each of the Contracting Parties, is hereby

skal halda fundi reglulega og hvenær sem svo er ákveðið samkvæmt starfsreglum vegna sérstakra tilvika.

2. Verkefni nefndarinnar skulu vera:

a) að hafa yfirumsjón með framkvæmd samnings þessa;

b) að fylgjast almennt með ástandi hafsvæðisins, gagnsemi þeirra aðgerða sem gripið er til, forgangsröðun aðgerða og þörfinni á frekari eða annars konar aðgerðum;

c) að ákveða, í samræmi við almennar skuldbindingar í þessum samningi, áætlanir og aðgerðir til að koma í veg fyrir og útrýma mengun og til að hafa eftirlit með starfsemi sem kann, beint eða óbeint, að hafa skaðleg áhrif á hafsvæðið. Slíkar áætlanir og aðgerðir geta, þegar við á, meðal annars falist í beitingu hagrænna stjórntækja;

d) að setja sér starfsáætlun með reglulegu millibili;

e) að koma á fót undirdeildum eftir því sem þurfa þykir og marka þeim starfssvið;

f) að fjalla um og, þegar við á, samþykkja tillögur um breytingar á samningnum í samræmi við 15., 16., 17., 18., 19. og 27. gr.;

g) að sinna verkefnum sem henni eru falin samkvæmt 21. og 23. gr., svo og öðrum verkefnum eftir því sem viðeigandi kann að teljast samkvæmt ákvæðum þessa samnings.

3. Í þessu skyni er nefndinni meðal annars heimilt að samþykkja ákvarðanir og tilmæli í samræmi við 13. gr.

4. Nefndin skal setja sér starfsreglur og skulu þær samþykktar með samhljóða atkvæðum samningsaðilanna.

5. Nefndin skal setja sér fjárhagsreglur og skulu þær samþykktar með samhljóða atkvæðum samningsaðilanna.

11. gr.
Áheyrnarfulltrúar.

1. Nefndin getur, með samhljóða atkvæðum samningsaðila, ákveðið að heimila eftirtöldum aðilum þátttöku sem áheyrnarfulltrúum:

a) sérhverju ríki sem ekki er aðili að þessum samningi;

b) sérhverri alþjóðlegri stofnun, sem ríkisstjórnir eiga aðild að, eða frjálsum félagasamtökum sem hafa með höndum starfsemi er tengist samningi þessum.

2. Slíkum áheyrnarfulltrúum er heimilt að sitja fundi nefndarinnar án atkvæðisréttar og leggja

established. The Commission shall meet at regular intervals and at any time when, due to special circumstances, it is so decided in accordance with the Rules of Procedure.

2. It shall be the duty of the Commission:

(a) to supervise the implementation of the Convention;

(b) generally to review the condition of the maritime area, the effectiveness of the measures being adopted, the priorities and the need for any additional or different measures;

(c) to draw up, in accordance with the General Obligations of the Convention, programmes and measures for the prevention and elimination of pollution and for the control of activities which may, directly or indirectly, adversely affect the maritime area; such programmes and measures may, when appropriate, include economic instruments;

(d) to establish at regular intervals its programme of work;

(e) to set up such subsidiary bodies as it considers necessary and to define their terms of reference;

(f) to consider and, where appropriate, adopt proposals for the amendment of the Convention in accordance with Articles 15, 16, 17, 18, 19 and 27;

(g) to discharge the functions conferred by Articles 21 and 23 and such other functions as may be appropriate under the terms of the Convention;

3. To these ends the Commission may, inter alia, adopt decisions and recommendations in accordance with Article 13.

4. The Commission shall draw up its Rules of Procedure which shall be adopted by unanimous vote of the Contracting Parties.

5. The Commission shall draw up its Financial Regulations which shall be adopted by unanimous vote of the Contracting Parties.

Article 11
Observers

1. The Commission may, by unanimous vote of the Contracting Parties, decide to admit as an observer:

(a) any State which is not a Contracting Party to the Convention;

(b) any international governmental or any non-governmental organisation the activities of which are related to the Convention.

2. Such observers may participate in meetings of the Commission but without the right to vote

fyrir nefndina hvers kyns upplýsingar eða skýrslur sem tengjast markmiðum samningsins.

3. Skilyrðin fyrir heimild áheyrnarfulltrúa og þátttöku þeirra skulu sett fram í starfsreglum nefndarinnar.

12. gr.
Skrifstofa.

1. Föst skrifstofa er hér með stofnsett.

2. Nefndin skal skipa framkvæmdastjóra og ákveða starfsskyldur og starfskjör sem stöðunni fylgja.

3. Framkvæmdastjórinn skal sinna þeim störfum sem nauðsynleg eru til umsjónar með framkvæmd samningsins og fyrir starf nefndarinnar, sem og önnur þau störf sem honum eru falin af nefndinni samkvæmt starfsreglum hennar og fjárhagsreglum.

13. gr.
Ákvarðanir og tilmæli.

1. Ákvarðanir og tilmæli skulu samþykkt með samhljóða atkvæðum samningsaðila. Náist ekki samhljóða samþykki getur nefndin engu að síður, ef ekki er kveðið á um annað í samningnum, samþykkt ákvarðanir eða tilmæli með þremur fjórðu hlutum atkvæða samningsaðila.

2. Ákvörðun skal vera bindandi að liðnum tvö hundrað dögum frá samþykkt hennar fyrir þá samningsaðila sem atkvæði greiddu með henni og sem ekki hafa tilkynnt framkvæmdastjóranum skriflega innan tilgreinds frests að þeir sjái sér ekki fært að samþykkja ákvörðunina, að því tilskildu að þrír fjórðu hlutar samningsaðilanna hafi að þeim tíma liðnum annaðhvort greitt atkvæði með ákvörðuninni og ekki afturkallað samþykki sitt, eða tilkynnt framkvæmdastjóranum skriflega að þeir sjái sér fært að samþykkja ákvörðunina. Slík ákvörðun skal verða bindandi fyrir aðra samningsaðila sem tilkynnt hafa framkvæmdastjóranum skriflega að þeir sjái sér fært að samþykkja ákvörðunina, frá þeim tíma sem tilkynningin á sér stað eða að liðnum tvö hundrað dögum frá því að ákvörðunin var samþykkt, hvort heldur kemur síðar til.

3. Heimilt er að taka fram í tilkynningu til framkvæmdastjórans samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar að samningsaðili sjái sér ekki fært að samþykkja ákvörðunina að því leyti sem hún

and may present to the Commission any information or reports relevant to the objectives of the Convention.

3. The conditions for the admission and the participation of observers shall be set in the Rules of Procedure of the Commission.

Article 12
Secretariat

1. A permanent Secretariat is hereby established.

2. The Commission shall appoint an Executive Secretary and determine the duties of that post and the terms and conditions upon which it is to be held.

3. The Executive Secretary shall perform the functions that are necessary for the administration of the Convention and for the work of the Commission as well as the other tasks entrusted to the Executive Secretary by the Commission in accordance with its Rules of Procedure and its Financial Regulations.

Article 13
Decisions and recommendations

1. Decisions and recommendations shall be adopted by unanimous vote of the Contracting Parties. Should unanimity not be attainable, and unless otherwise provided in the Convention, the Commission may nonetheless adopt decisions or recommendations by a three-quarters majority vote of the Contracting Parties.

2. A decision shall be binding on the expiry of a period of two hundred days after its adoption for those Contracting Parties that voted for it and have not within that period notified the Executive Secretary in writing that they are unable to accept the decision, provided that at the expiry of that period three-quarters of the Contracting Parties have either voted for the decision and not withdrawn their acceptance or notified the Executive Secretary in writing that they are able to accept the decision. Such a decision shall become binding on any other Contracting Party which has notified the Executive Secretary in writing that it is able to accept the decision from the moment of that notification or after the expiry of a period of two hundred days after the adoption of the decision, whichever is later.

3. A notification under paragraph 2 of this Article to the Executive Secretary may indicate that a Contracting Party is unable to accept a decision insofar as it relates to one or more of

tengist einu eða fleirum af yfirráðasvæðum eða sjálfstjórnarsvæðum hans sem samningurinn nær til.

4. Þegar við á skulu allar ákvarðanir nefndarinnar fela í sér ákvæði sem tilgreina nákvæmlega þá tímaáætlun sem framkvæmd ákvörðunarinnar skal fara eftir.

5. Tilmæli eru ekki bindandi.

6. Einungis þeir samningsaðilar sem bundnir eru af viðkomandi viðauka eða viðbæti skulu taka ákvarðanir er varða þann viðauka eða viðbæti.

14. gr.

Staða viðauka og viðbæta.

1. Viðaukarnir og viðbætarnir eru óaðskiljanlegur hluti samningsins.

2. Viðbætarnir skulu lúta að vísindalegum, tæknilegum eða stjórnunarlegum atriðum.

15. gr.

Breytingar á samningnum.

1. Um breytingar á samningnum skal fara eftir ákvæðum þessarar greinar, án þess að það rýri gildi ákvæða 2. mgr. 27. gr. og annarra sérákvæða sem eiga við um samþykkt eða breytingar á viðaukum eða viðbætum.

2. Sérhverjum samningsaðila er heimilt að gera tillögur um breytingar á samningnum. Framkvæmdastjórinn skal senda samningsaðilunum texta breytingartillögunnar að minnsta kosti sex mánuðum fyrir þann fund nefndarinnar sem leggja skal breytingartillöguna fram á til samþykktar. Framkvæmdastjórinn skal einnig senda breytingartillöguna til undirritunaraðila samningsins til upplýsingar.

3. Nefndin skal samþykkja breytingartillöguna með samhljóða atkvæðum samningsaðilanna.

4. Ríkisstjórnin, sem er vörsluaðili samnings ins, skal senda samningsaðilunum hina samþykktu breytingu til fullgildingar, staðfestingar eða samþykkis. Ríkisstjórninni, sem er vörsluaðili samningsins, skal tilkynnt skriflega um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki breytingarinnar.

5. Breytingin skal öðlast gildi að því er varðar þá samningsaðila sem hafa fullgilt, staðfest eða samþykkt hana á þrítugasta degi frá því að ríkisstjórninni, sem er vörsluaðili samningsins, hefur borist tilkynning um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki hennar frá að minnsta kosti sjö

its dependent or autonomous territories to which the Convention applies.

4. All decisions adopted by the Commission shall, where appropriate, contain provisions specifying the timetable by which the decision shall be implemented.

5. Recommendations shall have no binding force.

6. Decisions concerning any Annex or Appendix shall be taken only by the Contracting Parties bound by the Annex or Appendix concerned.

Article 14

Status of annexes and appendices

1. The Annexes and Appendices form an integral part of the Convention.

2. The Appendices shall be of a scientific, technical or administrative nature.

Article 15

Amendment of the Convention

1. Without prejudice to the provisions of paragraph 2 of Article 27 and to specific provisions applicable to the adoption or amendment of Annexes or Appendices, an amendment to the Convention shall be governed by the present Article.

2. Any Contracting Party may propose an amendment to the Convention. The text of the proposed amendment shall be communicated to the Contracting Parties by the Executive Secretary of the Commission at least six months before the meeting of the Commission at which it is proposed for adoption. The Executive Secretary shall also communicate the proposed amendment to the signatories to the Convention for information.

3. The Commission shall adopt the amendment by unanimous vote of the Contracting Parties.

4. The adopted amendment shall be submitted by the Depositary Government to the Contracting Parties for ratification, acceptance or approval. Ratification, acceptance or approval of the amendment shall be notified to the Depositary Government in writing.

5. The amendment shall enter into force for those Contracting Parties which have ratified, accepted or approved it on the thirtieth day after receipt by the Depositary Government of notification of its ratification, acceptance or approval by at least seven Contracting Parties. Thereafter

samningsaðilum. Eftir það skal breytingin öðlast gildi að því er aðra samningsaðila varðar á þrítugasta degi frá því að viðkomandi samningsaðili afhenti fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykkisskjal sitt vegna hennar.

16. gr.
Samþykkt viðauka.

Ákvæði 15. gr. er lúta að breytingum á samningnum skulu einnig eiga við um tillögur um viðauka, samþykki þeirra og gildistöku, að því undanskildu að nefndin skal samþykkja viðauka sem vísað er til í 7. gr. með þremur fjórðu hlutum atkvæða samningsaðila.

17. gr.
Breytingar á viðaukum.

1. Ákvæði 15. gr. er lúta að breytingum á samningnum skulu einnig eiga við um breytingar á viðauka, að því undanskildu að nefndin skal samþykkja breytingartillögur við viðauka sem vísað er til í 3., 4., 5., 6. eða 7. gr. með þremur fjórðu hlutum atkvæða þeirra samningsaðila sem bundnir eru af þeim viðauka.

2. Nú tengist tillaga um breytingu á viðauka tillögu um breytingu á samningnum og skal þá fara um breytingu á viðaukanum eftir sömu ákvæðum og eiga við um breytingu á samningnum.

18. gr.
Samþykkt viðbæta.

1. Nú er gerð tillaga um viðbæti sem tengist breytingu á samningnum eða viðauka sem lagt er til að samþykkt verði samkvæmt 15. eða 17. gr. og skal þá fara um tillögu um þann viðbæti og samþykki og gildistöku hennar eftir sömu ákvæðum og eiga við um tillögu um þá breytingu og samþykki og gildistöku hennar.

2. Nú er gerð tillaga um viðbæti sem tengist viðauka við samninginn sem lagt er til að samþykktur verði samkvæmt 16. gr. og skal þá fara um tillögu um þann viðbæti og samþykki og gildistöku hennar eftir sömu ákvæðum og eiga við um tillögu um þann viðauka og samþykki og gildistöku hennar.

19. gr.
Breyting á viðbætum.

1. Sérhver samningsaðili sem bundinn er af viðbæti getur gert tillögur um breytingar á honum. Framkvæmdastjórinn skal senda öllum

the amendment shall enter into force for any other Contracting Party on the thirtieth day after that Contracting Party has deposited its instrument of ratification, acceptance or approval of the amendment.

Article 16
Adoption of annexes

The provisions of Article 15 relating to the amendment of the Convention shall also apply to the proposal, adoption and entry into force of an Annex to the Convention, except that the Commission shall adopt any Annex referred to in Article 7 by a three-quarters majority vote of the Contracting Parties.

Article 17
Amendment of annexes

1. The provisions of Article 15 relating to the amendment of the Convention shall also apply to an amendment to an Annex to the Convention, except that the Commission shall adopt amendments to any Annex referred to in Articles 3, 4, 5, 6 or 7 by a three-quarters majority vote of the Contracting Parties bound by that Annex.

2. If the amendment of an Annex is related to an amendment to the Convention, the amendment of the Annex shall be governed by the same provisions as apply to the amendment to the Convention.

Article 18
Adoption of appendices

1. If a proposed Appendix is related to an amendment to the Convention or an Annex, proposed for adoption in accordance with Article 15 or Article 17, the proposal, adoption and entry into force of that Appendix shall be governed by the same provisions as apply to the proposal, adoption and entry into force of that amendment.

2. If a proposed Appendix is related to an Annex to the Convention, proposed for adoption in accordance with Article 16, the proposal, adoption and entry into force of that Appendix shall be governed by the same provisions as apply to the proposal, adoption and entry into force of that Annex.

Article 19
Amendment of appendices

1. Any Contracting Party bound by an Appendix may propose an amendment to that Appendix. The text of the proposed amendment

samningsaðilunum texta breytingartillögunnar eins og kveðið er á um í 2. mgr. 15. gr.

2. Nefndin skal samþykkja tillögu um breytingu á viðbæti með þremur fjórðu hlutum atkvæða þeirra samningsaðila sem bundnir eru af þeim viðbæti.

3. Breyting á viðbæti öðlast gildi að liðnum tvö hundruð dögum frá því að hún var samþykkt að því er varðar þá samningsaðila sem bundnir eru af þeim viðbæti og hafa ekki innan þess tíma tilkynnt ríkisstjórninni, sem er vörsluaðili samningsins, skriflega að þeir sjái sér ekki fært að samþykkja þá breytingu, að því tilskildu að þrír fjórðu hlutar þeirra samningsaðila, sem bundnir eru af viðbætinum, hafi innan þess tíma annaðhvort greitt atkvæði með breytingartillögunni og ekki dregið samþykki sitt til baka eða tilkynnt ríkisstjórninni, sem er vörsluaðili samningsins, skriflega að þeir sjái sér fært að samþykkja hana.

4. Heimilt er að taka fram í tilkynningu til ríkisstjórnarinnar, sem er vörsluaðili samningsins, samkvæmt 3. mgr. þessarar greinar að samningsaðili sjái sér ekki fært að samþykkja breytingartillögu að því leyti sem hún varðar eitt eða fleiri af yfirráðasvæðum eða sjálfstjórnarsvæðum hans sem samningurinn nær til.

5. Breyting á viðbæti skal verða bindandi að því er varðar annan samningsaðila sem bundinn er af þeim viðbæti og tilkynnt hefur ríkisstjórninni, sem er vörsluaðili samningsins, skriflega að hann sjái sér fært að samþykkja hana, frá þeim tíma þegar sú tilkynning er móttekin eða að liðnum tvö hundruð dögum frá því að breytingartillagan var samþykkt, hvort heldur kemur síðar til.

6. Ríkisstjórnin, sem er vörsluaðili samningsins, skal án tafar tilkynna samningsaðilum um móttöku sérhverrar slíkrar tilkynningar.

7. Nú tengist tillaga um breytingu á viðbæti tillögu um breytingu á samningnum eða viðauka og skal þá fara um breytingu á viðbætinum eftir sömu ákvæðum og eiga við um tillögur um breytingu á samningnum eða þeim viðauka.

shall be communicated to all Contracting Parties to the Convention by the Executive Secretary of the Commission as provided for in paragraph 2 of Article 15.

2. The Commission shall adopt the amendment to an Appendix by a three-quarters majority vote of the Contracting Parties bound by that Appendix.

3. An amendment to an Appendix shall enter into force on the expiry of a period of two hundred days after its adoption for those Contracting Parties which are bound by that Appendix and have not within that period notified the Depositary Government in writing that they are unable to accept that amendment, provided that at the expiry of that period three-quarters of the Contracting Parties bound by that Appendix have either voted for the amendment and not withdrawn their acceptance or have notified the Depositary Government in writing that they are able to accept the amendment.

4. A notification under paragraph 3 of this Article to the Depositary Government may indicate that a Contracting Party is unable to accept the amendment insofar as it relates to one or more of its dependent or autonomous territories to which the Convention applies.

5. An amendment to an Appendix shall become binding on any other Contracting Party bound by the Appendix which has notified the Depositary Government in writing that it is able to accept the amendment from the moment of that notification or after the expiry of a period of two hundred days after the adoption of the amendment, whichever is later.

6. The Depositary Government shall without delay notify all Contracting Parties of any such notification received.

7. If the amendment of an Appendix is related to an amendment to the Convention or an Annex, the amendment of the Appendix shall be governed by the same provisions as apply to the amendment to the Convention or that Annex.

20. gr.
Atkvæðisréttur.

1. Hver samningsaðili hefur eitt atkvæði í nefndinni.

2. Þegar Efnahagsbandalag Evrópu og aðrar svæðisstofnanir um efnahagslega samvinnu eiga hlut að máli eiga þær, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar, rétt á jafnmörgum atkvæðum og fjöldi aðila að þessum samningi innan stofn-

Article 20
Right to vote

1. Each Contracting Party shall have one vote in the Commission.

2. Notwithstanding the provisions of paragraph 1 of this Article, the European Economic Community and other regional economic integration organisations, within the areas of their competence, are entitled to a number of votes

ananna segir til um. Slíkar stofnanir skulu eigi nýta atkvæðisrétt sinn þegar aðildarríki þeirra nýta atkvæðisrétt sinn og öfugt.

21. gr.
Mengun sem nær út fyrir yfirráðasvæði.

1. Þegar búist er við að mengun, sem á uppruna sinn hjá samningsaðila, komi til með að skaða hagsmuni eins eða fleiri hinna samningsaðilanna skulu hlutaðeigandi samningsaðilar hafa samráð, að beiðni einhvers þeirra, í því skyni að gera með sér samstarfssamning.

2. Nefndin skal taka málið til meðferðar að beiðni einhvers hlutaðeigandi samningsaðila og er henni heimilt að gera tillögur með það að markmiði að viðunandi lausn náist.

3. Í samningi, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, er meðal annars heimilt að tiltaka þau svæði sem hann nær til, þau gæðamörk sem stefnt skal að og leiðir til að ná þessum mörkum, þar með talið hvernig beita skuli viðeigandi stöðlum og hvaða vísindalegum og tæknilegum upplýsingum skuli safnað.

4. Þeir samningsaðilar, er undirrita slíkan samning, skulu, fyrir milligöngu nefndarinnar, tilkynna öðrum samningsaðilum um efni samningsins og hvernig miði að hrinda honum í framkvæmd.

22. gr.
Skýrslugjöf til nefndarinnar.

Samningsaðilar skulu, með reglubundnum hætti, skila nefndinni skýrslum um:

a) lagalegar, stjórnunarlegar eða aðrar aðgerðir sem þeir ráðast í til að framkvæma ákvæði samningsins og um ákvarðanir og tilmæli sem samþykkt eru samkvæmt honum, sérstaklega þær aðgerðir sem gripið er til til að koma í veg fyrir og refsa fyrir breytni sem brýtur gegn þeim ákvæðum;

b) gagnsemi ráðstafana sem vísað er til í a-lið þessarar greinar;

c) vandamál sem upp koma við framkvæmd ákvæðanna sem vísað er til í a-lið þessarar greinar.

23. gr.
Hlýðni.

Nefndin skal:

a) meta hlýðni samningsaðila við samninginn og ákvarðanir og tilmæli sem samþykkt eru

equal to the number of their member States which are Contracting Parties to the Convention. Those organisations shall not exercise their right to vote in cases where their Member States exercise theirs and conversely.

Article 21
Transboundary pollution

1. When pollution originating from a Contracting Party is likely to prejudice the interests of one or more of the other Contracting Parties to the Convention, the Contracting Parties concerned shall enter into consultation, at the request of any one of them, with a view to negotiating a cooperation agreement.

2. At the request of any Contracting Party concerned, the Commission shall consider the question and may make recommendations with a view to reaching a satisfactory solution.

3. An agreement referred to in paragraph 1 of this Article may, inter alia, define the areas to which it shall apply, the quality objectives to be achieved and the methods for achieving these objectives, including methods for the application of appropriate standards and the scientific and technical information to be collected.

4. The Contracting Parties signatory to such an agreement shall, through the medium of the Commission, inform the other Contracting Parties of its purport and of the progress made in putting it into effect.

Article 22
Reporting to the Commission

The Contracting Parties shall report to the Commission at regular intervals on:

(a) the legal, regulatory, or other measures taken by them for the implementation of the provisions of the Convention and of decisions and recommendations adopted thereunder, including in particular measures taken to prevent and punish conduct in contravention of those provisions;

(b) the effectiveness of the measures referred to in subparagraph (a) of this Article;

(c) problems encountered in the implementation of the provisions referred to in subparagraph (a) of this Article.

Article 23
Compliance

The Commission shall:

(a) on the basis of the periodical reports referred to in Article 22 and any other report sub-

samkvæmt honum, á grundvelli þeirra reglubundnu skýrslna sem vísað er til í 22. gr. og annarra skýrslna sem samningsaðilar leggja fram;

b) þegar við á, ákveða og hvetja til þess að gerðar séu ráðstafanir til að tryggja fulla hlýðni við samninginn og ákvarðanir sem samþykktar eru samkvæmt honum, og stuðla að framkvæmd tilmæla, þar með talin tilmæli um aðgerðir til að aðstoða samningsaðila við að uppfylla skuldbindingar sínar.

24. gr.
Svæðisskipting.

Nefndinni er heimilt að ákveða að allar ákvarðanir eða tilmæli sem hún samþykkir skuli taka til alls eða tilgreinds hluta hafsvæðisins og er heimilt að kveða á um að mismunandi tímaáætlunum sé fylgt, með hliðsjón af hinum mismunandi vistfræðilegu og efnahagslegu aðstæðum á hinum mismunandi svæðum og undirsvæðum sem samningurinn tekur til.

25. gr.
Undirritun.

Samningurinn skal liggja frammi til undirritunar í París 22. september 1992 til 30. júní 1993 af hálfu:

a) aðilanna að Óslóarsamningnum og Parísarsamningnum;

b) allra annarra strandríkja sem land eiga að hafsvæðinu;

c) sérhvers ríkis sem á land að vatnsfarvegum er ná til hafsvæðisins;

d) sérhverrar svæðisstofnunar um efnahagslega samvinnu, ef a.m.k. eitt þeirra ríkja, sem einhver af a- til c-liðum þessarar greinar á við, er aðili að þeirri stofnun.

26. gr.
Fullgilding, staðfesting eða samþykki.

Samningurinn skal háður fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykkisskjölum skal komið til ríkisstjórnar Frakklands til vörslu.

27. gr.
Aðild.

1. Eftir 30. júní 1993 skal þeim ríkjum og svæðisstofnunum um efnahagslega samvinnu, sem vísað er til í 25. gr., heimilt að gerast aðilar að samningnum.

2. Samningsaðilum er heimilt að bjóða ríkjum eða svæðisstofnunum um efnahagslega sammitted by the Contracting Parties, assess their compliance with the Convention and the decisions and recommendations adopted thereunder;

(b) when appropriate, decide upon and call for steps to bring about full compliance with the Convention, and decisions adopted thereunder, and promote the implementation of recommendations, including measures to assist a Contracting Party to carry out its obligations.

Article 24
Regionalisation

The Commission may decide that any decision or recommendation adopted by it shall apply to all, or a specified part, of the maritime area and may provide for different timetables to be applied, having regard to the differences between ecological and economic conditions in the various regions and sub-regions covered by the Convention.

Article 25
Signature

The Convention shall be open for signature at Paris from 22nd September 1992 to 30th June 1993 by:

(a) the Contracting Parties to the Oslo Convention or the Paris Convention;

(b) any other coastal State bordering the maritime area;

(c) any State located upstream on watercourses reaching the maritime area;

(d) any regional economic integration organisation having as a member at least one State to which any of the subparagraphs (a) to (c) of this Article applies.

Article 26
Ratification, acceptance or approval

The Convention shall be subject to ratification, acceptance or approval. The instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Government of the French Republic.

Article 27
Accessions

1. After 30th June 1993, the Convention shall be open for accession by the States and regional economic integration organisations referred to in Article 25.

2. The Contracting Parties may unanimously invite States or regional economic integration

vinnu, sem ekki er vísað til í 25. gr., að gerast aðilar að samningnum enda sé það samþykkt einróma. Þegar um slíka aðild er að ræða skal skilgreiningu hafsvæðisins breytt, ef nauðsyn ber til, með ákvörðun nefndarinnar sem samningsaðilarnir samþykkja einróma. Allar slíkar breytingar skulu taka gildi eftir einróma staðfestingu allra samningsaðilanna á þrítugasta degi eftir að ríkisstjórninni, sem er vörsluaðili samningsins, hefur borist síðasta tilkynningin.

3. Sérhver slík aðild skal taka til samningsins að meðtöldum öllum viðaukum og viðbætum sem staðfestir hafa verið þegar slík aðild á sér stað, nema í aðildarskjalinu komi fram skýlaus yfirlýsing þess efnis að einn eða fleiri viðaukar, aðrir en I., II., III. og IV. viðauki, séu ekki samþykktir.

4. Aðildarskjölunum skal komið til ríkisstjórnar Frakklands til vörslu.

organisations not referred to in Article 25 to accede to the Convention. In the case of such an accession, the definition of the maritime area shall, if necessary, be amended by a decision of the Commission adopted by unanimous vote of the Contracting Parties. Any such amendment shall enter into force after unanimous approval of all the Contracting Parties on the thirtieth day after the receipt of the last notification by the Depositary Government.

3. Any such accession shall relate to the Convention including any Annex and any Appendix that have been adopted at the date of such accession, except when the instrument of accession contains an express declaration of non-acceptance of one or several Annexes other than Annexes I, II, III and IV.

4. The instruments of accession shall be deposited with the Government of the French Republic.

28. gr.
Fyrirvarar.

Ekki má gera neina fyrirvara við samninginn.

Article 28
Reservations

No reservation to the Convention may be made.

29. gr.
Gildistaka.

1. Samningur þessi skal öðlast gildi á þrítugasta degi eftir að allir aðilar að Óslóarsamningnum og allir aðilar að Parísarsamningnum hafa komið fullgildingar-, staðfestingar-, samþykkis- eða aðildarskjali til vörslu.

2. Að því er varðar ríki eða svæðisstofnanir um efnahagslega samvinnu, sem ekki er getið um í 1. mgr. þessarar greinar, skal samningur þessi öðlast gildi í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar eða á þrítugasta degi eftir að ríkið eða svæðisstofnunin um efnahagslega samvinnu kemur fullgildingar-, staðfestingar-, samþykkis- eða aðildarskjali sínu til vörslu, hvort heldur kemur síðar til.

Article 29
Entry into force

1. The Convention shall enter into force on the thirtieth day following the date on which all Contracting Parties to the Oslo Convention and all Contracting Parties to the Paris Convention have deposited their instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

2. For any State or regional economic integration organisation not referred to in paragraph 1 of this Article, the Convention shall enter into force in accordance with paragraph 1 of this Article, or on the thirtieth day following the date of the deposit of the instrument of ratification, acceptance, approval or accession by that State or regional economic integration organisations, whichever is later.

30. gr.
Uppsögn.

1. Samningsaðila er heimilt að segja upp samningnum með skriflegri tilkynningu til ríkisstjórnarinnar, sem er vörsluaðili samningsins, hvenær sem er eftir að tvö ár eru liðin frá því að samningurinn öðlaðist gildi að því er viðkomandi samningsaðila varðar.

2. Sérhverjum samningsaðila er heimilt að segja upp viðauka, öðrum en I.–IV. viðauka, með skriflegri tilkynningu til ríkisstjórnarinnar,

Article 30
Withdrawal

1. At any time after the expiry of two years from the date of entry into force of the Convention for a Contracting Party, that Contracting Party may withdraw from the Convention by notification in writing to the Depositary Government.

2. Except as may be otherwise provided in an Annex other than Annexes I to IV to the Convention, any Contracting Party may at any

sem er vörsluaðili samningsins, hvenær sem er eftir að tvö ár eru liðin frá því að sá viðauki öðlaðist gildi að því er viðkomandi samningsaðila varðar, enda sé ekki öðruvísi kveðið á um í viðaukanum.

3. Sérhver uppsögn, sem vísað er til í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, skal öðlast gildi einu ári eftir að ríkisstjórninni, sem er vörsluaðili samningsins, barst tilkynning um uppsögnina.

31. gr.
Gildi í stað Óslóar- og Parísarsamninganna.

1. Þegar samningurinn öðlast gildi skal hann koma í staðinn fyrir Óslóar- og Parísarsamningana hvað samningsaðilana varðar.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar skulu ákvarðanir, tilmæli og allir aðrir samningar, sem samþykktir voru samkvæmt Óslóarsamningnum eða Parísarsamningnum, halda gildi sínu óbreyttir hvað lagalegt eðli varðar, að því marki sem þeir samrýmast þessum samningi, eða eru ekki beinlínis ógiltir með honum, ákvörðunum samkvæmt honum eða, þegar um er að ræða gildandi tilmæli, tilmælum samkvæmt samningnum.

32. gr.
Lausn deilumála.

1. Nú kemur upp deila milli samningsaðila um túlkun eða framkvæmd samningsins, sem hlutaðeigandi samningsaðilar geta ekki leyst með öðrum hætti, til dæmis með rannsókn eða sáttargerð í nefndinni, og skal þá vísa deilunni í gerð að beiðni einhvers þessara samningsaðila samkvæmt þeim skilmálum sem tilgreindir eru í þessari grein.

2. Svo fremi að deiluaðilar ákveði ekki annað skal meðferð gerðar, sem vísað er til í 1. mgr. þessarar greinar, vera í samræmi við 3. til 10. mgr. þessarar greinar.

3.a) Gerðardómur skal skipaður að beiðni samningsaðila sem beint er til annars samningsaðila samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar. Í beiðni um gerðarmeðferð skal tiltaka efni málsins og sérstaklega þær greinar samningsins sem ágreiningur er um varðandi túlkun eða framkvæmd.

b) Beiðandi skal tilkynna nefndinni að hann hafi farið þess á leit að skipaður verði gerðardómur og skal hann tiltaka nafn hins deiluaðilans og þær greinar samningsins sem hann telur

time after the expiry of two years from the date of entry into force of such Annex for that Contracting Party withdraw from such Annex by notification in writing to the Depositary Government.

3. Any withdrawal referred to in paragraphs 1 and 2 of this Article shall take effect one year after the date on which the notification of that withdrawal is received by the Depositary Government.

Article 31
Replacement of the Oslo and Paris Conventions

1. Upon its entry into force, the Convention shall replace the Oslo and Paris Conventions as between the Contracting Parties.

2. Notwithstanding paragraph 1 of this Article, decisions, recommendations and all other agreements adopted under the Oslo Convention or the Paris Convention shall continue to be applicable, unaltered in their legal nature, to the extent that they are compatible with, or not explicitly terminated by, the Convention, any decisions or, in the case of existing recommendations, any recommendations adopted thereunder.

Article 32
Settlement of disputes

1. Any disputes between Contracting Parties relating to the interpretation or application of the Convention, which cannot be settled otherwise by the Contracting Parties concerned, for instance by means of inquiry or conciliation within the Commission, shall at the request of any of those Contracting Parties, be submitted to arbitration under the conditions laid down in this Article.

2. Unless the parties to the dispute decide otherwise, the procedure of the arbitration referred to in paragraph 1 of this Article shall be in accordance with paragraphs 3 to 10 of this Article.

3.(a) At the request addressed by one Contracting Party to another Contracting Party in accordance with paragraph 1 of this Article, an arbitral tribunal shall be constituted. The request for arbitration shall state the subject matter of the application including in particular the Articles of the Convention, the interpretation or application of which is in dispute.

(b) The applicant party shall inform the Commission that it has requested the setting up of an arbitral tribunal, stating the name of the other party to the dispute and the Articles of the

valda ágreiningi um túlkun eða framkvæmd. Nefndin skal koma slíkum upplýsingum til allra samningsaðila.

4. Gerðardómurinn skal skipaður þremur mönnum. Hvor deiluaðili tilnefnir einn gerðarmann. Gerðarmennirnir tveir, sem þannig eru tilnefndir, skulu koma sér saman um skipun þriðja gerðarmannsins sem skal vera formaður dómsins. Hinn síðastnefndi skal ekki vera ríkisborgari annars hvors deiluaðilans né hafa fasta búsetu á landsvæði annars hvors deiluaðilans né vera starfandi fyrir annan hvorn né hafa haft afskipti af málinu á einhvern annan hátt.

5.a) Nú er formaður gerðardómsins ekki skipaður innan tveggja mánaða frá því að seinni gerðarmaðurinn var tilnefndur og skal forseti Alþjóðadómstólsins, að beiðni annars hvors aðilans, skipa hann innan næstu tveggja mánaða.

b) Nú tilnefnir annar deiluaðilinn ekki gerðarmann innan tveggja mánaða frá móttöku beiðninnar og getur þá hinn deiluaðilinn tilkynnt það forseta Alþjóðadómstólsins sem þá skal skipa formann gerðardómsins innan næstu tveggja mánaða. Síðan skal skipaður formaður gerðardómsins óska eftir því við aðilann, sem ekki hefur tilnefnt gerðarmann, að hann geri það innan tveggja mánaða. Að þeim fresti liðnum skal hann tilkynna forseta Alþjóðadómstólsins þar um og skal hann þá tilnefna í stöðuna innan næstu tveggja mánaða.

6. a) Gerðardómurinn úrskurðar samkvæmt reglum þjóðaréttar og þá sérstaklega reglum samningsins.

b) Gerðardómur sem skipaður hefur verið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar setur sér sínar eigin málsmeðferðarreglur.

c) Nú kemur upp deila um það hvort gerðardómurinn hafi lögsögu og skal þá leyst úr henni með úrskurði gerðardómsins.

7.a) Ákvarðanir gerðardómsins, bæði um málsmeðferð og efni málsins, skulu teknar með meiri hluta atkvæða gerðarmanna.

b) Gerðardóminum er heimilt að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að upplýsa staðreyndir málsins. Að beiðni annars aðilans er dóminum heimilt að mæla með nauðsynlegum verndarráðstöfunum til bráðabirgða.

c) Ef tveir eða fleiri gerðardómar, skipaðir samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, fara með

Convention the interpretation or application of which, in its opinion, is in dispute. The Commission shall forward the information thus received to all Contracting Parties to the Convention.

4. The arbitral tribunal shall consist of three members: each of the parties to the dispute shall appoint an arbitrator; the two arbitrators so appointed shall designate by common agreement the third arbitrator who shall be the chairman of the tribunal. The latter shall not be a national of one of the parties to the dispute, nor have his usual place of residence in the territory of one of these parties, nor be employed by any of them, nor have dealt with the case in any other capacity.

5.(a) If the chairman of the arbitral tribunal has not been designated within two months of the appointment of the second arbitrator, the President of the International Court of Justice shall, at the request of either party, designate him within a further two months' period.

(b) If one of the parties to the dispute does not appoint an arbitrator within two months of receipt of the request, the other party may inform the President of the International Court of Justice who shall designate the chairman of the arbitral tribunal within a further two months' period. Upon designation, the chairman of the arbitral tribunal shall request the party which has not appointed an arbitrator to do so within two months. After such period, he shall inform the President of the International Court of Justice who shall make this appointment within a further two months' period.

6.(a) The arbitral tribunal shall decide according to the rules of international law and, in particular, those of the Convention.

(b) Any arbitral tribunal constituted under the provisions of this Article shall draw up its own rules of procedure.

(c) In the event of a dispute as to whether the arbitral tribunal has jurisdiction, the matter shall be decided by the decision of the arbitral tribunal.

7.(a) The decisions of the arbitral tribunal, both on procedure and on substance, shall be taken by majority voting of its members.

(b) The arbitral tribunal may take all appropriate measures in order to establish the facts. It may, at the request of one of the parties, recommend essential interim measures of protection.

(c) If two or more arbitral tribunals constituted under the provisions of this Article are seized

beiðnir sem varða sams konar eða hliðstæð mál geta þeir upplýst hver annan um meðferðina við að upplýsa staðreyndir málsins og tekið mið af henni að svo miklu leyti sem hægt er.

d) Deiluaðilar skulu leggja til alla aðstöðu sem nauðsynleg er til þess að málið fái greiða meðferð.

e) Útivist eins deiluaðila skal ekki vera málsmeðferð til fyrirstöðu.

8. Ef gerðardómurinn kveður ekki á um annað vegna sérstakra málsatvika skulu deiluaðilar greiða jafna hluta af útgjöldum gerðardómsins, þar með talda þóknun til gerðarmanna. Gerðardómurinn skal halda bókhald yfir öll útgjöld sín og láta deiluaðilum í té lokauppgjör þar að lútandi.

9. Sérhverjum samningsaðila, sem á lögvarinna hagsmuna að gæta varðandi efni deilumálsins sem úrskurðurinn í deilumálinu kynni að hafa áhrif á, er heimil meðalganga með samþykki gerðardómsins.

10.a) Úrskurði gerðardómsins skal fylgja rökstuðningur. Hann skal vera endanlegur og bindandi fyrir deiluaðila.

b) Hvorum aðila um sig er heimilt að vísa ágreiningi, sem kann að rísa milli þeirra um túlkun eða framkvæmd úrskurðarins, til gerðardómsins sem kvað hann upp, eða, ef hann er ekki til taks, til annars gerðardóms sem skipaður er í þessum tilgangi með sama hætti og fyrri gerðardómurinn.

33. gr.
Skyldur þeirrar ríkisstjórnar sem er vörsluaðili samningsins.

Ríkisstjórnin sem er vörsluaðili samningsins skal tilkynna samningsaðilum og þeim sem hafa undirritað samninginn:

a) um afhendingu fullgildingar-, staðfestingar-, samþykkis- eða aðildarskjala, um afhendingu yfirlýsinga um höfnun samþykktar og um afhendingu tilkynninga um uppsögn samkvæmt 26., 27. og 30. gr.;

b) hvenær samningurinn öðlast gildi samkvæmt 29. gr.;

c) um móttöku tilkynninga um staðfestingu, um afhendingu fullgildingar-, staðfestingar-, samþykkis- og aðildarskjala, um gildistöku breytinga á samningnum og um samþykki og breytingar á viðaukum eða viðbætum, samkvæmt 15., 16., 17., 18. og 19. gr.

of requests with identical or similar subjects, they may inform themselves of the procedures for establishing the facts and take them into account as far as possible.

(d) The parties to the dispute shall provide all facilities necessary for the effective conduct of the proceedings.

(e) The absence or default of a party to the dispute shall not constitute an impediment to the proceedings.

8. Unless the arbitral tribunal determines otherwise because of the particular circumstances of the case, the expenses of the tribunal, including the remuneration of its members, shall be borne by the parties to the dispute in equal shares. The tribunal shall keep a record of all its expenses, and shall furnish a final statement thereof to the parties.

9. Any Contracting Party that has an interest of a legal nature in the subject matter of the dispute which may be affected by the decision in the case, may intervene in the proceedings with the consent of the tribunal.

10.(a) The award of the arbitral tribunal shall be accompanied by a statement of reasons. It shall be final and binding upon the parties to the dispute.

(b) Any dispute which may arise between the parties concerning the interpretation or execution of the award may be submitted by either party to the arbitral tribunal which made the award or, if the latter cannot be seized thereof, to another arbitral tribunal constituted for this purpose in the same manner as the first.

Article 33
Duties of the Depositary Government

The Depositary Government shall inform the Contracting Parties and the signatories to the Convention:

(a) of the deposit of instruments of ratification, acceptance, approval or accession, of declarations of non-acceptance and of notifications of withdrawal in accordance with Articles 26, 27 and 30;

(b) of the date on which the Convention comes into force in accordance with Article 29;

(c) of the receipt of notifications of acceptance, of the deposit of instruments of ratification, acceptance, approval or accession and of the entry into force of amendments to the Convention and of the adoption and amendment of Annexes or Appendices, in accordance with Articles 15, 16, 17, 18 and 19.

34. gr.
Frumrit.

Samningur þessi er gerður á frönsku og ensku og eru báðir textar jafngildir. Frumriti samningsins skal komið til vörslu til ríkisstjórnar Frakklands sem skal senda staðfest afrit til samningsaðila og þeirra sem undirritað hafa samninginn, og skal hún einnig afhenda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna staðfest afrit til skrásetningar og birtingar samkvæmt 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

Gjört í París 22. september 1992.

Article 34
Original text

The original of the Convention, of which the French and English texts shall be equally authentic, shall be deposited with the Government of the French Republic which shall send certified copies thereof to the Contracting Parties and the signatories to the Convention and shall deposit a certified copy with the Secretary General of the United Nations for registration and publication in accordance with Article 102 of the United Nations Charter.

In witness whereof, the undersigned, being duly authorised by their respective Governments, have signed this Convention.

Done at Paris, on the twenty-second day of September 1992.

I. VIÐAUKI
Um að koma í veg fyrir og útrýma mengun frá landstöðvum.

1. gr.

1. Þegar ráðist er í áætlanir og aðgerðir er varða þennan viðauka skulu samningsaðilar krefjast þess, annaðhvort hver fyrir sig eða sameiginlega, að notuð sé:
- besta fáanlega tækni að því er varðar afmarkaðar uppsprettur mengunar,
- bestu umhverfisvenjur að því er varðar afmarkaðar og dreifðar uppsprettur mengunar

og einnig, þar sem við á, hrein tækni.

2. Við ákvörðun forgangsraðar og við úttekt á eðli og umfangi áætlananna og aðgerðanna og tímasetningu þeirra skulu samningsaðilar styðjast við þau viðmið sem sett eru fram í 2. viðbæti.

3. Samningsaðilar skulu grípa til fyrirbyggjandi aðgerða til að draga úr hættunni á mengun af völdum óhappa.

4. Þegar ráðist er í áætlanir og aðgerðir er varða geislavirk efni, þar með talinn úrgang, skulu samningsaðilar einnig hafa hliðsjón af:

a) ráðleggingum viðeigandi alþjóðastofnana og annarra stofnana;

b) vöktunarreglum sem þessar alþjóðastofnanir og aðrar stofnanir mæla með.

2. gr.

1. Losun í hafsvæðið frá afmörkuðum uppsprettum mengunar og dreifing í vatn eða út í andrúmsloftið sem nær til hafsvæðisins og kann

ANNEX I
On the prevention and elimination of pollution from land-based sources

Article 1

1. When adopting programmes and measures for the purpose of this Annex, the Contracting Parties shall require, either individually or jointly, the use of
- best available techniques for point sources
- best environmental practice for point and diffuse sources

including, where appropriate, clean technology.

2. When setting priorities and in assessing the nature and extent of the programmes and measures and their time scales, the Contracting Parties shall use the criteria given in Appendix 2.

3. The Contracting Parties shall take preventive measures to minimise the risk of pollution caused by accidents.

4. When adopting programmes and measures in relation to radioactive substances, including waste, the Contracting Parties shall also take account of:

(a) the recommendations of the other appropriate international organisations and agencies;

(b) the monitoring procedures recommended by these international organisations and agencies.

Article 2

1. Point source discharges to the maritime area, and releases into water or air which reach and may affect the maritime area, shall be strict-

að hafa áhrif á það skal alfarið háð leyfi eða reglum þar til bærra stjórnvalda samningsaðila. Í slíkum leyfum eða reglum skal einkum framfylgt viðeigandi ákvörðunum nefndarinnar sem eru bindandi fyrir hlutaðeigandi samningsaðila.

2. Samningsaðilar skulu koma á reglubundnu vöktunar- og eftirlitskerfi af hálfu þar til bærra stjórnvalda þeirra til að meta hvernig farið er eftir leyfum og reglum um losun mengunarefna í vatn eða út í andrúmsloftið.

3. gr.

Að því er varðar þennan viðauka skal það m.a. vera verkefni nefndarinnar að gera:

a) áætlanir um að draga úr og hætta í áföngum notkun efna sem eru eitruð og þrávirk og sem hætta er á að safnist fyrir í lífkeðjunni við losun frá landstöðvum;

b) áætlanir og aðgerðir til að draga úr aðstreymi næringarefna frá borgum, bæjum, iðnaði, landbúnaði og öðrum uppsprettum mengunar, þegar við á.

II. VIÐAUKI
Um að koma í veg fyrir og útrýma mengun af völdum varps eða brennslu.

1. gr.

Viðauki þessi tekur ekki til losunar af ásettu ráði í hafsvæðið á:

a) úrgangi eða öðrum efnum frá mannvirkjum á hafi;

b) mannvirkjum á hafi og leiðslum í hafi.

2. gr.

Brennsla er bönnuð.

3. gr.

1. Bannað er að varpa hvers kyns úrgangi eða öðrum efnum í hafsvæðið, nema um sé að ræða úrgang eða annað efni sem upp er talið í 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

2. Upptalningin sem vísað er til í 1. mgr. þessarar greinar er svohljóðandi:

a) dýpkunarefni;

b) náttúruleg, óvirk efni, þ.e. föst jarðefni sem ekki hafa hlotið efnafræðilega vinnslu og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið;

c) seyra, fram til 31. desember 1998;

d) fiskúrgangur frá fiskverkunarstöðvum;

ly subject to authorisation or regulation by the competent authorities of the Contracting Parties. Such authorisation or regulation shall, in particular, implement relevant decisions of the Commission which bind the relevant Contracting Party.

2. The Contracting Parties shall provide for a system of regular monitoring and inspection by their competent authorities to assess compliance with authorisations and regulations of releases into water or air.

Article 3

For the purposes of this Annex, it shall, inter alia, be the duty of the Commission to draw up:

(a) plans for the reduction and phasing out of substances that are toxic, persistent and liable to bioaccumulate arising from land-based sources;

(b) when appropriate, programmes and mea sures for the reduction of inputs of nutrients from urban, municipal, industrial, agricultural and other sources.

ANNEX II
On the prevention and elimination of pollution by dumping or incineration

Article 1

This Annex shall not apply to any deliberate disposal in the maritime area of:

(a) wastes or other matter from offshore installations;

(b) offshore installations and offshore pipelines.

Article 2

Incineration is prohibited.

Article 3

1. The dumping of all wastes or other matter is prohibited, except for those or other matter listed in paragraphs 2 and 3 of this Article.

2. The list referred to in paragraph 1 of this Article is as follows:

(a) dredged material;

(b) inert materials of natural origin, that is solid, chemically unprocessed geological material the chemical constituents of which are unlikely to be released into the marine environment;

(c) sewage sludge until 31st December 1998;

(d) fish waste from industrial fish processing operations;

e) skip eða loftför, fram til 31. desember 2004 í síðasta lagi.

3. a) Bannað er að varpa efnum í hafsvæðið sem hafa litla geislavirkni eða meðalgeislavirkum efnum, þar með töldum úrgangi.

b) Sem undanþága frá a-lið þessarar málsgreinar skulu þeir samningsaðilar, Stóra-Bretland og Frakkland, sem vilja halda þeim kosti sem felst í undanþágu frá a-lið þessarar málsgreinar hvað sem öðru líður ekki fyrr en að 15 árum liðnum frá 1. janúar 1993, senda fundi nefndarinnar á ráðherrastigi, sem haldinn verður árið 1997, skýrslu um ráðstafanir til að kanna aðra kosti á landi.

c) Ef nefndin ákveður ekki með samhljóða atkvæðum að heimila ekki lengur undanþáguna sem kveðið er á um í b-lið þessarar málsgreinar þegar eða áður en þetta 15 ára tímabil er liðið skal hún ákveða, samkvæmt 13. gr. samningsins, að framlengja bannið í 10 ár frá 1. janúar 2008 að telja og að þeim tíma liðnum skal haldinn annar fundur á ráðherrastigi í nefndinni. Þeir samningsaðilar, sem greinir í b-lið þessarar málsgreinar og vilja áfram halda þeim kosti sem greinir í þeim lið, skulu gefa fundum í nefndinni á ráðherrastigi, sem haldnir verða með tveggja ára millibili frá 1999, skýrslu um hvernig miði að finna aðra kosti á landi og um niðurstöður vísindarannsókna sem sýna að fyrirhugað varp muni ekki stofna heilsu manna í hættu, skaða lifandi náttúruauðlindir eða vistkerfi hafsins, valda tjóni á þokkafullum svæðum eða hindra önnur lögmæt not hafsins.

(e) vessels or aircraft until, at the latest, 31st December 2004.

3.(a) The dumping of low and intermediate level radioactive substances, including wastes, is prohibited.

(b) As an exception to subparagraph 3(a) of this Article, those Contracting Parties, the United Kingdom and France, who wish to retain the option of an exception to subparagraph 3(a) in any case not before the expiry of a period of 15 years from 1st January 1993, shall report to the meeting of the Commission at Ministerial level in 1997 on the steps taken to explore alternative land-based options.

(c) Unless, at or before the expiry of this period of 15 years, the Commission decides by a unanimous vote not to continue the exception provided in subparagraph 3(b), it shall take a decision pursuant to Article 13 of the Convention on the prolongation for a period of 10 years after 1st January 2008 of the prohibition, after which another meeting of the Commission at the Ministerial level shall be held. Those Contracting Parties mentioned in subparagraph 3(b) of this Article still wishing to retain the option mentioned in subparagraph 3(b) shall report to the Commission meetings to be held at Ministerial level at two yearly intervals from 1999 onwards about the progress in establishing alternative land-based options and on the results of scientific studies which show that any potential dumping operations would not result in hazards to human health, harm to living resources or marine ecosystems, damage to amenities or interference with other legitimate uses of the sea.

4. gr.

1. Samningsaðilar skulu tryggja að:

a) úrgangi eða öðrum efnum, sem talin eru upp í 2. mgr. 3. gr. þessa viðauka, verði ekki varpað án leyfis frá þar til bærum stjórnvöldum eða samkvæmt reglum þeirra;

b) slíkt leyfi eða reglur samræmist viðeigandi viðmiðum, leiðbeiningarreglum og starfsvenjum sem nefndin hefur samþykkt samkvæmt 6. gr. þessa viðauka;

c) þar til bær stjórnvöld samningsaðila muni, þegar við á, hafa samráð sín á milli áður en leyfi eru veitt eða reglur settar í því skyni að koma í veg fyrir að fleiri en einn samningsaðili heimili eða setji reglur um sama varpið.

Article 4

1. The Contracting Parties shall ensure that:

(a) no wastes or other matter listed in paragraph 2 of Article 3 of this Annex shall be dumped without authorisation by their competent authorities, or regulation;

(b) such authorisation or regulation is in accordance with the relevant applicable criteria, guidelines and procedures adopted by the Commission in accordance with Article 6 of this Annex;

(c) with the aim of avoiding situations in which the same dumping operation is authorised or regulated by more than one Contracting Party, their competent authorities shall, as appropriate, consult before granting an authorisation or applying regulation.

2. Leyfi eða reglur samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar heimila ekki varp skipa eða loftfara er hafa að geyma efni sem stofna eða eru líkleg til að stofna heilsu manna í hættu, skaða lifandi náttúruauðlindir og vistkerfi hafsins, valda tjóni á þokkafullum svæðum eða hindra önnur lögmæt not hafsins.

3. Sérhver samningsaðili skal halda skrár og gefa nefndinni skýrslur um eðli og magn úrgangs eða annarra efna, sem varpað er samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, og um dagsetningar, staði og aðferðir við varp.

5. gr.

Ekki skal staðsetja efni á hafsvæðinu í öðrum tilgangi en þeim sem það var upprunalega búið til eða hannað fyrir, án leyfis eða reglna af hálfu þar til bærra stjórnvalda hlutaðeigandi samningsaðila. Slíkt leyfi eða reglur skulu vera í samræmi við þau viðmið, leiðbeiningarreglur og starfsvenjur sem nefndin hefur samþykkt í samræmi við 6. gr. þessa viðauka og við eiga. Ekki skal skilja þetta ákvæði svo að það heimili varp úrgangs eða annarra efna sem annars er bannað samkvæmt þessum viðauka.

6. gr.

Að því er varðar þennan viðauka skal nefndinni meðal annars skylt að semja og samþykkja viðmið, leiðbeiningarreglur og starfsvenjur í tengslum við varp úrgangs eða annarra efna, sem upp eru talin í 2. mgr. 3. gr. þessa viðauka, og varðandi staðsetningu efna sem vísað er til í 5. gr. þessa viðauka með það fyrir augum að koma í veg fyrir og útrýma mengun.

7. gr.

Ákvæði þessa viðauka er lúta að varpi skulu ekki eiga við um óviðráðanlegar aðstæður af völdum veðurofsa eða af öðrum orsökum þegar mannslíf, skip eða loftför eru í hættu. Slíku varpi skal hagað með þeim hætti að sem minnstar líkur séu á að það valdi skaða á mönnum eða sjávarlífi og skal nefndinni strax gefin skýrsla um það, ásamt nákvæmri lýsingu á aðstæðum og eðli og magni úrgangsins eða annarra efna sem varpað var.

8. gr.

Samningsaðilar skulu hver um sig og innan viðkomandi alþjóðastofnana gera viðeigandi

2. Any authorisation or regulation under paragraph 1 of this Article shall not permit the dumping of vessels or aircraft containing substances which result or are likely to result in hazards to human health, harm to living resources and marine ecosystems, damage to amenities or interference with other legitimate uses of the sea.

3. Each Contracting Party shall keep, and report to the Commission records of the nature and the quantities of wastes or other matter dumped in accordance with paragraph 1 of this Article, and of the dates, places and methods of dumping.

Article 5

No placement of matter in the maritime area for a purpose other than that for which it was originally designed or constructed shall take place without authorisation or regulation by the competent authority of the relevant Contracting Party. Such authorisation or regulation shall be in accordance with the relevant applicable criteria, guidelines and procedures adopted by the Commission in accordance with Article 6 of this Annex. This provision shall not be taken to permit the dumping of wastes or other matter otherwise prohibited under this Annex.

Article 6

For the purposes of this Annex, it shall, inter alia, be the duty of the Commission to draw up and adopt criteria, guidelines and procedures relating to the dumping of wastes or other matter listed in paragraph 2 of Article 3, and to the placement of matter referred to in Article 5, of this Annex, with a view to preventing and eliminating pollution.

Article 7

The provisions of this Annex concerning dumping shall not apply in case of force majeure, due to stress of weather or any other cause, when the safety of human life or of a vessel or aircraft is threatened. Such dumping shall be so conducted as to minimise the likelihood of damage to human or marine life and shall immediately be reported to the Commission, together with full details of the circumstances and of the nature and quantities of the wastes or other matter dumped.

Article 8

The Contracting Parties shall take appropriate measures, both individually and within relevant

ráðstafanir til að koma í veg fyrir og útrýma mengun af völdum skipa eða loftfara sem yfirgefin eru á hafsvæðinu vegna óhappa. Aðgerðir sem einstakir samningsaðilar grípa til skulu byggðar á þeim leiðbeiningarreglum sem nefndin kann að samþykkja ef ekki eru fyrir hendi viðeigandi leiðbeiningar frá þeim alþjóðastofnunum sem hlut eiga að máli.

9. gr.

Þegar um neyðartilfelli er að ræða og samningsaðili telur að ekki sé hægt að losna við úrgang eða önnur efni, sem bannað er að varpa samkvæmt þessum viðauka, á landi án óviðunandi hættu eða spjalla skal hann þegar í stað ráðfæra sig við aðra samningsaðila með það fyrir augum að finna bestu aðferðirnar til geymslu eða bestu leiðirnar til eyðingar eða losunar við ríkjandi aðstæður. Samningsaðilinn skal tilkynna nefndinni um þær aðgerðir sem gripið er til eftir að þetta samráð hefur átt sér stað. Samningsaðilar heita því að aðstoða hver annan við slíkar aðstæður.

10. gr.

1. Hver samningsaðili skal tryggja að eftirfarandi hlíti ákvæðum þessa viðauka:

a) skip eða loftför sem skráð eru á yfirráðasvæði hans;

b) skip eða loftför sem á yfirráðasvæði hans eru fermd úrgangi eða öðrum efnum sem varpa skal eða brenna;

c) skip eða loftför sem talið er að varpi eða brenni á innsævi hans eða innan landhelgi hans eða á þeim hluta hafsins sem er utan landhelginnar og liggur að henni og lýtur lögsögu strandríkisins að svo miklu leyti sem viðurkennt er að þjóðarétti.

2. Hver samningsaðili skal gefa út fyrirmæli til skipa sinna og flugvéla í landhelgisgæslu og til annarra viðkomandi stofnana um að tilkynna til stjórnvalda hvert atvik eða aðstæður á hafsvæðinu sem vekja grun um að varp hafi átt sér stað eða muni eiga sér stað andstætt ákvæðum þessa viðauka. Nú fá stjórnvöld samningsaðila slíka tilkynningu og skal hann þá tilkynna þetta sérhverjum öðrum samningsaðila sem hlut á að máli ef hann telur það við hæfi.

3. Ekkert í þessum viðauka skal skerða þá friðhelgi á grundvelli fullveldis sem tiltekin skip njóta að þjóðarétti.

international organisations, to prevent and eliminate pollution resulting from the abandonment of vessels or aircraft in the maritime area caused by accidents. In the absence of relevant guidance from such international organisations, the measures taken by individual Contracting Parties should be based on such guidelines as the Commission may adopt.

Article 9

In an emergency, if a Contracting Party considers that wastes or other matter the dumping of which is prohibited under this Annex cannot be disposed of on land without unacceptable danger or damage, it shall forthwith consult other Contracting Parties with a view to finding the most satisfactory methods of storage or the most satisfactory means of destruction or disposal under the prevailing circumstances. The Contracting Party shall inform the Commission of the steps adopted following this consultation. The Contracting Parties pledge themselves to assist one another in such situations.

Article 10

1. Each Contracting Party shall ensure compliance with the provisions of this Annex:

(a) by vessels or aircraft registered in its territory;

(b) by vessels or aircraft loading in its territory the wastes or other matter which are to be dumped or incinerated;

(c) by vessels or aircraft believed to be engaged in dumping or incineration within its internal waters or within its territorial sea or within that part of the sea beyond and adjacent to the territorial sea under the jurisdiction of the coastal state to the extent recognised by international law.

2. Each Contracting Party shall issue instructions to its maritime inspection vessels and aircraft and to other appropriate services to report to its authorities any incidents or conditions in the maritime area which give rise to suspicions that dumping in contravention of the provisions of the present Annex has occurred or is about to occur. Any Contracting Party whose authorities receive such a report shall, if it considers it appropriate, accordingly inform any other Contracting Party concerned.

3. Nothing in this Annex shall abridge the sovereign immunity to which certain vessels are entitled under international law.

III. VIÐAUKI
Um að koma í veg fyrir og útrýma mengun frá uppsprettum á hafi.

1. gr.

Viðauki þessi skal ekki taka til losunar í hafsvæðið af ásetningi á:

a) úrgangi eða öðru efni frá skipum eða loftförum eða

b) skipum eða loftförum.

2. gr.

1. Þegar ráðist er í áætlanir og aðgerðir er varða þennan viðauka skulu samningsaðilar krefjast þess, annaðhvort hver um sig eða sameiginlega, að notuð sé:

a) besta fáanlega tækni og

b) bestu umhverfisvenjur

og einnig, þar sem við á, hrein tækni.

2. Við ákvörðun forgangsraðar og við úttekt á eðli og umfangi áætlananna og aðgerðanna og tímasetningu þeirra skulu samningsaðilar styðjast við þau viðmið sem sett eru fram í 2. viðbæti.

3. gr.

1. Allt varp úrgangs eða annarra efna frá mannvirkjum á hafi er bannað.

2. Bann þetta tekur ekki til losunar eða útrennslis frá uppsprettum á hafi.

4. gr.

1. Notkun á efnum í uppsprettum á hafi sem geta náð til og haft áhrif á hafsvæðið eða losun eða útrennsli slíkra efna frá uppsprettum á hafi skal alfarið háð leyfi eða reglum þar til bærra stjórnvalda samningsaðila. Í slíkum leyfum eða reglum skal einkum framfylgt viðeigandi ákvörðunum, tilmælum og öllum öðrum samningum sem máli skipta og samþykktir eru samkvæmt samningnum.

2. Þar til bær stjórnvöld samningsaðila skulu koma á vöktunar- og eftirlitskerfi til að meta hvernig farið sé eftir leyfum og reglum eins og kveðið er á um í 1. mgr. 4. gr. þessa viðauka.

5. gr.

1. Mannvirkjum á hafi eða leiðslum í hafi, sem hætt er að nota, skal ekki varpað í hafsvæðið og mannvirki á hafi, sem hætt er að nota, skulu ekki skilin eftir að hluta eða öllu leyti á hafsvæðinu án leyfis sem þar til bær stjórnvöld viðkomandi samningsaðila gefa út í hverju tilviki fyrir sig. Samningsaðilar skulu tryggja að stjórnvöld þeirra fari, við veitingu slíkra leyfa,

ANNEX III
On the prevention and elimination of pollution from offshore sources

Article 1

This Annex shall not apply to any deliberate disposal in the maritime area of:

(a) wastes or other matter from vessels or aircraft;

(b) vessels or aircraft.

Article 2

1. When adopting programmes and measures for the purpose of this Annex, the Contracting Parties shall require, either individually or jointly, the use of:

(a) best available techniques

(b) best environmental practice

including, where appropriate, clean technology.

2. When setting priorities and in assessing the nature and content of the programmes and measures and their time scales, the Contracting Parties shall use the criteria given in Appendix 2.

Article 3

1. Any dumping of wastes or other matter from offshore installations is prohibited.

2. This prohibition does not relate to discharges or emissions from offshore sources.

Article 4

1. The use on, or the discharge of emission from, offshore sources of substances which may reach and affect the maritime area shall be strictly subject to authorisation or regulation by the competent authorities of the Contracting Parties. Such authorisation or regulation shall in particular, implement the relevant applicable decisions, recommendations and all other agreements adopted under the Convention.

2. The competent authorities of the Contracting Parties shall provide for a system of monitoring and inspection to assess compliance with authorisation or regulation as provided for in paragraph 1 of Article 4 of this Annex.

Article 5

1. No disused offshore installation or disused offshore pipeline shall be dumped and no disused offshore installation shall be left wholly or partly in place in the maritime area without a permit issued by the competent authority of the relevant Contracting Party on a case-by-case basis. The Contracting Parties shall ensure that their authorities, when granting such permits,

eftir viðeigandi ákvörðunum, tilmælum og öllum öðrum samningum sem samþykktir eru á grundvelli samningsins.

2. Ekki skal gefa út slíkt leyfi ef mannvirkið á hafinu eða leiðslurnar í hafinu, sem hætt er að nota, hafa að geyma efni sem stofna eða eru líkleg til að stofna heilsu manna í hættu, skaði lifandi náttúruauðlindir og vistkerfi hafsins, valdi tjóni á þokkafullum svæðum eða hindri önnur lögmæt not hafsins.

3. Sérhver samningsaðili sem hefur í hyggju að ákveða að gefa út leyfi fyrir varp mannvirkja á hafi eða leiðslna í hafi, sem hætt er að nota, í hafsvæðið eftir 1. janúar 1998 skal, fyrir milligöngu nefndarinnar, tilkynna öðrum samningsaðilum um ástæður þess að hann samþykkir slíkt varp til þess að unnt sé að hafa samráð um málið.

4. Hver samningsaðili skal halda skrár og gefa nefndinni skýrslur um þau mannvirki á hafi og þær leiðslur í hafi, sem hætt er að nota og varpað hefur verið, og um þau mannvirki á hafi, sem hætt er að nota og sem skilin hafa verið eftir í samræmi við ákvæði þessarar greinar, og um dagsetningar, staðsetningar og aðferðir við varp.

6. gr.

3. og 5. gr. þessa viðauka skulu ekki eiga við um óviðráðanlegar aðstæður af völdum veðurofsa eða af öðrum orsökum þegar mannslíf eða mannvirki á hafi eru í hættu. Slíku varpi skal hagað með þeim hætti að sem minnstar líkur séu á að það valdi skaða á mönnum eða sjávarlífi og skal nefndinni strax gefin skýrsla um það, ásamt nákvæmri lýsingu á aðstæðum og eðli og magni þess efnis sem varpað var.

7. gr.

Samningsaðilar skulu, hver fyrir sig og innan viðkomandi alþjóðastofnana, gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir og útrýma mengun af völdum þess að mannvirki á hafi eru yfirgefin á hafsvæðinu vegna óhappa. Aðgerðir, sem einstakir samningsaðilar grípa til, skulu byggðar á þeim leiðbeiningarreglum sem nefndin kann að samþykkja ef ekki eru fyrir hendi viðeigandi leiðbeiningar frá þeim alþjóðastofnunum sem hlut eiga að máli.

8. gr.

Ekki skal staðsetja á hafsvæðinu mannvirki á hafi eða leiðslur í hafi, sem hætt er að nota, í öðrum tilgangi en þeim sem þau voru upp-

shall implement the relevant applicable decisions, recommendations and all other agreements adopted under the Convention.

2. No such permit shall be issued if the disused offshore installation or disused offshore pipeline contains substances which result or are likely to result in hazards to human health, harm to living resources and marine ecosystems, damage to amenities or interference with other legitimate uses of the sea.

3. Any Contracting Party which intends to take the decision to issue a permit for the dumping of a disused offshore installation or a disused offs hore pipeline placed in the maritime area after 1st January 1998 shall, through the medium of the Commission, inform the other Contracting Parties of its reasons for accepting such dumping, in order to make consultation possible.

4. Each Contracting Party shall keep, and report to the Commission, records of the disused offshore installations and disused offshore pipelines dumped and of the disused offshore installations left in place in accordance with the provisions of this Article, and of the dates, places and methods of dumping.

Article 6

Articles 3 and 5 of this Annex shall not apply in case of force majeure, due to stress of weather or any other cause, when the safety of human life or of an offshore installation is threatened. Such dumping shall be so conducted as to minimise the likelihood of damage to human or marine life and shall immediately be reported to the Commission, together with full details of the circumstances and of the nature and quantities of the matter dumped.

Article 7

The Contracting Parties shall take appropriate measures, both individually and within relevant international organisations, to prevent and eliminate pollution resulting from the abandonment of offshore installations in the maritime area caused by accidents. In the absence of relevant guidance from such international organisations, the measures taken by individual Contracting Parties should be based on such guidelines as the Commission may adopt.

Article 8

No placement of a disused offshore installation or a disused offshore pipeline in the maritime area for a purpose other than that for which

lega búin til eða hönnuð fyrir án leyfis eða reglna af hálfu þar til bærra stjórnvalda hlutaðeigandi samningsaðila. Slíkt leyfi eða reglur skulu vera í samræmi við þau viðmið, leiðbeiningarreglur og starfsvenjur sem nefndin hefur samþykkt í samræmi við d-lið 10. gr. þessa viðauka og við eiga. Ekki skal skilja þetta ákvæði svo að það heimili varp mannvirkja á hafi eða leiðslna í hafi, sem hætt er að nota, andstætt ákvæðum þessa viðauka.

it was originally designed or constructed shall take place without authorisation or regulation by the competent authority of the relevant Contracting Party. Such authorisation or regulation shall be in accordance with the relevant applicable criteria, guidelines and procedures adopted by the Commission in accordance with subparagraph (d) of Article 10 of this Annex. This provision shall not be taken to permit the dumping of disused offshore installations or disused offshore pipelines in contravention of the provisions of this Annex.

9. gr.

1. Hver samningsaðili skal gefa út fyrirmæli til skipa sinna og flugvéla í landhelgisgæslu og til annarra viðkomandi stofnana um að tilkynna til stjórnvalda hvert atvik eða aðstæður á hafsvæðinu sem valda gruni um að varp hafi átt sér stað eða muni eiga sér stað andstætt ákvæðum þessa viðauka. Nú fá stjórnvöld samningsaðila slíka tilkynningu og skal hann þá tilkynna þetta sérhverjum öðrum samningsaðila sem hlut á að máli ef hann telur það við hæfi.

2. Ekkert í þessum viðauka skal skerða þá friðhelgi á grundvelli fullveldis sem tiltekin skip njóta að þjóðarétti.

Article 9

1. Each Contracting Party shall issue instructions to its maritime inspection vessels and aircraft and to other appropriate services to report to its authorities any incidents or conditions in the maritime area which give rise to suspicions that a contravention of the provisions of the present Annex has occurred or is about to occur. Any Contracting Party whose authorities receive such a report shall, if it considers it appropriate, accordingly inform any other Contracting Party concerned.

2. Nothing in this Annex shall abridge the sovereign immunity to which certain vessels are entitled under international law.

10. gr.

Að því er varðar þennan viðauka skal nefndinni m.a. skylt:

a) að safna upplýsingum um efni sem notuð eru við starfsemi á hafinu og samþykkja, á grundvelli þeirra upplýsinga, lista yfir efni vegna 1. mgr. 4. gr. þessa viðauka;

b) að gera skrá yfir efni sem eru eitruð, þrávirk og sem hætta er á að safnist fyrir í lífkeðjunni og að gera áætlanir um að draga úr og hætta í áföngum notkun þeirra í eða losun frá uppsprettum á hafi;

c) að setja viðmið, leiðbeiningarreglur og starfsvenjur til að koma í veg fyrir mengun á hafsvæðinu vegna varps mannvirkja á hafi og leiðslna í hafi, sem hætt er að nota, og vegna þess að mannvirki á hafi eru skilin eftir;

d) að setja viðmið, leiðbeiningarreglur og starfsvenjur varðandi staðsetningu mannvirkja á hafi og leiðslna í hafi, sem hætt er að nota og sem vísað er til í 8. gr. þessa viðauka, með það fyrir augum að koma í veg fyrir og útrýma mengun.

Article 10

For the purposes of this Annex, it shall, inter alia, be the duty of the Commission:

(a) to collect information about substances which are used in offshore activities and, on the basis of that information, to agree lists of substances for the purposes of paragraph 1 of Article 4 of this Annex;

(b) to list substances which are toxic, persistent and liable to bioaccumulate and to draw up plans for the reduction and phasing out of their use on, or discharge from, offshore sources;

(c) to draw up criteria, guidelines and procedures for the prevention of pollution from dumping of disused offshore installations and of disused offshore pipelines, and the leaving in place of offshore installations, in the maritime area;

(d) to draw up criteria, guidelines and procedures relating to the placement of disused offshore installations and disused offshore pipelines referred to in Article 8 of this Annex, with a view to preventing and eliminating pollution.

IV. VIÐAUKI
Um mat á ástandi hafrýmisins.

1. gr.

1. Í þessum viðauka merkir „vöktun“ endurteknar mælingar á:

a) ástandi hafrýmisins og hluta þess hvers um sig, þ.e. vatns, botnlaga og lífríkis;

b) starfsemi eða aðstreymi af náttúrulegum eða mannlegum völdum sem kunna að hafa áhrif á ástand hafrýmisins;

c) áhrifum slíkrar starfsemi og slíks aðstreymis.

2. Vöktun getur ýmist haft þann tilgang að tryggja að ákvæði samningsins séu virt, að kanna ástand og þróun eða vera liður í rannsóknum.

2. gr.

Að því er varðar þennan viðauka skulu samningsaðilar:

a) vinna saman að framkvæmd vöktunaráætlana og leggja fyrir nefndina þau gögn sem þannig er aflað;

b) hlíta fyrirmælum um gæðatryggingu og taka þátt í innbyrðis samanburðarmælingum;

c) nota og þróa, hver fyrir sig eða helst sameiginlega, önnur tilhlýðilega löggilt vísindaleg matstæki, svo sem líkön, fjarkönnun og virkar langtímaáætlanir til að meta áhættu;

d) framkvæma, hver fyrir sig eða helst sameiginlega, rannsóknir sem nauðsynlegar eru taldar til að meta ástand hafrýmisins og til að auka þekkingu og vísindalegan skilning á hafrýminu og sérstaklega tengslunum milli aðstreymis, styrks og áhrifa;

e) taka tillit til vísindalegrar þróunar sem talin er hafa notagildi við slíka úttekt og sem átt hefur sér stað annars staðar, annaðhvort að frumkvæði einstakra rannsóknarmanna og rannsóknarstofnana eða með öðrum landsbundnum og alþjóðlegum rannsóknaráætlunum eða á vegum Efnahagsbandalags Evrópu eða annarra svæðisstofnana um efnahagslega samvinnu.

3. gr.

Að því er varðar þennan viðauka skal það m.a. vera hlutverk nefndarinnar:

a) að skilgreina og framkvæma áætlanir um

ANNEX IV
On the assessment of the quality of the marine environment

Article 1

1. For the purposes of this Annex “monitoring” means the repeated measurement of:

(a) the quality of the marine environment and each of its compartments, that is, water, sediments and biota;

(b) activities or natural and anthropogenic inputs which may affect the quality of the marine environment;

(c) the effects of such activities and inputs.

2. Monitoring may be undertaken either for the purposes of ensuring compliance with the Convention, with the objective of identifying patterns and trends or for research purposes.

Article 2

For the purposes of this Annex, the Contracting Parties shall:

(a) cooperate in carrying out monitoring programmes and submit the resulting data to the Commission;

(b) comply with quality assurance prescriptions and participate in intercalibration exercises;

(c) use and develop, individually or preferably jointly, other duly validated scientific assessment tools, such as modelling, remote sensing and progressive risk assessment strategies;

(d) carry out, individually or preferably jointly, research which is considered necessary to assess the quality of the marine environment, and to increase knowledge and scientific understanding of the marine environment and, in particular, of the relationship between inputs, concentration and effects;

(e) take into account scientific progress which is considered to be useful for such assessment purposes and which has been made elsewhere either on the initiative of individual researchers and research institutions, or through other national and international research programmes or under the auspices of the European Economic Community or other regional economic integration organisations.

Article 3

For the purposes of this Annex, it shall, inter alia, be the duty of the Commission:

(a) to define and implement programmes of

samstarf við vöktun og rannsóknir sem tengjast mati, að semja framkvæmdarreglur til leiðbeiningar fyrir þátttakendur í framkvæmd þessara vöktunaráætlana og að samþykkja framsetningu og túlkun niðurstaðna þeirra;

b) að annast mat að teknu tilliti til niðurstaðna vöktunar svo og rannsókna og gagna varðandi aðstreymi efna eða orku inn á hafsvæðið sem kveðið er á um í öðrum viðaukum samningsins, sem og annarra upplýsinga sem máli skipta;

c) að leita, þegar við á, eftir ráðgjöf eða aðstoð þar til bærra svæðisstofnana og annarra þar til bærra alþjóðastofnana og þar til bærra aðila með það fyrir augum að taka mið af nýjustu niðurstöðum vísindalegra rannsókna;

d) að vinna með þar til bærum svæðisstofnunum og öðrum þar til bærum alþjóðastofnunum að úttektum á stöðu gæðamála.

collaborative monitoring and assessment-related research, to draw up codes of practice for the guidance of participants in carrying out these monitoring programmes and to approve the presentation and interpretation of their results;

(b) to carry out assessments taking into account the results of relevant monitoring and research and the data relating to inputs of substances or energy into the maritime area which are provided by virtue of other Annexes to the Convention, as well as other relevant information;

(c) to seek, where appropriate, the advice or services of competent regional organisations and other competent international organisations and competent bodies with a view to incorporating the latest results of scientific research;

(d) to cooperate with competent regional organisations and other competent international organisations in carrying out quality status assessments.

1. VIÐBÆTIR
Viðmið fyrir skilgreiningu á venjum og tækni sem getið er um í undirlið i) í b-lið 3. mgr. 2. gr. samningsins.

Besta fáanlega tækni.

1. Við beitingu bestu fáanlegrar tækni skal lögð áhersla á að beita úrgangslausri tækni, ef hún er fyrir hendi.

2. Hugtakið „besta fáanlega tækni“ merkir nýjasta stig (tæknistig samtímans) í þróun aðferða, aðstöðu eða starfsaðferða sem benda til raunhæfs notagildis tiltekinna aðferða til að takmarka losun, útstreymi og úrgang. Við ákvörðun um hvort tilteknar aðferðir, aðstaða og starfsaðferðir feli í sér bestu fáanlegu tækni, almennt eða í einstökum tilfellum, skal sérstakur gaumur gefinn að:

a) sambærilegum aðferðum, aðstöðu eða starfsaðferðum sem nýlega hafa verið reyndar með góðum árangri;

b) tækniþróun og breytingum á vísindalegri þekkingu og skilningi;

c) efnahagslegri hagkvæmni slíkrar tækni;

d) fresti til að koma henni fyrir í nýjum verksmiðjum og verksmiðjum sem þegar eru starfræktar;

e) eðli og umfangi þeirrar losunar og útstreymis sem um ræðir.

3. Af þessu leiðir að það sem er „besta fáanlega tækni“ í tilteknu ferli mun breytast með

APPENDIX 1
Criteria for the definition of practices and techniques mentioned in paragraph 3(b)(i) of Article 2 of the Convention

Best available techniques

1. The use of the best available techniques shall emphasise the use of non-waste technology, if available.

2. The term "best available techniques" means the latest stage of development (state of the art) of processes, of facilities or of methods of operation which indicate the practical suitability of a particular measure for limiting discharges, emissions and waste. In determining whether a set of processes, facilities and methods of operation constitute the best available techniques in general or individual cases, special consideration shall be given to:

(a) comparable processes, facilities or methods of operation which have recently been successfully tried out;

(b) technological advances and changes in scientific knowledge and understanding;

(c) the economic feasibility of such techniques;

(d) time limits for installation in both new and existing plants;

(e) the nature and volume of the discharges and emissions concerned.

3. It therefore follows that what is "best available techniques" for a particular process will

tímanum í ljósi tækniframfara, efnahagslegra og félagslegra þátta, sem og breytinga á vísindalegri þekkingu og skilningi.

4. Nú leiðir minnkun í losun og útstreymi vegna notkunar bestu fáanlegrar tækni ekki til niðurstaðna sem eru ásættanlegar fyrir umhverfið og skal þá gripið til viðbótaraðgerða.

5. „Tækni" tekur bæði til þeirrar tækni sem notuð er, svo og til hönnunar, byggingar, viðhalds, starfrækslu og niðurrifs mannvirkja.

Bestu umhverfisvenjur.

6. Hugtakið „bestu umhverfisvenjur" merkir að beitt sé þeirri samsetningu aðgerða og langtímaáætlana um umhverfisvernd sem best á við. Við val í einstökum tilfellum skal a.m.k. gefinn gaumur að eftirfarandi aðferðastigum:

a) miðlun upplýsinga og fræðslu til almennings og notenda um áhrif þess fyrir umhverfið að tiltekin starfsemi og vörur séu valdar og um notkun þeirra og endanlega förgun;

b) þróun og beitingu reglna um góðar umhverfisvenjur sem ná til allra athafna á líftíma vörunnar;

c) skyldubundinni notkun merkinga sem upplýsa notandann um þær hættur sem umhverfinu stafar af vörunni, notkun hennar og endanlegri förgun;

d) að spara auðlindir, þar með talda orku;

e) að gera söfnunar- og förgunarkerfi aðgengileg fyrir almenning;

f) að forðast notkun hættulegra efna eða vara og myndun hættulegs úrgangs;

g) endurvinnslu, endurheimt og endurnýtingu;

h) beitingu hagrænna stjórntækja í tengslum við starfsemi, vörur eða vöruflokka;

i) að koma á fót kerfi fyrir leyfisveitingar sem felur í sér ýmis stig takmarkana eða bann.

7. Við ákvörðun þess hvaða samsetning aðgerða feli í sér bestu umhverfisvenjur, almennt eða í einstökum tilfellum, skal sérstakur gaumur gefinn að:

a) hættum sem umhverfinu stafar af vörunni, framleiðslu hennar, notkun og endanlegri förgun;

b) því hvort hægt sé að skipta yfir í starfsemi eða efni sem valda minni mengun;

c) umfangi notkunarinnar;

change with time in the light of technological advances, economic and social factors, as well as changes in scientific knowledge and understanding.

4. If the reduction of discharges and emissions resulting from the use of best available techniques does not lead to environmentally acceptable results, additional measures have to be applied.

5. "Techniques" include both the technology used and the way in which the installation is designed, built, maintained, operated and dismantled.

Best environmental practice

6. The term "best environmental practice" means the application of the most appropriate combination of environmental control measures and strategies. In making a selection for individual cases, at least the following graduated range of measures should be considered:

(a) the provision of information and education to the public and to users about the environmental consequences of choice of particular activities and choice of products, their use and ultimate disposal;

(b) the development and application of codes of good environmental practice which covers all aspect of the activity in the product's life;

(c) the mandatory application of labels informing users of environmental risks related to a product, its use and ultimate disposal;

(d) saving resources, including energy;

(e) making collection and disposal systems available to the public;

(f) avoiding the use of hazardous substances or products and the generation of hazardous waste;

(g) recycling, recovery and re-use;

(h) the application of economic instruments to activities, products or groups of products;

(i) establishing a system of licensing, involving a range of restrictions or a ban.

7. In determining what combination of measures constitute best environmental practice, in general or individual cases, particular consideration should be given to:

(a) the environmental harm of the product and its production, use and ultimate disposal;

(b) the substitution by less polluting activities or substances;

(c) the scale of use;

d) þeim ávinningi eða skaða fyrir umhverfið sem þau efni eða starfsemi, sem í staðinn koma, kunna að hafa í för með sér;

e) framförum og breytingum á vísindalegri þekkingu og skilningi;

f) frestum sem settir eru til framkvæmda;

g) félagslegum og efnahagslegum áhrifum.

8. Af þessu leiðir að bestu umhverfisvenjur, að því er varðar tilteknar uppsprettur mengunar, munu breytast með tímanum í ljósi tækniframfara, efnahagslegra og félagslegra þátta, sem og breytinga á vísindalegri þekkingu og skilningi.

9. Nú leiðir minnkun aðstreymis vegna notkunar bestu umhverfisvenja ekki til niðurstaðna sem eru ásættanlegar fyrir umhverfið og skal þá gripið til viðbótaraðgerða og bestu umhverfisvenjur endurskilgreindar.

(d) the potential environmental benefit or penalty of substitute materials or activities;

(e) advances and changes in scientific knowledge and understanding;

(f) time limits for implementation;

(g) social and economic implications.

8. It therefore follows that best environmental practice for a particular source will change with time in the light of technological advances, economic and social factors, as well as changes in scientific knowledge and understanding.

9. If the reduction of inputs resulting from the use of best environmental practice does not lead to environmentally acceptable results, additional measures have to be applied and best environmental practice redefined.

2. VIÐBÆTIR
Viðmið sem getið er um í 2. mgr. 1. gr. I. viðauka og 2. mgr. 2. gr. III. viðauka.

1. Við ákvörðun forgangsraðar og við úttekt á eðli og umfangi áætlananna, aðgerðanna og tímasetningum þeirra skulu samningsaðilarnir styðjast við eftirfarandi viðmið:

a) þrávirkni;

b) eitrunaráhrif og aðra skaðlega eiginleika;

c) tilhneigingu til uppsöfnunar í lífkeðjunni;

d) geislavirkni;

e) hlutfallið milli mælds styrks, eða styrks sem spáð er fyrir um (ef niðurstöður athugana liggja ekki ennþá fyrir), og þess styrks sem engum merkjanlegum áhrifum veldur;

f) hættu á ofauðgun af mannavöldum;

g) áhrif út fyrir yfirráðasvæði;

h) hættu á óæskilegum breytingum á vistkerfi hafsins og óafturkallanlegum eða varanlegum áhrifum;

i) truflun á nýtingu sjávarafla eða öðrum lögmætum notum hafsins;

j) áhrif á bragð og/eða lykt sjávarafurða sem ætlaðar eru til manneldis, eða áhrif á lykt, lit, gegnsæi eða aðra eiginleika vatnsins í hafrýminu;

k) dreifingarmunstur (þ.e. magn sem um ræðir, notkunarmunstur og líkur á því að efni nái til hafrýmisins);

l) að umhverfislegum gæðamarkmiðum sé ekki náð.

APPENDIX 2
Criteria mentioned in paragraph 2 of Article 1 of Annex I and in paragraph 2 of Article 2 of Annex III

1. When setting priorities and in assessing the nature and extent of the programmes and measures and their time scales, the Contracting Parties shall use the criteria given below:

(a) persistency;

(b) toxicity or other noxious properties;

(c) tendency to bioaccumulation;

(d) radioactivity;

(e) the ratio between observed or (where the results of observations are not yet available) predicted concentrations and no observed effect concentrations;

(f) anthropogenically caused risk of eutrophication;

(g) transboundary significance;

(h) risk of undesirable changes in the marine ecosystem and irreversibility or durability of effects;

(i) interference with harvesting of sea-foods or with other legitimate uses of the sea;

(j) effects on the taste and/or smell of products for human consumption from the sea, or effects on smell, colour, transparency or other characteristics of the water in the marine environment;

(k) distribution pattern (i.e., quantities involved, use pattern and liability to reach the marine environment);

(l) non-fulfilment of environmental quality objectives.

2. Ekki er víst að ofangreind viðmið séu öll jafnmikilvæg við umfjöllun um einstök efni eða efnaflokka.

3. Framangreind viðmið fela í sér vísbendingu um að meðal þeirra efna sem áætlanir og aðgerðir skulu taka til séu:

a) þungmálmar og blöndur þeirra;

b) lífræn halógensambönd (og efni sem kunna að mynda slík sambönd í hafrýminu);

c) lífræn fósfór- og kísilefnasambönd;

d) varnarefni, svo sem plöntuvarnarefni, sveppalyf, illgresiseyðar, skordýraeyðar, slímeyðar og efni sem m.a. eru notuð við meðhöndlun á viði, timbri, trjákvoðu, tréni, pappír, skinnum og vefnaði;

e) olíur og kolvetni sem eiga uppruna sinn í jarðolíu;

f) köfnunarefnissambönd og fosfórefnasambönd;

g) geislavirk efni, þar með talinn geislavirkur úrgangur;

h) þrávirk gerviefni sem kunna að fljóta, haldast í grugglausn eða sökkva.

2. These criteria are not necessarily of equal importance for the consideration of a particular substance or group of substances.

3. The above criteria indicate that substances which shall be subject to programmes and measures include:

(a) heavy metals and their compounds;

(b) organohalogen compounds (and substances which may form such compounds in the marine environment);

(c) organic compounds of phosphorous and silicon;

(d) biocides such as pesticides, fungicides, herbicides, insecticides, slimicides and chemicals used, inter alia, for the preservation of wood, timber, wood pulp, cellulose, paper, hides and textiles;

(e) oils and hydrocarbons of petroleum origin;

(f) nitrogen and phosphorus compounds;

(g) radioactive substances, including wastes;

(h) persistent synthetic materials which may float, remain in suspension or sink.

Nr. 16 6. júní 1997

AUGLÝSING

um samning Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun í löndum, sérstaklega í Afríku, sem eiga við alvarlegan vanda að etja af völdum þurrka og/eða eyðimerkurmyndunar.

Hinn 3. júní 1997 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent aðildarskjal Íslands vegna samnings Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun í löndum, sérstaklega í Afríku, sem eiga við alvarlegan vanda að etja af völdum þurrka og/eða eyðimerkurmyndunar sem gerður var í París 17. júní 1994. Alþingi hafði með ályktun 7. maí 1997 heimilað að Ísland gerðist aðili að samningnum. Samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar 1. september 1997.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 6. júní 1997.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun í löndum, sérstaklega í Afríku, sem eiga við alvarlegan vanda að etja af völdum þurrka og/eða eyðimerkurmyndunar.

Aðilar að samningi þessum, sem

eru sammála um að aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka skuli öðru fremur beinast að íbúum landa á áfallasvæðum eða svæðum sem ógnað er af þessum sökum,

láta í ljós djúpar áhyggjur samfélags þjóðanna, bæði ríkja og alþjóðastofnana, af alvarlegum afleiðingum eyðimerkurmyndunar og þurrka,

gera sér grein fyrir því að þurr svæði, úrkomulítil svæði og úrkomulítil jaðarsvæði úrkomusvæða eru umtalsverður hluti af landsvæði jarðar og eru búsvæði og grundvöllur lífsviðurværis mikils hluta íbúa heims,

viðurkenna þá staðreynd að eyðimerkurmyndun og þurrkar eru alþjóðlegur vandi sem hefur áhrif á allri jörðinni, og að þörf er sameiginlegra alþjóðlegra aðgerða til að sporna gegn eyðimerkurmyndun og/eða draga úr afleiðingum þurrka,

gera sér grein fyrir því hve mörg þróunarlönd, sérstaklega þau minnst þróuðu, eru á svæðum þar sem alvarlegra þurrka og/eða eyðimerkurmyndunar gætir mest, og ekki síst hve alvarlegar afleiðingar þessa eru í Afríku,

gera sér einnig grein fyrir því að eyðimerkurmyndun er afleiðing margra samfallandi náttúrulegra, pólitískra, félagslegra, menningarlegra og hagfræðilegra þátta,

gera sér ljós áhrif viðskipta og ýmissa alþjóðlegra efnahagssamskipta á getu landa á áfallasvæðum til að berjast gegn eyðimerkurmyndun með viðunandi árangri,

eru sér þess meðvitaðir að leggja verður megináherslu á sjálfbæran hagvöxt, félagslega þróun og útrýmingu fátæktar í þróunarlöndum á áfallasvæðum, sérstaklega í Afríku, og að þetta eru forsendur þess að unnt sé að ná markmiðum um sjálfbæra þróun,

eru minnugir þess að eyðimerkurmyndun og þurrkar hafa áhrif á sjálfbæra þróun og tengjast mikilvægum félagslegum vandamálum, t.d. fátækt, lélegu heilsufars- og matvælaástandi, ótryggri matvælaöflun og vanda af völdum bú-

UNITED NATIONS CONVENTION TO COMBAT DESERTIFICATION IN THOSE COUNTRIES EXPERIENCING SERIOUS DROUGHT AND/OR DESERTIFICATION, PARTICULARLY IN AFRICA

The Parties to this Convention,

Affirming that human beings in affected or threatened areas are at the centre of concerns to combat desertification and mitigate the effects of drought,

Reflecting the urgent concern of the international community, including States and international organizations, about the adverse impacts of desertification and drought,

Aware that arid, semi-arid and dry sub-humid areas together account for a significant proportion of the Earth's land area and are the habitat and source of livelihood for a large segment of its population,

Acknowledging that desertification and drought are problems of global dimension in that they affect all regions of the world and that joint action of the international community is needed to combat desertification and/or mitigate the effects of drought,

Noting the high concentration of developing countries, notably the least developed countries, among those experiencing serious drought and/or desertification, and the particularly tragic consequences of these phenomena in Africa,

Noting also that desertification is caused by complex interactions among physical, biological, political, social, cultural and economic factors,

Considering the impact of trade and relevant aspects of international economic relations on the ability of affected countries to combat desertification adequately,

Conscious that sustainable economic growth, social development and poverty eradication are priorities of affected developing countries, particularly in Africa, and are essential to meeting sustainability objectives,

Mindful that desertification and drought affect sustainable development through their interrelationships with important social problems such as poverty, poor health and nutrition, lack of food security, and those arising from migration, dis-

ferlaflutninga, tilfærslu einstaklinga og lýðfræðilegra breytinga,

gera sér grein fyrir þeim mikilvæga árangri sem náðst hefur með aðgerðum hingað til og reynslu ríkja og alþjóðastofnana af baráttu gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka, ekki síst með því að hrinda í framkvæmd áætlun um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun sem samþykkt var á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um eyðimerkurmyndun árið 1977,

viðurkenna að þrátt fyrir fyrri aðgerðir hefur baráttan gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka ekki borið þann árangur sem vænst hafði verið og að þörf er nýrra og virkari leiða á öllum stigum sjálfbærrar þróunar,

gera sér grein fyrir gildi og mikilvægi ákvarðana sem teknar voru á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun, sérstaklega Dagskrár 21 og 12. kafla hennar, þar sem lagður er grunnur að baráttunni gegn eyðimerkurmyndun,

staðfesta í ljósi þessa þær skuldbindingar þróaðra landa sem fjallað er um í 13. mgr. 33. kafla Dagskrár 21,

vísa til ályktunar allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna 47/188, sérstaklega þess forgangs sem þar er tilgreindur varðandi Afríku, og allra annarra efnislega skyldra ályktana, ákvarðana og áætlana Sameinuðu þjóðanna varðandi eyðimerkurmyndun og þurrka, svo og tengdra yfirlýsinga landa í Afríku og öðrum heimsálfum,

staðfesta Ríóyfirlýsinguna um umhverfi og þróun, en í 2. meginreglu hennar er því lýst yfir að ríki hafi, í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna og meginreglur þjóðaréttar, óskoraðan rétt til þess að nýta auðlindir sínar í samræmi við stefnu sína í umhverfis- og þróunarmálum, en einnig að á þeim hvíli sú skylda að tryggja að framkvæmdir innan lögsögu þeirra, eða svæða sem lúta stjórn þeirra, valdi ekki tjóni á umhverfi annarra ríkja eða svæða utan lögsögu ríkja,

viðurkenna að ríkisstjórnir gegni lykilhlutverki í baráttunni gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka og að árangur slíkrar baráttu byggist á því að hrint sé í framkvæmd staðbundnum aðgerðum á áfallasvæðum,

viðurkenna einnig mikilvægi og nauðsyn alþjóðlegrar samvinnu og samstöðu í baráttunni gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka,

placement of persons and demographic dynamics,

Appreciating the significance of the past efforts and experience of States and international organizations in combating desertification and mitigating the effects of drought, particularly in implementing the Plan of Action to Combat Desertification which was adopted at the United Nations Conference on Desertification in 1977,

Realizing that, despite efforts in the past, progress in combating desertification and mitigating the effects of drought has not met expectations and that a new and more effective approach is needed at all levels within the framework of sustainable development,

Recognizing the validity and relevance of decisions adopted at the United Nations Conference on Environment and Development, particularly of Agenda 21 and its chapter 12, which provide a basis for combating desertification,

Reaffirming in this light the commitments of developed countries as contained in paragraph 13 of chapter 33 of Agenda 21,

Recalling General Assembly resolution 47/188, particularly the priority in it prescribed for Africa, and all other relevant United Nations resolutions, decisions and programmes on desertification and drought, as well as relevant declarations by African countries and those from other regions,

Reaffirming the Rio Declaration on Environment and Development which states, in its Principle 2, that States have, in accordance with the Charter of the United Nations and the principles of international law, the sovereign right to exploit their own resources pursuant to their own environmental and developmental policies, and the responsibility to ensure that activities within their jurisdiction or control do not cause damage to the environment of other States or of areas beyond the limits of national jurisdiction,

Recognizing that national Governments play a critical role in combating desertification and mitigating the effects of drought and that progress in that respect depends on local implementation of action programmes in affected areas,

Recognizing also the importance and necessity of international cooperation and partnership in combating desertification and mitigating the effects of drought,

viðurkenna enn fremur nauðsyn raunhæfs stuðnings við þróunarlönd á áfallasvæðum, sérstaklega í Afríku, m.a. með umtalsverðu fjármagni, bæði nýrri fjármögnun og viðbótarfjármögnun, og tækniaðstoð, en án slíks stuðnings mun þeim reynast erfitt að standa að fullu við skuldbindingar sínar samkvæmt þessum samningi,

láta í ljós áhyggjur af áhrifum eyðimerkurmyndunar og þurrka á lönd á áfallasvæðum í Mið-Asíu og Transkákasus,

leggja áherslu á mikilvægan þátt kvenna á landsvæðum þar sem eyðimerkurmyndun og/eða þurrkar herja, sérstaklega í landbúnaðarhéruðum þróunarlanda, og mikilvægi þess að tryggð sé full þátttaka karla og kvenna á öllum stigum áætlana um að stemma stigu við eyðimerkurmyndun og draga úr áhrifum þurrka,

leggja áherslu á sérstakt hlutverk óháðra félagasamtaka og annarra mikilvægra hópa í baráttunni gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka,

hafa í huga samhengið milli eyðimerkurmyndunar og annarra umhverfisvandamála jarðar sem blasa við samfélagi þjóðanna í heild og einstökum þjóðum,

hafa einnig í huga þann þátt sem barátta gegn eyðimerkurmyndun getur átt í því að ná fram markmiðum rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, samnings um líffræðilega fjölbreytni og annarra skyldra umhverfissamninga,

telja að aðferðir sem notaðar eru í baráttunni gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka verði árangursríkastar ef þær grundvallast bæði á skynsamlegum kerfisbundnum athugunum og hárnákvæmri vísindalegri þekkingu, og ef aðferðirnar eru í stöðugri endurskoðun,

viðurkenna brýna nauðsyn þess að auka virkni og samhæfingu alþjóðlegs samstarfs í þeim tilgangi að auðvelda framkvæmd áætlana og forgangsverkefna einstakra ríkja og

eru ákveðnir í að grípa til nauðsynlegra aðgerða í baráttunni gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka í þágu núlifandi og komandi kynslóða,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

I. HLUTI
INNGANGUR

1. gr.
Notkun hugtaka.

Í samningi þessum

a) merkir „eyðimerkurmyndun" hnignun lands á þurrum svæðum, úrkomulitlum svæðum og

Recognizing further the importance of the provision to affected developing countries, particularly in Africa, of effective means, inter alia substantial financial resources, including new and additional funding, and access to technology, without which it will be difficult for them to implement fully their commitments under this Convention,

Expressing concern over the impact of desertification and drought on affected countries in Central Asia and the Transcaucasus,

Stressing the important role played by women in regions affected by desertification and/or drought, particularly in rural areas of developing countries, and the importance of ensuring the full participation of both men and women at all levels in programmes to combat desertification and mitigate the effects of drought,

Emphasizing the special role of non-governmental organizations and other major groups in programmes to combat desertification and mitigate the effects of drought,

Bearing in mind the relationship between desertification and other environmental problems of global dimension facing the international and national communities,

Bearing also in mind the contribution that combating desertification can make to achieving the objectives of the United Nations Framework Convention on Climate Change, the Convention on Biological Diversity and other related environmental conventions,

Believing that strategies to combat desertification and mitigate the effects of drought will be most effective if they are based on sound systematic observation and rigorous scientific knowledge and if they are continuously re-evaluated,

Recognizing the urgent need to improve the effectiveness and coordination of international cooperation to facilitate the implementation of national plans and priorities,

Determined to take appropriate action in combating desertification and mitigating the effects of drought for the benefit of present and future generations,

Have agreed as follows:

PART I
INTRODUCTION

Article 1
Use of terms

For the purposes of this Convention:

(a) "desertification" means land degradation in arid, semi-arid and dry sub-humid areas result-

úrkomulitlum jaðarsvæðum úrkomusvæða af völdum ýmissa þátta, þar á meðal veðurfarsbreytinga og mannlegra athafna;

b) nær „barátta gegn eyðimerkurmyndun“ til aðgerða sem eru hluti heildaráætlunar um sjálfbæra þróun á þurrum svæðum, úrkomulitlum svæðum og úrkomulitlum jaðarsvæðum úrkomusvæða og hafa að markmiði að:

(i) koma í veg fyrir eða draga úr hnignun lands;

(ii) endurheimta landgæði þar sem hnignun hefur átt sér stað í einhverjum mæli; og

(iii) græða upp land sem orðið hefur eyðimerkurmyndun að bráð;

c) merkir „þurrkur“ það náttúrulega ástand sem verður ríkjandi þegar úrkoma hefur verið marktækt minni en eðlileg skráð meðaltöl, og sem orsakar alvarlega röskun á vatnsbúskap landsins og rýrnun á framleiðslugetu þess;

d) vísar „draga úr afleiðingum þurrka“ til aðgerða sem tengdar eru spám um þurrka og sem er ætlað að draga úr skaðlegum afleiðingum þurrka á samfélög og lífkerfi að því er varðar baráttuna gegn eyðimerkurmyndun;

e) merkir „land“ lífrænt framleiðslukerfi sem samsett er af jarðvegi, gróðri og öðrum þáttum lífríkisins, og vistfræðilegu og vatnsfræðilegu ferli innan kerfisins;

f) merkir „hnignun lands“ þá rýrnun eða það tap sem verður á þurrum svæðum, úrkomulitlum svæðum og úrkomulitlum jaðarsvæðum úrkomusvæða á líffræðilegri eða hagfræðilegri framleiðslugetu og fjölbreytileika þess ræktaða lands sem byggist á úrkomu, áveitusvæða, úthaga, ræktaðra beitilanda, skóga og skóglendis af völdum landnýtingar, ferlis eða ferla, sem m.a. má rekja til mannlegra athafna og búsetumunsturs, svo sem:

(i) jarðvegseyðingu af völdum vatns og/eða vinda;

(ii) hnignun náttúrulegra, efnafræðilegra og líffræðilegra eiginleika eða efnahagslegs gildis jarðvegs; og

(iii) tap á náttúrulegum gróðri á löngum tíma;

g) merkir „þurr svæði, úrkomulítil svæði og úrkomulítil jaðarsvæði úrkomusvæða“ svæði, önnur en heimskautasvæði og svæði sem næst þeim liggja, þar sem hlutfall ársúrkomu og gnóttaruppgufunar er á bilinu 0,05–0,65;

h) merkir „áfallasvæði“ þurr svæði, úrkomulítil svæði og úrkomulítil jaðarsvæði úrkomusvæða þar sem eyðimerkur hafa myndast eða hætta er á eyðimerkurmyndun;

ing from various factors, including climatic variations and human activities;

(b) "combating desertification" includes activities which are part of the integrated development of land in arid, semi-arid and dry sub-humid areas for sustainable development which are aimed at:

(i) prevention and/or reduction of land degradation;

(ii) rehabilitation of partly degraded land; and

(iii) reclamation of desertified land;

(c) "drought" means the naturally occurring phenomenon that exists when precipitation has been significantly below normal recorded levels, causing serious hydrological imbalances that adversely affect land resource production systems;

(d) "mitigating the effects of drought" means activities related to the prediction of drought and intended to reduce the vulnerability of society and natural systems to drought as it relates to combating desertification;

(e) "land" means the terrestrial bio-productive system that comprises soil, vegetation, other biota, and the ecological and hydrological processes that operate within the system;

(f) "land degradation" means reduction or loss, in arid, semi-arid and dry sub-humid areas, of the biological or economic productivity and complexity of rainfed cropland, irrigated cropland, or range, pasture, forest and woodlands resulting from land uses or from a process or combination of processes, including processes arising from human activities and habitation patterns, such as:

(i) soil erosion caused by wind and/or water;

(ii) deterioration of the physical, chemical and biological or economic properties of soil; and

(iii) long-term loss of natural vegetation;

(g) "arid, semi-arid and dry sub-humid areas" means areas, other than polar and sub-polar regions, in which the ratio of annual precipitation to potential evapotranspiration falls within the range from 0.05 to 0.65;

(h) "affected areas" means arid, semi-arid and/or dry sub-humid areas affected or threatened by desertification;

i) merkir „lönd á áfallasvæðum“ lönd sem að öllu eða einhverju leyti eru á áfallasvæðum;

j) merkir „svæðisstofnun um efnahagssamvinnu“ stofnun sem fullvalda ríki á tilteknu svæði hafa komið á fót og hefur vald í þeim málum sem samningur þessi nær til og sem hefur, í samræmi við innri starfsreglur sínar, fulla heimild til að undirrita, fullgilda, staðfesta eða samþykkja þennan samning eða til að gerast aðili að honum;

k) merkir „þróuð aðildarlönd“ þróuð lönd sem eru aðilar að samningi þessum og svæðisstofnanir um efnahagssamvinnu sem þróuð lönd hafa komið á fót.

(i) "affected countries" means countries whose lands include, in whole or in part, affected areas;

(j) "regional economic integration organization" means an organization constituted by sovereign States of a given region which has competence in respect of matters governed by this Convention and has been duly authorized, in accordance with its internal procedures, to sign, ratify, accept, approve or accede to this Convention;

(k) "developed country Parties" means developed country Parties and regional economic integration organizations constituted by developed countries.

2. gr.
Markmið.

1. Markmið samnings þessa er að vinna gegn eyðimerkurmyndun og draga úr skaðlegum afleiðingum þurrka í löndum sem eiga við alvarlegan vanda að etja af völdum þurrka og/eða eyðimerkurmyndunar, sérstaklega í Afríku, með virkum aðgerðum á öllum stigum sem studdar eru með alþjóðasamstarfi og samstöðu á grundvelli samþættrar nálgunar samkvæmt Dagskrá 21, með það að markmiði að stuðla að sjálfbærri þróun á áfallasvæðum.

2. Til þess að ná þessu markmiði er þörf samþættra langtímaaðgerða, einkum á áfallasvæðum, sem beinast samtímis að aukinni framleiðslugetu landsins og endurheimt landgæða, verndun og sjálfbærri nýtingu lands og vatnsauðlinda, með bætt lífsskilyrði að leiðarljósi, einkum í einstökum sveitarfélögum.

Article 2
Objective

1. The objective of this Convention is to combat desertification and mitigate the effects of drought in countries experiencing serious drought and/or desertification, particularly in Africa, through effective action at all levels, supported by international cooperation and partnership arrangements, in the framework of an integrated approach which is consistent with Agenda 21, with a view to contributing to the achievement of sustainable development in affected areas.

2. Achieving this objective will involve long-term integrated strategies that focus simultaneously, in affected areas, on improved productivity of land, and the rehabilitation, conservation and sustainable management of land and water resources, leading to improved living conditions, in particular at the community level.

3. gr.
Meginreglur.

Í þeim tilgangi að ná fram markmiði þessa samnings og til að framfylgja ákvæðum hans skulu aðilar m.a. hafa eftirfarandi að leiðarljósi:

a) að tryggja að ákvarðanir um eðli og framkvæmd áætlana um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun og/eða afleiðingum þurrka séu teknar í samstarfi við íbúa og hlutaðeigandi sveitarfélög, og að á æðri stjórnsýslustigum sé skapað hvetjandi umhverfi til að auðvelda aðgerðir í einstökum löndum eða stöðum;

b) að efla samvinnu og samræmingu á undirsvæðum, svæðum og um heim allan í anda alþjóðlegrar samstöðu og samstarfs og beina efnahagslegri, mannlegri, skipulagslegri og tækni-

Article 3
Principles

In order to achieve the objective of this Convention and to implement its provisions, the Parties shall be guided, inter alia, by the following:

(a) the Parties should ensure that decisions on the design and implementation of programmes to combat desertification and/or mitigate the effects of drought are taken with the participation of populations and local communities and that an enabling environment is created at higher levels to facilitate action at national and local levels;

(b) the Parties should, in a spirit of international solidarity and partnership, improve cooperation and coordination at subregional, regional and international levels, and better focus finan

legri þekkingu í auknum mæli þangað sem hennar er mest þörf;

c) að þróa samstarf í anda samstöðu á öllum stigum hins opinbera stjórnkerfis, sveitarfélaga, óháðra félagasamtaka og landráðenda í þeim tilgangi að auka skilning á eðli og gildi lands og takmarkaðra vatnsauðlinda á áfallasvæðum, og til þess að stuðla að sjálfbærri nýtingu þessara auðlinda; og

d) að taka fullt tillit til sérstakra þarfa og aðstæðna þeirra þróunarlanda á áfallasvæðum sem eru samningsaðilar, sérstaklega þeirra sem eru minnst þróuð.

II. HLUTI
ALMENN ÁKVÆÐI

4. gr.
Almennar skuldbindingar.

1. Aðilar samnings þessa skulu hrinda ákvæðum hans í framkvæmd, hver um sig eða sameiginlega, annaðhvort með núverandi eða væntanlegu tvíhliða eða fjölþjóðlegu samstarfi eða samblandi af hvoru tveggja, eftir því sem við á, og leggja áherslu á nauðsyn þess að samræma aðgerðir og móta heilsteypta framkvæmdaáætlun til langs tíma á öllum stigum.

2. Í því skyni að stuðla að framkvæmd markmiða þessa samnings skulu aðilar hans:

a) taka upp samþætta stefnu þar sem tekist er á við náttúrulegar, félagslegar og hagrænar hliðar eyðimerkurmyndunar og þurrka;

b) veita sérstaka athygli, innan hlutaðeigandi alþjóðlegra og svæðisbundinna stofnana, ástandi í þróunarlöndum á áfallasvæðum sem eru samningsaðilar, hvað varðar alþjóðaviðskipti, markaðsaðstöðu og skuldastöðu, í þeim tilgangi að skapa öflugt alþjóðlegt fjárhagslegt umhverfi sem stuðlar að sjálfbærri þróun;

c) samþætta aðgerðir til útrýmingar á fátækt og aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka;

d) stuðla að samstarfi aðildarlanda á áfallasvæðum á sviði umhverfisverndar og verndunar lands og vatnsauðlinda, að því leyti sem slíkt tengist eyðimerkurmyndun og þurrki;

e) efla samstarf á undirsvæðum og svæðum og alþjóðlegt samstarf;

f) stuðla að samstarfi hlutaðeigandi milliríkjastofnana;

g) ákvarða samstarfsskipulag stofnana þar sem þess gerist þörf og leggja áherslu á að komið sé í veg fyrir tvíverknað; og

cial, human, organizational and technical resources where they are needed;

(c) the Parties should develop, in a spirit of partnership, cooperation among all levels of government, communities, non-governmental organizations and landholders to establish a better understanding of the nature and value of land and scarce water resources in affected areas and to work towards their sustainable use; and

(d) the Parties should take into full consideration the special needs and circumstances of affected developing country Parties, particularly the least developed among them.

PART II
GENERAL PROVISIONS

Article 4
General obligations

1. The Parties shall implement their obligations under this Convention, individually or jointly, either through existing or prospective bilateral and multilateral arrangements or a combination thereof, as appropriate, emphasizing the need to coordinate efforts and develop a coherent long-term strategy at all levels.

2. In pursuing the objective of this Convention, the Parties shall:

(a) adopt an integrated approach addressing the physical, biological and socio-economic aspects of the processes of desertification and drought;

(b) give due attention, within the relevant international and regional bodies, to the situation of affected developing country Parties with regard to international trade, marketing arrangements and debt with a view to establishing an enabling international economic environment conducive to the promotion of sustainable development;

(c) integrate strategies for poverty eradication into efforts to combat desertification and mitigate the effects of drought;

(d) promote cooperation among affected country Parties in the fields of environmental protection and the conservation of land and water resources, as they relate to desertification and drought;

(e) strengthen subregional, regional and international cooperation;

(f) cooperate within relevant intergovernmental organizations;

(g) determine institutional mechanisms, if appropriate, keeping in mind the need to avoid du plication; and

h) stuðla að því að nýta núverandi tvíhliða eða fjölhliða fjármálastofnanir og fyrirkomulag, sem afla umtalsverðs fjármagns og beina því til þróunarlanda á áfallasvæðum sem eru samningsaðilar, til aðgerða gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka.

3. Þróunarlönd á áfallasvæðum sem eru samningsaðilar eiga rétt á aðstoð við framkvæmd samnings þessa.

5. gr.

Skuldbindingar aðildarlanda á áfallasvæðum.

Auk þeirra skuldbindinga sem getið er í 4. gr. skuldbinda aðildarlönd á áfallasvæðum sig til að:

a) veita aðgerðum gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka nauðsynlegan forgang og veita til þeirra nægilega miklu fjármagni eftir aðstæðum og getu hvers og eins;

b) gera áætlanir um aðgerðir og forgangsröðun verkefna, innan ramma áætlana og/eða stefnu um sjálfbæra þróun, í baráttunni gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka;

c) beina sjónum að frumorsökum eyðimerkurmyndunar og gefa sérstakan gaum þeim félags- og efnahagslegu þáttum sem valda henni;

d) auka almenningsvitund um vandann og stuðla að þátttöku heimamanna, sérstaklega kvenna og ungs fólks, með stuðningi óháðra félagasamtaka, í baráttunni gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka; og

e) skapa hvetjandi umhverfi með því að efla, eftir því sem þörf krefur, gildandi löggjöf um þessi mál, setja lög þar sem þau eru ekki fyrir hendi og móta langtímastefnu og framkvæmdaáætlanir.

6. gr.

Skuldbindingar þróaðra aðildarlanda.

Auk þeirra almennu skuldbindinga sem getið er í 4. gr. skuldbinda þróuð aðildarlönd sig til að:

a) styðja með raunhæfum hætti, samkvæmt samkomulagi, hvert fyrir sig eða sameiginlega, viðleitni þróunarlanda á áfallasvæðum sem eru samningsaðilar, sérstaklega þeirra í Afríku og minnst þróuðu landanna, til að berjast gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka;

b) leggja fram umtalsvert fjármagn og veita annan stuðning til þess að aðstoða með virkum hætti þróunarlönd á áfallasvæðum sem eru samningsaðilar, sérstaklega í Afríku, við að móta og framkvæma eigin langtímaáætlanir og

(h) promote the use of existing bilateral and multilateral financial mechanisms and arrangements that mobilize and channel substantial financial resources to affected developing country Parties in combating desertification and mitigating the effects of drought.

3. Affected developing country Parties are eligible for assistance in the implementation of the Convention.

Article 5

Obligations of affected country Parties

In addition to their obligations pursuant to article 4, affected country Parties undertake to:

(a) give due priority to combating desertification and mitigating the effects of drought, and allocate adequate resources in accordance with their circumstances and capabilities;

(b) establish strategies and priorities, within the framework of sustainable development plans and/or policies, to combat desertification and mitigate the effects of drought;

(c) address the underlying causes of desertification and pay special attention to the socio-economic factors contributing to desertification processes;

(d) promote awareness and facilitate the participation of local populations, particularly women and youth, with the support of non-governmental organizations, in efforts to combat desertification and mitigate the effects of drought; and

(e) provide an enabling environment by strengthening, as appropriate, relevant existing legislation and, where they do not exist, enacting new laws and establishing long-term policies and action programmes.

Article 6

Obligations of developed country Parties

In addition to their general obligations pursuant to article 4, developed country Parties undertake to:

(a) actively support, as agreed, individually or jointly, the efforts of affected developing country Parties, particularly those in Africa, and the least developed countries, to combat desertification and mitigate the effects of drought;

(b) provide substantial financial resources and other forms of support to assist affected developing country Parties, particularly those in Africa, effectively to develop and implement their own long-term plans and strategies to com-

aðferðir í baráttu gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka;

c) afla nýs fjármagns og viðbótarfjármagns, skv. b-lið 2. mgr. 20. gr.;

d) stuðla að fjármögnun frá einkaaðilum og öðrum óopinberum aðilum; og

e) stuðla að og auðvelda aðgengi aðildarlanda á áfallasvæðum, sérstaklega þróunarlanda, að viðeigandi tækni, þekkingu og kunnáttu.

7. gr.
Forgangur Afríku.

Við framkvæmd samnings þessa skulu aðilar hans veita aðildarlöndum á áfallasvæðum í Afríku forgang, í ljósi hins sérstaka ástands sem ríkir í heimsálfunni, án þess þó að vanrækja þróunarlönd á áfallasvæðum í öðrum heimshlutum sem eru samningsaðilar.

8. gr.
Tengsl við aðra samninga.

1. Aðilar samnings þessa skulu hvetja til samræmingar aðgerða sem unnið er að í nafni samningsins og annarra sambærilegra alþjóðlegra samþykkta sem þeir eru aðilar að, einkum rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og samnings um líffræðilega fjölbreytni, í því skyni að tryggja sem bestan árangur hvers samnings og koma í veg fyrir tvíverknað. Aðilar samningsins skulu hvetja til sameiginlegra áætlana, einkum á sviði rannsókna, þjálfunar, kerfisbundinna athugana og söfnunar og skipta á gögnum, að því leyti sem þær áætlanir geta stuðlað að því að markmiðum slíkra samninga verði náð.

2. Ákvæði samnings þessa skulu ekki hafa áhrif á réttindi og skyldur nokkurs aðila hans sem honum eru lagðar á herðar með tvíhliða, svæðisbundnum eða alþjóðlegum samningum sem hann gerðist aðili að áður en þessi samningur tók gildi að því er hann varðar.

bat desertification and mitigate the effects of drought;

(c) promote the mobilization of new and additional funding pursuant to article 20, paragraph 2 (b);

(d) encourage the mobilization of funding from the private sector and other non-governmental sources; and

(e) promote and facilitate access by affected country Parties, particularly affected developing country Parties, to appropriate technology, knowledge and know-how.

Article 7
Priority for Africa

In implementing this Convention, the Parties shall give priority to affected African country Parties, in the light of the particular situation prevailing in that region, while not neglecting affected developing country Parties in other regions.

Article 8
Relationship with other conventions

1. The Parties shall encourage the coordination of activities carried out under this Convention and, if they are Parties to them, under other relevant international agreements, particularly the United Nations Framework Convention on Climate Change and the Convention on Biological Diversity, in order to derive maximum benefit from activities under each agreement while avoiding duplication of effort. The Parties shall encourage the conduct of joint programmes, particularly in the fields of research, training, systematic observation and information collection and exchange, to the extent that such activities may contribute to achieving the objectives of the agreements concerned.

2. The provisions of this Convention shall not affect the rights and obligations of any Party deriving from a bilateral, regional or international agreement into which it has entered prior to the entry into force of this Convention for it.

III. HLUTI
FRAMKVÆMDAÁÆTLANIR, VÍSINDALEGT OG TÆKNILEGT SAMSTARF OG STUÐNINGSAÐGERÐIR

1. kafli. Framkvæmdaáætlanir.

9. gr.
Grundvallarstefna.

1. Við framkvæmd þeirra skuldbindinga sem getið er í 5. gr. skulu þróunarlönd á áfallasvæðum sem eru samningsaðilar, svo og öll önnur aðildarlönd á áfallasvæðum, innan ramma viðauka um framkvæmdir á einstökum svæðum eða, á annan hátt, sem hafa skriflega tilkynnt fastaskrifstofunni þá áætlun sína að undirbúa framkvæmdaáætlun í viðkomandi landi, eftir því sem við á, undirbúa, kynna opinberlega og hrinda í framkvæmd áætlunum í einstökum löndum sem nýta og byggja, eftir því sem unnt er, á viðeigandi tillögum og áætlunum og á framkvæmdaáætlunum á öðrum undirsvæðum og svæðum, sem reynst hafa vel í baráttunni gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka. Slíkar áætlanir skulu vera í stöðugri endurskoðun samstarfsaðila á grundvelli fenginnar reynslu og niðurstaðna af rannsóknum. Undirbúningur framkvæmdaáætlana í einstökum löndum skal vera í samræmi við aðrar aðgerðir sem hafa það að markmiði að móta stefnu viðkomandi þjóðar um sjálfbæra þróun.

2. Hjálparaðgerðir þróaðra aðildarlanda skv. 6. gr. skulu fyrst og fremst felast í stuðningi, samkvæmt samkomulagi, við framkvæmdaáætlanir þróunarlanda á áfallasvæðum sem eru samningsaðilar, þ.e. í einstökum löndum, á undirsvæðum eða svæðum, sérstaklega í Afríku, annaðhvort beint, gegnum viðeigandi alþjóðastofnanir eða hvort tveggja.

3. Aðilar samnings þessa skulu hvetja til þess að stofnanir, sjóðir, aðrar framkvæmdaáætlanir Sameinuðu þjóðanna og annarra hlutaðeigandi milliríkjastofnana, háskólastofnanir, vísindastofnanir og óháð félagasamtök, sem hugsanlegt er að eiga samstarf við, styðji undirbúning, framkvæmd og eftirfylgni áætlana í samræmi við umboð sitt og getu.

10. gr.
Framkvæmdaáætlanir einstakra ríkja.

1. Markmið framkvæmdaáætlana einstakra ríkja er að skilgreina þá þætti sem valda eyðimerkurmyndun og þær aðgerðir sem nauðsyn-

PART III
ACTION PROGRAMMES, SCIENTIFIC AND TECHNICAL COOPERATION AND SUPPORTING MEASURES

Section 1: Action programmes

Article 9
Basic approach

1. In carrying out their obligations pursuant to article 5, affected developing country Parties and any other affected country Party in the framework of its regional implementation annex or, otherwise, that has notified the Permanent Secretariat in writing of its intention to prepare a national action programme, shall, as appropriate, prepare, make public and implement national action programmes, utilizing and building, to the extent possible, on existing relevant successful plans and programmes, and subregional and regional action programmes, as the central element of the strategy to combat desertification and mitigate the effects of drought. Such programmes shall be updated through a continuing participatory process on the basis of lessons from field action, as well as the results of research. The preparation of national action programmes shall be closely interlinked with other efforts to formulate national policies for sustainable development.

2. In the provision by developed country Parties of different forms of assistance under the terms of article 6, priority shall be given to supporting, as agreed, national, subregional and regional action programmes of affected developing country Parties, particularly those in Africa, either directly or through relevant multilateral organizations or both.

3. The Parties shall encourage organs, funds and programmes of the United Nations system and other relevant intergovernmental organizations, academic institutions, the scientific community and non-governmental organizations in a position to cooperate, in accordance with their mandates and capabilities, to support the elaboration, implementation and follow-up of action programmes.

Article 10
National action programmes

1. The purpose of national action programmes is to identify the factors contributing to desertification and practical measures necessary to

legar eru til að koma í veg fyrir eyðimerkurmyndun og draga úr afleiðingum þurrka.

2. Í slíkum áætlunum skal skilgreina hlutverk stjórnvalda, sveitarfélaga og landnotenda og tilgreina þau úrræði sem fyrir hendi eru og þau sem á vantar. Áætlanirnar skulu m.a.:

a) fela í sér langtímaaðgerðir til að koma í veg fyrir eyðimerkurmyndun og draga úr afleiðingum þurrka, leggja áherslu á aðgerðir og vera samofnar stefnu viðkomandi ríkis um sjálfbæra þróun;

b) gera ráð fyrir breytingum á áætlunum í sam ræmi við breyttar aðstæður og vera nægilega sveigjanlegar til þess að unnt sé að taka tillit til breytilegra félagslegra, efnahagslegra, líffræðilegra og jarðeðlisfræðilegra aðstæðna í viðkomandi héraði;

c) huga sérstaklega að forvarnaraðgerðum á landsvæðum sem enn hafa ekki rýrnað, eða aðeins rýrnað að litlu leyti;

d) auka í hverju landi færni á sviði loftslagsfræði, veðurfræði og vatnafræði og getu til að spá fyrir um þurrka;

e) móta stefnu og efla stofnanir sem stuðla að samstarfi og samræmingu milli þeirra sem veita framlög, allra stiga stjórnkerfisins, heimamanna og samfélagshópa, og auðvelda aðgengi heimamanna að nauðsynlegum upplýsingum og tæknikunnáttu;

f) stuðla að því að óháð félagasamtök og heimamenn, bæði karlar og konur, sérstaklega þeir er nýta auðlindirnar, þar á meðal bændur, hirðingjar og samtök þeirra, taki virkan þátt, bæði heima í héruðum, í landinu í heild og svæðisbundið, í stefnumótun, ákvarðanatöku, framkvæmd og endurskoðun framkvæmdaáætlana einstakra ríkja; og

g) krefjast reglubundins yfirlits og skýrslna um framkvæmd áætlana.

3. Í því skyni að bregðast við þurrki og draga úr afleiðingum hans geta framkvæmdaáætlanir einstakra ríkja m.a. verið fólgnar í því að:

a) koma á fót og/eða efla eftir þörfum viðvörunarkerfi, bæði heima í héruðum og í löndunum í heild, svo og sameiginleg kerfi á undirsvæðum og svæðum, og kerfisbundnar aðgerðir til að hjálpa fólki sem flosnað hefur upp;

b) efla viðbúnað gegn þurrkum, þar á meðal að gera áætlanir vegna ófyrirsjáanlegra þurrka í einstökum héruðum, löndum, á undirsvæðum og

combat desertification and mitigate the effects of drought.

2. National action programmes shall specify the respective roles of government, local communities and land users and the resources available and needed. They shall, inter alia:

(a) incorporate long-term strategies to combat desertification and mitigate the effects of drought, emphasize implementation and be integrated with national policies for sustainable development;

(b) allow for modifications to be made in response to changing circumstances and be sufficiently flexible at the local level to cope with different socio-economic, biological and geophysical conditions;

(c) give particular attention to the implementation of preventive measures for lands that are not yet degraded or which are only slightly degraded;

(d) enhance national climatological, meteorological and hydrological capabilities and the means to provide for drought early warning;

(e) promote policies and strengthen institutional frameworks which develop cooperation and coordination, in a spirit of partnership, between the donor community, governments at all levels, local populations and community groups, and facilitate access by local populations to appropriate information and technology;

(f) provide for effective participation at the local, national and regional levels of non-governmental organizations and local populations, both women and men, particularly resource users, including farmers and pastoralists and their representative organizations, in policy planning, decision-making, and implementation and review of national action programmes; and

(g) require regular review of, and progress reports on, their implementation.

3. National action programmes may include, inter alia, some or all of the following measures to prepare for and mitigate the effects of drought:

(a) establishment and/or strengthening, as appropriate, of early warning systems, including local and national facilities and joint systems at the subregional and regional levels, and mechanisms for assisting environmentally displaced persons;

(b) strengthening of drought preparedness and management, including drought contingency plans at the local, national, subregional and

svæðum, þar sem byggt er á spám um árstíðabundnar veðurfarssveiflur og sveiflur milli ára;

c) koma á fót og/eða efla eftir þörfum kerfi sem tryggja næg matvæli, þar á meðal góða aðstöðu til geymslu og dreifingar matvæla, sérstaklega til sveita;

d) auka fjölbreytni atvinnulífsins til að tryggja tekjur á svæðum þar sem hætta er á þurrki; og

e) þróa sjálfbærar áveituáætlanir, bæði til framleiðslu nytjajurta og búfjárafurða.

4. Vegna sérstæðra aðstæðna og þarfa hvers aðildarlands á áfallasvæði eru sum eða öll eftirfarandi forgangsverkefni, meðal annarra, hluti af framkvæmdaáætlunum landanna, þar sem þau tengjast aðgerðum gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka á áfallasvæðum og varða íbúa þeirra svæða: Aukin fjölbreytni atvinnulífsins og bætt efnahagslegt umhverfi landanna í þeim tilgangi að efla áætlanir sem hafa það að markmiði að útrýma fátækt og tryggja næg matvæli; lýðfræðilegar breytingar; sjálfbær nýting náttúruauðlinda; sjálfbær landbúnaður; þróun og skynsamleg nýting ýmissa orkulinda; stofnanir og löggjöf; bætt aðstaða til mats og kerfisbundinna athugana, þar á meðal vatnafræðileg og veðurfræðileg þjónusta, og aukin færni, menntun og almenningsvitund.

11. gr.
Framkvæmdaáætlanir á einstökum undirsvæðum og svæðum.

Aðildarlönd á áfallasvæðum skulu hafa samráð og samstarf þar sem það á við, samkvæmt viðaukum samnings þessa vegna framkvæmda á einstökum svæðum, við undirbúning framkvæmdaáætlana á einstökum undirsvæðum og/eða svæðum í því skyni að samræma, bæta og auka skilvirkni áætlana í einstökum löndum. Ákvæði 10. gr. skulu, að breyttu breytanda, eiga við um framkvæmdaáætlanir á einstökum undirsvæðum og svæðum. Slíkt samstarf getur verið fólgið í samþykktum sameiginlegum verkefnum sem varða sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda sem eru sameiginlegar fyrir fleiri ríki, í samvinnu á vísinda- og tæknisviðinu og eflingu stofnana sem hlut eiga að máli.

12. gr.
Alþjóðlegt samstarf.

Aðildarlönd á áfallasvæðum eru hvött til að starfa með aðilum samnings þessa og hinu alregional levels, which take into consideration seasonal to interannual climate predictions;

(c) establishment and/or strengthening, as appropriate, of food security systems, including storage and marketing facilities, particularly in rural areas;

(d) establishment of alternative livelihood projects that could provide incomes in drought prone areas; and

(e) development of sustainable irrigation programmes for both crops and livestock.

4. Taking into account the circumstances and requirements specific to each affected country Party, national action programmes include, as appropriate, inter alia, measures in some or all of the following priority fields as they relate to combating desertification and mitigating the effects of drought in affected areas and to their populations: promotion of alternative livelihoods and improvement of national economic environments with a view to strengthening programmes aimed at the eradication of poverty and at ensuring food security; demographic dynamics; sustainable management of natural resources; sustainable agricultural practices; development and efficient use of various energy sources; institutional and legal frameworks; strengthening of capabilities for assessment and systematic observation, including hydrological and meteorological services, and capacity building, education and public awareness.

Article 11
Subregional and regional action programmes

Affected country Parties shall consult and cooperate to prepare, as appropriate, in accordance with relevant regional implementation annexes, subregional and/or regional action programmes to harmonize, complement and increase the efficiency of national programmes. The provisions of article 10 shall apply mutatis mutandis to subregional and regional programmes. Such cooperation may include agreed joint programmes for the sustainable management of transboundary natural resources, scientific and technical cooperation, and strengthening of relevant institutions.

Article 12
International cooperation

Affected country Parties, in collaboration with other Parties and the international community,

þjóðlega samfélagi til að stuðla að öflugri alþjóðlegri samstöðu um framkvæmd samningsins. Slíkt samstarf ætti einnig að ná til tæknimiðlunar, vísindalegra rannsókna og þróunar, söfnunar og dreifingar upplýsinga og til fjármögnunar.

13. gr.
Stuðningur við undirbúning og framkvæmd áætlana.

1. Aðgerðir til stuðnings framkvæmdaáætlunum skv. 9. gr. eru m.a.:

a) fjárhagslegt samstarf til að styrkja gerð framkvæmdaáætlana í því skyni að stuðla að gerð nauðsynlegra langtímaáætlana;

b) gerð og nýting samstarfsvettvangs er stuðli að stuðningi heima í héruðum, þar á meðal aðgerðir óháðra félagasamtaka, í þeim tilgangi að hvetja til endurtekinnar notkunar tilraunaverkefna sem reynst hafa vel, þar sem það á við;

c) aukinn sveigjanleiki við skipulagningu verkefna, fjármögnun og framkvæmdir og við endurtekningu tilraunaverkefna með þátttöku heimamanna og í samstarfi við þá; og

d) aðferðir við stjórnun og fjárhagsáætlanagerð, eftir því sem við á, til að auka skilvirkni samstarfs og stuðningsaðgerða.

2. Veita skal aðildarlöndum í Afríku og minnst þróuðum aðildarlöndum forgang þegar þróunarlöndum á áfallasvæðum sem eru samningsaðilar er veittur stuðningur.

14. gr.
Samræming undirbúnings og framkvæmdar áætlana.

1. Aðilar samnings þessa skulu hafa með sér náið samstarf við undirbúning og framkvæmd áætlana, bæði beint og fyrir milligöngu viðkomandi milliríkjastofnana.

2. Aðilar samnings þessa skulu koma á fót starfsvettvangi, sérstaklega á lands- og héraðsvísu, til að tryggja eins góða samræmingu og unnt er milli þróaðra aðildarlanda, þróunarlanda sem eru samningsaðilar, hlutaðeigandi milliríkjastofnana og óháðra félagasamtaka í því skyni að forðast tvíverknað, samræma inngrip og aðferðir og tryggja hámarksárangur aðstoðar. Í þróunarlöndum á áfallasvæðum sem eru samningsaðilar skal veita forgang þeim samræmingaraðgerðum sem tengdar eru alþjóðasamstarfi í því skyni að nýta fjármagn sem best, til að

should cooperate to ensure the promotion of an enabling international environment in the implementation of the Convention. Such cooperation should also cover fields of technology transfer as well as scientific research and development, information collection and dissemination and financial resources.

Article 13
Support for the elaboration and implementation of action programmes

1. Measures to support action programmes pursuant to article 9 include, inter alia:

(a) financial cooperation to provide predictability for action programmes, allowing for necessary long-term planning;

(b) elaboration and use of cooperation mechanisms which better enable support at the local level, including action through non-governmental organizations, in order to promote the replicability of successful pilot programme activities where relevant;

(c) increased flexibility in project design, funding and implementation in keeping with the experimental, iterative approach indicated for participatory action at the local community level; and

(d) as appropriate, administrative and budgetary procedures that increase the efficiency of cooperation and of support programmes.

2. In providing such support to affected developing country Parties, priority shall be given to African country Parties and to least developed country Parties.

Article 14
Coordination in the elaboration and implementation of action programmes

1. The Parties shall work closely together, directly and through relevant intergovernmental organizations, in the elaboration and implementation of action programmes.

2. The Parties shall develop operational mechanisms, particularly at the national and field levels, to ensure the fullest possible coordination among developed country Parties, developing country Parties and relevant intergovernmental and non-governmental organizations, in order to avoid duplication, harmonize interventions and approaches, and maximize the impact of assistance. In affected developing country Parties, priority will be given to coordinating activities related to international cooperation in order to maximize the efficient use of resources, to

tryggja virk viðbrögð og til að auðvelda framkvæmd áætlana einstakra ríkja og forgangsverkefna sem unnið er að undir merkjum þessa samnings.

15. gr.
Viðaukar vegna framkvæmda á einstökum svæðum.

Efnisatriði sem ætlað er að vera hluti framkvæmdaáætlana skal velja og aðlaga að ríkjandi félagslegum, efnahagslegum, landfræðilegum og veðurfarslegum skilyrðum á áfallasvæðum eða í aðildarlöndum á áfallasvæðum, og jafnframt að þróunarstigi þeirra. Leiðbeiningar við undirbúning framkvæmdaáætlana, nákvæmar áherslur þeirra og efnisþættir fyrir sérstök undirsvæði og svæði eru í viðaukum vegna framkvæmda á einstökum svæðum.

2. kafli. Vísinda- og tæknisamstarf.

16. gr.
Söfnun, greining og skipti á gögnum.

Aðilar samnings þessa samþykkja, í samræmi við getu hvers og eins, að samþætta og samræma söfnun, greiningu og gagnkvæm skipti á skammtíma- og langtímagögnum og upplýsingum til að tryggja kerfisbundið eftirlit með hnignun lands á áfallasvæðum og til að skilja betur og meta ferli og afleiðingar þurrka og eyðimerkurmyndunar. Þetta myndi m.a. gera kleift að koma á fót viðvörunarkerfum og gera áætlanir fyrirfram um aðgerðir sem allir gætu gripið til, ekki síst heimamenn, þegar veðurfar breytist til hins verra. Í þessu skyni skulu aðilar samningsins, þar sem það á við:

a) stuðla að og efla starfsemi alþjóðlegs samskiptanets stofnana og skapa aðstæður til söfnunar, greiningar og skipta á gögnum og til kerfisbundinna athugana á öllum stigum sem skulu m.a.:

(i) stefna að notkun sambærilegra staðla og kerfa;

(ii) ná til viðkomandi gagna og stöðva, þar á meðal á fjarlægum slóðum;

(iii) skiptast á nútímatækni og nýta hana við söfnun og dreifingu gagna og við mat á hnignun lands; og

(iv) tengja gagna- og upplýsingastöðvar í einstökum löndum, á undirsvæðum og svæðum betur við upplýsingabanka sem ná til alls heimsins;

ensure responsive assistance, and to facilitate the implementation of national action programmes and priorities under this Convention.

Article 15
Regional implementation annexes

Elements for incorporation in action programmes shall be selected and adapted to the socio-economic, geographical and climatic factors applicable to affected country Parties or regions, as well as to their level of development. Guidelines for the preparation of action programmes and their exact focus and content for particular subregions and regions are set out in the regional implementation annexes.

Section 2: Scientific and technical cooperation

Article 16
Information collection, analysis and exchange

The Parties agree, according to their respective capabilities, to integrate and coordinate the collection, analysis and exchange of relevant short term and long term data and information to ensure systematic observation of land degradation in affected areas and to understand better and assess the processes and effects of drought and desertification. This would help accomplish, inter alia, early warning and advance planning for periods of adverse climatic variation in a form suited for practical application by users at all levels, including especially local populations. To this end, they shall, as appropriate:

(a) facilitate and strengthen the functioning of the global network of institutions and facilities for the collection, analysis and exchange of information, as well as for systematic observation at all levels, which shall, inter alia:

(i) aim to use compatible standards and systems;

(ii) encompass relevant data and stations, including in remote areas;

(iii) use and disseminate modern technology for data collection, transmission and assessment on land degradation; and

(iv) link national, subregional and regional data and information centres more closely with global information sources;

b) tryggja að söfnun, greining og skipti á gögnum og upplýsingum svari þörfum heimamanna á viðkomandi svæðum og þeirra sem taka ákvarðanir, í þeim tilgangi að leysa sérstök vandamál og til að tryggja að heimamenn séu virkir þátttakendur í þessu starfi;

c) styðja og þróa tvíhliða og fjölþjóðlegar áætlanir og verkefni sem hafa það að markmiði að skilgreina, stjórna, meta og fjármagna söfnun, greiningu og skipti á gögnum og upplýsingum, m.a. samþættar náttúrufræðilegar, félagslegar og hagfræðilegar vísbendingar;

d) nýta til fullnustu sérfræðiþekkingu hæfra milliríkjastofnana og óháðra félagasamtaka, sérstaklega í þeim tilgangi að dreifa mikilvægum upplýsingum og reynslu til markhópa á ólíkum svæðum;

e) leggja áherslu á söfnun, greiningu og skipti á gögnum um félags- og efnahagslegar aðstæður og samþættingu þeirra við náttúrufræðileg gögn;

f) skiptast á gögnum og gera að fullu og tafarlaust aðgengilegar allar upplýsingar sem eru opnar almenningi og sem varða baráttu gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka; og

g) skiptast, að svo miklu leyti sem löggjöf og/eða opinber stefna í hverju landi heimilar, á upplýsingum um staðbundna og hefðbundna þekkingu í hverju landi, þó þannig að tryggt sé að sú þekking sé nægilega vernduð og að heimamönnum sem hlut eiga að máli sé greiddur hæfilegur arður af henni, á sanngjörnum grundvelli og samkvæmt gagnkvæmu samkomulagi.

(b) ensure that the collection, analysis and exchange of information address the needs of local communities and those of decision makers, with a view to resolving specific problems, and that local communities are involved in these activities;

(c) support and further develop bilateral and multilateral programmes and projects aimed at defining, conducting, assessing and financing the collection, analysis and exchange of data and information, including, inter alia, integrated sets of physical, biological, social and economic indicators;

(d) make full use of the expertise of competent intergovernmental and non-governmental organizations, particularly to disseminate relevant information and experiences among target groups in different regions;

(e) give full weight to the collection, analysis and exchange of socio-economic data, and their integration with physical and biological data;

(f) exchange and make fully, openly and promptly available information from all publicly available sources relevant to combating desertification and mitigating the effects of drought; and

(g) subject to their respective national legislation and/or policies, exchange information on local and traditional knowledge, ensuring adequate protection for it and providing appropriate return from the benefits derived from it, on an equitable basis and on mutually agreed terms, to the local populations concerned.

17. gr.

Rannsóknir og þróun.

1. Aðilar samnings þessa takast á hendur, í samræmi við getu hvers og eins, að stuðla að tæknilegu og vísindalegu samstarfi að tilhlutan stofnana í einstökum löndum, á undirsvæðum og svæðum og alþjóðastofnana í baráttunni gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka. Í þeim tilgangi skulu þeir styðja rannsóknastarfsemi sem:

a) leiðir til aukinnar þekkingar á þeim þáttum sem orsaka eyðimerkurmyndun og þurrka, og á áhrifum náttúrulegra og mannlegra orsakavalda og greiningu þeirra, með það að markmiði að vinna gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka og stuðla að aukinni framleiðni og sjálfbærri nýtingu og stjórnun auðlinda;

Article 17

Research and development

1. The Parties undertake, according to their respective capabilities, to promote technical and scientific cooperation in the fields of combating desertification and mitigating the effects of drought through appropriate national, subregional, regional and international institutions. To this end, they shall support research activities that:

(a) contribute to increased knowledge of the processes leading to desertification and drought and the impact of, and distinction between, causal factors, both natural and human, with a view to combating desertification and mitigating the effects of drought, and achieving improved productivity as well as sustainable use and management of resources;

b) kemur til móts við vel skilgreind markmið og sérstakar þarfir íbúa hvers svæðis og leiðir til þess að fundnar verða úrlausnir og hrundið í framkvæmd aðgerðum sem bæta lífsskilyrði íbúa á áfallasvæðum;

c) varðveitir, samþættir, styður og staðfestir gildi hefðbundinnar og staðbundinnar þekkingar, kunnáttu og starfsaðferða og tryggir, að svo miklu leyti sem löggjöf og/eða opinbera stefna viðkomandi lands leyfir, að eigendur þessarar þekkingar hljóti beinan arð, á sanngjörnum grundvelli og samkvæmt gagnkvæmu samkomulagi, ef þekkingin er notuð í viðskiptaskyni eða sem grundvöllur tækniþróunar;

d) þróar og eflir rannsóknaaðstöðu í einstökum löndum, á undirsvæðum og svæðum í þróun arlöndum á áfallasvæðum sem eru samningsaðilar, sérstaklega í Afríku, og sem eflir staðbundna kunnáttu og viðeigandi færni, sérstaklega í löndum þar sem rannsóknir standa höllum fæti, og leggur sérstaka áherslu á þverfagleg samstarfsrannsóknaverkefni á sviði félags- og hagfræði;

e) tekur, þar sem svo hagar til, tillit til samhengisins milli fátæktar, fólksflutninga af völdum umhverfisþátta og eyðimerkurmyndunar;

f) stuðlar að sameiginlegum verkefnum rannsóknastofnana í einstökum löndum, á undirsvæðum og svæðum og alþjóðlegra rannsóknastofnana, bæði í opinbera geiranum og einkageiranum, í þeim tilgangi að þróa bætta, ódýra og aðgengilega tækni í þágu sjálfbærrar þróunar, með virkri þátttöku heimamanna og sveitarfélaga; og

g) eykur nýtanlegt vatn á áfallasvæðum, m.a. með skýjasöllun.

2. Í framkvæmdaáætlunum skal forgangsraða rannsóknaverkefnum fyrir einstök svæði og undirsvæði með tilliti til aðstæðna á hverjum stað. Þing aðila samnings þessa skal endurskoða forgangsröðina með reglulegu millibili samkvæmt tillögum vísinda- og tækninefndarinnar.

(b) respond to well defined objectives, address the specific needs of local populations and lead to the identification and implementation of solutions that improve the living standards of people in affected areas;

(c) protect, integrate, enhance and validate traditional and local knowledge, know-how and practices, ensuring, subject to their respective national legislation and/or policies, that the owners of that knowledge will directly benefit on an equitable basis and on mutually agreed terms from any commercial utilization of it or from any technological development derived from that knowledge;

(d) develop and strengthen national, subregional and regional research capabilities in affected developing country Parties, particularly in Africa, including the development of local skills and the strengthening of appropriate capacities, especially in countries with a weak research base, giving particular attention to multidisciplinary and participative socio-economic research;

(e) take into account, where relevant, the relationship between poverty, migration caused by environmental factors, and desertification;

(f) promote the conduct of joint research programmes between national, subregional, regional and international research organizations, in both the public and private sectors, for the development of improved, affordable and accessible technologies for sustainable development through effective participation of local populations and communities; and

(g) enhance the availability of water resources in affected areas, by means of, inter alia, cloud-seeding.

2. Research priorities for particular regions and subregions, reflecting different local conditions, should be included in action programmes. The Conference of the Parties shall review research priorities periodically on the advice of the Committee on Science and Technology.

18. gr.
Miðlun, öflun, aðlögun og þróun tækni.

1. Aðilar samnings þessa takast á hendur, samkvæmt gagnkvæmu samkomulagi þar um og í samræmi við löggjöf og/eða opinbera stefnu í viðkomandi löndum, að stuðla að, fjármagna og/eða aðstoða við fjármögnun vegna miðlunar, öflunar, aðlögunar og þróunar vistvænnar, fjárhagslega nothæfrar og félagslega ásættanlegrar

Article 18
Transfer, acquisition, adaptation and development of technology

1. The Parties undertake, as mutually agreed and in accordance with their respective national legislation and/or policies, to promote, finance and/or facilitate the financing of the transfer, acquisition, adaptation and development of environmentally sound, economically viable and socially acceptable technologies relevant to com-

tækni til notkunar í baráttunni gegn eyðimerkurmyndun og/eða afleiðingum þurrka, í þeim tilgangi að stuðla að sjálfbærri þróun á áfallasvæðum. Slíkt samstarf skal vera tvíhliða eða fjölþjóðlegt, eftir því sem við á, og nýta skal til fullnustu sérfræðiþekkingu milliríkjastofnana og óháðra félagasamtaka. Aðilar samningsins skulu sérstaklega:

a) nýta til fullnustu þau upplýsingakerfi sem fyrir hendi eru í einstökum löndum, á undirsvæðum og svæðum og alþjóðleg upplýsingakerfi, svo og stofnanir sem dreifa upplýsingum um tiltæka tækni, uppruna hennar, umhverfishættu sem af henni stafar og meginskilyrði sem sett eru fyrir notkun hennar;

b) auðvelda, einkum þróunarlöndum á áfallasvæðum sem eru samningsaðilar, á hagstæðum kjörum, þar á meðal með ívilnunar- og forgangskjörum, samkvæmt gagnkvæmu samkomulagi, með hliðsjón af nauðsyn þess að vernda hugverkaréttindi, aðgang að þeirri tækni sem best hentar sérstökum þörfum heimamanna, með sérstöku tilliti til félagslegra, menningarlegra, efnahagslegra og umhverfislegra áhrifa slíkrar tækni;

c) stuðla að tæknisamstarfi þróunarlanda á áfallasvæðum sem eru samningsaðilar með fjárhagsaðstoð eða öðrum viðeigandi hætti;

d) auka tæknisamstarf við þróunarlönd á áfallasvæðum sem eru samningsaðilar, þar á meðal með sameiginlegum verkefnum, þar sem það hentar, sérstaklega á sviðum sem gætu aukið fjölbreytni atvinnulífsins; og

e) grípa til nauðsynlegra aðgerða til að skapa markaðsaðstæður í viðkomandi löndum og fjárhagslegt eða annars konar frumkvæði sem leiða til þróunar, miðlunar, öflunar og aðlögunar gagnlegrar tækni, þekkingar, kunnáttu og starfsaðferða, þar á meðal aðgerða til að tryggja næga og virka verndun hugverkaréttinda.

2. Aðilar samnings þessa skulu, í samræmi við getu og samkvæmt löggjöf og/eða opinberri stefnu ríkja, varðveita, efla og nota einkum viðeigandi hefðbundnar og staðbundnar tækniaðferðir, þekkingu, kunnáttu og starfsaðferðir, og í því skyni skuldbinda þeir sig til að:

a) gera úttekt á slíkum tækniaðferðum, þekkingu, kunnáttu og starfsaðferðum og á notagildi þeirra, með þátttöku heimamanna, og dreifa slíkum upplýsingum, þar sem það á við, í samstarfi við viðkomandi milliríkjastofnanir og óháð félagasamtök;

bating desertification and/or mitigating the effects of drought, with a view to contributing to the achievement of sustainable development in affected areas. Such cooperation shall be conducted bilaterally or multilaterally, as appro priate, making full use of the expertise of intergovernmental and non-governmental organizations. The Parties shall, in particular:

(a) fully utilize relevant existing national, subregional, regional and international information systems and clearing-houses for the dissemination of information on available technologies, their sources, their environmental risks and the broad terms under which they may be acquired;

(b) facilitate access, in particular by affected developing country Parties, on favourable terms, including on concessional and preferential terms, as mutually agreed, taking into account the need to protect intellectual property rights, to technologies most suitable to practical application for specific needs of local populations, paying special attention to the social, cultural, economic and environmental impact of such technology;

(c) facilitate technology cooperation among affected country Parties through financial assistance or other appropriate means;

(d) extend technology cooperation with affected developing country Parties, including, where relevant, joint ventures, especially to sectors which foster alternative livelihoods; and

(e) take appropriate measures to create domestic market conditions and incentives, fiscal or otherwise, conducive to the development, transfer, acquisition and adaptation of suitable technology, knowledge, know-how and practices, including measures to ensure adequate and effective protection of intellectual property rights.

2. The Parties shall, according to their respective capabilities, and subject to their respective national legislation and/or policies, protect, promote and use in particular relevant traditional and local technology, knowledge, know-how and practices and, to that end, they undertake to:

(a) make inventories of such technology, knowledge, know-how and practices and their potential uses with the participation of local populations, and disseminate such information, where appropriate, in cooperation with relevant intergovernmental and non-governmental organizations;

b) tryggja að slíkar tækniaðferðir, þekking, kunnátta og starfsaðferðir séu nægilega verndaðar og að heimamenn hljóti beinan arð, á sanngjörnum grundvelli og samkvæmt gagnkvæmu samkomulagi, af viðskiptalegri nýtingu þeirra eða af tækniþróun sem byggist á þeim;

c) hvetja til og styrkja þróun og dreifingu slíkra tækniaðferða, þekkingar, kunnáttu og starfsaðferða eða þróun nýrrar tækni sem byggist á þeim; og

d) stuðla eftir þörfum að aðlögun slíkra tækniaðferða, þekkingar, kunnáttu og starfsaðferða að almennri notkun og samþætta þær nútímatækni, eftir því sem við á.

3. kafli. Stuðningsaðgerðir.

19. gr.

Aukin færni, menntun og almenningsvitund.

1. Aðilar samnings þessa gera sér grein fyrir mikilvægi þess að auka færni, þ.e. að koma á fót stofnunum og stuðla að þjálfun og þróun nauðsynlegrar færni á einstökum stöðum og löndum, með það að markmiði að sporna gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka. Þeir skulu, eftir því sem þörf krefur, stuðla að aukinni færni:

a) með fullri þátttöku heimamanna á öllum stigum, ekki síst í sveitarfélögum, sérstaklega kvenna og ungs fólks, í samstarfi við óháð og staðbundin félagasamtök;

b) með því að efla þjálfun og rannsóknafærni á sviði eyðimerkurmyndunar og þurrka í hverju landi;

c) með því að koma á og/eða auka stuðning og upplýsingaþjónustu með það að markmiði að koma á skilvirkan hátt á framfæri viðeigandi tæknikunnáttu og aðferðum, og með því að þjálfa ráðunauta og meðlimi félagasamtaka í sveitum í samstarfi um verndun og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda;

d) með því að stuðla að nýtingu og útbreiðslu þeirrar þekkingar, kunnáttu og starfsaðferða sem heimamenn búa yfir í sambandi við tæknileg samstarfsverkefni, þar sem það á við;

e) með því að aðlaga, þar sem þess gerist þörf, vistvænar tækniaðferðir og hefðbundnar aðferðir í landbúnaði og hjarðlífi að nútíma félags- og efnahagslegum aðstæðum;

f) með því að veita nauðsynlega þjálfun og leggja til tækni við nýtingu nýrra orkulinda, sérstaklega endurnýjanlegra orkulinda, í þeim

(b) ensure that such technology, knowledge, know-how and practices are adequately protected and that local populations benefit directly, on an equitable basis and as mutually agreed, from any commercial utilization of them or from any technological development derived therefrom;

(c) encourage and actively support the improve ment and dissemination of such technology, knowledge, know-how and practices or of the development of new technology based on them; and

(d) facilitate, as appropriate, the adaptation of such technology, knowledge, know-how and practices to wide use and integrate them with modern technology, as appropriate.

Section 3: Supporting measures

Article 19

Capacity building, education and public awareness

1. The Parties recognize the significance of capacity building – that is to say, institution building, training and development of relevant local and national capacities – in efforts to combat desertification and mitigate the effects of drought. They shall promote, as appropriate, capacity building:

(a) through the full participation at all levels of local people, particularly at the local level, especially women and youth, with the cooperation of non-governmental and local organizations;

(b) by strengthening training and research capacity at the national level in the field of desertification and drought;

(c) by establishing and/or strengthening support and extension services to disseminate relevant technology methods and techniques more effectively, and by training field agents and members of rural organizations in participatory approaches for the conservation and sustainable use of natural resources;

(d) by fostering the use and dissemination of the knowledge, know-how and practices of local people in technical cooperation programmes, wherever possible;

(e) by adapting, where necessary, relevant environmentally sound technology and traditional methods of agriculture and pastoralism to modern socio-economic conditions;

(f) by providing appropriate training and technology in the use of alternative energy sources, particularly renewable energy resources, aimed

tilgangi að draga úr þörf fyrir eldivið sem orkugjafa;

g) með samstarfi, samkvæmt gagnkvæmu samkomulagi, um að gera þróunarlöndum á áfallasvæðum sem eru samningsaðilar kleift að skipuleggja og hrinda í framkvæmd áætlunum um söfnun, greiningu og skipti á upplýsingum skv. 16. gr.;

h) með því að finna nýjar leiðir til að stuðla að fjölbreyttara atvinnulífi, þar á meðal með þjálfun í nýjum starfsgreinum;

i) með þjálfun þeirra sem taka ákvarðanir, stjórnenda og starfsfólks sem ber ábyrgð á söfnun og greiningu gagna vegna dreifingar og notkunar forvarnaupplýsinga um þurrkaástand og matvælaframleiðslu;

j) með því að nýta betur þær stofnanir og þá löggjöf sem fyrir hendi eru í hverju landi og, þar sem þess gerist þörf, koma á fót nýjum stofnunum og setja ný lög, svo og bæta áætlanagerð og stjórnun; og

k) með starfsmannaskiptum til að stuðla að aukinni færni í aðildarlöndum á áfallasvæðum með gagnkvæmu langtímanámi og rannsóknum.

2. Þróunarlönd á áfallasvæðum sem eru samningsaðilar skulu, eftir þörfum og í samstarfi við aðra aðila samningsins og hæfar milliríkjastofnanir og óháð félagasamtök, gera alhliða úttekt á þeirri færni og aðstöðu sem fyrir hendi er á einstökum stöðum og löndum, svo og möguleikum til úrbóta.

3. Aðilar samnings þessa skulu hafa samstarf sín á milli og fyrir milligöngu hæfra milliríkjastofnana, svo og við óháð félagasamtök, um framkvæmd og stuðning við aðgerðir til aukinnar almenningsvitundar og fræðslu, bæði í aðildarlöndum á áfallasvæðum og, ef þess gerist þörf, í aðildarlöndum utan þeirra til að auka skilning á orsökum og afleiðingum eyðimerkurmyndunar og þurrka og á nauðsyn þess að ná fram markmiðum þessa samnings. Í þeim tilgangi skulu þeir:

a) skipuleggja átaksaðgerðir til að auka almenningsvitund;

b) vinna að því að almenningur hafi ávallt aðgang að upplýsingum sem máli skipta og að víðtækri þátttöku almennings í upplýsinga- og fræðslustarfi;

c) hvetja til stofnunar samtaka sem vinna að aukinni almenningsvitund;

d) þróa og skiptast á upplýsinga- og fræðsluefni, á máli viðkomandi þjóðar ef unnt er, skiptast á sérfræðingum og aðstoða þá við að þjálfa

particularly at reducing dependence on wood for fuel;

(g) through cooperation, as mutually agreed, to strengthen the capacity of affected developing country Parties to develop and implement programmes in the field of collection, analysis and exchange of information pursuant to article 16;

(h) through innovative ways of promoting al ternative livelihoods, including training in new skills;

(i) by training of decision makers, managers, and personnel who are responsible for the collection and analysis of data for the dissemination and use of early warning information on drought conditions and for food production;

(j) through more effective operation of existing national institutions and legal frameworks and, where necessary, creation of new ones, along with strengthening of strategic planning and management; and

(k) by means of exchange visitor programmes to enhance capacity building in affected country Parties through a long-term, interactive process of learning and study.

2. Affected developing country Parties shall conduct, in cooperation with other Parties and competent intergovernmental and non-governmental organizations, as appropriate, an interdisciplinary review of available capacity and facilities at the local and national levels, and the potential for strengthening them.

3. The Parties shall cooperate with each other and through competent intergovernmental organizations, as well as with non-governmental organizations, in undertaking and supporting public awareness and educational programmes in both affected and, where relevant, unaffected country Parties to promote understanding of the causes and effects of desertification and drought and of the importance of meeting the objective of this Convention. To that end, they shall:

(a) organize awareness campaigns for the general public;

(b) promote, on a permanent basis, access by the public to relevant information, and wide public participation in education and awareness activities;

(c) encourage the establishment of associations that contribute to public awareness;

(d) develop and exchange educational and public awareness material, where possible in local languages, exchange and second experts to

starfsfólk frá þróunarlöndum á áfallasvæðum sem eru samningsaðilar til að annast upplýsinga- og fræðslustarfsemi, og nýta til fullnustu viðeigandi fræðsluefni sem fyrir hendi er hjá hæfum alþjóðastofnunum;

e) leggja mat á menntunarþörf á áfallasvæðum, semja vandað námsefni á þessu sviði fyrir skóla og auka eftir þörfum lestrarfræðslu fyrir fullorðna og veita öllum, sérstaklega stúlkum og konum, tækifæri til að þekkja, vernda og nýta náttúruauðlindir á áfallasvæðum á sjálfbæran hátt; og

f) gera þverfaglegar áætlanir þar sem þróun vitundar um eyðimerkurmyndun og afleiðingar þurrka er tengd fræðslukerfinu, m.a. óhefðbundnum kennsluaðferðum, fullorðinsfræðslu, fjarkennslu og hagnýtri fræðslu.

4. Þing aðila samnings þessa skal koma á og/eða efla net svæðisbundinna fræðslu- og þjálfunarstöðva til að vinna gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka. Starfsemi slíkra neta skal samræmd af stofnun sem verður sett á fót og/eða tilnefnd í þessum tilgangi, til að þjálfa vísinda- og tæknimenn og stjórnendur og efla, þar sem þess gerist þörf, þær stofnanir sem fyrir hendi eru og ábyrgar eru fyrir menntun og þjálfun í aðildarlöndum á áfallasvæðum, í því skyni að samræma áætlanir og skipuleggja upplýsingaskipti milli þeirra á grundvelli fenginnar reynslu. Þessi net skulu hafa náið samstarf við viðkomandi milliríkjastofnanir og óháð félagasamtök til þess að koma í veg fyrir tvíverknað.

train personnel of affected developing country Parties in carrying out relevant education and awareness programmes, and fully utilize relevant educational material available in competent international bodies;

(e) assess educational needs in affected areas, elaborate appropriate school curricula and expand, as needed, educational and adult literacy pro grammes and opportunities for all, in particular for girls and women, on the identification, conservation and sustainable use and management of the natural resources of affected areas; and

(f) develop interdisciplinary participatory programmes integrating desertification and drought awareness into educational systems and in non-formal, adult, distance and practical educational programmes.

4. The Conference of the Parties shall establish and/or strengthen networks of regional education and training centres to combat desertification and mitigate the effects of drought. These networks shall be coordinated by an institution created or designated for that purpose, in order to train scientific, technical and management personnel and to strengthen existing institutions responsible for education and training in affected country Parties, where appropriate, with a view to harmonizing programmes and to organizing exchanges of experience among them. These networks shall cooperate closely with relevant intergovernmental and non-governmental organizations to avoid duplication of effort.

20. gr.

Fjármagn.

1. Fjármögnun er grundvöllur þess að unnt sé að ná fram markmiði samningsins og því skulu aðilar hans, í samræmi við getu hvers og eins, gera allt sem í þeirra valdi stendur til að tryggja nægilegt fjármagn til framkvæmdaáætlana sem hafa það að markmiði að sporna gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka.

2. Í þessu samhengi og skv. 7. gr. skuldbinda þróuð aðildarlönd sig, um leið og þau veita aðildarlöndum á áfallasvæðum í Afríku forgang, án þess að vanrækja þróunarlönd á áfallasvæðum á öðrum svæðum sem eru samningsaðilar, til að:

a) útvega umtalsvert fjármagn, þar á meðal styrki og víkjandi lán, til að styðja framkvæmd áætlana sem hafa að markmiði að sporna gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka;

Article 20

Financial resources

1. Given the central importance of financing to the achievement of the objective of the Convention, the Parties, taking into account their capabilities, shall make every effort to ensure that adequate financial resources are available for programmes to combat desertification and mitigate the effects of drought.

2. In this connection, developed country Parties, while giving priority to affected African country Parties without neglecting affected developing country Parties in other regions, in accordance with article 7, undertake to:

(a) mobilize substantial financial resources, including grants and concessional loans, in order to support the implementation of programmes to combat desertification and mitigate the effects of drought;

b) stuðla að nægilegri fjármögnun, þegar hennar er þörf, þar á meðal útvegun nýs fjármagns og viðbótarfjármagns frá Alþjóðaumhverfisfjármögnunarsjóðnum vegna samþykkts viðbótarkostnaðar við aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun sem snerta fjögur meginviðfangsefni sjóðsins, í samræmi við stofnsamning hans;

c) stuðla með alþjóðasamstarfi að miðlun tækni, þekkingar og kunnáttu; og

d) íhuga, í samstarfi við þróunarlönd á áfallasvæðum sem eru samningsaðilar, nýjar leiðir til og frumkvæði við að útvega og beina fjármagni, þar á meðal frá sjóðum, óháðum félagasamtökum og öðrum einkaaðilum, sérstaklega með skuldbreytingum og öðrum nýjum leiðum til að auka raunverulegt fjármagn með því að minnka erlenda skuldabyrði þróunarlanda á áfallasvæðum sem eru samningsaðilar, sérstaklega í Afríku.

3. Þróunarlönd á áfallasvæðum sem eru samningsaðilar skuldbinda sig, í samræmi við getu hvers og eins, til að útvega nægilegt fjármagn til að hrinda í framkvæmd áætlunum í viðkomandi löndum.

4. Við útvegun fjármagns skulu aðilar samnings þessa reyna að nýta til fullnustu og með sem bestum hætti allar fjármögnunarleiðir og -aðferðir, bæði á landsvísu og í gegnum tvíhliða og fjölhliða samtök, nýta viðskiptasambönd, sameiginlegar framkvæmdaáætlanir og fjármögnunarleiðir og leitast við að afla fjármagns frá einkaaðilum, m.a. frá óháðum félagasamtökum. Í þessum tilgangi skulu samningsaðilar nýta til fullnustu þær leiðir sem fjallað er um í 14. gr.

5. Í því skyni að útvega það fjármagn sem þróunarlönd á áfallasvæðum sem eru samningsaðilar þurfa á að halda til að sporna gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka skulu aðilar þessa samnings:

a) hagræða og bæta nýtingu þess fjármagns sem þegar hefur verið veitt til að sporna gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka með því að nota það á sem hagkvæmastan og skilvirkastan hátt, meta kosti og galla hverju sinni, ryðja úr vegi hindrunum sem koma í veg fyrir skilvirka nýtingu fjármagns og endurskoða, þegar þörf krefur, áætlanir í ljósi þeirrar samþættu langtímastefnu sem samningur þessi gerir ráð fyrir;

(b) promote the mobilization of adequate, timely and predictable financial resources, including new and additional funding from the Global Environment Facility of the agreed incremental costs of those activities concerning desertification that relate to its four focal areas, in conformity with the relevant provisions of the Instrument establishing the Global Environment Facility;

(c) facilitate through international cooperation the transfer of technology, knowledge and know-how; and

(d) explore, in cooperation with affected developing country Parties, innovative methods and incentives for mobilizing and channelling resources, including those of foundations, non-governmental organizations and other private sector entities, particularly debt swaps and other innovative means which increase financing by reducing the external debt burden of affected developing country Parties, particularly those in Africa.

3. Affected developing country Parties, taking into account their capabilities, undertake to mobilize adequate financial resources for the implementation of their national action programmes.

4. In mobilizing financial resources, the Parties shall seek full use and continued qualitative improvement of all national, bilateral and multilateral funding sources and mechanisms, using consortia, joint programmes and parallel financing, and shall seek to involve private sector funding sources and mechanisms, including those of non-governmental organizations. To this end, the Parties shall fully utilize the operational mechanisms developed pursuant to article 14.

5. In order to mobilize the financial resources necessary for affected developing country Parties to combat desertification and mitigate the effects of drought, the Parties shall:

(a) rationalize and strengthen the management of resources already allocated for combating desertification and mitigating the effects of drought by using them more effectively and efficiently, assessing their successes and shortcomings, removing hindrances to their effective use and, where necessary, reorienting programmes in light of the integrated long-term approach adopted pursuant to this Convention;

b) stuðla að því að stjórnir fjölþjóðlegra fjármálastofnana, annarra fjármögnunaraðila og sjóða, þar á meðal svæðisbundinna þróunarbanka og sjóða, veiti forgang og stuðning við aðgerðir þróunarlanda á áfallasvæðum sem eru samningsaðilar, sérstaklega í Afríku, til að hrinda samningnum í framkvæmd, einkum framkvæmdaáætlunum sem þau skuldbinda sig til að vinna að innan þess ramma sem lýst er í viðaukum vegna framkvæmda á einstökum svæðum; og

(b) give due priority and attention within the governing bodies of multilateral financial institutions, facilities and funds, including regional development banks and funds, to supporting affected developing country Parties, particularly those in Africa, in activities which advance implementation of the Convention, notably action programmes they undertake in the framework of regional implementation annexes; and

c) kanna á hvern hátt megi efla samstarf á svæðum og undirsvæðum til stuðnings við aðgerðir í einstökum löndum.

(c) examine ways in which regional and subregional cooperation can be strengthened to support efforts undertaken at the national level.

6. Aðrir aðilar samnings þessa eru hvattir til að leggja endurgjaldslaust fram þekkingu, kunnáttu og tækniaðferðir varðandi eyðimerkurmyndun og/eða fjárveitingar til þróunarlanda á áfallasvæðum sem eru samningsaðilar.

6. Other Parties are encouraged to provide, on a voluntary basis, knowledge, know-how and techniques related to desertification and/or financial resources to affected developing country Parties.

7. Með því að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum, sérstaklega að því er varðar fjármögnun og tæknimiðlun, munu þróuð aðildarlönd veita þróunarlöndum á áfallasvæðum sem eru samningsaðilar, sérstaklega í Afríku, mikilsverða aðstoð við framkvæmd skuldbindinga þeirra samkvæmt samningnum. Við framkvæmd skuldbindinga sinna skulu þróuð aðildarlönd leggja sérstaka áherslu á að efnahagslegar og félagslegar umbætur og útrýming fátæktar hafi forgang í þróunarlöndum á áfallasvæðum sem eru samningsaðilar, sérstaklega í Afríku.

7. The full implementation by affected developing country Parties, particularly those in Africa, of their obligations under the Convention will be greatly assisted by the fulfilment by developed country Parties of their obligations under the Convention, including in particular those regarding financial resources and transfer of technology. In fulfilling their obligations, developed country Parties should take fully into account that economic and social development and poverty eradication are the first priorities of affected developing country Parties, particularly those in Africa.

21. gr.
Skipulag fjármála.

1. Þing aðila samnings þessa skal koma á fót fjármálakerfi er leitist við að afla sem mests fjármagns til þess að gera þróunarlöndum á áfallasvæðum sem eru samningsaðilar, sérstaklega í Afríku, kleift að hrinda samningnum í framkvæmd. Í þeim tilgangi skal þingið m.a. gera tillögur um leiðir og stefnumörkun sem:

Article 21
Financial mechanisms

1. The Conference of the Parties shall promote the availability of financial mechanisms and shall encourage such mechanisms to seek to maximize the availability of funding for affected developing country Parties, particularly those in Africa, to implement the Convention. To this end, the Conference of the Parties shall consider for adoption inter alia approaches and policies that:

a) auðveldar útvegun nauðsynlegs fjármagns í einstökum löndum, á undirsvæðum, svæðum og um heim allan til þeirra aðgerða sem fjallað er um í samningnum;

(a) facilitate the provision of necessary funding at the national, subregional, regional and global levels for activities pursuant to relevant provisions of the Convention;

b) styður fjölbreytilegar fjármögnunarleiðir, starfsaðferðir og kerfi og mat á þeim, í samræmi við 20. gr.;

(b) promote multiple-source funding approaches, mechanisms and arrangements and their assessment, consistent with article 20;

c) veitir aðilum samnings þessa, sem áhuga hafa, og viðeigandi milliríkjastofnunum og óháðum félagasamtökum með reglulegum hætti

(c) provide on a regular basis, to interested Parties and relevant intergovernmental and nongovernmental organizations, information on

upplýsingar um fyrirliggjandi fjármagn og fjármagnsleiðir í því skyni að auðvelda samræmingu milli þeirra;

d) stuðlar, eftir því sem við á, að gerð fyrirkomulags, eins og landgræðslusjóða í einstökum löndum, þar á meðal með þátttöku óháðra félagasamtaka, sem gegni því hlutverki að beina fjármagni með skjótum og virkum hætti til þurfandi svæða í þróunarlöndum á áfallasvæðum sem eru samningsaðilar; og

e) eflir núverandi sjóði og fjármálakerfi á einstökum undirsvæðum og svæðum, sérstaklega í Afríku, í því skyni að stuðla að sem árangursríkastri framkvæmd samningsins.

2. Þing aðila samnings þessa skal vinna að auknum stuðningi ýmissa stofnana Sameinuðu þjóðanna og fjölþjóðlegra fjármálastofnana við aðgerðir í einstökum löndum, á undirsvæðum og svæðum til að gera þróunarlöndum sem eru samningsaðilar kleift að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum.

3. Þróunarlönd á áfallasvæðum sem eru samningsaðilar skulu nýta sér, stofna til og/eða efla, þar sem þess gerist þörf, samræmingaraðgerðir sem eru samþættar þróunaráætlunum hvers lands, til að tryggja sem besta nýtingu þess fjármagns sem fyrir hendi er. Þau skulu einnig notfæra sér sjálfboðaliðastarf óháðra félagasamtaka, hópa heimamanna og einkaaðila við fjáröflun, til að skipuleggja og framkvæma áætlanir og til að tryggja hópum heimamanna fjármagn. Unnt er að stuðla að þessu með aukinni samræmingu og sveigjanlegri áætlanagerð þeirra sem veita aðstoð.

4. Í því skyni að auka nýtingu og skilvirkni þeirra fjármálakerfa sem fyrir hendi eru er hér með stofnaður Hnattrænn styrktarsjóður sem ætlað er að stuðla að öflun og stýringu umtalsverðs fjármagns, m.a. til tæknimiðlunar, í formi styrkveitinga og/eða með víkjandi lánum eða með öðrum skilmálum, til þróunarlanda á áfallasvæðum sem eru samningsaðilar. Hnattræni styrktarsjóðurinn skal hlíta fyrirmælum og ákvörðunum þings aðila samnings þessa og vera ábyrgur gagnvart því.

5. Á fyrsta reglulega fundi sínum skal þing aðila samnings þessa tilgreina aðila er hýsi Hnattræna styrktarsjóðinn. Þingið og aðilinn sem það tilgreinir skulu samþykkja starfsreglur fyrir styrktarsjóðinn sem tryggja m.a. að hann:

available sources of funds and on funding patterns in order to facilitate coordination among them;

(d) facilitate the establishment, as appropriate, of mechanisms, such as national desertification funds, including those involving the participation of non-governmental organizations, to channel financial resources rapidly and efficiently to the local level in affected developing country Parties; and

(e) strengthen existing funds and financial mechanisms at the subregional and regional levels, particularly in Africa, to support more effectively the implementation of the Convention.

2. The Conference of the Parties shall also encourage the provision, through various mechanisms within the United Nations system and through multilateral financial institutions, of support at the national, subregional and regional levels to activities that enable developing country Parties to meet their obligations under the Convention.

3. Affected developing country Parties shall utilize, and where necessary, establish and/or strengthen, national coordinating mechanisms, integrated in national development programmes, that would ensure the efficient use of all available financial resources. They shall also utilize participatory processes involving non-governmental organizations, local groups and the private sector, in raising funds, in elaborating as well as implementing programmes and in assuring access to funding by groups at the local level. These actions can be enhanced by improved coordination and flexible programming on the part of those providing assistance.

4. In order to increase the effectiveness and efficiency of existing financial mechanisms, a Global Mechanism to promote actions leading to the mobilization and channelling of substantial financial resources, including for the transfer of technology, on a grant basis, and/or on concessional or other terms, to affected developing country Parties, is hereby established. This Global Mechanism shall function under the authority and guidance of the Conference of the Parties and be accountable to it.

5. The Conference of the Parties shall identify, at its first ordinary session, an organization to house the Global Mechanism. The Conference of the Parties and the organization it has identified shall agree upon modalities for this Global Mechanism to ensure inter alia that such Mechanism:

a) tilgreini og skrái viðeigandi tvíhliða og fjölhliða samstarfsáætlanir sem fyrir hendi eru til að hrinda samningnum í framkvæmd;

b) veiti aðilum samnings þessa ráðgjöf, þegar þess er óskað, um nýjar leiðir til fjármögnunar og fjárhagsaðstoðar og um leiðir til aukinnar samræmingar samstarfs í einstökum löndum;

c) veiti aðilum sem hafa áhuga og viðeigandi milliríkjastofnunum og óháðum félagasamtökum upplýsingar um fyrirliggjandi fjármagn og fjármögnunarleiðir til að auðvelda samræmingu þeirra á milli; og

d) gefi þingi aðila samnings þessa skýrslu um starfsemi sína, í fyrsta skipti á öðrum fundi þess.

6. Á fyrsta fundi þings aðila samnings þessa skal gengið frá samkomulagi við þann aðila, sem það hefur tilgreint til að hýsa Hnattræna styrktarsjóðinn, um rekstur hans og nýta, eftir því sem kostur er, það fjármagn og þann mannafla sem þar er fyrir hendi.

7. Á þriðja reglulega fundi sínum skal þing aðila samnings þessa endurskoða stefnu, starfsreglur og starfsemi Hnattræna styrktarsjóðsins sem er ábyrgur gagnvart því skv. 4. mgr. og taka tillit til ákvæða 7. gr. Á grundvelli þeirrar endurskoðunar skal þingið íhuga og gera viðeigandi ráðstafanir.

IV. HLUTI
STOFNANIR

22. gr.
Þing aðila samnings þessa.

1. Þing aðila samnings þessa er hér með stofnað.

2. Þingið er æðsta stofnun samningsins. Það skal, samkvæmt eigin umboði, taka nauðsynlegar ákvarðanir til að stuðla að skilvirkri framkvæmd hans. Það skal einkum:

a) endurskoða reglubundið framkvæmd samningsins og starfsemi stofnana hans í ljósi fenginnar reynslu í einstökum löndum, á undirsvæðum og svæðum og um heim allan og á grundvelli þeirrar þróunar sem á sér stað á sviði vísindalegrar og tæknifræðilegrar þekkingar;

b) stuðla að og auðvelda skipti á upplýsingum um framkvæmdir sem aðilar samningsins hafa unnið að, taka ákvörðun um hvernig og hvenær upplýsingum er komið á framfæri skv. 26. gr.,

(a) identifies and draws up an inventory of relevant bilateral and multilateral cooperation programmes that are available to implement the Convention;

(b) provides advice, on request, to Parties on innovative methods of financing and sources of financial assistance and on improving the coordination of cooperation activities at the national level;

(c) provides interested Parties and relevant intergovernmental and non-governmental organi zations with information on available sources of funds and on funding patterns in order to facilitate coordination among them; and

(d) reports to the Conference of the Parties, beginning at its second ordinary session, on its activities.

6. The Conference of the Parties shall, at its first session, make appropriate arrangements with the organization it has identified to house the Global Mechanism for the administrative operations of such Mechanism, drawing to the extent possible on existing budgetary and human resources.

7. The Conference of the Parties shall, at its third ordinary session, review the policies, operational modalities and activities of the Global Mechanism accountable to it pursuant to paragraph 4, taking into account the provisions of article 7. On the basis of this review, it shall consider and take appropriate action.

PART IV
INSTITUTIONS

Article 22
Conference of the Parties

1. A Conference of the Parties is hereby established.

2. The Conference of the Parties is the supreme body of the Convention. It shall make, within its mandate, the decisions necessary to promote its effective implementation. In particular, it shall:

(a) regularly review the implementation of the Convention and the functioning of its institutional arrangements in the light of the experience gained at the national, subregional, regional and international levels and on the basis of the evolution of scientific and technological knowledge;

(b) promote and facilitate the exchange of information on measures adopted by the Parties, and determine the form and timetable for transmitting the information to be submitted pursuant

fara yfir skýrslurnar og gera tillögur þeim viðvíkjandi;

c) koma á fót þeim undirstofnunum sem talin er þörf á til að hrinda samningnum í framkvæmd;

d) fara yfir skýrslur frá undirstofnunum og marka stefnu í starfi þeirra;

e) samþykkja og setja með samhljóða samkomulagi starfs- og fjárhagsreglur fyrir sig og allar undirstofnanir;

f) samþykkja breytingar á samningnum skv. 30. og 31. gr.;

g) samþykkja starfs- og fjárhagsáætlun fyrir starfsemi sína og undirstofnana sinna og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fjármagna starfsemina;

h) eftir því sem þörf krefur, leita samstarfs við og nýta þjónustu og upplýsingar viðeigandi aðila eða stofnana, bæði alþjóðlegra og í einstökum löndum og bæði þeirra sem ríkisstjórnir standa að og óháðra;

i) stuðla að tengslum og efla samband við aðra viðeigandi samninga en forðast tvíverknað; og

j) standa að öðrum aðgerðum sem nauðsynlegar eru til að ná fram markmiðum samningsins.

3. Á fyrsta fundi sínum skal þingið setja sér starfsreglur með samhljóða samkomulagi, þar á meðal um aðferðir við ákvarðanatöku í málum sem enn hefur ekki verið tekið fram í samningnum hvernig tekin skuli ákvörðun um. Um getur verið að ræða ákvæði um tiltekinn meiri hluta sem þarf til að samþykkja sérstakar tillögur.

4. Bráðabirgðaskrifstofan sem fjallað er um í 35. gr. skal boða til fyrsta fundar þingsins og skal hann haldinn eigi síðar en einu ári eftir að samningurinn tekur gildi. Hafi þingið ekki ákveðið annað skal halda annan, þriðja og fjórða reglulega fundinn árlega, en síðan skal halda reglulegan fund annað hvert ár.

5. Aukafundir þingsins skulu haldnir samkvæmt ákvörðun sem tekin er á reglulegum fundum eða að skriflegri beiðni einhvers aðila þessa samnings, að því tilskildu að beiðnin hafi hlotið stuðning a.m.k. eins þriðja hluta aðila samningsins innan þriggja mánaða eftir að hún barst þeim frá fastaskrifstofunni.

6. Á hverjum reglulegum fundi þingsins skal kjósa framkvæmdaráð. Í starfsreglum skal kveð-

to article 26, review the reports and make recommendations on them;

(c) establish such subsidiary bodies as are deemed necessary for the implementation of the Convention;

(d) review reports submitted by its subsidiary bodies and provide guidance to them;

(e) agree upon and adopt, by consensus, rules of procedure and financial rules for itself and any subsidiary bodies;

(f) adopt amendments to the Convention pursuant to articles 30 and 31;

(g) approve a programme and budget for its activities, including those of its subsidiary bodies, and undertake necessary arrangements for their financing;

(h) as appropriate, seek the cooperation of, and utilize the services of and information provided by, competent bodies or agencies, whether national or international, intergovernmental or non-governmental;

(i) promote and strengthen the relationship with other relevant conventions while avoiding duplication of effort; and

(j) exercise such other functions as may be necessary for the achievement of the objective of the Convention.

3. The Conference of the Parties shall, at its first session, adopt its own rules of procedure, by consensus, which shall include decision-making procedures for matters not already covered by decision-making procedures stipulated in the Convention. Such procedures may include specified majorities required for the adoption of particular decisions.

4. The first session of the Conference of the Parties shall be convened by the interim secretariat referred to in article 35 and shall take place not later than one year after the date of entry into force of the Convention. Unless otherwise decided by the Conference of the Parties, the second, third and fourth ordinary sessions shall be held yearly, and thereafter, ordinary sessions shall be held every two years.

5. Extraordinary sessions of the Conference of the Parties shall be held at such other times as may be decided either by the Conference of the Parties in ordinary session or at the written request of any Party, provided that, within three months of the request being communicated to the Parties by the Permanent Secretariat, it is supported by at least one third of the Parties.

6. At each ordinary session, the Conference of the Parties shall elect a Bureau. The structure

ið á um skipulag og starfsreglur ráðsins. Við tilnefningar í ráðið skal gæta þess að þar sé tryggð sanngjörn hnattsvæðisdreifing og hæfilegur fjöldi þátttakenda frá aðildarlöndum á áfallasvæðum, sérstaklega í Afríku.

7. Fulltrúar Sameinuðu þjóðanna og sérstofnana þeirra, og aðildarríkja eða áheyrnaraðila þeirra sem ekki eru aðilar að samningnum mega sitja sem áheyrnarfulltrúar á fundum þingsins. Sérhver aðili eða stofnun, hvort sem hún er í einstöku landi eða alþjóðleg, og hvort sem ríkisstjórnir standa að henni eða hún er óháð, sem býr yfir sérþekkingu í málefnum þeim sem samningur þessi nær til, getur átt áheyrnarfulltrúa á fundi þingsins hafi verið lögð fram ósk um það hjá fastaskrifstofunni, nema a.m.k. einn þriðji hluti viðstaddra aðila greiði atkvæði gegn því. Aðgengi og þátttaka áheyrnarfulltrúa skal vera háð starfsreglum sem þingið setur.

8. Þingið getur óskað eftir því að viðkomandi stofnanir ríkja eða alþjóðastofnanir, sem ráða yfir viðeigandi sérfræðiþekkingu, veiti þinginu upplýsingar sem varða g-lið 16. gr., c-lið 1. mgr. 17. gr. og b-lið 2. mgr. 18. gr.

23. gr.
Fastaskrifstofa.

1. Fastaskrifstofu er hér með komið á fót.

2. Hlutverk fastaskrifstofunnar skal vera að:

a) undirbúa fundi þings aðila og undirstofnana þess sem settar hafa verið á stofn samkvæmt samningnum, og veita þeim nauðsynlega þjónustu;

b) safna saman og dreifa skýrslum sem henni berast;

c) auðvelda, eftir því sem óskað er, aðstoð við þróunarlönd á áfallasvæðum, sérstaklega í Afríku, sem eru samningsaðilar við öflun og dreifingu upplýsinga sem krafist er samkvæmt samningnum;

d) samræma starfsemi sína og starfsemi skrifstofa annarra viðeigandi alþjóðastofnana og -samninga;

e) gera, undir leiðsögn þings aðila, stjórnunarlegar og samningsbundnar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi sinnar;

f) gera skýrslur um störf sín samkvæmt samningnum og leggja þær fyrir þing aðila; og

and functions of the Bureau shall be determined in the rules of procedure. In appointing the Bureau, due regard shall be paid to the need to ensure equitable geographical distribution and adequate representation of affected country Parties, particularly those in Africa.

7. The United Nations, its specialized agencies and any State member thereof or observers thereto not Party to the Convention, may be represented at sessions of the Conference of the Parties as observers. Any body or agency, whether national or international, governmental or non-governmental, which is qualified in matters covered by the Convention, and which has informed the Permanent Secretariat of its wish to be represented at a session of the Conference of the Parties as an observer, may be so admitted unless at least one third of the Parties present object. The admission and participation of observers shall be subject to the rules of procedure adopted by the Conference of the Parties.

8. The Conference of the Parties may request competent national and international organizations which have relevant expertise to provide it with information relevant to article 16, paragraph (g), article 17, paragraph 1 (c) and article 18, paragraph 2(b).

Article 23
Permanent Secretariat

1. A Permanent Secretariat is hereby established.

2. The functions of the Permanent Secretariat shall be:

(a) to make arrangements for sessions of the Conference of the Parties and its subsidiary bodies established under the Convention and to provide them with services as required;

(b) to compile and transmit reports submitted to it;

(c) to facilitate assistance to affected developing country Parties, on request, particularly those in Africa, in the compilation and communication of information required under the Convention;

(d) to coordinate its activities with the secretariats of other relevant international bodies and conventions;

(e) to enter, under the guidance of the Conference of the Parties, into such administrative and contractual arrangements as may be required for the effective discharge of its functions;

(f) to prepare reports on the execution of its functions under this Convention and present them to the Conference of the Parties; and

g) annast önnur skrifstofustörf eftir því sem þing aðila ákveður.

3. Á fyrsta fundi sínum skal þing aðila tilnefna fastaskrifstofu og gera nauðsynlegar ráðstafanir vegna starfsemi hennar.

24. gr.

Vísinda- og tækninefnd.

1. Vísinda- og tækninefnd er hér með komið á fót sem undirstofnun þings aðila og skal hún veita þinginu upplýsingar og ráðgjöf í vísindalegum og tæknilegum málefnum er varða baráttuna gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka. Nefndin skal koma saman í tengslum við reglulega fundi þingsins, vera þverfaglega skipuð og opin öllum aðilum að samningnum. Í nefndinni skulu eiga sæti fulltrúar stjórnvalda og skulu þeir hafa þekkingu á viðkomandi sérfræðisviðum. Á fyrsta fundi sínum skal þingið ákveða skilmála skipunarbréfs nefndarinnar.

2. Þing aðila skal gera og viðhalda skrá yfir sjálfstæða sérfræðinga sem ráða yfir sérfræðiþekkingu og reynslu á viðeigandi sviðum. Skráin skal vera byggð á skriflegum tilnefningum aðila samningsins og skal þess gætt að hún sé þverfagleg og að þátttakendur séu víðs vegar að úr heiminum.

3. Þingið skal, eftir því sem þörf krefur, tilnefna sérstaka starfshópa sem er ætlað að veita því, að tilstuðlan vísinda- og tækninefndarinnar, upplýsingar og ráðgjöf um stöðu mála á sviði vísinda og tækni er varða baráttuna gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka. Í slíkum starfshópum skulu eiga sæti sérfræðingar sem valdir eru af áðurnefndri skrá og skal þess gætt að hóparnir séu þverfaglegir og að þátttakendur séu víðs vegar að úr heiminum. Sérfræðingarnir skulu hafa vísindalega menntun og starfsreynslu og vera tilnefndir af þinginu að fengnum tillögum vísinda- og tækninefndarinnar. Þingið ákveður skilmála skipunarbréfs og starfshætti slíkra starfshópa.

25. gr.

Samskiptakerfi opinberra stofnana og aðila.

1. Vísinda- og tækninefndin skal, undir yfirumsjón þings aðila, gera ráðstafanir til að fá yfirlit yfir og mat á fyrirliggjandi samskiptakerfum,

(g) to perform such other secretariat functions as may be determined by the Conference of the Parties.

3. The Conference of the Parties, at its first session, shall designate a Permanent Secretariat and make arrangements for its functioning.

Article 24

Committee on Science and Technology

1. A Committee on Science and Technology is hereby established as a subsidiary body of the Conference of the Parties to provide it with information and advice on scientific and technological matters relating to combating desertification and mitigating the effects of drought. The Committee shall meet in conjunction with the ordinary sessions of the Conference of the Parties and shall be multidisciplinary and open to the participation of all Parties. It shall be composed of government representatives competent in the relevant fields of expertise. The Conference of the Parties shall decide, at its first session, on the terms of reference of the Committee.

2. The Conference of the Parties shall establish and maintain a roster of independent experts with expertise and experience in the relevant fields. The roster shall be based on nominations received in writing from the Parties, taking into account the need for a multidisciplinary approach and broad geographical representation.

3. The Conference of the Parties may, as necessary, appoint ad hoc panels to provide it, through the Committee, with information and advice on specific issues regarding the state of the art in fields of science and technology relevant to combating desertification and mitigating the effects of drought. These panels shall be composed of experts whose names are taken from the roster, taking into account the need for a multidisciplinary approach and broad geographical representation. These experts shall have scientific backgrounds and field experience and shall be appointed by the Conference of the Parties on the recommendation of the Committee. The Conference of the Parties shall decide on the terms of reference and the modalities of work of these panels.

Article 25

Networking of institutions, agencies and bodies

1. The Committee on Science and Technology shall, under the supervision of the Conference of the Parties, make provision for the undertak-

opinberum stofnunum og aðilum á þessu sviði sem eru fúsir til að taka þátt í nýju samskiptakerfi sem er ætlað að stuðla að framkvæmd samningsins.

2. Á grundvelli þess yfirlits og mats sem getið er um í 1. mgr. skal vísinda- og tækninefndin leggja fyrir þing aðila tillögur um leiðir og aðferðir til að greiða fyrir og treysta samskipti kerfa í einstökum héruðum, löndum og svæðum í því skyni að tryggja að unnið sé að þeim viðfangsefnum sem tilgreind eru í 16.–19. gr.

3. Á grundvelli þessara tillagna skal þingið:

a) tilgreina þær stofnanir í einstökum löndum og á undirsvæðum og svæðum svo og alþjóðastofnanir sem eru best til þess fallnar að taka þátt í slíku samskiptakerfi og gera tillögur um starfsaðferðir þeirra og tímamörk; og

b) tilgreina þær stofnanir sem eru best til þess fallnar að greiða fyrir og treysta slíkt samskiptakerfi á öllum stigum.

V. HLUTI
STARFSHÆTTIR

26. gr.
Upplýsingaflæði.

1. Sérhver samningsaðili skal, fyrir milligöngu fastaskrifstofunnar, leggja fram skýrslu á reglulegum fundum þings aðila um aðgerðir sem hann hefur unnið að við framkvæmd samningsins. Þingið skal setja tímamörk varðandi afhendingu og gerð slíkra skýrslna.

2. Aðildarlönd á áfallasvæðum skulu leggja fram lýsingu á þeim starfsaðferðum sem ákveðnar hafa verið skv. 5. gr. og allar upplýsingar sem máli skipta varðandi framkvæmd þeirra.

3. Aðildarlönd á áfallasvæðum, sem vinna að framkvæmdaáætlunum skv. 9.–15. gr., skulu leggja fram ítarlega lýsingu á áætlunum sínum og framkvæmd þeirra.

4. Aðildarlönd á áfallasvæðum geta lagt fram sameiginlega greinargerð um framkvæmd áætlana á einstökum undirsvæðum og/eða svæðum.

5. Þróuð aðildarlönd skulu gefa skýrslur um aðstoð við undirbúning og framkvæmd áætlana, þar á meðal upplýsingar um fjárhagsaðstoð sem þau hafa veitt eða eru að veita samkvæmt samningi þessum.

ing of a survey and evaluation of the relevant existing networks, institutions, agencies and bodies willing to become units of a network. Such a network shall support the implementation of the Convention.

2. On the basis of the results of the survey and evaluation referred to in paragraph 1, the Committee on Science and Technology shall make recommendations to the Conference of the Parties on ways and means to facilitate and strengthen networking of the units at the local, national and other levels, with a view to ensuring that the thematic needs set out in articles 16 to 19 are addressed.

3. Taking into account these recommendations, the Conference of the Parties shall:

(a) identify those national, subregional, regional and international units that are most appropriate for networking, and recommend operational procedures, and a time frame, for them; and

(b) identify the units best suited to facilitating and strengthening such networking at all levels.

PART V
PROCEDURES

Article 26
Communication of information

1. Each Party shall communicate to the Conference of the Parties for consideration at its ordinary sessions, through the Permanent Secretariat, reports on the measures which it has taken for the implementation of the Convention. The Conference of the Parties shall determine the timetable for submission and the format of such reports.

2. Affected country Parties shall provide a description of the strategies established pursuant to article 5 and of any relevant information on their implementation.

3. Affected country Parties which implement action programmes pursuant to articles 9 to 15 shall provide a detailed description of the programmes and of their implementation.

4. Any group of affected country Parties may make a joint communication on measures taken at the subregional and/or regional levels in the framework of action programmes.

5. Developed country Parties shall report on measures taken to assist in the preparation and implementation of action programmes, including information on the financial resources they have provided, or are providing, under the Convention.

6. Fastaskrifstofan skal, eins fljótt og auðið er, senda þingi aðila og þeim undirstofnunum sem málið varðar þær upplýsingar sem veittar eru skv. 1.–4. mgr.

7. Þing aðila skal, þegar þess er óskað, auðvelda þróunarlöndum á áfallasvæðum, sérstaklega í Afríku, aðgang að tækni- og fjárhagsaðstoð við söfnun og dreifingu upplýsinga samkvæmt þessari grein og meta þörf fyrir tækni- og fjárhagsaðstoð vegna framkvæmdaáætlana.

6. Information communicated pursuant to paragraphs 1 to 4 shall be transmitted by the Permanent Secretariat as soon as possible to the Conference of the Parties and to any relevant subsidiary body.

7. The Conference of the Parties shall facilitate the provision to affected developing countries, particularly those in Africa, on request, of technical and financial support in compiling and communicating information in accordance with this article, as well as identifying the technical and financial needs associated with action programmes.

27. gr.
Leiðir til lausnar á álitamálum um framkvæmd.

Þing aðila skal kanna og taka upp starfsaðferðir og stofnanafyrirkomulag til að leysa álitamál sem upp geta komið vegna framkvæmdar samningsins.

Article 27
Measures to resolve questions on implementation

The Conference of the Parties shall consider and adopt procedures and institutional mechanisms for the resolution of questions that may arise with regard to the implementation of the Convention.

28. gr.
Lausn deilumála.

1. Aðilar samnings þessa skulu leysa öll deilumál sem kunna að rísa milli þeirra um túlkun eða beitingu samningsins með samningum eða öðrum friðsamlegum hætti að eigin vali.

2. Aðili samnings þessa, sem ekki er svæðisstofnun um efnahagssamvinnu, getur, þegar hann fullgildir, staðfestir eða samþykkir samninginn eða gerist aðili að honum, eða hvenær sem er síðar, sent vörsluaðila skriflega yfirlýsingu um það að rísi deila vegna túlkunar eða beitingar samningsins skuldbindi sá aðili sig til að hlíta annarri eða báðum eftirfarandi leiða til að leysa viðkomandi deilu, svo fremi sem hinn aðili deilunnar geri það einnig:

a) deilunni er vísað til gerðardóms samkvæmt starfsreglum sem þing aðila setur í viðauka svo fljótt sem auðið er;

b) deilunni er vísað til Alþjóðadómstólsins.

3. Svæðisstofnun um efnahagssamvinnu, sem aðili er að samningi þessum, getur gefið yfirlýsingu, sem hefur sama gildi að því er varðar gerðardómsmeðferð, í samræmi við það fyrirkomulag sem getið er um í a-lið 2. mgr.

4. Yfirlýsing sem gefin er skv. 2. mgr. skal vera í gildi þar til hún rennur út við sett tímamörk eða þar til þrír mánuðir eru liðnir frá því að skrifleg yfirlýsing um afturköllun hennar hefur borist vörsluaðila.

Article 28
Settlement of disputes

1. Parties shall settle any dispute between them concerning the interpretation or application of the Convention through negotiation or other peaceful means of their own choice.

2. When ratifying, accepting, approving, or acceding to the Convention, or at any time thereafter, a Party which is not a regional economic integration organization may declare in a written instrument submitted to the Depositary that, in respect of any dispute concerning the interpretation or application of the Convention, it recognizes one or both of the following means of dispute settlement as compulsory in relation to any Party accepting the same obligation:

(a) arbitration in accordance with procedures adopted by the Conference of the Parties in an annex as soon as practicable;

(b) submission of the dispute to the International Court of Justice.

3. A Party which is a regional economic integration organization may make a declaration with like effect in relation to arbitration in accordance with the procedure referred to in paragraph 2 (a).

4. A declaration made pursuant to paragraph 2 shall remain in force until it expires in accordance with its terms or until three months after written notice of its revocation has been deposited with the Depositary.

5. Gildislok yfirlýsingar, tilkynning um afturköllun eða ný yfirlýsing skal ekki á nokkurn hátt hafa áhrif á málaferli fyrir gerðardómi eða Alþjóðadómstólnum, nema deiluaðilar séu sammála um annað.

6. Hafi deiluaðilar ekki fallist á sömu leið eða hafi þeir fallist á hvoruga leiðanna sem getið er í 2. mgr. og hafi þeir ekki getað leyst deilu sína innan 12 mánaða frá því að annar aðilinn tilkynnti hinum að deila væri risin milli þeirra skal deilan, að ósk hvors deiluaðila sem er, lögð í sátt samkvæmt starfsreglum sem þing aðila setur í viðauka svo fljótt sem auðið er.

29. gr.

Staða viðauka.

1. Viðaukar eru óaðskiljanlegur hluti samnings þessa og felur tilvísun til samningsins einnig í sér tilvísun til viðauka hans nema skýrt sé kveðið á um annað.

2. Aðilar samnings þessa skulu túlka ákvæði viðauka í samræmi við réttindi sín og skyldur samkvæmt ákvæðum samningsins.

30. gr.

Breytingar á samningnum.

1. Sérhverjum aðila samningsins er heimilt að leggja fram breytingartillögur við hann.

2. Tillögur til breytinga á samningnum skal leggja fram til samþykktar á reglulegum fundum þings aðila. Fastaskrifstofan skal senda aðilum samningsins texta allra breytingartillagna eigi síðar en sex mánuðum fyrir þann fund sem fjalla á um þær. Fastaskrifstofan skal einnig senda öllum þeim sem undirrituðu samninginn breytingartillögurnar.

3. Aðilar samnings þessa skulu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að ná samhljóða samkomulagi um breytingartillögur. Hafi allar tilraunir til samkomulags reynst árangurslausar skal, sem síðasta úrræði, bera tillöguna upp til atkvæða og telst hún samþykkt ef hún hlýtur stuðning tveggja þriðju hluta greiddra atkvæða viðstaddra fulltrúa samningsaðila. Fastaskrifstofan skal tilkynna vörsluaðila um samþykktar breytingar sem skal senda þær öllum aðilum samnings þessa til fullgildingar, staðfestingar, samþykktar eða aðildar.

4. Skjölum um fullgildingu, staðfestingu eða samþykkt breytingar eða aðild að henni skal

5. The expiry of a declaration, a notice of revocation or a new declaration shall not in any way affect proceedings pending before an arbitral tribunal or the International Court of Justice unless the Parties to the dispute otherwise agree.

6. If the Parties to a dispute have not accepted the same or any procedure pursuant to paragraph 2 and if they have not been able to settle their dispute within twelve months following notification by one Party to another that a dispute exists between them, the dispute shall be submitted to conciliation at the request of any Party to the dispute, in accordance with procedures adopted by the Conference of the Parties in an annex as soon as practicable.

Article 29

Status of annexes

1. Annexes form an integral part of the Convention and, unless expressly provided otherwise, a reference to the Convention also constitutes a reference to its annexes.

2. The Parties shall interpret the provisions of the annexes in a manner that is in conformity with their rights and obligations under the articles of this Convention.

Article 30

Amendments to the Convention

1. Any Party may propose amendments to the Convention.

2. Amendments to the Convention shall be adopted at an ordinary session of the Conference of the Parties. The text of any proposed amendment shall be communicated to the Parties by the Permanent Secretariat at least six months before the meeting at which it is proposed for adoption. The Permanent Secretariat shall also communicate proposed amendments to the signatories to the Convention.

3. The Parties shall make every effort to reach agreement on any proposed amendment to the Convention by consensus. If all efforts at consensus have been exhausted and no agreement reached, the amendment shall, as a last resort, be adopted by a two-thirds majority vote of the Parties present and voting at the meeting. The adopted amendment shall be communicated by the Permanent Secretariat to the Depositary, who shall circulate it to all Parties for their ratification, acceptance, approval or accession.

4. Instruments of ratification, acceptance, ap proval or accession in respect of an amendment

komið til vörsluaðila. Breyting sem hefur verið samþykkt skv. 3. mgr. skal öðlast gildi gagnvart þeim aðilum samnings þessa sem samþykktu hana á 90. degi eftir að vörsluaðili tekur við skjölum um fullgildingu, staðfestingu, samþykkt eða aðild a.m.k. tveggja þriðju hluta aðila samningsins sem voru aðilar þegar breytingin var samþykkt.

5. Breyting skal öðlast gildi gagnvart öllum öðrum aðilum samningsins á 90. degi eftir að þeir hafa afhent vörsluaðila skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykkt umræddrar breytingar eða aðild að henni.

6. Þegar í grein þessari og 31. gr. er vísað til „greiddra atkvæða viðstaddra fulltrúa aðila samnings þessa" er átt við viðstadda fulltrúa aðila samnings þessa sem greiða atkvæði með eða móti.

31. gr.

Samþykkt og breyting á viðaukum.

1. Gera ber tillögu um og samþykkja sérhvern viðauka sem bætist við samninginn og hverja breytingu á viðaukum samkvæmt reglum um breytingu á samningnum sem lýst er í 30. gr., að því tilskildu að þegar samþykktur er viðbótarviðauki vegna svæðisbundinna framkvæmda eða breyting á viðauka vegna svæðisbundinna framkvæmda skulu í þeim meiri hluta sem mælt er fyrir um í sömu grein vera tveir þriðju hlutar greiddra atkvæða viðstaddra fulltrúa samningsaðila á viðkomandi svæði. Vörsluaðili skal tilkynna öllum aðilum um samþykkt eða breytingu á viðauka.

2. Viðauki, annar en viðbótarviðauki vegna svæðisbundinna framkvæmda, eða breyting á viðauka, önnur en breyting á viðauka vegna svæðisbundinna framkvæmda, sem samþykkt hafa verið skv. 1. mgr., skal öðlast gildi gagnvart öllum aðilum samningsins sex mánuðum eftir að vörsluaðili hefur tilkynnt þeim um samþykki slíks viðauka eða breytingar. Þetta gildir þó ekki um þá aðila samningsins sem hafa, innan þess tíma, tilkynnt vörsluaðila skriflega að þeir samþykki ekki slíkan viðauka eða breytingu. Slíkur viðauki eða breyting skal öðlast gildi gagnvart þeim aðilum samningsins, sem afturkalla tilkynningu sína um að þeir hafi ekki samþykkt, á 90. degi eftir að vörsluaðila berst slík afturköllun í hendur.

shall be deposited with the Depositary. An amendment adopted pursuant to paragraph 3 shall enter into force for those Parties having accepted it on the ninetieth day after the date of receipt by the Depositary of an instrument of ratification, acceptance, approval or accession by at least two thirds of the Parties to the Convention which were Parties at the time of the adoption of the amendment.

5. The amendment shall enter into force for any other Party on the ninetieth day after the date on which that Party deposits with the Depositary its instrument of ratification, acceptance or approval of, or accession to the said amendment.

6. For the purposes of this article and article 31, "Parties present and voting" means Parties present and casting an affirmative or negative vote.

Article 31

Adoption and amendment of annexes

1. Any additional annex to the Convention and any amendment to an annex shall be proposed and adopted in accordance with the procedure for amendment of the Convention set forth in article 30, provided that, in adopting an additional regional implementation annex or amendment to any regional implementation annex, the majority provided for in that article shall include a two-thirds majority vote of the Parties of the region concerned present and voting. The adoption or amendment of an annex shall be communicated by the Depositary to all Parties.

2. An annex, other than an additional regional implementation annex, or an amendment to an annex, other than an amendment to any regional implementation annex, that has been adopted in accordance with paragraph 1, shall enter into force for all Parties to the Convention six months after the date of communication by the Depositary to such Parties of the adoption of such annex or amendment, except for those Parties that have notified the Depositary in writing within that period of their non-acceptance of such annex or amendment. Such annex or amendment shall enter into force for Parties which withdraw their notification of non-acceptance on the ninetieth day after the date on which withdrawal of such notification has been received by the Depositary.

3. Viðbótarviðauki vegna svæðisbundinna framkvæmda eða breyting á viðauka vegna svæðisbundinna framkvæmda, sem hefur verið samþykkt skv. 1. mgr., skal öðlast gildi gagnvart öllum aðilum samningsins sex mánuðum eftir að vörsluaðili tilkynnir aðilunum um samþykkt slíks viðauka eða breytingar, nema hvað varðar:

a) aðila samningsins sem hefur tilkynnt vörsluaðila skriflega innan slíkra sex mánaða tímamarka að hann hafi ekki samþykkt viðkomandi viðbótarviðauka vegna svæðisbundinna framkvæmda eða breytingu á viðauka vegna svæðisbundinna framkvæmda. Slíkur viðauki eða breyting skal öðlast gildi gagnvart þeim aðilum samningsins, sem afturkalla tilkynningu sína um að þeir hafi ekki samþykkt, á 90. degi eftir að vörsluaðila berst slík afturköllun í hendur; og

b) aðila samningsins sem hefur gefið yfirlýsingu að því er varðar viðbótarviðauka vegna svæðisbundinna framkvæmda eða breytingar á viðauka vegna svæðisbundinna framkvæmda skv. 4. mgr. 34. gr. Slíkur viðauki eða breyting skal öðlast gildi gagnvart þeim aðila samningsins á 90. degi eftir að hann afhendir vörsluaðila skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykkt eða aðild að því er varðar slíkan viðauka eða breytingu.

4. Feli samþykki á viðauka eða breytingu á viðauka í sér breytingu á samningnum skal slíkur viðauki eða breyting á viðauka ekki öðlast gildi fyrr en viðkomandi breyting á samningnum hefur öðlast gildi.

3. An additional regional implementation annex or amendment to any regional implementation annex that has been adopted in accordance with paragraph 1, shall enter into force for all Parties to the Convention six months after the date of the communication by the Depositary to such Parties of the adoption of such annex or amendment, except with respect to:

(a) any Party that has notified the Depositary in writing, within such six month period, of its non-acceptance of that additional regional implementation annex or of the amendment to the regional implementation annex, in which case such annex or amendment shall enter into force for Parties which withdraw their notification of non-acceptance on the ninetieth day after the date on which withdrawal of such notification has been received by the Depositary; and

(b) any Party that has made a declaration with respect to additional regional implementation annexes or amendments to regional implementation annexes in accordance with article 34, paragraph 4, in which case any such annex or amendment shall enter into force for such a Party on the ninetieth day after the date of deposit with the Depositary of its instrument of ratification, acceptance, approval or accession with respect to such annex or amendment.

4. If the adoption of an annex or an amendment to an annex involves an amendment to the Convention, that annex or amendment to an annex shall not enter into force until such time as the amendment to the Convention enters into force.

32. gr.
Atkvæðisréttur.

1. Sérhver aðili þessa samnings skal hafa eitt atkvæði, með þeim undantekningum sem getið er í 2. mgr.

2. Svæðisstofnun um efnahagssamvinnu skal, í málum er falla undir valdsvið hennar, neyta atkvæðisréttar síns með þeim fjölda atkvæða sem er jafn fjölda þeirra aðildarríkja stofnunarinnar sem eru aðilar að samningi þessum. Slík stofnun skal ekki neyta atkvæðisréttar síns ef eitthvert aðildarríkja hennar gerir það, og öfugt.

Article 32
Right to vote

1. Except as provided for in paragraph 2, each Party to the Convention shall have one vote.

2. Regional economic integration organizations, in matters within their competence, shall exercise their right to vote with a number of votes equal to the number of their member States that are Parties to the Convention. Such an organization shall not exercise its right to vote if any of its member States exercises its right, and vice versa.

VI. HLUTI
LOKAÁKVÆÐI

33. gr.
Undirritun.

Samningurinn skal liggja frammi til undirritunar í París 14. og 15. október 1994 af hálfu fulltrúa aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna eða einhverra sérstofnana þeirra eða ríkja sem eru aðilar að samþykktum Alþjóðadómstólsins og fulltrúa svæðisstofnana um efnahagssamvinnu. Samningurinn skal síðan liggja frammi til undirritunar í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York til 13. október 1995.

34. gr.
Fullgilding, staðfesting, samþykkt og aðild.

1. Samningur þessi er háður fullgildingu, staðfestingu, samþykkt eða aðild ríkja og svæðisstofnana um efnahagssamvinnu. Aðild að honum skal vera opin frá og með deginum eftir að tíma til undirritunar lýkur. Skjölum um fullgildingu, staðfestingu, samþykkt eða aðild skal komið til vörslu hjá vörsluaðila.

2. Svæðisstofnun um efnahagssamvinnu sem verður aðili að samningi þessum, án þess að nokkurt aðildarríki hennar sé aðili að honum, skal vera bundin af öllum skuldbindingum samkvæmt samningnum. Séu eitt eða fleiri aðildarríki slíkrar stofnunar einnig aðilar að samningnum tekur stofnunin og aðildarríki hennar ákvörðun um hvernig hvert og eitt þeirra rækir skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum. Í slíkum tilvikum geta ekki bæði stofnunin og aðildarríki samhliða neytt réttar síns samkvæmt samningnum.

3. Stofnanir um efnahagssamvinnu skulu í skjölum sínum um fullgildingu, staðfestingu, samþykkt eða aðild greina frá valdsviði þeirra í þeim málum sem samningurinn nær til. Enn fremur skulu þær þegar í stað tilkynna vörsluaðila, sem síðan tilkynnir það öðrum aðilum samningsins, ef veruleg breyting verður á valdsviði þeirra.

4. Í skjölum um fullgildingu, staðfestingu, samþykkt eða aðild geta aðilar samningsins lýst því yfir að hvað þá varðar muni hver viðbótarviðauki vegna svæðisbundinna framkvæmda eða breyting á viðauka vegna svæðisbundinna framkvæmda fyrst öðlast gildi þegar skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykkt eða aðild að téðum viðbótarviðauka eða breytingu er afhent til vörslu.

PART VI
FINAL PROVISIONS

Article 33
Signature

This Convention shall be opened for signature at Paris, on 14–15 October 1994, by States Members of the United Nations or any of its specialized agencies or that are Parties to the Statute of the International Court of Justice and by regional economic integration organizations. It shall remain open for signature, thereafter, at the United Nations Headquarters in New York until 13 October 1995.

Article 34
Ratification, acceptance, approval and accession

1. The Convention shall be subject to ratification, acceptance, approval or accession by States and by regional economic integration organizations. It shall be open for accession from the day after the date on which the Convention is closed for signature. Instruments of ratification, acceptance, approval or accession shall be deposited with the Depositary.

2. Any regional economic integration organization which becomes a Party to the Convention without any of its member States being a Party to the Convention shall be bound by all the obligations under the Convention. Where one or more member States of such an organization are also Party to the Convention, the organization and its member States shall decide on their respective responsibilities for the performance of their obligations under the Convention. In such cases, the organization and the member States shall not be entitled to exercise rights under the Convention concurrently.

3. In their instruments of ratification, acceptance, approval or accession, regional economic integration organizations shall declare the extent of their competence with respect to the matters governed by the Convention. They shall also promptly inform the Depositary, who shall in turn inform the Parties, of any substantial modification in the extent of their competence.

4. In its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, any Party may declare that, with respect to it, any additional regional implementation annex or any amendment to any regional implementation annex shall enter into force only upon the deposit of its instrument of ratification, acceptance, approval or accession with respect thereto.

35. gr.
Bráðabirgðaráðstafanir.

Starfsemi fastaskrifstofunnar, sem fjallað er um í 23. gr., verður til bráðabirgða í höndum skrifstofu sem sett var á fót með ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna 47/188 22. desember 1992, þar til fyrsti fundur þings aðila samnings þessa hefur verið haldinn.

Article 35
Interim arrangements

The secretariat functions referred to in article 23 will be carried out on an interim basis by the secretariat established by the General Assembly of the United Nations in its resolution 47/188 of 22 December 1992, until the completion of the first session of the Conference of the Parties.

36. gr.
Gildistaka.

1. Samningur þessi öðlast gildi á 90. degi eftir afhendingu 50. skjalsins um fullgildingu, staðfestingu, samþykkt eða aðild.

2. Að því er varðar hvert ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu, sem fullgildir, staðfestir, samþykkir eða gerist aðili að samningi þessum eftir afhendingu 50. skjalsins um fullgildingu, staðfestingu, samþykkt eða aðild, skal samningurinn öðlast gildi á 90. degi eftir afhendingu skjals viðkomandi ríkis eða svæðisstofnunar um efnahagssamvinnu um fullgildingu, staðfestingu, samþykkt eða aðild.

3. Að því er varðar 1. og 2. mgr. skal ekki litið svo á að skjal frá svæðisstofnun um efnahagssamvinnu komi til viðbótar þeim skjölum sem aðildarríki stofnunarinnar hafa afhent.

Article 36
Entry into force

1. The Convention shall enter into force on the ninetieth day after the date of deposit of the fiftieth instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

2. For each State or regional economic integration organization ratifying, accepting, approving or acceding to the Convention after the deposit of the fiftieth instrument of ratification, acceptance, approval or accession, the Convention shall enter into force on the ninetieth day after the date of deposit by such State or regional economic integration organization of its instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

3. For the purposes of paragraphs 1 and 2, any instrument deposited by a regional economic integration organization shall not be counted as additional to those deposited by States members of the organization.

37. gr.
Fyrirvarar.

Óheimilt er að gera fyrirvara við samning þennan.

Article 37
Reservations

No reservations may be made to this Convention.

38. gr.
Uppsögn.

1. Aðili samnings þessa getur með skriflegri tilkynningu til vörsluaðila sagt samningi þessum upp hvenær sem er þegar þrjú ár eru liðin frá því að samningurinn öðlast gildi gagnvart honum.

2. Uppsögn öðlast gildi þegar eitt ár er liðið frá því að vörsluaðili tekur við tilkynningu um uppsögnina, eða síðar, ef það er tekið fram í tilkynningunni.

Article 38
Withdrawal

1. At any time after three years from the date on which the Convention has entered into force for a Party, that Party may withdraw from the Convention by giving written notification to the Depositary.

2. Any such withdrawal shall take effect upon expiry of one year from the date of receipt by the Depositary of the notification of withdrawal, or on such later date as may be specified in the notification of withdrawal.

39. gr.
Vörsluaðili.

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal vera vörsluaðili samnings þessa.

Article 39
Depositary

The Secretary-General of the United Nations shall be the Depositary of the Convention.

40. gr.
Gildir textar.

Frumriti samnings þessa skal koma til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu og eru arabíski, enski, franski, kínverski, rússneski og spænski textinn jafngildir.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í París hinn 17. júní 1994.

I. VIÐAUKI
Viðauki vegna svæðisbundinna framkvæmda í Afríku.

1. gr.
Gildissvið.

Þessi viðauki gildir um Afríku, að því er varðar hvern aðila samnings þessa og í samræmi við samninginn, sérstaklega 7. gr., og er markmiðið að vinna gegn eyðimerkurmyndun og/eða draga úr afleiðingum þurrka á þurrum svæðum, úrkomulitlum svæðum og úrkomulitlum jaðarsvæðum úrkomusvæða álfunnar.

2. gr.
Tilgangur.

Tilgangur þessa viðauka í einstökum löndum Afríku og á undirsvæðum og svæðum, og í ljósi sérstæðra aðstæðna þar, er að:

a) skilgreina aðgerðir og fyrirkomulag, þar á meðal eðli og tegund aðstoðar þróaðra aðildarlanda, í samræmi við þau ákvæði samningsins sem við eiga;

b) tryggja virkar og hagkvæmar aðgerðir við framkvæmd samningsins sem hæfa hinum sérstæðu aðstæðum í Afríku; og

c) stuðla að aðgerðum og athöfnum í baráttunni gegn eyðimerkurmyndun og/eða afleiðingum þurrka á þurrum svæðum, úrkomulitlum svæðum og úrkomulitlum jaðarsvæðum úrkomusvæða í Afríku.

3. gr.
Sérstæðar aðstæður í Afríku.

Við framkvæmd skuldbindinga sinna samkvæmt samningi þessum og við framkvæmd þessa viðauka skulu aðilar starfa samkvæmt grundvallarreglum sem taka tillit til eftirfarandi aðstæðna sem eru sérstæðar fyrir Afríku:

Article 40
Authentic texts

The original of the present Convention, of which the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorized to that effect, have signed the present Convention.

DONE AT Paris, this 17th day of June one thousand nine hundred and ninety-four.

ANNEX I
Regional implementation Annex for Africa

Article 1
Scope

This Annex applies to Africa, in relation to each Party and in conformity with the Convention, in particular its article 7, for the purpose of combating desertification and/or mitigating the effects of drought in its arid, semi-arid and dry sub-humid areas.

Article 2
Purpose

The purpose of this Annex, at the national, subregional and regional levels in Africa and in the light of its particular conditions, is to:

(a) identify measures and arrangements, including the nature and processes of assistance provided by developed country Parties, in accordance with the relevant provisions of the Convention;

(b) provide for the efficient and practical implementation of the Convention to address conditions specific to Africa; and

(c) promote processes and activities relating to combating desertification and/or mitigating the effects of drought within the arid, semi-arid and dry sub-humid areas of Africa.

Article 3
Particular conditions of the African region

In carrying out their obligations under the Convention, the Parties shall, in the implementation of this Annex, adopt a basic approach that takes into consideration the following particular conditions of Africa:

a) mikillar víðáttu þurra svæða, úrkomulítilla svæða og úrkomulítilla jaðarsvæða úrkomusvæða;

b) mikils fjölda landa og þjóða sem verða fyrir alvarlegum áföllum af völdum eyðimerkurmyndunar og margendurtekinna þurrkatímabila;

c) mikils fjölda landluktra landa sem eru á slíkum áfallasvæðum;

d) mikillar fátæktar í flestum þeirra landa sem eru á áfallasvæðum, mikils fjölda hinna minnst þróuðu landa í þeim hópi og þarfar þeirra fyrir umtalsverða aðstoð annarra landa í formi styrkja og víkjandi lána til þess að ná fram þróunarmarkmiðum sínum;

e) erfiðra félags- og efnahagslegra aðstæðna sem eru enn þungbærari en ella vegna versnandi og sveiflukenndra viðskiptaskilyrða, erlendra skulda og pólitísks óstöðugleika sem leiðir til fólksflutninga innan lands, innan álfunnar og til annarra landa;

f) lífsafkoma þessara þjóða byggist að miklu leyti á náttúrulegum auðlindum en það, ásamt áhrifum lýðfræðilegrar þróunar, veikri tækniundirstöðu og ósjálfbærum framleiðsluháttum, veldur alvarlegri rýrnun auðlindanna;

g) ófullkominnar uppbyggingar stofnana og ófullnægjandi löggjafar, veikrar innri skipulagningar og ófullnægjandi vísindalegrar, tæknilegrar og menntunarlegrar stöðu sem veldur því að mikil þörf er fyrir aukna færniþróun; og

h) vægis aðgerða gegn eyðimerkurmyndun og/eða afleiðingum þurrka fyrir þróun landa á áfallasvæðum í Afríku.

(a) the high proportion of arid, semi-arid and dry sub-humid areas;

(b) the substantial number of countries and pop ulations adversely affected by desertification and by the frequent recurrence of severe drought;

(c) the large number of affected countries that are landlocked;

(d) the widespread poverty prevalent in most affected countries, the large number of least developed countries among them, and their need for significant amounts of external assistance, in the form of grants and loans on concessional terms, to pursue their development objectives;

(e) the difficult socio-economic conditions, exacerbated by deteriorating and fluctuating terms of trade, external indebtedness and political instability, which induce internal, regional and international migrations;

(f) the heavy reliance of populations on natural resources for subsistence which, compounded by the effects of demographic trends and factors, a weak technological base and unsustainable production practices, contributes to serious resource degradation;

(g) the insufficient institutional and legal frameworks, the weak infrastructural base and the insufficient scientific, technical and educational capacity, leading to substantial capacity building requirements; and

(h) the central role of actions to combat desertification and/or mitigate the effects of drought in the national development priorities of affected African countries.

4. gr.

Skuldbindingar og skyldur aðildarlanda í Afríku.

1. Aðildarlönd í Afríku skuldbinda sig, í samræmi við getu hvers og eins, til að:

a) samþykkja að aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun og/eða afleiðingum þurrka verði grundvallaratriði í baráttu þeirra fyrir útrýmingu fátæktar;

b) stuðla að svæðisbundnu samstarfi og samþættingu, í anda samstöðu og samstarfs, vegna sameiginlegra hagsmuna, að því er varðar áætlanir og aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun og/eða afleiðingum þurrka;

c) nýta betur og efla þær stofnanir sem fyrir hendi eru og starfa að lausn vandamála á sviði eyðimerkurmyndunar og þurrka, og fá eftir þörf-

Article 4

Commitments and obligations of African country Parties

1. In accordance with their respective capabilities, African country Parties undertake to:

(a) adopt the combating of desertification and/or the mitigation of the effects of drought as a central strategy in their efforts to eradicate poverty;

(b) promote regional cooperation and integration, in a spirit of solidarity and partnership based on mutual interest, in programmes and activities to combat desertification and/or mitigate the effects of drought;

(c) rationalize and strengthen existing institutions concerned with desertification and drought and involve other existing institutions, as appro-

um aðrar stofnanir til samstarfs, í þeim tilgangi að gera þær virkari og tryggja betri nýtingu fjármagns og aðstöðu;

d) stuðla að auknu upplýsingaflæði á sviði tækni, þekkingar, kunnáttu og starfsaðferða milli landanna; og

e) þróa neyðaráætlanir vegna óvæntra þurrka til að draga úr áhrifum þeirra á svæðum þar sem landgæði hafa rýrnað af völdum eyðimerkurmyndunar og/eða þurrka.

2. Aðildarlönd á áfallasvæðum í Afríku skulu, í samræmi við almennar og sérstakar skuldbindingar sem getið er í 4. og 5. gr. samningsins, stefna að því að:

a) ráðstafa nauðsynlegu fjármagni á fjárlögum í samræmi við ástand og aðstæður í hverju landi, er endurspegli þá auknu áherslu sem ríki Afríku leggja á lausn vanda af völdum eyðimerkurmyndunar og/eða þurrka;

b) viðhalda og efla umbætur sem unnið er að og sem miða að aukinni valddreifingu og umráðarétti yfir auðlindum og aukinni þátttöku heimamanna og sveitarfélaga; og

c) finna og virkja nýjar og fleiri fjármögnunarleiðir í hverju landi og leggja megináherslu á að auka og bæta núverandi getu og aðstöðu til að nýta sem best það fjármagn sem fyrir hendi er í hverju landi.

priate, in order to make them more effective and to ensure more efficient use of resources;

(d) promote the exchange of information on appropriate technology, knowledge, know-how and practices between and among them; and

(e) develop contingency plans for mitigating the effects of drought in areas degraded by desertification and/or drought.

2. Pursuant to the general and specific obligations set out in articles 4 and 5 of the Convention, affected African country Parties shall aim to:

(a) make appropriate financial allocations from their national budgets consistent with national conditions and capabilities and reflecting the new priority Africa has accorded to the phenomenon of desertification and/or drought;

(b) sustain and strengthen reforms currently in progress toward greater decentralization and resource tenure as well as reinforce participation of local populations and communities; and

(c) identify and mobilize new and additional national financial resources, and expand, as a matter of priority, existing national capabilities and facilities to mobilize domestic financial resources.

5. gr.

Skuldbindingar og skyldur þróaðra aðildarlanda.

1. Við framkvæmd skuldbindinga sinna skv. 4., 6. og 7. gr. samningsins skulu þróuð aðildarlönd veita aðildarlöndum á áfallasvæðum í Afríku forgang og í því sambandi:

a) aðstoða þau við að sporna gegn eyðimerkurmyndun og/eða afleiðingum þurrka, m.a. með því að veita þeim og/eða auðvelda þeim aðgang að fjármagni og/eða öðrum úrræðum og stuðla að, fjármagna og/eða auðvelda fjármögnun miðlunar, aðlögunar og aðgengis að nauðsynlegri umhverfistækni og -kunnáttu, samkvæmt gagnkvæmu samkomulagi og í samræmi við stefnu hvers lands. Tekið skal tillit til þess að meginmarkmið þessara þjóða er að útrýma fátækt;

b) halda áfram að veita umtalsvert fjármagn og/eða auka fjármagn til baráttunnar gegn eyðimerkurmyndun og/eða áhrifum þurrka; og

c) aðstoða þau við að efla stofnanir sínar og auka vísindalega og tæknilega færni, söfnun og greiningu gagna, rannsóknir og þróun með því

Article 5

Commitments and obligations of developed country Parties

1. In fulfilling their obligations pursuant to articles 4, 6 and 7 of the Convention, developed country Parties shall give priority to affected African country Parties and, in this context, shall:

(a) assist them to combat desertification and/or mitigate the effects of drought by, inter alia, providing and/or facilitating access to financial and/or other resources, and promoting, financing and/or facilitating the financing of the transfer, adaptation and access to appropriate environmental technologies and know-how, as mutually agreed and in accordance with national policies, taking into account their adoption of poverty eradication as a central strategy;

(b) continue to allocate significant resources and/or increase resources to combat desertification and/or mitigate the effects of drought; and

(c) assist them in strengthening capacities to enable them to improve their institutional frameworks, as well as their scientific and technical

markmiði að vinna gegn eyðimerkurmyndun og/eða afleiðingum þurrka.

2. Öðrum aðildarlöndum er heimilt að bjóða aðildarlöndum á áfallasvæðum í Afríku aðstoð á sviði tækni, þekkingar og kunnáttu er varðar eyðimerkurmyndun og/eða fjármagnsleiðir. Unnt er að auðvelda miðlun slíkrar þekkingar, kunnáttu og tækni með alþjóðlegu samstarfi.

6. gr.
Gerð rammaáætlana um sjálfbæra þróun.

1. Framkvæmdaáætlanir hvers ríkis skulu vera kjarni og samþættur hluti víðtækari aðgerða við mótun stefnu um sjálfbæra þróun aðildarlanda á áfallasvæðum í Afríku.

2. Nauðsynlegt er að fram fari ráðgefandi undirbúningsferli með þátttöku viðkomandi opinberra aðila, heimamanna, sveitarfélaga og óháðra félagasamtaka sem er ætlað að vera til leiðbeiningar um sveigjanlegar áætlanir þar sem gert er ráð fyrir sem mestri þátttöku heimamanna og sveitarfélaga. Tvíhliða og fjölhliða stuðningsstofnanir geta, eftir þörfum og að beiðni aðildarlands á áfallasvæði í Afríku, tekið þátt í þessu ferli.

7. gr.
Tímaáætlun fyrir undirbúning framkvæmdaáætlana.

Aðildarlönd í Afríku skulu, þar til samningur þessi öðlast gildi, í samstarfi við aðra þátttakendur í hinu alþjóðlega samfélagi og eftir því sem frekast leyfir, beita til bráðabirgða þeim ákvæðum samningsins er varða undirbúning að framkvæmdaáætlunum í einstökum löndum, á undirsvæðum og svæðum.

8. gr.
Efni framkvæmdaáætlana einstakra ríkja.

1. Skv. 10. gr. samnings þessa skal í framkvæmdaáætlunum einstakra ríkja í grundvallaratriðum lögð áhersla á samþættar, svæðisbundnar þróunaráætlanir fyrir áfallasvæði, byggðar á víðtæku samstarfi og samræmingu aðgerða til útrýmingar fátæktar og aðgerða gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka. Áætlanir skulu stefna að því að efla getu yfirvalda heima í héruðum, tryggja virka þátttöku heimamanna, sveitarfélaga og hópa, með sérstakri áherslu á menntun og þjálfun, þátttöku óháðra félagasamcapabilities, information collection and analysis, and research and development for the purpose of combating desertification and/or mitigating the effects of drought.

2. Other country Parties may provide, on a voluntary basis, technology, knowledge and know-how relating to desertification and/or financial resources, to affected African country Parties. The transfer of such knowledge, know-how and techniques is facilitated by international cooperation.

Article 6
Strategic planning framework for sustainable development

1. National action programmes shall be a central and integral part of a broader process of formulating national policies for the sustainable development of affected African country Parties.

2. A consultative and participatory process involving appropriate levels of government, local populations, communities and non-governmental organizations shall be undertaken to provide guidance on a strategy with flexible planning to allow maximum participation from local populations and communities. As appropriate, bilateral and multilateral assistance agencies may be involved in this process at the request of an affected African country Party.

Article 7
Timetable for preparation of action programmes

Pending entry into force of this Convention, the African country Parties, in cooperation with other members of the international community, as appropriate, shall, to the extent possible, provisionally apply those provisions of the Convention relating to the preparation of national, subregional and regional action programmes.

Article 8
Content of national action programmes

1. Consistent with article 10 of the Convention, the overall strategy of national action programmes shall emphasize integrated local development programmes for affected areas, based on participatory mechanisms and on integration of strategies for poverty eradication into efforts to combat desertification and mitigate the effects of drought. The programmes shall aim at strengthening the capacity of local authorities and ensuring the active involvement of local populations, communities and groups, with

taka sem hafa sannað getu sína og eflingu sjálfstæðra opinberra stofnana og aðila.

2. Framkvæmdaáætlanir einstakra ríkja skulu, eftir því sem við á, fela í sér eftirfarandi almenn atriði:

a) að nýta við þróun og framkvæmd áætlana fengna reynslu í baráttunni gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka og taka tillit til félagslegra, efnahagslegra og vistfræðilegra aðstæðna;

b) að gera grein fyrir þeim þáttum sem stuðla að eyðimerkurmyndun og/eða þurrkum, auðlindum og færni sem fyrir hendi er og sem þörf er á, mótun nauðsynlegrar stefnu, viðbragða og aðgerða stofnana og annarra til að sporna gegn þessum eyðingaröflum og/eða til að draga úr áhrifum þeirra; og

c) að auka þátttöku heimamanna og sveitarfélaga, þar á meðal kvenna, bænda og hirðingja, og leggja þeim meiri stjórnunarábyrgð á herðar.

3. Framkvæmdaáætlanir einstakra ríkja skulu einnig, eftir því sem við á, fela í sér eftirfarandi:

a) aðgerðir til að bæta efnahagslegt umhverfi, í þeim tilgangi að útrýma fátækt:

(i) að auka tekjur og atvinnutækifæri, sérstaklega hinna verst settu í samfélaginu, með því að:

- koma á fót markaði fyrir landbúnaðarafurðir;
- setja á laggirnar fjármálakerfi sem yrði aðlagað þörfum á hverjum stað;
- hvetja til fjölbreytni og stofnunar fyrirtækja í landbúnaði; og
- þróa fjármálastarfsemi í hliðargreinum landbúnaðar og greinum utan landbúnaðar;

(ii) að bæta langtímaefnahagshorfur í sveitarhéruðum með því að:

- hvetja til nýrra, arðbærra fjárfestinga og auðvelda aðgang að framleiðsluháttum; og
- taka upp stefnu í verðlags- og skattamálum og í viðskiptaháttum sem stuðlar að hagvexti;

(iii) að skilgreina og framkvæma stefnu í búsetumálum og búferlaflutningum í því skyni að draga úr búsetuálagi á land; og

(iv) að hvetja til ræktunar nytjaplantna sem þola þurrka og til samþættra ræktunaraðferða á úrkomulitlum svæðum til að tryggja nægileg matvæli;

b) aðgerðir sem stuðla að verndun náttúruauðlinda:

emphasis on education and training, mobilization of non-governmental organizations with proven expertise and strengthening of decentralized governmental structures.

2. National action programmes shall, as appropriate, include the following general features:

(a) the use, in developing and implementing national action programmes, of past experiences in combating desertification and/or mitigating the effects of drought, taking into account social, economic and ecological conditions;

(b) the identification of factors contributing to desertification and/or drought and the resources and capacities available and required, and the setting up of appropriate policies and institutional and other responses and measures necessary to combat those phenomena and/or mitigate their effects; and

(c) the increase in participation of local populations and communities, including women, farmers and pastoralists, and delegation to them of more responsibility for management.

3. National action programmes shall also, as appropriate, include the following:

(a) measures to improve the economic environment with a view to eradicating poverty:

(i) increasing incomes and employment opportunities, especially for the poorest members of the community, by:

- developing markets for farm and livestock products;
- creating financial instruments suited to local needs;
- encouraging diversification in agriculture and the setting-up of agricultural enterprises; and
- developing economic activities of a para-agricultural or non-agricultural type;

(ii) improving the long-term prospects of rural economies by the creation of:

- incentives for productive investment and access to the means of production; and
- price and tax policies and commercial practices that promote growth;

(iii) defining and applying population and migration policies to reduce population pressure on land; and

(iv) promoting the use of drought resistant crops and the application of integrated dry-land farming systems for food security purposes;

(b) measures to conserve natural resources:

(i) að tryggja samþætta og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda, þar á meðal:
– ræktunar- og beitilanda;
– gróðurs og dýralífs;
– skóga;
– vatnsauðlinda; og
– líffræðilegrar fjölbreytni;

(ii) að efla umhverfisvitund fólks, auka fræðslu um umhverfismál og dreifingu á tækniþekkingu sem varðar sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda; og

(iii) að tryggja þróun og hagkvæma nýtingu mismunandi orkulinda og nýrra orkulinda, sérstaklega sólarorku, vindorku og lífræns gass, og gera sérstakar ráðstafanir vegna miðlunar, öflunar og aðlögunar viðeigandi tækni til að draga úr nýtingu viðkvæmra náttúruauðlinda;

c) aðgerðir til að bæta uppbyggingu stofnana:

(i) að skilgreina hlutverk og ábyrgð stjórnvalda og sveitarfélaga varðandi stefnu í landnýtingu;

(ii) að hvetja til raunverulegrar valddreifingar, fela sveitarstjórnum aukna ábyrgð á stjórnun og ákvarðanatöku, stuðla að auknu frumkvæði og ábyrgðartilfinningu sveitarfélaga og koma á fót viðeigandi aðstöðu í héraði; og

(iii) að aðlaga eftir þörfum stofnanaleg og lagaleg atriði sem varða nýtingu náttúruauðlinda í því skyni að tryggja umráðarétt heimamanna yfir landinu;

d) aðgerðir til aukinnar þekkingar á eyðimerkurmyndun:

(i) að efla rannsóknir og söfnun, úrvinnslu og skipti á gögnum sem varða vísindalegar, tæknilegar og félags- og efnahagslegar hliðar eyðimerkurmyndunar;

(ii) að bæta aðstöðu í viðkomandi löndum til rannsókna og söfnunar, úrvinnslu, skipta og greiningar á gögnum í því skyni að auka skilning og gera niðurstöður gagna nýtanlegar; og

(iii) að hvetja til meðal- og langtímarannsókna á:
– félags- og efnahagslegum og menningarlegum sveiflum á áfallasvæðum;
– breytingum á magni og gæðum náttúruauðlinda; og
– samspili loftslags og eyðimerkurmyndunar; og

(i) ensuring integrated and sustainable management of natural resources, including:
– agricultural land and pastoral land;
– vegetation cover and wildlife;
– forests;
– water resources; and
– biological diversity;

(ii) training with regard to, and strengthening, public awareness and environmental education campaigns and disseminating knowledge of techniques relating to the sustainable management of natural resources; and

(iii) ensuring the development and efficient use of diverse energy sources, the promotion of alternative sources of energy, particularly solar energy, wind energy and bio-gas, and specific arrangements for the transfer, acquisition and adaptation of relevant technology to alleviate the pressure on fragile natural resources;

(c) measures to improve institutional organization:

(i) defining the roles and responsibilities of central government and local authorities within the framework of a land use planning policy;

(ii) encouraging a policy of active decentralization, devolving responsibility for management and decision-making to local authorities, and encouraging initiatives and the assumption of responsibility by local communities and the establishment of local structures; and

(iii) adjusting, as appropriate, the institutional and regulatory framework of natural resource management to provide security of land tenure for local populations;

(d) measures to improve knowledge of desertification:

(i) promoting research and the collection, processing and exchange of information on the scientific, technical and socio-economic aspects of desertification;

(ii) improving national capabilities in research and in the collection, processing, exchange and analysis of information so as to increase understanding and to translate the results of the analysis into operational terms; and

(iii) encouraging the medium and long term study of:
– socio-economic and cultural trends in affected areas;
– qualitative and quantitative trends in natural resources; and
– the interaction between climate and desertification; and

e) aðgerðir til að fylgjast með þurrkum og meta áhrif þeirra:

(i) að þróa aðferðir til að meta áhrif náttúrulegra veðurfarsbreytinga á svæðisbundna þurrka og eyðimerkurmyndun, og/eða nota spár um veðurfarsbreytingar milli árstíða eða milli ára til að draga úr afleiðingum þurrka;

(ii) að bæta viðvörunarkerfi og viðbragðsgetu, tryggja góða stjórnun neyðar- og matvælahjálpar, bæta aðstöðu til geymslu og dreifingar matvæla, gera áætlanir um nautgripavernd og opinberar framkvæmdir og auka fjölbreytni atvinnulífsins á svæðum þar sem hætta er á þurrkum; og

(iii) að fylgjast með og meta vistfræðilega rýrnun landgæða til að afla í tíma áreiðanlegra gagna um eðli og hraða slíkrar rýrnunar í því skyni að auðvelda stefnumótun og viðbrögð.

(e) measures to monitor and assess the effects of drought:

(i) developing strategies to evaluate the impacts of natural climate variability on regional drought and desertification and/or to utilize predictions of climate variability on seasonal to interannual time scales in efforts to mitigate the effects of drought;

(ii) improving early warning and response capacity, efficiently managing emergency relief and food aid, and improving food stocking and distribution systems, cattle protection schemes and public works and alternative livelihoods for drought prone areas; and

(iii) monitoring and assessing ecological degradation to provide reliable and timely information on the process and dynamics of resource degradation in order to facilitate better policy formulations and responses.

9. gr.

Mótun framkvæmdaáætlana einstakra ríkja og framkvæmda- og matsmælikvarða.

Hvert aðildarland á áfallasvæði í Afríku skal koma á fót samræmingarnefnd sem skal eiga frumkvæði að undirbúningi, framkvæmd og mati á árangri framkvæmdaáætlunar landsins. Samræmingarnefndin skal skv. 3. gr. og eftir þörfum:

a) skilgreina og gera yfirlit yfir aðgerðir er hefjist með samráði heima í héruðum, með þátttöku heimamanna og sveitarfélaga og í samstarfi sveitarstjórna, þróaðra aðildarlanda, milliríkjastofnana og óháðra félagasamtaka, á grundvelli viðræðna við þá sem um málin fjalla í viðkomandi landi;

b) skilgreina og skýra erfiðleika, þarfir og annmarka sem hafa áhrif á þróun og sjálfbæra landnýtingu og gera tillögur um hagkvæmar aðgerðir í því skyni að forðast tvíverknað með því að nýta sem best þau verkefni sem unnið er að á þessum sviðum og koma niðurstöðum þeirra í framkvæmd;

c) auðvelda, móta og skilgreina framkvæmdaáætlanir sem byggjast á víxlverkandi og sveigjanlegum aðferðum, í þeim tilgangi að stuðla að virkri þátttöku íbúa á áfallasvæðum, að draga sem mest úr neikvæðum áhrifum slíkra framkvæmda og að skilgreina þörf fyrir fjárhagsaðstoð og tæknileg samskipti og raða þeim í forgangsröð;

Article 9

Preparation of national action programmes and implementation and evaluation indicators

Each affected African country Party shall designate an appropriate national coordinating body to function as a catalyst in the preparation, implementation and evaluation of its national action programme. This coordinating body shall, in the light of article 3 and as appropriate:

(a) undertake an identification and review of actions, beginning with a locally driven consultation process, involving local populations and communities and with the cooperation of local administrative authorities, developed country Parties and intergovernmental and non-governmental organizations, on the basis of initial consultations of those concerned at the national level;

(b) identify and analyze the constraints, needs and gaps affecting development and sustainable land use and recommend practical measures to avoid duplication by making full use of relevant ongoing efforts and promote implementation of results;

(c) facilitate, design and formulate project activities based on interactive, flexible approaches in order to ensure active participation of the population in affected areas, to minimize the negative impact of such activities, and to identify and prioritize requirements for financial assistance and technical cooperation;

d) þróa viðeigandi matsaðferðir, byggðar á mælingum, sem auðvelt er að endurtaka, til að meta og dæma framkvæmdaáætlanir landsins, til skamms, meðallangs og langs tíma, og til að meta framkvæmd og árangur slíkra áætlana; og

e) gera áfangaskýrslur um framkvæmd áætlana landsins.

10. gr.
Skipulagsrammi framkvæmdaáætlana á undirsvæðum.

1. Skv. 4. gr. samningsins skulu aðildarlönd í Afríku hafa samstarf um undirbúning og framkvæmd áætlana á undirsvæðum í Mið-, Austur-, Norður-, Suður- og Vestur-Afríku, og geta þau falið viðeigandi milliríkjastofnunum á undirsvæðum eftirfarandi verkefni:

a) að vera þungamiðja við undirbúning og samræmingu á framkvæmd áætlana á þessum undirsvæðum;
b) að aðstoða við undirbúning og framkvæmd áætlana í einstökum löndum;
c) að auðvelda skipti á upplýsingum, reynslu og þekkingu og veita ráðgjöf við endurskoðun löggjafar í einstökum löndum; og
d) öll önnur verkefni er varða framkvæmd áætlana á viðkomandi undirsvæðum.

2. Sérhæfðar stofnanir á þessum undirsvæðum geta veitt stuðning, ef þess er óskað, og/eða þeim má fela þá ábyrgð að samræma aðgerðir á sérsviðum hverrar þeirra.

11. gr.
Efni og undirbúningur framkvæmdaáætlana á undirsvæðum.

Framkvæmdaáætlanir á undirsvæðum skulu beinast að verkefnum sem hagkvæmast er að leysa á undirsvæðum. Komið verði á stjórnun á nýtingu sameiginlegra náttúruauðlinda, þar sem þess gerist þörf. Leitast skal við að finna skynsamlega lausn á vandamálum vegna eyðimerkurmyndunar og/eða þurrka sem ná yfir landamæri ríkja og styðja skal samstillta framkvæmd áætlana í einstökum löndum. Forgangsatriði í framkvæmdaáætlunum á undirsvæðum skulu, eftir því sem við á, vera:

a) sameiginlegar áætlanir um sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda sem eru sameiginlegar tveimur eða fleiri löndum með tvíhliða og fjölhliða stjórnun, eftir því sem við á;

(d) establish pertinent, quantifiable and readily verifiable indicators to ensure the assessment and evaluation of national action programmes, which encompass actions in the short, medium and long terms, and of the implementation of such programmes; and

(e) prepare progress reports on the implementation of the national action programmes.

Article 10
Organizational framework of subregional action programmes

1. Pursuant to article 4 of the Convention, African country Parties shall cooperate in the preparation and implementation of subregional action programmes for central, eastern, northern, southern and western Africa and, in that regard, may delegate the following responsibilities to relevant subregional intergovernmental organizations:

(a) acting as focal points for preparatory activities and coordinating the implementation of the subregional action programmes;
(b) assisting in the preparation and implementation of national action programmes;
(c) facilitating the exchange of information, experience and know-how as well as providing advice on the review of national legislation; and
(d) any other responsibilities relating to the implementation of subregional action programmes.

2. Specialized subregional institutions may provide support, upon request, and/or be entrusted with the responsibility to coordinate activities in their respective fields of competence.

Article 11
Content and preparation of subregional action programmes

Subregional action programmes shall focus on issues that are better addressed at the subregional level. They shall establish, where necessary, mechanisms for the management of shared natural resources. Such mechanisms shall effectively handle transboundary problems associated with desertification and/or drought and shall provide support for the harmonious implementation of national action programmes. Priority areas for subregional action programmes shall, as appropriate, focus on:

(a) joint programmes for the sustainable management of transboundary natural resources through bilateral and multilateral mechanisms, as appropriate;

b) samræmdar áætlanir um þróun nýrra orkugjafa;

c) samstarf um varnir gegn meindýrum og sjúkdómum í plöntum og dýrum;

d) aukin færni, menntun og almenningsvitund með aðgerðum sem er hagkvæmast að framkvæma eða styrkja á undirsvæðum;

e) vísindalegt og tæknilegt samstarf, sérstaklega á sviði loftslagsfræði, veðurfræði og vatnafræði, þar á meðal með samskiptakerfum fyrir gagnasöfnun og gagnamat, upplýsingaflæði og eftirlit með verkefnum, og samræming og forgangsröðun verkefna á sviði rannsókna og þróunar;

f) viðvörunarkerfi og sameiginlegar áætlanir til að draga úr áhrifum þurrka, þar á meðal aðgerðir til að takast á við vandamál vegna búferlaflutninga sem breytingar á umhverfisaðstæðum valda;

g) könnun á leiðum til að skiptast á reynslu, sérstaklega varðandi þátttöku heimamanna og sveitarfélaga, og að skapa umhverfi er stuðlar að bættri landnýtingu og notkun hagkvæmrar tækni;

h) að auka getu samtaka á viðkomandi undirsvæðum til að samræma og veita tæknilega þjónustu, og koma á fót, endurskipuleggja og efla miðstöðvar og stofnanir á undirsvæðum; og

i) mótun stefnu á ýmsum sviðum, svo sem í viðskiptum, sem hafa mikla þýðingu á áfallasvæðum og fyrir íbúa þeirra, þar á meðal stefnu um samræmd markaðssvæði á viðkomandi undirsvæðum og um sameiginlega innri skipulagningu viðkomandi undirsvæða.

(b) coordination of programmes to develop alternative energy sources;

(c) cooperation in the management and control of pests as well as of plant and animal diseases;

(d) capacity building, education and public awareness activities that are better carried out or supported at the subregional level;

(e) scientific and technical cooperation, particularly in the climatological, meteorological and hydrological fields, including networking for data collection and assessment, information sharing and project monitoring, and coordination and prioritization of research and development activities;

(f) early warning systems and joint planning for mitigating the effects of drought, including measures to address the problems resulting from environmentally induced migrations;

(g) exploration of ways of sharing experiences, particularly regarding participation of local populations and communities, and creation of an enabling environment for improved land use management and for use of appropriate technologies;

(h) strengthening of the capacity of subregional organizations to coordinate and provide technical services, as well as establishment, reorientation and strengthening of subregional centres and institutions; and

(i) development of policies in fields, such as trade, which have impact upon affected areas and populations, including policies for the coordination of regional marketing regimes and for common infrastructure.

12. gr.
Skipulagsrammi svæðisbundinnar framkvæmdaáætlunar.

1. Skv. 11. gr. samnings þessa skulu aðildarlönd í Afríku taka sameiginlega ákvarðanir um aðferðir við undirbúning og framkvæmd svæðisbundinnar áætlunar.

2. Aðilar samnings þessa geta veitt viðkomandi svæðisbundnum stofnunum og samtökum í Afríku nauðsynlega aðstoð til að gera aðildarlöndum í álfunni auðveldara um vik að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum.

Article 12
Organizational framework of the regional action programme

1. Pursuant to article 11 of the Convention, African country Parties shall jointly determine the procedures for preparing and implementing the regional action programme.

2. The Parties may provide appropriate support to relevant African regional institutions and organizations to enable them to assist African country Parties to fulfil their responsibilities under the Convention.

13. gr.

Efni svæðisbundinnar framkvæmdaáætlunar.

Svæðisbundin framkvæmdaáætlun kveður á um aðgerðir til að vinna gegn eyðimerkurmyndun og/eða draga úr afleiðingum þurrka og nær, eftir því sem við á, til eftirtalinna forgangsverksviða:

a) að koma á svæðisbundnu samstarfi og samræmingu um framkvæmdaáætlanir á undirsvæðum til að ná svæðisbundnu samkomulagi um grundvallarstefnuatriði, m.a. með reglubundnum viðræðum við samtök á viðkomandi undirsvæðum;

b) að auka getu til aðgerða sem hagkvæmast er að framkvæma svæðisbundið;

c) að leita lausna á alþjóðavettvangi á hnattrænum efnahagslegum og félagslegum vandamálum sem hafa áhrif á áfallasvæðum og taka tillit til b-liðar 2. mgr. 4. gr. samningsins;

d) að auka, milli aðildarlanda á áfallasvæðum í Afríku og undirsvæða og milli þeirra og annarra áfallasvæða, skipti á upplýsingum og miðlun viðeigandi tækni, tækniþekkingu og reynslu sem að gagni má koma; auka vísindalegt og tæknilegt samstarf, einkum á sviði loftslagsfræði, veðurfræði, vatnafræði, þróunar vatnsauðlinda og nýrra orkugjafa; samræmingu rannsóknastarfsemi á undirsvæðum og svæðum; og úttekt á svæðisbundinni forgangsröðun rannsókna og þróunar;

e) að samræma samskiptakerfi fyrir kerfisbundnar athuganir, mat og upplýsingaskipti og tengja þau við alþjóðleg samskiptakerfi; og

f) að samræma og efla viðvörunarkerfi og áætlanir vegna óvæntra þurrka á undirsvæðum og svæðum.

14. gr.

Fjármagn.

1. Skv. 20. gr. samnings þessa og 2. mgr. 4. gr. skulu aðildarlönd á áfallasvæðum í Afríku leitast við að skapa efnahagslegar forsendur til að efla fjármunamyndun, móta stefnu og finna leiðir til að veita fjármagn á virkari hátt til staðbundinna þróunarverkefna, þar á meðal fyrir milligöngu óháðra félagasamtaka, eftir því sem við á.

2. Skv. 4. og 5. mgr. 21. gr. samnings þessa samþykkja aðilar að gera úttekt á fjármögnunar-

Article 13

Content of the regional action programme

The regional action programme includes measures relating to combating desertification and/or mitigating the effects of drought in the following priority areas, as appropriate:

(a) development of regional cooperation and coordination of sub-regional action programmes for building regional consensus on key policy areas, including through regular consultations of sub-regional organizations;

(b) promotion of capacity building in activities which are better implemented at the regional level;

(c) the seeking of solutions with the international community to global economic and social issues that have an impact on affected areas taking into account article 4, paragraph 2 (b) of the Convention;

(d) promotion among the affected country Parties of Africa and its subregions, as well as with other affected regions, of exchange of information and appropriate techniques, technical know-how and relevant experience; promotion of scientific and technological cooperation particularly in the fields of climatology, meteorology, hydrology, water resource development and alternative energy sources; coordination of sub-regional and regional research activities; and identification of regional priorities for research and development;

(e) coordination of networks for systematic observation and assessment and information exchange, as well as their integration into world wide networks; and

(f) coordination of and reinforcement of sub-regional and regional early warning systems and drought contingency plans.

Article 14

Financial resources

1. Pursuant to article 20 of the Convention and article 4, paragraph 2, affected African country Parties shall endeavour to provide a macroeconomic framework conducive to the mobilization of financial resources and shall develop policies and establish procedures to channel resources more effectively to local development programmes, including through non-governmental organizations, as appropriate.

2. Pursuant to article 21, paragraphs 4 and 5 of the Convention, the Parties agree to establish

leiðum í einstökum löndum, á undirsvæðum og svæðum og um heim allan, til að tryggja skynsamlega nýtingu þess fjármagns sem fyrir hendi er og finna veikleika í fjárveitingum, í því skyni að greiða fyrir framkvæmd áætlana. Úttektina skal endurskoða og breyta henni reglubundið með tilliti til nýrra upplýsinga.

3. Skv. 7. gr. samnings þessa skulu þróuð aðildarlönd halda áfram að veita umtalsvert fjármagn til og/eða auka fjárveitingar og aðra aðstoð við aðildarlönd á áfallasvæðum í Afríku, á grundvelli samstarfssamninga og fyrirkomulags sem vísað er til í 18. gr., og skal m.a. tekið tillit til skulda, alþjóðaviðskipta og markaðsfyrirkomulags skv. b-lið 2. mgr. 4. gr. samningsins.

an inventory of sources of funding at the national, subregional, regional and international levels to ensure the rational use of existing resources and to identify gaps in resource allocation, to facilitate implementation of the action programmes. The inventory shall be regularly reviewed and updated.

3. Consistent with article 7 of the Convention, the developed country Parties shall continue to allocate significant resources and/or increased resources as well as other forms of assistance to affected African country Parties on the basis of partnership agreements and arrangements referred to in article 18, giving, inter alia, due attention to matters related to debt, international trade and marketing arrangements in accordance with article 4, paragraph 2 (b) of the Convention.

15. gr.

Skipulag fjármála.

1. Skv. 7. gr. samningsins, þar sem lögð er áhersla á að veita aðildarlöndum á áfallasvæðum í Afríku forgang, og í ljósi hins sérstaka ástands sem ríkir í heimsálfunni, skulu aðilar samnings þessa gefa sérstakan gaum að framkvæmd í Afríku á ákvæðum d- og e-liða 1. mgr. 21. gr. samningsins, einkum með því að:

a) stuðla að því að komið verði á fót fyrirkomulagi, eins og landgræðslusjóðum í einstökum löndum, til að beina fjármagni heim í héruð; og

b) efla sjóði og fjárhagslegt fyrirkomulag sem fyrir hendi er á undirsvæðum og svæðum.

2. Skv. 20. og 21. gr. samningsins skulu þeir aðilar hans, sem einnig eru aðilar að stjórnum hlutaðeigandi fjármálastofnana á svæðum og undirsvæðum, þar á meðal Þróunarbanka Afríku og Þróunarsjóðs Afríku, stuðla að því að þeim aðgerðum þessara stofnana, sem greiða fyrir framkvæmd þessa viðauka, verði veittur viðeigandi forgangur.

3. Aðilar samnings þessa skulu, eftir því sem unnt er, auðvelda fjárstreymi til aðildarlanda á áfallasvæðum í Afríku.

Article 15

Financial Mechanisms

1. Consistent with article 7 of the Convention underscoring the priority to affected African country Parties and considering the particular situation prevailing in this region, the Parties shall pay special attention to the implementation in Africa of the provisions of article 21, paragraph 1 (d) and (e) of the Convention, notably by:

(a) facilitating the establishment of mechanisms, such as national desertification funds, to channel financial resources to the local level; and

(b) strengthening existing funds and financial mechanisms at the subregional and regional levels.

2. Consistent with articles 20 and 21 of the Convention, the Parties which are also members of the governing bodies of relevant regional and subregional financial institutions, including the African Development Bank and the African Development Fund, shall promote efforts to give due priority and attention to the activities of those institutions that advance the implementation of this Annex.

3. The Parties shall streamline, to the extent possible, procedures for channelling funds to affected African country Parties.

16. gr.

Tækniaðstoð og samstarf.

Aðilar samnings þessa skuldbinda sig, eftir getu hvers og eins, til að greiða fyrir tækniaðstoð og samstarfi við aðildarlönd í Afríku í þeim

Article 16

Technical assistance and cooperation

The Parties undertake, in accordance with their respective capabilities, to rationalize technical assistance to, and cooperation with, Afri-

tilgangi að auka árangur af verkefnum og áætlunum, m.a. með því að:

a) takmarka umsýslukostnað í sambandi við aðstoð, sérstaklega við stjórnun. Slíkur kostnaður má að öðru jöfnu aðeins vera lágt hlutfall af heildarkostnaði verkefnis til þess að árangur af fjármagninu verði sem mestur;

b) leggja áherslu á að nota hæfa sérfræðinga hverrar þjóðar eða, þar sem þess gerist þörf, hæfa sérfræðinga frá viðkomandi undirsvæði og/eða svæði, við hönnun, undirbúning og framkvæmd verkefna og stuðla að aukinni sérfræðiþekkingu heimamanna þar sem hún er ekki fyrir hendi; og

c) stjórna, samræma og nýta á virkan hátt þá tækniaðstoð sem veitt er.

can country Parties with a view to increasing project and programme effectiveness by, inter alia:

(a) limiting the costs of support measures and backstopping, especially overhead costs; in any case, such costs shall only represent an appropriately low percentage of the total cost of the project so as to maximize project efficiency;

(b) giving preference to the utilization of competent national experts or, where necessary, competent experts from within the subregion and/or region, in project design, preparation and implementation, and to the building of local expertise where it does not exist; and

(c) effectively managing and coordinating, as well as efficiently utilizing, technical assistance to be provided.

17. gr.

Miðlun, öflun, aðlögun og aðgengi að vistvænni tækni.

Við framkvæmd 18. gr. samningsins, sem varðar miðlun, öflun, aðlögun og þróun tækni, skuldbinda aðilar samnings þessa sig til þess að veita aðildarlöndum í Afríku forgang og að þróa eftir þörfum hjá þeim nýtt fyrirkomulag samstarfs í þeim tilgangi að stuðla að aukinni færni á sviði vísindalegra rannsókna og þróunar og öflunar og dreifingar gagna í því skyni að gera þeim kleift að hrinda í framkvæmd aðgerðum gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka.

Article 17

Transfer, acquisition, adaptation and access to environmentally sound technology

In implementing article 18 of the Convention relating to transfer, acquisition, adaptation and development of technology, the Parties undertake to give priority to African country Parties and, as necessary, to develop with them new models of partnership and cooperation with a view to strengthening capacity building in the fields of scientific research and development and information collection and dissemination to enable them to implement their strategies to combat desertification and mitigate the effects of drought.

18. gr.

Samkomulag um samræmingu og samstarf.

1. Aðildarlönd í Afríku skulu samræma undirbúning, samningaviðræður og framkvæmd áætlana í einstökum löndum og á undirsvæðum og svæðum. Í þessu skyni geta þau, eftir þörfum, fengið til liðs við sig aðra aðila samningsins og hlutaðeigandi milliríkjastofnanir og óháð félagasamtök.

2. Markmið slíkrar samræmingar skulu vera að tryggja að fjárhagslegt og tæknilegt samstarf sé í samræmi við samninginn og að tryggja nauðsynlega framvindu í nýtingu og stjórnun fjármagns.

3. Aðildarlönd í Afríku skulu koma á samráðsfyrirkomulagi í einstökum löndum og á undirsvæðum og svæðum. Slíkt samráðsfyrirkomulag getur:

a) verið vettvangur til að ræða og koma á samningum um samstarf byggða á framkvæmda-

Article 18

Coordination and partnership agreements

1. African country Parties shall coordinate the preparation, negotiation and implementation of national, subregional and regional action programmes. They may involve, as appropriate, other Parties and relevant intergovernmental and non-governmental organizations in this process.

2. The objectives of such coordination shall be to ensure that financial and technical cooperation is consistent with the Convention and to provide the necessary continuity in the use and administration of resources.

3. African country Parties shall organize consultative processes at the national, subregional and regional levels. These consultative processes may:

(a) serve as a forum to negotiate and conclude partnership agreements based on national, sub-

áætlunum í einstökum löndum, á undirsvæðum og svæðum; og

b) ákveðið framlag aðildarlanda í Afríku og annarra aðila samráðshópa að áætlunum og ákveðið forgangsröð og fyrirkomulag framkvæmda, sem og aðferðir við endurmat og fyrirkomulag fjármögnunar vegna framkvæmda.

4. Fastaskrifstofan getur, að ósk aðildarlanda í Afríku og skv. 23. gr. samningsins, stuðlað að því að koma á slíku samráðsfyrirkomulagi með því að:

a) veita ráðgjöf um skipulagningu virks samráðsfyrirkomulags og byggja í því sambandi á fenginni reynslu af slíku fyrirkomulagi;

b) veita hlutaðeigandi tvíhliða og fjölhliða stofnunum upplýsingar um samráðsfundi og starfsemi og hvetja til virkrar þátttöku þeirra; og

c) veita aðrar upplýsingar sem gætu orðið að gagni við að koma á eða bæta samráðsfyrirkomulag.

5. Samræmingaraðilar undirsvæða og svæða skulu m.a.:

a) gera tillögur um viðeigandi breytingar á samstarfssamningi;

b) fylgjast með, meta og gefa skýrslur um framkvæmd áætlana sem samþykktar hafa verið fyrir undirsvæði og svæði; og

c) vinna að því að tryggja virk samskipti og samstarf milli aðildarlanda í Afríku.

6. Þátttökurétt í samráðshópum skulu, eftir því sem við á, eiga ríkisstjórnir, hagsmunahópar og styrktaraðilar, hlutaðeigandi stofnanir, sjóðir og áætlanir sem unnið er að á vegum Sameinuðu þjóðanna, hlutaðeigandi samtök undirsvæða og svæða og fulltrúar hlutaðeigandi óháðra félagasamtaka. Þátttakendur í hverjum samráðshópi skulu ákvarða hvernig stjórnun og starfsemi hans er háttað.

7. Skv. 14. gr. samningsins eru þróuð aðildarlönd hvött til að móta að eigin frumkvæði óformlegar reglur um samráð og samræmingu sín á milli í einstökum löndum og á undirsvæðum og svæðum og, að ósk aðildarlands á áfallasvæði í Afríku eða viðeigandi samtaka á undirsvæðum eða svæðum, að taka þátt í samráðsferli í einstökum löndum eða á undirsvæðum eða svæðum, með það að markmiði að meta og bregðast við þörf á aðstoð til að auðvelda framkvæmd.

regional and regional action programmes; and

(b) specify the contribution of African country Parties and other members of the consultative groups to the programmes and identify priorities and agreements on implementation and evaluation indicators, as well as funding arrangements for implementation.

4. The Permanent Secretariat may, at the request of African country Parties, pursuant to article 23 of the Convention, facilitate the convocation of such consultative processes by:

(a) providing advice on the organization of effective consultative arrangements, drawing on ex periences from other such arrangements;

(b) providing information to relevant bilateral and multilateral agencies concerning consultative meetings or processes, and encouraging their active involvement; and

(c) providing other information that may be relevant in establishing or improving consultative arrangements.

5. The subregional and regional coordinating bodies shall, inter alia:

(a) recommend appropriate adjustments to partnership agreements;

(b) monitor, assess and report on the implementation of the agreed subregional and regional programmes; and

(c) aim to ensure efficient communication and cooperation among African country Parties.

6. Participation in the consultative groups shall, as appropriate, be open to Governments, interested groups and donors, relevant organs, funds and programmes of the United Nations system, relevant subregional and regional organizations, and representatives of relevant non-governmental organizations. Participants of each consultative group shall determine the modalities of its management and operation.

7. Pursuant to article 14 of the Convention, developed country Parties are encouraged to develop, on their own initiative, an informal process of consultation and coordination among themselves, at the national, subregional and regional levels, and, at the request of an affected African country Party or of an appropriate subregional or regional organization, to participate in a national, subregional or regional consultative process that would evaluate and respond to assistance needs in order to facilitate implementation.

19. gr.
Eftirfylgni.

Aðildarlönd Afríku skulu fylgja eftir framkvæmd þessa viðauka samkvæmt samningi þessum eins og hér segir:

a) í hverju einstöku landi af starfshópi skipuðum af hverju aðildarlandi á áfallasvæði í Afríku, sem m.a. fulltrúar sveitarfélaga skulu eiga sæti í, og skal hann starfa undir yfirumsjón samræmingarnefndar viðkomandi lands sem getið er í 9. gr.;

b) á undirsvæðum af þverfaglegri vísinda- og tækniráðgjafarnefnd, og skulu aðildarlönd á viðkomandi undirsvæði í Afríku taka ákvörðun um skipun hennar og starfsemi; og

c) svæðisbundið af starfshópi sem skipaður er samkvæmt viðeigandi ákvæðum samningsins um stofnun Efnahagssambands Afríku og af vísinda- og tæknilegri ráðgjafarnefnd Afríku.

Article 19
Follow-up arrangements

Follow-up of this Annex shall be carried out by African country Parties in accordance with the Convention as follows:

(a) at the national level, by a mechanism the composition of which should be determined by each affected African country Party and which shall include representatives of local communities and shall function under the supervision of the national coordinating body referred to in article 9;

(b) at the subregional level, by a multidisciplinary scientific and technical consultative committee, the composition and modalities of operation of which shall be determined by the African country Parties of the subregion concerned; and

(c) at the regional level, by mechanisms defined in accordance with the relevant provisions of the Treaty establishing the African Economic Community, and by an African Scientific and Technical Advisory Committee.

II. VIÐAUKI
Viðauki vegna svæðisbundinna framkvæmda í Asíu.

1. gr.
Tilgangur.

Tilgangur þessa viðauka er að veita leiðbeiningar og fjalla um fyrirkomulag sem stuðlar að árangursríkri framkvæmd samnings þessa í aðildarlöndum á áfallasvæðum í Asíu, í ljósi hinna sérstæðu aðstæðna í álfunni.

2. gr.
Sérstæðar aðstæður í Asíu.

Við framkvæmd skuldbindinga sinna samkvæmt samningnum skulu aðilar hans, eftir því sem við á, taka tillit til eftirfarandi sérstæðra aðstæðna sem eiga við í mismiklum mæli í aðildarlöndum á áfallasvæðum í álfunni:

a) hinnar hlutfallslega miklu víðáttu landsvæða sem eru á áfallasvæðum eða eru í hættu vegna eyðimerkurmyndunar og þurrka, og hins mikla fjölbreytileika þessara svæða með tilliti til loftslags, landslags, landnýtingar og félags- og efnahagslegra aðstæðna;

b) mikils álags á náttúruauðlindir vegna öflunar lífsviðurværis;

c) ríkjandi framleiðsluaðferða sem eru bein afleiðing mikillar fátæktar og valda hnignun lands og miklu álagi á takmarkaðar vatnslindir;

ANNEX II
Regional implementation Annex for Asia

Article 1
Purpose

The purpose of this Annex is to provide guidelines and arrangements for the effective implementation of the Convention in the affected country Parties of the Asian region in the light of its particular conditions.

Article 2
Particular conditions of the Asian region

In carrying out their obligations under the Convention, the Parties shall, as appropriate, take into consideration the following particular conditions which apply in varying degrees to the affected country Parties of the region:

(a) the high proportion of areas in their territories affected by, or vulnerable to, desertification and drought and the broad diversity of these areas with regard to climate, topography, land use and socio-economic systems;

(b) the heavy pressure on natural resources for livelihoods;

(c) the existence of production systems, directly related to widespread poverty, leading to land degradation and to pressure on scarce water resources;

d) mikilla áhrifa ríkjandi aðstæðna í efnahagsmálum heimsins og félagslegra vandamála eins og fátæktar, lélegs heilsufars og næringarskorts, ótryggrar fæðuöflunar, búferlaflutninga, fólks sem hefur flosnað upp og lýðfræðilegra breytinga;

e) vaxandi, en ennþá ófullnægjandi, getu stofnana í einstökum löndum til að takast á við vandamál af völdum eyðimerkurmyndunar og þurrka; og

f) þarfa þessara ríkja fyrir alþjóðlegt samstarf til að framfylgja markmiðum sjálfbærrar þróunar í sambandi við baráttuna gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka.

(d) the significant impact of conditions in the world economy and social problems such as poverty, poor health and nutrition, lack of food security, migration, displaced persons and demographic dynamics;

(e) their expanding, but still insufficient, capacity and institutional frameworks to deal with national desertification and drought problems; and

(f) their need for international cooperation to pursue sustainable development objectives relating to combating desertification and mitigating the effects of drought.

3. gr.
Fyrirkomulag framkvæmdaáætlana einstakra ríkja.

1. Framkvæmdaáætlanir einstakra ríkja skulu vera samþættur hluti heildarstefnu aðildarlanda á áfallasvæðum í álfunni um sjálfbæra þróun.

2. Aðildarlönd á áfallasvæðum skulu, eftir því sem við á, móta framkvæmdaáætlanir landanna skv. 9.–11. gr. samningsins, með sérstakri áherslu á f-lið 2. mgr. 10. gr. Leita má liðsinnis tvíhliða eða fjölhliða samstarfsstofnana við þetta verkefni eftir þörfum og að ósk viðkomandi aðildarlands á áfallasvæði.

Article 3
Framework for national action programmes

1. National action programmes shall be an integral part of broader national policies for sustainable development of the affected country Parties of the region.

2. The affected country Parties shall, as appropriate, develop national action programmes pursuant to articles 9 to 11 of the Convention, paying special attention to article 10, paragraph 2 (f). As appropriate, bilateral and multilateral cooperation agencies may be involved in this process at the request of the affected country Party concerned.

4. gr.
Framkvæmdaáætlanir einstakra ríkja.

1. Við undirbúning og framkvæmd áætlana í einstökum ríkjum skulu aðildarlönd á áfallasvæðum í álfunni, í samræmi við aðstæður þeirra og markmið og eftir því sem við á, m.a.:

a) tilnefna viðeigandi aðila er séu ábyrgir fyrir undirbúningi, samræmingu og framkvæmd áætlananna;

b) virkja íbúa á áfallasvæðum, þar á meðal sveitarfélög, til þátttöku í undirbúningi, samræmingu og framkvæmd áætlana, með samráðsfyrirkomulagi á hverjum stað, í samstarfi við sveitarstjórnir og viðeigandi opinber samtök og óháð félagasamtök;

c) gera úttekt á umhverfisástandi á áfallasvæðum í því skyni að meta orsakir og afleiðingar eyðimerkurmyndunar og ákveða forgangssvið við aðgerðir;

d) meta, með þátttöku íbúa á áfallasvæðum, fyrri og núverandi framkvæmdaáætlanir gegn

Article 4
National action programmes

1. In preparing and implementing national action programmes, the affected country Parties of the region, consistent with their respective circumstances and policies, may, inter alia, as appropriate:

(a) designate appropriate bodies responsible for the preparation, coordination and implementation of their action programmes;

(b) involve affected populations, including local communities, in the elaboration, coordination and implementation of their action programmes through a locally driven consultative process, with the cooperation of local authorities and relevant national and non-governmental organizations;

(c) survey the state of the environment in affected areas to assess the causes and consequences of desertification and to determine priority areas for action;

(d) evaluate, with the participation of affected populations, past and current programmes for

eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka í því skyni að móta aðferðafræði og undirbúa aðgerðir;

e) undirbúa tækni- og fjárhagsáætlanir á grundvelli upplýsinga um aðgerðir sem fjallað er um í a- til d-liðum;

f) þróa og beita aðferðum og mælikvörðum til mats á framkvæmd áætlana;

g) stuðla að samþættri nýtingu vatnasviða, verndun jarðvegs og bættri og skynsamlegri nýtingu vatnsauðlinda;

h) efla og/eða koma á fót söfnun upplýsinga, mati, eftirfylgni og viðvörunarkerfum á landsvæðum sem eru í hættu vegna eyðimerkurmyndunar og þurrka og taka í því sambandi tillit til loftslagsfræðilegra, veðurfræðilegra, vatnafræðilegra, líffræðilegra og annarra viðeigandi þátta; og

i) koma á, þar sem um alþjóðlegt samstarf er að ræða, þar á meðal á sviði fjármögnunar og tækni, í anda samstöðu, viðeigandi fyrirkomulagi til að styðja við framkvæmdaáætlanir sínar.

2. Skv. 10. gr. samningsins skal í framkvæmdaáætlunum einstakra ríkja lögð áhersla á samþættar, staðbundnar þróunaráætlanir á áfallasvæðum, byggðar á samstarfi og samþættum aðgerðum til útrýmingar á fátækt sem lið í baráttunni gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka. Svæðisbundnum aðgerðum framkvæmdaáætlana skal skipa í forgangssvið þar sem tillit er tekið til þess mikla fjölbreytileika áfallasvæða álfunnar sem fjallað er um í a-lið 2. gr.

combating desertification and mitigating the effects of drought, in order to design a strategy and elaborate activities in their action programmes;

(e) prepare technical and financial programmes based on the information derived from the activities in subparagraphs (a) to (d);

(f) develop and utilize procedures and benchmarks for evaluating implementation of their action programmes;

(g) promote the integrated management of drainage basins, the conservation of soil resources, and the enhancement and efficient use of water resources;

(h) strengthen and/or establish information, evaluation and follow up and early warning systems in regions prone to desertification and drought, taking account of climatological, meteorological, hydrological, biological and other relevant factors; and

(i) formulate in a spirit of partnership, where international cooperation, including financial and technical resources, is involved, appropriate arrangements supporting their action programmes.

2. Consistent with article 10 of the Convention, the overall strategy of national action programmes shall emphasize integrated local development programmes for affected areas, based on participatory mechanisms and on the integration of strategies for poverty eradication into efforts to combat desertification and mitigate the effects of drought. Sectoral measures in the action programmes shall be grouped in priority fields which take account of the broad diversity of affected areas in the region referred to in article 2 (a).

5. gr.
Framkvæmdaáætlanir á undirsvæðum og sameiginlegar framkvæmdaáætlanir.

1. Skv. 11. gr. samnings þessa geta aðildarlönd á áfallasvæðum í Asíu gert gagnkvæmt samkomulag um að hafa samráð og samstarf, eftir því sem við á, við aðra aðila samningsins um undirbúning og framkvæmd áætlana á undirsvæðum eða sameiginlegra áætlana, eftir því sem við á, í því skyni að bæta og auka árangur af áætlunum einstakra ríkja. Hlutaðeigandi aðilar geta orðið sammála um að fela samtökum á undirsvæðum, þar á meðal samtökum í einu eða tveimur löndum, eða sérhæfðum stofnunum ábyrgð varðandi undirbúning, samræmingu og

Article 5
Subregional and joint action programmes

1. Pursuant to article 11 of the Convention, affected country Parties in Asia may mutually agree to consult and cooperate with other Parties, as appropriate, to prepare and implement subregional or joint action programmes, as appropriate, in order to complement, and increase effectiveness in the implementation of, national action programmes. In either case, the relevant Parties may jointly agree to entrust subregional, including bilateral or national organizations, or specialized institutions, with responsibilities relating to the preparation, coordination and im-

framkvæmd áætlana. Slík samtök eða stofnanir geta einnig verið þungamiðja við kynningu og samræmingu aðgerða skv. 16.–18. gr. samningsins.

2. Við undirbúning og framkvæmd áætlana á undirsvæðum eða sameiginlegra áætlana skulu aðildarlönd á áfallasvæðum m.a., eftir því sem við á:

a) skilgreina, í samstarfi við stofnanir viðkomandi landa, forgangssvið í baráttunni gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka, sem hagkvæmara er að fást við með slíkum áætlunum, svo og viðeigandi aðgerðir sem unnt er að hrinda með virkum hætti í framkvæmd innan ramma áætlananna;

b) meta framkvæmdagetu og starfsemi viðeigandi stofnana á svæðum, undirsvæðum og í einstökum löndum;

c) leggja mat á þær áætlanir sem unnið er að á sviði eyðimerkurmyndunar og þurrka í öllum eða sumum aðildarlandanna á viðkomandi svæði eða undirsvæði og tengsl þeirra áætlana við framkvæmdaáætlanir í einstökum löndum; og

d) koma á, þar sem um alþjóðlegt samstarf er að ræða, þar á meðal á sviði fjármögnunar og tækni, í anda samstöðu, viðeigandi tvíhliða og/eða fjölhliða fyrirkomulagi til að styðja við áætlanirnar.

3. Framkvæmdaáætlanir á undirsvæðum eða sameiginlegar framkvæmdaáætlanir geta falið í sér samþykktar sameiginlegar áætlanir um sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda, sem eru sameiginlegar tveimur eða fleiri löndum, og varða eyðimerkurmyndun, forgangsröðun við samræmingu og aðrar aðgerðir sem stuðla að aukinni færni, vísindalegt og tæknilegt samstarf, sérstaklega viðvörunarkerfi vegna þurrka og upplýsingaflæði, og leiðir til að efla viðeigandi samtök eða stofnanir á undirsvæðum og önnur samtök og stofnanir.

6. gr.

Svæðisbundnar aðgerðir.

Svæðisbundnar aðgerðir, sem hafa það að markmiði að stuðla að framkvæmd svæðisbundinna eða sameiginlegra áætlana, geta m.a. verið fólgnar í því að efla stofnanir og fyrirkomulag sem stuðlar að samræmingu og samstarfi í einstökum löndum og á undirsvæðum og svæðum, og stuðla að framkvæmd þeirra mála sem getið er um í 16.–19. gr. samningsins. Þessar aðgerðir geta einnig falið í sér að:

a) auka og efla tæknileg samstarfsnetkerfi;

plementation of programmes. Such organizations or institutions may also act as focal points for the promotion and coordination of actions pursuant to articles 16 to 18 of the Convention.

2. In preparing and implementing subregional or joint action programmes, the affected country Parties of the region shall, inter alia, as appropriate:

(a) identify, in cooperation with national institutions, priorities relating to combating desertification and mitigating the effects of drought which can better be met by such programmes, as well as relevant activities which could be effectively carried out through them;

(b) evaluate the operational capacities and activities of relevant regional, subregional and national institutions;

(c) assess existing programmes relating to desertification and drought among all or some parties of the region or subregion and their relationship with national action programmes; and

(d) formulate in a spirit of partnership, where international cooperation, including financial and technical resources, is involved, appropriate bilateral and/or multilateral arrangements supporting the programmes.

3. Subregional or joint action programmes may include agreed joint programmes for the sustainable management of transboundary natural resources relating to desertification, priorities for coordination and other activities in the fields of capacity building, scientific and technical cooperation, particularly drought early warning systems and information sharing, and means of strengthening the relevant subregional and other organizations or institutions.

Article 6

Regional activities

Regional activities for the enhancement of subregional or joint action programmes may include, inter alia, measures to strengthen institutions and mechanisms for coordination and cooperation at the national, subregional and regional levels, and to promote the implementation of articles 16 to 19 of the Convention. These activities may also include:

(a) promoting and strengthening technical cooperation networks;

b) undirbúa úttekt á tækni, þekkingu, kunnáttu og starfsaðferðum og á hefðbundinni og staðbundinni tækniþekkingu og kunnáttu, og stuðla að dreifingu og notkun hennar;

c) meta þörf fyrir tæknimiðlun og stuðla að aðlögun og notkun slíkrar tækni; og

d) hvetja til áætlana sem stuðla að aukinni almenningsvitund og aukinni færni á öllum stigum, auka þjálfun, rannsóknir og þróun og skapa aðstæður fyrir þróun mannauðs.

(b) preparing inventories of technologies, knowledge, know-how and practices, as well as traditional and local technologies and know-how, and promoting their dissemination and use;

(c) evaluating the requirements for technology transfer and promoting the adaptation and use of such technologies; and

(d) encouraging public awareness programmes and promoting capacity building at all levels, strengthening training, research and development and building systems for human resource development.

7. gr.

Fjármagn og fyrirkomulag.

1. Aðilar samnings þessa skulu, með tilliti til mikilvægis baráttunnar gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka í Asíu, vinna að útvegun umtalsverðs fjármagns og að fjármálalegu fyrirkomulagi skv. 20. og 21. gr. samningsins.

2. Aðildarlönd á áfallasvæðum í álfunni skulu, hvert um sig eða sameiginlega, samkvæmt samningnum, á grundvelli samræmingarfyrirkomulagsins sem fjallað er um í 8. gr. og í samræmi við þróunarstefnu hvers lands:

a) samþykkja aðgerðir til að auka hagkvæmni og efla fyrirkomulag við að útvega fjármagn með opinberum fjárfestingum og einkafjárfestingum í því skyni að ná tilteknum árangri í baráttunni gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka;

b) skilgreina þörf fyrir alþjóðlegt samstarf til að styðja aðgerðir í einstökum löndum, sérstaklega fjárhagslegt, tæknilegt og tæknifræðilegt samstarf; og

c) stuðla að þátttöku tvíhliða og/eða fjölhliða, fjármálalegra samstarfsstofnana í þeim tilgangi að tryggja framkvæmd samningsins.

3. Aðilar samnings þessa skulu einfalda, eins og frekast er unnt, leiðir til að beina fjármagni til aðildarlanda á áfallasvæðum í álfunni.

Article 7

Financial resources and mechanisms

1. The Parties shall, in view of the importance of combating desertification and mitigating the effects of drought in the Asian region, promote the mobilization of substantial financial resources and the availability of financial mechanisms, pursuant to articles 20 and 21 of the Convention.

2. In conformity with the Convention and on the basis of the coordinating mechanism provided for in article 8 and in accordance with their national development policies, affected country Parties of the region shall, individually or jointly:

(a) adopt measures to rationalize and strengthen mechanisms to supply funds through public and private investment with a view to achieving specific results in action to combat desertification and mitigate the effects of drought;

(b) identify international cooperation requirements in support of national efforts, particularly financial, technical and technological; and

(c) promote the participation of bilateral and/or multilateral financial cooperation institutions with a view to ensuring implementation of the Convention.

3. The Parties shall streamline, to the extent possible, procedures for channelling funds to affected country Parties in the region.

8. gr.

Samstarf og samræmingarfyrirkomulag.

1. Aðildarlönd á áfallasvæðum geta, eftir því sem við á og í samstarfi við viðeigandi aðila sem tilnefndir eru skv. a-lið 1. mgr. 4. gr. og aðra aðila þessa samnings í álfunni, komið á fyrirkomulagi, m.a. í þeim tilgangi að:

Article 8

Cooperation and coordination mechanisms

1. Affected country Parties, through the appropriate bodies designated pursuant to article 4, paragraph 1 (a), and other Parties in the region, may, as appropriate, set up a mechanism for, inter alia, the following purposes:

a) skiptast á upplýsingum, reynslu, þekkingu og kunnáttu;

b) stuðla að samstarfi og samræmingu aðgerða, þar á meðal tvíhliða og fjölhliða fyrirkomulags, á undirsvæðum og svæðum;

c) efla vísindalegt, tæknilegt, tæknifræðilegt og efnahagslegt samstarf skv. 5.–7. gr.;

d) skilgreina þörf fyrir utanaðkomandi samstarf; og

e) fylgja eftir og meta framkvæmd áætlana.

2. Aðildarlönd á áfallasvæðum og aðrir aðilar samnings þessa í álfunni geta einnig, eftir því sem við á og í samráði við aðila sem tilnefndir hafa verið skv. a-lið 1. mgr. 4. gr., haft samráð um og samræmt framkvæmdaáætlanir í einstökum löndum og á undirsvæðum og sameiginlegar áætlanir. Þau geta eftir þörfum gert ráðstafanir til að aðrir aðilar samningsins og viðeigandi milliríkjastofnanir og óháð félagasamtök taki þátt í þessu ferli. Slíkri samræmingu er m.a. ætlað að reyna að tryggja samkomulag um möguleika á alþjóðasamstarfi skv. 20. og 21. gr. samningsins, auka tæknilegt samstarf og stýra fjármagni með þeim hætti að það komi að sem mestu gagni.

3. Aðildarlönd á áfallasvæðum í álfunni skulu halda samræmingarfundi reglubundið og getur fastaskrifstofan, að ósk þeirra og skv. 23. gr. samningsins, greitt fyrir því að slíkir fundir séu haldnir með því að:

a) veita ráðgjöf um skipulagningu virks samræmingarfyrirkomulags og byggja í því sambandi á fenginni reynslu af slíku fyrirkomulagi;

b) veita hlutaðeigandi tvíhliða og fjölhliða stofnunum upplýsingar um samræmingarfundi og hvetja til virkrar þátttöku þeirra; og

c) veita aðrar upplýsingar sem gætu orðið að gagni við að koma á eða bæta samræmingarfyrirkomulag.

III. VIÐAUKI
Viðauki vegna svæðisbundinna framkvæmda í rómönsku Ameríku og á Karíbasvæðinu.

1. gr.
Tilgangur.

Tilgangur þessa viðauka er að veita almennar leiðbeiningar við framkvæmd samningsins í rómönsku Ameríku og á Karíbasvæðinu í ljósi sérstæðra aðstæðna þar.

(a) exchange of information, experience, knowledge and know-how;

(b) cooperation and coordination of actions, including bilateral and multilateral arrangements, at the subregional and regional levels;

(c) promotion of scientific, technical, technological and financial cooperation pursuant to articles 5 to 7;

(d) identification of external cooperation requirements; and

(e) follow-up and evaluation of the implementation of action programmes.

2. Affected country Parties, through the appropriate bodies designated pursuant to article 4, paragraph 1 (a), and other Parties in the region, may also, as appropriate, consult and coordinate as regards the national, subregional and joint action programmes. They may involve, as appropriate, other Parties and relevant intergovernmental and non-governmental organizations in this process. Such coordination shall, inter alia, seek to secure agreement on opportunities for international cooperation in accordance with articles 20 and 21 of the Convention, enhance technical cooperation and channel resources so that they are used effectively.

3. Affected country Parties of the region shall hold periodic coordination meetings, and the Permanent Secretariat may, at their request, pursuant to article 23 of the Convention, facilitate the convocation of such coordination meetings by:

(a) providing advice on the organization of effective coordination arrangements, drawing on experience from other such arrangements;

(b) providing information to relevant bilateral and multilateral agencies concerning coordination meetings, and encouraging their active involvement; and

(c) providing other information that may be relevant in establishing or improving coordination processes.

ANNEX III
Regional implementation Annex for Latin America and the Caribbian

Article 1
Purpose

The purpose of this Annex is to provide general guidelines for the implementation of the Convention in the Latin American and Caribbean region, in light of its particular conditions.

2. gr.
Sérstæðar aðstæður í rómönsku Ameríku og á Karíbasvæðinu.

Samkvæmt ákvæðum samningsins skulu aðilar hans taka tillit til eftirfarandi sérstæðra aðstæðna í þessum heimshluta:

a) víðáttumikilla landsvæða sem eru viðkvæm og hafa orðið fyrir miklum skaða af völdum eyðimerkurmyndunar og/eða þurrka og þar sem gætir margra sérkenna sem eru breytileg frá einu svæði til annars. Þetta langvarandi og hraðvaxandi ferli hefur neikvæð félagsleg, menningarleg, efnahagsleg og umhverfisleg áhrif sem eru enn alvarlegri fyrir þá sök að í þessum heimshluta er einhver mesti líffræðilegi fjölbreytileiki sem um getur á jörðinni;

b) víðtækrar ósjálfbærrar nýtingar auðlinda á áfallasvæðum sem er afleiðing samverkandi náttúrulegra, pólitískra, félagslegra, menningarlegra og efnahagslegra þátta, þar á meðal þátta sem tengdir eru alþjóðlegum efnahagsmálum eins og erlendra skulda, versnandi viðskiptastöðu og viðskiptahátta sem hafa áhrif á markað fyrir landbúnaðar-, sjávar- og timburafurðir; og

c) mikillar rýrnunar á framleiðslugetu vistkerfa sem er helsta afleiðing eyðimerkurmyndunar og þurrka og sem kemur fram í rýrnandi afurðum í jarðrækt, búfjárrækt og skógrækt og minnkandi líffræðilegum fjölbreytileika. Félagslegar afleiðingar þessa eru aukin fátækt, fólksflutningar, breytingar á byggðamynstri innanlands og rýrnandi lífsgæði. Af þessum sökum verða lönd í þessum heimshluta að takast sameiginlega á við vandamál eyðimerkurmyndunar og þurrka með því að taka upp stefnu sjálfbærrar þróunar í samræmi við umhverfislegt, efnahagslegt og félagslegt ástand í hverju landi.

Article 2
Particular conditions of the Latin American and Caribbean region

The Parties shall, in accordance with the provisions of the Convention, take into consideration the following particular conditions of the region:

(a) the existence of broad expanses which are vulnerable and have been severely affected by desertification and/or drought and in which diverse characteristics may be observed, depending on the area in which they occur; this cumulative and intensifying process has negative social, cultural, economic and environmental effects which are all the more serious in that the region contains one of the largest resources of biological diversity in the world;

(b) the frequent use of unsustainable development practices in affected areas as a result of complex interactions among physical, biological, political, social, cultural and economic factors, including international economic factors such as external indebtedness, deteriorating terms of trade and trade practices which affect markets for agricultural, fishery and forestry products; and

(c) a sharp drop in the productivity of ecosystems being the main consequence of desertification and drought, taking the form of a decline in agricultural, livestock and forestry yields and a loss of biological diversity; from the social point of view, the results are impoverishment, migration, internal population movements, and the deterioration of the quality of life; the region will therefore have to adopt an integrated approach to problems of desertification and drought by promoting sustainable development models that are in keeping with the environmental, economic and social situation in each country.

3. gr.
Framkvæmdaáætlanir.

1. Samkvæmt samningi þessum, sérstaklega 9.–11. gr., og í samræmi við stefnu sína í þróunarmálum skulu aðildarlönd á áfallasvæðum í þessum heimshluta, eftir því sem við á, hvert fyrir sig undirbúa og framkvæma landsáætlanir gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka sem verða samþættur hluti af stefnu þeirra um sjálfbæra nýtingu. Undirbúa má og framkvæma framkvæmdaáætlanir á undirsvæðum og svæðum í samræmi við þarfir heimshlutans.

Article 3
Action programmes

1. In conformity with the Convention, in particular its articles 9 to 11, and in accordance with their national development policies, affected country Parties of the region shall, as appropriate, prepare and implement national action programmes to combat desertification and mitigate the effects of drought as an integral part of their national policies for sustainable development. Subregional and regional programmes may be prepared and implemented in accordance with the requirements of the region.

2. Við gerð framkvæmdaáætlana skulu aðildarlönd á áfallasvæðum í þessum heimshluta gefa ákvæði f-liðar 2. mgr. 10. gr. samningsins sérstakan gaum.

4. gr.

Efni framkvæmdaáætlana einstakra ríkja.

Aðildarlönd á áfallasvæðum í þessum heimshluta skulu, eftir ástandi í hverju landi, m.a. leggja áherslu á eftirfarandi efnisatriði við mótun aðgerða gegn eyðimerkurmyndun og/eða afleiðingum þurrka, skv. 5. gr. samningsins:

a) aukna færni, menntun og vitund almennings, tæknilegt, vísindalegt og tæknifræðilegt samstarf, fjármagn og fyrirkomulag;

b) útrýmingu fátæktar og aukin lífsgæði;

c) að ná fram markmiðum um næg matvæli, sjálfbæra þróun og stjórnun í jarðrækt, búfjárrækt, skógrækt og fjölhliða atvinnustarfsemi;

d) sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda, sérstaklega skynsamlega meðferð vatnasviða;

e) sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda á hálendi;

f) skynsamlega nýtingu og verndun jarðvegs og hagkvæma nýtingu vatnsauðlinda;

g) gerð og framkvæmd neyðaráætlana til að draga úr afleiðingum þurrka;

h) að efla og/eða koma á upplýsingastarfsemi, mati og eftirfylgni og koma upp viðvörunarkerfum á landsvæðum þar sem er hætta á eyðimerkurmyndun og þurrkum, og taka í því sambandi tillit til loftslagsfræðilegra, veðurfræðilegra, vatnafræðilegra, líffræðilegra, jarðvegsfræðilegra, hagfræðilegra og félagslegra þátta;

i) að þróa, stjórna og nýta á hagkvæman hátt mismunandi orkulindir, þar með talið að þróa nýja kosti;

j) verndun og sjálfbæra notkun líffræðilegrar fjölbreytni samkvæmt ákvæðum samningsins um líffræðilega fjölbreytni;

k) að taka tillit til lýðfræðilegra sjónarmiða sem tengjast eyðimerkurmyndun og þurrkum; og

l) að koma á fót eða efla stofnanir og löggjöf varðandi framkvæmd samningsins og vinna m.a. að því að dreifa valdi og starfsemi sem varðar eyðimerkurmyndun og þurrka, með þátttöku

2. In the preparation of their national action programmes, affected country Parties of the region shall pay particular attention to article 10, paragraph 2 (f) of the Convention.

Article 4

Content of national action programmes

In the light of their respective situations, the affected country Parties of the region may take account, inter alia, of the following thematic issues in developing their national strategies for action to combat desertification and/or mitigate the effects of drought, pursuant to article 5 of the Convention:

(a) increasing capacities, education and public awareness, technical, scientific and technological cooperation and financial resources and mechanisms;

(b) eradicating poverty and improving the quality of human life;

(c) achieving food security and sustainable development and management of agricultural, livestock-rearing, forestry and multipurpose activities;

(d) sustainable management of natural resources, especially the rational management of drainage basins;

(e) sustainable management of natural resources in high-altitude areas;

(f) rational management and conservation of soil resources and exploitation and efficient use of water resources;

(g) formulation and application of emergency plans to mitigate the effects of drought;

(h) strengthening and/or establishing information, evaluation and follow-up and early warning systems in areas prone to desertification and drought, taking account of climatological, meteorological, hydrological, biological, soil, economic and social factors;

(i) developing, managing and efficiently using diverse sources of energy, including the promotion of alternative sources;

(j) conservation and sustainable use of biodiversity in accordance with the provisions of the Convention on Biological Diversity;

(k) consideration of demographic aspects related to desertification and drought; and

(l) establishing or strengthening institutional and legal frameworks permitting application of the Convention and aimed, inter alia, at decentralizing administrative structures and functions

sveitarfélaga á áfallasvæðum og samfélagsins í heild.

5. gr.
Tæknilegt, vísindalegt og tæknifræðilegt samstarf.

Aðildarlönd á áfallasvæðum í þessum heimshluta skulu, hvert um sig eða sameiginlega, samkvæmt samningnum, sérstaklega 16.–18. gr., og á grundvelli samræmingarfyrirkomulags þess sem getið er í 7. gr.:

a) vinna að því að efla tæknileg samstarfsnet og upplýsingakerfi í hverju landi, eða net á undirsvæðum og svæðum, og tengja þau eftir þörfum alþjóðlegum upplýsingabönkum;

b) gera úttekt á þeirri tækni og kunnáttu sem fyrir hendi er og stuðla að dreifingu hennar og notkun;

c) stuðla að notkun hefðbundinnar tækni, þekkingar, kunnáttu og starfsaðferða skv. b-lið 2. mgr. 18. gr. samningsins;

d) skilgreina þörf fyrir tæknimiðlun; og

e) stuðla að þróun, aðlögun, nýtingu og miðlun viðeigandi fyrirliggjandi og nýrrar umhverfisvænnar tækni.

6. gr.
Fjármagn og fyrirkomulag.

Samkvæmt samningi þessum, sérstaklega 20. og 21. gr., á grundvelli þess samræmingarfyrirkomulags sem getið er í 7. gr. og í samræmi við þróunarstefnu hvers lands skulu aðildarlönd á áfallasvæðum í þessum heimshluta, hvert um sig eða sameiginlega:

a) samþykkja aðferðir til að auka hagkvæmni og efla fyrirkomulag við að útvega fjármagn með opinberum fjárfestingum og einkafjárfestingum í því skyni að ná ákveðnum árangri í baráttunni gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka;

b) skilgreina þörf fyrir alþjóðlegt samstarf til að styðja aðgerðir í einstökum löndum; og

c) stuðla að þátttöku tvíhliða og/eða fjölhliða fjármálalegra samstarfsstofnana í þeim tilgangi að tryggja framkvæmd samningsins.

7. gr.
Skipulag.

1. Aðildarlönd á áfallasvæðum í þessum heimshluta skulu, í þeim tilgangi að hrinda þessum viðauka í framkvæmd:

relating to desertification and drought, with the participation of affected communities and society in general.

Article 5
Technical, scientific and technological cooperation

In conformity with the Convention, in particular its articles 16 to 18, and on the basis of the coordinating mechanism provided for in article 7, affected country Parties of the region shall, individually or jointly:

(a) promote the strengthening of technical cooperation networks and national, subregional and regional information systems, as well as their integration, as appropriate, in worldwide sources of information;

(b) prepare an inventory of available technologies and know-how and promote their dissemination and use;

(c) promote the use of traditional technology, knowledge, know-how and practices pursuant to article 18, paragraph 2 (b), of the Convention;

(d) identify transfer of technology requirements; and

(e) promote the development, adaptation, adoption and transfer of relevant existing and new environmentally sound technologies.

Article 6
Financial resources and mechanisms

In conformity with the Convention, in particular its articles 20 and 21, on the basis of the coordinating mechanism provided for in article 7 and in accordance with their national development policies, affected country Parties of the region shall, individually or jointly:

(a) adopt measures to rationalize and strengthen mechanisms to supply funds through public and private investment with a view to achieving specific results in action to combat desertification and mitigate the effects of drought;

(b) identify international cooperation requirements in support of national efforts; and

(c) promote the participation of bilateral and/or multilateral financial cooperation institutions with a view to ensuring implementation of the Convention.

Article 7
Institutional framework

1. In order to give effect to this Annex, affected country Parties of the region shall:

a) skilgreina og/eða styrkja þungamiðjur á landsvísu til að samræma aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun og/eða draga úr afleiðingum þurrka; og

b) koma á fyrirkomulagi til að samræma starfsemi innlendra þungamiðja í þeim tilgangi að:

(i) skiptast á upplýsingum og reynslu;

(ii) samræma aðgerðir á undirsvæðum eða svæðum;

(iii) efla tæknilegt, vísindalegt, tæknifræðilegt og fjárhagslegt samstarf;

(iv) skilgreina þörf fyrir utanaðkomandi samstarf; og

(v) fylgja eftir og meta árangur framkvæmdaáætlana.

2. Aðildarlönd á áfallasvæðum í heimshlutanum skulu halda samræmingarfundi reglubundið og getur fastaskrifstofan, að ósk þeirra og skv. 23. gr. samningsins, greitt fyrir því að slíkir fundir séu haldnir með því að:

a) veita ráðgjöf um skipulagningu virks samræmingarfyrirkomulags og byggja í því sambandi á fenginni reynslu af slíku fyrirkomulagi;

b) veita hlutaðeigandi tvíhliða og fjölhliða stofnunum upplýsingar um samræmingarfundi og hvetja til virkrar þátttöku þeirra; og

c) veita aðrar upplýsingar sem gætu orðið að gagni við að koma á eða bæta samræmingarfyrirkomulag.

IV. VIÐAUKI
Viðauki vegna svæðisbundinna framkvæmda við norðanvert Miðjarðarhaf.

1. gr.
Tilgangur.

Tilgangur viðauka þessa er að veita leiðbeiningar og fjalla um undirbúning er stuðlar að árangursríkri framkvæmd samnings þessa í aðildarlöndum á áfallasvæðum við norðanvert Miðjarðarhaf, í ljósi sérstæðra aðstæðna í þeim heimshluta.

2. gr.
Sérstæðar aðstæður við norðanvert Miðjarðarhaf.

Þær sérstæðu aðstæður við norðanvert Miðjarðarhaf sem getið er í 1. gr. eru m.a.:

(a) establish and/or strengthen national focal points to coordinate action to combat desertification and/or mitigate the effects of drought; and

(b) set up a mechanism to coordinate the national focal points for the following purposes:

(i) exchanges of information and experience;

(ii) coordination of activities at the subregional and regional levels;

(iii) promotion of technical, scientific, technological and financial cooperation;

(iv) identification of external cooperation requirements; and

(v) follow-up and evaluation of the implementation of action programmes.

2. Affected country Parties of the region shall hold periodic coordination meetings and the Permanent Secretariat may, at their request, pursuant to article 23 of the Convention, facilitate the convocation of such coordination meetings, by:

(a) providing advice on the organization of effective coordination arrangements, drawing on experience from other such arrangements;

(b) providing information to relevant bilateral and multilateral agencies concerning coordination meetings, and encouraging their active involvement; and

(c) providing other information that may be relevant in establishing or improving coordination processes.

ANNEX IV
Regional implementation Annex for the northern Mediterranean

Article 1
Purpose

The purpose of this Annex is to provide guidelines and arrangements necessary for the effective implementation of the Convention in affected country Parties of the northern Mediterranean region in the light of its particular conditions.

Article 2
Particular conditions of the northern Mediterranean region

The particular conditions of the northern Mediterranean region referred to in article 1 include:

a) lítil úrkoma á víðáttumiklum svæðum, árstíðabundnir þurrkar, mjög miklar sveiflur í úrkomu og skyndileg úrfelli;

b) næringarsnauður jarðvegur sem hætt er við eyðingu og því að yfirborðsskel myndist á hon um;

c) óslétt yfirborð lands með miklum halla og fjölbreytilegt landslag;

d) mikið tap á skóglendi vegna tíðra skógarelda;

e) alvarlegt ástand í hefðbundnum landbúnaði sem hefur orsakað brottflutning úr sveitum og minnkandi jarðvegs- og vatnsvernd;

f) ósjálfbær nýting vatnsauðlinda sem hefur leitt til alvarlegs tjóns á umhverfinu, þar á meðal efnamengunar, saltsöfnunar í jarðvegi og rýrnandi vatnsleiðni hans; og

g) vaxandi atvinnuuppbygging í strandhéruðum sem er afleiðing vaxandi þéttbýlis, iðnvæðingar, ferðamennsku og landbúnaðar sem byggist á áveitum.

(a) semi-arid climatic conditions affecting large areas, seasonal droughts, very high rainfall variability and sudden and high-intensity rainfall;

(b) poor and highly erodible soils, prone to develop surface crusts;

(c) uneven relief with steep slopes and very diversified landscapes;

(d) extensive forest coverage losses due to frequent wildfires;

(e) crisis conditions in traditional agriculture with associated land abandonment and deterioration of soil and water conservation structures;

(f) unsustainable exploitation of water resources leading to serious environmental damage, includ ing chemical pollution, salinization and exhaustion of aquifers; and

(g) concentration of economic activity in coastal areas as a result of urban growth, industrial activities, tourism and irrigated agriculture.

3. gr.
Gerð rammaáætlana um sjálfbæra þróun.

1. Framkvæmdaáætlanir einstakra ríkja skulu vera kjarni og samþættur hluti stefnumótunar um sjálfbæra þróun aðildarlanda á áfallasvæðum við norðanvert Miðjarðarhaf.

2. Koma skal á samráðs- og samstarfsferli, m.a. með þátttöku viðeigandi fulltrúa stjórnvalda, sveitarfélaga og óháðra félagasamtaka, sem ætlað er að vera til leiðbeiningar um sveigjanlegar áætlanir, þar sem gert er ráð fyrir sem mestri þátttöku heimamanna skv. f-lið 2. mgr. 10. gr. samningsins.

Article 3
Strategic planning framework for sustainable development

1. National action programmes shall be a central and integral part of the strategic planning framework for sustainable development of the affected country Parties of the northern Mediterranean.

2. A consultative and participatory process, involving appropriate levels of government, local communities and non-governmental organizations, shall be undertaken to provide guidance on a strategy with flexible planning to allow maximum local participation, pursuant to article 10, paragraph 2 (f) of the Convention.

4. gr.
Skuldbinding um gerð framkvæmda- og tímaáætlunar einstakra ríkja.

Aðildarlönd á áfallasvæðum við norðanvert Miðjarðarhaf skulu móta framkvæmdaáætlanir og, eftir því sem við á, framkvæmdaáætlanir á undirsvæðum eða svæðum eða sameiginlegar framkvæmdaáætlanir. Undirbúningi slíkra áætlana skal ljúka eins fljótt og auðið er.

Article 4
Obligation to prepare national action programmes and timetable

Affected country Parties of the northern Mediterranean region shall prepare national action programmes and, as appropriate, subregional, regional or joint action programmes. The preparation of such programmes shall be finalized as soon as practicable.

5. gr.
Undirbúningur og framkvæmd áætlana einstakra ríkja.

Við undirbúning og framkvæmd áætlana í einstökum löndum, skv. 9. og 10. gr. samningsins,

Article 5
Preparation and implementation of national action programmes

In preparing and implementing national action programmes pursuant to articles 9 and 10 of the

skal hvert aðildarland á áfallasvæði í þessum heimshluta, eftir því sem við á:

a) tilnefna viðeigandi aðila er séu ábyrgir fyrir undirbúningi, samræmingu og framkvæmd áætlunar;

b) virkja íbúa á áfallasvæðum, þar á meðal sveitarfélög, til þátttöku við undirbúning, samræmingu og framkvæmd áætlunarinnar, með samráðsfyrirkomulagi á hverjum stað og í samstarfi við sveitarstjórnir og viðeigandi óháð félagasamtök;

c) gera úttekt á umhverfisástandi á áfallasvæðum í því skyni að meta orsakir og afleiðingar eyðimerkurmyndunar og ákveða forgangssvið vegna aðgerða;

d) meta, með þátttöku íbúa á áfallasvæðum, fyrri og núverandi framkvæmdaáætlanir gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka í því skyni að móta aðferðafræði og undirbúa aðgerðir áætlunarinnar;

e) undirbúa tækni- og fjárhagsáætlanir á grundvelli upplýsinga um aðgerðir sem getið er í a- til d-liðum; og

f) þróa og beita aðferðum og mælikvörðum til að fylgjast með og meta framkvæmd áætlunarinnar.

6. gr.

Efni framkvæmdaáætlana einstakra ríkja.

Í framkvæmdaáætlunum aðildarlanda á áfallasvæðum í þessum heimshluta geta verið fólgnar aðgerðir sem varða:

a) löggjöf, stofnanir og stjórnunarleg atriði;

b) landnýtingarmynstur, nýtingu vatnsauðlinda, jarðvegsvernd, skógrækt, framkvæmdir varðandi landbúnað og nýtingu ræktaðra og óræktaðra beitilanda;

c) stjórnun á nýtingu og verndun villtra dýra og annars líffræðilegs fjölbreytileika;

d) varnir gegn skógareldum;

e) aukningu í fjölbreytni atvinnulífsins; og

f) rannsóknir, þjálfun og almenningsvitund.

7. gr.

Framkvæmdaáætlanir á undirsvæðum og svæðum og sameiginlegar framkvæmdaáætlanir.

1. Aðildarlönd á áfallasvæðum í þessum heimshluta geta skv. 11. gr. samnings þessa undirbúið og framkvæmt áætlanir á undirsvæðum og/eða svæðum í því skyni að bæta og auka árangur af áætlunum einstakra ríkja. Tvö eða

Convention, each affected country Party of the region shall, as appropriate:

(a) designate appropriate bodies responsible for the preparation, coordination and implementation of its programme;

(b) involve affected populations, including local communities, in the elaboration, coordination and implementation of the programme through a locally driven consultative process, with the cooperation of local authorities and relevant non-governmental organizations;

(c) survey the state of the environment in affected areas to assess the causes and consequences of desertification and to determine priority areas for action;

(d) evaluate, with the participation of affected populations, past and current programmes in order to design a strategy and elaborate activities in the action programme;

(e) prepare technical and financial programmes based on the information gained through the activities in subparagraphs (a) to (d); and

(f) develop and utilize procedures and benchmarks for monitoring and evaluating the implementation of the programme.

Article 6

Content of national action programmes

Affected country Parties of the region may include, in their national action programmes, measures relating to:

(a) legislative, institutional and administrative areas;

(b) land use patterns, management of water resources, soil conservation, forestry, agricultural activities and pasture and range management;

(c) management and conservation of wildlife and other forms of biological diversity;

(d) protection against forest fires;

(e) promotion of alternative livelihoods; and

(f) research, training and public awareness.

Article 7

Subregional, regional and joint action programmes

1. Affected country Parties of the region may, in accordance with article 11 of the Convention, prepare and implement subregional and/or regional action programmes in order to complement and increase the efficiency of national

fleiri aðildarlönd á áfallasvæðum í þessum heimshluta geta á sama hátt orðið ásátt um að undirbúa sameiginlega framkvæmdaáætlun milli landanna.

2. Ákvæði 5. og 6. gr. skulu að breyttu breytanda eiga við um undirbúning og framkvæmd áætlana á undirsvæðum og svæðum og sameiginlegra áætlana. Auk þess geta slíkar áætlanir falið í sér ákvæði um hvernig staðið skuli að rannsóknar- og þróunarverkefnum varðandi sérstök vistkerfi á áfallasvæðum.

3. Við undirbúning og framkvæmd áætlana á undirsvæðum og svæðum og sameiginlegra áætlana skulu aðildarlönd á áfallasvæðum í þessum heimshluta, eftir þörfum:

a) skilgreina, í samstarfi við innlendar stofnanir, markmið landanna varðandi eyðimerkurmyndun sem er hagkvæmara að ná fram með slíkum áætlunum og með viðeigandi aðgerðum sem unnt væri að hrinda í framkvæmd innan ramma áætlananna;

b) meta framkvæmdagetu og starfsemi viðkomandi stofnana á undirsvæðum, svæðum og í einstökum löndum; og

c) leggja mat á ríkjandi framkvæmdaáætlanir varðandi eyðimerkurmyndun, sem aðilar samningsins í þessum heimshluta eru að vinna að, og hvernig þær tengjast áætlunum einstakra ríkja.

action programmes. Two or more affected country Parties of the region, may similarly agree to prepare a joint action programme between or among them.

2. The provisions of articles 5 and 6 shall apply mutatis mutandis to the preparation and implementation of subregional, regional and joint action programmes. In addition, such programmes may include the conduct of research and development activities concerning selected ecosystems in affected areas.

3. In preparing and implementing subregional, regional or joint action programmes, affected country Parties of the region shall, as appropriate:

(a) identify, in cooperation with national institutions, national objectives relating to desertification which can better be met by such programmes and relevant activities which could be effectively carried out through them;

(b) evaluate the operational capacities and activities of relevant regional, subregional and national institutions; and

(c) assess existing programmes relating to desertification among Parties of the region and their relationship with national action programmes.

8. gr.

Samræming áætlana á undirsvæðum og svæðum og sameiginlegra áætlana.

Aðildarlönd á áfallasvæðum, sem eru að undirbúa framkvæmdaáætlanir á undirsvæðum eða svæðum eða sameiginlegar framkvæmdaáætlanir, geta komið á fót samræmingarnefnd sem í eiga sæti fulltrúar frá hverju aðildarlandi á áfallasvæði. Nefndin skal gegna því hlutverki að meta árangur baráttunnar gegn eyðimerkurmyndun, samræma áætlanir einstakra ríkja, veita ráðgjöf á mismunandi stigum undirbúnings og framkvæmdar þessara áætlana og vera þungamiðja varðandi eflingu og samræmingu tæknisamstarfs skv. 16.–19. gr. samningsins.

Article 8

Coordination of subregional, regional and joint action programmes

Affected country Parties preparing a subregional, regional or joint action programme may establish a coordination committee composed of representatives of each affected country Party concerned to review progress in combating desertification, harmonize national action programmes, make recommendations at the various stages of preparation and implementation of the subregional, regional or joint action programme, and act as a focal point for the promotion and coordination of technical cooperation pursuant to articles 16 to 19 of the Convention.

9. gr.

Vanhæfi að því er fjárhagsaðstoð varðar.

Við framkvæmd áætlana í einstökum löndum, á undirsvæðum og svæðum og sameiginlegra áætlana eiga þróuð aðildarlönd á áfallasvæðum í þessum heimshluta ekki rétt á fjárhagsaðstoð samkvæmt samningi þessum.

Article 9

Non-eligibility for financial assistance

In implementing national, subregional, regional and joint action programmes, affected developed country Parties of the region are not eligible to receive financial assistance under this Convention.

10. gr.
Samræming við önnur undirsvæði og svæði.

Framkvæmdaáætlanir á undirsvæðum og svæðum og sameiginlegar framkvæmdaáætlanir á svæðinu við norðanvert Miðjarðarhaf má undirbúa og hrinda í framkvæmd í samstarfi við áætlanir á öðrum undirsvæðum eða svæðum, sérstaklega í Norður-Afríku.

Article 10
Coordination with other subregions and regions

Subregional, regional and joint action programmes in the northern Mediterranean region may be prepared and implemented in collaboration with those of other subregions or regions, particularly with those of the subregion of northern Africa.

Nr. 17 5. september 1997

AUGLÝSING

um gildistöku breytingar á samþykkt um alþjóðaflugmál.

Bókun frá 6. október 1980 um breytingu á samþykkt um alþjóðaflugmál frá 7. desember 1944 öðlaðist gildi 20. júní 1997, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 10/1990 þar sem breytingin er birt.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 5. september 1997.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Nr. 18 5. september 1997

AUGLÝSING

um samning Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni.

Hinn 2. september 1997 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent aðildarskjal Íslands vegna samnings Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni sem gerður var í Vín 20. desember 1988. Alþingi hafði með ályktun 16. maí 1997 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta samninginn. Samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar 1. desember 1997.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 5. september 1997.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni

Aðilar að samningi þessum,

sem hafa verulegar áhyggjur af hinni miklu og vaxandi ólöglegu framleiðslu, eftirspurn og verslun með fíkniefni og skynvilluefni sem eru alvarleg ógnun við heilsu og velferð manna og skaða efnahagslegan, menningarlegan og stjórnmálalegan grundvöll samfélagsins,

hafa einnig verulegar áhyggjur af stöðugt vaxandi ásókn ólöglegrar verslunar með fíkniefni og skynvilluefni að ýmsum þjóðfélagshópum, og sérstaklega af þeirri staðreynd að börn eru í mörgum heimshlutum nýtt sem neyslumarkaður fyrir ólögleg efni og til ólöglegrar framleiðslu, dreifingar og verslunar með fíkniefni og skynvilluefni, sem felur í sér takmarkalausa hættu,

gera sér ljós tengslin milli verslunar með ólögleg efni og annarrar skyldrar skipulagðrar afbrotastarfsemi sem grefur undan lögmætu efnahagslífi og ógnar stöðugleika, öryggi og sjálfsforræði ríkja,

gera sér einnig ljóst að verslun með ólögleg efni telst til alþjóðlegrar glæpastarfsemi sem veita verður tafarlausa athygli og óskoraðan forgang til að kveða niður,

vita að verslun með ólögleg efni aflar mikils fjárgróða og auðs sem gerir fjölþjóðlegum glæpasamtökum kleift að brjóta sér leiðir inn í stjórnkerfi ríkja, lögmæta verslunar- og fjármálastarfsemi og þjóðfélagið á öllum stigum þess, og grafa þar um sig og valda spillingu,

eru staðráðnir í því að svipta þá menn afrakstri glæpastarfsemi sinnar sem fást við verslun með ólögleg efni og uppræta þar með helsta hvata þeirra til þess,

vilja uppræta misnotkun fíkniefna og skynvilluefna, þar á meðal hina ólöglegu eftirspurn eftir slíkum efnum og hinn gífurlega gróða sem aflað er með ólöglegri verslun með þau,

hafa í huga að ráðstafanir eru nauðsynlegar til að hafa eftirlit með ákveðnum efnum, þar með töldum forstigsefnum, framleiðsluefnum og leysiefnum, sem notuð eru við framleiðslu fíkniefna og skynvilluefna og hafa leitt til aukinnar

UNITED NATIONS CONVENTION
Against Illicit Traffic in Narcotic Drugs and Psychotropic Substances

The Parties to this Convention,

Deeply concerned by the magnitude of and rising trend in the illicit production of, demand for and traffic in narcotic drugs and psychotropic substances, which pose a serious threat to the health and welfare of human beings and adversely affect the economic, cultural and political foundations of society,

Deeply concerned also by the steadily increasing inroads into various social groups made by illicit traffic in narcotic drugs and psychotropic substances, and particularly by the fact that children are used in many parts of the world as an illicit drug consumers market and for purposes of illicit production, distribution and trade in narcotic drugs and psychotropic substances, which entails a danger of incalculable gravity,

Recognizing the links between illicit traffic and other related organized criminal activities which undermine the legitimate economies and threaten the stability, security and sovereignty of States,

Recognizing also that illicit traffic is an international criminal activity, the suppression of which demands urgent attention and the highest priority,

Aware that illicit traffic generates large financial profits and wealth enabling transnational criminal organizations to penetrate, contaminate and corrupt the structures of government, legitimate commercial and financial business, and society at all its levels,

Determined to deprive persons engaged in illicit traffic of the proceeds of their criminal activities and thereby eliminate their main incentive for so doing,

Desiring to eliminate the root causes of the problem of abuse of narcotic drugs and psychotropic substances, including the illicit demand for such drugs and substances and the enormous profits derived from illicit traffic,

Considering that measures are necessary to monitor certain substances, including precursors, chemicals and solvents, which are used in the manufacture of narcotic drugs and psychotropic substances, the ready availability of which has

leynilegrar framleiðslu þeirra vegna þess hve auðveldlega þau eru tiltæk,

hafa einsett sér að bæta alþjóðlegt samstarf um að koma í veg fyrir verslun með ólögleg efni sjóleiðis,

gera sér ljóst að ábyrgð á því að verslun með ólögleg efni sé upprætt hvílir sameiginlega á öllum ríkjum og að til þess séu sameiginlegar aðgerðir innan ramma alþjóðlegrar samvinnu nauðsynlegar,

viðurkenna valdbærni Sameinuðu þjóðanna á sviði varna gegn fíkniefnum og skynvilluefnum, og vilja að alþjóðastofnanir sem láta sig slíkar varnir varða starfi innan ramma þeirra,

led to an increase in the clandestine manufacture of such drugs and substances,

Determined to improve international co-operation in the suppression of illicit traffic by sea,

Recognizing that eradication of illicit traffic is a collective responsibility of all States and that, to that end, co-ordinated action within the framework of international co-operation is necessary,

Acknowledging the competence of the United Nations in the field of control of narcotic drugs and psychotropic substances and desirous that the international organs concerned with such control should be within the framework of that Organization,

staðfesta þær meginreglur sem gildandi alþjóðasamningar varðandi fíkniefni og skynvilluefni hafa að leiðarljósi og gildi þess eftirlitskerfis sem þeir setja,

viðurkenna nauðsyn þess að efla og auka við þær aðgerðir sem kveðið er á um í alþjóðasamningi um ávana- og fíkniefni frá 1961, sama samningi eins og honum var breytt með bókun frá 1972 um breytingar á honum, og alþjóðasamningi um skynvilluefni frá 1971 til að bregðast við magni og umfangi ólöglegrar verslunar með slík efni og hinum alvarlegu afleiðingum hennar,

viðurkenna einnig mikilvægi þess að styrkja og bæta virk lagaúrræði til alþjóðasamvinnu á sviði afbrotamála til að kveða niður þá alþjóðlegu glæpastarfsemi sem fólgin er í verslun með ólögleg efni,

og vilja gera með sér víðtækan, virkan og árangursríkan alþjóðasamning sem sérstaklega beinist að verslun með ólögleg efni, þar sem hinar ýmsu hliðar þessa vandamáls eru teknar fyrir heildstætt, sérstaklega þær sem ekki er tekið á í þeim alþjóðasamningum sem fyrir eru á sviði fíkniefna og skynvilluefna,

koma sér hér með saman um eftirfarandi:

Recognizing the need to reinforce and supplement the measures provided in the Single Convention on Narcotic Drugs, 1961, that Convention as amended by the 1972 Protocol Amending the Single Convention on Narcotic Drugs, 1961, and the 1971 Convention on Psychotropic Substances, in order to counter the magnitude and extent of illicit traffic and its grave consequences,

Recognizing also the importance of strengthening and enhancing effective legal means for international co-operation in criminal matters for suppressing the international criminal activities of illicit traffic,

Desiring to conclude a comprehensive, effective and operative international convention that is directed specifically against illicit traffic and that considers the various aspects of the problem as a whole, in particular those aspects not envisaged in the existing treaties in the field of narcotic drugs and psychotropic substances,

Hereby agree as follows:

1. gr.

Skilgreiningar.

Þar sem annað er ekki beinlínis tekið fram eða kemur fram af samhengi gilda eftirfarandi skilgreiningar hvarvetna í samningi þessum:

(a) „starfsnefndin" merkir alþjóðaeftirlitsnefnd þá með ávana- og fíkniefnum sem stofnsett var samkvæmt alþjóðasamningi um ávana- og fíkniefni frá 1961 og sama samningi eins og honum var breytt með bókun frá 1972 um breytingar á honum,

Article 1

DEFINITIONS

Except where otherwise expressly indicated or where the context otherwise requires, the following definitions shall apply throughout this Convention:

(a) "Board" means the International Narcotics Control Board established by the Single Convention on Narcotic Drugs, 1961, and that Convention as amended by the 1972 Protocol Amending the Single Convention on Narcotic Drugs, 1961;

(b) „kannabisjurt“ merkir sérhverja plöntu af ættinni cannabis,
(c) „kókarunni“ merkir sérhverja plöntu af ættinni erythroxylon,
(d) „flytjandi í atvinnurekstri“ merkir hvern þann mann eða opinberan aðila eða aðila í einkarekstri eða öðrum rekstri sem fæst við að flytja fólk, varning eða póst gegn greiðslu, leigu eða einhverju öðru endurgjaldi,
(e) „nefndin“ merkir ávana- og fíkniefnanefnd efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna,
(f) „upptaka“, sem tekur, þar sem við á, einnig til þess að eign sé fyrirgert, merkir varanlega sviptingu eignar samkvæmt ákvörðun dómstóls eða annars lögbærs yfirvalds,
(g) „afhending undir eftirliti“ merkir þá starfsaðferð að hindra ekki að ólöglegar eða grunsamlegar sendingar fíkniefna, skynvilluefna, efna sem eru í skrá I eða skrá II með samningi þessum, eða efna sem koma í þeirra stað, séu send frá, um eða inn á landsvæði eins eða fleiri ríkja með vitund og undir eftirliti lögbærra yfirvalda þeirra, í því skyni að bera kennsl á menn sem eiga hlut að afbrotum þeim sem lýst er í 1. mgr. 3. gr. samningsins,

(h) „samningurinn frá 1961“ merkir alþjóðasamninginn um ávana- og fíkniefni frá 1961,
(i) „samningurinn frá 1961 með breytingum“ merkir alþjóðasamninginn um ávana- og fíkniefni frá 1961 eins og honum var breytt með bókun frá 1972 um breytingar á alþjóðasamningnum um ávana- og fíkniefni frá 1961,
(j) „samningurinn frá 1971“ merkir alþjóðasamninginn um skynvilluefni frá 1971,
(k) „ráðið“ merkir efnahags- og félagsmálaráð Sameinuðu þjóðanna,
(l) „stöðvun“ eða „hald“ merkir tímabundið bann við umsetningu, ráðstöfun eða flutningi á eign, eða töku eignar í tímabundna vörslu eða umsjá samkvæmt ákvörðun dómstóls eða lögbærs yfirvalds,

(m) „ólögleg verslun“ merkir afbrot þau sem lýst er í 1. og 2. mgr. 3. gr. samnings þessa,

(n) „fíkniefni“ merkir hvert það efni, náttúrlegt eða tilbúið, sem tilgreint er í fylgiskjali I eða II með alþjóðasamningi um ávana- og fíkniefni frá 1961 og sama samningi eins og honum var breytt með bókun frá 1972 um breytingar á honum,

(b) "Cannabis plant" means any plant of the genus Cannabis;
(c) "Coca bush" means the plant of any species of the genus Erythroxylon;
(d) "Commercial carrier" means any person or any public, private or other entity engaged in transporting persons, goods or mails for remuneration, hire or any other benefit;

(e) "Commission" means the Commission on Narcotic Drugs of the Economic and Social Council of the United Nations;
(f) "Confiscation", which includes forfeiture where applicable, means the permanent deprivation of property by order of a court or other competent authority;
(g) "Controlled delivery" means the technique of allowing illicit or suspect consignments of narcotic drugs, psychotropic substances, substances in Table I and Table II annexed to this Convention, or substances substituted for them, to pass out of, through or into the territory of one or more countries, with the knowledge and under the supervision of their competent authorities, with a view to identifying persons involved in the commission of offences established in accordance with article 3, paragraph 1 of the Convention;
(h) "1961 Convention" means the Single Convention on Narcotic Drugs, 1961;
(i) "1961 Convention as amended" means the Single Convention on Narcotic Drugs, 1961, as amended by the 1972 Protocol Amending the Single Convention on Narcotic Drugs, 1961;

(j) "1971 Convention" means the Convention on Psychotropic Substances, 1971;
(k) "Council" means the Economic and Social Council of the United Nations;
(l) "Freezing" or "seizure" means temporarily prohibiting the transfer, conversion, disposition or movement of property or temporarily assuming custody or control of property on the basis of an order issued by a court or a competent authority;
(m) "Illicit traffic" means the offences set forth in article 3, paragraphs 1 and 2, of this Convention;
(n) "Narcotic drug" means any of the substances, natural or synthetic, in Schedules I and II of the Single Convention on Narcotic Drugs, 1961, and that Convention as amended by the 1972 Protocol Amending the Single Convention on Narcotic Drugs, 1961;

(o) „ópíumvalmúi“ merkir jurt af tegundinni papaver somniferum L,
(p) „ávinningur“ merkir hverja þá eign sem beint eða óbeint er leidd af eða fengin með broti sem lýst er refsivert skv. 1. mgr. 3. gr.,

(q) „eign“ merkir verðmæti af öllu tagi, efnisleg eða óefnisleg, lausafé eða fasteignir, áþreifanleg eða óáþreifanleg, og skjöl eða gögn sem að lögum sýna eignarrétt að slíkum eignum eða réttindi til þeirra,
(r) „skynvilluefni“ merkir hvert það efni, náttúrulegt eða tilbúið, og hvert það náttúrulegt efni sem tilgreint er í fylgiskjali I, II, III eða IV með alþjóðasamningi um skynvilluefni frá 1971,
(s) „aðalframkvæmdastjóri“ merkir aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna,
(t) „skrá I“ og „skrá II“ merkir þannig tölumerkta lista yfir efni sem fylgja samningi þessum, eins og þeim er breytt skv. 12. gr.,

(u) „gegnumflutningsríki“ merkir ríki sem á landsvæði sem ólögleg fíkniefni, skynvilluefni og efni sem eru í skrám I og II eru flutt um, án þess að efnin séu þar til orðin eða þeim ætlað að fara þangað endanlega.

2. gr.
Gildissvið samningsins.

1. Tilgangur samnings þessa er að stuðla að samvinnu aðila um að beita sér með árangursríkari hætti gegn hinum ýmsu þáttum er varða ólöglega verslun með fíkniefni og skynvilluefni sem eru fjölþjóðlegs eðlis. Við framkvæmd skuldbindinga sinna samkvæmt samningnum skulu aðilar gera nauðsynlegar ráðstafanir, þar með taldar ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu, í samræmi við þær grundvallarreglur um lagasetningu sem gilda hjá hverjum þeirra um sig.
2. Aðilar skulu framkvæma skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum með þeim hætti sem samræmist meginreglum um fullveldisjafnræði ríkja og friðhelgi yfirráðasvæða þeirra, og um að ekki skuli höfð afskipti af innanríkismálum annarra ríkja.
3. Aðili skal ekki takast á hendur að beita lögsögu eða framkvæma athafnir á landsvæði annars aðila sem yfirvöldum hins síðarnefnda er einum rétt að framkvæma samkvæmt landslögum hans.

(o) "Opium poppy" means the plant of the species Papaver somniferum L;
(p) "Proceeds" means any property derived from or obtained, directly or indirectly, through the commission of an offence established in accordance with article 3, paragraph 1;
(q) "Property" means assets of every kind, whether corporeal or incorporeal, movable or immovable, tangible or intangible, and legal documents or instruments evidencing title to, or interest in, such assets;
(r) "Psychotropic substance" means any substance, natural or synthetic, or any natural material in Schedules I, II, III and IV of the Convention on Psychotropic Substances, 1971;
(s) "Secretary-General" means the Secretary-General of the United Nations;
(t) "Table I" and "Table II" mean the correspondingly numbered lists of substances annexed to this Convention, as amended from time to time in accordance with article 12;
(u) "Transit State" means a State through the territory of which illicit narcotic drugs, psychotropic substances and substances in Table I and Table II are being moved, which is neither the place of origin nor the place of ultimate destination thereof.

Article 2
SCOPE OF THE CONVENTION

1. The purpose of this Convention is to promote co-operation among the Parties so that they may address more effectively the various aspects of illicit traffic in narcotic drugs and psychotropic substances having an international dimension. In carrying out their obligations under the Convention, the Parties shall take necessary measures, including legislative and administrative measures, in conformity with the fundamental provisions of their respective domestic legislative systems.
2. The Parties shall carry out their obligations under this Convention in a manner consistent with the principles of sovereign equality and territorial integrity of States and that of non-intervention in the domestic affairs of other States.

3. A Party shall not undertake in the territory of another Party the exercise of jurisdiction and performance of functions which are exclusively reserved for the authorities of that other Party by its domestic law.

3. gr.

Afbrot og viðurlög.

1. Hver aðili skal gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til að lýsa eftirfarandi háttsemi refsiverða samkvæmt landslögum sínum, sé hún framin af ásetningi:

(a) (i) að framleiða, búa til, vinna, gera, bjóða, bjóða til sölu, dreifa, selja, afhenda hverjir svo sem afhendingarskilmálar eru, stunda umboðsmennsku fyrir, senda, afhenda úr vörusendingu í flutningi, flytja milli staða eða flytja inn eða út nokkurt fíkniefni eða skynvilluefni í bága við ákvæði samningsins frá 1961, samningsins frá 1961 með breytingum eða samningsins frá 1971,

(ii) að rækta ópíumvalmúa, kókarunna eða kannabisjurtir til þess að framleiða fíkniefni í bága við ákvæði samningsins frá 1961 og samningsins frá 1961 með breytingum,

(iii) að hafa vörslur eða kaupa fíkniefni eða skynvilluefni til nokkurra þeirra nota sem nefnd eru í i-lið hér að framan,

(iv) að framleiða, flytja eða dreifa tækjum, hlutum eða efnum sem eru í skrá I eða II í þeirri vitneskju að þau skuli notuð til ólöglegrar ræktunar, framleiðslu eða tilbúnings fíkniefna eða skynvilluefna,

(v) að skipuleggja, stjórna eða fjármagna hvert það brot sem tilgreint er í i-, ii-, iii- eða iv-lið hér að framan,

(b) (i) að afla annarra verðmæta í stað eignar eða afsala eign í þeirri vitneskju að hún sé leidd af broti eða brotum sem lýst eru refsiverð skv. a-lið þessarar málsgreinar, eða af hlutdeild í slíku broti eða brotum, í þeim tilgangi að fela eða dylja að eignin var ólöglega til komin eða til að aðstoða hvern þann mann sem hlut á að slíku broti eða brotum við að komast hjá afleiðingum gerða sinna að lögum,

(ii) að fela eða dylja raunverulegt eðli eignar, tilurð hennar, staðsetningu, ráðstöfun, flutning, réttindi er tengjast henni, eða eignarrétt að henni, í þeirri vitneskju að hún sé leidd af broti eða brotum sem lýst eru refsiverð skv. a-lið þessarar málsgreinar eða af hlutdeild í slíku broti eða brotum,

(c) að því leyti sem það samræmist stjórnskipunarreglum og grundvallarreglum réttarkerfis hans:

Article 3

OFFENCES AND SANCTIONS

1. Each Party shall adopt such measures as may be necessary to establish as criminal offences under its domestic law, when committed intentionally:

(a) (i) The production, manufacture, extraction, preparation, offering, offering for sale, distribution, sale, delivery on any terms whatsoever, brokerage, dispatch, dispatch in transit, transport, importation or exportation of any narcotic drug or any psychotropic substance contrary to the provisions of the 1961 Convention, the 1961 Convention as amended or the 1971 Convention;

(ii) The cultivation of opium poppy, coca bush or cannabis plant for the purpose of the production of narcotic drugs contrary to the provisions of the 1961 Convention and the 1961 Convention as amended;

(iii) The possession or purchase of any narcotic drug or psychotropic substance for the purpose of any of the activities enumerated in (i) above;

(iv) The manufacture, transport or distribution of equipment, materials or of substances listed in Table I and Table II, knowing that they are to be used in or for the illicit cultivation, production or manufacture of narcotic drugs or psychotropic substances;

(v) The organization, management or financing of any of the offences enumerated in (i), (ii), (iii) or (iv) above;

(b) (i) The conversion or transfer of property, knowing that such property is derived from any offence or offences established in accordance with subparagraph (a) of this paragraph, or from an act of participation in such offence or offences, for the purpose of concealing or disguising the illicit origin of the property or of assisting any person who is involved in the commission of such an offence or offences to evade the legal consequences of his actions;

(ii) The concealment or disguise of the true nature, source, location, disposition, movement, rights with respect to, or ownership of property, knowing that such property is derived from an offence or offences established in accordance with subparagraph (a) of this paragraph or from an act of participation in such an offence or offences;

(c) Subject to its constitutional principles and the basic concepts of its legal system:

(i) að afla eignar eða hafa vörslur hennar eða afnot í þeirri vitneskju, þegar við henni var tekið, að hún sé leidd af broti eða brotum sem lýst eru refsiverð skv. a-lið þessarar málsgreinar eða af hlutdeild í slíku broti eða brotum,

(ii) að hafa vörslur tækja, hluta eða efna sem eru í skrá I eða II í þeirri vitneskju að þau séu notuð eða skuli notuð til ólöglegrar ræktunar, framleiðslu eða tilbúnings fíkniefna eða skynvilluefna,

(iii) að hvetja aðra opinberlega, með hvaða hætti sem er, til þess að fremja eitthvert þeirra brota sem lýst er í grein þessari, eða til þess að nota fíkniefni eða skynvilluefni ólöglega,

(iv) að eiga hlutdeild í, sammælast um, leggja á ráðin um, gera tilraun til, veita hjálp eða aðstoða við, auðvelda eða veita ráð til að fremja hvert það brot sem lýst er refsivert samkvæmt grein þessari.

2. Innan marka stjórnskipunarreglna og grundvallarreglna réttarkerfis síns skal hver aðili gera þær ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að lýsa það refsivert samkvæmt landslögum sínum, sé um ásetning að ræða, að hafa í vörslum sínum, kaupa eða rækta fíkniefni eða skynvilluefni til einkaneyslu í bága við ákvæði samningsins frá 1961, samningsins frá 1961 með breytingum og samningsins frá 1971.

3. Nú er vitneskja, ásetningur eða tilgangur áskilinn sem eðlisþáttur í broti skv. 1. mgr. þessarar greinar og má þá ályktа þar um að hlutlægum málavöxtum.

4. (a) Við þeim brotum sem lýst eru refsiverð skv. 1. mgr. þessarar greinar skal aðili leggja viðurlög sem taka mið af því hversu alvarleg þau eru, svo sem fangelsun eða aðra frelsissviptingu, fjárhagsleg viðurlög og upptöku.

(b) Aðilar geta ákveðið að auk sakfellingar og refsingar fyrir brot sem lýst er refsivert skv. 1. mgr. þessarar greinar skuli brotamaður sæta ráðstöfunum svo sem meðferð, kennslu, eftirmeðferð, endurhæfingu eða félagslegri aðlögun.

(c) Þrátt fyrir ákvæði undanfarandi stafliða geta aðilar ákveðið, þar sem við á í minni háttar málum, að beita megi í stað sakfellingar eða refsingar ráðstöfunum svo sem kennslu, endurhæfingu eða félagslegri aðlögun, og jafnframt

(i) The acquisition, possession or use of property, knowing, at the time of receipt, that such property was derived from an offence or offences established in accordance with subparagraph (a) of this paragraph or from an act of participation in such offence or offences;

(ii) The possession of equipment or materials or substances listed in Table I and Table II, knowing that they are being or are to be used in or for the illicit cultivation, production or manufacture of narcotic drugs or psychotropic substances;

(iii) Publicly inciting or inducing others, by any means, to commit any of the offences established in accordance with this article or to use narcotic drugs or psychotropic substances illicitly;

(iv) Participation in, association or conspiracy to commit, attempts to commit and aiding, abetting, facilitating and counselling the commission of any of the offences established in accordance with this article.

2. Subject to its constitutional principles and the basic concepts of its legal system, each Party shall adopt such measures as may be necessary to establish as a criminal offence under its domestic law, when committed intentionally, the possession, purchase or cultivation of narcotic drugs or psychotropic substances for personal consumption contrary to the provisions of the 1961 Convention, the 1961 Convention as amended or the 1971 Convention.

3. Knowledge, intent or purpose required as an element of an offence set forth in paragraph 1 of this article may be inferred from objective factual circumstances.

4. (a) Each Party shall make the commission of the offences established in accordance with paragraph 1 of this article liable to sanctions which take into account the grave nature of these offences, such as imprisonment or other forms of deprivation of liberty, pecuniary sanctions and confiscation.

(b) The Parties may provide, in addition to conviction or punishment, for an offence established in accordance with paragraph 1 of this article, that the offender shall undergo measures such as treatment, education, aftercare, rehabilitation or social reintegration.

(c) Notwithstanding the preceding subparagraphs, in appropriate cases of a minor nature, the Parties may provide, as alternatives to conviction or punishment, measures such as education, rehabilitation or social reintegration, as

meðferð og eftirmeðferð, ef brotamaður er eiturlyfjaneytandi.
(d) Aðilar geta ákveðið að í stað sakfellingar eða refsingar eða til viðbótar sakfellingu eða refsingu fyrir brot sem lýst er refsivert skv. 2. mgr. þessarar greinar skuli koma ráðstafanir til meðferðar, kennslu, eftirmeðferðar, endurhæfingar eða félagslegrar aðlögunar brotamanns.

5. Aðilar skulu tryggja að dómstólar þeirra og önnur lögbær yfirvöld sem mál heyrir undir geti tekið tillit til málavaxta sem gera brot þau sem lýst eru refsiverð skv. 1. mgr. þessarar greinar sérstaklega alvarleg, svo sem:

(a) ef skipulögð brotasamtök sem brotamaður tilheyrir eiga hlut að brotinu,

(b) ef brotamaður á hlut að annarri skipulagðri alþjóðlegri brotastarfsemi,
(c) ef brotamaður á hlut að annarri ólöglegri starfsemi sem brotið hefur gert auðveldari,

(d) ef brotamaður hefur beitt valdi eða vopnum,

(e) ef brotamaður gegnir opinberu starfi og brotið tengist viðkomandi starfi,

(f) ef fólk undir lögaldri hefur orðið fyrir broti eða verið notað til að fremja það,
(g) ef brot hefur verið framið inni á refsistofnun, menntastofnun eða stofnun til félagslegrar þjónustu eða í næsta nágrenni slíkra stofnana, eða á öðrum stað sem skólabörn og nemendur sækja til að stunda nám, íþróttir eða félagslíf,

(h) ef viðkomandi hefur áður verið sakfelldur, einkum fyrir svipað brot, heima fyrir eða erlendis, að svo miklu leyti sem landslög aðila heimila það.
6. Aðilar skulu leitast við að tryggja að sérhverjum heimildum til saksóknar sem fyrir hendi kunna að vera samkvæmt landslögum vegna brota sem lýst eru refsiverð samkvæmt þessari grein sé beitt þannig að löggæsluráðstafanir vegna þeirra verði sem virkastar og að eðlilegt tillit sé tekið til nauðsynjar þess að koma í veg fyrir að slík brot séu framin.
7. Aðilar skulu tryggja að dómstólar þeirra eða önnur lögbær yfirvöld hafi í huga hversu alvarleg brot þau eru sem talin eru í 1. mgr. þessarar greinar og atvik þau sem talin eru í 5. mgr. þessarar greinar, við mat á möguleika þess að flýta

well as, when the offender is a drug abuser, treatment and aftercare.
(d) The Parties may provide, either as an alternative to conviction or punishment, or in addition to conviction or punishment of an offence established in accordance with paragraph 2 of this article, measures for the treatment, education, aftercare, rehabilitation or social reintegration of the offender.
5. The Parties shall ensure that their courts and other competent authorities having jurisdiction can take into account factual circumstances which make the commission of the offences established in accordance with paragraph 1 of this article particularly serious, such as:
(a) The involvement in the offence of an organized criminal group to which the offender belongs;
(b) The involvement of the offender in other international organized criminal activities;
(c) The involvement of the offender in other illegal activities facilitated by commission of the offence;
(d) The use of violence or arms by the offender;
(e) The fact that the offender holds a public office and that the offence is connected with the office in question;
(f) The victimization or use of minors;

(g) The fact that the offence is committed in a penal institution or in an educational institution or social service facility or in their immediate vicinity or in other places to which school children and students resort for educational, sports and social activities;
(h) Prior conviction, particularly for similar offences, whether foreign or domestic, to the extent permitted under the domestic law of a Party.

6. The Parties shall endeavour to ensure that any discretionary legal powers under their domestic law relating to the prosecution of persons for offences established in accordance with this article are exercised to maximize the effectiveness of law enforcement measures in respect of those offences and with due regard to the need to deter the commission of such offences.
7. The Parties shall ensure that their courts or other competent authorities bear in mind the serious nature of the offences enumerated in paragraph 1 of this article and the circumstances enumerated in paragraph 5 of this article when

lausn úr fangelsi eða veita skilorðslausn manni sem fundinn hefur verið sekur um slík brot.
8. Hver aðili skal, þar sem við á, setja í landslögum sínum langan fyrningarfrest til málshöfðunar vegna brota sem lýst eru refsiverð skv. 1. mgr. þessarar greinar, og lengri fyrningarfrest ef sökunautur hefur komið sér undan málshöfðun.

9. Hver aðili skal gera viðeigandi ráðstafanir sem samræmast réttarkerfi hans til að tryggja að maður sem sakaður er um eða sakfelldur fyrir brot sem lýst er refsivert skv. 1. mgr. þessarar greinar, er hittist fyrir á landsvæði hans, sé viðstaddur nauðsynlegar réttargerðir í refsimálinu.
10. Hvað snertir samvinnu milli aðila samkvæmt samningi þessum, þar á meðal einkum samvinnu skv. 5., 6., 7. og 9. gr., skulu brot sem lýst eru refsiverð samkvæmt þessari grein ekki talin efnahagsbrot eða stjórnmálaafbrot, eða litið svo á sem stjórnmálasjónarmið búi að baki þeim, enda standi stjórnskipunarlög eða grundvallarreglur landslaga aðila ekki til annars.

11. Ekkert í grein þessari skal skerða gildi þeirrar reglu að um lýsingu á brotum þeim sem hún á við um og á vörnum vegna þeirra skal farið að landslögum aðila, og að saksótt skuli fyrir brotin og þau sæta refsingu samkvæmt þeim lögum.

4. gr.
Refsilögsaga.

1. Hver aðili:
(a) skal gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til að fella undir refsilögsögu sína brot þau sem hann hefur lýst refsiverð skv. 1. mgr. 3. gr. þegar:
(i) brotið er framið á landsvæði hans,
(ii) brotið er framið á skipi er siglir undir fána hans eða í loftfari sem skráð er samkvæmt lögum hans á þeim tíma er brotið er framið,

(b) má gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til að fella undir refsilögsögu sína brot þau sem hann hefur lýst refsiverð skv. 1. mgr. 3. gr. þegar:
(i) brotið er framið af ríkisborgara hans eða af manni sem er búsettur á landsvæði hans,

(ii) brotið er framið á skipi sem aðilanum hefur skv. 17. gr. verið heimilað að grípa til viðeigandi aðgerða gegn, enda skal refsilögsögu

considering the eventuality of early release or parole of persons convicted of such offences.
8. Each Party shall, where appropriate, establish under its domestic law a long statute of limitations period in which to commence proceedings for any offence established in accordance with paragraph 1 of this article, and a longer period where the alleged offender has evaded the administration of justice.
9. Each Party shall take appropriate measures, consistent with its legal system, to ensure that a person charged with or convicted of an offence established in accordance with paragraph 1 of this article, who is found within its territory, is present at the necessary criminal proceedings.
10. For the purpose of co-operation among the Parties under this Convention, including, in particular, co-operation under articles 5, 6, 7 and 9, offences established in accordance with this article shall not be considered as fiscal offences or as political offences or regarded as politically motivated, without prejudice to the constitutional limitations and the fundamental domestic law of the Parties.
11. Nothing contained in this article shall affect the principle that the description of the offences to which it refers and of legal defences thereto is reserved to the domestic law of a Party and that such offences shall be prosecuted and punished in conformity with that law.

Article 4
JURISDICTION

1. Each Party:
(a) Shall take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over the offences it has established in accordance with article 3, paragraph 1, when:
(i) The offence is committed in its territory;
(ii) The offence is committed on board a vessel flying its flag or an aircraft which is registered under its laws at the time the offence is committed;
(b) May take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over the offences it has established in accordance with article 3, paragraph 1, when:
(i) The offence is committed by one of its nationals or by a person who has his habitual residence in its territory;
(ii) The offence is committed on board a vessel concerning which that Party has been authorized to take appropriate action pursuant to arti-

þá aðeins beitt á grundvelli samninga eða tilhögunar sem um ræðir í 4. og 9. mgr. þeirrar greinar,

(iii) brotið er eitt þeirra brota sem lýst eru refsiverð skv. c-lið (iv) 1. mgr. 3. gr., og er framið utan landsvæðis hans í því skyni að fremja innan landsvæðis hans brot sem lýst er refsivert skv. 1. mgr. 3. gr.

2. Hver aðili:
(a) skal einnig gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að fella undir refsilögsögu sína þau brot sem hann hefur lýst refsiverð skv. 1. mgr. 3. gr., þegar sökunautur er staddur á landsvæði hans og er ekki framseldur til annars aðila vegna þess að:
(i) brotið hefur verið framið á landsvæði hans eða á skipi er sigldi undir fána hans eða í loftfari sem skráð var samkvæmt lögum hans á þeim tíma er brotið var framið, eða
(ii) brotið hefur verið framið af ríkisborgara hans,
(b) má einnig gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að fella undir refsilögsögu sína þau brot sem hann hefur lýst refsiverð skv. 1. mgr. 3. gr., þegar sökunautur er staddur á landsvæði hans og er ekki framseldur til annars aðila.
3. Samningur þessi útilokar ekki að beitt sé sérhverri þeirri refsilögsögu sem aðila ber samkvæmt landslögum sínum.

5. gr.
Upptaka.

1. Hver aðili skal gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til að gera megi upptækt:
(a) ávinning sem leiddur er af brotum þeim sem lýst eru refsiverð skv. 1. mgr. 3. gr., eða eign sem að verðmæti svarar til slíks ávinnings,

(b) fíkniefni og skynvilluefni, efni og búnað eða önnur tæki sem notuð eru eða ætluð til hvers kyns afnota við brot þau sem lýst eru refsiverð skv. 1. mgr. 3. gr.

2. Hver aðili skal einnig gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til að lögbær stjórnvöld hans geti fundið, rakið og stöðvað eða lagt hald á ávinning, eignir, tæki eða hverja þá hluti aðra, sem í 1. mgr. þessarar greinar segir, til þess að gera þá síðar upptæka.

cle 17, provided that such jurisdiction shall be exercised only on the basis of agreements or arrangements referred to in paragraphs 4 and 9 of that article;
(iii) The offence is one of those established in accordance with article 3, paragraph 1, subparagraph (c)(iv), and is committed outside its territory with a view to the commission, within its territory, of an offence established in accordance with article 3, paragraph 1.
2. Each Party:
(a) Shall also take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over the offences it has established in accordance with article 3, paragraph 1, when the alleged offender is present in its territory and it does not extradite him to another Party on the ground:
(i) That the offence has been committed in its territory or on board a vessel flying its flag or an aircraft which was registered under its law at the time the offence was committed; or
(ii) That the offence has been committed by one of its nationals;
(b) May also take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over the offences it has established in accordance with article 3, paragraph 1, when the alleged offender is present in its territory and it does not extradite him to another Party.
3. This Convention does not exclude the exercise of any criminal jurisdiction established by a Party in accordance with its domestic law.

Article 5
CONFISCATION

1. Each Party shall adopt such measures as may be necessary to enable confiscation of:

(a) Proceeds derived from offences established in accordance with article 3, paragraph 1, or property the value of which corresponds to that of such proceeds;
(b) Narcotic drugs and psychotropic substances, materials and equipment or other instrumentalities used in or intended for use in any manner in offences established in accordance with article 3, paragraph 1.
2. Each Party shall also adopt such measures as may be necessary to enable its competent authorities to identify, trace, and freeze or seize proceeds, property, instrumentalities or any other things referred to in paragraph 1 of this article, for the purpose of eventual confiscation.

3. Til að framkvæma ráðstafanir þær sem fjallað er um í grein þessari skal hver aðili veita dómstólum sínum og öðrum lögbærum yfirvöldum vald til að skipa svo fyrir að bankaskjöl og bókhalds- og viðskiptagögn skuli lögð fram eða hald lagt á þau. Aðilar skulu ekki synja um aðgerðir samkvæmt þessari málsgrein á grundvelli bankaleyndar.

4. (a) Er annar aðili, sem hefur lögsögu vegna brots sem lýst er refsivert skv. 1. mgr. 3. gr., hefur lagt fram beiðni samkvæmt grein þessari skal aðili sem hefur á landsvæði sínu ávinning, eignir, tæki eða einhverja aðra hluti sem taldir eru í 1. mgr. þessarar greinar:

(i) leggja beiðnina fyrir lögbær yfirvöld sín til þess að fá heimild til upptöku og fylgja þeirri heimild eftir, sé hún veitt, eða

(ii) leggja fyrir lögbær yfirvöld sín upptökuheimild sem sá aðili sem um upptöku biður hefur gefið út skv. 1. mgr. þessarar greinar, í því skyni að framfylgja henni að því marki sem um er beðið, að því leyti sem hún varðar ávinning, eignir, tæki eða einhverja aðra hluti sem um er fjallað í 1. mgr. og staðsettir eru á landsvæði þess aðila sem við beiðninni tekur.

(b) Er annar aðili, sem hefur lögsögu vegna brots sem lýst er refsivert skv. 1. mgr. 3. gr., hefur lagt fram beiðni samkvæmt grein þessari skal aðili sá sem tekur við beiðninni gera ráðstafanir til að finna, rekja og stöðva eða leggja hald á ávinning, eignir, tæki eða hverja þá hluti aðra sem í 1. mgr. þessarar greinar segir, í því skyni að upptaka þeirra verði síðar heimiluð, annaðhvort af þeim aðila sem biður um ráðstafanirnar, eða, að beiðni skv. a-lið þessarar málsgreinar, af þeim aðila sem við beiðninni tekur.

(c) Ákvarðanir þær og aðgerðir sem í a- og b-liðum þessarar málsgreinar segir skulu teknar eða framkvæmdar af þeim aðila sem tekur við beiðni, í samræmi við og eftir því sem mælt er fyrir um í landslögum hans og réttarfarsreglum eða hverjum þeim tvíhliða eða marghliða þjóðréttarsamningi, samkomulagi eða tilhögun sem hann er bundinn af gagnvart þeim aðila sem biður um ráðstafanirnar.

(d) Ákvæði 6.–19. mgr. 7. gr. gilda að breyttu breytanda. Í beiðni sem lögð er fram samkvæmt grein þessari skal, auk þeirra upplýsinga sem greinir í 10. mgr. 7. gr., vera:

(i) varði beiðnin a-lið (i) í þessari málsgrein, lýsing á eign þeirri sem gera skal upptæka og

3. In order to carry out the measures referred to in this article, each Party shall empower its courts or other competent authorities to order that bank, financial or commercial records be made available or be seized. A Party shall not decline to act under the provisions of this paragraph on the ground of bank secrecy.

4. (a) Following a request made pursuant to this article by another Party having jurisdiction over an offence established in accordance with article 3, paragraph 1, the Party in whose territory proceeds, property, instrumentalities or any other things referred to in paragraph 1 of this article are situated shall:

(i) Submit the request to its competent authorities for the purpose of obtaining an order of confiscation and, if such order is granted, give effect to it; or

(ii) Submit to its competent authorities, with a view to giving effect to it to the extent requested, an order of confiscation issued by the requesting Party in accordance with paragraph 1 of this article, in so far as it relates to proceeds, property, instrumentalities or any other things referred to in paragraph 1 situated in the territory of the requested Party.

(b) Following a request made pursuant to this article by another Party having jurisdiction over an offence established in accordance with article 3, paragraph 1, the requested Party shall take measures to identify, trace, and freeze or seize proceeds, property, instrumentalities or any other things referred to in paragraph 1 of this article for the purpose of eventual confiscation to be ordered either by the requesting Party or, pursuant to a request under subparagraph (a) of this paragraph, by the requested Party.

(c) The decisions or actions provided for in subparagraphs (a) and (b) of this paragraph shall be taken by the requested Party, in accordance with and subject to the provisions of its domestic law and its procedural rules or any bilateral or multilateral treaty, agreement or arrangement to which it may be bound in relation to the requesting Party.

(d) The provisions of article 7, paragraphs 6 to 19 are applicable mutatis mutandis. In addition to the information specified in article 7, paragraph 10, requests made pursuant to this article shall contain the following:

(i) In the case of a request pertaining to subparagraph (a)(i) of this paragraph, a description

málavöxtum þeim sem sá aðili er biður um ráðstafanir telur nægja til að sá aðili sem er beðinn um þær geti leitað heimildarinnar samkvæmt landslögum sínum,

(ii) Varði beiðnin a-lið (ii), löggilt samrit upptökuheimildar þeirrar sem sá aðili er biður um ráðstafanir hefur gefið út og styður beiðni sína við, málavaxtalýsing og upplýsingar um að hvaða marki beiðst sé framkvæmdar á upptökuheimildinni,

(iii) varði beiðnin b-lið, lýsing á þeim málavöxtum sem byggt er á af hálfu þess aðila sem biður um ráðstafanir og lýsing á þeim aðgerðum sem um er beðið.

(e) Hver aðili skal láta aðalframkvæmdastjóra í té texta allra laga og reglugerða sinna þar sem málsgrein þessi er látin koma til framkvæmda og texta allra síðari breytinga á þeim lögum og reglugerðum.

(f) Nú kýs aðili að setja það skilyrði fyrir ráðstöfunum skv. a- og b-liðum þessarar málsgreinar að fyrir hendi sé viðeigandi alþjóðasamningur og skal hann þá líta svo á að samningur þessi veiti til þess nauðsynlegan og fullnægjandi lagagrundvöll.

(g) Aðilar skulu leitast við að koma á með sér tvíhliða og fjölhliða samningum, samkomulagi eða tilhögun til að gera alþjóðasamvinnu samkvæmt grein þessari árangursríkari.

5. (a) Ávinningi eða eign, sem aðili gerir upptæka skv. 1. eða 4. mgr. þessarar greinar, skal hann ráðstafa samkvæmt landslögum sínum og stjórnsýslureglum.

(b) Þegar gerðar eru ráðstafanir að beiðni annars aðila samkvæmt grein þessari getur aðili tekið sérstaklega til athugunar að gera samninga um:

(i) að veita andvirði ávinningsins eða eignanna, eða því fé sem fæst við sölu þeirra eða verulegum hluta þess, til milliríkjastofnana sem sérhæfa sig í baráttunni gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni og misnotkun slíkra efna,

(ii) að skipta slíkum ávinningi eða eignum, eða því fé sem fæst við sölu þeirra, með öðrum aðilum, með reglubundnum hætti eða í hverju tilviki fyrir sig, samkvæmt landslögum sínum, stjórnsýslureglum eða tvíhliða eða marghliða samningum sem gerðir eru í þessu skyni.

6. (a) Hafi ávinningi verið breytt eða skipt í aðra eign má ráðstafa henni í stað ávinningsins með sama hætti og fjallað er um í grein þessari.

of the property to be confiscated and a statement of the facts relied upon by the requesting Party sufficient to enable the requested Party to seek the order under its domestic law;

(ii) In the case of a request pertaining to subparagraph (a)(ii), a legally admissible copy of an order of confiscation issued by the requesting Party upon which the request is based, a statement of the facts and information as to the extent to which the execution of the order is requested;

(iii) In the case of a request pertaining to subparagraph (b), a statement of the facts relied upon by the requesting Party and a description of the actions requested.

(e) Each Party shall furnish to the Secretary-General the text of any of its laws and regulations which give effect to this paragraph and the text of any subsequent changes to such laws and regulations.

(f) If a Party elects to make the taking of the measures referred to in subparagraphs (a) and (b) of this paragraph conditional on the existence of a relevant treaty, that Party shall consider this Convention as the necessary and sufficient treaty basis.

(g) The Parties shall seek to conclude bilateral and multilateral treaties, agreements or arrangements to enhance the effectiveness of international co-operation pursuant to this article.

5. (a) Proceeds or property confiscated by a Party pursuant to paragraph 1 or paragraph 4 of this article shall be disposed of by that Party according to its domestic law and administrative procedures.

(b) When acting on the request of another Party in accordance with this article, a Party may give special consideration to concluding agreements on:

(i) Contributing the value of such proceeds and property, or funds derived from the sale of such proceeds or property, or a substantial part thereof, to intergovernmental bodies specializing in the fight against illicit traffic in and abuse of narcotic drugs and psychotropic substances;

(ii) Sharing with other Parties, on a regular or case-by-case basis, such proceeds or property, or funds derived from the sale of such proceeds or property, in accordance with its domestic law, administrative procedures or bilateral or multilateral agreements entered into for this purpose.

6. (a) If proceeds have been transformed or converted into other property, such property shall be liable to the measures referred to in this article instead of the proceeds.

(b) Hafi ávinningi verið blandað saman við eignir sem aflað hefur verið með lögmætum hætti má, án þess þó að neinn réttur til halds eða stöðvunar sé skertur, gera þær eignir upptækar allt að matsverði þess ávinnings sem blandað var saman við þær.

(c) Tekjum eða öðrum hagnaði af

(i) ávinningi,

(ii) eignum sem ávinningi hefur verið breytt eða skipt í, og

(iii) eignum sem ávinningi hefur verið blandað saman við,

má ráðstafa með sama hætti og að sama marki og fjallað er um í grein þessari um ávinning.

7. Hver aðili getur metið hvort sönnunarbyrði skuli snúið við hvað snertir lögmæti þess hvernig meintur ávinningur eða önnur eign sem láta má sæta upptöku er til komin, að því leyti sem slík ráðstöfun samræmist meginreglum landslaga hans og eðli málsmeðferðar fyrir rétti eða annars staðar.

8. Eigi skal túlka ákvæði greinar þessarar til skerðingar á rétti grandlauss þriðja manns.

9. Ekkert í grein þessari skal skerða gildi þeirrar reglu að landslög aðila skuli ráða skilgreiningu og framkvæmd ráðstafana sem grein þessi fjallar um, og að um þær skuli fara í samræmi við þau.

6. gr.

Framsal.

1. Grein þessi skal gilda um brot þau sem aðilar lýsa refsiverð skv. 1. mgr. 3. gr.

2. Brot þau sem grein þessi fjallar um skulu talin meðal framsalsbrota í hverjum þeim framsalssamningi sem fyrir hendi er milli aðila. Aðilar skuldbinda sig til að telja þau brot meðal framsalsbrota í hverjum þeim framsalssamningi sem þeir gera á milli sín.

3. Nú fær aðili, sem setur það skilyrði fyrir framsali að alþjóðasamningur sé fyrir hendi, beiðni um framsal frá öðrum aðila sem hann hefur ekki gert framsalssamning við, og má hann þá líta svo á að samnigur þessi sé lagalegur grundvöllur framsals vegna sérhvers brots sem grein þessi gildir um. Aðilar þeir, sem krefjast þess að skýr ákvæði séu í settum lögum til að nota megi samning þennan sem lagalegan grundvöll framsals, skulu taka til athugunar að setja slík lög, eftir því sem þörf krefur.

(b) If proceeds have been intermingled with property acquired from legitimate sources, such property shall, without prejudice to any powers relating to seizure or freezing, be liable to confiscation up to the assessed value of the intermingled proceeds.

(c) Income or other benefits derived from:

(i) Proceeds;

(ii) Property into which proceeds have been transformed or converted; or

(iii) Property with which proceeds have been intermingled shall also be liable to the measures referred to in this article, in the same manner and to the same extent as proceeds.

7. Each Party may consider ensuring that the onus of proof be reversed regarding the lawful origin of alleged proceeds or other property liable to confiscation, to the extent that such action is consistent with the principles of its domestic law and with the nature of the judicial and other proceedings.

8. The provisions of this article shall not be construed as prejudicing the rights of bona fide third parties.

9. Nothing contained in this article shall affect the principle that the measures to which it refers shall be defined and implemented in accordance with and subject to the provisions of the domestic law of a Party.

Article 6

EXTRADITION

1. This article shall apply to the offences established by the Parties in accordance with article 3, paragraph 1.

2. Each of the offences to which this article applies shall be deemed to be included as an extraditable offence in any extradition treaty existing between Parties. The Parties undertake to include such offences as extraditable offences in every extradition treaty to be concluded between them.

3. If a Party which makes extradition conditional on the existence of a treaty receives a request for extradition from another Party with which it has no extradition treaty, it may consider this Convention as the legal basis for extradition in respect of any offence to which this article applies. The Parties which require detailed legislation in order to use this Convention as a legal basis for extradition shall consider enacting such legislation as may be necessary.

4. Aðilar þeir sem setja ekki það skilyrði fyrir framsali að alþjóðasamningur sé fyrir hendi skulu sín á milli viðurkenna brot þau sem grein þessi gildir um sem framsalsbrot.
5. Framsal skal háð þeim skilyrðum sem kveðið er á um í lögum þess aðila sem beðinn er um framsal eða í viðeigandi framsalssamningum, þar á meðal um ástæður þess að sá aðili sem beðinn er um framsal megi synja framsals.
6. Þegar athuguð er beiðni sem tekið er við samkvæmt grein þessari má ríki það sem um framsal er beðið neita að taka hana til greina þegar dómstólar þess eða önnur lögbær yfirvöld hafa verulega ástæðu til að ætla að það myndi greiða fyrir því að einhver yrði látinn sæta lögsókn eða refsingu vegna kynþáttar, trúar, þjóðernis eða stjórnmálaskoðana sinna, eða að það myndi af þessum sökum valda skaða einhverjum manni sem beiðnin snertir, ef fallist væri á hana.
7. Aðilar skulu leitast við að hraða málsmeðferð við framsal og einfalda kröfur um hvernig sýnt skuli fram á málavexti við framsal vegna allra brota sem grein þessi gildir um.
8. Í samræmi við ákvæði landslaga sinna og framsalssamninga getur sá aðili sem beðinn er um framsal, þegar hann hefur gengið úr skugga um að aðstæður séu brýnar og réttlæti það, hneppt mann sem leitað er framsals á og staddur er á landsvæði hans í gæslu að beiðni þess aðila sem biður um framsal, eða gert aðrar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja nærveru hans við málsmeðferð vegna framsalsins.
9. Án þess að skertur sé réttur aðila til að beita refsilögsögu þeirri sem honum ber að landslögum sínum skal hann, ef meintur brotamaður hittist fyrir á landsvæði hans:
(a) sé maðurinn á þeim forsendum sem í a-lið 2. mgr. 4. gr. segir ekki framseldur vegna brots sem lýst er refsivert skv. 1. mgr. 3. gr., leggja málið fyrir lögbær stjórnvöld sín til saksóknar, nema samkomulag sé gert um annað við þann aðila sem um framsal biður,

(b) sé maðurinn ekki framseldur vegna slíks brots, en aðilinn hefur fellt það undir refsilögsögu sína skv. b-lið 2. mgr. 4. gr., leggja málið fyrir lögbær stjórnvöld sín til saksóknar, nema sá aðili sem um framsal biður óski annars til þess að hann haldi lögsögu sinni.

10. Ef synjað er um framsal sem beiðst er til fullnustu refsingar vegna þess að sá sem leitað er framsals á er ríkisborgari þess aðila sem beð-

4. The Parties which do not make extradition conditional on the existence of a treaty shall recognize offences to which this article applies as extraditable offences between themselves.
5. Extradition shall be subject to the conditions provided for by the law of the requested Party or by applicable extradition treaties, including the grounds upon which the requested Party may refuse extradition.
6. In considering requests received pursuant to this article, the requested State may refuse to comply with such requests where there are substantial grounds leading its judicial or other competent authorities to believe that compliance would facilitate the prosecution or punishment of any person on account of his race, religion, nationality or political opinions, or would cause prejudice for any of those reasons to any person affected by the request.

7. The Parties shall endeavour to expedite extradition procedures and to simplify evidentiary requirements relating thereto in respect of any offence to which this article applies.
8. Subject to the provisions of its domestic law and its extradition treaties, the requested Party may, upon being satisfied that the circumstances so warrant and are urgent, and at the request of the requesting Party, take a person whose extradition is sought and who is present in its territory into custody or take other appropriate measures to ensure his presence at extradition proceedings.
9. Without prejudice to the exercise of any criminal jurisdiction established in accordance with its domestic law, a Party in whose territory an alleged offender is found shall:
(a) If it does not extradite him in respect of an offence established in accordance with article 3, paragraph 1, on the grounds set forth in article 4, paragraph 2, subparagraph (a), submit the case to its competent authorities for the purpose of prosecution, unless otherwise agreed with the requesting Party;
(b) If it does not extradite him in respect of such an offence and has established its jurisdiction in relation to that offence in accordance with article 4, paragraph 2, subparagraph (b), submit the case to its competent authorities for the purpose of prosecution, unless otherwise requested by the requesting Party for the purposes of preserving its legitimate jurisdiction.
10. If extradition, sought for purposes of enforcing a sentence, is refused because the person sought is a national of the requested Party, the

inn er um framsal skal sá aðili, ef lög hans leyfa það og eftir því sem þau lög kveða á um, taka til athugunar að beiðni þess aðila sem biður um framsal að koma fram refsingu þeirri sem lögð hefur verið á samkvæmt lögum þess aðila sem biður um framsal, eða því sem eftir stendur af henni.

11. Aðilar skulu leitast við að koma á með sér tvíhliða og marghliða samkomulagi til framkvæmdar á framsali og til að auka virkni þess.

12. Aðilar geta tekið til athugunar að koma á með sér tvíhliða eða marghliða samkomulagi, ýmist í hverju einstöku tilviki eða almennt, um flutning manna til heimalands síns sem dæmdir hafa verið í fangavist eða aðra frelsissviptingu vegna brota sem grein þessi gildir um, svo þeir geti afplánað refsingu sína þar.

7. gr.

Gagnkvæm dómsmálaaðstoð.

1. Aðilar skulu samkvæmt grein þessari veita hver öðrum alla þá dómsmálaaðstoð sem við verður komið við rannsókn, saksókn og dómsmeðferð vegna brota sem lýst eru refsiverð skv. 1. mgr. 3. gr.

2. Um gagnkvæma dómsmálaaðstoð sem veitt skal samkvæmt grein þessari má biðja í öllum eftirtöldum tilgangi:

(a) til öflunar sönnunargagna eða skýrslna af mönnum,

(b) til birtingar skjala,

(c) til að framkvæma leit og leggja hald á muni,

(d) til að rannsaka muni og vettvang,

(e) til að afla upplýsinga og sönnunargagna,

(f) til að afla frumrita eða staðfestra afrita af viðeigandi skjölum og gögnum, þar með töldum skjölum banka og fyrirtækja og bókhalds- og viðskiptagögnum,

(g) til að finna eða rekja ávinning, eignir, tæki eða aðra hluti til þess að sýna fram á málsatvik.

3. Aðilar geta veitt hver öðrum gagnkvæma dómsmálaaðstoð í sérhverju formi öðru sem leyft er í landslögum þess aðila sem um aðstoð er beðinn.

4. Þegar um það er beðið skulu aðilar, að svo miklu leyti sem samrýmist landslögum þeirra og framkvæmd, greiða fyrir og stuðla að því að menn sem fallast á að veita aðstoð við rannsókn eða taka þátt í málsmeðferð, þar á meðal menn sem eru í gæslu, séu viðstaddir eða tiltækir.

requested Party shall, if its law so permits and in conformity with the requirements of such law, upon application of the requesting Party, consider the enforcement of the sentence which has been imposed under the law of the requesting Party, or the remainder thereof.

11. The Parties shall seek to conclude bilateral and multilateral agreements to carry out or to enhance the effectiveness of extradition.

12. The Parties may consider entering into bilateral or multilateral agreements, whether ad hoc or general, on the transfer to their country of persons sentenced to imprisonment and other forms of deprivation of liberty for offences to which this article applies, in order that they may complete their sentences there.

Article 7

MUTUAL LEGAL ASSISTANCE

1. The Parties shall afford one another, pursuant to this article, the widest measure of mutual legal assistance in investigations, prosecutions and judicial proceedings in relation to criminal offences established in accordance with article 3, paragraph 1.

2. Mutual legal assistance to be afforded in accordance with this article may be requested for any of the following purposes:

(a) Taking evidence or statements from persons;

(b) Effecting service of judicial documents;

(c) Executing searches and seizures;

(d) Examining objects and sites;

(e) Providing information and evidentiary items;

(f) Providing originals or certified copies of relevant documents and records, including bank, financial, corporate or business records;

(g) Identifying or tracing proceeds, property, instrumentalities or other things for evidentiary purposes.

3. The Parties may afford one another any other forms of mutual legal assistance allowed by the domestic law of the requested Party.

4. Upon request, the Parties shall facilitate or encourage, to the extent consistent with their domestic law and practice, the presence or availability of persons, including persons in custody, who consent to assist in investigations or participate in proceedings.

5. Aðili skal ekki neita um gagnkvæma dómsmálaaðstoð samkvæmt grein þessari á grundvelli bankaleyndar.
6. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki hafa áhrif á skuldbindingar samkvæmt neinum öðrum þjóðréttarsamningi, tvíhliða eða marghliða, sem gildir eða mun gilda um gagnkvæma dómsmálaaðstoð í sakamálum í heild eða að hluta.
7. 8.–19. mgr. þessarar greinar skulu gilda um beiðnir sem lagðar eru fram samkvæmt grein þessari ef viðkomandi aðilar eru ekki bundnir af samningi um gagnkvæma dómsmálaaðstoð. Séu aðilar bundnir af slíkum samningi skulu samsvarandi ákvæði hans gilda nema aðilarnir komi sér saman um að beita 8.–19. mgr. í stað þeirra.

8. Aðilar skulu tilnefna stofnun eða, ef með þarf, stofnanir, sem bera skulu ábyrgð á og hafa heimild til að framfylgja beiðnum um gagnkvæma dómsmálaaðstoð eða framsenda þær lögbærum yfirvöldum til framkvæmdar. Tilkynna skal aðalframkvæmdastjóra um stofnunina eða stofnanirnar. Beiðnir um gagnkvæma dómsmálaaðstoð og öll erindi sem þær varða skulu send milli þeirra stofnana sem aðilarnir tilnefna, en ekki skal þetta þó hafa áhrif á rétt aðila til að krefjast þess að beiðnir og erindi verði send honum eftir diplómatískum leiðum og, ef brýnar ástæður eru til, þegar aðilarnir verða á það sáttir, fyrir milligöngu Alþjóðasambands sakamálalögreglu, ef unnt er.

9. Beiðnir skulu vera skriflegar og á tungumáli sem sá aðili sem tekur við beiðni samþykkir. Tungumál það eða þau sem hver aðili samþykkir skulu tilkynnt aðalframkvæmdastjóra. Séu brýnar ástæður til og aðilarnir eru á það sáttir má bera beiðnir fram munnlega, en þegar skal þá staðfesta þær skriflega.
10. Í beiðni um gagnkvæma dómsmálaaðstoð skal greina:
(a) hver stofnun sú er sem beiðnina ber fram,

(b) efni og eðli rannsóknarinnar, saksóknarinnar eða málsmeðferðarinnar sem beiðnin varðar og nafn og starfssvið stjórnvalds þess sem annast rannsóknina, saksóknina eða málsmeðferðina,

(c) samantekt um málsatvik, nema ef beiðnin er borin fram til að fá skjal birt,

5. A Party shall not decline to render mutual legal assistance under this article on the ground of bank secrecy.
6. The provisions of this article shall not affect the obligations under any other treaty, bilateral or multilateral, which governs or will govern, in whole or in part, mutual legal assistance in criminal matters.
7. Paragraphs 8 to 19 of this article shall apply to requests made pursuant to this article if the Parties in question are not bound by a treaty of mutual legal assistance. If these Parties are bound by such a treaty, the corresponding provisions of that treaty shall apply unless the Parties agree to apply paragraphs 8 to 19 of this article in lieu thereof.
8. Parties shall designate an authority, or when necessary authorities, which shall have the responsibility and power to execute requests for mutual legal assistance or to transmit them to the competent authorities for execution. The authority or the authorities designated for this purpose shall be notified to the Secretary-General. Transmission of requests for mutual legal assistance and any communication related thereto shall be effected between the authorities designated by the Parties; this requirement shall be without prejudice to the right of a Party to require that such requests and communications be addressed to it through the diplomatic channel and, in urgent circumstances, where the Parties agree, through channels of the International Criminal Police Organization, if possible.
9. Requests shall be made in writing in a language acceptable to the requested Party. The language or languages acceptable to each Party shall be notified to the Secretary-General. In urgent circumstances, and where agreed by the Parties, requests may be made orally, but shall be confirmed in writing forthwith.
10. A request for mutual legal assistance shall contain:
(a) The identity of the authority making the request;
(b) The subject matter and nature of the investigation, prosecution or proceeding to which the request relates, and the name and the functions of the authority conducting such investigation, prosecution or proceeding;
(c) A summary of the relevant facts, except in respect of requests for the purpose of service of judicial documents;

(d) hvernig aðstoðar er beiðst og hvernig sá aðili sem aðstoðar beiðist óskar að málsmeðferð skuli hagað í einstökum atriðum, eftir því sem við á,
(e) þar sem unnt er, deili á þeim mönnum sem beiðnin varðar, hvar þeir eru og hvert þjóðerni þeirra er,
(f) hver er tilgangur þess að sönnunrgagna, upplýsinga eða aðgerða er óskað.
11. Aðili sá sem er beðinn um aðstoð getur óskað frekari upplýsinga þegar slíkt virðist nauðsynlegt til að framkvæma beiðnina samkvæmt landslögum hans, eða þegar það getur greitt fyrir framkvæmdinni.
12. Beiðni skal framkvæmd samkvæmt landslögum þess aðila sem um aðstoð er beðinn og, eftir því sem unnt er og að því leyti sem það er ekki andstætt lögum hans, eftir þeirri málsmeðferð sem tilgreind er í beiðninni.

13. Aðili sá sem um aðstoð biður skal ekki senda frá sér né nota upplýsingar eða sönnunargögn, sem aðili sá sem um aðstoð var beðinn veitti, til annarrar rannsóknar, saksóknar eða málsmeðferðar en þeirrar sem tilgreind var í beiðni hans, nema aðili sá sem um aðstoð var beðinn samþykki það fyrir fram.
14. Aðili sá sem um aðstoð biður getur óskað þess að sá aðili sem um aðstoð er beðinn haldi beiðninni og efni hennar leyndu, að öðru leyti en því sem nauðsynlegt er til að framkvæma hana. Geti sá aðili sem um aðstoð er beðinn ekki sinnt ósk um leynd skal hann þegar tilkynna þeim aðila um það sem um aðstoð biður.
15. Synja má um gagnkvæma dómsmálaaðstoð:
(a) ef beiðnin er ekki borin fram í samræmi við ákvæði greinar þessarar,
(b) ef aðili sá sem beðinn er um aðstoð telur að framkvæmd beiðninnar sé líkleg til að hafa áhrif til skerðingar á fullveldi hans, öryggi, allsherjarreglu eða öðrum meginhagsmunum,
(c) ef landslög þess aðila sem um aðstoð er beðinn myndu standa því í vegi að stjórnvöld hans gætu framkvæmt þær aðgerðir sem um er beðið vegna sambærilegs brots, ef rannsókn, saksókn eða málsmeðferð vegna þess hefði verið á valdi þeirra sjálfra,
(d) ef það væri andstætt réttarkerfi þess aðila sem um aðstoð er beðinn, að því leyti sem gagnkvæma dómsmálaaðstoð varðar, að fallast á beiðnina.
16. Tilgreina skal ástæður fyrir synjun á beiðni um gagnkvæma dómsmálaaðstoð.

(d) A description of the assistance sought and details of any particular procedure the requesting Party wishes to be followed;

(e) Where possible, the identity, location and nationality of any person concerned;

(f) The purpose for which the evidence, information or action is sought.
11. The requested Party may request additional information when it appears necessary for the execution of the request in accordance with its domestic law or when it can facilitate such execution.
12. A request shall be executed in accordance with the domestic law of the requested Party and, to the extent not contrary to the domestic law of the requested Party and where possible, in accordance with the procedures specified in the request.
13. The requesting Party shall not transmit nor use information or evidence furnished by the requested Party for investigations, prosecutions or proceedings other than those stated in the request without the prior consent of the requested Party.

14. The requesting Party may require that the requested Party keep confidential the fact and substance of the request, except to the extent necessary to execute the request. If the requested Party cannot comply with the requirement of confidentiality, it shall promptly inform the requesting Party.
15. Mutual legal assistance may be refused:
(a) If the request is not made in conformity with the provisions of this article;
(b) If the requested Party considers that execution of the request is likely to prejudice its sovereignty, security, ordre public or other essential interests;
(c) If the authorities of the requested Party would be prohibited by its domestic law from carrying out the action requested with regard to any similar offence, had it been subject to investigation, prosecution or proceedings under their own jurisdiction;
(d) If it would be contrary to the legal system of the requested Party relating to mutual legal assistance for the request to be granted.

16. Reasons shall be given for any refusal of mutual legal assistance.

17. Aðili sá sem beðinn er um aðstoð getur frestað gagnkvæmri dómsmálaaðstoð á þeim forsendum að hún myndi trufla rannsókn, saksókn eða málsmeðferð sem stendur yfir. Í slíkum tilvikum skal aðili sá sem beðinn er um aðstoð ráðfæra sig við þann aðila sem biður um aðstoð til að ákvarða hvort eigi að síður sé unnt að veita hina umbeðnu aðstoð samkvæmt þeim skilmálum og skilyrðum sem aðilinn sem beðinn er um aðstoð telur nauðsynleg.

18. Vitni, sérfræðingur eða annar maður, sem fellst á að gefa skýrslu í meðferð máls eða að aðstoða við rannsókn, saksókn eða dómsmeðferð á landsvæði aðila sem biður um aðstoð, skal ekki sæta saksókn, gæslu, refsingu eða neinni annarri skerðingu á persónufrelsi sínu á því landsvæði vegna athafna, athafnaleysis eða sakfellinga sem áttu sér stað áður en hann yfirgaf landsvæði þess aðila sem um aðstoð er beðinn. Grið þessi skulu haldast uns vitnið, sérfræðingurinn eða maðurinn hefur, þrátt fyrir að hafa haft tækifæri til þess að yfirgefa landsvæðið órofið í fimmtán daga, eða um hvert það tímaskeið sem aðilarnir eru ásáttir um, frá þeim degi er yfirvöld hafa tjáð honum að dómsmálayfirvöldum sé ekki lengur þörf á nærveru hans, eigi að síður dvalið um kyrrt á landsvæðinu af fúsum og frjálsum vilja, eða komið þangað aftur af fúsum og frjálsum vilja, hafi hann yfirgefið það.

19. Venjulegur kostnaður af framkvæmd beiðni skal borinn af þeim aðila sem um aðstoð er beðinn ef viðkomandi aðilar verða ekki ásáttir um annað. Sé eða verði þörf á verulegum eða óvenjulegum útgjöldum til að sinna beiðninni skulu aðilarnir ráðgast um hvernig ákvarða skuli skilmála og skilyrði fyrir framkvæmd hennar og á hvern hátt kostnaðurinn skuli greiddur.

20. Eftir því sem þörf krefur skulu aðilar athuga möguleika á að gera með sér tvíhliða eða marghliða samninga eða samkomulag sem þjóna myndi tilgangi þessarar greinar, gera framkvæmd hennar árangursríkari eða gefa ákvæðum hennar aukið gildi.

17. Mutual legal assistance may be postponed by the requested Party on the ground that it interferes with an ongoing investigation, prosecution or proceeding. In such a case, the requested Party shall consult with the requesting Party to determine if the assistance can still be given subject to such terms and conditions as the requested Party deems necessary.

18. A witness, expert or other person who consents to give evidence in a proceeding or to assist in an investigation, prosecution or judicial proceeding in the territory of the requesting Party, shall not be prosecuted, detained, punished or subjected to any other restriction of his personal liberty in that territory in respect of acts, omissions or convictions prior to his departure from the territory of the requested Party. Such safe conduct shall cease when the witness, expert or other person having had, for a period of fifteen consecutive days, or for any period agreed upon by the Parties, from the date on which he has been officially informed that his presence is no longer required by the judicial authorities, an opportunity of leaving, has nevertheless remained voluntarily in the territory or, having left it, has returned of his own free will.

19. The ordinary costs of executing a request shall be borne by the requested Party, unless otherwise agreed by the Parties concerned. If expenses of a substantial or extraordinary nature are or will be required to fulfil the request, the Parties shall consult to determine the terms and conditions under which the request will be executed as well as the manner in which the costs shall be borne.

20. The Parties shall consider, as may be necessary, the possibility of concluding bilateral or multilateral agreements or arrangements that would serve the purposes of, give practical effect to, or enhance the provisions of this article.

8. gr.

Flutningur málsmeðferðar.

Aðilar skulu athuga möguleika á að flytja málsmeðferð á milli sín til saksóknar vegna brota sem lýst eru refsiverð skv. 1. mgr. 3. gr., í þeim tilvikum þar sem talið er að það þjóni betur réttarvörsluhagsmunum.

Article 8

TRANSFER OF PROCEEDINGS

The Parties shall give consideration to the possibility of transferring to one another proceedings for criminal prosecution of offences established in accordance with article 3, paragraph 1, in cases where such transfer is considered to be in the interests of a proper administration of justice.

9. gr.
Önnur samvinna og þjálfun.

1. Aðilar skulu hafa með sér náið samstarf, í samræmi við réttar- og stjórnsýslukerfi sín, í því skyni að efla árangur löggæsluaðgerða til að kveða niður brot þau sem lýst eru refsiverð skv. 1. mgr. 3. gr. Á grundvelli tvíhliða eða marghliða samninga eða samkomulags skal sérstök áhersla lögð á að:

(a) koma á og viðhalda boðskiptaleiðum milli lögbærra stofnana og embætta sinna til að greiða fyrir öruggum og skjótum skiptum á upplýsingum varðandi alla þætti þeirra brota sem lýst eru refsiverð skv. 1. mgr. 3. gr., þar á meðal varðandi tengsl við aðra afbrotastarfsemi, ef aðilarnir telja ástæðu til þess,

(b) starfa hver með öðrum við eftirgrennslan varðandi brot sem lýst eru refsiverð skv. 1. mgr. 3. gr. og er alþjóðlegs eðlis, um:

(i) hverjir það eru, hvar þeir eru og hvað þeir aðhafast sem grunaðir eru um að tengjast brotum sem lýst eru refsiverð skv. 1. mgr. 3. gr.,

(ii) tilflutning á ávinningi eða eignum sem leiddar eru af slíkum brotum,

(iii) tilflutning á fíkniefnum, skynvilluefnum, efnum sem eru í skrám I og II með samningi þessum og tækjum sem notuð eru eða ætluð eru til afnota við að fremja slík brot,

(c) þar sem við á og heimilt er samkvæmt landslögum, og þannig að gætt sé öryggis starfsmanna og leyndar um einstakar aðgerðir, mynda sameiginlega starfshópa til að framkvæma ákvæði greinar þessarar. Embættismenn hvers aðila sem er í slíkum starfshópi skulu starfa á þann hátt sem lögbær stjórnvöld þess aðila sem aðgerðirnar skulu fara fram hjá veita heimild til, og skulu hlutaðeigandi aðilar í öllum slíkum tilvikum sjá um að fullveldi þess aðila sem aðgerðirnar skulu fara fram hjá sé virt til hlítar,

(d) sjá fyrir nauðsynlegu magni efna til greiningar eða rannsóknarnota, þar sem það á við,

(e) greiða fyrir aukinni samræmingu á störfum lögbærra stofnana sinna og embætta og stuðla að skiptum á starfsmönnum og öðrum sérfræðingum, þar á meðal með því að senda samvinnufulltrúa.

Article 9
OTHER FORMS OF CO-OPERATION AND TRAINING

1. The Parties shall co-operate closely with one another, consistent with their respective domestic legal and administrative systems, with a view to enhancing the effectiveness of law enforcement action to suppress the commission of offences established in accordance with article 3, paragraph 1. They shall, in particular, on the basis of bilateral or multilateral agreements or arrangements:

(a) Establish and maintain channels of communication between their competent agencies and services to facilitate the secure and rapid exchange of information concerning all aspects of offences established in accordance with article 3, paragraph 1, including, if the Parties concerned deem it appropriate, links with other criminal activities;

(b) Co-operate with one another in conducting enquiries, with respect to offences established in accordance with article 3, paragraph 1, having an international character, concerning:

(i) The identity, whereabouts and activities of persons suspected of being involved in offences established in accordance with article 3, paragraph 1;

(ii) The movement of proceeds or property derived from the commission of such offences;

(iii) The movement of narcotic drugs, psychotropic substances, substances in Table I and Table II of this Convention and instrumentalities used or intended for use in the commission of such offences;

(c) In appropriate cases and if not contrary to domestic law, establish joint teams, taking into account the need to protect the security of persons and of operations, to carry out the provisions of this paragraph. Officials of any Party taking part in such teams shall act as authorized by the appropriate authorities of the Party in whose territory the operation is to take place; in all such cases, the Parties involved shall ensure that the sovereignty of the Party on whose territory the operation is to take place is fully respected;

(d) Provide, when appropriate, necessary quantities of substances for analytical or investigative purposes;

(e) Facilitate effective co-ordination between their competent agencies and services and promote the exchange of personnel and other experts, including the posting of liaison officers.

2. Hver aðili skal, að því marki sem nauðsynlegt er, hlutast til um, móta eða bæta sérstakar þjálfunaráætlanir fyrir löggæslumenn sína og aðra starfsmenn, þar með talda tollgæslumenn, sem vinna skulu gegn brotum þeim sem lýst eru refsiverð skv. 1. mgr. 3. gr. Í slíkum áætlunum skal sérstök áhersla lögð á:

(a) aðferðir við að koma upp um og vinna bug á brotum þeim sem lýst eru refsiverð skv. 1. mgr. 3. gr.,
(b) leiðir og aðferðir sem menn þeir nota sem grunaðir eru um að tengjast brotum sem lýst eru refsiverð skv. 1. mgr. 3. gr., sérstaklega í gegnumflutningsríkjum, og viðeigandi gagnráðstafanir,
(c) að fylgjast með inn- og útflutningi fíkniefna, skynvilluefna og efna sem eru í skrám I og II,

(d) að finna og fylgjast með tilfærslum á ávinningi og eignum sem leiddar eru af brotum þeim sem lýst eru refsiverð skv. 1. mgr. 3. gr., fíkniefnum, skynvilluefnum og efnum sem eru í skrám I og II, og tækjum sem notuð eru við eða ætluð til nota við að fremja slík brot,

(e) aðferðir sem notaðar eru við að yfirfæra, fela eða dylja slíkan ávinning, eignir og tæki,

(f) öflun sönnunargagna,
(g) aðferðir við eftirlit á fríverslunarsvæðum og í fríhöfnum,
(h) nútíma löggæsluaðferðir.

3. Aðilar skulu styðja hverjir aðra við að skipuleggja og framkvæma rannsóknar- og þjálfunaráætlanir sem ætlaðar eru til sameiginlegrar nýtingar á sérþekkingu á þeim sviðum sem fjallað er um í 2. mgr. greinar þessarar, og skulu í því skyni einnig, eftir því sem við á, nota svæðisbundnar og fjölþjóðlegar ráðstefnur og málþing til að stuðla að samvinnu og hvetja til umræðu um málefni sem varða þá sameiginlega, þar á meðal sérstök viðfangsefni varðandi gegnumflutningsríki og þarfir þeirra.

10. gr.
Alþjóðleg samvinna og aðstoð við gegnumflutningsríki.

1. Aðilar skulu, beint eða fyrir milligöngu þar til bærra alþjóðastofnana eða svæðastofnana, vinna saman við að aðstoða og styðja að því marki sem unnt er gegnumflutningsríki, en einkum þó þróunarlönd sem slíkrar aðstoðar eða stuðnings þarfnast, með tæknilegum samvinnu-

2. Each Party shall, to the extent necessary, initiate, develop or improve specific training programmes for its law enforcement and other personnel, including customs, charged with the suppression of offences established in accordance with article 3, paragraph 1. Such programmes shall deal, in particular, with the following:
(a) Methods used in the detection and suppression of offences established in accordance with article 3, paragraph 1;
(b) Routes and techniques used by persons suspected of being involved in offences established in accordance with article 3, paragraph 1, particularly in transit States, and appropriate countermeasures;
(c) Monitoring of the import and export of narcotic drugs, psychotropic substances and substances in Table I and Table II;
(d) Detection and monitoring of the movement of proceeds and property derived from, and narcotic drugs, psychotropic substances and substances in Table I and Table II, and instrumentalities used or intended for use in, the commission of offences established in accordance with article 3, paragraph 1;
(e) Methods used for the transfer, concealment or disguise of such proceeds, property and instrumentalities;
(f) Collection of evidence;
(g) Control techniques in free trade zones and free ports;
(h) Modern law enforcement techniques.

3. The Parties shall assist one another to plan and implement research and training programmes designed to share expertise in the areas referred to in paragraph 2 of this article and, to this end, shall also, when appropriate, use regional and international conferences and seminars to promote co-operation and stimulate discussion on problems of mutual concern, including the special problems and needs of transit States.

Article 10
INTERNATIONAL CO-OPERATION AND ASSISTANCE FOR TRANSIT STATES

1. The Parties shall co-operate, directly or through competent international or regional organizations, to assist and support transit States and, in particular, developing countries in need of such assistance and support, to the extent possible, through programmes of technical co-oper-

áætlunum um viðskiptabönn og aðrar áþekkar aðgerðir.
2. Aðilar geta, beint eða fyrir milligöngu þar til bærra alþjóðastofnana eða svæðastofnana, skuldbundið sig til að veita slíkum gegnumflutningsríkjum fjárhagsaðstoð til að bæta og styrkja hið nauðsynlega innra skipulag sitt til að hafa virkt eftirlit með og hindra verslun með ólögleg efni.
3. Aðilar geta gert með sér tvíhliða eða marghliða samninga eða samkomulag til að auka árangur alþjóðlegrar samvinnu samkvæmt grein þessari og geta í því sambandi tekið til athugunar að gera fjárhagslegar ráðstafanir.

ation on interdiction and other related activities.

2. The Parties may undertake, directly or through competent international or regional organizations, to provide financial assistance to such transit States for the purpose of augmenting and strengthening the infrastructure needed for effective control and prevention of illicit traffic.
3. The Parties may conclude bilateral or multilateral agreements or arrangements to enhance the effectiveness of international co-operation pursuant to this article and may take into consideration financial arrangements in this regard.

11. gr.
Afhending undir eftirliti.

1. Ef meginreglur réttarkerfis hvers um sig leyfa skulu aðilar, eftir því sem þeim er unnt, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að beita megi með viðeigandi hætti afhendingu undir eftirliti á alþjóðlegum vettvangi á grundvelli samninga eða tilhögunar sem samkomulag hefur náðst um, til þess að þekkja deili á mönnum sem tengjast brotum sem lýst eru refsiverð skv. 1. mgr. 3. gr. og til að sækja þá til saka.

2. Ákvarðanir um afhendingu undir eftirliti skulu teknar í hverju tilviki fyrir sig og má þegar þörf krefur taka til athugunar fjárhagslega tilhögun og samkomulag varðandi beitingu lögsögu þeirra aðila sem mál varðar.

3. Ólöglegar sendingar, sem samþykkt er að afhenda undir eftirliti, má með samþykki þeirra aðila sem mál varðar stöðva í flutningi og senda síðan áfram þannig að fíkniefnin eða skynvilluefnin séu látin óhreyfð eða fjarlægð, eða annað látið í þeirra stað, í heild eða að hluta.

Article 11
CONTROLLED DELIVERY

1. If permitted by the basic principles of their respective domestic legal systems, the Parties shall take the necessary measures, within their possibilities, to allow for the appropriate use of controlled delivery at the international level, on the basis of agreements or arrangements mutually consented to, with a view to identifying persons involved in offences established in accordance with article 3, paragraph 1, and to taking legal action against them.
2. Decisions to use controlled delivery shall be made on a case-by-case basis and may, when necessary, take into consideration financial arrangements and understandings with respect to the exercise of jurisdiction by the Parties concerned.
3. Illicit consignments whose controlled delivery is agreed to may, with the consent of the Parties concerned, be intercepted and allowed to continue with the narcotic drugs or psychotropic substances intact or removed or replaced in whole or in part.

12. gr.
Efni sem algengt er að notuð séu við ólöglega framleiðslu fíkniefna og skynvilluefna.

1. Aðilar skulu gera þær ráðstafanir sem þeir telja viðeigandi til að hindra að efnum sé komið undan sem eru í skrám I og II og notuð eru við ólöglega framleiðslu fíkniefna og skynvilluefna, og skulu vinna saman í þessum tilgangi.

2. Búi aðili eða starfsnefndin yfir upplýsingum sem að mati hans eða hennar kunna að krefjast þess að efni verði fellt inn í skrá I eða II skal

Article 12
SUBSTANCES FREQUENTLY USED IN THE ILLICIT MANUFACTURE OF NARCOTIC DRUGS OR PSYCHOTROPIC SUBSTANCES

1. The Parties shall take the measures they deem appropriate to prevent diversion of substances in Table I and Table II used for the purpose of illicit manufacture of narcotic drugs or psychotropic substances, and shall co-operate with one another to this end.
2. If a Party or the Board has information which in its opinion may require the inclusion of a substance in Table I or Table II, it shall

tilkynna það aðalframkvæmdastjóra og veita honum þær upplýsingar sem styðja tilkynninguna. Málsmeðferð sú sem lýst er í 2.–7. mgr. þessarar greinar gildir einnig þegar aðili eða starfsnefndin býr yfir upplýsingum sem réttlæta að efni sé fellt niður úr skrá I eða II, eða að efni sé flutt úr annarri skránni í hina.

3. Aðalframkvæmdastjóri skal senda slíkar tilkynningar og allar þær upplýsingar sem hann telur við eiga til aðilanna og nefndarinnar, og til starfsnefndarinnar í þeim tilvikum er aðili sendir tilkynningu. Aðilar skulu senda aðalframkvæmdastjóra athugasemdir sínar við tilkynninguna, ásamt öllum upplýsingum þeim til stuðnings sem auðveldað geta starfsnefndinni mat sitt og nefndinni ákvörðun sína.

4. Nú telur starfsnefndin, með tilliti til umfangs, mikilvægis og fjölbreytni leyfilegrar notkunar efnis og þess hvort unnt og hversu auðvelt sé að nota önnur efni bæði í leyfilegum tilgangi og til ólöglegrar framleiðslu fíkniefna og skynvilluefna:
(a) að efnið sé oft notað við ólöglega framleiðslu fíkniefnis eða skynvilluefnis,

(b) að magn og umfang ólöglegrar framleiðslu fíkniefnis eða skynvilluefnis sé alvarleg ógnun við almennt heilsufar eða valdi alvarlegum félagslegum vanda, þannig að aðgerða á alþjóðavettvangi sé þörf, og skal hún þá greina nefndinni frá mati sínu á efninu, þar á meðal líkleg áhrif þess að efninu sé bætt inn í skrá I eða II á bæði leyfileg not og ólöglega framleiðslu, ásamt tillögum um aðgerðir til eftirlits sem í ljósi mats hennar myndu við eiga, ef um það er að ræða.
5. Nefndin getur með hliðsjón af þeim athugasemdum sem aðilar láta í té og athugasemdum og tillögum starfsnefndarinnar, en mat hennar skal vera ákvarðandi hvað snertir vísindaleg atriði, svo og með eðlilegri hliðsjón af öllum öðrum atriðum sem máli skipta, ákveðið með atkvæðum tveggja þriðju hluta nefndarmanna að fella efni inn í skrá I eða II.
6. Aðalframkvæmdastjóri skal greina öllum ríkjum og öðrum sem eru eða eiga rétt á að verða aðilar að samningi þessum, svo og starfsnefndinni, frá öllum ákvörðunum nefndarinnar samkvæmt grein þessari. Skulu slíkar ákvarðanir öðlast fullt gildi að því er hvern aðila varðar eitt hundrað og áttatíu dögum eftir dagsetningu erindis hans.

notify the Secretary-General and furnish him with the information in support of that notification. The procedure described in paragraphs 2 to 7 of this article shall also apply when a Party or the Board has information justifying the deletion of a substance from Table I or Table II, or the transfer of a substance from one Table to the other.
3. The Secretary-General shall transmit such notification, and any information which he considers relevant, to the Parties, to the Commission, and, where notification is made by a Party, to the Board. The Parties shall communicate their comments concerning the notification to the Secretary-General, together with all supplementary information which may assist the Board in establishing an assessment and the Commission in reaching a decision.
4. If the Board, taking into account the extent, importance and diversity of the licit use of the substance, and the possibility and ease of using alternate substances both for licit purposes and for the illicit manufacture of narcotic drugs or psychotropic substances, finds:
(a) That the substance is frequently used in the illicit manufacture of a narcotic drug or psychotropic substance;
(b) That the volume and extent of the illicit manufacture of a narcotic drug or psychotropic substance creates serious public health or social problems, so as to warrant international action, it shall communicate to the Commission an assessment of the substance, including the likely effect of adding the substance to either Table I or Table II on both licit use and illicit manufacture, together with recommendations of monitoring measures, if any, that would be appropriate in the light of its assessment.
5. The Commission, taking into account the comments submitted by the Parties and the comments and recommendations of the Board, whose assessment shall be determinative as to scientific matters, and also taking into due consideration any other relevant factors, may decide by a two-thirds majority of its members to place a substance in Table I or Table II.
6. Any decision of the Commission taken pursuant to this article shall be communicated by the Secretary-General to all States and other entities which are, or which are entitled to become, Parties to this Convention, and to the Board. Such decision shall become fully effective with respect to each Party one hundred and eighty days after the date of such communication.

7. (a) Ákvarðanir nefndarinnar samkvæmt grein þessari skulu sæta endurskoðun af hálfu ráðsins að beiðni aðila sé beiðni um það lögð fram innan eitt hundrað og áttatíu daga frá dagsetningu tilkynningar um ákvörðun. Beiðni um endurskoðun skal send aðalframkvæmdastjóra ásamt öllum viðeigandi upplýsingum sem liggja henni til grundvallar.
(b) Aðalframkvæmdastjóri skal senda nefndinni, starfsnefndinni og öllum aðilum afrit beiðni um endurskoðun ásamt viðeigandi upplýsingum og bjóða þeim að leggja fram athugasemdir sínar innan níutíu daga. Allar athugasemdir sem mótteknar eru skulu sendar ráðinu til athugunar.

(c) Ráðið getur staðfest eða hrundið ákvörðun nefndarinnar. Tilkynning um ákvörðun ráðsins skal send öllum ríkjum og öðrum sem eru eða eiga rétt á að verða aðilar að samningi þessum, svo og nefndinni og starfsnefndinni.

8. (a) Án þess að skert sé almennt gildi ákvæða 1. mgr. þessarar greinar og ákvæða samningsins frá 1961, samningsins frá 1961 með breytingum og samningsins frá 1971 skulu aðilar gera þær ráðstafanir sem þeir telja við eiga til að fylgjast með framleiðslu og dreifingu efna í skrá I og skrá II sem fram fer á landsvæði þeirra.

(b) Í þessu skyni geta aðilar:
(i) haft eftirlit með öllum einstaklingum og fyrirtækjum sem fást við framleiðslu og dreifingu slíkra efna,
(ii) gert fyrirtæki og aðstöðu þar sem slík framleiðsla eða dreifing kann að fara fram háða skilyrtu starfsleyfi,
(iii) krafist þess að leyfishafar afli sérstaks leyfis til að stunda framangreindan rekstur,
(iv) komið í veg fyrir að slík efni safnist fyrir hjá framleiðendum og dreifingaraðilum í meira magni en því sem eðlileg starfræksla og ríkjandi markaðsaðstæður heimta.

9. Hvað snertir efni í skrám I og II skal hver aðili gera eftirtaldar ráðstafanir:

(a) Koma á og halda uppi kerfi til að fylgjast með millilandaverslun með efni í skrám I og II, til að betur megi greina viðskipti sem grunsamleg eru. Slíku kerfi skal beitt í náinni samvinnu við framleiðendur, innflytjendur, útflytjendur, heildsala og smásala sem skulu greina lögbærum

7. (a) The decisions of the Commission taken under this article shall be subject to review by the Council upon the request of any Party filed within one hundred and eighty days after the date of notification of the decision. The request for review shall be sent to the Secretary-General, together with all relevant information upon which the request for review is based.
(b) The Secretary-General shall transmit copies of the request for review and the relevant information to the Commission, to the Board and to all the Parties, inviting them to submit their comments within ninety days. All comments received shall be submitted to the Council for consideration.
(c) The Council may confirm or reverse the decision of the Commission. Notification of the Council's decision shall be transmitted to all States and other entities which are, or which are entitled to become, Parties to this Convention, to the Commission and to the Board.
8. (a) Without prejudice to the generality of the provisions contained in paragraph 1 of this article and the provisions of the 1961 Convention, the 1961 Convention as amended and the 1971 Convention, the Parties shall take the measures they deem appropriate to monitor the manufacture and distribution of substances in Table I and Table II which are carried out within their territory.
(b) To this end, the Parties may:
(i) Control all persons and enterprises engaged in the manufacture and distribution of such substances;
(ii) Control under licence the establishment and premises in which such manufacture or distribution may take place;
(iii) Require that licensees obtain a permit for conducting the aforesaid operations;
(iv) Prevent the accumulation of such substances in the possession of manufacturers and distributors, in excess of the quantities required for the normal conduct of business and the prevailing market conditions.
9. Each Party shall, with respect to substances in Table I and Table II, take the following measures:
(a) Establish and maintain a system to monitor international trade in substances in Table I and Table II in order to facilitate the identification of suspicious transactions. Such monitoring systems shall be applied in close co-operation with manufacturers, importers, exporters, wholesalers

yfirvöldum frá grunsamlegum pöntunum og viðskiptum.
(b) Heimila að hald sé lagt á hvert það efni sem er í skrá I eða II ef nægileg ástæða er til að ætla að það skuli nota við ólöglega framleiðslu fíkniefnis eða skynvilluefnis.
(c) Tilkynna svo fljótt sem unnt er lögbærum stjórnvöldum og embættum viðkomandi aðila ef ástæða er til að álíta að efni í skrá I eða II sé innflutt, útflutt eða gegnumflutt til ólöglegrar framleiðslu fíkniefna eða skynvilluefna, og greina þá einnig sérstaklega frá upplýsingum um greiðslutilhögun og aðra nauðsynlega þætti sem álitið byggist á.

(d) Gera skylt að merkja og skjalfesta á viðeigandi hátt innflutning og útflutning. Á verslunarskjölum, svo sem vörureikningum, farmskrám, tollskjölum, flutningsskjölum og öðrum sendingarskjölum, skal greina heiti efna þeirra sem innflutt eru eða útflutt eins og þau eru í skrá I eða II, magn það sem inn- eða útflutt er og nöfn og heimilisföng útflytjandans og innflytjandans, svo og móttakandans, ef það er fyrir hendi.
(e) Sjá um að skjöl þau sem um er fjallað í d-lið þessarar málsgreinar séu geymd í tvö ár hið skemmsta og að hægt sé að gera þau tiltæk lögbærum stjórnvöldum til skoðunar.

10. (a) Auk þess sem greinir í 9. mgr., og samkvæmt beiðni þess aðila sem hagsmuna hefur að gæta til aðalframkvæmdastjóra, skal hver aðili sem efni í skrá I er flutt út frá tryggja að áður en útflutningurinn fer fram sendi lögbær stjórnvöld hans lögbærum stjórnvöldum innflutningsríkisins eftirfarandi upplýsingar:

(i) nöfn og heimilisföng útflytjanda og innflytjanda, svo og móttakandans, ef það er fyrir hendi,
(ii) heiti efnisins í skrá I,
(iii) magn efnisins sem útflutt skal,
(iv) áætlaða innflutningshöfn og áætlaðan sendingardag,
(v) sérhverjar aðrar upplýsingar sem aðilar verða ásáttir um.
(b) Aðili getur gert strangari eða harðari eftirlitsráðstafanir en í málsgrein þessari segir telji hann þær æskilegar eða nauðsynlegar.

11. Þegar aðili veitir öðrum aðila upplýsingar skv. 9. og 10. mgr. þessarar greinar getur sá aðili sem upplýsingarnar veitir krafist þess að aðilinn

and retailers, who shall inform the competent authorities of suspicious orders and transactions.
(b) Provide for the seizure of any substance in Table I or Table II if there is sufficient evidence that it is for use in the illicit manufacture of a narcotic drug or psychotropic substance.
(c) Notify, as soon as possible, the competent authorities and services of the Parties concerned if there is reason to believe that the import, export or transit of a substance in Table I or Table II is destined for the illicit manufacture of narcotic drugs or psychotropic substances, including in particular information about the means of payment and any other essential elements which led to that belief.
(d) Require that imports and exports be properly labelled and documented. Commercial documents such as invoices, cargo manifests, customs, transport and other shipping documents shall include the names, as stated in Table I or Table II, of the substances being imported or exported, the quantity being imported or exported, and the name and address of the exporter, the importer and, when available, the consignee.

(e) Ensure that documents referred to in subparagraph (d) of this paragraph are maintained for a period of not less than two years and may be made available for inspection by the competent authorities.
10. (a) In addition to the provisions of paragraph 9, and upon request to the Secretary-General by the interested Party, each Party from whose territory a substance in Table I is to be exported shall ensure that, prior to such export, the following information is supplied by its competent authorities to the competent authorities of the importing country:
(i) Name and address of the exporter and importer and, when available, the consignee;

(ii) Name of the substance in Table I;
(iii) Quantity of the substance to be exported;
(iv) Expected point of entry and expected date of dispatch;
(v) Any other information which is mutually agreed upon by the Parties.
(b) A Party may adopt more strict or severe measures of control than those provided by this paragraph if, in its opinion, such measures are desirable or necessary.
11. Where a Party furnishes information to another Party in accordance with paragraphs 9 and 10 of this article, the Party furnishing such

sem fær þær haldi leyndum öllum upplýsingum um iðnað, atvinnurekstur, viðskipti, sérfræðiverk eða vinnuaðferðir sem leynt eiga að fara.
12. Hver aðili skal árlega veita starfsnefndinni upplýsingar, í því formi og á þann hátt sem hún ákveður og á eyðublöðum sem hún lætur í té, um:
(a) magn efna í skrám I og II sem hald er lagt á og, ef það er vitað, hvar þau eru upprunnin,
(b) öll þau efni sem ekki eru í skrá I eða II sem í ljós er leitt að hafi verið notuð við ólöglega framleiðslu fíkniefna eða skynvilluefna og aðilinn telur svo mikilvæg að vekja beri athygli starfsnefndarinnar á þeim,

(c) aðferðir til að koma efnum undan eða framleiða þau ólöglega.
13. Starfsnefndin skal árlega gefa nefndinni skýrslu um framkvæmd þessarar greinar og skal nefndin með hæfilegum fresti endurskoða hvort tilgreiningar í skrám I og II séu fullnægjandi og viðeigandi.
14. Ákvæði greinar þessarar taka ekki til lyfja eða annarra tilreiddra efna sem innihalda efni í skrám I eða II sem eru þannig samsett að nýting efnanna eða úrvinnsla þeirra geti ekki farið fram án vandkvæða eða með aðferðum sem auðveldlega eru tiltækar.

13. gr.
Tæki og búnaður.

Aðilar skulu gera þær ráðstafanir sem þeir telja við eiga til að hindra að verslað sé með eða komið undan tækjum og búnaði til ólöglegrar framleiðslu eða tilbúnings á fíkniefnum og skynvilluefnum, og skulu eiga með sér samvinnu í þessu markmiði.

14. gr.
Aðgerðir til að uppræta ólöglega ræktun fíkniefnajurta og útrýma ólöglegri eftirspurn eftir fíkniefnum og skynvilluefnum.

1. Engar ráðstafanir sem aðilar gera samkvæmt samningi þessum skulu ganga skemmra en ákvæði þau sem gilda um upprætingu á ólöglegri ræktun jurta sem innihalda fíkniefni og skynvilluefni og um útrýmingu á ólöglegri eftirspurn eftir fíkniefnum og skynvilluefnum samkvæmt samningnum frá 1961, samningnum frá 1961 með breytingum og samningnum frá 1971.

information may require that the Party receiving it keep confidential any trade, business, commercial or professional secret or trade process.
12. Each Party shall furnish annually to the Board, in the form and manner provided for by it and on forms made available by it, information on:
(a) The amounts seized of substances in Table I and Table II and, when known, their origin;
(b) Any substance not included in Table I or Table II which is identified as having been used in illicit manufacture of narcotic drugs or psychotropic substances, and which is deemed by the Party to be sufficiently significant to be brought to the attention of the Board;
(c) Methods of diversion and illicit manufacture.
13. The Board shall report annually to the Commission on the implementation of this article and the Commission shall periodically review the adequacy and propriety of Table I and Table II.
14. The provisions of this article shall not apply to pharmaceutical preparations, nor to other preparations containing substances in Table I or Table II that are compounded in such a way that such substances cannot be easily used or recovered by readily applicable means.

Article 13
MATERIALS AND EQUIPMENT

The Parties shall take such measures as they deem appropriate to prevent trade in and the diversion of materials and equipment for illicit production or manufacture of narcotic drugs and psychotropic substances and shall co-operate to this end.

Article 14
MEASURES TO ERADICATE ILLICIT CULTIVATION OF NARCOTIC PLANTS AND TO ELIMINATE ILLICIT DEMAND FOR NARCOTIC DRUGS AND PSYCHOTROPIC SUBSTANCES

1. Any measures taken pursuant to this Convention by Parties shall not be less stringent than the provisions applicable to the eradication of illicit cultivation of plants containing narcotic and psychotropic substances and to the elimination of illicit demand for narcotic drugs and psychotropic substances under the provisions of the 1961 Convention, the 1961 Convention as amended and the 1971 Convention.

2. Hver aðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir ólöglega ræktun á og útrýma jurtum sem innihalda fíkniefni eða skynvilluefni, svo sem ópíumvalmúa, kókarunna og kannabisjurtum, sem ræktaðar eru ólöglega á landsvæði hans. Með þeim ráðstöfunum sem gripið er til skulu grundvallarmannréttindi virt og eðlilegt tillit tekið til þeirra venjubundnu nota sem leyfileg eru, þar sem gögn liggja fyrir um hefð fyrir slíkum notum, og til umhverfisverndar.

3. (a) Aðilar geta haft með sér samvinnu til að gera útrýmingaraðgerðir árangursríkari. Meðal annars getur slík samvinna, þar sem við á, falið í sér aðstoð við samræmda atvinnuuppbyggingu í sveitum er leiði til þess að aðrir kostir bjóðist í stað ólöglegrar ræktunar sem staðið geta undir sér efnahagslega. Taka ber til athugunar þætti á borð við aðgang að mörkuðum, hverjar auðlindir séu tiltækar og ríkjandi félagshagfræðilegar aðstæður áður en slíkum uppbyggingaráætlunum í sveitum er hrint í framkvæmd. Aðilar geta samið um hverjar þær samvinnuráðstafanir aðrar sem við eiga.

(b) Aðilar skulu einnig greiða fyrir skiptum á vísindalegum og tæknilegum upplýsingum og framkvæmd rannsókna varðandi útrýmingu.

(c) Hvarvetna þar sem landamæri aðila liggja saman skulu þeir leitast við að eiga með sér samvinnu um útrýmingaráætlanir á landsvæðum hvers um sig sem að landamærunum liggja.

4. Aðilar skulu gera viðeigandi ráðstafanir sem beinast að því að útrýma eða draga úr ólöglegri eftirspurn eftir fíkniefnum og skynvilluefnum með það að markmiði að draga úr mannlegum þjáningum og uppræta fjárhagslegan hvata til ólöglegrar verslunar. Ráðstafanir þessar má meðal annars grundvalla á tilmælum Sameinuðu þjóðanna, sérstofnana Sameinuðu þjóðanna svo sem Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinar, og annarra þar til hæfra alþjóðastofnana, og á heildardrögum þeim um samvinnu á vettvangi ýmissa fræðigreina sem samþykkt voru af alþjóðaráðstefnunni um misnotkun lyfja og ólöglega meðferð þeirra sem haldin var 1987, að því leyti sem lýtur að stofnunum á vegum ríkisvalds og utan þess og viðleitni einkaaðila á sviði forvarna, meðferðar og endurhæfingar. Geta aðilar komið á með sér tvíhliða eða marghliða samkomulagi eða tilhögun sem miðar að því að uppræta eða draga úr ólöglegri eftirspurn eftir fíkniefnum og skynvilluefnum.

2. Each Party shall take appropriate measures to prevent illicit cultivation of and to eradicate plants containing narcotic or psychotropic substances, such as opium poppy, coca bush and cannabis plants, cultivated illicitly in its territory. The measures adopted shall respect fundamental human rights and shall take due account of traditional licit uses, where there is historic evidence of such use, as well as the protection of the environment.

3. (a) The Parties may co-operate to increase the effectiveness of eradication efforts. Such co-operation may, inter alia, include support, when appropriate, for integrated rural development leading to economically viable alternatives to illicit cultivation. Factors such as access to markets, the availability of resources and prevailing socio-economic conditions should be taken into account before such rural development programmes are implemented. The Parties may agree on any other appropriate measures of co-operation.

(b) The Parties shall also facilitate the exchange of scientific and technical information and the conduct of research concerning eradication.

(c) Whenever they have common frontiers, the Parties shall seek to co-operate in eradication programmes in their respective areas along those frontiers.

4. The Parties shall adopt appropriate measures aimed at eliminating or reducing illicit demand for narcotic drugs and psychotropic substances, with a view to reducing human suffering and eliminating financial incentives for illicit traffic. These measures may be based, inter alia, on the recommendations of the United Nations, specialized agencies of the United Nations such as the World Health Organization, and other competent international organizations, and on the Comprehensive Multidisciplinary Outline adopted by the International Conference on Drug Abuse and Illicit Trafficking, held in 1987, as it pertains to governmental and non-governmental agencies and private efforts in the fields of prevention, treatment and rehabilitation. The Parties may enter into bilateral or multilateral agreements or arrangements aimed at eliminating or reducing illicit demand for narcotic drugs and psychotropic substances.

5. Aðilar geta einnig gert nauðsynlegar ráðstafanir til þess að eyða eða ráðstafa með lögmætum hætti á fyrri stigum málsmeðferðar fíkniefnum, skynvilluefnum og efnum í skrá I eða II sem hald hefur verið lagt á eða gerð hafa verið upptæk, og til að nota megi slík efni sem sönnunargögn í nauðsynlegu magni sem greind hafa verið með réttum hætti.

15. gr.

Flytjendur í atvinnurekstri.

1. Aðilar skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að flutningatæki sem flytjendur reka í atvinnuskyni séu ekki notuð við að fremja brot þau sem lýst eru refsiverð skv. 1. mgr. 3. gr., og geta slíkar ráðstafanir tekið til sérstakrar tilhögunar sem komið er á í samráði við flytjendur í atvinnurekstri.

2. Hver aðili skal krefjast þess af flytjendum í atvinnurekstri að þeir geri eðlilegar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að flutningatæki þeirra séu notuð til að fremja brot sem lýst eru refsiverð skv. 1. mgr. 3. gr. Meðal slíkra varúðarráðstafana geta verið:

(a) sé aðalatvinnustöð flytjanda í atvinnurekstri á landsvæði aðila:

(i) að þjálfa starfsmenn við að greina úr grunsamlegar vörusendingar eða grunsamlegt fólk,

(ii) að hvetja til ráðvendni starfsmanna,

(b) ef flytjandi í atvinnurekstri stundar starfsemi innan landsvæðis aðila:

(i) að fá farmskrár afhentar fyrir fram hvarvetna þar sem það er unnt,

(ii) að nota innsigli á gáma sem sýna hvort þau hafi verið rofin og hver hefur innsiglað,

(iii) að tilkynna viðkomandi yfirvöldum eins fljótt og unnt er um allar grunsamlegar aðstæður sem kunna að tengjast því að framin séu brot sem lýst eru refsiverð skv. 1. mgr. 3. gr.

3. Hver aðili skal leitast við að tryggja að flytjendur í atvinnurekstri og viðkomandi yfirvöld á inn- og útflutningsstöðum og öðrum tollgæslusvæðum starfi saman til þess að koma í veg fyrir aðgang að flutningatækjum eða farmi án heimildar og til að framkvæma viðeigandi öryggisráðstafanir.

5. The Parties may also take necessary measures for early destruction or lawful disposal of the narcotic drugs, psychotropic substances and substances in Table I and Table II which have been seized or confiscated and for the admissibility as evidence of duly certified necessary quantities of such substances.

Article 15

COMMERCIAL CARRIERS

1. The Parties shall take appropriate measures to ensure that means of transport operated by commercial carriers are not used in the commission of offences established in accordance with article 3, paragraph 1; such measures may include special arrangements with commercial carriers.

2. Each Party shall require commercial carriers to take reasonable precautions to prevent the use of their means of transport for the commission of offences established in accordance with article 3, paragraph 1. Such precautions may include:

(a) If the principal place of business of a commercial carrier is within the territory of the Party:

(i) Training of personnel to identify suspicious consignments or persons;

(ii) Promotion of integrity of personnel;

(b) If a commercial carrier is operating within the territory of the Party:

(i) Submission of cargo manifests in advance, whenever possible;

(ii) Use of tamper-resistant, individually verifiable seals on containers;

(iii) Reporting to the appropriate authorities at the earliest opportunity all suspicious circumstances that may be related to the commission of offences established in accordance with article 3, paragraph 1.

3. Each Party shall seek to ensure that commercial carriers and the appropriate authorities at points of entry and exit and other customs control areas co-operate, with a view to preventing unauthorized access to means of transport and cargo and to implementing appropriate security measures.

16. gr.
Verslunarskjöl og merkingar á útflutningsvörum.

1. Hver aðili skal krefjast þess að löglegar útflutningssendingar fíkniefna og skynvilluefna séu réttilega skjalfestar. Auk krafna um skjalfestingu skv. 31. gr. samningsins frá 1961, 31. gr. samningsins frá 1961 með breytingum og 12. gr. samningsins frá 1971 skulu verslunarskjöl, svo sem vörureikningar, farmskrár, tollskjöl, flutningsskjöl og önnur sendingarskjöl, tilgreina heiti fíkniefnanna eða skynvilluefnanna sem flutt eru út, á þann hátt sem gert er í viðeigandi fylgiskjölum með samningnum frá 1961, samningnum frá 1961 með breytingum og samningnum frá 1971, magn það sem flutt er út og nafn og heimilisfang útflytjanda og innflytjanda, og vörumóttakanda, ef það er fyrir hendi.

2. Hver aðili skal krefjast þess að sendingar fíkniefna og skynvilluefna sem eru flutt út séu ekki ranglega merktar.

17. gr.
Ólögleg verslun sjóleiðis.

1. Í samræmi við alþjóðlegan hafrétt skulu aðilar hafa með sér alla þá samvinnu sem unnt er til að stöðva ólöglega verslun sjóleiðis.

2. Aðili sem hefur rökstuddan grun um að skip, er siglir undir fána hans eða sýnir ekki fána eða skrásetningarmerki, fáist við ólöglega verslun getur óskað aðstoðar annarra aðila við að stöðva þessa notkun þess. Þeir aðilar sem beðnir eru um slíkt skulu veita aðstoðina á þann hátt sem þeim er unnt.

3. Aðili sem hefur rökstuddan grun um að skip, sem neytir frelsis til siglinga að þjóðarétti og siglir undir fána eða sýnir skrásetningarmerki annars aðila, fáist við ólöglega verslun getur tilkynnt fánaríkinu það, óskað staðfestingar á skráningu og, sé hún staðfest, óskað heimildar fánaríkisins til að grípa til viðeigandi aðgerða gagnvart skipinu.

4. Samkvæmt 3. mgr., samningum sem í gildi eru milli aðila eða hverju því samkomulagi eða tilhögun sem þeir koma annars á með sér getur fánaríkið meðal annars heimilað beiðniríkinu:

(a) að fara um borð í skipið,
(b) að leita í skipinu,

Article 16
COMMERCIAL DOCUMENTS AND LABELLING OF EXPORTS

1. Each Party shall require that lawful exports of narcotic drugs and psychotropic substances be properly documented. In addition to the requirements for documentation under article 31 of the 1961 Convention, article 31 of the 1961 Convention as amended and article 12 of the 1971 Convention, commercial documents such as invoices, cargo manifests, customs, transport and other shipping documents shall include the names of the narcotic drugs and psychotropic substances being exported as set out in the respective Schedules of the 1961 Convention, the 1961 Convention as amended and the 1971 Convention, the quantity being exported, and the name and address of the exporter, the importer and, when available, the consignee.

2. Each Party shall require that consignments of narcotic drugs and psychotropic substances being exported be not mislabelled.

Article 17
ILLICIT TRAFFIC BY SEA

1. The Parties shall co-operate to the fullest extent possible to suppress illicit traffic by sea, in conformity with the international law of the sea.

2. A Party which has reasonable grounds to suspect that a vessel flying its flag or not displaying a flag or marks of registry is engaged in illicit traffic may request the assistance of other Parties in suppressing its use for that purpose. The Parties so requested shall render such assistance within the means available to them.

3. A Party which has reasonable grounds to suspect that a vessel exercising freedom of navigation in accordance with international law and flying the flag or displaying marks of registry of another Party is engaged in illicit traffic may so notify the flag State, request confirmation of registry and, if confirmed, request authorization from the flag State to take appropriate measures in regard to that vessel.

4. In accordance with paragraph 3 or in accordance with treaties in force between them or in accordance with any agreement or arrangement otherwise reached between those Parties, the flag State may authorize the requesting State to, inter alia:

(a) Board the vessel;
(b) Search the vessel;

(c) ef ummerki finnast um tengsl við ólöglega verslun, að grípa til viðeigandi ráðstafana gagnvart skipinu, farmi þess eða mönnum um borð.
5. Þegar gripið er til aðgerða samkvæmt þessari grein skulu hlutaðeigandi aðilar hafa hliðsjón af nauðsyn þess að ekki sé stefnt í hættu öryggi mannslífa á hafinu, öryggi skips og farms, og að ekki séu skertir verslunarhagsmunir eða lagalegir hagsmunir fánaríkisins eða þeirra ríkja annarra sem hagsmuna hafa að gæta.
6. Í samræmi við skuldbindingar sínar skv. 1. mgr. þessarar greinar getur fánaríkið sett þau skilyrði fyrir heimild sinni sem það og beiðnisríkið verða ásátt um, þar á meðal skilyrði varðandi ábyrgð.
7. Hvað 3. og 4. mgr. þessarar greinar snertir skal aðili svara fljótt og greiðlega beiðni annars aðila um ákvörðun um hvort skip sem siglir undir fána hans eigi rétt á að gera það, og beiðni um heimild sem sett er fram skv. 3. mgr. Er hver aðili gerist aðili að samningi þessum skal hann tilnefna stjórnvald, eða, ef með þarf, stjórnvöld, til að taka við slíkum beiðnum og svara þeim. Slíkar tilnefningar skulu fyrir milligöngu aðalframkvæmdastjóra tilkynntar öllum öðrum aðilum innan mánaðar frá því er þær eru gerðar.

8. Aðili sem gripið hefur til einhverra aðgerða samkvæmt grein þessari skal þegar tilkynna viðkomandi fánaríki um árangur þeirra.

9. Aðilar skulu taka til athugunar að koma á með sér tvíhliða samkomulagi eða svæðasamkomulagi eða tilhögun til að framkvæma ákvæði þessarar greinar, eða stuðla að því að gera þau virkari.
10. Aðgerðir skv. 4. mgr. þessarar greinar skulu einungis framkvæmdar af herskipum eða herloftförum, eða öðrum skipum eða loftförum sem greinilega eru auðkennd og sjá má að gegna stjórnvaldsfyrirmælum samkvæmt heimild.
11. Við allar aðgerðir sem gripið er til samkvæmt grein þessari skal höfð hliðsjón af nauðsyn þess að valda ekki truflun eða skerðingu á réttindum og skyldum strandríkja eða beitingu lögsögu af þeirra hálfu samkvæmt reglum alþjóðlegs hafréttar.

18. gr.
Fríverslunarsvæði og fríhafnir.

1. Aðilar skulu gera ráðstafanir til að stöðva ólöglega verslun með fíkniefni, skynvilluefni og efni í skrám I og II á fríverslunarsvæðum og í

(c) If evidence of involvement in illicit traffic is found, take appropriate action with respect to the vessel, persons and cargo on board.
5. Where action is taken pursuant to this article, the Parties concerned shall take due account of the need not to endanger the safety of life at sea, the security of the vessel and the cargo or to prejudice the commercial and legal interests of the flag State or any other interested State.

6. The flag State may, consistent with its obligations in paragraph 1 of this article, subject its authorization to conditions to be mutually agreed between it and the requesting Party, including conditions relating to responsibility.
7. For the purposes of paragraphs 3 and 4 of this article, a Party shall respond expeditiously to a request from another Party to determine whether a vessel that is flying its flag is entitled to do so, and to requests for authorization made pursuant to paragraph 3. At the time of becoming a Party to this Convention, each Party shall designate an authority or, when necessary, authorities to receive and respond to such requests. Such designation shall be notified through the Secretary-General to all other Parties within one month of the designation.
8. A Party which has taken any action in accordance with this article shall promptly inform the flag State concerned of the results of that action.
9. The Parties shall consider entering into bilateral or regional agreements or arrangements to carry out, or to enhance the effectiveness of, the provisions of this article.

10. Action pursuant to paragraph 4 of this article shall be carried out only by warships or military aircraft, or other ships or aircraft clearly marked and identifiable as being on government service and authorized to that effect.
11. Any action taken in accordance with this article shall take due account of the need not to interfere with or affect the rights and obligations and the exercise of jurisdiction of coastal States in accordance with the international law of the sea.

Article 18
FREE TRADE ZONES AND FREE PORTS

1. The Parties shall apply measures to suppress illicit traffic in narcotic drugs, psychotropic substances and substances in Table I and Table II

fríhöfnum, sem ekki ganga skemmra en þær sem beitt er á öðrum landsvæðum þeirra.

2. Aðilar skulu leitast við að:
(a) fylgjast með flutningi á vörum og fólki á fríverslunarsvæðum og í fríhöfnum, og veita lögbærum stjórnvöldum sínum í því skyni heimild til að leita í farmi og skipum við komu og brottför, þar á meðal í lystiförum og fiskiskipum, svo og í loftförum og ökutækjum, en einnig á áhöfnum og farþegum og í farangri þeirra, þar sem við á,
(b) koma á og halda uppi kerfi til að greina vörusendingar sem grunur leikur á að innihaldi fíkniefni, skynvilluefni eða efni í skrám I og II er fara frá eða koma til fríverslunarsvæða eða fríhafna,
(c) koma á og halda uppi kerfi til að fylgjast með því sem á sér stað á hafnar- og viðlegusvæðum og á flugvöllum og landamærastöðvum innan fríverslunarsvæða og í fríhöfnum.

19. gr.
Notkun póstþjónustunnar.

1. Í samræmi við skuldbindingar sínar samkvæmt samningum Alþjóðapóstsambandsins og grundvallarreglur landslaga sinna skulu aðilar gera ráðstafanir til að stöðva notkun póstþjónustunnar til ólöglegrar verslunar, og skulu þeir hafa með sér samvinnu í þeim tilgangi.

2. Meðal ráðstafana þeirra sem gert er ráð fyrir í 1. mgr. þessarar greinar skulu einkum vera:
(a) samræmdar aðgerðir til að koma í veg fyrir og stöðva notkun póstþjónustunnar til ólöglegrar verslunar,
(b) að þar til bærir löggæslumenn komi á og beiti aðferðum til rannsóknar og eftirlits sem ætlað er að greina ólöglegar sendingar fíkniefna, skynvilluefna og efna í skrá I og II í pósti,

(c) aðgerðir á sviði löggjafar sem gera kleift að afla þeirra sönnunargagna á viðeigandi hátt sem þörf er á vegna meðferðar máls fyrir dómi.

20. gr.
Upplýsingar sem aðilar veiti.

1. Aðilar skulu fyrir milligöngu aðalframkvæmdastjóra veita nefndinni upplýsingar um hvernig samningur þessi verkar á landsvæðum þeirra, þar á meðal:
(a) texta laga og reglugerða sem sett eru til að framkvæma samning þennan,

in free trade zones and in free ports that are no less stringent than those applied in other parts of their territories.
2. The Parties shall endeavour:
(a) To monitor the movement of goods and persons in free trade zones and free ports, and, to that end, shall empower the competent authorities to search cargoes and incoming and outgoing vessels, including pleasure craft and fishing vessels, as well as aircraft and vehicles and, when appropriate, to search crew members, passengers and their baggage;
(b) To establish and maintain a system to detect consignments suspected of containing narcotic drugs, psychotropic substances and substances in Table I and Table II passing into or out of free trade zones and free ports;
(c) To establish and maintain surveillance systems in harbour and dock areas and at airports and border control points in free trade zones and free ports.

Article 19
THE USE OF THE MAILS

1. In conformity with their obligations under the Conventions of the Universal Postal Union, and in accordance with the basic principles of their domestic legal systems, the Parties shall adopt measures to suppress the use of the mails for illicit traffic and shall co-operate with one another to that end.
2. The measures referred to in paragraph 1 of this article shall include, in particular:
(a) Co-ordinated action for the prevention and repression of the use of the mails for illicit traffic;
(b) Introduction and maintenance by authorized law enforcement personnel of investigative and control techniques designed to detect illicit consignments of narcotic drugs, psychotropic substances and substances in Table I and Table II in the mails;
(c) Legislative measures to enable the use of appropriate means to secure evidence required for judicial proceedings.

Article 20
INFORMATION TO BE FURNISHED BY THE PARTIES

1. The Parties shall furnish, through the Secretary-General, information to the Commission on the working of this Convention in their territories and, in particular:
(a) The text of laws and regulations promulgated in order to give effect to the Convention;

(b) málsatvik í málum um ólöglega verslun innan lögsögu þeirra sem þeir telja mikilvæg vegna þess að ný tilhneiging komi þar fram, vegna magns þess sem um ræðir, vegna uppruna efnanna, eða vegna þeirra aðferða sem beitt hefur verið við brotin.
2. Aðilar skulu veita upplýsingar þessar á þann hátt og svo tímanlega sem nefndin kann að óska eftir.

21. gr.
Störf nefndarinnar.

Nefndin hefur heimild til að fjalla um öll málefni sem varða tilgang samnings þessa, en einkum
(a) skal nefndin á grundvelli þeirra upplýsinga sem aðilar veita skv. 20. gr. fylgjast með framkvæmd samningsins,

(b) getur nefndin komið fram með tillögur og almenn tilmæli á grundvelli athugunar á upplýsingum sem aðilar veita,

(c) getur nefndin vakið athygli starfsnefndarinnar á hverju því málefni er varða kann störf starfsnefndarinnar,
(d) skal nefndin í málum sem starfsnefndin vísar til hennar skv. b-lið 1. mgr. 22. gr. grípa til þeirra aðgerða sem hún telur við eiga,

(e) getur nefndin eftir þeirri málsmeðferð sem kveðið er á um í 12. gr. breytt skrá I og II,

(f) getur nefndin vakið athygli ríkja sem ekki eru aðilar að samningnum á ákvörðunum og tilmælum sem samþykkt eru samkvæmt samningi þessum, í því skyni að þau taki til athugunar aðgerðir sem samræmast þeim.

22. gr.
Störf starfsnefndarinnar.

1. Án þess að hafa áhrif á störf nefndarinnar skv. 21. gr. eða störf starfsnefndarinnar og nefndarinnar samkvæmt samningnum frá 1961, samningnum frá 1961 með breytingum eða samningnum frá 1971,

(a) hafi starfsnefndin, á grundvelli athugunar á upplýsingum sem hún, aðalframkvæmdastjóri eða nefndin hefur tiltækar, eða upplýsingum sem stofnanir Sameinuðu þjóðanna hafa látið í té, ástæðu til að ætla að markmiðum samnings þessa í málefnum sem varða valdsvið hennar sé ekki náð getur hún boðið aðilum, einum eða fleiri, að veita allar upplýsingar sem máli skipta,

(b) Particulars of cases of illicit traffic within their jurisdiction which they consider important because of new trends disclosed, the quantities involved, the sources from which the substances are obtained, or the methods employed by persons so engaged.
2. The Parties shall furnish such information in such a manner and by such dates as the Commission may request.

Article 21
FUNCTIONS OF THE COMMISSION

The Commission is authorized to consider all matters pertaining to the aims of this Convention and, in particular:
(a) The Commission shall, on the basis of the information submitted by the Parties in accordance with article 20, review the operation of this Convention;
(b) The Commission may make suggestions and general recommendations based on the examination of the information received from the Parties;
(c) The Commission may call the attention of the Board to any matters which may be relevant to the functions of the Board;
(d) The Commission shall, on any matter referred to it by the Board under article 22, paragraph 1(b), take such action as it deems appropriate;
(e) The Commission may, in conformity with the procedures laid down in article 12, amend Table I and Table II;
(f) The Commission may draw the attention of non-Parties to decisions and recommendations which it adopts under this Convention, with a view to their considering taking action in accordance therewith.

Article 22
FUNCTIONS OF THE BOARD

1. Without prejudice to the functions of the Commission under article 21, and without prejudice to the functions of the Board and the Commission under the 1961 Convention, the 1961 Convention as amended and the 1971 Convention:
(a) If, on the basis of its examination of information available to it, to the Secretary-General or to the Commission, or of information communicated by United Nations organs, the Board has reason to believe that the aims of this Convention in matters related to its competence are not being met, the Board may invite a Party or Parties to furnish any relevant information;

(b) hvað snertir 12., 13. og 16. gr.,

(i) að afloknum aðgerðum skv. a-lið þessarar greinar getur starfsnefndin, telji hún víst að það sé nauðsynlegt, skorað á þann aðila sem um ræðir að gera þær ráðstafanir til úrbóta sem með tilliti til aðstæðna virðast nauðsynlegar til að framkvæmd verði ákvæði 12., 13. og 16. gr.,

(ii) áður en aðgerðir skv. (iii) hér að neðan eru framkvæmdar skal starfsnefndin fara með það sem trúnaðarmál sem henni og viðkomandi aðila hefur farið á milli samkvæmt undanfarandi liðum,

(iii) komist starfsnefndin að raun um að viðkomandi aðili hafi ekki gert ráðstafanir til úrbóta sem skorað hefur verið á hann að gera samkvæmt þessum staflið getur hún vakið athygli aðilanna, ráðsins og nefndarinnar á málinu. Í hverri þeirri skýrslu, sem starfsnefndin kann að birta samkvæmt þessum lið, skulu sjónarmið viðkomandi aðila einnig tilgreind ef hann óskar þess.

2. Hverjum þeim aðila, sem hefur beinna hagsmuna að gæta um málefni sem fjallað er um á fundi starfsnefndarinnar samkvæmt þessari grein, skal boðið að láta sækja fundinn fyrir sína hönd.

3. Í tilvikum þar sem ákvörðun starfsnefndarinnar samkvæmt grein þessari er ekki samþykkt samhljóða skal geta sjónarmiða minni hlutans.

4. Ákvarðanir starfsnefndarinnar samkvæmt grein þessari skulu teknar með atkvæðum tveggja þriðju hluta allra nefndarmanna.

5. Er starfsnefndin rækir störf sín skv. a-lið 1. mgr. þessarar greinar skal hún sjá um að trúnaður sé virtur um allar upplýsingar er henni kunna að berast.

6. Ábyrgð nefndarinnar samkvæmt þessari grein tekur ekki til framkvæmdar á alþjóðasamningi eða samkomulagi sem aðilar gera með sér samkvæmt ákvæðum samnings þessa.

7. Ákvæði þessarar greinar taka ekki til ágreinings milli aðila sem fellur undir ákvæði 32. gr.

23. gr.

Skýrslur starfsnefndarinnar.

1. Starfsnefndin skal árlega gera skýrslu um störf sín þar sem unnið er úr þeim upplýsingum sem henni eru tiltækar og, þar sem við á, lýst útskýringum sem aðilar hafa veitt eða óskað hefur verið af þeim, ef um það er að ræða, og tilgreindar athugasemdir og tilmæli sem starfsnefndin kann að vilja gera. Starfsnefndin getur

(b) With respect to articles 12, 13 and 16:

(i) After taking action under subparagraph (a) of this article, the Board, if satisfied that it is necessary to do so, may call upon the Party concerned to adopt such remedial measures as shall seem under the circumstances to be necessary for the execution of the provisions of articles 12, 13 and 16;

(ii) Prior to taking action under (iii) below, the Board shall treat as confidential its communications with the Party concerned under the preceding subparagraphs;

(iii) If the Board finds that the Party concerned has not taken remedial measures which it has been called upon to take under this subparagraph, it may call the attention of the Parties, the Council and the Commission to the matter. Any report published by the Board under this subparagraph shall also contain the views of the Party concerned if the latter so requests.

2. Any Party shall be invited to be represented at a meeting of the Board at which a question of direct interest to it is to be considered under this article.

3. If in any case a decision of the Board which is adopted under this article is not unanimous, the views of the minority shall be stated.

4. Decisions of the Board under this article shall be taken by a two-thirds majority of the whole number of the Board.

5. In carrying out its functions pursuant to subparagraph 1(a) of this article, the Board shall ensure the confidentiality of all information which may come into its possession.

6. The Board's responsibility under this article shall not apply to the implementation of treaties or agreements entered into between Parties in accordance with the provisions of this Convention.

7. The provisions of this article shall not be applicable to disputes between Parties falling under the provisions of article 32.

Article 23

REPORTS OF THE BOARD

1. The Board shall prepare an annual report on its work containing an analysis of the information at its disposal and, in appropriate cases, an account of the explanations, if any, given by or required of Parties, together with any observations and recommendations which the Board desires to make. The Board may make such

gert þær skýrslur aðrar sem hún telur þörf á. Skal leggja þær fyrir ráðið fyrir milligöngu nefndarinnar, en nefndin getur gert þær athugasemdir sem henni þykir ástæða til.
2. Skýrslur nefndarinnar skulu sendar aðilum og skal aðalframkvæmdastjóri síðan birta þær. Aðilar skulu leyfa óhefta dreifingu þeirra.

24. gr.
Beiting strangari ráðstafana en krafist er í samningi þessum.

Aðili getur gert harðari eða strangari ráðstafanir en kveðið er á um í samningi þessum ef hann telur slíkar ráðstafanir æskilegar eða nauðsynlegar til að koma í veg fyrir eða stöðva ólöglega verslun.

25. gr.
Engin frávik frá réttindum og skyldum samkvæmt fyrri alþjóðasamningum.

Í ákvæðum samnings þessa skulu ekki talin felast frávik frá réttindum sem aðilar njóta eða skyldum sem þeir hafa tekið á sig samkvæmt samningnum frá 1961, samningnum frá 1961 með breytingum eða samningnum frá 1971.

26. gr.
Undirritun.

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar á skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Vínarborg frá 20. desember 1988 til 28. febrúar 1989, og síðan í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York til 20. desember 1989, af hálfu
(a) allra ríkja,
(b) Namibíu sem Namibíuráð Sameinuðu þjóðanna kemur fram fyrir,
(c) svæðastofnana um efnahagssamvinnu sem bærar eru til að stunda samningaviðræður um, semja um og framkvæma atriði sem samningur þessi fjallar um, og gilda tilvísanir í samningi þessum til aðila, ríkja eða embætta um þær stofnanir innan þeirra takmarka sem valdmörk þeirra setja.

27. gr.
Fullgilding, staðfesting, samþykki eða formleg staðfestingargerð.

1. Samningur þessi er háður fullgildingu, staðfestingu eða samþykki af hálfu ríkja og af hálfu Namibíu, sem Namibíuráð Sameinuðu þjóðanna

additional reports as it considers necessary. The reports shall be submitted to the Council through the Commission which may make such comments as it sees fit.
2. The reports of the Board shall be communicated to the Parties and subsequently published by the Secretary-General. The Parties shall permit their unrestricted distribution.

Article 24
APPLICATION OF STRICTER MEASURES THAN THOSE REQUIRED BY THIS CONVENTION

A Party may adopt more strict or severe measures than those provided by this Convention if, in its opinion, such measures are desirable or necessary for the prevention or suppression of illicit traffic.

Article 25
NON-DEROGATION FROM EARLIER TREATY RIGHTS AND OBLIGATIONS

The provisions of this Convention shall not derogate from any rights enjoyed or obligations undertaken by Parties to this Convention under the 1961 Convention, the 1961 Convention as amended and the 1971 Convention.

Article 26
SIGNATURE

This Convention shall be open for signature at the United Nations Office at Vienna, from 20 December 1988 to 28 February 1989, and thereafter at the Headquarters of the United Nations at New York, until 20 December 1989, by:
(a) All States;
(b) Namibia, represented by the United Nations Council for Namibia;
(c) Regional economic integration organizations which have competence in respect of the negotiation, conclusion and application of international agreements in matters covered by this Convention, references under the Convention to Parties, States or national services being applicable to these organizations within the limits of their competence.

Article 27
RATIFICATION, ACCEPTANCE, APPROVAL OR ACT OF FORMAL CONFIRMATION

1. This Convention is subject to ratification, acceptance or approval by States and by Namibia, represented by the United Nations Council

kemur fram fyrir, og formlegri staðfestingargerð af hálfu svæðasamtaka um efnahagssamvinnu sem fjallað er um í c-lið 26. gr. Skjölum um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki og skjölum um formlegar staðfestingargerðir skal koma í vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra.

2. Í skjölum sínum um formlega staðfestingargerð skulu svæðasamtök um efnahagssamvinnu lýsa því hvar valdmörk þeirra liggja hvað snertir málefni sem samningur þessi gildir um. Skulu samtökin einnig tilkynna aðalframkvæmdastjóra um allar breytingar á valdmörkum sínum hvað snertir málefni sem samningur þessi gildir um.

28. gr.
Aðild.

1. Samningur þessi skal vera opinn fyrir aðild af hálfu allra ríkja, Namibíu, sem Namibíuráð Sameinuðu þjóðanna kemur fram fyrir, og svæðasamtaka um efnahagssamvinnu sem fjallað er um í c-lið 26. gr. Skal aðild fara fram með afhendingu aðildarskjals til aðalframkvæmdastjóra.

2. Í aðildarskjölum sínum skulu svæðasamtök um efnahagssamvinnu lýsa því hvar valdmörk þeirra liggja hvað snertir málefni sem samningur þessi gildir um. Skulu samtökin einnig tilkynna aðalframkvæmdastjóra um allar breytingar á valdmörkum sínum hvað snertir málefni sem samningur þessi gildir um.

29. gr.
Gildistaka.

1. Samningur þessi skal öðlast gildi á nítugasta degi eftir þann dag er ríki eða Namibía, sem Namibíuráð Sameinuðu þjóðanna kemur fram fyrir, kemur skjali um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild í vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra.

2. Að því er varðar hvert ríki eða Namibíu, sem Namibíuráð Sameinuðu þjóðanna kemur fram fyrir, sem fullgildir, staðfestir, samþykkir eða gerist aðili að samningi þessum eftir að tuttugasta skjali um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild hefur verið komið í vörslu, skal samningurinn öðlast gildi á nítugasta degi eftir þann dag er skjali ríkisins eða Namibíu um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild hefur verið komið í vörslu.

3. Að því er varðar hver þau svæðasamtök um efnahagssamvinnu sem fjallað er um í c-lið 26.

for Namibia, and to acts of formal confirmation by regional economic integration organizations referred to in article 26, subparagraph (c). The instruments of ratification, acceptance or approval and those relating to acts of formal confirmation shall be deposited with the Secretary-General.

2. In their instruments of formal confirmation, regional economic integration organizations shall declare the extent of their competence with respect to the matters governed by this Convention. These organizations shall also inform the Secretary-General of any modification in the extent of their competence with respect to the matters governed by the Convention.

Article 28
ACCESSION

1. This Convention shall remain open for accession by any State, by Namibia, represented by the United Nations Council for Namibia, and by regional economic integration organizations referred to in article 26, subparagraph (c). Accession shall be effected by the deposit of an instrument of accession with the Secretary-General.

2. In their instruments of accession, regional economic integration organizations shall declare the extent of their competence with respect to the matters governed by this Convention. These organizations shall also inform the Secretary-General of any modification in the extent of their competence with respect to the matters governed by the Convention.

Article 29
ENTRY INTO FORCE

1. This Convention shall enter into force on the ninetieth day after the date of the deposit with the Secretary-General of the twentieth instrument of ratification, acceptance, approval or accession by States or by Namibia, represented by the Council for Namibia.

2. For each State or for Namibia, represented by the Council for Namibia, ratifying, accepting, approving or acceding to this Convention after the deposit of the twentieth instrument of ratification, acceptance, approval or accession, the Convention shall enter into force on the ninetieth day after the date of the deposit of its instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

3. For each regional economic integration organization referred to in article 26, subparagraph

gr., sem koma skjali um formlega staðfestingargerð eða aðildarskjali í vörslu, skal samningur þessi öðlast gildi á nítugasta degi eftir afhendinguna, eða á þeim degi er samningurinn öðlast gildi skv. 1. mgr. þessarar greinar, hvort sem síðar verður.

30. gr.
Uppsögn.

1. Aðili getur hvenær sem er sagt upp samningi þessum með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra.
2. Uppsögn skal öðlast gildi að því er viðkomandi aðila varðar einu ári eftir þann dag er aðalframkvæmdastjóri veitir tilkynningunni viðtöku.

31. gr.
Breytingar.

1. Hver aðili getur gert tillögur til breytinga á samningi þessum. Skal aðilinn senda texta breytingarinnar og rök fyrir henni til aðalframkvæmdastjóra er skal annast framsendingu til annarra aðila og spyrja þá hvort þeir samþykki hina fyrirhuguðu breytingu. Hafi fyrirhugaðri breytingu, sem þannig hefur verið dreift til aðila, ekki verið hafnað af neinum þeirra innan tuttugu og fjögurra mánaða frá dreifingu hennar skal litið svo á að hún hafi verið samþykkt, og skal hún öðlast gildi að því er aðila varðar níutíu dögum eftir að hann hefur komið skjali í vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra þar sem hann samþykkir að vera bundinn af breytingunni.
2. Hafi einhver aðili hafnað fyrirhugaðri breytingu skal aðalframkvæmdastjóri ráðfæra sig við aðilana og, óski meiri hluti þeirra þess, skal hann leggja málið ásamt þeim athugasemdum sem aðilarnir kunna að hafa gert fyrir ráðið sem getur ákveðið að kalla saman ráðstefnu skv. 4. mgr. 62. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Breytingarbókun skal gerð um hverja þá breytingu sem af slíku ráðstefnuhaldi leiðir. Skal þess krafist að samþykki til að vera bundinn af ákvæðum slíkrar bókunar sé sérstaklega tjáð aðalframkvæmdastjóra.

32. gr.
Lausn deilumála.

1. Nú rís deila milli tveggja eða fleiri aðila um túlkun eða framkvæmd samnings þessa og skulu aðilar þá ræðast við í því skyni að leysa deiluna með samningi, rannsókn, milligöngu, sátt, gerð,

(c) depositing an instrument relating to an act of formal confirmation or an instrument of accession, this Convention shall enter into force on the ninetieth day after such deposit, or at the date the Convention enters into force pursuant to paragraph 1 of this article, whichever is later.

Article 30
DENUNCIATION

1. A Party may denounce this Convention at any time by a written notification addressed to the Secretary-General.
2. Such denunciation shall take effect for the Party concerned one year after the date of receipt of the notification by the Secretary-General.

Article 31
AMENDMENTS

1. Any Party may propose an amendment to this Convention. The text of any such amendment and the reasons therefor shall be communicated by that Party to the Secretary-General, who shall communicate it to the other Parties and shall ask them whether they accept the proposed amendment. If a proposed amendment so circulated has not been rejected by any Party within twenty-four months after it has been circulated, it shall be deemed to have been accepted and shall enter into force in respect of a Party ninety days after that Party has deposited with the Secretary-General an instrument expressing its consent to be bound by that amendment.
2. If a proposed amendment has been rejected by any Party, the Secretary-General shall consult with the Parties and, if a majority so requests, he shall bring the matter, together with any comments made by the Parties, before the Council which may decide to call a conference in accordance with Article 62, paragraph 4, of the Charter of the United Nations. Any amendment resulting from such a conference shall be embodied in a Protocol of Amendment. Consent to be bound by such a Protocol shall be required to be expressed specifically to the Secretary-General.

Article 32
SETTLEMENT OF DISPUTES

1. If there should arise between two or more Parties a dispute relating to the interpretation or application of this Convention, the Parties shall consult together with a view to the settlement of

aðstoð svæðastofnana eða dómsmeðferð, eða á annan friðsamlegan hátt að þeirra eigin vali.

2. Hverri þeirri deilu, sem ekki verður leyst á þann hátt sem lýst er í 1. mgr. þessarar greinar, skal að ósk einhvers ríkis sem aðild á að deilunni vísað til ákvörðunar Alþjóðadómstólsins.

3. Nú á svæðastofnun um efnahagssamvinnu, sem fjallað er um í c-lið 26. gr., aðild að deilu sem ekki er unnt að leysa á þann hátt sem kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar og getur hún þá, fyrir milligöngu ríkis sem er aðili að Sameinuðu þjóðunum, farið þess á leit að ráðið biðji um ráðgjafarálit Alþjóðadómstólsins skv. 65. gr. samþykkta dómstólsins, en litið skal svo á að álitið geri út um málið.

4. Hvert ríki getur við undirritun eða fullgildingu, staðfestingu eða samþykki samnings þessa, eða við aðild að honum, eða hver svæðastofnun um efnahagssamvinnu við undirritun eða afhendingu skjals um formlega staðfestingargerð eða aðild, lýst því yfir að viðkomandi aðili telji sig óbundinn af 2. og 3. mgr. þessarar greinar. Aðrir aðilar skulu ekki bundnir af ákvæðum 2. og 3. mgr. gagnvart aðilum sem gefið hafa slíka yfirlýsingu.

5. Hver sá aðili sem gefið hefur yfirlýsingu skv. 4. mgr. þessarar greinar getur hvenær sem er afturkallað hana með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra.

33. gr.
Gildir textar.

Arabískur, enskur, franskur, kínverskur, rússneskur og spænskur texti samnings þessa eru jafngildir.

34. gr.
Vörsluaðili.

Aðalframkvæmdastjóri skal vera vörsluaðili samnings þessa.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

GJÖRT Í VÍNARBORG, í einu frumriti, hinn 20. desember 1988.

the dispute by negotiation, enquiry, mediation, conciliation, arbitration, recourse to regional bodies, judicial process or other peaceful means of their own choice.

2. Any such dispute which cannot be settled in the manner prescribed in paragraph 1 of this article shall be referred, at the request of any one of the States Parties to the dispute, to the International Court of Justice for decision.

3. If a regional economic integration organization referred to in article 26, subparagraph (c) is a Party to a dispute which cannot be settled in the manner prescribed in paragraph 1 of this article, it may, through a State Member of the United Nations, request the Council to request an advisory opinion of the International Court of Justice in accordance with Article 65 of the Statute of the Court, which opinion shall be regarded as decisive.

4. Each State, at the time of signature or ratification, acceptance or approval of this Convention or accession thereto, or each regional economic integration organization, at the time of signature or deposit of an act of formal confirmation or accession, may declare that it does not consider itself bound by paragraphs 2 and 3 of this article. The other Parties shall not be bound by paragraphs 2 and 3 with respect to any Party having made such a declaration.

5. Any Party having made a declaration in accordance with paragraph 4 of this article may at any time withdraw the declaration by notification to the Secretary-General.

Article 33
AUTHENTIC TEXTS

The Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish texts of this Convention are equally authentic.

Article 34
DEPOSITARY

The Secretary-General shall be the depositary of this Convention.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorized thereto, have signed this Convention.

DONE AT VIENNA, in one original, this twentieth day of December one thousand nine hundred and eighty-eight.

Viðauki.

Skrá I
Efedrín
Ergómetrín
Ergótamín
Lýsergín sýra
1-fenýl-2-própanón
Pseudóefedrín

Sölt efna þeirra sem tilgreind eru í skrá þessari, hvarvetna þar sem slík sölt geta verið til.

Skrá II
Ediksýru anhýdríð
Asetón
Antranílsýra
Etýl eter
Fenýlediksýra
Píperidín

Sölt efna þeirra sem tilgreind eru í skrá þessari, hvarvetna þar sem slík sölt geta verið til.

ANNEX

Table I
Ephedrine
Ergometrine
Ergotamine
Lysergic acid
1-phenyl-2-propanone
Pseudoephedrine

The salts of the substances listed in this Table whenever the existence of such salts is possible.

Table II
Acetic anhydride
Acetone
Anthranilic acid
Ethyl ether
Phenylacetic acid
Piperidine

The salts of the substances listed in this Table whenever the existence of such salts is possible.

Nr. 19 24. október 1997

AUGLÝSING

um samning um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum.

Hinn 21. október 1997 var aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum sem gerður var í Strassborg 8. nóvember 1990. Alþingi hafði með ályktun 16. maí 1997 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samninginn. Samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar 1. febrúar 1998.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 24. október 1997.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum.

Inngangur.

Aðildarríki Evrópuráðsins og önnur ríki er undirritað hafa samning þennan,

sem líta til þess að markmið Evrópuráðsins er að efla einingu aðildarríkja þess,

eru sannfærð um að fylgja verði sameiginlegri refsiréttarstefnu er miðar að vernd þjóðfélagsins,

líta svo á að í baráttu við alvarlega glæpi, sem eru vaxandi alþjóðlegt vandamál, sé nauðsynlegt að beita nútímalegum og áhrifaríkum ráðum sem eru alþjóðleg að umfangi,

telja að eitt af þeim ráðum sé að svipta afbrotamenn afrakstri afbrota sinna,

og líta svo á að til að ná því markmiði verði einnig að koma á alþjóðlegri samvinnutilhögun er starfi sem greiðlegast,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. KAFLI
Hugtakanotkun.

1. gr.

Hugtakanotkun.

Í samningi þessum merkir:

a. „ávinningur" hvaða efnahagsleg gæði sem er sem aflað er með refsiverðu afbroti. Getur hann verið hver sú eign sem fellur undir skilgreiningu b-liðar þessarar greinar,

b. „eign" eign af hvaða tagi sem er, hvort sem hún er efnisleg eða óefnisleg, lausafé eða fasteign, og skjöl eða gögn sem að lögum sýna eignarrétt að slíkum eignum eða réttindi til þeirra,

c. „tæki" hverja þá eign sem með einhverjum hætti er notuð eða nota skal, að öllu eða einhverju leyti, til að fremja refsivert afbrot eða refsiverð afbrot með,

d. „upptaka" hverja þá refsingu eða ráðstöfun sem dómur kveður á um að aflokinni málsmeðferð vegna refsiverðs afbrots eða refsiverðra afbrota sem hefur í för með sér endanlega sviptingu eignar,

e. „frumbrot" hvert það refsiverða afbrot sem ávinningur hefur orðið til við, ef ávinningurinn getur orðið andlag brots sem skilgreint er í 6. gr. samnings þessa.

CONVENTION
on Laundering, Search, Seizure and Confiscation of the Proceeds from Crime

Preamble

The member States of the Council of Europe and the other States signatory hereto,

Considering that the aim of the Council of Europe is to achieve a greater unity between its members;

Convinced of the need to pursue a common criminal policy aimed at the protection of society;

Considering that the fight against serious crime, which has become an increasingly international problem, calls for the use of modern and effective methods on an international scale;

Believing that one of these methods consists in depriving criminals of the proceeds from crime;

Considering that for the attainment of this aim a well-functioning system of international co-operation also must be established,

Have agreed as follows:

CHAPTER I
Use of terms

Article 1

Use of terms

For the purposes of this Convention:

a. "proceeds" means any economic advantage from criminal offences. It may consist of any property as defined in sub-paragraph b of this article;

b. "property" includes property of any description, whether corporeal or incorporeal, movable or immovable, and legal documents or instruments evidencing title to, or interest in such property;

c. "instrumentalities" means any property used or intended to be used, in any manner, wholly or in part, to commit a criminal offence or criminal offences;

d. "confiscation" means a penalty or a measure, ordered by a court following proceedings in relation to a criminal offence or criminal offences resulting in the final deprivation of property;

e. "predicate offence" means any criminal offence as a result of which proceeds were generated that may become the subject of an offence as defined in Article 6 of this Convention.

II. KAFLI
Ráðstafanir sem gerðar skulu á vettvangi einstakra ríkja.

2. gr.
Ráðstafanir vegna upptöku.

1. Hver aðili skal með löggjöf og á annan hátt gera þær ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að honum sé unnt að gera upptæk tæki og ávinning eða eignir sem samsvara þeim ávinningi sem um er að ræða.
2. Hver aðili getur við undirritun, eða þegar hann kemur skjali sínu um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild í vörslu, gefið yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins um að 1. mgr. þessarar greinar eigi aðeins við um þau brot eða þá flokka brota sem tilgreindir eru í yfirlýsingunni.

3. gr.
Rannsóknar- og bráðabirgðaráðstafanir.

Hver aðili skal með löggjöf og á annan hátt gera þær ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að honum sé unnt að greina og rekja eignir sem gera má upptækar skv. 1. mgr. 2. gr. og koma í veg fyrir alla verslun með slíkar eignir, yfirfærslu þeirra og ráðstöfun.

4. gr.
Sérstakar rannsóknarheimildir og -aðferðir.

1. Hver aðili skal með löggjöf og á annan hátt gera þær ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að heimila dómstólum eða öðrum þar til bærum yfirvöldum að mæla svo fyrir að gögn með upplýsingum um bankastarfsemi, fjármál og verslunarviðskipti skuli afhent eða hald lagt á þau, svo framkvæma megi aðgerðir þær sem fjallað er um í 2. og 3. gr. Aðili má ekki neita að gera ráðstafanir samkvæmt þessari grein á grundvelli bankaleyndar.
2. Hver aðili skal taka til athugunar að gera með löggjöf og á annan hátt þær ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að honum sé unnt að beita sérstökum rannsóknaraðferðum sem auðvelda að ávinningur sé greindur og rakinn og sönnunargagna aflað sem að því lúta. Aðferðir þessar geta meðal annars falið í sér að teknar séu ákvarðanir um vöktun, eftirlit, fjarskiptahleranir eða aðgang að tölvukerfum, eða að tiltekin skjöl skuli afhent.

CHAPTER II
Measures to be taken at national level

Article 2
Confiscation measures

1. Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to enable it to confiscate instrumentalities and proceeds or property the value of which corresponds to such proceeds.
2. Each Party may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, by a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, declare that paragraph 1 of this article applies only to offences or categories of offences specified in such declaration.

Article 3
Investigative and provisional measures

Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to enable it to identify and trace property which is liable to confiscation pursuant to Article 2, paragraph 1, and to prevent any dealing in, transfer or disposal of such property.

Article 4
Special investigative powers and techniques

1. Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to empower its courts or other competent authorities to order that bank, financial or commercial records be made available or be seized in order to carry out the actions referred to in Articles 2 and 3. A Party shall not decline to act under the provisions of this article on grounds of bank secrecy.

2. Each Party shall consider adopting such legislative and other measures as may be necessary to enable it to use special investigative techniques facilitating the identification and tracing of proceeds and the gathering of evidence related thereto. Such techniques may include monitoring orders, observation, interception of telecommunications, access to computer systems and orders to produce specific documents.

5. gr.
Réttarvernd.

Hver aðili skal með löggjöf og á annan hátt gera þær ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að tryggja að þeir, sem aðgerðir skv. 2. og 3. gr. hafa áhrif á og hagsmuna eiga að gæta, njóti virkra lagalegra úrræða til verndar réttindum sínum.

Article 5
Legal remedies

Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to ensure that interested parties affected by measures under Articles 2 and 3 shall have effective legal remedies in order to preserve their rights.

6. gr.
Þvættisbrot.

1. Hver aðili skal með löggjöf og á annan hátt gera þær ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að eftirtalin háttsemi verði lýst refsiverð að landslögum, þegar um ásetning er að ræða:

a. að afla annarra verðmæta í stað eignar eða afsala eign í þeirri vitneskju að hún sé leidd af broti í þeim tilgangi að fela eða dylja að eignin var ólöglega til komin eða til að aðstoða mann sem á hlut að slíku broti við að komast hjá afleiðingum gerða sinna að lögum,

b. að fela eða dylja raunverulegt eðli eignar, tilurð hennar, staðsetningu, ráðstöfun, flutning, réttindi er tengjast henni, eða eignarrétt yfir henni, í þeirri vitneskju að hún sé leidd af broti, og að því leyti sem það samræmist stjórnskipunarreglum og grundvallarreglum réttarkerfis hans,

c. að afla eignar eða hafa vörslur hennar eða afnot í þeirri vitneskju, þegar við henni er tekið, að hún sé leidd af broti,

d. að eiga hlutdeild í, sammælast um, leggja á ráðin um, gera tilraun til, veita hjálp eða aðstoða við, auðvelda eða veita ráð til að fremja hvert það brot sem lýst er refsivert samkvæmt grein þessari.

2. Þegar ákvæði 1. mgr. þessarar greinar eru framkvæmd eða þeim beitt gildir eftirfarandi:

a. ekki skiptir máli hvort frumbrotið fellur undir refsilögsögu aðila,

b. kveða má svo á að lýsing á brotum í þeirri málsgrein taki ekki til þeirra sem frömdu frumbrotið,

c. álykta má um vitneskju, ásetning eða tilgang sem eðlisþátt í broti samkvæmt þeirri málsgrein af hlutlægum, raunverulegum málavöxtum.

3. Hver aðili getur gert þær ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar til að allar eða einhverjar þeirra athafna sem fjallað er um í 1. mgr. séu lýstar refsiverðar að landslögum í einhverjum eða öllum tilvikum þegar brotamaður:

Article 6
Laundering offences

1. Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as offences under its domestic law, when committed intentionally:

a. the conversion or transfer of property, knowing that such property is proceeds, for the purpose of concealing or disguising the illicit origin of the property or of assisting any person who is involved in the commission of the predicate offence to evade the legal consequences of his actions;

b. the concealment or disguise of the true nature, source, location, disposition, movement, rights with respect to, or ownership of, property, knowing that such property is proceeds;

and, subject to its constitutional principles and the basic concepts of its legal system;

c. the acquisition, possession or use of property, knowing, at the time of receipt, that such property was proceeds;

d. participation in, association or conspiracy to commit, attempts to commit and aiding, abetting, facilitating and counselling the commission of any of the offences established in accordance with this article.

2. For the purposes of implementing or applying paragraph 1 of this article:

a. it shall not matter whether the predicate offence was subject to the criminal jurisdiction of the Party;

b. it may be provided that the offences set forth in that paragraph do not apply to the persons who committed the predicate offence;

c. knowledge, intent or purpose required as an element of an offence set forth in that paragraph may be inferred from objective, factual circumstances.

3. Each Party may adopt such measures as it considers necessary to establish also as offences under its domestic law all or some of the acts referred to in paragraph 1 of this article, in any or all of the following cases where the offender:

a. hefði mátt ætla að eign væri leidd af broti,

b. framdi verknaðinn í auðgunarskyni,
c. framdi verknaðinn til að stuðla að framkvæmd frekari brotastarfsemi.
4. Hver aðili getur við undirritun, eða þegar hann kemur skjali sínu um fullgildingu, staðfestingu, samþykkt eða aðild í vörslu, gefið yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins um að 1. mgr. þessarar greinar eigi aðeins við um þau frumbrot eða þá flokka frumbrota sem tilgreindir eru í yfirlýsingunni.

a. ought to have assumed that the property was proceeds;
b. acted for the purpose of making profit;
c. acted for the purpose of promoting the carrying on of further criminal activity.
4. Each Party may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, by declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe declare that paragraph 1 of this article applies only to predicate offences or categories of such offences specified in such declaration.

III. KAFLI
Alþjóðleg samvinna.
1. þáttur.
Meginreglur um alþjóðlega samvinnu.
7. gr.
Almennar meginreglur og ráðstafanir til alþjóðlegrar samvinnu.

1. Aðilar skulu eins og framast er unnt eiga samvinnu um að rannsaka og höfða mál sem miða að upptöku tækja og ávinnings.

2. Hver aðili skal með löggjöf eða á annan hátt gera þær ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að hann geti, með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í þessum kafla, sinnt beiðnum um:
a. upptöku á tilteknum eignum sem eru ávinningur eða tæki, svo og upptöku á ávinningi sem felst í kröfu um peningagreiðslu sem samsvarar verðmæti ávinnings,

b. aðstoð við rannsókn og bráðabirgðaráðstafanir með tilliti til upptöku af öðru hvoru því tagi sem fjallað er um í a-lið.

CHAPTER III
International co-operation
Section 1
Principles of international co-operation
Article 7
General principles and measures for international co-operation

1. The Parties shall co-operate with each other to the widest extent possible for the purposes of investigations and proceedings aiming at the confiscation of instrumentalities and proceeds.
2. Each Party shall adopt such legislative or other measures as may be necessary to enable it to comply, under the conditions provided for in this chapter, with requests:

a. for confiscation of specific items of property representing proceeds or instrumentalities, as well as for confiscation of proceeds consisting in a requirement to pay a sum of money corresponding to the value of proceeds;
b. for investigative assistance and provisional measures with a view to either form of confiscation referred to under a above.

2. þáttur.
Rannsóknaraðstoð.
8. gr.
Aðstoðarskylda.

Aðilar skulu eins og framast er unnt veita hver öðrum, eftir beiðni þar um, alla aðstoð við að greina og rekja tæki, ávinning og aðrar eignir sem sætt geta upptöku. Slík aðstoð skal meðal annars felast í hverjum þeim ráðstöfunum sem beinast að því að afla og tryggja sönnunargögn um tilvist, staðsetningu eða tilflutning, eðli, lagalega stöðu eða verðmæti slíkra eigna.

Section 2
Investigative assistance
Article 8
Obligation to assist

The Parties shall afford each other, upon request, the widest possible measure of assistance in the identification and tracing of instrumentalities, proceeds and other property liable to confiscation. Such assistance shall include any measure providing and securing evidence as to the existence, location or movement, nature, legal status or value of the aforementioned property.

9. gr.
Framkvæmd aðstoðar.

Aðstoð skv. 8. gr. skal framkvæmd eftir því sem landslög þess aðila sem beiðni er beint til leyfa og í samræmi við þau, og á þann hátt sem beiðnin tilgreinir að því marki sem það samrýmist þeim lögum.

10. gr.
Upplýsingar veittar án beiðni.

Fari það ekki í bága við rannsókn eða rekstur máls á vegum hans sjálfs getur aðili án undanfarandi beiðni afhent öðrum aðila upplýsingar um tæki og ávinning þegar hann telur að þær kunni að vera viðtökuaðilanum að gagni við að byrja eða framkvæma rannsókn eða meðferð refsimáls, eða kunni að leiða til þess að beiðni verði borin fram samkvæmt þessum kafla.

3. þáttur.
Bráðabirgðaráðstafanir.

11. gr.
Skylda til bráðabirgðaráðstafana.

1. Aðili skal að beiðni annars aðila sem höfðað hefur refsimál eða mál til upptöku eigna gera nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir, svo sem að kyrrsetja eða leggja hald á eign, til að koma í veg fyrir viðskipti með eign, yfirfærslu hennar eða ráðstöfun, ef hún getur síðar orðið andlag beiðni um upptöku eða ef síðar kann að vera unnt að uppfylla slíka beiðni með henni.

2. Aðili sem veitt hefur viðtöku beiðni um upptöku skv. 13. gr. skal, sé þess óskað, gera þær ráðstafanir sem fjallað er um í 1. mgr. þessarar greinar hvað snertir hverja þá eign sem er andlag beiðninnar eða síðar kann að vera unnt að uppfylla beiðnina með.

12. gr.
Framkvæmd bráðabirgðaráðstafana.

1. Bráðabirgðaráðstafanir skv. 11. gr. skulu framkvæmdar eftir því sem landslög þess aðila leyfa sem beiðni er beint til og í samræmi við þau, og á þann hátt sem beiðnin tilgreinir að því marki sem það samrýmist þeim lögum.

2. Áður en fallið er frá bráðabirgðaráðstöfun sem gerð er samkvæmt þessari grein skal sá aðili sem beiðni er beint til ávallt þegar unnt er veita þeim aðila sem beiðnina leggur fram kost á að færa fram rök fyrir því að ráðstöfunin skuli haldast.

Article 9
Execution of assistance

The assistance pursuant to Article 8 shall be carried out as permitted by and in accordance with the domestic law of the requested Party and, to the extent not incompatible with such law, in accordance with the procedures specified in the request.

Article 10
Spontaneous information

Without prejudice to its own investigations or proceedings, a Party may without prior request forward to another Party information on instrumentalities and proceeds, when it considers that the disclosure of such information might assist the receiving Party in initiating or carrying out investigations or proceedings or might lead to a request by that Party under this chapter.

Section 3
Provisional measures

Article 11
Obligation to take provisional measures

1. At the request of another Party which has instituted criminal proceedings or proceedings for the purpose of confiscation, a Party shall take the necessary provisional measures, such as freezing or seizing, to prevent any dealing in, transfer or disposal of property which, at a later stage, may be the subject of a request for confiscation or which might be such as to satisfy the request.
2. A Party which has received a request for confiscation pursuant to Article 13 shall, if so requested, take the measures mentioned in paragraph 1 of this article in respect of any property which is the subject of the request or which might be such as to satisfy the request.

Article 12
Execution of provisional measures

1. The provisional measures mentioned in Article 11 shall be carried out as permitted by and in accordance with the domestic law of the requested Party and, to the extent not incompatible with such law, in accordance with the procedures specified in the request.
2. Before lifting any provisional measure taken pursuant to this article, the requested Party shall, wherever possible, give the requesting Party an opportunity to present its reasons in favour of continuing the measure.

4. þáttur.
Upptaka.
13. gr.
Skylda til upptöku.

1. Aðili sem tekið hefur við beiðni annars aðila um upptöku á tækjum eða ávinningi á landsvæði sínu skal:

a. framfylgja ákvörðun dómstóls þess aðila sem beiðni leggur fram um upptöku tækjanna eða ávinningsins, eða
b. leggja beiðnina fyrir lögbær yfirvöld sín til þess að fá heimild til upptöku og fylgja þeirri heimild eftir sé hún veitt.

2. Til framkvæmdar á b-lið 1. mgr. þessarar greinar skal hver aðili ávallt þegar nauðsynlegt er vera bær til að höfða mál til upptöku samkvæmt eigin lögum.
3. Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar gilda einnig um upptöku sem felst í því að krafa er gerð um peningagreiðslu sem svarar til verðmætis ávinnings, ef eign sem fullnustu má leita í er staðsett hjá þeim aðila sem beiðni er beint til. Ef svo stendur á og krafan er ekki greidd skal sá aðili sem beiðni er beint til, þegar koma skal fram upptöku skv. 1. mgr., leita fullnustu kröfunnar í hverri þeirri eign sem tiltæk er til þess.

4. Ef beiðni um upptöku varðar ákveðna eign geta aðilar samið svo sín á milli að sá aðili sem beiðni er beint til megi koma upptökunni fram með þeim hætti að krafist sé peningagreiðslu sem svarar til verðmætis eignarinnar.

14. gr.
Framkvæmd upptöku.

1. Um meðferð máls til ákvörðunar og fullnustu upptöku skv. 13. gr. fer að lögum þess aðila sem beiðni er beint til.
2. Sá aðili sem beiðni er beint til er bundinn af niðurstöðum um atvik máls eins og þær koma fram í sakfellingu eða ákvörðun dómstóls aðila sem beiðni leggur fram, eða að því leyti sem sakfellingin eða ákvörðunin byggist óbeint á þeim.
3. Hver aðili getur við undirritun, eða þegar hann kemur skjali sínu um fullgildingu, staðfestingu, samþykkt eða aðild í vörslu, gefið yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins um að gildi 2. mgr. þessarar greinar sé háð þeim takmörkunum sem leiðir af stjórnskipunarlögum og meginreglum réttarkerfis hans.

Section 4
Confiscation
Article 13
Obligation to confiscate

1. A Party, which has received a request made by another Party for confiscation concerning instrumentalities or proceeds, situated in its territory, shall:
a. enforce a confiscation order made by a court of a requesting Party in relation to such instrumentalities or proceeds; or
b. submit the request to its competent authorities for the purpose of obtaining an order of confiscation and, if such order is granted, enforce it.
2. For the purposes of applying paragraph 1.b of this article, any Party shall whenever necessary have competence to institute confiscation proceedings under its own law.
3. The provisions of paragraph 1 of this article shall also apply to confiscation consisting in a requirement to pay a sum of money corresponding to the value of proceeds, if property on which the confiscation can be enforced is located in the requested Party. In such cases, when enforcing confiscation pursuant to paragraph 1, the requested Party shall, if payment is not obtained, realise the claim on any property available for that purpose.
4. If a request for confiscation concerns a specific item of property, the Parties may agree that the requested Party may enforce the confiscation in the form of a requirement to pay a sum of money corresponding to the value of the property.

Article 14
Execution of confiscation

1. The procedures for obtaining and enforcing the confiscation under Article 13 shall be governed by the law of the requested Party.
2. The requested Party shall be bound by the findings as to the facts in so far as they are stated in a conviction or judicial decision of the requesting Party or in so far as such conviction or judicial decision is implicitly based on them.

3. Each Party may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, by a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, declare that paragraph 2 of this article applies only subject to its constitutional principles and the basic concepts of its legal system.

4. Ef ákvörðun um upptöku felst í greiðslu peninga skal þar til bært yfirvald þess aðila sem beiðni er beint til umreikna fjárhæðina í gjaldmiðil sinn á því gengi sem í gildi er þegar ákvörðun er tekin um að framfylgja upptökunni.

5. Í máli skv. a-lið 1. mgr. 13. gr. á sá aðili sem beiðni leggur fram einn rétt á að taka ákvörðun um beiðni um endurskoðun upptökuákvörðunar.

15. gr.
Eignir sem gerðar hafa verið upptækar.

Eignum sem gerðar hafa verið upptækar af þeim aðila sem beiðni er beint til skal ráðstafað af þeim aðila samkvæmt landslögum hans, nema þeir aðilar sem málið varðar hafi öðruvísi um samið.

16. gr.
Réttur til upptöku og hámarksverðmæti þess upptæka.

1. Beiðni um upptöku skv. 13. gr. hefur ekki áhrif á rétt þess aðila sem leggur hana fram til að framfylgja upptökuákvörðuninni sjálfur.
2. Ekki má túlka neitt í samningi þessum á þann veg að heildarverðmæti þess upptæka megi fara fram úr þeirri fjárhæð sem tilgreind er í upptökuákvörðun. Telji aðili að slíkt geti komið fyrir skulu þeir aðilar sem málið varðar eiga með sér viðræður til að hindra það.

17. gr.
Fangelsun vegna vangreiðslu.

Sá aðili sem beiðni er beint til má ekki beita fangelsun vegna vangreiðslu né neinni annarri ráðstöfun til skerðingar á frelsi manns vegna beiðni skv. 13. gr. hafi sá aðili sem beiðni bar fram getið þess í beiðninni.

5. þáttur.
Synjun um samvinnu og frestun hennar.

18. gr.
Synjunarástæður.

1. Synja má um samstarf samkvæmt þessum kafla, ef:
a. umbeðnar aðgerðir væru andstæðar grundvallarreglum réttarkerfis þess aðila sem beiðni er beint til,
b. framkvæmd beiðni er líkleg til að stofna í hættu fullveldi, öryggi, allsherjarreglu eða öðrum mikilvægum hagsmunum þess aðila sem beiðni er beint til,

4. If the confiscation consists in the requirement to pay a sum of money, the competent authority of the requested Party shall convert the amount thereof into the currency of that Party at the rate of exchange ruling at the time when the decision to enforce the confiscation is taken.
5. In the case of Article 13, paragraph 1.a, the requesting Party alone shall have the right to decide on any application for review of the confiscation order.

Article 15
Confiscated property

Any property confiscated by the requested Party shall be disposed of by that Party in accordance with its domestic law, unless otherwise agreed by the Parties concerned.

Article 16
Right of enforcement and maximum amount of confiscation

1. A request for confiscation made under Article 13 does not affect the right of the requesting Party to enforce itself the confiscation order.
2. Nothing in this Convention shall be so interpreted as to permit the total value of the confiscation to exceed the amount of the sum of money specified in the confiscation order. If a Party finds that this might occur, the Parties concerned shall enter into consultations to avoid such an effect.

Article 17
Imprisonment in default

The requested Party shall not impose imprisonment in default or any other measure restricting the liberty of a person as a result of a request under Article 13, if the requesting Party has so specified in the request.

Section 5
Refusal and postponement of co-operation

Article 18
Grounds for refusal

1. Co-operation under this chapter may be refused if:
a. the action sought would be contrary to the fundamental principles of the legal system of the requested Party; or
b. the execution of the request is likely to prejudice the sovereignty, security, ordre public or other essential interests of the requested Party; or

c. sá aðili sem beiðni er beint til telur að það mál sem hún varðar sé ekki svo mikilvægt að hinar umbeðnu aðgerðir séu réttlætanlegar,

d. afbrot það sem beiðni lýtur að er stjórnmálaafbrot eða skattabrot,
e. sá aðili sem beiðni er beint til telur að það myndi vera andstætt meginreglunni *ne bis in idem* ef hinar umbeðnu aðgerðir væru framkvæmdar, eða
f. það afbrot sem beiðni lýtur að teldist ekki afbrot samkvæmt lögum þess aðila sem beiðni er beint til væri það framið í lögsögu hans. Hvað snertir samstarf skv. 2. þætti á synjunarástæða þessi þó aðeins við að því leyti sem umbeðin aðstoð felur í sér þvingunaraðgerðir.
2. Einnig má synja um samstarf skv. 2. þætti að því leyti sem umbeðin aðstoð felur í sér þvingunaraðgerðir, svo og um samstarf skv. 3. þætti, ef ekki væri unnt samkvæmt lögum þess aðila sem beiðni er beint til að gera hinar umbeðnu rannsóknar- eða réttarfarsráðstafanir í tengslum við sams konar mál innanlands.
3. Þegar lög þess aðila sem beiðni er beint til krefjast þess má einnig synja um samstarf skv. 2. þætti að því leyti sem umbeðin aðstoð felur í sér þvingunaraðgerðir, svo og um samstarf skv. 3. þætti, ef umbeðnar ráðstafanir eða hverjar þær ráðstafanir aðrar sem hafa sambærileg áhrif væru aðeins leyfilegar samkvæmt lögum þess aðila sem leggur fram beiðni, eða, að því er varðar bær stjórnvöld þess aðila sem leggur fram beiðni, ef dómari eða annað yfirvald á sviði dómgæslu, þar með talinn opinber saksóknari, hefur veitt til þess heimild í starfi sínu á sviði refsimála.
4. Einnig má synja um samstarf skv. 4. þætti þessa kafla ef:
a. lög þess aðila sem beiðni er beint til kveða ekki á um upptöku vegna brots af því tagi sem beiðnin lýtur að,
b. samstarf væri, þó með fyrirvara um þá skyldu sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr., andstætt meginreglum þeirra landslaga aðila sem beiðni er beint til er fjalla um hámark eignaupptöku með tilliti til sambands afbrots og:

i. efnahagslegs hagræðis sem talið kann að verða ávinningur af því, eða
ii. eigna sem taldar kunna að verða tæki til að drýgja brotið með,

c. vegna fyrningar má eigi lengur beita upptöku samkvæmt lögum þess aðila sem beiðni er beint til,

c. in the opinion of the requested Party, the importance of the case to which the request relates does not justify the taking of the action sought; or
d. the offence to which the request relates is a political or fiscal offence; or
e. the requested Party considers that compliance with the action sought would be contrary to the principle of *ne bis in idem*; or

f. the offence to which the request relates would not be an offence under the law of the requested Party if committed within its jurisdiction. However, this ground for refusal applies to co-operation under Section 2 only in so far as the assistance sought involves coercive action.
2. Co-operation under Section 2, in so far as the assistance sought involves coercive action, and under Section 3 of this chapter, may also be refused if the measures sought could not be taken under the domestic law of the requested Party for the purposes of investigations or proceedings, had it been a similar domestic case.
3. Where the law of the requested Party so requires, co-operation under Section 2, in so far as the assistance sought involves coercive action, and under Section 3 of this chapter may also be refused if the measures sought or any other measures having similar effects would not be permitted under the law of the requesting Party, or, as regards the competent authorities of the requesting Party, if the request is not authorised by either a judge or another judicial authority, including public prosecutors, any of these authorities acting in relation to criminal offences.
4. Co-operation under Section 4 of this chapter may also be refused if:
a. under the law of the requested Party confiscation is not provided for in respect of the type of offence to which the request relates; or
b. without prejudice to the obligation pursuant to Article 13, paragraph 3, it would be contrary to the principles of the domestic laws of the requested Party concerning the limits of confiscation in respect of the relationship between an offence and:

i an economic advantage that might be qualified as its proceeds; or

ii property that might be qualified as its instrumentalities;

or

c. under the law of the requested Party confiscation may no longer be imposed or enforced because of the lapse of time; or

d. beiðnin er ekki í tengslum við fyrri sakfellingu eða dómsákvörðun, eða við yfirlýsingu í slíkri ákvörðun um að eitt eða fleiri afbrot hafi verið framin sem ákvörðun eða beiðni um eignaupptöku byggðist á,

e. upptöku verður annaðhvort ekki framfylgt hjá þeim aðila sem leggur fram beiðni, eða ákvörðun um hana er enn áfrýjanleg með venjulegum hætti, eða

f. beiðnin lýtur að ákvörðun um upptöku sem á rætur að rekja til ákvörðunar sem tekin er í fjarveru þess sem hún beinist gegn, og við málsmeðferð þess aðila sem leggur fram beiðni og leiddi til ákvörðunarinnar var að mati þess aðila sem beiðni er beint til ekki gætt lágmarksréttar til varnar sem viðurkennt er að beri hverjum þeim sem sakaður er um refsivert brot.

5. Að því er f-lið 4. mgr. þessarar greinar varðar telst ákvörðun ekki tekin í fjarveru sökunauts:

a. hafi hún verið staðfest eða tilkynnt eftir að hlutaðeigandi hefur haldið uppi vörnum, eða

b. hafi hún verið tekin á áfrýjunarstigi í máli sem hlutaðeigandi hefur áfrýjað.

6. Þegar metið er í tengslum við ákvæði f-liðar 4. mgr. þessarar greinar hvort veittur hafi verið lágmarksréttur til varnar skal sá aðili sem beiðni er beint til hafa hliðsjón af því hvort hlutaðeigandi hefur vísvitandi reynt að komast undan réttvísinni eða hvort hann hefur ekki neytt lagalegra úrræða gegn þeirri ákvörðun sem tekin var að honum fjarstöddum, þótt hann hafi átt þess kost. Hið sama gildir þegar hlutaðeigandi hefur verið löglega stefnt og hann hefur hvorki kosið að mæta né að óska þess að máli hans væri frestað.

7. Aðili skal ekki synja um neitt samstarf samkvæmt þessum kafla á grundvelli bankaleyndar. Þegar landslög krefjast þess getur aðili óskað þess að beiðni um samstarf sem fæli í sér að bankaleynd væri rofin sé samþykkt af dómara eða öðru yfirvaldi á sviði dómgæslu, þar með töldum opinberum saksóknara, í meðferð starfa sinna á sviði refsimála.

8. Eftirfarandi er með fyrirvara um þá synjunarástæðu sem fram kemur í a-lið 1. mgr. þessarar greinar:

a. Sá aðili sem beiðni er beint til skal ekki bera það fyrir sig sem hindrun á að veita samstarf samkvæmt þessum kafla að sá, sem rannsókn sætir eða upptökuákvörðun stjórnvalda þess að-

d. the request does not relate to a previous conviction, or a decision of a judicial nature or a statement in such a decision that an offence or several offences have been committed, on the basis of which the confiscation has been ordered or is sought; or

e. confiscation is either not enforceable in the requesting Party, or it is still subject to ordinary means of appeal; or

f. the request relates to a confiscation order resulting from a decision rendered in absentia of the person against whom the order was issued and, in the opinion of the requested Party, the proceedings conducted by the requesting Party leading to such decision did not satisfy the minimum rights of defence recognised as due to everyone against whom a criminal charge is made.

5. For the purpose of paragraph 4.f of this article a decision is not considered to have been rendered in absentia if:

a. it has been confirmed or pronounced after opposition by the person concerned; or

b. it has been rendered on appeal, provided that the appeal was lodged by the person concerned.

6. When considering, for the purposes of paragraph 4.f of this article if the minimum rights of defence have been satisfied, the requested Party shall take into account the fact that the person concerned has deliberately sought to evade justice or the fact that that person, having had the possibility of lodging a legal remedy against the decision made in absentia, elected not to do so. The same will apply when the person concerned, having been duly served with the summons to appear, elected not to do so nor to ask for adjournment.

7. A Party shall not invoke bank secrecy as a ground to refuse any co-operation under this chapter. Where its domestic law so requires, a Party may require that a request for co-operation which would involve the lifting of bank secrecy be authorised by either a judge or another judicial authority, including public prosecutors, any of these authorities acting in relation to criminal offences.

8. Without prejudice to the ground for refusal provided for in paragraph 1.a of this article:

a. the fact that the person under investigation or subjected to a confiscation order by the authorities of the requesting Party is a legal person shall not be invoked by the requested Party

ila sem leggur fram beiðni beinist gegn, er lögaðili.
b. Ekki má bera fyrir sig sem hindrun á því að aðstoð sé veitt skv. a-lið 1. mgr. 13. gr. að maður, sem ákvörðun um upptöku ávinnings beinist gegn, hafi síðan látist, eða að lögaðili, sem ákvörðun um upptöku ávinnings beinist gegn, hafi síðan verið leystur upp.

19. gr.
Frestun.

Sá aðili sem beiðni er beint til getur frestað því að afgreiða beiðni ef afgreiðsla hennar myndi stofna í hættu rannsókn eða málarekstri eigin stjórnvalda.

20. gr.
Beiðni sinnt að hluta eða með skilyrðum.

Áður en samstarfi samkvæmt þessum kafla er synjað eða frestað skal sá aðili sem beiðni er beint til, þegar við á og að höfðu samráði við þann aðila sem leggur fram beiðni, taka til athugunar hvort unnt sé að sinna beiðninni að hluta eða með þeim skilyrðum sem hann telur nauðsynleg.

6. þáttur.
Birting og vernd réttinda þriðja manns.

21. gr.
Birting skjala.

1. Aðilar skulu veita hver öðrum alla mögulega gagnkvæma aðstoð við birtingu dómsskjala fyrir þeim sem bráðabirgðaráðstafanir og upptaka eigna varða.
2. Grein þessari er í engu ætlað að hafa áhrif á:
a. möguleika á því að senda dómsskjöl fyrir atbeina póstþjónustunnar beint til viðtakenda erlendis,
b. þann möguleika að yfirmenn á sviði dómgæslu, embættismenn eða önnur bær stjórnvöld þess aðila þar sem skjal á uppruna sinn birti dómsskjöl beint fyrir atbeina ræðismanna eða yfirmanna á sviði dómgæslu, embættismanna eða annarra bærra stjórnvalda þess aðila sem skjal skal sent til, nema sá aðili sem skjal skal sent til gefi yfirlýsingu um hið gagnstæða gagnvart aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins þegar undirritun fer fram eða þegar hann kemur skjali sínu um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild í vörslu.

as an obstacle to affording any co-operation under this chapter;
b. the fact that the natural person against whom an order of confiscation of proceeds has been issued has subsequently died or the fact that a legal person against whom an order of confiscation of proceeds has been issued has subsequently been dissolved shall not be invoked as an obstacle to render assistance in accordance with Article 13, paragraph 1.a.

Article 19
Postponement

The requested Party may postpone action on a request if such action would prejudice investigations or proceedings by its authorities.

Article 20
Partial or conditional granting of a request

Before refusing or postponing co-operation under this chapter, the requested Party shall, where appropriate after having consulted the requesting Party, consider whether the request may be granted partially or subject to such conditions as it deems necessary.

Section 6
Notification and protection of third parties' rights

Article 21
Notification of documents

1. The Parties shall afford each other the widest measure of mutual assistance in the serving of judicial documents to persons affected by provisional measures and confiscation.
2. Nothing in this article is intended to interfere with:
a. the possibility of sending judicial documents, by postal channels, directly to persons abroad;
b. the possibility for judicial officers, officials or other competent authorities of the Party of origin to effect service of judicial documents directly through the consular authorities of that Party or through judicial officers, officials or other competent authorities of the Party of destination, unless the Party of destination makes a declaration to the contrary to the Secretary General of the Council of Europe at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

3. Þegar dómsskjöl eru birt erlendis fyrir þeim sem bráðabirgðaráðstafanir eða upptökuákvarðanir af hálfu aðilans sem skjölin sendir varða skal sá aðili tilgreina þau réttarúrræði sem þeim eru tiltæk samkvæmt lögum hans.

22. gr.
Viðurkenning á erlendum ákvörðunum.

1. Þegar fjallað er um beiðni um samstarf skv. 3. eða 4. þætti skal sá aðili sem beiðni er beint til viðurkenna allar ákvarðanir á sviði dómgæslu sem teknar eru hjá þeim aðila sem leggur fram beiðni og lúta að réttindum sem þriðji maður telur til.

2. Synja má um viðurkenningu:

a. ef þriðji maður hafði ekki nægilegt tækifæri til að halda fram rétti sínum,

b. ef ákvörðunin er ósamrýmanleg ákvörðun sem þegar hefur verið tekin í sama máli hjá þeim aðila sem beiðni er beint til,

c. ef ákvörðunin er ósamrýmanleg allsherjarreglu hjá þeim aðila sem beiðni er beint til, eða

d. ef ákvörðunin var tekin í andstöðu við ákvæði um skylduvarnarþing í lögum þess aðila sem beiðni er beint til.

3. When serving judicial documents to persons abroad affected by provisional measures or confiscation orders issued in the sending Party, this Party shall indicate what legal remedies are available under its law to such persons.

Article 22
Recognition of foreign decisions

1. When dealing with a request for co-operation under Sections 3 and 4, the requested Party shall recognise any judicial decision taken in the requesting Party regarding rights claimed by third parties.

2. Recognition may be refused if:

a. third parties did not have adequate opportunity to assert their rights; or

b. the decision is incompatible with a decision already taken in the requested Party on the same matter; or

c. it is incompatible with the ordre public of the requested Party; or

d. the decision was taken contrary to provisions on exclusive jurisdiction provided for by the law of the requested Party.

7. þáttur.
Reglur um málsmeðferð og aðrar almennar reglur.

23. gr.
Miðstjórnvald.

1. Aðilar skulu tilnefna miðstjórnvald, fleiri en eitt ef þörf krefur, sem sjá skulu um að senda beiðnir sem lagðar eru fram samkvæmt þessum kafla og svara þeim, framkvæma þær eða framsenda þær þeim stjórnvöldum sem bær eru til að sinna þeim.

2. Hver aðili skal, þegar undirritun fer fram eða þegar hann kemur skjali sínu um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild í vörslu, skýra aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins frá heiti og aðsetri þeirra stjórnvalda sem tilnefnd hafa verið skv. 1. mgr. þessarar greinar.

Section 7
Procedural and other general rules

Article 23
Central authority

1. The Parties shall designate a central authority or, if necessary, authorities, which shall be responsible for sending and answering requests made under this chapter, the execution of such requests or the transmission of them to the authorities competent for their execution.

2. Each Party shall, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, communicate to the Secretary General of the Council of Europe the names and addresses of the authorities designated in pursuance of paragraph 1 of this article.

24. gr.
Milliliðalaus samskipti.

1. Miðstjórnvöld skulu hafa milliliðalaus samskipti hvert við annað.

2. Í bráðatilvikum má senda beiðnir og orðsendingar samkvæmt þessum kafla milliliðalaust frá yfirvöldum á sviði dómgæslu, að meðtöldum opinberum saksóknurum, hjá þeim aðila sem leggur fram beiðni, til sams konar yfirvalda þess

Article 24
Direct communication

1. The central authorities shall communicate directly with one another.

2. In the event of urgency, requests or communications under this chapter may be sent directly by the judicial authorities, including public prosecutors, of the requesting Party to such authorities of the requested Party. In such cases

aðila sem beiðni er beint til. Þegar svo stendur á skal um leið senda afrit til miðstjórnvalds þess aðila sem beiðni er beint til, fyrir milligöngu miðstjórnvalds þess aðila sem leggur fram beiðni.

3. Allar beiðnir og orðsendingar skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar má senda fyrir milligöngu Alþjóðasambands sakamálalögreglu (Interpol).

4. Nú er beiðni send skv. 2. mgr. þessarar greinar og stjórnvaldið er ekki bært til að fjalla um hana og skal það þá framsenda beiðnina þar til bæru stjórnvaldi í ríkinu og tilkynna milliliðalaust þeim aðila sem leggur fram beiðni að það hafi verið gert.

5. Beiðnir og orðsendingar skv. 2. þætti þessa kafla, sem ekki varða þvingunaraðgerðir, geta þar til bær stjórnvöld þess aðila sem leggur fram beiðni sent milliliðalaust þar til bærum stjórnvöldum þess aðila sem beiðni er beint til.

a copy shall be sent at the same time to the central authority of the requested Party through the central authority of the requesting Party.

3. Any request or communication under paragraphs 1 and 2 of this article may be made through the International Criminal Police Organisation (Interpol).

4. Where a request is made pursuant to paragraph 2 of this article and the authority is not competent to deal with the request, it shall refer the request to the competent national authority and inform directly the requesting Party that it has done so.

5. Requests or communications under Section 2 of this chapter, which do not involve coercive action, may be directly transmitted by the competent authorities of the requesting Party to the competent authorities of the requested Party.

25. gr.

Form beiðni og tungumál.

1. Allar beiðnir samkvæmt þessum kafla skulu vera skriflegar. Nota má nútímaaðferðir í fjarskiptum, svo sem bréfasíma.

2. Að öðru leyti en því sem segir í 3. mgr. þessarar greinar skal ekki krefjast þess að beiðnir eða fylgiskjöl þeirra séu þýdd.

3. Þegar undirritun fer fram eða þegar aðili kemur skjali sínu um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild í vörslu getur hann gefið yfirlýsingu um það til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins að hann áskilji sér rétt til að krefjast þess að beiðnum til hans og fylgiskjölum með þeim fylgi þýðing á tungumál hans eða á eitt af opinberum tungumálum Evrópuráðsins, eða á eitt þessara tungumála sem hann tilgreinir. Við það tækifæri getur hann lýst sig reiðubúinn til að taka við þýðingum á eitthvert annað mál sem hann tilgreinir. Hinir aðilarnir mega þá beita gagnkvæmnisreglunni.

Article 25

Form of request and languages

1. All requests under this chapter shall be made in writing. Modern means of telecommunications, such as telefax, may be used.

2. Subject to the provisions of paragraph 3 of this article, translations of the requests or supporting documents shall not be required.

3. At the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, any Party may communicate to the Secretary General of the Council of Europe a declaration that it reserves the right to require that requests made to it and documents supporting such requests be accompanied by a translation into its own language or into one of the official languages of the Council of Europe or into such one of these languages as it shall indicate. It may on that occasion declare its readiness to accept translations in any other language as it may specify. The other Parties may apply the reciprocity rule.

26. gr.

Löggilding.

Skjöl sem send eru í tengslum við framkvæmd þessa kafla eru undanþegin kröfum um sérstaka löggildingu.

Article 26

Legalisation

Documents transmitted in application of this chapter shall be exempt from all legalisation formalities.

27. gr.
Efni beiðni.

1. Í beiðni um samstarf samkvæmt þessum kafla skal tilgreina:
a. hvaða stjórnvald ber beiðni fram og hvaða stjórnvald fer með rannsókn eða málsrekstur,

b. tilgang beiðni og ástæður hennar,
c. efni máls, þar á meðal þau atvik sem máli skipta (svo sem hvenær, hvar og við hvaða aðstæður brot var framið) og rannsóknin eða málsreksturinn lýtur að, nema um sé að ræða beiðni um birtingu,
d. að því leyti sem samstarf felur í sér þvingunaraðgerðir:
i. texta viðeigandi laga, en sé það ekki unnt greinargerð um þau lög sem um málið gilda, og
ii. að gera megi þær ráðstafanir sem beðið er um eða hverjar þær ráðstafanir aðrar sem hafa sömu áhrif á landsvæði þess aðila sem leggur fram beiðni samkvæmt lögum hans sjálfs,
e. þegar nauðsynlegt er og að því marki sem unnt er:
i. deili á þeim manni eða mönnum sem um er að ræða, þar á meðal nafn, fæðingardag og fæðingarstað, þjóðerni og dvalarstað, svo og aðsetur ef um lögaðila er að ræða, og
ii. hver sú eign er sem samstarf varðar, hvar hún er, tengsl hennar við viðkomandi mann eða menn, tengsl hennar við brotið ef um það er að ræða, svo og allar fyrirliggjandi upplýsingar um réttindi annarra í eigninni, og

f. alla sérstaka tilhögun á málsmeðferð sem sá aðili sem leggur fram beiðni kann að óska eftir að fylgt sé.
2. Í beiðni um bráðabirgðaráðstafanir skv. 3. þætti er lýtur að því að hald sé lagt á eign sem fullnustu má leita í samkvæmt upptökuákvörðun er felur í sér kröfu um greiðslu peninga skal einnig tilgreina hámarksfjárhæð þá sem fullnustu er leitað fyrir í eigninni.
3. Að viðbættum þeim upplýsingum sem getið er um í 1. mgr. skal beiðni skv. 4. þætti fylgja:

a. ef a-liður 1. mgr. 13. gr. á við:
i. staðfest eintak upptökuákvörðunar dómstóls þess aðila sem leggur fram beiðni og greinargerð um forsendur hennar séu þær ekki tilgreindar í ákvörðuninni sjálfri,

ii. staðfesting þar til bærs stjórnvalds þess aðila sem leggur fram beiðni um að upptöku-

Article 27
Content of request

1. Any request for co-operation under this chapter shall specify:
a. the authority making the request and the authority carrying out the investigations or proceedings;
b. the object of and the reason for the request;
c. the matters, including the relevant facts (such as date, place and circumstances of the offence) to which the investigations or proceedings relate, except in the case of a request for notification;
d. in so far as the co-operation involves coercive action:
i the text of the statutory provisions or, where this is not possible, a statement of the relevant law applicable; and
ii an indication that the measure sought or any other measures having similar effects could be taken in the territory of the requesting Party under its own law;
e. where necessary and in so far as possible:

i details of the person or persons concerned, including name, date and place of birth, nationality and location, and, in the case of a legal person, its seat; and
ii the property in relation to which co-operation is sought, its location, its connection with the person or persons concerned, any connection with the offence, as well as any available information about other persons' interests in the property; and
f. any particular procedure the requesting Party wishes to be followed.

2. A request for provisional measures under Section 3 in relation to seizure of property on which a confiscation order consisting in the requirement to pay a sum of money may be realised shall also indicate a maximum amount for which recovery is sought in that property.
3. In addition to the indications mentioned in paragraph 1, any request under Section 4 shall contain:
a. in the case of Article 13, paragraph 1.a:
i a certified true copy of the confiscation order made by the court in the requesting Party and a statement of the grounds on the basis of which the order was made, if they are not indicated in the order itself;
ii an attestation by the competent authority of the requesting Party that the confiscation

ákvörðun sé fullnustuhæf og að hún sé ekki undir áfrýjun með venjulegum hætti,

iii. upplýsingar um að hve miklu leyti óskað er fullnustu ákvörðunarinnar, og

iv. upplýsingar um nauðsyn bráðabirgðaráðstafana,

b. ef b-liður 1. mgr. 13. gr. á við, greinargerð um þau málsatvik sem byggt er á af þeim aðila sem leggur fram beiðni er nægir til að sá aðili sem beiðni er beint til geti aflað ákvörðunar samkvæmt eigin lögum,

c. ef þriðji maður hefur átt þess kost að krefjast réttar síns, skjöl þar sem sýnt er fram á að svo hafi verið.

28. gr.

Gallar á beiðni.

1. Nú fullnægir beiðni ekki ákvæðum þessa kafla eða veittar upplýsingar nægja ekki til að aðili sá sem beiðni er beint til geti fjallað um hana og getur hann þá farið þess á leit við þann aðila sem leggur fram beiðni að hann breyti beiðninni eða veiti viðbótarupplýsingar henni til fyllingar.

2. Sá aðili sem beiðni er beint til getur sett frest til móttöku slíkra breytinga eða upplýsinga.

3. Meðan beðið er breytinga eða upplýsinga sem óskað hefur verið vegna beiðni skv. 4. þætti þessa kafla getur sá aðili sem beiðni er beint til gert hverja þá ráðstöfun sem fjallað er um í 2. og 3. þætti þessa kafla.

29. gr.

Fleiri en ein beiðni.

1. Nú fær sá aðili sem beiðni er beint til fleiri en eina beiðni skv. 3. og 4. þætti þessa kafla sem lúta að sama manni eða eign og hindrar það þá ekki að aðilinn sinni þeim beiðnum sem varða bráðabirgðaráðstafanir.

2. Ef fleiri en ein beiðni er lögð fram skv. 4. þætti þessa kafla skal sá aðili sem þeim er beint til taka til athugunar að ráðfæra sig við þá aðila sem leggja þær fram.

30. gr.

Skylda til að veita rökstuðning.

Sá aðili sem beiðni er beint til skal rökstyðja allar ákvarðanir sínar um að synja eða fresta samstarfi sínu samkvæmt þessum kafla eða binda það skilyrðum.

order is enforceable and not subject to ordinary means of appeal;

iii information as to the extent to which the enforcement of the order is requested; and

iv information as to the necessity of taking any provisional measures;

b. in the case of Article 13, paragraph 1.b, a statement of the facts relied upon by the requesting Party sufficient to enable the requested Party to seek the order under its domestic law;

c. when third parties have had the opportunity to claim rights, documents demonstrating that this has been the case.

Article 28

Defective requests

1. If a request does not comply with the provisions of this chapter or the information supplied is not sufficient to enable the requested Party to deal with the request, that Party may ask the requesting Party to amend the request or to complete it with additional information.

2. The requested Party may set a time-limit for the receipt of such amendments or information.

3. Pending receipt of the requested amendments or information in relation to a request under Section 4 of this chapter, the requested Party may take any of the measures referred to in Sections 2 or 3 of this chapter.

Article 29

Plurality of requests

1. Where the requested Party receives more than one request under Sections 3 or 4 of this chapter in respect of the same person or property, the plurality of requests shall not prevent that Party from dealing with the requests involving the taking of provisional measures.

2. In the case of plurality of requests under Section 4 of this chapter, the requested Party shall consider consulting the requesting Parties.

Article 30

Obligation to give reasons

The requested Party shall give reasons for any decision to refuse, postpone or make conditional any co-operation under this chapter.

31. gr.
Upplýsingar.

1. Sá aðili sem beiðni er beint til skal þegar skýra þeim aðila sem leggur fram beiðni frá:
a. til hvaða aðgerðar hefur verið gripið á grundvelli beiðni samkvæmt þessum kafla,
b. til hvers sú aðgerð hefur endanlega leitt sem gripið hefur verið til á grundvelli beiðni,
c. ákvörðun sinni um að synja eða fresta samstarfi samkvæmt þessum kafla eða binda það skilyrðum, að öllu eða einhverju leyti,
d. hverjum þeim aðstæðum sem koma í veg fyrir að unnt sé að framkvæma umbeðna aðgerð eða eru líklegar til að tefja hana til muna, og
e. ef um ræðir bráðabirgðaráðstafanir gerðar á grundvelli beiðni skv. 2. eða 3. þætti þessa kafla, hvaða reglur það eru í landslögum hans sem leiða sjálfkrafa til brottfalls ráðstöfunar.

2. Sá aðili sem leggur fram beiðni skal þegar skýra þeim aðila sem beiðni er beint til frá:
a. sérhverri endurskoðun, ákvörðun eða öðru sem veldur því að upptökuákvörðun er ekki lengur fullnustuhæf að öllu eða einhverju leyti, og
b. öllum nýjum atvikum, bæði hvað snertir staðreyndir máls og lög, sem valda því að ekki er lengur ástæða til aðgerðar samkvæmt þessum kafla.

3. Þegar aðili óskar upptöku hjá fleiri en einum aðila á grundvelli sömu upptökuákvörðunar skal hann tilkynna öllum aðilum um beiðnina sem fullnusta ákvörðunarinnar varðar.

Article 31
Information

1. The requested Party shall promptly inform the requesting Party of:
a. the action initiated on a request under this chapter;
b. the final result of the action carried out on the basis of the request;
c. a decision to refuse, postpone or make conditional, in whole or in part, any co-operation under this chapter;
d. any circumstances which render impossible the carrying out of the action sought or are likely to delay it significantly; and
e. in the event of provisional measures taken pursuant to a request under Sections 2 or 3 of this chapter, such provisions of its domestic law as would automatically lead to the lifting of the provisional measure.

2. The requesting Party shall promptly inform the requested Party of:
a. any review, decision or any other fact by reason of which the confiscation order ceases to be wholly or partially enforceable; and

b. any development, factual or legal, by reason of which any action under this chapter is no longer justified.

3. Where a Party, on the basis of the same confiscation order, requests confiscation in more than one Party, it shall inform all Parties which are affected by an enforcement of the order about the request.

32. gr.
Takmarkanir á notkun.

1. Sá aðili sem beiðni er beint til getur sett það skilyrði fyrir framkvæmd hennar að stjórnvöld þess aðila sem leggur fram beiðnina noti hvorki né framsendi upplýsingar þær og sönnunargögn, sem aflað verður, í þágu annarrar rannsóknar eða annarra málaferla en tilgreint er í beiðninni, nema hann samþykki það fyrirfram.
2. Hver aðili getur þegar undirritun fer fram, eða þegar hann kemur skjali sínu um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild í vörslu, gefið yfirlýsingu um það til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins að án fyrirfram veitts samþykkis hans megi stjórnvöld aðila sem leggur fram beiðni hvorki nota né framsenda upplýsingar eða sönnunargögn, sem hann lætur í té samkvæmt þessum kafla, í þágu annarrar rannsóknar eða annarra málaferla en tilgreint er í beiðninni.

Article 32
Restriction of use

1. The requested Party may make the execution of a request dependent on the condition that the information or evidence obtained will not, without its prior consent, be used or transmitted by the authorities of the requesting Party for investigations or proceedings other than those specified in the request.
2. Each Party may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, by declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, declare that, without its prior consent, information or evidence provided by it under this chapter may not be used or transmitted by the authorities of the requesting Party in investigations or proceedings other than those specified in the request.

33. gr.
Leynd.

1. Sá aðili sem leggur fram beiðni getur óskað þess að sá aðili sem beiðni er beint til haldi leyndum þeim atvikum sem hún byggist á og efni hennar, að öðru leyti en því sem óhjákvæmilegt er til að framkvæma megi beiðnina. Sé þeim aðila sem beiðni er beint til ekki unnt að uppfylla kröfuna um leynd skal hann þegar skýra þeim aðila sem leggur fram beiðni frá því.
2. Sá aðili sem leggur fram beiðni skal, sé það ekki andstætt grundvallarreglum landslaga hans og sé farið fram á það við hann, halda leyndum öllum sönnunargögnum og upplýsingum sem sá aðili lætur í té sem beiðni er beint til, að öðru leyti en því sem óhjákvæmilegt er vegna þeirra rannsókna eða málaferla sem lýst er í beiðninni.
3. Mæli landslög hans ekki fyrir um annað skal aðili, sem fengið hefur upplýsingar án beiðni skv. 10. gr., uppfylla allar óskir þess aðila um leynd sem veitir þær. Geti hann ekki uppfyllt þær kröfur skal hann þegar skýra þeim aðila sem sendi upplýsingarnar frá því.

Article 33
Confidentiality

1. The requesting Party may require that the requested Party keep confidential the facts and substance of the request, except to the extent necessary to execute the request. If the requested Party cannot comply with the requirement of confidentiality, it shall promptly inform the requesting Party.

2. The requesting Party shall, if not contrary to basic principles of its national law and if so requested, keep confidential any evidence and information provided by the requested Party, except to the extent that its disclosure is necessary for the investigations or proceedings described in the request.
3. Subject to the provisions of its domestic law, a Party which has received spontaneous information under Article 10 shall comply with any requirement of confidentiality as required by the Party which supplies the information. If the other Party cannot comply with such requirement, it shall promptly inform the transmitting Party.

34. gr.
Kostnaður.

Sá aðili sem beiðni er beint til skal bera venjulegan kostnað af að sinna henni. Sé nauðsynlegur kostnaður af því að sinna beiðni verulegur eða óvenjulegur skulu aðilar hafa með sér samráð til að koma sér saman um með hvaða skilmálum beiðnin skuli framkvæmd og hvernig bera skuli kostnað af henni.

Article 34
Costs

The ordinary costs of complying with a request shall be borne by the requested Party. Where costs of a substantial or extraordinary nature are necessary to comply with a request, the Parties shall consult in order to agree the conditions on which the request is to be executed and how the costs shall be borne.

35. gr.
Skaðabætur.

1. Nú hefur maður höfðað mál til greiðslu skaðabóta vegna athafnar eða athafnaleysis er varðar samstarf samkvæmt þessum kafla og skulu þá hlutaðeigandi aðilar taka til athugunar að hafa með sér samráð, eftir því sem við á, til að ákvarða hvernig skipta skuli hugsanlegum skaðabótagreiðslum milli þeirra.
2. Aðili sem skaðabótamál hefur verið höfðað gegn skal leitast við að veita hinum aðilanum upplýsingar um málið, ef sá aðili kann að eiga þar hagsmuna að gæta.

Article 35
Damages

1. When legal action on liability for damages resulting from an act or omission in relation to co-operation under this chapter has been initiated by a person, the Parties concerned shall consider consulting each other, where appropriate, to determine how to apportion any sum of damages due.
2. A Party which has become subject of a litigation for damages shall endeavour to inform the other Party of such litigation if that Party might have an interest in the case.

IV. KAFLI
Lokaákvæði.

36. gr.
Undirritun og gildistaka.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu aðildarríkja Evrópuráðsins, svo og þeirra ríkja sem ekki eru aðilar að ráðinu en hafa tekið þátt í að semja hann. Geta þau lýst samþykki sínu til að vera bundin af samningnum með:

a. undirritun án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, eða

b. undirritun með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, og eftirfarandi fullgildingu, staðfestingu eða samþykki.

2. Skjölum um fullgildingu, staðfestingu og samþykki skal komið í vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

3. Samningur þessi öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er þrjú ríki, þar af að minnsta kosti tvö aðildarríki Evrópuráðsins, hafa lýst samþykki sínu til að vera bundin af honum samkvæmt ákvæðum 1. mgr.

4. Að því er varðar undirritunarríki sem síðar lýsir yfir samþykki sínu til að vera bundið af samningnum öðlast hann gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá því er það lýsir samþykki sínu til að vera bundið af honum samkvæmt ákvæðum 1. mgr.

37. gr.
Aðild að samningnum.

1. Er samningur þessi hefur öðlast gildi getur ráðherranefnd Evrópuráðsins að höfðu samráði við samningsríkin boðið hvaða ríki sem er, sem ekki á aðild að Evrópuráðinu og ekki hefur tekið þátt í samningu hans, að gerast aðili að honum með ákvörðun sem tekin er með þeim meiri hluta sem tilskilinn er í d-lið 20. gr. stofnskrár Evrópuráðsins og með samhljóða atkvæðum fulltrúa þeirra samningsríkja sem rétt eiga til setu í nefndinni.

2. Að því er varðar ríki sem gerist aðili að samningnum öðlast hann gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðildarskjali er komið í vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

CHAPTER IV
Final provisions

Article 36
Signature and entry into force

1. This Convention shall be open for signature by the member States of the Council of Europe and non-member States which have participated in its elaboration. Such States may express their consent to be bound by:

a. signature without reservation as to ratification, acceptance or approval; or

b. signature subject to ratification, acceptance or approval, followed by ratification, acceptance or approval.

2. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

3. This Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date on which three States, of which at least two are member States of the Council of Europe, have expressed their consent to be bound by the Convention in accordance with the provisions of paragraph 1.

4. In respect of any signatory State which subsequently expresses its consent to be bound by it, the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of the expression of its consent to be bound by the Convention in accordance with the provisions of paragraph 1.

Article 37
Accession to the Convention

1. After the entry into force of this Convention, the Committee of Ministers of the Council of Europe, after consulting the Contracting States to the Convention, may invite any State not a member of the Council and not having participated in its elaboration to accede to this Convention, by a decision taken by the majority provided for in Article 20.d. of the Statute of the Council of Europe and by the unanimous vote of the representatives of the Contracting States entitled to sit on the Committee.

2. In respect of any acceding State the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of deposit of the instrument of accession with the Secretary General of the Council of Europe.

38. gr.
Staðbundið gildissvið.

1. Hvert ríki getur, við undirritun eða þegar það kemur skjali sínu um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild í vörslu, tilgreint það eða þau landsvæði sem samningur þessi á að ná til.
2. Hvert ríki getur hvenær sem er síðar lýst því yfir við aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins að samningur þessi nái til hvaða annars landsvæðis sem er sem tilgreint er í yfirlýsingunni. Öðlast samningurinn gildi að því er það landsvæði varðar fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjóra berst slík yfirlýsing.

3. Yfirlýsingu sem gefin er samkvæmt tveimur undanfarandi málsgreinum má með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra afturkalla að því er varðar hvert það landsvæði sem þar er tilgreint. Öðlast afturköllunin gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjóra berst slík tilkynning.

Article 38
Territorial application

1. Any State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, specify the territory or territories to which this Convention shall apply.
2. Any State may, at any later date, by a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, extend the application of this Convention to any other territory specified in the declaration. In respect of such territory the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of such declaration by the Secretary General.
3. Any declaration made under the two preceding paragraphs may, in respect of any territory specified in such declaration, be withdrawn by a notification addressed to the Secretary General. The withdrawal shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of such notification by the Secretary General.

39. gr.
Tengsl við aðra samninga.

1. Samningur þessi hefur ekki áhrif á réttindi og skyldur sem leiðir af marghliða þjóðréttarsamningum um sérstök málefni.

2. Aðilar að samningi þessum geta gert með sér tví- eða marghliða samninga um þau málefni sem samningur þessi fjallar um til að fylla eða treysta ákvæði hans eða auðvelda framkvæmd meginreglna hans.

3. Nú hafa tveir eða fleiri aðilar þegar gert með sér samning um efni sem fjallað er um í samningi þessum, eða hafa með öðrum hætti fest samskipti sín í sessi hvað það efni varðar, og er þeim þá rétt að framkvæma þann samning eða hafa þá skipan á samskiptunum sem um er að ræða, í stað samnings þessa, ef það er alþjóðlegu samstarfi til framdráttar.

Article 39
Relationship to other conventions and agreements

1. This Convention does not affect the rights and undertakings derived from international multilateral conventions concerning special matters.
2. Þegar fyrirtæki í samningsríki hefur með höndum atvinnurekstur í hinu samningsríkinu frá fastri atvinnustöð þar skal hvort samningsríki um sig, nema annað leiði af ákvæðum 3. mgr., telja föstu atvinnustöðinni þann hagnað sem ætla má að kæmi í hennar hlut ef hún væri sérstakt og sjálfstætt fyrirtæki sem hefði með höndum sams konar eða svipaðan atvinnurekstur við sömu eða svipaðar aðstæður og kæmi að öllu leyti sjálfstætt fram í skiptum við það fyrirtæki sem hún er föst atvinnustöð fyrir og við alla aðra aðila.

3. Við ákvörðun hagnaðar fastrar atvinnustöðvar skal leyfa sem frádrátt útgjöld sem stofnað er til af hálfu föstu atvinnustöðvarinnar, þar með talinn kostnað við framkvæmdastjórn og almenna stjórnun, hvort sem kostnaðurinn er til orðinn í því ríki þar sem fasta atvinnustöðin er eða annars staðar.

4. Að því leyti sem venja hefur verið í samningsríki að ákvarða hagnað sem talinn er fastri atvinnustöð á grundvelli skiptingar heildarhagnaðar fyrirtækisins milli hinna ýmsu hluta þess skal ekkert í 2. mgr. útiloka það samningsríki frá því að ákvarða skattskyldan hagnað eftir þeirri skiptingu sem tíðkast hefur. Aðferð sú, sem notuð er við skiptinguna, skal samt sem

ural resources; ships and aircraft shall not be regarded as immovable property.

3. The provisions of paragraph 1 shall apply to income derived from the direct use, letting, or use in any other form of immovable property and to income from the alienation of such property.

4. The provisions of paragraphs 1 and 3 shall also apply to the income from immovable property of an enterprise and to income from immovable property used for the performance of independent personal services.

Article 7
Business Profits

1. The profits of an enterprise of a Contracting State shall be taxable only in that State unless the enterprise carries on business in the other Contracting State through a permanent establishment situated therein. If the enterprise carries on or has carried on business as aforesaid, the profits of the enterprise may be taxed in the other State but only so much of them as is attributable to that permanent establishment.

2. Subject to the provisions of paragraph 3, where an enterprise of a Contracting State carries on business in the other Contracting State through a permanent establishment situated therein, there shall in each Contracting State be attributed to that permanent establishment the profits which it might be expected to make if it were a distinct and separate enterprise engaged in the same or similar activities under the same or similar conditions and dealing wholly independently with the enterprise of which it is a permanent establishment and with all other persons.

3. In the determination of the profits of a permanent establishment, there shall be allowed those deductible expenses which are incurred for the purposes of the permanent establishment including executive and general administrative expenses, whether incurred in the State in which the permanent establishment is situated or elsewhere.

4. Insofar as it has been customary in a Contracting State to determine the profits to be attributed to a permanent establishment on the basis of an apportionment of the total profits of the enterprise to its various parts, nothing in paragraph 2 shall preclude that Contracting State from determining the profits to be taxed by such an apportionment as may be customary; the

áður vera þannig að niðurstaðan verði í samræmi við þær meginreglur sem felast í þessari grein.

5. Engan hagnað skal telja fastri atvinnustöð eingöngu vegna kaupa hennar á vörum eða varningi fyrir fyrirtækið.

6. Við beitingu ákvæða undanfarandi málsgreina skal hagnaður, sem talinn er fastri atvinnustöð, ákvarðast eftir sömu reglum frá ári til árs nema rík og fullnægjandi ástæða sé til annars.
7. Þegar hagnaður felur í sér tekjur, sem sérstök ákvæði eru um í öðrum greinum þessa samnings, skulu ákvæði þessarar greinar ekki hafa áhrif á gildi þeirra ákvæða.

8. gr.
Siglingar og loftferðir.

1. Hagnaður fyrirtækis í samningsríki af rekstri skipa eða loftfara í flutningum á alþjóðaleiðum skal einungis skattlagður í því ríki.

2. Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. má skattleggja hagnað sem fyrirtæki í samningsríki hlýtur af ferðum skipa eða loftfara þegar megintilgangur ferðarinnar er að flytja farþega eða eignir milli staða í hinu samningsríkinu í því ríki.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu einnig eiga við um hagnað sem hlýst af þátttöku í rekstrarsamvinnu („pool"), sameiginlegu fyrirtæki eða alþjóðlegum rekstrarsamtökum.
4. Í þessari grein
a) tekur hugtakið „hagnaður" til:
(i) heildarsöluandvirðis og tekna sem stafa beint frá rekstri skipa eða loftfara í flutningum á alþjóðaleiðum, og
(ii) vaxta á upphæðir sem aflað er beint með rekstri skipa eða loftfara í flutningum á alþjóðaleiðum að því tilskildu að slíkir vextir tengist rekstrinum;
b) tekur hugtakið „rekstur skipa eða loftfara í flutningum á alþjóðaleiðum" sem fyrirtæki hefur með höndum til:
(i) leigutöku eða leigu skipa eða flugvéla,
(ii) leigu gáma og tækja þeim tengdum, og

(iii) sölu skipa, loftfara, gáma og tækja þeim tengdum,
af hálfu þess fyrirtækis að því tilskildu að slík leigutaka, leiga eða sala tengist rekstri þess fyrirmethod of apportionment adopted shall, however, be such that the result shall be in accordance with the principles contained in this Article.
5. No profits shall be attributed to a permanent establishment by reason of the mere purchase by that permanent establishment of goods or merchandise for the enterprise.
6. For the purposes of the preceding paragraphs, the profits to be attributed to the permanent establishment shall be determined by the same method year by year unless there is good and sufficient reason to the contrary.
7. Where profits include items of income which are dealt with separately in other Articles of this Convention, then the provisions of those Articles shall not be affected by the provisions of this Article.

Article 8
Shipping and Air Transport

1. Profits derived by an enterprise of a Contracting State from the operation of ships or aircraft in international traffic shall be taxable only in that State.
2. Notwithstanding the provisions of Article 7, profits derived by an enterprise of a Contracting State from a voyage of a ship or aircraft where the principal purpose of the voyage is to transport passengers or property between places in the other Contracting State may be taxed in that other State.
3. The provisions of paragraphs 1 and 2 shall also apply to profits from the participation in a pool, a joint business or an international operating agency.
4. For the purposes of this Article,
(a) the term "profits" includes:
(i) gross receipts and revenues derived directly from the operation of ships or aircraft in international traffic, and
(ii) interest on sums generated directly from the operation of ships or aircraft in international traffic provided that such interest is incidental to the operation;
(b) the term "operation of ships or aircraft in international traffic" by an enterprise, includes:
(i) the charter or rental of ships or aircraft,
(ii) the rental of containers and related equipment, and
(iii) the alienation of ships, aircraft, containers and related equipment,
by that enterprise provided that such charter, rental or alienation is incidental to the operation

tækis á skipum eða flugvélum í flutningum á alþjóðaleiðum.

9. gr.
Tengd fyrirtæki.

1. Þegar

a) fyrirtæki í samningsríki tekur beinan eða óbeinan þátt í stjórn, yfirráðum eða fjármagni fyrirtækis í hinu samningsríkinu, eða

b) sömu aðilar taka beinan eða óbeinan þátt í stjórn, yfirráðum eða fjármagni fyrirtækis í samningsríki og fyrirtækis í hinu samningsríkinu,

og hlutaðeigandi fyrirtæki semja eða ákveða í öðru hvoru tilvikinu skilmála um innbyrðis samband þeirra á viðskipta- eða fjármálasviðinu sem eru frábrugðnir þeim sem væru gerðir ef fyrirtækin væru óháð hvort öðru, má allur hagnaður, sem án þessara skilmála hefði runnið til annars fyrirtækisins en rennur ekki til þess vegna skilmálanna, teljast til hagnaðar þess fyrirtækis og skattleggjast samkvæmt því.

2. Þegar samningsríki telur til hagnaðar fyrirtækis í því ríki - og skattleggur samkvæmt því - hagnað fyrirtækis í hinu samningsríkinu sem skattlagður hefur verið í því ríki, og hagnaðurinn sem þannig er innifalinn er hagnaður sem hefði runnið til fyrirtækisins í fyrrnefnda ríkinu ef skilmálarnir sem samið var um milli þessara tveggja fyrirtækja hefðu verið þeir sömu og samið hefði verið um milli óháðra fyrirtækja, skal síðarnefnda ríkið gera viðeigandi leiðréttingu á fjárhæð þess skatts sem lagður er á þar á þennan hagnað. Við ákvörðun slíkrar leiðréttingar skal fullt tillit tekið til annarra ákvæða þessa samnings og bær stjórnvöld samningsríkjanna skulu, ef nauðsyn krefur, ráðgast sín á milli.

3. Samningsríki skal ekki breyta hagnaði fyrirtækis undir þeim kringumstæðum sem vísað er til í 1. mgr. eftir að frestir þeir eru liðnir sem kveðið er á um í landslögum þess og, hvað sem öðru líður, ekki þegar sex ár eru liðin frá lokum þess árs þegar hagnaðurinn sem breyta átti hefði runnið til fyrirtækisins ef ekki kæmu til þeir skilmálar sem vísað er til í 1. mgr.

4. Ákvæði 2. og 3. mgr. skulu ekki eiga við þegar um er að ræða fjársvik, vísvitandi vanskil eða vanrækslu.

by that enterprise of ships or aircraft in international traffic.

Article 9
Associated Enterprises

1. Where:

(a) an enterprise of a Contracting State participates directly or indirectly in the management, control or capital of an enterprise of the other Contracting State, or

(b) the same persons participate directly or indirectly in the management, control or capital of an enterprise of a Contracting State and an enterprise of the other Contracting State,

and in either case conditions are made or imposed between the two enterprises in their commercial or financial relations which differ from those which would be made between independent enterprises, then any profits which would, but for those conditions, have accrued to one of the enterprises, but, by reason of those conditions, have not so accrued, may be included in the profits of that enterprise and taxed accordingly.

2. Where a Contracting State includes in the profits of an enterprise of that State - and taxes accordingly - profits on which an enterprise of the other Contracting State has been charged to tax in that other State and the profits so included are profits which would have accrued to the enterprise of the first-mentioned State if the conditions made between the two enterprises had been those which would have been made between independent enterprises, then that other State shall make an appropriate adjustment to the amount of tax charged therein on those profits. In determining such adjustment, due regard shall be had to the other provisions of this Convention and the competent authorities of the Contracting States shall if necessary consult each other.

3. A Contracting State shall not change the profits of an enterprise in the circumstances referred to in paragraph 1 after the expiry of the time limits provided in its national laws and, in any case, after six years from the end of the year in which the profits which would be subject to such change would, but for the conditions referred to in paragraph 1, have accrued to that enterprise.

4. The provisions of paragraphs 2 and 3 shall not apply in the case of fraud, wilful default or neglect.

10. gr.
Ágóðahlutir.

1. Ágóðahluti, sem félag heimilisfast í samningsríki greiðir aðila heimilisföstum í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Slíka ágóðahluti má þó einnig skattleggja í því samningsríki þar sem félagið sem greiðir ágóðahlutina er heimilisfast og samkvæmt lögum þess ríkis. Sé raunverulegur eigandi ágóðahlutanna hins vegar heimilisfastur í hinu samningsríkinu skal skatturinn sem þannig er á lagður eigi vera hærri en:

a) 5 af hundraði af vergri fjárhæð ágóðahlutanna ef raunverulegi eigandinn er félag sem

(i) ræður beint eða óbeint yfir að minnsta kosti 10 af hundraði atkvæðisbærra hluta í félaginu sem ágóðahlutina greiðir, sé það félag heimilisfast í Kanada;

(ii) á beint að minnsta kosti 10 af hundraði eignarhlutdeild í félaginu sem ágóðahlutina greiðir, sé það félag heimilisfast á Íslandi;

nema í því tilviki að ágóðahlutir eru greiddir af fjárfestingarfélagi með heimilisfesti í Kanada en í eigu aðila sem ekki hefur heimilisfesti í Kanada;

b) 15 af hundraði af vergri fjárhæð ágóðahlutanna í öllum öðrum tilvikum.

Ákvæði þessarar málsgreinar skulu engin áhrif hafa á skattlagningu félagsins að því er varðar þann hagnað sem ágóðahlutirnir eru greiddir af.

3. Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. mgr., og svo lengi sem ágóðahlutir greiddir af félagi heimilisföstu á Íslandi eru samkvæmt íslenskum lögum frádráttarbærir frá skattskyldum hagnaði eða eru yfirfæranlegir sem rekstrartap félagsins við ákvörðun tekjuskatts, má einnig skattleggja á Íslandi samkvæmt íslenskum lögum ágóðahluti sem greiddir eru af félaginu til aðila heimilisfasts í Kanada. Sé raunverulegur eigandi ágóðahlutanna hins vegar heimilisfastur í Kanada skal skatturinn, sem þannig er á lagður, eigi vera hærri en 15 hundraðshlutar af þeim hluta ágóðahlutanna sem eru frádráttarbærir frá skattskyldum hagnaði félagsins eða eru yfirfæranlegir sem rekstrartap félagsins.

4. Hugtakið „ágóðahlutir" merkir í þessari grein tekjur af hlutabréfum eða öðrum réttindum, sem ekki eru skuldakröfur, er veita rétt til hlutdeildar í ágóða, svo og aðrar tekjur sem farið er með á sama hátt við skattlagningu og tekjur

Article 10
Dividends

1. Dividends paid by a company which is a resident of a Contracting State to a resident of the other Contracting State may be taxed in that other State.

2. However, such dividends may also be taxed in the Contracting State of which the company paying the dividends is a resident and according to the laws of that State, but if the beneficial owner of the dividends is a resident of the other Contracting State, the tax so charged shall not exceed:

(a) except in the case of dividends paid by a non-resident-owned investment corporation that is a resident of Canada, 5 per cent of the gross amount of the dividends if the beneficial owner is a company that,

(i) controls directly or indirectly at least 10 per cent of the voting power in the company paying the dividends where that company is a resident of Canada;

(ii) holds directly at least 10 per cent of the capital of the company paying the dividends where that company is a resident of Iceland;

(b) 15 per cent of the gross amount of the dividends in all other cases.

The provisions of this paragraph shall not affect the taxation of the company in respect of the profits out of which the dividends are paid.

3. Notwithstanding the provisions of paragraph 2, subparagraph (a), as long as according to the laws of Iceland dividends paid by a company which is a resident of Iceland may be deducted from the taxable profits or may be carried forward as an operating loss of such company for income tax purposes, dividends paid by such company to a resident of Canada may also be taxed in Iceland and according to the laws of Iceland, but if the beneficial owner of the dividends is a resident of Canada, the tax so charged shall not exceed 15 per cent, on such part of the dividends which is deductible from the company's taxable profits or can be carried forward as an operating loss of the company.

4. The term "dividends" as used in this Article means income from shares or other rights, not being debt-claims, participating in profits, as well as income which is subjected to the same taxation treatment as income from shares by the

af hlutabréfum samkvæmt lögum þess ríkis þar sem félagið sem framkvæmir úthlutunina er heimilisfast.

5. Ákvæði 2. og 3. mgr. gilda ekki þegar raunverulegur eigandi ágóðahlutanna er heimilisfastur í samningsríki og hann rekur starfsemi frá fastri atvinnustöð í hinu samningsríkinu þar sem félagið sem greiðir ágóðahlutina er heimilisfast, eða veitir sjálfstæða persónulega þjónustu frá fastri stöð í síðarnefnda ríkinu, og hlutareignin sem ágóðahlutirnir eru greiddir af er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stöð. Í því tilviki skulu, eftir því sem við á, ákvæði 7. gr. eða 14. gr. gilda.

6. Ef félag sem er heimilisfast í samningsríki fær hagnað eða tekjur frá hinu samningsríkinu getur síðarnefnda ríkið ekki skattlagt ágóðahlutina sem félagið greiðir nema að því leyti sem ágóðahlutirnir eru greiddir aðila heimilisföstum í síðarnefnda ríkinu eða að því leyti sem hlutareignin sem ágóðahlutirnir eru greiddir af er raunverulega bundin við fasta atvinnustöð eða fasta stöð í síðarnefnda ríkinu né heldur skattlagt óúthlutaðan hagnað félagsins. Þetta gildir jafnt þótt ágóðahlutirnir sem greiddir eru eða óúthlutaði hagnaðurinn séu að öllu eða nokkru leyti hagnaður eða tekjur sem hafa myndast í síðarnefnda ríkinu.

7. Ekkert í þessum samningi skal túlka á þann veg að það hindri samningsríki í að leggja skatt á sölu félags, sem hefur með höndum viðskipti með fasteignir, á fasteign sem staðsett er í því ríki eða á hagnað félags sem talinn er fastri atvinnustöð í því ríki til viðbótar þeim skatti sem greiða skal af hagnaði félags sem er ríkisborgari í því ríki, að því tilskildu að viðbótarskatturinn sem þannig er á lagður sé eigi hærri en 5 af hundraði af fjárhæð þess hagnaðar sem ekki hefur sætt slíkri viðbótarskattlagningu á fyrri gjaldárum. Í þessari grein merkir hugtakið „hagnaður“ þann hagnað sem rekja má til sölu þeirra fasteigna sem staðsettar eru í samningsríki og skattleggja má í því ríki samkvæmt ákvæðum 6. gr. eða 1. mgr. 13. gr. og þann hagnað, þar með talinn ágóða, sem talinn er fastri atvinnustöð í samningsríki á tilteknu ári og á árunum þar á undan eftir að dregnir hafa verið frá allir skattar sem lagðir eru á slíkan hagnað í því ríki að undanskildum þeim viðbótarskatti sem hér er vísað til.

laws of the State of which the company making the distribution is a resident.

5. The provisions of paragraphs 2 and 3 shall not apply if the beneficial owner of the dividends, being a resident of a Contracting State, carries on business in the other Contracting State of which the company paying the dividends is a resident, through a permanent establishment situated therein, or performs in that other State independent personal services from a fixed base situated therein, and the holding in respect of which the dividends are paid is effectively connected with such permanent establishment or fixed base. In such case the provisions of Article 7 or Article 14, as the case may be, shall apply.

6. Where a company which is a resident of a Contracting State derives profits or income from the other Contracting State, that other State may not impose any tax on the dividends paid by the company, except insofar as such dividends are paid to a resident of that other State or insofar as the holding in respect of which the dividends are paid is effectively connected with a permanent establishment or a fixed base situated in that other State, nor subject the company's undistributed profits to a tax on undistributed profits, even if the dividends paid or the undistributed profits consist wholly or partly of profits or income arising in such other State.

7. Nothing in this Convention shall be construed as preventing a Contracting State from imposing on the alienation of immovable property situated in that State by a company carrying on a trade in immovable property or on the earnings of a company attributable to a permanent establishment in that State, a tax in addition to the tax which would be chargeable on the earnings of a company which is a national of that State, provided that any additional tax so imposed shall not exceed 5 per cent of the amount of such earnings which have not been subjected to such additional tax in previous taxation years. For the purpose of this provision, the term "earnings" means the earnings attributable to the alienation of such immovable property situated in a Contracting State as may be taxed by that State under the provisions of Article 6 or of paragraph 1 of Article 13, and the profits, including any gains, attributable to a permanent establishment in a Contracting State in a year and previous years after deducting therefrom all taxes, other than the additional tax

11. gr.
Vextir.

1. Vexti, sem myndast í samningsríki og greiddir eru aðila heimilisföstum í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.
2. Slíka vexti má þó einnig skattleggja í því samningsríki þar sem þeir myndast og samkvæmt lögum þess ríkis. Sé raunverulegur eigandi vaxtanna hins vegar heimilisfastur í hinu samningsríkinu skal skatturinn sem þannig er á lagður eigi vera hærri en 10 af hundraði af vergri fjárhæð vaxtanna.
3. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr.

a) skal einungis skattleggja vexti sem myndast í samningsríki og greiddir eru vegna skulda ríkisstjórnar þess ríkis eða sjálfstjórnarhéraðs eða sveitarstjórnar þess í hinu samningsríkinu að því tilskildu að raunverulegur eigandi vaxtanna sé heimilisfastur í því ríki;

b) skal einungis skattleggja í Kanada vexti sem myndast á Íslandi og greiddir eru aðila heimilisföstum í Kanada ef þeir eru greiddir vegna láns sem veitt er, ábyrgst eða tryggt, eða greiðslufrests sem veittur er, ábyrgður eða tryggður, af Útflutningsþróunarfélaginu (Export Development Corporation);

c) skal einungis skattleggja á Íslandi vexti sem myndast í Kanada og greiddir eru aðila heimilisföstum á Íslandi ef þeir eru greiddir vegna láns sem veitt er, ábyrgst eða tryggt, eða greiðslufrests sem veittur er, ábyrgður eða tryggður, af Seðlabanka Íslands eða öðrum aðila sem tilgreindur kann að verða og samþykktur í bréfaskiptum milli bærra stjórnvalda samningsríkjanna; og

d) skal ekki skattleggja í samningsríki vexti sem þar myndast og greiddir eru aðila heimilisföstum í hinu samningsríkinu sem komið var á og sem rekinn er eingöngu í þeim tilgangi að hafa umsjón með eða veita bætur samkvæmt einu eða fleiri eftirlauna- eða starfslokakerfum eða annars konar kerfum til að láta í té starfstengdar bætur að því tilskildu að:

(i) hinn heimilisfasti aðili sé raunverulegur eigandi vaxtanna og sé almennt undanþeginn skatti í hinu ríkinu, og

(ii) vextirnir stafa ekki frá viðskiptum eða atvinnustarfsemi eða frá tengdum aðila.

referred to herein, imposed on such profits in that State.

Article 11
Interest

1. Interest arising in a Contracting State and paid to a resident of the other Contracting State may be taxed in that other State.
2. However, such interest may also be taxed in the Contracting State in which it arises and according to the laws of that State, but if the beneficial owner of the interest is a resident of the other Contracting State, the tax so charged shall not exceed 10 per cent of the gross amount of the interest.
3. Notwithstanding the provisions of paragraph 2:

(a) interest arising in a Contracting State and paid in respect of indebtedness of the government of that State or of a political subdivision or local authority thereof shall, provided that the interest is beneficially owned by a resident of the other Contracting State, be taxable only in that other State;

(b) interest arising in Iceland and paid to a resident of Canada shall be taxable only in Canada if it is paid in respect of a loan made, guaranteed or insured, or a credit extended, guaranteed or insured by the Export Development Corporation;

(c) interest arising in Canada and paid to a resident of Iceland shall be taxable only in Iceland if it is paid in respect of a loan made, guaranteed or insured, or a credit extended, guaranteed or insured by the Central Bank of Iceland or by any other entity as may be specified and mutually agreed in letters exchanged between the competent authorities of the Contracting States; and

(d) interest arising in a Contracting State and paid to a resident of the other Contracting State which was constituted and is operated exclusively to administer or provide benefits under one or more pension, retirement or other employee benefits plans shall not be taxable in the first-mentioned State provided that:

(i) the resident is the beneficial owner of the interest and is generally exempt from tax in the other State; and

(ii) the interest is not derived from carrying on a trade or a business or from a related person.

4. Hugtakið „vextir“ merkir í þessari grein tekjur af hvers konar skuldakröfum hvort sem þær eru tryggðar með veði í fasteign eða ekki. Hugtakið tekur sérstaklega til tekna af ríkisverðbréfum og tekna af skuldabréfum eða skuldaviðurkenningum, þar með talinn gengismunur og vinningar tengdir slíkum verðbréfum, skuldabréfum eða skuldaviðurkenningum og tekjur sem farið er með hvað skattlagningu varðar á sama hátt og tekjur af lánsfé samkvæmt lögum þess ríkis þar sem tekjurnar myndast. Hugtakið „vextir“ tekur hins vegar ekki til tekna sem fjallað er um í 8. gr. eða 10. gr.

5. Ákvæði 2. mgr. gilda ekki þegar raunverulegur eigandi vaxtanna er heimilisfastur í samningsríki og hann rekur starfsemi frá fastri atvinnustöð í hinu samningsríkinu þar sem vextirnir myndast, eða hann veitir sjálfstæða persónulega þjónustu frá fastri stöð í síðarnefnda ríkinu, og skuldakrafan sem vextirnir eru greiddir af er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stöð. Í því tilviki skulu, eftir því sem við á, ákvæði 7. gr. eða 14. gr. gilda.

6. Vextir skulu taldir myndast í samningsríki þegar greiðandinn er heimilisfastur í því ríki. Þegar sá aðili sem vextina greiðir, hvort sem hann er heimilisfastur í samningsríki eða ekki, hefur fasta atvinnustöð eða fasta stöð í samningsríki og skuldakrafan sem vextirnir eru greiddir af er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stöð, og vextirnir eru gjaldfærðir hjá hinni föstu atvinnustöð eða föstu stöð, skulu slíkir vextir þó taldir myndast í því ríki þar sem hin fasta atvinnustöð eða fasta stöð er staðsett.

7. Þegar vaxtafjárhæðin er hærri, miðað við þá skuldakröfu sem hún er greidd af, vegna sérstaks sambands milli greiðanda og raunverulegs eiganda eða milli þeirra beggja og þriðja aðila, en sú vaxtafjárhæð sem greiðandi og raunverulegur eigandi hefðu samið um ef þetta sérstaka samband hefði ekki verið fyrir hendi, skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á skal fjárhæðin sem umfram er skattlögð samkvæmt lögum hvors samningsríkis um sig að teknu tilliti til annarra ákvæða þessa samnings.

4. The term “interest” as used in this Article means income from debt-claims of every kind, whether or not secured by mortgage, and in particular, income from government securities and income from bonds or debentures, including premiums and prizes attaching to such securities, bonds or debentures, as well as income which is subjected to the same taxation treatment as income from money lent by the laws of the State in which the income arises. However, the term “interest” does not include income dealt with in Article 8 or Article 10.

5. The provisions of paragraph 2 shall not apply if the beneficial owner of the interest, being a resident of a Contracting State, carries on business in the other Contracting State in which the interest arises through a permanent establishment situated therein, or performs in that other State independent personal services from a fixed base situated therein, and the debt-claim in respect of which the interest is paid is effectively connected with such permanent establishment or fixed base. In such case the provisions of Article 7 or Article 14, as the case may be, shall apply.

6. Interest shall be deemed to arise in a Contracting State when the payer is a resident of that State. Where, however, the person paying the interest, whether the payer is a resident of a Contracting State or not, has in a Contracting State a permanent establishment or a fixed base in connection with which the indebtedness on which the interest is paid was incurred, and such interest is borne by such permanent establishment or fixed base, then such interest shall be deemed to arise in the State in which the permanent establishment or fixed base is situated.

7. Where, by reason of a special relationship between the payer and the beneficial owner or between both of them and some other person, the amount of the interest, having regard to the debt-claim for which it is paid, exceeds the amount which would have been agreed upon by the payer and the beneficial owner in the absence of such relationship, the provisions of this Article shall apply only to the last-mentioned amount. In such case, the excess part of the payments shall remain taxable according to the laws of each Contracting State, due regard being had to the other provisions of this Convention.

12. gr.
Þóknanir.

1. Þóknanir, sem myndast í samningsríki og greiddar eru aðila heimilisföstum í hinu samningsríkinu má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.
2. Slíkar þóknanir má þó einnig skattleggja í því samningsríki þar sem þær myndast og samkvæmt lögum þess ríkis. Sé raunverulegur eigandi þóknananna hins vegar heimilisfastur í hinu samningsríkinu skal skatturinn sem þannig er á lagður eigi vera hærri en 10 af hundraði af vergri fjárhæð þóknananna.
3. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skal einungis skattleggja

a) þóknanir fyrir höfundarrétt og aðrar sams konar greiðslur vegna framleiðslu eða fjölföldun á bókmenntaverki, leiklistarverki, hljómlistarverki eða annars konar listaverki (tekur þó ekki til þóknana fyrir kvikmyndir eða þóknana fyrir verk á filmum eða myndböndum eða sem fjölfölduð eru með öðrum hætti til notkunar í tengslum við sjónvarpsútsendingar), og

b) þóknanir fyrir afnot eða rétt til afnota af tölvuhugbúnaði eða einkaleyfi eða fyrir upplýsingar um reynslu á sviði iðnaðar, viðskipta eða vísinda (tekur þó ekki til slíkra upplýsinga sem veittar eru í tengslum við leigusamning eða sérleyfissamning (franchise agreement)),

er myndast í samningsríki og greiddar eru aðila heimilisföstum í hinu samningsríkinu sem er raunverulegur eigandi þóknananna, í því ríki.

4. Hugtakið „þóknanir" merkir í þessari grein hvers konar greiðslur sem tekið er við sem endurgjaldi fyrir afnot eða rétt til afnota af hvers konar höfundarrétti, einkaleyfi, vörumerki, mynstri eða líkani, áætlun, leynilegri formúlu eða framleiðsluaðferð eða öðrum óáþreifanlegum eignum, eða fyrir afnot eða rétt til afnota af iðnaðar-, viðskipta- eða vísindabúnaði, eða fyrir upplýsingar um reynslu á sviði iðnaðar, viðskipta eða vísinda. Hugtakið tekur til hvers konar greiðslna fyrir kvikmyndir og verk á filmum, myndböndum eða sem fjölfölduð eru með öðrum hætti til notkunar í tengslum við sjónvarp.
5. Ákvæði 2. og 3. mgr. gilda ekki þegar raunverulegur eigandi þóknananna er heimilisfastur í samningsríki og hann rekur starfsemi frá fastri atvinnustöð í hinu samningsríkinu þar sem þóknanirnar myndast, eða veitir sjálfstæða persónulega þjónustu frá fastri stöð í síðarnefnda ríkinu, og réttindin eða eignin sem þóknanirnar stafa frá er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnu-

Article 12
Royalties

1. Royalties arising in a Contracting State and paid to a resident of the other Contracting State may be taxed in that other State.
2. However, such royalties may also be taxed in the Contracting State in which they arise and according to the laws of that State, but if the beneficial owner of the royalties is a resident of the other Contracting State, the tax so charged shall not exceed 10 per cent of the gross amount of the royalties.
3. Notwithstanding the provisions of paragraph 2,

(a) copyright royalties and other like payments in respect of the production or reproduction of any literary, dramatic, musical or other artistic work (but not including royalties in respect of motion picture films nor royalties in respect of works on film or videotape or other means of reproduction for use in connection with television broadcasting), and

(b) royalties for the use of, or the right to use, computer software or patent or for information concerning industrial, commercial or scientific experience (but not including any such information provided in connection with a rental or franchise agreement),

arising in a Contracting State and paid to a resident of the other Contracting State who is the beneficial owner of the royalties shall be taxable only in that other State.
4. The term "royalties" as used in this Article means payments of any kind received as a consideration for the use of, or the right to use, any copyright, patent, trade mark, design or model, plan, secret formula or process or other intangible property, or for the use of, or the right to use, industrial, commercial or scientific equipment, or for information concerning industrial, commercial or scientific experience, and includes payments of any kind in respect of motion picture films and works on film, videotape or other means of reproduction for use in connection with television.

5. The provisions of paragraphs 2 and 3 shall not apply if the beneficial owner of the royalties, being a resident of a Contracting State, carries on business in the other Contracting State in which the royalties arise, through a permanent establishment situated therein, or performs in that other State independent personal services from a fixed base situated therein, and the right

stöð eða fasta stöð. Í því tilviki skulu, eftir því sem við á, ákvæði 7. gr. eða 14. gr. gilda.

6. Þóknanir skulu taldar myndast í samningsríki þegar greiðandinn er heimilisfastur í því ríki. Þegar sá aðili sem þóknanirnar greiðir, hvort sem hann er heimilisfastur í samningsríki eða ekki, hefur fasta atvinnustöð eða fasta stöð í samningsríki og skyldan til að greiða þókanirnar er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stöð, og þóknanirnar eru gjaldfærðar hjá hinni föstu atvinnustöð eða föstu stöð, skulu slíkar þóknanir þó taldar myndast í því ríki þar sem hin fasta atvinnustöð eða fasta stöð er staðsett.

7. Þegar fjárhæð þóknananna er hærri, miðað við þau afnot, réttindi eða upplýsingar sem þær eru greiðsla fyrir, vegna sérstaks sambands milli greiðanda og raunverulegs eiganda eða milli þeirra beggja og þriðja aðila, en sú fjárhæð sem greiðandi og raunverulegur eigandi hefðu samið um ef þetta sérstaka samband hefði ekki verið fyrir hendi skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á skal fjárhæðin sem umfram er skattlögð samkvæmt lögum hvors samningsríkis um sig að teknu tilliti til annarra ákvæða þessa samnings.

or property in respect of which the royalties are paid is effectively connected with such permanent establishment or fixed base. In such case the provisions of Article 7 or Article 14, as the case may be, shall apply.

6. Royalties shall be deemed to arise in a Contracting State when the payer is a resident of that State. Where, however, the person paying the royalties, whether the payer is a resident of a Contracting State or not, has in a Contracting State a permanent establishment or a fixed base in connection with which the obligation to pay the royalties was incurred, and such royalties are borne by such permanent establishment or fixed base, then such royalties shall be deemed to arise in the State in which the permanent establishment or fixed base is situated.

7. Where, by reason of a special relationship between the payer and the beneficial owner or between both of them and some other person, the amount of the royalties, having regard to the use, right or information for which they are paid, exceeds the amount which would have been agreed upon by the payer and the beneficial owner in the absence of such relationship, the provisions of this Article shall apply only to the last-mentioned amount. In such case, the excess part of the payments shall remain taxable according to the laws of each Contracting State, due regard being had to the other provisions of this Convention.

13. gr.

Söluhagnaður af eignum.

1. Hagnað, sem aðili heimilisfastur í samningsríki hlýtur af sölu fasteignar sem staðsett er í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Hagnað, sem hlýst af sölu lausafjár sem er hluti atvinnurekstrareignar fastrar atvinnustöðvar sem fyrirtæki í samningsríki hefur í hinu samningsríkinu, eða lausafjár sem tilheyrir fastri stöð sem aðili heimilisfastur í samningsríki hefur til þess að veita sjálfstæða persónulega þjónustu í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu. Sama gildir um hagnað af sölu á slíkri fastri atvinnustöð (einni sér eða ásamt fyrirtækinu í heild) eða slíkri fastri stöð.

3. Hagnað, sem fyrirtæki í samningsríki hlýtur af sölu skipa eða loftfara sem notuð eru í flutningum á alþjóðaleiðum, eða lausafjár sem tengt

Article 13

Capital Gains

1. Gains derived by a resident of a Contracting State from the alienation of immovable property situated in the other Contracting State may be taxed in that other State.

2. Gains from the alienation of movable property forming part of the business property of a permanent establishment which an enterprise of a Contracting State has in the other Contracting State or of movable property pertaining to a fixed base available to a resident of a Contracting State in the other Contracting State for the purpose of performing independent personal services, including such gains from the alienation of such a permanent establishment (alone or with the whole enterprise) or of such a fixed base may be taxed in that other State.

3. Gains derived by an enterprise of a Contracting State from the alienation of ships or aircraft operated in international traffic or mov-

er rekstri slíkra skipa eða loftfara, skal einungis skattleggja í því ríki.

4. Hagnað, sem aðili heimilisfastur í samningsríki hlýtur af sölu:

a) hluta (annarra en hluta sem skráðir eru á viðurkenndu verðbréfaþingi í hinu samningsríkinu) sem teljast hluti af verulegum eignarhlut í hlutafé félags og verðmæti hluta þess stafar einkum frá fasteignum sem staðsettar eru í hinu ríkinu; eða

b) verulegs eignarhluta í sameignarfélagi, fjárvörslustofnun eða búi, og verðmæti þeirra stafar einkum frá fasteignum sem staðsettar eru í hinu ríkinu,

má skattleggja í hinu ríkinu. Hugtakið „fasteign" tekur í þessari málsgrein til hluta í félagi sem vísað er til í a-lið eða eignarhluta í sameignarfélagi, fjárvörslustofnun eða búi sem vísað er til í b-lið en tekur ekki til eigna, annarra en leigueigna, þar sem starfsemi félagsins, sameignarfélagsins, fjárvörslustofnunarinnar eða búsins fer fram. Verulegur eignarhluti er til staðar þegar heimilisfastur aðili eða aðilar tengdir honum eiga 10 af hundraði eða meira hlutafjár í félagi, í hvaða flokki sem er, eða eiga 10 af hundraði eignarhlut í sameignarfélagi, fjárvörslustofnun eða búi.

5. Þegar aðili heimilisfastur í samningsríki selur eignir í tengslum við skipulagningu fyrirtækis eða aðra skipulagningu, endurskipulagningu, sameiningu, skiptingu eða svipaða framkvæmd og hagnaður, ágóði eða tekjur vegna slíkrar sölu eru ekki viðurkennd hvað skattlagningu varðar í því ríki, getur bært stjórnvald í hinu samningsríkinu samþykkt, sé þess óskað af þeim aðila sem eignina fær, að fresta viðurkenningu hagnaðarins, ágóðans eða teknanna vegna slíkra eigna hvað skattlagningu varðar í því ríki til þess tíma og með þeim hætti sem kveðið kann að vera á um í samningnum, með þeim skilmálum og skilyrðum sem hið bæra stjórnvald telur fullnægjandi.

6. Hagnað, sem hlýst af sölu annarra eigna en getið er í 1., 2., 3. og 4. mgr., skal einungis skattleggja í því samningsríki þar sem seljandinn er heimilisfastur.

7. Ákvæði 6. mgr. skulu ekki hafa áhrif á rétt samningsríkis til að leggja skatt samkvæmt lögum þess á söluhagnað eigna sem aðili hlýtur sem er heimilisfastur í hinu samningsríkinu en hefur verið heimilisfastur í fyrrnefnda ríkinu einhvern

able property pertaining to the operation of such ships or aircraft, shall be taxable only in that State.

4. Gains derived by a resident of a Contracting State from the alienation of:

(a) shares (other than shares listed on an approved stock exchange in the other Contracting State) forming part of a substantial interest in the capital stock of a company the value of which shares is derived principally from immovable property situated in that other State; or

(b) a substantial interest in a partnership, trust or estate, the value of which is derived principally from immovable property situated in that other State,

may be taxed in that other State. For the purposes of this paragraph, the term "immovable property" includes the shares of a company referred to in subparagraph (a) or an interest in a partnership, trust or estate referred to in subparagraph (b) but does not include any property, other than rental property, in which the business of the company, partnership, trust or estate is carried on; and a substantial interest exists when the resident or persons related thereto own 10 per cent or more of the shares of any class of the capital stock of a company or have an interest of 10 per cent or more in a partnership, trust or estate.

5. Where a resident of a Contracting State alienates property in the course of a corporate or other organization, reorganization, amalgamation, division or similar transaction and profit, gain or income with respect to such alienation is not recognized for the purpose of taxation in that State, if requested to do so by the person who acquires the property, the competent authority of the other Contracting State may agree, subject to terms and conditions satisfactory to such competent authority, to defer the recognition of the profit, gain or income with respect to such property for the purpose of taxation in that other State until such time and in such manner as may be stipulated in the agreement.

6. Gains from the alienation of any property, other than that referred to in paragraphs 1, 2, 3 and 4 shall be taxable only in the Contracting State of which the alienator is a resident.

7. The provisions of paragraph 6 shall not affect the right of a Contracting State to levy, according to its law, a tax on gains from the alienation of any property derived by an individual who is a resident of the other Contracting

tíma á síðustu sex árum fyrir sölu eignarinnar.

14. gr.
Sjálfstæð persónuleg þjónusta.

1. Tekjur, sem maður heimilisfastur í samningsríki hefur af sérfræðiþjónustu eða öðru svipuðu sjálfstæðu starfi, skulu einungis skattlagðar í því ríki, nema hann hafi að jafnaði fasta stöð í hinu samningsríkinu til þess að leysa af hendi störf sín. Ef hann hafði eða hefur slíka fasta stöð má leggja skatt á tekjurnar í hinu ríkinu, en þó einungis á þann hluta þeirra sem rekja má til þessarar föstu stöðvar.

2. Hugtakið „sérfræðiþjónusta" merkir einkum sjálfstæð störf á sviði vísinda, bókmennta, lista, uppeldis- eða kennslumála, svo og sjálfstæð störf lækna, lögfræðinga, verkfræðinga, arkitekta, tannlækna og endurskoðenda.

15. gr.
Launað starf.

1. Með þeim undantekningum, sem um ræðir í 16., 18. og 19. gr., skulu starfslaun, vinnulaun og annað endurgjald, sem aðili heimilisfastur í samningsríki fær fyrir starf sitt, einungis skattlögð í því ríki nema starfið sé leyst af hendi í hinu samningsríkinu. Ef starfið er leyst af hendi þar má skattleggja endurgjaldið fyrir það í síðarnefnda ríkinu.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal endurgjald, sem aðili heimilisfastur í samningsríki fær fyrir starf sem hann leysir af hendi í hinu samningsríkinu, einungis skattlagt í fyrrnefnda ríkinu, ef:

a) viðtakandinn dvelur í hinu ríkinu í eitt eða fleiri skipti, þó ekki lengur en 183 daga samtals á tólf mánaða tímabili sem hefst eða lýkur á viðkomandi skattári, og

b) endurgjaldið er greitt af eða fyrir hönd vinnuveitanda sem ekki er heimilisfastur í hinu ríkinu, og

c) endurgjaldið er ekki gjaldfært hjá fastri atvinnustöð eða fastri stöð sem vinnuveitandinn hefur í hinu ríkinu.

3. Þrátt fyrir undanfarandi ákvæði þessarar greinar má skattleggja endurgjald fyrir starf unnið um borð í skipi eða loftfari sem rekið er af fyrirtæki í samningsríki í flutningum á alþjóðaleiðum, í því ríki.

State and has been a resident of the first-mentioned State at any time during the six years immediately preceding the alienation of the property.

Article 14
Independent Personal Services

1. Income derived by an individual who is a resident of a Contracting State in respect of professional or similar services of an independent character shall be taxable only in that State unless the individual has a fixed base regularly available in the other Contracting State for the purpose of performing the services. If the individual has or had such a fixed base, the income may be taxed in the other State but only so much of it as is attributable to that fixed base.

2. The term "professional services" includes especially independent scientific, literary, artistic, educational or teaching activities as well as the independent activities of physicians, lawyers, engineers, architects, dentists and accountants.

Article 15
Dependent Personal Services

1. Subject to the provisions of Articles 16, 18 and 19, salaries, wages and other remuneration derived by a resident of a Contracting State in respect of an employment shall be taxable only in that State unless the employment is exercised in the other Contracting State. If the employment is so exercised, such remuneration as is derived therefrom may be taxed in that other State.

2. Notwithstanding the provisions of paragraph 1, remuneration derived by a resident of a Contracting State in respect of an employment exercised in the other Contracting State shall be taxable only in the first-mentioned State if:

(a) the recipient is present in the other State for a period or periods not exceeding in the aggregate 183 days in any twelve month period commencing or ending in the fiscal year concerned, and

(b) the remuneration is paid by, or on behalf of, an employer who is not a resident of the other State, and

(c) the remuneration is not borne by a permanent establishment or a fixed base which the employer has in the other State.

3. Notwithstanding the preceding provisions of this Article, remuneration in respect of an employment exercised aboard a ship or aircraft operated in international traffic by an enterprise of a Contracting State may be taxed in that State.

16. gr.
Stjórnarlaun.

Stjórnarlaun og aðrar svipaðar greiðslur, sem aðili heimilisfastur í samningsríki fær fyrir setu í stjórn eða stjórnarígildi í félagi sem heimilisfast er í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

Article 16
Directors' Fees

Directors' fees and other similar payments derived by a resident of a Contracting State in that resident's capacity as a member of the board of directors or a similar organ of a company which is a resident of the other Contracting State may be taxed in that other State.

17. gr.
Listamenn og íþróttamenn.

1. Þrátt fyrir ákvæði 14. og 15. gr. má skattleggja tekjur aðila heimilisfasts í samningsríki, sem hann aflar í hinu samningsríkinu með persónulegum störfum sem skemmtikraftur, svo sem leikari í leikhúsi eða kvikmyndum, listamaður í hljóðvarpi eða sjónvarpi eða tónlistarmaður, eða sem íþróttamaður, í síðarnefnda ríkinu.

2. Þegar tekjur af persónulegu starfi, sem leyst er af hendi af skemmtikrafti eða íþróttamanni sem slíkum, renna ekki til skemmtikraftsins eða íþróttamannsins sjálfs heldur til annars aðila má, þrátt fyrir ákvæði 7., 14. og 15. gr., skattleggja tekjurnar í því samningsríki þar sem starfsemi skemmtikraftsins eða íþróttamannsins fer fram.

3. Ákvæði 2. mgr. skulu ekki eiga við ef fyrir liggur að hvorki skemmtikrafturinn né íþróttamaðurinn eða skyldir aðilar eiga beina eða óbeina hlutdeild í hagnaði þess aðila sem vísað er til í þeirri málsgrein.

4. Ákvæðum 1. og 2. mgr. skal ekki beita varðandi tekjur vegna starfa sem leyst eru af hendi í samningsríki af aðila heimilisföstum í hinu samningsríkinu í tengslum við heimókn til fyrrnefnda ríkisins af félagi í hinu samningsríkinu sem ekki er rekið í hagnaðarskyni, að því tilskildu að heimsóknin sé fjármögnuð að verulegu leyti af opinberum sjóðum.

Article 17
Artistes and Sportspersons

1. Notwithstanding the provisions of Articles 14 and 15, income derived by a resident of a Contracting State as an entertainer, such as a theatre, motion picture, radio or television artiste, or a musician, or as a sportsperson, from that resident's personal activities as such exercised in the other Contracting State, may be taxed in that other State.

2. Where income in respect of personal activities exercised by an entertainer or a sportsperson in that individual's capacity as such accrues not to the entertainer or sportsperson personally but to another person, that income may, notwithstanding the provisions of Articles 7, 14 and 15, be taxed in the Contracting State in which the activities of the entertainer or sportsperson are exercised.

3. The provisions of paragraph 2 shall not apply if it is established that neither the entertainer or the sportsperson nor persons related thereto, participate directly or indirectly in the profits of the person referred to in that paragraph.

4. The provisions of paragraphs 1 and 2 shall not apply to income derived from activities performed in a Contracting State by a resident of the other Contracting State in the context of a visit in the first-mentioned State of a non-profit organization of the other State, provided the visit is substantially supported by public funds.

18. gr.
Eftirlaun og lífeyrir.

1. Eftirlaun og lífeyri, sem stafa frá samningsríki og greidd eru aðila heimilisföstum í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Eftirlaun, sem stafa frá samningsríki og greidd eru aðila heimilisföstum í hinu samningsríkinu, má einnig skattleggja í því ríki sem þau stafa frá og samkvæmt lögum þess ríkis. Þegar um er að ræða reglubundnar eftirlauna-

Article 18
Pensions and Annuities

1. Pensions and annuities arising in a Contracting State and paid to a resident of the other Contracting State may be taxed in that other State.

2. Pensions arising in a Contracting State and paid to a resident of the other Contracting State may also be taxed in the State in which they arise and according to the law of that State. However, in the case of periodic pension pay-

greiðslur, aðrar en greiðslur samkvæmt almannatryggingalöggjöf samningsríkis, skal skatturinn sem þannig er á lagður þó eigi vera hærri en sú eftirtalinna fjárhæða sem lægri er:

a) 15 af hundraði af vergi fjárhæð greiðslunnar; eða

b) hlutfallið sem ákvarðað er með tilliti til fjárhæðar þess skatts sem viðtakandi greiðslunnar væri krafinn um að greiða á ári af heildarfjárhæð hinna reglubundnu eftirlaunagreiðslna sem maðurinn fær á ári, ef hann væri heimilisfastur í því samningsríki sem greiðslan stafar frá.

3. Lífeyri, sem stafar frá samningsríki og greiddur er aðila heimilisföstum í hinu samningsríkinu, má einnig skattleggja í því ríki sem hann stafar frá og samkvæmt lögum þess ríkis. Skatturinn sem þannig er á lagður skal þó eigi vera hærri en 15 af hundraði af þeim hluta sem skattskyldur er í því ríki. Þessi takmörkun tekur hins vegar ekki til eingreiðslu vegna eftirgjafar, ógildingar, innlausnar, sölu eða annars konar afsals lífeyris, eða til hvers konar greiðslna samkvæmt lífeyrissamningi ef kostnaðurinn vegna greiðslnanna var frádráttarbær, í heild eða að hluta, við útreikning tekna þess aðila sem samninginn fékk.

4. Þrátt fyrir ákvæði þessa samnings:

a) skulu stríðseftirlaun og bætur (þar með talin eftirlaun og bætur sem greiddar eru fyrrverandi hermönnum sem tekið hafa þátt í stríðsátökum eða sem greiddar eru vegna tjóns eða áverka sem eru afleiðing stríðsátaka) sem stafa frá Kanada og greidd eru aðila heimilisföstum á Íslandi undanþegin skatti á Íslandi að því leyti sem þau væru undanþegin skatti ef móttakandinn væri heimilisfastur í Kanada; og

b) skulu bætur sem greiddar eru samkvæmt almannatryggingalöggjöf samningsríkis til aðila heimilisfasts í hinu samningsríkinu einungis skattlagðar í fyrrnefnda ríkinu; og

c) skulu eftirlaun sem greidd eru af eða úr sjóðum sem stofnaðir eru á Íslandi til manns fyrir starf hans í þjónustu Íslands eða einhverrar sveitarstjórnar þess einungis skattlögð á Íslandi að því tilskildu að heildarfjárhæð slíkra eftirlauna sem greidd er á hverju ári sé eigi hærri en 24.000 kanadískir dollarar eða jafngildi þeirra í íslenskum krónum. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum geta, ef þörf krefur, samþykkt að breyta fjárhæðinni sem vísað er til í þessum lið vegna gengis- eða efnahagsþróunar; og

ments, other than payments under the social security legislation in a Contracting State, the tax so charged shall not exceed the lesser of:

(a) 15 per cent of the gross amount of the payment; and

(b) the rate determined by reference to the amount of tax that the recipient of the payment would otherwise be required to pay for the year on the total amount of the periodic pension payments received by the individual in the year, if the individual were resident in the Contracting State in which the payment arises.

3. Annuities arising in a Contracting State and paid to a resident of the other Contracting State may also be taxed in the State in which they arise and according to the law of that State, but the tax so charged shall not exceed 15 per cent of the portion thereof that is subject to tax in that State. However, this limitation does not apply to lump-sum payments arising on the surrender, cancellation, redemption, sale or other alienation of an annuity, or to payments of any kind under an annuity contract the cost of which was deductible, in whole or in part, in computing the income of any person who acquired the contract.

4. Notwithstanding anything in this Convention:

(a) war pensions and allowances (including pensions and allowances paid to war veterans or paid as a consequence of damages or injuries suffered as a consequence of a war) arising in Canada and paid to a resident of Iceland shall be exempt from tax in Iceland to the extent that they would be exempt from tax if received by a resident of Canada; and

(b) benefits under the social security legislation in a Contracting State paid to a resident of the other Contracting State shall be taxable only in the first-mentioned State; and

(c) any pension paid by, or out of funds created by, Iceland to an individual in respect of services rendered to Iceland or one of its local authorities shall be taxable only in Iceland provided the total amount of such pension paid in any year does not exceed 24,000 Canadian dollars or its equivalent in Icelandic krones; the competent authorities of the Contracting States may, if necessary, agree to modify the amount referred to in this subparagraph as a result of monetary or economic development; and

d) skulu framfærslueyrir og aðrar svipaðar greiðslur sem stafa frá samningsríki og greiddar eru aðila heimilisföstum í hinu samningsríkinu sem skattskyldur er í því ríki vegna þessara greiðslna, einungis skattlögð í síðarnefnda ríkinu. Þegar lækkun eða frádráttur vegna lífeyrisgreiðslna eða svipaðra greiðslna er ekki heimilaður að því er varðar skattlagningu í því samningsríki sem greiðslurnar stafa frá skulu slíkar greiðslur þó ekki skattlagðar í hinu samningsríkinu.

(d) alimony and other similar payments arising in a Contracting State and paid to a resident of the other Contracting State who is subject to tax therein in respect thereof, shall be taxable only in that other State. However, where a deduction or a credit for alimony or a similar payment is not allowed for the purposes of taxation in the Contracting State in which such payment arises, such payment shall not be taxable in the other Contracting State.

19. gr.
Opinbert starf.

1. a) Starfslaun, vinnulaun og annað svipað endurgjald, að undanskildum eftirlaunum, sem greitt er af samningsríki eða sjálfstjórnarhéraði eða sveitarstjórn þess til manns fyrir störf hans í þjónustu þess ríkis eða sjálfstjórnarhéraðs eða sveitarstjórnar, skal einungis skattleggja í því ríki.

b) Slík starfslaun, vinnulaun og annað svipað endurgjald skal þó einungis skattleggja í hinu samningsríkinu ef starfið er leyst af hendi þar og maðurinn er heimilisfastur í því ríki og:

(i) er ríkisborgari þess ríkis; eða
(ii) tók ekki upp heimilisfesti í því ríki einvörðungu í þeim tilgangi að leysa þetta starf af hendi.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki gilda um starfslaun, vinnulaun og annað svipað endurgjald sem greitt er fyrir störf leyst af hendi í tengslum við atvinnurekstur á vegum samningsríkis eða sjálfstjórnarhéraðs eða sveitarstjórnar þess.

Article 19
Government Service

1. (a) Salaries, wages and other similar remuneration, other than a pension, paid by a Contracting State or a political subdivision or a local authority thereof to an individual in respect of services rendered to that State or subdivision or authority shall be taxable only in that State.

(b) However, such salaries, wages and other similar remuneration shall be taxable only in the other Contracting State if the services are rendered in that State and the individual is a resident of that State who:
(i) is a national of that State; or
(ii) did not become a resident of that State solely for the purpose of rendering the services.

2. The provisions of paragraph 1 shall not apply to salaries, wages and other similar remuneration in respect of services rendered in connection with a business carried on by a Contracting State or a political subdivision or a local authority thereof.

20. gr.
Námsmenn.

Námsmaður, lærlingur eða starfsnemi, sem er eða var síðast fyrir komu sína til samningsríkis heimilisfastur í hinu samningsríkinu og sem dvelur í fyrrnefnda ríkinu einungis vegna náms síns eða þjálfunar, skal undanþeginn skattlagningu í því ríki á greiðslur sem hann fær til að standa straum af kostnaði við framfærslu sína, nám eða þjálfun, enda séu slíkar greiðslur til hans runnar frá aðilum utan þess ríkis.

Article 20
Students

Payments which a student, apprentice or business trainee who is, or was immediately before visiting a Contracting State, a resident of the other Contracting State and who is present in the first-mentioned State solely for the purpose of that individual's education or training receives for the purpose of that individual's maintenance, education or training shall not be taxed in that State, provided that such payments arise from sources outside that State.

21. gr.
Aðrar tekjur.

1. Með þeirri undantekningu, sem um ræðir í 2. mgr. skulu tekjur, sem aðili heimilisfastur í

Article 21
Other Income

1. Subject to the provisions of paragraph 2, items of income of a resident of a Contracting

samningsríki aflar og ekki er fjallað um í fyrri greinum þessa samnings, einungis skattlagðar í því ríki og skiptir ekki máli hvar þeirra er aflað.
2. Ef aðili heimilisfastur í samningsríki aflar slíkra tekna í hinu samningsríkinu má þó einnig skattleggja slíkar tekjur í því ríki sem tekjurnar stafa frá og samkvæmt lögum þess ríkis. Þegar slíkar tekjur stafa frá búi eða fjárvörslustofnun, annarri en fjárvörslustofnun ef framlög til hennar voru frádráttarbær, skal skatturinn sem þannig er á lagður eigi vera hærri en 15 af hundraði af vergri fjárhæð teknanna, að því tilskildu að tekjurnar séu skattskyldar í því samningsríki þar sem hinn raunverulegi eigandi er heimilisfastur.

State, wherever arising, not dealt with in the foregoing Articles of this Convention shall be taxable only in that State.
2. However, if such income is derived by a resident of a Contracting State from sources in the other Contracting State, such income may also be taxed in the State in which it arises and according to the law of that State. Where such income is income from an estate or a trust, other than a trust to which contributions were deductible, the tax so charged shall, provided that the income is taxable in the Contracting State in which the beneficial owner is a resident, not exceed 15 per cent of the gross amount of the income.

22. gr.
Eignir.

1. Eign, sem fólgin er í fasteign sem er í eigu aðila heimilisfasts í samningsríki og staðsett er í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.
2. Eign, sem fólgin er í lausafé sem er hluti atvinnurekstrareigna fastrar atvinnustöðvar sem fyrirtæki í samningsríki hefur í hinu samningsríkinu eða í lausafé sem tilheyrir fastri stöð sem aðili heimilisfastur í samningsríki hefur til þess að veita sjálfstæða persónulega þjónustu í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

3. Eign, sem fólgin er í skipum eða loftförum sem notuð eru í flutningum á alþjóðaleiðum af fyrirtæki í samningsríki, svo og í lausafé sem tengt er rekstri slíkra skipa eða loftfara, skal einungis skattleggja í því ríki.
4. Allar aðrar eignir aðila heimilisfasts í samningsríki skal einungis skattleggja í því ríki.

Article 22
Capital

1. Capital represented by immovable property owned by a resident of a Contracting State and situated in the other Contracting State, may be taxed in that other State.
2. Capital represented by movable property forming part of the business property of a permanent establishment which an enterprise of a Contracting State has in the other Contracting State or by movable property pertaining to a fixed base available to a resident of a Contracting State in the other Contracting State for the purpose of performing independent personal services, may be taxed in that other State.
3. Capital represented by ships and aircraft operated by an enterprise of a Contracting State in international traffic and by movable property pertaining to the operation of such ships and aircraft, shall be taxable only in that State.
4. All other elements of capital of a resident of a Contracting State shall be taxable only in that State.

23. gr.
Aðferðir til að komast hjá tvísköttun.

1. Hvað Kanada varðar skal komið í veg fyrir tvísköttun með eftirfarandi hætti:

a) með þeim undantekningum sem eru fyrir hendi í gildandi ákvæðum kanadískra laga varðandi frádrátt frá skatti sem greiða skal í Kanada vegna skatta sem greiddir eru á landsvæði utan Kanada og breytingum sem síðar kunna að verða á þessum ákvæðum - sem ekki skulu hafa áhrif á þessar meginreglur - og nema frekari frádráttur eða ívilnun sé heimiluð samkvæmt kanadískum lögum skal draga frá kanadískum skatti á

Article 23
Elimination of Double Taxation

1. In the case of Canada, double taxation shall be avoided as follows:

(a) subject to the existing provisions of the law of Canada regarding the deduction from tax payable in Canada of tax paid in a territory outside Canada and to any subsequent modification of those provisions – which shall not affect the general principle hereof – and unless a greater deduction or relief is provided under the laws of Canada, tax payable in Iceland on profits, income or gains arising in Iceland shall be deduct-

hagnað, tekjur eða ágóða sem stafar frá Íslandi skatt sem greiddur er á Íslandi af slíkum hagnaði, tekjum eða ágóða;

b) þegar aðili heimilisfastur á Íslandi fær hagnað sem vísað til í 7. mgr. 13. gr. sem skattleggja má í Kanada skal Kanada, með þeim undantekningum sem eru fyrir hendi í gildandi ákvæðum kanadískra laga varðandi frádrátt frá skatti sem greiða skal í Kanada vegna skatta sem greiddir eru á landsvæði utan Kanada og breytingum sem síðar kunna að verða á þessum ákvæðum - sem ekki skulu hafa áhrif á þessar meginreglur - heimila sem frádrátt frá skatti sem sá aðili skal greiða af slíkum hagnaði fjárhæð sem svarar til þess skatts sem greiddur er á Íslandi af slíkum hagnaði;

c) með þeim undantekningum sem eru fyrir hendi í gildandi ákvæðum kanadískra laga varðandi skattlagningu tekna fyrirtækis sem er í eignartengslum við erlent fyrirtæki og breytingum sem síðar kunna að verða á þessum ákvæðum – sem ekki skulu hafa áhrif á þessar meginreglur – skal fyrirtæki sem heimilisfast er í Kanada, að því er varðar útreikning kanadísks skatts, heimilt við útreikning tekjuskattsstofns þess að draga frá þann arð sem það hefur móttekið af undanþegnum tekjuafgangi hins erlenda fyrirtækis sem það er í eignartengslum við sem heimilisfast er á Íslandi;

d) þegar tekjur sem aðili heimilisfastur í Kanada hefur eða eignir sem hann á eru undanþegnar skattlagningu í Kanada samkvæmt ákvæðum samningsins er Kanada engu að síður heimilt við ákvörðun fjárhæðar skatts af öðrum tekjum eða eignum að taka tillit til þeirra tekna eða eigna sem undanþegnar eru skatti.

2. Hvað Ísland varðar skal komið í veg fyrir tvísköttun með eftirfarandi hætti:

a) þegar aðili heimilisfastur á Íslandi hefur tekjur eða á eignir, sem samkvæmt ákvæðum þessa samnings má skattleggja í Kanada, skal Ísland, ef það brýtur ekki í bága við ákvæði b-eða c-liðar, undanþiggja þessar tekjur eða eignir skattlagningu;

b) þegar aðili heimilisfastur á Íslandi hefur tekjur, sem samkvæmt ákvæðum 10., 11., 12., 16., 17., 18. eða 21. gr. má skattleggja í Kanada, skal Ísland heimila að dregin sé frá tekjuskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess skatts sem greiddur hefur verið í Kanada. Frádráttur þessi skal þó ekki vera hærri en sá hluti skattsins, reiknaður fyrir slíkan frádrátt, sem lagður er á þær tekjur sem rekja má til Kanada;

ed from any Canadian tax payable in respect of such profits, income or gains;

(b) where a resident of Iceland derives a gain, referred to in paragraph 7 of Article 13, which may be taxed in Canada, Canada shall, subject to the existing provisions of the law of Canada regarding the deduction from tax payable in Canada of tax paid in a territory outside Canada and to any subsequent modification of those provisions - which shall not affect the general principle hereof - allow as a deduction from any tax payable by that person in respect of such gain, an amount equal to the tax paid in Iceland on that gain;

(c) subject to the existing provisions of the law of Canada regarding the taxation of income from a foreign affiliate and to any subsequent modification of those provisions – which shall not affect the general principle hereof – for the purpose of computing Canadian tax, a company which is a resident of Canada shall be allowed to deduct in computing its taxable income any dividend received by it out of the exempt surplus of a foreign affiliate which is a resident of Iceland;

(d) where in accordance with any provision of the Convention income derived or capital owned by a resident of Canada is exempt from tax in Canada, Canada may nevertheless, in calculating the amount of tax on other income or capital, take into account the exempted income or capital.

2. In the case of Iceland, double taxation shall be avoided as follows:

(a) where a resident of Iceland derives income or owns capital which, in accordance with the provisions of the Convention, may be taxed in Canada, Iceland shall, subject to the provisions of subparagraphs (b) and (c), exempt such income or capital from tax;

(b) where a resident of Iceland derives income which, in accordance with the provisions of Articles 10, 11, 12, 16, 17, 18 or 21, may be taxed in Canada, Iceland shall allow as a deduction from the tax on income of that resident an amount equal to the tax paid in Canada; such deduction shall not, however, exceed that part of the tax, as computed before the deduction is given, which is attributable to such items of income derived from Canada;

c) þegar tekjur sem aðili heimilisfastur á Íslandi hefur eða eignir sem hann á eru undanþegnar skattlagningu á Íslandi samkvæmt ákvæðum samningsins er Íslandi engu að síður heimilt við ákvörðun fjárhæðar skatts þessa aðila af öðrum tekjum eða eignum að taka tillit til þeirra tekna eða eigna sem undanþegnar eru skatti.

3. Hvað þessa grein varðar skal hagnaður, tekjur eða ágóði aðila heimilisfasts í samningsríki, sem skattleggja má í hinu samningsríkinu samkvæmt ákvæðum þessa samnings, talinn eiga uppruna sinn í hinu ríkinu.

(c) where in accordance with any provision of the Convention income derived or capital owned by a resident of Iceland is exempt from tax in Iceland, Iceland may nevertheless, in calculating the amount of tax on the remaining income or capital of such resident, take into account the exempted income or capital.

3. For the purposes of this Article, profits, income or gains of a resident of a Contracting State which may be taxed in the other Contracting State in accordance with this Convention shall be deemed to arise from sources in that other State.

24. gr.

Bann við mismunun.

1. Ríkisborgarar samningsríkis skulu ekki sæta þyngri skattlagningu eða kröfum í því sambandi í hinu samningsríkinu en ríkisborgarar þess ríkis sæta eða gætu sætt við sömu aðstæður, sérstaklega að því er varðar heimilisfesti. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. gildir þetta ákvæði einnig um menn sem ekki eru heimilisfastir í öðru hvoru eða báðum samningsríkjunum.

2. Skattlagning fastrar atvinnustöðvar, sem fyrirtæki í samningsríki hefur í hinu samningsríkinu, skal ekki vera óhagstæðari í síðarnefnda ríkinu en skattlagning á fyrirtæki í því ríki sem hafa sams konar starfsemi með höndum.

3. Ekkert í þessari grein skal skýra þannig að það skyldi samningsríki til að veita aðilum heimilisföstum í hinu samningsríkinu nokkurn þann persónufrádrátt, ívilnanir og lækkun skatta vegna hjúskaparstöðu eða fjölskylduframfærslu sem það veitir þeim aðilum sem þar eru heimilisfastir.

4. Þótt fjármagn fyrirtækja í samningsríki sé að öllu eða nokkru leyti, beint eða óbeint, í eigu eða undir stjórn eins eða fleiri aðila sem eru heimilisfastir í hinu samningsríkinu skulu þau ekki sæta þyngri skattlagningu eða kröfum í því sambandi í fyrrnefnda ríkinu en fyrirtæki sviparðrar tegundar, sem heimilisföst eru í fyrrnefnda ríkinu, ef fjármagn þeirra er að öllu eða nokkru leyti, beint eða óbeint, í eigu eða undir stjórn eins eða fleiri aðila sem eru heimilisfastir í þriðja ríki, sæta eða gætu sætt.

Article 24

Non-Discrimination

1. Nationals of a Contracting State shall not be subjected in the other Contracting State to any taxation or any requirement connected therewith which is more burdensome than the taxation and connected requirements to which nationals of that other State in the same circumstances, in particular with respect to residence, are or may be subjected. This provision shall, notwithstanding the provisions of Article 1, also apply to individuals who are not residents of one or both of the Contracting States.

2. The taxation on a permanent establishment which an enterprise of a Contracting State has in the other Contracting State shall not be less favourably levied in that other State than the taxation levied on enterprises of that other State carrying on the same activities.

3. Nothing in this Article shall be construed as obliging a Contracting State to grant to residents of the other Contracting State any personal allowances, reliefs and reductions for taxation purposes on account of civil status or family responsibilities which it grants to its own residents.

4. Enterprises of a Contracting State, the capital of which is wholly or partly owned or controlled, directly or indirectly, by one or more residents of the other Contracting State, shall not be subjected in the first-mentioned State to any taxation or any requirement connected therewith which is more burdensome than the taxation and connected requirements to which other similar enterprises which are residents of the first-mentioned State, the capital of which is wholly or partly owned or controlled, directly or indirectly, by one or more residents of a third State, are or may be subjected.

5. Í þessari grein merkir „skattlagning“ þá skatta sem þessi samningur tekur til.

25. gr.

Framkvæmd gagnkvæms samkomulags.

1. Þegar aðili telur að ráðstafanir sem gerðar eru af öðru hvoru eða báðum samningsríkjunum leiði eða muni leiða til skattlagningar að því er hann varðar sem ekki er í samræmi við ákvæði þessa samnings getur hann, án þess að það raski rétti hans til að færa sér í nyt þau réttarúrræði sem lög þessara ríkja kveða á um, sent skriflega umsókn til bærs stjórnvalds í því samningsríki þar sem hann er heimilisfastur eða, falli mál hans undir 1. mgr. 24. gr., í því samningsríki þar sem hann er ríkisborgari þar sem fram komi ástæður þess að krafist er endurskoðunar slíkrar skattlagningar. Til þess að unnt verði að taka umsóknina til umfjöllunar verður hún að hafa borist innan tveggja ára frá því að fyrsta tilkynningin um aðgerðir barst sem leiða til skattlagningar sem ekki er í samræmi við ákvæði samningsins.

2. Ef hið bæra stjórnvald sem vísað er til í 1. mgr. telur að mótmælin séu á rökum reist, en getur þó ekki sjálft leyst málið á viðunandi hátt, skal það leitast við að leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi við bært stjórnvald í hinu samningsríkinu í því skyni að komist verði hjá skattlagningu sem ekki er í samræmi við ákvæði samningsins.

3. Þegar frestir þeir eru liðnir sem kveðið er á um í lögum samningsríkis og, hvað sem öðru líður, þegar sex ár eru liðin frá lokum þess skatttímabils þegar teknanna sem um ræðir var aflað skal samningsríkið ekki hækka skattstofn aðila sem heimilisfastur er í öðru hvoru samningsríkjanna með því að taka þar með tekjur sem einnig hafa verið skattlagðar í hinu samningsríkinu. Þessi málsgrein skal ekki eiga við þegar um er að ræða svik, vísvitandi vanskil eða vanrækslu.

4. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu með gagnkvæmu samkomulagi leitast við að leysa sérhvern vanda eða vafaatriði varðandi túlkun eða beitingu samningsins.

5. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum geta ráðgast sín á milli í því skyni að komast hjá tvísköttun í tilvikum sem ekki er fjallað um í samningnum og geta haft beint samband sín á milli að því er varðar beitingu samningsins.

5. In this Article, the term “taxation” means taxes which are the subject of this Convention.

Article 25

Mutual Agreement Procedure

1. Where a person considers that the actions of one or both of the Contracting States result or will result for that person in taxation not in accordance with the provisions of this Convention, that person may, irrespective of the remedies provided by the domestic law of those States, address to the competent authority of the Contracting State of which that person is a resident or, if that person’s case comes under paragraph 1 of Article 24, to that of the Contracting State of which that person is a national, an application in writing stating the grounds for claiming the revision of such taxation. To be admissible, the said application must be submitted within two years from the first notification of the action resulting in taxation not in accordance with the provisions of the Convention.

2. The competent authority referred to in paragraph 1 shall endeavour, if the objection appears to it to be justified and if it is not itself able to arrive at a satisfactory solution, to resolve the case by mutual agreement with the competent authority of the other Contracting State, with a view to the avoidance of taxation not in accordance with the Convention.

3. A Contracting State shall not, after the expiry of the time limits provided in its national laws and, in any case, after six years from the end of the taxable period in which the income concerned has accrued, increase the tax base of a resident of either of the Contracting States by including therein items of income which have also been charged to tax in the other Contracting State. This paragraph shall not apply in the case of fraud, wilful default or neglect.

4. The competent authorities of the Contracting States shall endeavour to resolve by mutual agreement any difficulties or doubts arising as to the interpretation or application of the Convention.

5. The competent authorities of the Contracting States may consult together for the elimination of double taxation in cases not provided for in the Convention and may communicate with each other directly for the purpose of applying the Convention.

6. Ef upp koma erfiðleikar eða vafi um túlkun eða beitingu samningsins sem bær stjórnvöld geta ekki leyst eftir þeim leiðum sem um getur í fyrri málsgreinum þessarar greinar má leggja málið í gerð, ef bæði hin bæru stjórnvöld og skattgreiðandinn samþykkja, að því tilskildu að skattgreiðandinn samþykki skriflega að hann muni hlíta úrskurði gerðardómsins. Úrskurður gerðardómsins í einstöku máli skal vera bindandi fyrir bæði ríkin hvað það mál varðar. Málsmeðferðin skal ákveðin með því að samningsríkin skiptast á tilkynningum.

6. If any difficulty or doubt arising as to the interpretation or application of the Convention cannot be resolved by the competent authorities pursuant to the preceding paragraphs of this Article, the case may, if both competent authorities and the taxpayer agree, be submitted for arbitration, provided that the taxpayer agrees in writing to be bound by the decision of the arbitration board. The decision of the arbitration board in a particular case shall be binding on both States with respect to that case. The procedure shall be established in an exchange of notes between the Contracting States.

26. gr.
Skipti á upplýsingum.

1. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu skiptast á þeim upplýsingum sem máli skipta fyrir framkvæmd ákvæða þessa samnings eða laga samningsríkjanna varðandi skatta sem þessi samningur tekur til að því leyti sem viðkomandi skattlagning er í samræmi við ákvæði samningsins. Skipti á upplýsingum takmarkast ekki við ákvæði 1. gr. Með allar upplýsingar, sem mótteknar eru af samningsríki, skal fara sem trúnaðarmál á sama hátt og farið er með upplýsingar sem aflað er samkvæmt lögum þess ríkis og skulu eingöngu gerðar kunnar aðilum eða stjórnvöldum (þar með töldum dómstólum og stjórnsýsluaðilum) sem hafa með höndum álagningu eða innheimtu á sköttum, fullnustu- eða ákæruvald varðandi skatta eða úrskurði um kærur vegna skatta. Þessir aðilar eða stjórnvöld skulu einungis nota upplýsingarnar í greindum tilgangi. Þeim er heimilt að gera slíkar upplýsingar opinberar við málarekstur fyrir dómstólum eða í dómsniðurstöðum.

2. Ákvæði 1. mgr. skal í engu tilviki skýra þannig að þau leggi skyldur á samningsríki til að:

a) framkvæma stjórnsýsluráðstafanir sem víkja frá lögum eða stjórnsýsluvenjum þess eða hins samningsríkisins;

b) veita upplýsingar sem ekki er unnt að afla samkvæmt lögum eða eðlilegum stjórnsýsluvenjum þess eða hins samningsríkisins;

c) veita upplýsingar sem myndu ljóstra upp leyndarmálum eða framleiðsluaðferðum á sviði viðskipta, atvinnumála, iðnaðar, verslunar eða sérfræðiþekkingar eða veita upplýsingar sem myndu stríða gegn almannareglu *(ordre public)* ef þær væru gerðar opinberar.

Article 26
Exchange of Information

1. The competent authorities of the Contracting States shall exchange such information as is relevant for carrying out the provisions of this Convention or of the domestic laws in the Contracting States concerning taxes covered by the Convention insofar as the taxation thereunder is not contrary to the Convention. The exchange of information is not restricted by Article 1. Any information received by a Contracting State shall be treated as secret in the same manner as information obtained under the domestic laws of that State and shall be disclosed only to persons or authorities (including courts and administrative bodies) involved in the assessment or collection of, the enforcement or prosecution in respect of, or the determination of appeals in relation to taxes. Such persons or authorities shall use the information only for such purposes. They may disclose the information in public court proceedings or in judicial decisions.

2. In no case shall the provisions of paragraph 1 be construed so as to impose on a Contracting State the obligation:

(a) to carry out administrative measures at variance with the laws and the administrative practice of that or of the other Contracting State;

(b) to supply information which is not obtainable under the laws or in the normal course of the administration of that or of the other Contracting State;

(c) to supply information which would disclose any trade, business, industrial, commercial or professional secret or trade process, or information, the disclosure of which would be contrary to public policy *(ordre public)*.

3. Ef samningsríki óskar eftir upplýsingum samkvæmt þessari grein skal hitt samningsríkið leitast við að afla þeirra upplýsinga sem beiðnin lýtur að á sama hátt og ef um skattlagningu þess sjálfs væri að ræða, þrátt fyrir að það ríki þurfi ekki á þeim tíma á slíkum upplýsingum að halda. Ef bær stjórnvöld samningsríkis óska þess sérstaklega skulu bær stjórnvöld í hinu samningsríkinu leitast við að veita upplýsingar samkvæmt þessari grein í því formi sem óskað er, svo sem vitnaskýrslur og afrit óritskoðaðra frumrita skjala (þar með talinna bóka, bréfa, yfirlýsinga, skráa, reikninga eða skriflegra gagna) að því marki sem unnt er að afla slíkra vitnaskýrslna og skjala samkvæmt lögum og stjórnsýsluvenjum þess ríkis að því er varðar skatta þess sjálfs.

3. If information is requested by a Contracting State in accordance with this Article, the other Contracting State shall endeavour to obtain the information to which the request relates in the same way as if its own taxation were involved notwithstanding the fact that the other State does not, at that time, need such information. If specifically requested by the competent authority of a Contracting State, the competent authority of the other Contracting State shall endeavour to provide information under this Article in the form requested, such as depositions of witnesses and copies of unedited original documents (including books, papers, statements, records, accounts or writings), to the same extent such depositions and documents can be obtained under the laws and administrative practices of that other State with respect to its own taxes.

27. gr.
Sendiráðsmenn og starfsmenn ræðisstofnana.

Ákvæði samnings þessa skulu ekki hafa áhrif á skattaívilnanir sem sendiráðsmenn eða starfsmenn ræðisstofnana njóta samkvæmt almennum þjóðréttarreglum eða ákvæðum sérstakra samninga.

Article 27
Members of Diplomatic Missions and Consular Posts

Nothing in this Convention shall affect the fiscal privileges of members of diplomatic missions or consular posts under the general rules of international law or under the provisions of special agreements.

28. gr.
Ýmsar reglur.

1. Ákvæði þessa samnings skal ekki skýra þannig að þau takmarki á neinn hátt undanþágur, bætur, frádrátt eða aðra lækkun sem veitt er:

a) samkvæmt lögum samningsríkis við ákvörðun skatts sem lagður er á í því ríki; eða

b) samkvæmt öðrum samningum sem samningsríki hefur gert.

2. Ekkert í samningnum skal skýra þannig að það komi í veg fyrir að Kanada leggi skatt á fjárhæðir sem eru hluti af tekjum aðila heimilisfasts í Kanada að því er varðar sameignarfélag, fjárvörslustofnun eða fyrirtæki sem er í eignartengslum við og undir stjórn erlends fyrirtækis sem hinn heimilisfasti aðili á eignarhlut í.

3. Samningurinn skal ekki taka til félags, fjárvörslustofnunar eða sameignarfélags sem er heimilisfast í samningsríki og er raunverulega í eigu eða undir stjórn, beint eða óbeint, eins eða fleiri aðila sem ekki eru heimilisfastir í því ríki, ef fjárhæð þess skatts sem lagður er á tekjur eða eignir félagsins, fjárvörslustofnunarinnar eða sameignarfélagsins af hálfu þess ríkis er veru-

Article 28
Miscellaneous Rules

1. The provisions of this Convention shall not be construed to restrict in any manner any exemption, allowance, credit or other deduction accorded:

(a) by the laws of a Contracting State in the determination of the tax imposed by that State; or

(b) by any other agreement entered into by a Contracting State.

2. Nothing in the Convention shall be construed as preventing Canada from imposing a tax on amounts included in the income of a resident of Canada with respect to a partnership, trust, or controlled foreign affiliate, in which that resident has an interest.

3. The Convention shall not apply to any company, trust or partnership that is a resident of a Contracting State and is beneficially owned or controlled directly or indirectly by one or more persons who are not residents of that State, if the amount of the tax imposed on the income or capital of the company, trust or partnership by that State is substantially lower than the amount

lega lægri en fjárhæð sem á hefði verið lögð af hálfu þess ríkis ef allir hlutir hlutafjár félagsins eða allir eignarhlutar í fjárvörslustofnuninni eða sameignarfélaginu, eftir því sem við á, væru raunverulega í eigu eins eða fleiri manna sem væru heimilisfastir í því ríki.

4. Að því er varðar 3. mgr. XXII. gr. (samráð) samningsins um þjónustuviðskipti (General Agreement on Trade in Services) eru samningsríkin sammála um að þrátt fyrir þá málsgrein megi aðeins með samþykki beggja samningsríkjanna leggja ágreining um hvort aðgerð falli undir gildissvið þessa samnings fyrir þjónustuviðskiptaráðið (Council for Trade in Services) samkvæmt þeirri málsgrein. Leiki vafi á túlkun þessarar málsgreinar skal leysa hann samkvæmt 4. mgr. 25. gr. eða með öðrum leiðum sem bæði samningsríkin samþykkja náist ekki samkomulag með þeirri leið.

that would be imposed by that State if all of the shares of the capital stock of the company or all of the interests in the trust or partnership, as the case may be, were beneficially owned by one or more individuals who were residents of that State.

4. For the purposes of paragraph 3 of Article XXII (Consultation) of the General Agreement on Trade in Services, the Contracting States agree that, notwithstanding that paragraph, any dispute between them as to whether a measure falls within the scope of this Convention may be brought before the Council for Trade in Services, as provided by that paragraph, only with the consent of both Contracting States. Any doubt as to the interpretation of this paragraph shall be resolved under paragraph 4 of Article 25 or, failing agreement under that procedure, pursuant to any other procedure agreed to by both Contracting States.

29. gr.

Gildistaka.

1. Ríkisstjórnir samningsríkjanna skulu tilkynna hvor annarri eftir diplómatískum leiðum um að stjórnskipuleg skilyrði fyrir gildistöku þessa samnings hafi verið uppfyllt.

2. Samningurinn skal öðlast gildi þrjátíu dögum eftir dagsetningu þeirrar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. sem síðar berst og skulu ákvæði hans koma til framkvæmda í báðum samningsríkjunum:

a) í Kanada:

(i) að því er varðar staðgreiðslu- eða afdráttarskatta vegna fjárhæða sem greiddar eru eða færðar til tekna aðilum sem ekki eru þar heimilisfastir frá og með 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar síðari tilkynningin er gefin; og

(ii) að því er varðar aðra kanadíska skatta vegna skattára sem byrja frá og með 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar síðari tilkynningin var gefin;

b) á Íslandi:

(i) að því er varðar staðgreiðslu- eða afdráttarskatta vegna tekna sem aflað er frá og með 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar síðari tilkynningin er gefin; og

(ii) að því er varðar aðra skatta á tekjur eða eignir að því er varðar skatta sem krefja má um

Article 29

Entry into Force

1. The Governments of the Contracting States shall notify each other through diplomatic channels that the constitutional requirements for the entry into force of this Convention have been complied with.

2. The Convention shall enter into force thirty days after the date of the later of the notifications referred to in paragraph 1 and its provisions shall have effect in both Contracting States:

(a) in the case of Canada:

(i) in respect of tax withheld at the source on amounts paid or credited to non-residents on or after the first day of January in the calendar year next following the year in which the later notice is given; and

(ii) in respect of other Canadian tax, for taxation years beginning on or after the first day of January in the calendar year next following the year in which the later notice is given;

(b) in the case of Iceland:

(i) in respect of taxes withheld at source, on income derived on or after the first day of January in the calendar year next following the year in which the later notice is given; and

(ii) in respect of other taxes on income or capital, for taxes chargeable for any tax year

vegna skattárs sem byrjar frá og með 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar síðari tilkynningin er gefin.

30. gr.
Uppsögn.

Samningur þessi skal gilda þar til honum er sagt upp af samningsríki. Hvort samningsríkjanna um sig getur sagt upp samningnum eftir diplómatískum leiðum með skriflegri tilkynningu um uppsögn eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok hvers almanaksárs. Í slíku tilviki skal samningnum ekki beitt í samningsríkjunum:

a) í Kanada:

(i) að því er varðar staðgreiðslu- eða afdráttarskatta vegna fjárhæða sem greiddar eru eða færðar til tekna aðilum sem ekki eru þar heimilisfastir frá og með 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar tilkynnt er um uppsögn; og

(ii) að því er varðar aðra kanadíska skatta vegna skattára sem byrja frá og með 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar tilkynnt er um uppsögn;

b) á Íslandi:

(i) að því er varðar staðgreiðslu- eða afdráttarskatta vegna tekna sem aflað er frá og með 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar tilkynnt er um uppsögn; og

(ii) að því er varðar aðra skatta á tekjur eða eignir að því er varðar skatta sem krefja má um vegna skattárs sem byrjar frá og með 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar tilkynnt er um uppsögn.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í tvíriti í Reykjavík hinn 19. júní 1997 á íslensku, ensku og frönsku og skulu allir textarnir jafngildir.

Fyrir hönd lýðveldisins Íslands

Helgi Ágústsson

Fyrir hönd Kanada

François Mathys

beginning on or after the first day of January in the calendar year next following the year in which the later notice is given.

Article 30
Termination

This Convention shall remain in force until terminated by a Contracting State. Either Contracting State may terminate the Convention, through diplomatic channels, by giving notice of termination in writing at least six months before the end of any calendar year. In such event, the Convention shall cease to have effect in both Contracting States:

(a) in the case of Canada:

(i) in respect of tax withheld at the source on amounts paid or credited to non-residents on or after the first day of January in the calendar year next following the year in which the notice is given; and

(ii) in respect of other Canadian tax, for taxation years beginning on or after the first day of January in the calendar year next following the year in which the notice is given;

(b) in the case of Iceland:

(i) in respect of taxes withheld at source, on income derived on or after the first day of January in the calendar year next following the year in which the notice is given; and

(ii) in respect of other taxes on income or capital, for taxes chargeable for any tax year beginning on or after the first day of January in the calendar year next following the year in which the notice is given.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, duly authorized thereto, have signed this Convention.

DONE in duplicate at Reykjavik, this 19th day of June 1997 in the Icelandic, English and French languages, each version being equally authentic.

FOR THE REPUBLIC OF ICELAND

Helgi Ágústsson

FOR CANADA

François Mathys

AUGLÝSING

um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Búlgaríu.

Sameiginleg nefnd EFTA og Búlgaríu tók á árinu 1997 eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Búlgaríu frá 29. mars 1993, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 2/1995, 52/1995 og 20/1996, og öðluðust þær gildi sem hér segir:

Nr.	Dags.	Efni	Gildistaka
1/97	16.12.1997	Breyting á I. viðauka	16.12.1997
2/97	16.12.1997	Breyting á bókun A varðandi unnar landbúnaðarvörur	Hefur ekki öðlast gildi
3/97	16.12.1997	Niðurfelling á III. viðauka	01.01.1998
4/97	16.12.1997	Breyting á IV. viðauka - innflutningsskattur á bíla	16.12.1997
5/97	16.12.1997	Niðurfelling á bókun C	Hefur ekki öðlast gildi
6/97	16.12.1997	Niðurfelling á VII. viðauka	16.12.1997
7/97	16.12.1997	Breyting á 17. gr. og X. viðauka um vernd hugverkaréttar	Hefur ekki öðlast gildi
8/97	16.12.1997	Ný 26. gr. Bis og XIV. viðauki um gerðardómsmeðferð	Hefur ekki öðlast gildi

Breytingarnar liggja frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem hægt er að fá aðgang að þeim. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 1997.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Nr. 26 31. desember 1997

AUGLÝSING

um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ísraels.

